08	399	25	Minningarsjóður Landspítalans:	
			Samúðarskeyti Landssímans	8 000

		Þús. kr.
08 471	Gæsluvistarsjóður:	
	Hluti af rekstrarhagnaði ÁTVR	7 500
09 971	Ríkisábyrgðasjóður:	
	Áhættugjald vegna ríkisábyrgða	10 000
10 211	Vegagerð ríkisins:	
	Gúmmígjald	99 000
	Innflutningsgjald af bensíni	1 934 000
	Bifreiðaskattur	537 000
10 332	Vitamál:	
	Vitagjald	19 000
10 341	Siglingamálastofnun ríkisins:	
	Skipaskoðunargjald	8 500
10 672	Sérleyfissjóður:	
	Sérleyfisgjald	6 000
11 202	Rannsóknastofnun iðnaðarins:	
	Iðnaðargjald	22 000
11 203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins:	
	Byggingariðnaðarsjóðsgjald	21 500
11 301	Rafmagnseftirlit ríkisins:	
	Rafmagnseftirlitsgjald	45 168
11 371	Orkusjóður:	
	Verðjöfnunargjald	715 000
	Samtals	8 003 088

10. Hlutfallsleg skipting ríkistekna eftir tegund skatta og gjalda.

		%
Beinir skattar		17,1
Persónuskattar	3,6	
Eignarskattar	1,8	
Tekjuskattar	11,7	
Óbeinir skattar		81,9
Gjöld af innflutningi	22,6	
Gjöld af framleiðslu	0,5	
Gjöld af seldum vörum og þjónustu	54,0	
Aðrir óbeinir skattar	4,8	
Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta		0,3
Ýmsar tekjur		0,7
Samtals		100,0

11. Skipting lögboðinna og ólögboðinna eftirlauna og styrktarfjár.	Kr.	Kr.
09 382 Samkvæmt launalögum		4 900 000
Samtals		4 900 000
09 383 Embættismenn og aðrir starfsmenn:		
Aðalheiður Níelsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Aðalheiður Pálsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Aðalsteinn Baldvinsson, fyrrv. póst- og símaafgrm.	103 567	
Aðalsteinn Jakobsson, fyrrv. næturvörður	103 006	
Albert Sigtryggsson, fyrrv. póststarfsmaður	81 822	
Andrés Eyjólfsson, fyrrv. skjalavörður og alþm.	203 406	
Ari Sigurbjörnsson, fyrrv. póstur	41 198	
Arnbjörg Eiríksdóttir, fyrrv. ljósmóðir	40 030	
Arndís Eiríksdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Arndís Þorsteinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Arnkell Bjarnason, fyrrv. póstur	41 198	
Axel Jóhannsson, fyrrv. yfirfiskmatsmaður	111 402	
Axel Thorsteinsson, fyrrv. fréttamaður	173 669	
Ágúst Kvaran	170 219	
Ágúst Ólafsson, póstur	41 198	
Ágúst Ólafsson, fyrrv. rafvirki	103 567	
Ármann Kristjánsson, fyrrv. kennari	79 665	
Árni Sigurðsson, fyrrv. landpóstur	65 086	
Ása Ásmundsdóttir	103 006	
Ásgeir Guðmundsson frá Æðey	82 404	
Baldur Guðbrandsson, fyrrv. fiskmatsmaður	69 709	
Benedikt Gíslason	203 102	
Bergsveinn Jónsson, fyrrv. hafnsögumaður	80 059	
Bjarni Bjarnason, fyrrv. söngkennari	82 404	
Bjarni Ó. Frímannsson, fyrrv. símstjóri	103 081	
Bjarni Sigurðsson, fyrrv. póstur	41 198	
Bjarni Þorsteinsson	54 933	
Björg Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Björg Magnúsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Björn Björnsson, bókbindari	79 665	
Björn Einarsson	172 697	
Björn Stefánsson, fyrrv. póstur	41 198	
Björn Vigfússon, fyrrv. lögregluþjónn	103 006	
Brynjólfur Bjarnason, fyrrv. ráðherra	245 745	
Böðvar Pálsson, fyrrv. póstafgreiðslumaður	80 059	
Daníel Eggertsson, fyrrv. vitavörður	101 493	
Dýrfinna Oddfreðsdóttir, fyrrv. ráðskona	95 598	
Eggert Konráðsson, fyrrv. póstur	41 198	
Einar Einarsson, fyrrv. skipherra	163 592	
Einar G. Eyjólfsson, fyrrv. fiskmatsmaður	68 669	
Einar Jóhannsson, fyrrv. póstur	54 933	
Einar Steindórsson, fyrrv. póstafgreiðslumaður	80 059	
Elín Jóhannesdóttir, fyrrv. hjúkrunarkona	68 669	
Elínborg Brynjólfsdóttir, fyrrv. matráðskona	102 418	
Elísabet Friðriksdóttir, fyrrv. barnakennari	97 311	
Emilía Jónasdóttir, leikkona	82 404	
Eyjólfur Hallfreðsson, fyrrv. póstur	54 933	

	Kr.	Kr.
Eyjólfur Hannesson, fyrrv. símstjóri	137 336	
Gísli Guðnason, fyrrv. símstjóri	72 495	
Gísli Kristjánsson, fyrrv. starfsm. við tollgæslu	82 404	
Gísli Sigurðsson	68 669	
Grímur Grímsson, fyrrv. næturvörður hjá Alþingi	103 006	
Guðbjörg Hannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	49 789	
Guðbjörg Kristinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	54 933	
Guðbrandur Benediktsson	66 717	
Guðfríður Jóhannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Guðjón Hermannsson, fyrrv. póstur	41 198	
Guðjón Jónsson, fyrrv. póstur	41 198	
Guðjón Pétursson	111 578	
Guðlaugur Oddsson, fyrrv. fiskmatsmaður	83 931	
Guðlaugur Sigmundsson, fyrrv. póstur	43 721	
Guðmundur Árnason, fyrrv. póstur	54 933	
Guðmundur Elíasson, fyrrv. fiskmatsmaður	54 933	
Guðmundur Gíslason Hagalín, fyrrv. bókafulltrúi	130 988	
Guðmundur Jónsson	175 279	
Guðmundur Ólafsson, fyrrv. póstur	41 198	
Guðmundur Þorbergsson, fyrrv. póstur	54 933	
Guðrún Sigurbjörnsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Guðrún Teitsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	82 404	
Gunnar Ásgrímsson, fyrrv. fiskmatsmaður	69 709	
Gunnar Snjólfsson, fyrrv. hreppstjóri	108 000	
Gunnar Þórðarson	101 493	
Gunnhildur Sigurðardóttir, fyrrv. símstöðvarstjóri	69 709	
Gústaf Gíslason, fyrrv. vitavörður	102 279	
Hafliði Sveinsson, fyrrv. póstur	41 198	
Halldóra Bjarnadóttir, fyrrv. skólastjóri	177 337	
Halldóra Jóhannsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	54 933	
Hallgrímur Fr. Hallgrímsson, fyrrv. póstur	41 198	
Hannes Hreinsson, fyrrv. fiskmatsmaður	111 402	
Hálfdán Björnsson	82 404	
Helgi Ágústsson	137 336	
Helgi Eleesarsson, fyrrv. starfsmaður Rafmagnsveitna ríkisins	81 822	
Helgi Ívarsson, fyrrv. fiskmatsmaður	97 667	
Helgi Jóhannesson, fyrrv. fiskmatsmaður	41 198	
Helgi Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	68 805	
Helgi Kjartansson	66 717	
Helgi Tryggvason, bókbindari	82 404	
Herdís Finnbogadóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Herdís Guðmundsdóttir, fyrrv. handavinnukennari	82 404	
Hermann Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	98 707	
Hermína Gísladóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Hildur Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Hinrik Guðmundsson, fyrrv. fiskmatsmaður	69 709	
Hjörtur Ögmundsson, fyrrv. hreppstjóri	79 665	
Höskuldur Einarsson, fyrrv. hreppstjóri	79 665	
Inga Nielsen Beck, fyrrv. símstöðvarstjóri	59 588	
Ingibjörg V. Filippusdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	

	Kr.	Kr.
Ingibjörg Guðmundsdóttir, fyrrv. kennari	137 336	
Ingibjörg Jónsdóttir, fyrrv. kennari	91 691	
Ingibjörg Pálsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Ingimar Baldvinsson, fyrrv. póst- og símaafgrm.	74 502	
Ingólfur Árnason, fyrrv. póstur	54 933	
Ingólfur Gíslason, fyrrv. héraðslæknir, biðlaun	374 815	
Ingveldur Magnúsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Jens Eyjólfsson, fyrrv. þingvörður	81 822	
Jóhann Gunnarsson, fyrrv. rafstöðvarstjóri	82 404	
Jóhann Jónsson, fyrrv. starfsm. Vífilsstaðahælis	68 669	
Jóhann Jósefsson, fyrrv. starfsm. vitamálastj.	80 059	
Jóhann Pétursson Svarfdælingur	184 514	
Jóhannes Bogason, fyrrv. póstur	57 996	
Jóhannes Þorgrímsson, fyrrv. kennari	82 404	
Jón Bóason, fyrrv. póstur	41 198	
Jón Jónasson, fyrrv. póstur	55 764	
Jón G. Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	79 665	
Jón Kjerúlf, fyrrv. tollgæslumaður	102 568	
Jón Sigurðsson, fyrrv. fiskmatsmaður	69 709	
Jón Sigurgeirsson, fyrrv. skrifstofumaður	137 336	
Jón Sveinsson, fyrrv. símstjóri	81 822	
Jónas Bjarnason, fyrrv. fiskmatsmaður	41 198	
Jónas Bjarnason, fyrrv. fiskmatsmaður	69 709	
Jóninna Pétursdóttir, fyrrv. ráðskona	41 198	
Jóninna Sveinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	59 748	
Jósep Kristjánsson, fyrrv. símstöðvarstjóri	103 081	
Júliana Sigurðardóttir, fyrrv. símaafgreiðslukona	203 102	
Júlíus Jónsson, fyrrv. póstur	41 198	
Júlíus Jónsson, fyrrv. póstur, Mosfelli	40 030	
Karl Árnason, fyrrv. póstur	54 933	
Karl Indriðason, fyrrv. fiskmatsmaður	83 931	
Klara Guðmundsdóttir	103 006	
Kristín V. Hjaltalín, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Kristín Ingileifsdóttir	120 706	
Kristín Kristjánsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	50 747	
Kristín Teitsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	54 933	
Kristinn Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	83 931	
Kristjana V. Hannesdóttir, fyrrv. skólastjóri	80 321	
Kristján Albertsson, rithöfundur	130 988	
Kristján Einarsson, fyrrv. kennari	106 839	
Kristján Jónsson frá Garðsstöðum	82 404	
Kristmundur Kr. Meldal, fyrrv. póstur	41 198	
Magdalena Guðlaugsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Magnús V. Guðbrandsson, trésmiður	57 996	
Magnús Ingimundarson, fyrrv. hreppstjóri	101 493	
Magnús Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	98 707	
Magnús Magnússon, rithöfundur	82 404	
Margrét Gísladóttir, fyrrv. ljósmóðir	54 933	
Margrét Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	54 933	
Margrét Jóhannsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	54 933	
Margrét Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	54 933	
Margrét Valdimarsdóttir, fyrrv. starfsm. Alþingis	154 761	
María Einarsdóttir, fyrrv. matráðskona	82 404	

	Kr.	Kr.
María Markan, óperusöngkona	130 988	
Maria Sigurðardóttir, fyrrv. starfsm. Alþingis	41 198	
Matthildur Hannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Nína Sveinsdóttir, leikkona	89 624	
Njáll Friðbjörnsson, fyrrv. póstur	41 198	
Oddný Wíum	41 198	
Oddur Bjarnason, fyrrv. fulltrúi	55 019	
Oddur Búason, fyrrv. línustarfsmaður	57 996	
Ólafía Egilsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	54 933	
Ólafur Bjarnason, fyrrv. umboðsmaður	68 669	
Ólafur Björnsson, fyrrv. póstur	55 764	
Ólafur Magnússon	101 493	
Ólafur Tryggvason, fyrrv. starfsm. Alþingis	148 804	
Óskar Clausen, rithöfundur	130 988	
Pétur Jónsson, fyrrv. póstur	86 835	
Ragnar Benediktsson, fyrrv. prestur	68 766	
Rósamunda Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Runólfur Guðmundsson, fyrrv. póstur	61 802	
Sesselja Jónsdóttir, fyrrv. símstöðvarstjóri	103 006	
Sesselja Kristjánsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	50 747	
Sigmundur Gestsson, fyrrv. póstur	54 933	
Signý Gunnarsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	55 764	
Sigríður Ásgeirsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Sigríður Björnsdóttir, fyrrv. kennari	68 669	
Sigríður Einarsdóttir, fyrrv. póst- og símaafgr.kona	151 037	
Sigríður Guðjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	54 933	
Sigríður Magnúsdóttir, fyrrv. kennari	74 502	
Sigríður Sigfinnsdóttir, fyrrv. símstjóri	72 495	
Sigríður Tómasdóttir, fyrrv. ráðskona	80 059	
Sigríður Þórðardóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Sigrún Sigurjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Sigurbjörg Guðmundsdóttir, fyrrv. símaafgr.stúlka	103 006	
Sigurður Greipsson	165 332	
Sigurður Stefánsson, fyrrv. póstur, Krossi	41 198	
Sigurjón Einarsson, fyrrv. símstjóri	81 822	
Sigurjón Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	82 404	
Sigurjón Sigurbjörnsson, fyrrv. tollvörður	89 100	
Sigurpáll Þorsteinsson, fyrrv. póstur	40 030	
Skúli Skúlason frá Odda	197 709	
Stefán Ólafsson, fyrrv. þingvörður	59 748	
Stefán Steinþórsson, fyrrv. póstur	41 198	
Steingrímur Magnússon, fyrrv. fiskmatsmaður	100 077	
Steinn Ármannsson, fyrrv. póstur	41 198	
Sæmundur Halldórsson, fyrrv. póstur	41 198	
Sölvi Ásgeirsson, fyrrv. fiskmatsmaður	89 624	
Sörli Hjálmarsson, fyrrv. fiskmatsmaður	80 000	
Torfi Hermannsson, fyrrv. starfsm. Kleppsspítala	68 669	
Tómas Guðmundsson, fyrrv. póstur	41 198	
Valborg Emilsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	54 933	
Valves Kárason, fyrrv. fiskmatsmaður	82 404	
Vésteinn Árnason, fyrrv. póstur	41 198	
Vigdís Andrésdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	

	Kr.	Kr.
Þorbjörg Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Þorkell Kristjánsson, fyrrv. starfsmaður Alþingis ..	81 194	
Þorleifur Jónsson	157 880	
Þorsteinn Jónasson, fyrrv. hreppstjóri	101 493	
Þóra Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Þórður Benediktsson	200 144	
Þórður Guðmundsson, fyrrv. skipstjóri	174 597	
Þórður Ólafsson, fyrrv. póstur	57 996	
Þuríður Guðjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	54 933	
Þuríður Guðnadóttir, fyrrv. ljósmóðir	82 404	
Óráðstafað	545 702	
Samtals		17 787 974

09 384 Ekkjur:

Agnethe Kamban	173 857
Anna Jakobína Árnadóttir	39 181
Anna Ólafsdóttir	43 747
Anna Þuríður Sæmundsdóttir	53 766
Arnþrúður Daníelsdóttir	43 747
Ágústa Högnadóttir	39 181
Ágústa Jónsdóttir	137 610
Ágústa Sigurðardóttir	67 211
Árný Stígsdóttir	40 323
Áslaug Nielsen	97 952
Ásta Jónsdóttir	229 098
Ásta Ólafsdóttir	80 654
Ástríður Eggertsdóttir	67 211
Ástríður Magnúsdóttir	40 323
Björg Þórðardóttir	68 228
Borghildur Thorarensen	137 741
Bryndís Þórarinsdóttir	91 307
Dagbjört Guðjónsdóttir	64 103
Elín Einarsdóttir	120 982
Elín Lárusdóttir	136 451
Elínborg Bogadóttir	97 469
Elísabet Jónsdóttir	40 323
Elísabet Kemp	87 722
Eufemía Ólafsdóttir	168 029
Fjóla Kristjánsdóttir	64 103
Fríða Hlíðdal	291 372
Guðbjörg Erlendsdóttir	80 654
Guðbjörg Guðmundsdóttir	87 722
Guðfinna Blöndal	161 302
Guðný Halldórsdóttir	80 654
Guðný Sigurðardóttir	67 211
Guðný Vigfúsdóttir	80 654
Guðný Þórarinsdóttir	50 747
Guðrún Jóhannesdóttir	40 323
Guðrún P. Jónsdóttir	102 376
Guðrún Pálsdóttir	94 094
Halldóra Eiríksdóttir	98 678
Halldóra Eiríksdóttir	100 107

	Kr.	Kr.
Halldóra Þórðardóttir	51 195	
Helga Friðbjarnardóttir	80 654	
Helga Pétursdóttir	100 821	
Hildur Blöndal	255 834	
Hjaltlína Guðjónsdóttir	100 821	
Hlíf Magnúsdóttir	86 994	
Hólmfríður Rögnvaldsdóttir	80 654	
Hrafnhildur Eiðsdóttir	112 849	
Hróðný Einarsdóttir	218 412	
Hulda Þ. Björnæs	109 766	
Hulda Davíðsdóttir	97 469	
Indiana Sturludóttir	100 821	
Ingibjörg Björnsdóttir	53 248	
Ingibjörg Eyjólfsdóttir	120 982	
Ingibjörg Högnadóttir	40 323	
Ingibjörg Þ. Jónsdóttir	120 982	
Ingibjörg Karlsdóttir	167 072	
Ingunn Hlíðar	64 103	
Ingveldur Ólafsdóttir	40 323	
Jakobína Thorarensen	67 211	
Jóhanna Vigfúsdóttir	40 323	
Jónasína E. Hallgrímsdóttir	73 502	
Jónína Ásmundsdóttir	39 181	
Jónína Gissurardóttir	97 870	
Jónína Kristjánsdóttir	100 821	
Jórunn Guðjónsdóttir	98 678	
Karen Louise Jónsson	100 821	
Katrín Ingibergsdóttir	97 469	
Kristín Guðmundsdóttir, vitavarðarekkja	40 323	
Kristín Í. Guðmundsdóttir	63 704	
Kristín Helgadóttir	39 181	
Kristín Pálmadóttir	80 654	
Kristín Pálsdóttir	67 211	
Kristjana Káradóttir	104 393	
Kristjana Þorvarðardóttir	48 734	
Lára Bjarnadóttir, ekkja Jóns Gíslasonar	53 766	
Lára Svansdóttir	40 323	
Lára M. Vigfúsdóttir	134 422	
Lelia Stefánsson	201 637	
Lilja H. Arndal	134 422	
Lilja Jörundsdóttir	80 654	
Lilja Steinsen	235 232	
Lydia Einarsson	168 029	
Mabel Sigurjónsson	134 422	
Magdalena Ásgeirsdóttir	40 323	
Magnea Magnúsdóttir	82 644	
Margrét Árnadóttir	100 821	
Margrét Björnsdóttir	51 284	
Margrét Eyjólfsdóttir	80 654	
Margrét Guðbrandsdóttir	120 982	
Margrét Jónasdóttir	168 029	
Margrét Jónsdóttir	100 000	

	Kr.	Kr.
Margrét Jónsdóttir frá Hrauni	163 245	
Margrét L. Lárusdóttir	40 323	
Marta Oddsdóttir	40 323	
Málfríður Bjarnadóttir	40 323	
Melitta Urbancic	64 103	
Nanna Guðmundsdóttir	72 495	
Olga E. Jónsson	76 082	
Ólafía Finnbogadóttir	40 323	
Ólöf Bjarnadóttir	106 518	
Ragnheiður Konráðsdóttir	67 211	
Rannveig Gunnarsdóttir	86 994	
Rósa Guðnadóttir	98 678	
Sesselja Benediktsdóttir	77 975	
Sigríður Árnadóttir	241 959	
Sigríður Árnadóttir	98 678	
Sigríður Gísladóttir	40 323	
Sigríður Jónsdóttir frá Vífilsstöðum	129 788	
Sigríður Stefánsdóttir	57 996	
Sigrún Eiríksdóttir	100 000	
Sigrún Guðmundsdóttir	155 951	
Sigrún Thorarensen	53 766	
Sigurbjörg Jónsdóttir	40 649	
Sigurlaug Jónsdóttir	100 821	
Sigurlaug Þórey Þorsteinsdóttir	76 041	
Soffía Touvina	67 211	
Steinunn P. Eyjólfsson	45 356	
Steinunn Tómasdóttir	67 211	
Steinþóra Einarsdóttir	97 469	
Svanborg Jónsdóttir	39 239	
Sveinbjörg Kristinsdóttir	67 211	
Sveindís Hansdóttir	40 323	
Tove Engilberts	218 412	
Valgerður Helgadóttir	67 307	
Valgerður Ólafsdóttir	60 873	
Vigdís Guðmundsdóttir	80 654	
Þorbjörg Kjartansdóttir	100 821	
Þorbjörg Leifs	80 654	
Þorbjörg Sigurjónsdóttir	60 489	
Þóra Magnúsdóttir	53 766	
Þóra Sigfúsdóttir	40 323	
Þóra Vigfúsdóttir	130 491	
Þórhildur Sveinsdóttir	40 323	
Þórunn Jónsdóttir	82 404	
Óráðstafað	100 821	
Samtals		**12 269 179**

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Brýnustu viðfangsefnin á sviði efnahagsmála um þessar mundir eru að hamla gegn verðbólgu og draga úr hallanum í greiðsluviðskiptum við erlendar þjóðir. Forsenda árangurs í þessu efni er, að ríkisbúskapurinn stuðli að almennu jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Þessi viðleitni setur svip sinn á þetta fjárlagafrumvarp fyrir árið 1976. Þannig hefur verið að því keppt, að frumvarpið feli ekki í sér ráðstafanir sem valda verðhækkunum — fremur hið gagnstæða — jafnframt því sem spornað er við útþenslu ríkisútgjalda miðað við önnur svið efnahagsstarfseminnar í landinu. Í þessu skyni hefur verið beitt ýtrasta aðhaldi við gerð fjárlagafrumvarpsins, og enn fremur hafa mikilvægir útgjaldaliðir verið áætlaðir á þeirri forsendu, að fyrir afgreiðslu fjárlaga verði gerðar breytingar á lögum og reglum, er leiða til verulegrar útgjaldalækkunar á árinu 1976 frá því sem annars hefði orðið. Þessar ráðstafanir gera það kleift að framkvæma umtalsverða skattalækkun með niðurfellingu sérstaks vörugjalds, sem komið var á með bráðabirgðalögum í júlí s. l., og þar að auki er gert ráð fyrir tollalækkun samkvæmt samningum við EFTA og Efnahagsbandalagið.

Við gerð fjárlaga er ávallt vandasamt að tryggja í senn fjármagn til nauðsynlegra útgjalda í þágu opinberrar þjónustu og framkvæmda, og halda umsvifum og skattheimtu ríkisins innan hóflegra marka. Við ríkjandi aðstæður í efnahagsmálum er sérstaklega örðugt að leysa þessa jafnvægisþraut milli krafna á hendur ríkinu annars vegar og um aðhald í ríkisbúskapnum hins vegar. Á þessu ári hafa framleiðsla og tekjur þjóðarinnar dregizt saman og horfur eru á hægum eða engum vexti á næsta ári. Vegna versnandi viðskiptakjara hefur viðskiptahalli verið meiri en ráð var fyrir gert, gjaldeyrisstaðan erfið og erlendar skuldir farið vaxandi. Með tilliti til áhrifa ríkisfjármála á heildareftirspurnina og þar með greiðslustöðuna gagnvart útlöndum og verðlagsþróun, hefði verið æskilegt að stefna að verulegum greiðsluafgangi á næsta ári. Hins vegar er óhjákvæmilegt að halda uppi brýnni opinberri starfsemi og þjóðhagslega mikilvægum framkvæmdum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 220 m.kr. greiðsluafgangi, sem verður að teljast lágmark miðað við ástand og horfur í efnahagsmálum.

Það er vel kunnugt, að mælt er fyrir um mikinn hluta ríkisútgjalda í öðrum lögum en fjárlögum. Raunar leiðir það af mörgum þessum lögum, að ríkisútgjöld aukast sjálfkrafa ár frá ári. Slíkum lagaákvæðum hefur fjölgað á undanförnum árum og eru þau að vissu leyti afleiðing efnahagslegrar velgengni þjóðarinnar. Með sérstakri lögbindingu útgjalda er almennri fjármálastjórn sniðinn þröngur stakkur, og skortur á sveigjanleika segir ekki sízt til sín, þegar glímt er við efnahagserfiðleika.

Ríkisstjórnin leggur á það megináherzlu, að Alþingi og ríkisstjórn hafi á hverjum tíma fulla stjórn á þróun ríkisútgjalda. Svo verður ekki fyrr en raunverulegur efnahagsaðstæður mæla á hverjum tíma fyrir um útgjöld, og samneyzlu verði hagað í samræmi við þjóðarframleiðslu, en ráðist ekki af sjálfvirkum útgjaldaákvæðum eldri laga, sem ekkert tillit taka til þjóðarhags. Þetta eru ekki ný sannindi, en hins vegar felst það í núverandi aðstæðum í efnahagsmálum, að fjármálastjórnin nær ekki tilgangi sínum, ef þessi sjálfvirku útgjaldaákvæði í lögum um mikilvæga málaflokka eru ekki endurskoðuð.

Þetta frumvarp hefur að geyma ýmsar ráðstafanir, er stemma stigu við sjálfvirku útgjaldaþróuninni. Dregið er úr útflutningsuppbótum og niðurgreiðslum á landbúnaðarvörum. Hemill er settur á fjárveitingar til almannatrygginga og menntamála, og leitað er almennrar lagaheimildar til að lækka lögboðin fjárframlög um 5%.

Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir hafa aukizt að mun á undanförnum árum. Í frumvarpinu er reiknað með svipaðri fjárhæð og verður í raun á yfirstandandi ári. Stefnt verður að því að halda útflutningsuppbótum innan þeirra marka, en ef miða ætti við hámark verðtryggingar, þyrfti að auka fjárveitinguna um 870 m.kr. Þá er gert ráð fyrir rösklega fjórðungslækkun niðurgreiðslu búvöruverðs frá því sem gilti í september 1975, eða um 1 425 m.kr. á heilu ári, og svöruðu verðlagsáhrif þessi til 10—11 stiga hækkunar á framfærsluvísitölu. Á móti kæmi afnám hins sérstaka 12% vörugjalds, svo og lækkun tolla, sem leiðir til 12 stiga lækkunar framfærsluvísitölu. Verðlagsáhrifin jafnast því rúmlega út. Á hinn bóginn hefur afnám vörugjaldsins og tollalækkun í för með sér mun víðtækari verðlækkunaráhrif og hagsbót en mælist í framfærsluvísitölu. Þannig minnka útgjöld skattborgaranna á ári um nálægt 4 000 m.kr. við afnám vörugjaldsins og tollalækkunina, en lækkun niðurgreiðslna eykur útgjöld þeirra um 1 400—1 450 m.kr. miðað við óbreytta neyzlu.

Gert er ráð fyrir breytingum á lögum um almannatryggingar, bæði varðandi lífeyristryggingar og sjúkratryggingar. Er unnið að tillögum í þessum efnum á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins. Ætlunin er að óska þess við þingflokkana að þeir tilnefni fulltrúa í nefnd, er fái breytingartillögurnar til athugunar áður en frumvarp þar að lútandi verður lagt fram. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að draga megi úr útgjaldaauka um 2 000 m.kr. frá því sem ætlað er að gildandi reglur og framkvæmd feli í sér.

Á sviði menntamála er sjálfkrafa hækkun útgjalda víða bundin í löggjöf. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að vikulegum kennslustundum á grunnskólastigi verði fækkað, og er unnið að tillögum um framkvæmd þess máls. Á þessu stigi hefur útgjaldaáætlun verið færð niður um 50 m.kr. af þessum sökum. Hér er þó aðeins um áfanga að ræða í könnun þess viðamikla máls, en breytingar þar á krefjast töluverðs aðdraganda.

Loks byggjast áætlanir þessa fjárlagafrumvarps á því, að lögbundin framlög á fjárlögum verði almennt skert um 5% á árinu 1976, og verður lagt fram sérstakt frumvarp um það efni. Þessi skerðing tekur til allra lögbundinna framlaga, annarra en hreinna markaðra tekjustofna. Lækkun vegna þessarar ráðstöfunar er áætluð um 300 m.kr.

Heildarniðurfærsla útgjalda vegna sérstakra ráðstafana, sem hér hefur verið drepið á, er talin nema um 4 700 m.kr., og er þá miðað við lækkun útflutningsuppbóta frá hámarksheimild.

Þegar tekið hefur verið tillit til þessara útgjaldaáforma, eru heildarútgjöld ríkisins á árinu 1976 áætluð 57 386 m.kr. á móti 47 225 m.kr. í fjárlögum 1975, og er hækkunin 21,5%. Útgjöld ársins 1975 munu augljóslega fara nokkuð fram úr fjárlagatölum, og hafa þau verið áætluð 51 000 m.kr. að teknu tilliti til 2 000 m.kr. lækkunar samkvæmt tillögu fjárveitinganefndar.

Miðað við þessa áætlun verður hlutur ríkisútgjalda í þjóðarframleiðslu 1975 um 29%. Í fjárlagafrumvarpi 1975 var upphaflega gert ráð fyrir útgjaldahlutfallinu 28,7%. Þegar þetta var sett fram, var talið, að útgjaldahlutfall ársins 1974 yrði um 29% en síðar kom í ljós, að það varð 30,8%. Í meðförum á þingi í fyrra varð um nokkra hækkun að ræða frá frumvarpi, en með aðgerðum í ár má búast við að upphaflegri áætlun verði haldið og þar með náist lækkun frá fyrra ári, sem þó er sérlega örðugt þegar illa árar. Þetta frumvarp gerir ráð fyrir, að hlutfall ríkisútgjalda af þjóðartekjum hækki ekki á næsta ári.

Á grundvelli framangreindra aðgerða til takmörkunar útgjalda og fyrirætlana frumvarpsins um tekjuöflun verður unnt að afnema 12% vörugjaldið og standa við umsamdar tollalækkanir. Að því er varðar álagningu beinna skatta er í frumvarpinu miðað við 25% hækkun skattvísitölu í samræmi við áætlaða meðalhækkun tekna einstaklinga til skatts milli áranna 1974 og 1975. Bein skattbyrði reiknuð sem álagðir beinir skattar í hlutfalli við tekjur fyrra árs er áætluð 14,5% á árinu 1975 og því nær óbreytt eða um 14—15% á árinu 1976, eftir því hvort heimild verður veitt til

álags á útsvör á næsta ári og í hvaða mæli slíkri heimild yrði beitt. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að eignarskatti verði breytt til samræmis við nýtt fasteignamatsverð, sem væntanlegt er í haust.

Í tekjuáætlun frumvarpsins, sem nemur 57 401 m.kr., er gert ráð fyrir, að 2% gjaldið, sem lagt hefur verið á söluskattsstofn og rennur til Viðlagasjóðs, verði sameinað söluskattinum og renni hér eftir í ríkissjóð. Verður lagt fram á þingi frumvarp þessa efnis, en Viðlagatrygging Íslands tekur sem kunnugt er til starfa á næsta ári og áætlað er, að núgildandi tekjustofnar Viðlagasjóðs dugi til þess að ljúka verkefnum hans í Vestmannaeyjum og í Norðfirði.

Eins og kunnugt er hafa sveitarfélögin ekki notið 8% hlutdeildar í þessum hluta sölugjaldsins og raunar ekki í öðrum fjórum söluskattsstigum. Sveitarfélögin hafa sótt það fast að fá jafnan 8% hlut úr öllum söluskattinum til Jöfnunarsjóðs. Ríkisstjórnin telur rétt að stefna að þessari tilfærslu tekna til sveitarfélaganna jafnframt því sem verkefni þeirra yrðu aukin. Hún telur æskilegt, að fyrir endanlega afgreiðslu fjárlaga 1976 verði stigið skref í þá átt að auka starfssvið sveitarfélaga og jafnframt tekjur þeirra. Má í þessu efni benda á, að með því að sveitarfélögin fengju hlutdeild í þeim söluskattsstigum, sem þau fá ekki nú, ykjust tekjur þeirra um 700—750 m.kr. Gætu sveitarfélögin þar með tekið við hlutdeild ríkisins í ýmsum málefnum, þar sem stjórn og eftirlit væri betur komið í höndum þeirra vegna meiri staðarlegrar þekkingar. Með slíkri aukningu tekna sveitarfélaganna væri svigrúm til að auka hlutdeild þeirra í ýmsum byggingarframkvæmdum.

Í sambandi við þær breytingar á ráðstöfun söluskatts, sem frumvarpið felur í sér, er rétt að vekja athygli á, að lögin um 1% sölugjald til þess að greiða niður olíukyndingarkostnað falla úr gildi í febrúarlok 1976. Ákvörðun um framhald þessarar gjaldtöku og um ráðstöfun teknanna af gjaldinu verður að taka fyrir afgreiðslu fjárlaga, enda tengist mál þetta fjárlagaákvörðunum með ýmsum hætti.

Á það er rétt að benda, að tillögur þessa frumvarps, teknar í heild sinni, fela ekki í sér breytingar, sem hækka almennt verðlag í landinu eða framfærslukostnað heimilanna. Afnám hins sérstaka vörugjalds ásamt tollalækkun gerir raunar betur en að jafna verðlagsáhrif lækkunar niðurgreiðslna, þannig að áhrifin á almennt verðlag í landinu ættu fremur að vera til lækkunar.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana, skal árlega semja skrá yfir starfsmenn ríkisins, og skal hún lögð fram með fjárlagafrumvarpi. Slík skrá er nú í fyrsta sinn lögð fram með þessu frumvarpi. Við þá sérstöku athugun, sem fram hefur farið á starfsmannamálum ríkisins við gerð skrárinnar, hefur komið í ljós, að í allmörgum tilvikum hefur verið ráðið í störf án heimildar, og eru þessar stöður sérstaklega auðkenndar í skránni. Er hér um að ræða igildi 117 heilla staða. Heildarkostnaður á ári er um 100 m.kr. Þessar stöður eru við stofnanir í A-hluta fjárlaga og þær stofnanir í B-hluta, sem háðar eru fjárveitingum. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir fjárveitingum til þeirra, þar sem eðlilegt þykir, að Alþingi taki afstöðu til þessa máls. Í frumvarpinu eru hins vegar teknar upp 45 nýjar stöður, að fjárhæð 42,5 m.kr., þar af 17 stöður á sviði kennslumála, að fjárhæð 14,4 m.kr.

Að lokum skal vakin á því athygli, að nú er unnið að lánsfjáráætlun fyrir næsta ár. Hér er um að ræða heildaryfirlit yfir lánamálin í landinu á næsta ári og um lántökur erlendis til hvers konar framkvæmda. Að því er stefnt, að áætlunargerð þessari verði lokið í næsta mánuði. Lánsfjáráætlun 1976 verður lögð fram meðan þetta frumvarp er til meðferðar, og verður hún m. a. til þess að auðvelda ákvarðanir um þær framkvæmdir, sem í þessu frumvarpi er ráðgert að afla fjár til með lánum og ekki hefur verið tekin afstaða til í einstökum atriðum. Á þetta einkum við lántökur til orkuframkvæmda og skiptingu þeirra til einstakra framkvæmda. Lánsfjáráætlunin er til þess hugsuð, að skipuleg yfirsýn fáist yfir alla lánastarfsemi í landinu á sama tíma og fjárlagaákvarðanir eru teknar. Þessi áætlun er rökrétt framhald þeirrar

stefnu að semja framkvæmda- og fjáröflunaráætlanir fyrir ríkið og samræma þær sem bezt fjárlagagerðinni.

Allt frá árinu 1963 hafa að frumkvæði fjármálaráðuneytisins verið samdar árlegar framkvæmda- og fjáröflunaráætlanir vegna þeirra ríkisframkvæmda, sem fjármagnaðrar eru með lánsfé. Í áratug voru þessar áætlanir lagðar fram sérstaklega og yfirleitt eftir að nokkrir mánuðir voru á árið liðnir, sem um var fjallað hverju sinni. Á þessu varð breyting haustið 1973, er framkvæmda- og fjáröflunaráætlun þessi fyrir árið 1974 var sameinuð fjárlögunum. Þessar áætlanir hafa til þessa eingöngu náð til lánsfjáröflunar til helztu opinberra framkvæmda, en ekki annarrar lánastarfsemi. Nú er hins vegar ætlunin að lánsfjáráætlun 1976 nái til allrar lánastarfsemi.

YFIRLIT OG SAMANBURÐUR VIÐ FJÁRLÖG 1975.

Meginforsendur frumvarpsins.

Í gjaldaáætlun frumvarpsins er miðað við kauplag í október 1975, þannig að fullt tillit er tekið til áhrifa kjarasamninganna á s. l. vori, og kaupgreiðsluvísitölu 106,18 stig. Að því er varðar framlög til almannatrygginga eru útgjöld lífeyristrygginga áætluð í samræmi við bætur eftir hækkunina frá 1. júlí 1975, og útgjöld til sjúkratrygginga eru áætluð á grundvelli daggjalda þeirra, er ákveðin voru frá 1. júlí 1975, en framlög svo lækkuð, eins og nánar er vikið að annars staðar í þessum athugasemdum. Almenn verðlagshækkun hefur reynzt 45—50% frá því að síðasta fjárlagaáætlun var gerð, og hefur hún að nokkru verið höfð til hliðsjónar við fjárlagagerðina, og auk þess líkleg útkoma ársins 1975 m. t. t. ráðstafana, sem gerðar hafa verið síðan fjárlög ársins 1975 voru afgreidd. Um útgjöldin í heild er það að segja, að miðað við líklega útkomu ársins 1975 og áætlun um verðlagshækkun frá meðalverðlagi 1975 til loka þess árs, verði útgjöldin eins og þau eru áætluð í þessu frumvarpi því nær óbreytt að magni á árinu 1976.

Tekjuáætlun frumvarpsins miðast við hliðstæðar kauplags- og verðlagsforsendur og hér hafa verið raktar. Magnbreytingar helztu skattstofna óbeinna skatta eru hins vegar við það miðaðar, að heildarútgjöld þjóðarinnar verði ekki meiri að raunverulegu verðgildi á næsta ári en í ár. Gert er ráð fyrir, að skattvísitala verði 125 stig miðað við 100 stig 1975, eða hækki til jafns við tekjur á árinu 1975. Þá er við það miðað, að 12% vörugjaldið verði afnumið um næstu áramót og þá komi einnig til tollalækkun samkvæmt samningum við EFTA og EBE. Þá er gert ráð fyrir að fasteignamat til eignarskatts hækki og verði fært til verðlags á þessu ári, og loks miðast tekjuáætlunin við það, að 2% sölugjald, sem renna á til viðlagasjóðs til næstu áramóta, renni til ríkissjóðs á næsta ári.

Gjaldahlið.

Gjöld á rekstrarreikningi nema samtals 57 386.4 m.kr., en eru 47 225.5 m.kr. í fjárlögum 1975, og er hækkunin 10 160.9 m.kr., eða 21,5%. Af hækkuninni eru 1 547.8 m.kr. vegna markaðra tekjustofna, og hækka þeir um 24,0%. Hækkun ríkisútgjalda í þrengri merkingu, þ. e. að frátöldum mörkuðum tekjustofnum, er því 8 613.1 m.kr., eða 21,1%. Á eftirfarandi yfirliti er sýndur samanburður á rekstrarútgjöldum fjárlaga 1975 og frumvarps 1976.

	Fjárlög 1975 Þús.kr.	Frumvarp 1976 Þús.kr.	Hækkun Þús.kr.	Hækkun %
Útgjöld á rekstrarreikningi	47 225 533	57 386 397	10 160 864	21,5
Markaðir tekjustofnar	6 455 337	8 003 088	1 547 751	24,0
Útgjöld án markaðra tekjustofna ..	40 770 196	49 383 309	8 613 113	21,1

Á meðfylgjandi yfirliti er sýnt, hvernig sú 10 160.9 m.kr. hækkun, sem verður frá fjárlögum 1975, kemur fram á helstu tegundum gjalda, og eru einnig sýndar heildarfjárhæðir bæði árin.

Samanburður útgjalda í A-hluta 1975 og 1976.

Rekstur og rekstrartilfærslur:	Fjárlög 1975 M.kr.	Frumvarp 1976 M.kr.	Hækkun M.kr.	Hækkun %
Laun	8 896	11 431	2 535	28,5
Önnur rekstrargjöld	2 698	3 450	752	27,9
Viðhald	1 212	1 570	358	29,5
Vextir	715	1 173	458	64,1
Almannatryggingar	13 990	17 191	3 201	22,9
Niðurgreiðslur	3 758	4 268	510	13,6
Útflutningsuppbætur	716	890	174	24,3
Aðrir rekstrarliðir og rekstrartilfærslur	3 873	4 103	230	5,9
	35 858	44 076	8 218	22,9
Frá dregst: sértekjur	460	701	241	52,4
Samtals	35 398	43 375	7 977	22,5
Framkvæmdaframlög:				
Hreinar ríkisframkvæmdir	4 529	5 026	497	11,0
Framkv. kostaðar af fleiri aðilum	2 818	3 265	447	15,9
Fjárfestingarstyrkir til sveitarfélaga	261	286	25	9,6
Fjárfestingarstyrkir til einstaklinga og samtaka	105	100	÷5	÷4,8
Framlög til fjárfestingarsjóða	3 454	4 280	826	23,9
Framlög til lánagreiðslna	660	1 054	394	59,7
Samtals	11 827	14 011	2 184	18,5
Heildarútgjöld í A-hluta	47 225	57 386	10 161	21,5

Um helztu gjaldaliði skal eftirfarandi tekið fram.

Laun. Hækkun þessa liðar er samtals 2 535.0 m.kr., eða 28,5%. Vegna ófullkominna upplýsinga um samsetningu launa á fyrri árum hefur verið erfitt að gera grein fyrir þessum lið í smáatriðum við fjárlagagerð. Sérstakt átak hefur þó verið gert til úrbóta í þessu efni að undanförnu, m. a. með gerð starfsmannaskrár, og sýnir eftirfarandi yfirlit áætlun um skiptingu launaliðar og samanburð við fjárlög 1975:

	Fjárlög 1975 M.kr.	Frumvarp 1976 M.kr.	Hækkun M.kr.	Hækkun %
Föst laun utan grunnskólastigs	3 577	4 511	934	26,1
Föst laun á grunnskólastigi	1 529	1 956	427	27,9
Launatengd gjöld	511	647	136	26,6
Föst laun samtals	5 617	7 114	1 497	26,7
Stundakennsla o. fl. á grunnskólastigi	556	583	27	4,9
Ýmis önnur laun	2 551	3 520	969	38,0
Launatengd gjöld	172	214	42	24,4
Önnur laun samtals	3 279	4 317	1 038	31,7
Heildarlaun	8 896	11 431	2 535	28,5

Um föst laun er það að segja, að heildarhækkunin, 26,7%, er nokkuð yfir meðaltalshækkun kauptaxta, sem er áætluð 20,7%. Mismunurinn, 6,0 prósentustig, felur í sér bæði magnaukningu og flokkahækkanir (launaskrið), einkum á grunnskólastigi. Önnur laun hækka hlutfallslega meira, eða að meðaltali um 31,7%. Þó hækkar stundakennsla o. fl. á grunnskólastigi einungis um 4,9%, sem er langt undir taxtahækkunum, og byggist m. a. á því, að ráðstafanir verði gerðar til þess að draga úr kennslustundafjölda á viku hverri. Ýmis önnur laun hækka hins vegar um 38%, og er skýringin m. a. sú, að þessi tegund launa, þ. m. t. uppbætur á lífeyri, var ekki hækkuð í fjárlögum 1975 til samræmis við hinar almennu flokkahækkanir, sem áttu sér stað á árinu 1974. Má meta almennar launahækkanir, sem eiga við þennan lið, allt að 20% til áramóta 1974, og með hinni almennu hækkun frá samþykkt fjárlaga 1975 eru taxtahækkanir, sem eiga við þennan lið, orðnar a. m. k. 44—45%, þannig að um nokkra magnminnkun er að ræða. Enda þótt ekki séu fyrir hendi tæmandi upplýsingar um alla þætti launamálanna, einkum kennslulaun á skyldunámsstigi, má þó með fyrirvara áætla, að af þeirri 28,5% hækkun, sem verður á launaliðnum í heild, stafi 27,7% af taxtahækkunum, (þ. e. 20,7% vegna fastra launa og stundakennslu og 44,0% vegna annarra launa), 0,8% af flokkahækkunum (launaskriði), en sú magnaukning, sem verður á föstum launum og meta má um 1%, jafnast út af magnminnkun stundakennslu o. fl.

Í þessu sambandi skal þess getið, að hvorugt árið er gert ráð fyrir fjárveitingum vegna starfsfólks, sem ráðið hefur verið án heimildar. Sem fyrr greinir er gert ráð fyrir, að endanleg ákvörðun um meðferð þess máls verði tekin af þinginu, og er launafjárhæðin, sem hér um ræðir, 99.0 m.kr. á verðlagi í október 1975.

Önnur rekstrargjöld. Þessi liður hækkar um samtals 752.0 m.kr., eða 27,9%. Hér hefur verið höfð hliðsjón af almennri verðlagshækkun, sem nemur 45—50%, þannig að ströngu aðhaldi hefur verið beitt. Þetta sést enn betur, ef tekið er tillit til þess, að nokkrir liðir, sem erfitt er að hafa hömlur á, hækka mun meira en þessari meðaltalshækkun nemur. Séu þannig gjöld af þessu tagi vegna landhelgisgæzlu (aukin umsvif), sendiráða (gengisfellingar að fullu), Alþingis (vanáætlun 1975), raunvísindastofnunar og rannsóknastofnunarinnar á Keldum (endursala og auknar tekjur að sama skapi), sundskyldu (tilfærsla á þennan lið) og bifreiðaeftirlits (tekjuaukning á móti) undanskilin, hækkar þessi útgjaldaliður á öðrum stofnunum einungis um 21,8% að meðaltali.

Viðhald. Viðhaldsliður hækkar um 358.0 m.kr., eða 29,5%. Á hliðstæðan hátt eru það einstök tilvik, sem gera það erfitt að halda þessari hækkun á lægra stigi. Má þar nefna vegagerð (vegáætlun), rannsóknaskip (reglubundið meiri háttar viðhald tveggja skipa) og landhelgisgæzlu (aukin umsvif), því að séu þessar stofnanir undanskildar, nemur hækkun viðhaldsliðar hjá öðrum að meðaltali 23,1%, sem er vel undir verðlagshækkunum.

Vextir. Hækkun vaxtagreiðslna nemur 458.0 m.kr., eða 64,1%, sem er langt umfram meðaltalshækkun annarra gjaldaliða. Hér er að sjálfsögðu um afleiðingar stórhækkaðra lántaka á yfirstandandi ári að ræða, og hlutfallslega aukningu verðtryggingar á lánum ríkissjóðs.

Almannatryggingar. Þetta er sá útgjaldaliður, sem mest hækkar í krónum, þ. e. 3 201.0 m.kr., eða 22,9%, og er þá miðað við bætur og daggjöld eftir hækkanirnar 1. júlí s. l. Miðað við óbreytt lög og reglur hefðu útgjöld verið um 2 000.0 m.kr. hærri, en þessi áætlun er byggð á því, að gerðar verði breytingar á lögum og reglum, er leiða til lækkunar útgjalda í þessum málefnaflokki sem framangreindri fjárhæð nemur, eins og vikið er að í inngangi þessarar greinargerðar.

Niðurgreiðslur. Kostnaður við niðurgreiðslur hækkar samkvæmt frumvarpinu um 510.0 m.kr. eða 13,6%, og eru þá meðtalin framlög í lífeyrissjóð bænda og til niðurgreiðslu áburðar. Sé þetta tvennt frátalið er hækkun eiginlegra niðurgreiðslna á vöruverði 314.0 m.kr. eða 8,7%. Þessi áætlun er byggð á því, að niðurgreiðslur verði lækkaðar um 1 425.0 m.kr. á árinu 1976, eða sem svarar rösklega fjórðungi þeirra niðurgreiðslna, sem gilda í september 1975. Þá ber þess að gæta, að á sérstakan lið fjárlaga 1975 voru settar til bliðar 350.0 m.kr., sem grípa skyldi til, ef ekki yrði af ráðgerðri lækkun niðurgreiðslna 1. júlí s.l., og sé þessari fjárhæð bætt við fjárlagatölu 1975 á niðurgreiðslulið, verður lækkun á niðurgreiðslu neyzluvöruverðs samkvæmt þessu frumvarpi 36.0 m.kr., eða 0,9%.

Útflutningsbætur. Hækkun uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir nemur 174.0 m.kr., eða 24,3%. Er hér um svipaða fjárhæð að ræða og verður í raun á yfirstandandi ári og verður stefnt að því að halda þeim innan þeirra marka.

Aðrir rekstrarliðir og rekstrartilfærslur. Hækkun annarra rekstrarliða og rekstrartilfærslna er 230.0 m.kr., eða 5,9%. Er þar um að ræða mun minni hækkun en verðlagshækkunum nemur, en þess ber að gæta, að í fjárlögum 1975 var í þessum útgjaldaflokki sérstakur liður að fjárhæð 500.0 m.kr. til ráðstafana í verðlags- og kjaramálum, sem nú fellur niður.

Framkvæmdaframlög. Þessi framlög hækka um 2 184.0 m.kr. eða 18.5%,sem er allverulega innan við hækkun framkvæmdakostnaðar. Að því er varðar einstaka undirflokka verður langmest hlutfallsleg hækkun til lánagreiðslna, þ. e. 394.0 m.kr. eða 59,7%, og stafar það af framlögum til togaralána, eins og nánar er að vikið síðar í þessum athugasemdum. Framlög til fjárfestingarsjóða hækka um 826.0 m.kr., þar af 411.8 m.kr. vegna byggingarsjóðs ríkisins, 263.0 m.kr. vegna Byggðasjóðs og 91.6 m.kr. vegna Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Hafa þá lögbundin framlög almennt verið hækkuð um 5%, (þó ekki byggingarsjóður ríkisins). Loks skal þess getið, að af 497.0 m.kr. hækkun framlaga til hreinna ríkisframkvæmda stafa 91.5 m.kr. af verðlagsbótum á kostnað við landgræðsluáætlun.

Við framangreindan samanburð við fjárlagatölur ársins 1975 ber að hafa í huga, að ýmsar ráðstafanir, er áhrif hafa á ríkisútgjöld, hafa verið gerðar síðan fjárlög voru afgreidd á Alþingi. Koma þar til sérstakar ákvarðanir í útgjaldamálum og almennir kjarasamningar, sem auk þess að hafa bein áhrif til hækkunar á launalið, hafa verið hafðir til viðmiðunar við ákvarðanir um hækkun bóta almannatrygginga. Auk þess hafa svo verðlagshækkanir, sem hafa numið milli 45—50% að meðaltali frá því að síðasta fjárlagaáætlun var gerð, haft áhrif á ýmsa gjaldaliði fjárlaga. Enda þótt stefnt sé að því að lækka ríkisútgjöld á árinu 1975 um 2 000 m.kr. skv. tillögu fjárveitinganefndar Alþingis, hafa framangreind atvik orðið til þess, að heildarútgjöld munu sýnilega fara nokkuð fram úr fjárlagatölu. Samkvæmt síðustu áætlun um afkomuhorfur ríkissjóðs árið 1975, sem m. a. er byggð á reynslu fyrstu átta mánaða ársins, munu ríkisútgjöld verða um 51 000 m.kr., sem er um 3 800 m.kr. hærra en fjárlagatala ársins. Sé þessi niðurstaða borin saman við frumvarpstölu 1976, verður heildarhækkun útgjalda milli áranna 1975 og 1976 6 386 m.kr., eða 12,5%. Þetta svarar nokkurn veginn til þeirrar verðlagshækkunar, sem áætluð hefur verið frá meðalverðlagi 1975 til verðlags undir lok þess árs, og felur því í sér svipað magn ríkisútgjalda, eða óbreytt ríkisútgjöld á föstu verðlagi, milli áranna 1975 og 1976. Er þetta í samræmi við þjóðhagsspá, sem tekjuáætlun ársins 1976 er byggð á. Um afkomuhorfur ársins 1975 er það að segja, að á móti útgjaldaáætlun að fjárhæð 51 000 m.kr. kemur tekjuáætlun, sem gerð er grein fyrir síðar í þessum athugasemdum, að fjárhæð 49 720 m.kr. Til að gera þá áætlun sambærilega við útgjaldaáætlunina þarf að bæta við hana 510 m.kr. vegna fjölskyldubóta á fyrri hluta ársins, og verður tekjuáætlunin því samtals 50 230 m.kr.

Ráðuneyti og málefnaflokkar.

Í þessum hluta athugasemdanna er fjallað um helztu breytingar gjaldaliða frá fjárlögum 1975 innan hvers ráðuneytis og málefnaflokks. Einnig verður gerð grein fyrir breytingum markaðra tekjustofna, en í síðasta hluta athugasemdanna er fjallað um einstaka fjárlagaliði á nákvæmari hátt.

00 Æðsta stjórn ríkisins. Samtals hækka fjárlagaliðir í þessum flokki um 82.5 m.kr., og kemur sú hækkun að mestu fram á Alþingi, eða 71.1 m.kr. einkum vegna vanáætlunar í fjárlögum 1975. Sú áætlun er þó við það miðuð, að fyllsta aðhalds verði gætt varðandi kostnað við þinghaldið. Þá hækkar kostnaður við ríkisstjórn um 6.7 m.kr., embætti forseta Íslands um 3.4 m.kr. og hæstarétt 1.3 m.kr., og skýrast þessar hækkanir að mestu af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.

01 Forsætisráðuneytið. Málefnaflokkar þessa ráðuneytis breytast þannig frá fjárlögum 1975 í m.kr.:

	Breyt. frá fjárl. 1975	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	10.2	
Annað	260.4	÷179.0
Samtals	270.6	÷179.0

Yfirstjórn. Af þeirri 10.2 m.kr. hækkun, sem fram kemur í þessum málefnaflokki, stafa 4.0 m.kr. af hluta Íslands í norrænum fjárveitingum á sviði ráðherranefndar Norðurlandaráðs og 1.9 m.kr. af styrkveitingu til kvennaársnefndar. Að öðru leyti hækka fjárlagaliðir um 4.3 m.kr., einkum af völdum kjarasamninga og verðlagshækkana.

Annað. Þessi málefnaflokkur hækkar um 260.4 m.kr., og kemur sú hækkun í megindráttum þannig fram, að framlag til byggðasjóðs hækkar um 263.0 m.kr. nettó, og á öðrum liðum verður 2.6 m.kr. nettólækkun. Álgjald, sem er tekjustofn markaður byggðasjóði, lækkar samkvæmt áætlun um 179.0 m.kr., og af þeim sökum þarf beint ríkisjóðsframlag að hækka um 442.0 m.kr. til að halda því marki stjórnarsáttmálans, að framlag til sjóðsins verði 2% af útgjöldum fjárlagafrumvarps. Samtals renna með þessu móti 1 123.0 m.kr. til sjóðsins, þar af beint ríkissjóðsframlag 982.0 m.kr. og álgjald 141.0 m.kr. Þessi hlutföll gætu breytzt við enduráætlun álgjalds, áður en fjárlög verða afgreidd.

02 Menntamálaráðuneytið. Málefnaflokkar menntamálaráðuneytisins breytast sem hér segir frá fjárlögum 1975:

	Breyt. frá fjárl. 1975	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	÷6.5	
Fræðslumál	1 343.2	11.2
Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi	80.3	13.5
Samtals	1 417.0	24.7

Yfirstjórn. Lækkun sú, er fram kemur á yfirstjórn, stafar af tilfærslum viðfangsefna yfir á aðra málefnaflokka ráðuneytisins, sbr. skýringar síðar.

Fræðslumál. Af heildarhækkuninni, 1 343.2 m.kr., koma 572.7 m.kr. fram á rekstri grunnskóla (byggingarframlög óbreytt), og er þá miðað við styttingu kennslutíma á viku hverri eins og getið er um annars staðar, 127.5 m.kr. á lánasjóði íslenzkra

námsmanna, 104.4 m.kr. á Háskóla Íslands, 89.5 m.kr. á menntaskólum, 51.1 m.kr. á iðnskólum, 34.6 m.kr. á Hjúkrunarskóla Íslands, 35.4 m.kr. á Tækniskólanum, 25.5 m.kr. á héraðsskólum og 17.1 m.kr. á Vélskólanum. Aðrar hækkanir nema samtals 274.2 m.kr., nettó, og auk þess hækkar einkaleyfisgjald af Happdrætti háskólans um 11.2 m.kr., en það er markaður tekjustofn og rennur til byggingarsjóðs rannsókna í þágu atvinnuveganna.

Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi. Framlög til þessa málefnaflokks hækka um 80.3 m.kr., þar af Þjóðleikhús 47.5 m.kr., íþróttasjóður 15.1 m.kr., Sinfóníuhljómsveitin 13.9 m.kr. og Listasafn Íslands 12.3 m.kr., en á öðrum liðum verður 22.0 m.kr. lækkun, ef frá eru taldir markaðir tekjustofnar, og er það m. a. vegna tilfærslu tónlistarmála yfir á málefnaflokkinn fræðslumál. Markaðir tekjustofnar hækka um 13.5 m.kr., og kemur sú hækkun þannig fram: Skemmtanaskattur til Félagsheimilasjóðs hækkar um 13.5 m.kr., miðagjald til Menningarsjóðs um 2.6 m.kr. og skemmtanaskattur til Sinfóníuhljómsveitar um 1.5 m.kr., en aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum lækka um 4.0 m.kr. og vindlingagjald til ÍSÍ um 0.1 m.kr.

03 **Utanríkisráðuneytið.** Framlög til málefnaflokka á vegum utanríkisráðuneytisins breytast þannig:

	Breyt. frá fjárl. 1975
Yfirstjórn	25.4
Löggæzla á Keflavíkurflugvelli	28.6
Sendiráð	100.1
Alþjóðastofnanir	38.0
Samtals	192.1

Yfirstjórn. Kostnaðarhækkunin, 25.4 m.kr., stafar að verulegu leyti af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum, en sérstaklega má nefna hækkun kostnaðar við þátttöku í alþjóðaráðstefnum 3.2 m.kr.

Löggæzla á Keflavíkurflugvelli. Hækkun á þessum málefnaflokki, 28.6 m.kr., á eingöngu rætur að rekja til áhrifa kjarasamninga og verðlagshækkana.

Sendiráð. Kostnaður við sendiráðin hækkar um 100.1 m.kr. af völdum gengisbreytinga, grunnlaunahækkana og verðlagshækkana í viðkomandi löndum, og eru þessar orsakir hækkunarinnar skýrðar nánar síðar í þessum athugasemdum.

Alþjóðastofnanir. Framlög til þessa málefnaflokks hækka um 38.0 m.kr., fyrst og fremst vegna gengisbreytinga, en flest eru framlögin byggð á samningum og öðrum skuldbindingum.

04 **Landbúnaðarráðuneytið.** Eftirfarandi breytingar verða á málefnaflokkum þessa ráðuneytis:

	Breyt. frá fjárl. 1975	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	8.2	
Búnaðarmál	607.8	÷0.1
Skólar	20.4	
Samtals	636.4	÷0.1

Yfirstjórn. Af 8.2 m.kr. kostnaðarauka við yfirstjórn eru 6.3 m.kr. vegna jarðeigna ríkisins og 2.4 m.kr. vegna aðalskrifstofu ráðuneytisins af völdum kjarasamninga og verðlagshækkana, en framlag til jarðeignarsjóðs lækkar um 0.5 m.kr.

Búnaðarmál. Framlög til búnaðarmála hækka um samtals 607.8 m.kr. og skiptist hækkunin þannig á helztu fjárlagaliði: Útflutningsuppbætur 174.0 m.kr., jarðræktarframlög 138.8 m.kr., Stofnlánadeild landbúnaðarins 91.6 m.kr., landgræðsla 73.5 m.kr., Rannsóknastofnun landbúnaðarins 36.7 m.kr., skógrækt 25.7 m.kr. og aðrir liðir 67.6 m.kr. Í framangreindum hækkunartölum er einnig talið framlag vegna verðlagsuppbóta á kostnað við landgræðsluáætlun að fjárhæð 91.5 m.kr. og er þá miðað við verðtryggingu frá byrjun framkvæmdatímabils, þ.e. ársbyrjun 1975. Loks lækkar vindlingagjald, sem markað er Landgræðslusjóði, um 0.1 m.kr. Að því er varðar framlög til útflutningsuppbóta og jarðræktarstyrkja er gert ráð fyrir sérstökum aðgerðum til lækkunar eins og skýrt er á öðrum stað.

Skólar. Kostnaður við skóla á vegum landbúnaðarráðuneytisins hækkar um 20.4 m.kr., þar af 9.4 m.kr. vegna byggingarframkvæmda og 11.0 m.kr. vegna rekstrar.

05 Sjávarútvegsráðuneytið. Málefnaflokkar þessa ráðuneytis breytast sem hér segir:

	Breyt. frá fjárl. 1975	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	5.1	
Útvegsmál	200.1	22.5
Önnur mál	7.5	
Samtals	212.7	22.5

Útvegsmál. Skipting hækkunarinnar, 200.1 m.kr., á helztu útgjaldaliði er þannig: Fiskveiðasjóður 68.0 m.kr., Hafrannsóknastofnun 53.4 m.kr., byggingasjóður hafrannsóknaskips 24.7 m.kr., aflatryggingasjóður 11.4 m.kr., og aðrir liðir samtals 20.1 m.kr. Þá hækka markaðir tekjustofnar um 22.5 m.kr., þ.e. ferskfiskmatsgjald 20.0 m.kr. og hluti útflutningsgjalds 2.5 m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Eftirtaldar breytingar verða á málefnaflokkum þessa ráðuneytis:

	Breyt. frá fjárl. 1975
Yfirstjórn	11.1
Dómgæzla, lögreglumál o.fl.	681.7
Þjóðkirkjan	58.6
Samtals	751.4

Dómgæzla, lögreglumál o.fl. Þessi málefnaflokkur hækkar um 681.7 m.kr., og kemur meginhluti hækkunarinnar á þrjá flokka, þ.e. landhelgisgæzlu 223.6 m.kr., embætti sýslumanna og bæjarfógeta samtals 192.8 m.kr. og embætti lögreglustjórans í Reykjavík 147.2 m.kr. Aðrir fjárlagaliðir í þessum flokki hækka um samtals 118.1 m.kr.

Þjóðkirkjan. Að mestu leyti stafar hækkunin á framlögum til þjóðkirkjunnar af kjarasamningum og verðlagshækkunum, en þó hækka framlög til bygginga um 6.9 m.kr., þ.e. til bygginga á prestsetrum, þ.m.t. útihús 4.7 m.kr., til kirkjubyggingasjóðs 1.5 m.kr. og til Hallgrímskirkju 0.7 m.kr.

07 Félagsmálaráðuneytið. Framlög til málefnaflokka á sviði félagsmálaráðuneytisins breytast sem hér segir:

	Breyt. frá fjárl. 1975	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	0.7	
Húsnæðismál	356.8	415.3
Önnur félagsmál	53.1	7.4
Samtals	410.6	422.7

Húsnæðismál. Markaðir tekjustofnar í þessum málefnaflokki hækka um 415.3 m.kr., en heildarhækkun á flokknum er 356.8 m.kr., þannig að hreint ríkissjóðsframlag lækkar um 58.5 m.kr. Stafar það af því, að framlag til byggingarsjóðs verkamanna lækkar um 55.0 m.kr. vegna þess að útrunninn er fjögurra ára greiðslusamningur milli sjóðsins og Reykjavíkurborgar og vegna væntanlegrar löggjafar um 5% lækkun. Þá fellur niður framlag til rekstrarkostnaðar húsnæðismálastjórnar og framkvæmdastjóra, sem var 2.6 m.kr. í fjárlögum 1975, í samræmi við væntanlega lagabreytingu þess efnis og framlag til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis lækkar um 0.9 m.kr. Markaðir tekjustofnar hækka sem fyrr greinir um 415.3 m.kr., þar af launaskattur 387.0 m.kr. og byggingarsjóðsgjöld af tekju- og eignarsköttum og aðflutningsgjöldum samtals 28.3 m.kr.

Önnur félagsmál. Framlög í þessum flokki hækka um 53.1 m.kr., þar af meðlög 13.1 m.kr., styrktarsjóður vangefinna, sem áður hafði markaðan tekjustofn, 11.8 m.kr., lánasjóður sveitarfélaga 7.3 m.kr. og aðrir liðir 13.5 m.kr. Ennfremur verður 7.4 m.kr. nettóhækkun á mörkuðum tekjustofnum, þ.e. erfðafjárskattur 10.0 m.kr., skipulagsgjald 11.0 m.kr., en vörugjald til styrktarsjóðs vangefinna lækkar um 13.5 m.kr. og vindlingagjald til SVFÍ um 0.1 m.kr.

08 **Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.** Málefnaflokkar á sviði þessa ráðuneytis breytast sem hér segir:

	Breyt. frá fjárl. 1975	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	8.9	
Tryggingamál	3 272.0	625.7
Heilbrigðismál	351.1	2.1
Önnur mál	31.6	
Samtals	3 663.6	627.8

Tryggingamál. Heildarhækkun framlaga til tryggingamála skiptist þannig, að hrein ríkissjóðsframlög til lífeyristrygginga og sjúkratrygginga hækka um 2 609.3 m.kr., til atvinnuleysistryggingasjóðs um 37.0 m.kr., slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda um 73.5 m.kr., lífeyristryggingagjald atvinnurekenda um 518.2 m.kr. og atvinnuleysistryggingagjöld um 34.0 m.kr. Bein framlög ríkissjóðs eru hér við það miðuð, að sérstakar lagabreytingar verði gerðar áður en fjárlög ársins 1976 verða afgreidd, eins og áður er getið, og auk þess verður 5% lækkun á framlagi til atvinnuleysistryggingasjóðs.

Heilbrigðismál. Framlög til þessara mála hækka um samtals 351.1 m.kr., þar af bygging sjúkrahúsa, heilsugæzlustöðva, læknisbústaða og elliheimila 187.8 m.kr. og bygging ríkisspítala 52.0 m.kr. og aðrir liðir samtals 109.2 m.kr. Ennfremur hækka markaðir tekjustofnar um 2.1 m.kr., þ.e. samúðarskeyti landsímans 2.0 m.kr. og sérlyfjagjald 0.1 m.kr.

Önnur mál. Hér er um að ræða framlag til gæzluvistarsjóðs, sem hækkar um 25.2 m.kr., og ýmsa aðra liði, er til samans hækka um 6.4 m.kr.

09 **Fjármálaráðuneytið.** Málefnaflokkar fjármálaráðuneytisins breytast þannig:

	Breyt. frá fjárl. 1975
Yfirstjórn	26.2
Toll- og skattheimta	118.2
Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun	139.8
Önnur mál	÷137.5
Samtals	146.7

Yfirstjórn. Af heildarhækkun þessa liðar, 26.2 m.kr., eru 23.2 m.kr. vegna ríkisbókhalds sökum fjölgunar starfsliðs, aukinna verkefna og vanáætlunar á fyrri árum, en aðrir liðir hækka um samtals 3.0 m.kr.

Toll- og skattheimta. Liðir þessa málefnaflokks hækka um samtals 118.2 m.kr., þar af skattstofur og embætti ríkisskattstjóra 64.7 m.kr., tollstjóri og tollgæzla 46.3 m.kr. og aðrir liðir samtals 7.2 m.kr.

Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun. Samtals er hækkun þessa málefnaflokks 139.8 m.kr., sem kemur þannig fram, að uppbætur á lífeyri hækka um 142.1 m.kr., en eftirlaun skv. launalögum eru áætluð 2.3 m.kr. lægri en í fjárlögum 1975.

Önnur mál. Í þessum flokki kemur fram 137.5 m.kr. lækkun, sem skýrist í megindráttum þannig: Framlag til ríkisábyrgðasjóðs hækkar um 478.6 m.kr. vegna greiðslna af togaralánum, skýrsluvélaþjónusta vegna launaútreiknings er færð á þennan lið af aðalskrifstofu ráðuneytisins 36.7 m.kr., Laxárvirkjun vegna yfirtöku lána 18.0 m.kr., lífeyrissjóður verkalýðsfélaga 11.4 m.kr., og aðrir hækkunarliðir nema samtals 21.1 m.kr. Á móti fellur niður fjárveiting til ráðstafana í kjara- og verðlagsmálum 500.0 m.kr. og sérstök fjárveiting til togaralána 86.5 m.kr., og útgjöld skv. sérstökum lögum og heimildarlögum lækka um 116.8 m.kr.

10 **Samgönguráðuneytið.** Breytingar á málefnaflokkum samgönguráðuneytisins eru þessar:

	Breyt. frá fjárl. 1975	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	3.3	
Vegamál	396.9	320.0
Önnur samgöngumál	427.9	5.7
Samtals	828.1	325.7

Vegamál. Framlög til vegamála hækka um 396.9 m.kr., þar af markaðir tekjustofnar 320.0 m.kr., auknar lántökur 137.0 m.kr., en ríkissjóðsframlög hækka um 56.9 m.kr., þ.e. almennt ríkissjóðsframlag 55.0 m.kr. og sérstakt framlag til að halda uppi byggð og gistiaðstöðu fyrir ferðamenn 1.9 m.kr. Áætlun þessi er byggð á vegáætlun skv. þingsályktun frá maí sl., að öðru leyti en því, að ríkissjóðsframlag er lækkað sem svarar 5% af útgjöldum vegagerðar, öðrum en launaútgjöldum. Verður almennt ríkissjóðsframlag 325.0 m.kr. í stað 500.0 m.kr. í vegáætlun.

Önnur samgöngumál. Liðir þessa málefnaflokks hækka um samtals 427.8 m.kr., þar af hafnamál að meðtöldum landshöfnum 187.6 m.kr., flugmál 130.4 m.kr., Skipaútgerð ríkisins 54.0 m.kr. og aðrir liðir 50.2 m.kr. Ennfremur hækka markaðir tekjustofnar um 5.7 m.kr., þ.e. skipaskoðunargjald 4.0 m.kr., vitagjald 1.0 m.kr. og sérleyfisgjald 0.7 m.kr.

11 **Iðnaðarráðuneytið.** Á málefnaflokkum iðnaðarráðuneytisins verða eftirtaldar breytingar:

	Breyt. frá fjárl. 1975	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	6.6	
Iðnaðarmál	308.0	11.5
Orkumál	208.5	292.0
Samtals	523.1	303.5

Iðnaðarmál. Sú 308.0 m.kr. hækkun, sem verður á framlögum til iðnaðarmála, stafar að meginhluta af því að inn er tekið 285.0 m.kr. eiginfjárframlag til járnblendiverksmiðju. Þá eykst framlag til gosefnarannsókna um 20.0 m.kr., en önnur bein ríkissjóðsframlög í þessum flokki lækka um 8.5 m.kr. Þessu til viðbótar hækka markaðir tekjustofnar um 11.5 m.kr., þar af iðnaðargjald 7.0 m.kr. og byggingariðnaðarsjóðsgjald 4.5 m.kr.

Orkumál. Framlög til orkumála hækka um 208.5 m.kr., og kemur hækkunin þannig fram í stórum dráttum, að markaðir tekjustofnar hækka um 292.0 m.kr., þ.e. verðjöfnunargjald 275.0 m.kr. og rafmagnseftirlitsgjald 17.0 m.kr., en bein ríkissjóðsframlög lækka um 83.5 m.kr. Sú lækkun skýrist þannig, að í framlögum til orkusjóðs eru á þessu stigi ekki tekin með framlög til sveitarafvæðingar, lánagreiðslna og lána til jarðhitaleitar, er námu samtals 169.7 m.kr. í fjárlögum 1975, þar sem eðlilegt þykir, að á þessi mál verði litið í meðförum þingsins í samhengi við ráðstöfun hluta sölugjalds og lánsfjáröflunar til orkumála á árinu 1976, eins og nánar er að vikið síðar. Þá lækkar eiginfjárframlag til Landsvirkjunar um 9.8 m.kr., en framlög til Orkustofnunar hækka um 82.9 m.kr. og til jarðvarmaveitna ríkisins um 14.3 m.kr. Loks verður 1.2 m.kr. lækkun á sérstöku framlagi til jarðhitaleitar á vegum fjárveitinganefndar.

12 **Viðskiptaráðuneytið.** Eftirtaldar breytingar verða á málefnaflokkum þessa ráðuneytis:

	Breyt. frá fjárl. 1975
Yfirstjórn	6.0
Niðurgreiðslur	510.0
Annað	14.9
Samtals	530.9

Niðurgreiðslur. Á liðnum verður 510.0 m.kr. hækkun, þar af 150.0 m.kr. vegna niðurgreiðslna á áburðarverði og vegna lífeyrissjóðs bænda 46.0 m.kr. Eiginlegar niðurgreiðslur á verði neyzluvara hækka því um 314.0 m.kr., og er þá miðað við, að niðurgreiðslur verði lækkaðar um 1 425.0 m.kr., eða rösklega fjórðung frá því stigi niðurgreiðslna, sem er í september 1975.

13 **Hagstofa Íslands.** Kostnaður eykst um 13.0 m.kr., þar af aðalskrifstofa 8.8 m.kr. og þjóðskráin 4.2 m.kr. Er orsök þessara hækkana fyrst og fremst launa- og verðlagshækkanir.

14 **Ríkisendurskoðun.** Framlag hækkar um 19.0 m.kr. að mestu vegna kjarasamninga og almennra verðlagshækkana.

15 **Fjárlaga- og hagsýslustofnun.** Á fjárlagaliðum, er tilheyra þessari stofnun, verður samtals 463.2 m.kr. hækkun, þar af vaxtagreiðslur af lánum ríkissjóðs 457.9 m.kr., aðalskrifstofa 4.7 m.kr. og ríkisbifreiðar, framlag, 0.6 m.kr.

Tekjuhlið.

Tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 1976 er gerð í Þjóðhagsstofnun og er að venju reist annars vegar á endurskoðaðri áætlun um tekjur ríkissjóðs á líðandi ári, 1975, og hins vegar á ákveðnum þjóðhagsforsendum fyrir næsta ár, 1976, sem raktar eru hér að framan.

Heildartekjur á rekstrarreikningi 1976 eru áætlaðar 57 401 m.kr. samanborið við 49 721 m.kr. í endurskoðaðri tekjuáætlun ársins 1975 og 47 626 m.kr. í fjárlögum ársins 1975. Hækkun tekna frá 1975 til 1976 er því áætluð nema 7 680 m.kr. eða 15,4%, en hækkun tekna frá fjárlögum ársins 1975 nemur hins vegar 9 775 m.kr. eða 20,5%.

	Fjárlög 1975 m.kr.	Endurskoðuð áætlun 1975 m.kr.	Fjárlagafrumvarp 1976 m.kr.
Almennar tekjur	41 170	43 177	49 398
Markaðar tekjur	6 456	6 544	8 003
Heildartekjur	47 626	49 721	57 401

Persónuskattar nema í heild 2 079 m.kr., og er hækkun frá fjárlögum 1975 626 m.kr. eða 43,1%. Munar þar langmest um iðgjöld atvinnurekenda til lífeyristrygginga, sem hækka um 518 m.kr. eða um 64,4%.

Eignarskattar. Tekjur af eignarsköttum eru áætlaðar 1 022 m.kr. eða um 524 m.kr. meiri en í fjárlögum 1975. Meginástæðan er sú að gert er ráð fyrir, að fasteignamat verði fært fram til núverandi verðlags á þessu ári, en fasteignamat til eignarskatts hefur verið óbreytt síðan nýtt fasteignamat tók gildi við álagningu 1972. Ekki liggur enn fyrir, hve mikið fasteignamat mun hækka að meðaltali, en þó er ljóst, að það mun a. m. k. þrefaldast. Að óbreyttum reglum um skattfrjálsa eign og skattþrep við álagningu eignarskatts einstaklinga mætti búast við enn meiri hækkun eignarskatts. Við þessa hækkun fasteignamats verður nauðsynlegt að taka álagningu eignarskatts til endurskoðunar, sérstaklega hvað snertir skattfrjálsa eign og skattþrep, og eru þessi atriði nú til athugunar. Rétt þykir að gera þegar í fjárlagafrumvarpi ráð fyrir hækkun eignarskatts vegna þessara breytinga, þótt endanleg ákvörðun í þessu máli liggi ekki enn fyrir. Álagður eignarskattur 1975 nemur 487 m.kr., en á næsta ári er hér reiknað með rúmlega 1 100 m.kr. álagningu að meðtalinni aukningu eignarstofns og áhrifum annarra verðbreytinga en hækkunar fasteignamats. Á grundvelli þessa er innheimtur eignarskattur einstaklinga áætlaður 492 m.kr. á næsta ári og eignarskattur félaga 460 m.kr. Byggingarsjóðsgjald af eignarskatti er áætlað 9,5 m.kr.

Tekjur af erfðafjárskatti verða sennilega svipaðar í ár og áætlað var í fjárlögum eða 50 m.kr. Á árinu 1976 er erfðafjárskattur áætlaður 60 m.kr.

Tekjuskattur. Álagður tekjuskattur einstaklinga 1975, þ. e. áður en barnabætur og afsláttur til greiðslu útsvars hefur verið dreginn frá, er 7 578 m.kr. Barnabætur eru 2 624 m.kr. og afsláttur til greiðslu útsvars er áætlaður 770 m.kr. og er tekjuskattur einstaklinga nettó því áætlaður 4 184 m.kr.

Miðað við innheimtu beinna skatta á fyrra árshelmingi 1975 og áætlun um innheimtu það sem eftir er ársins, gæti innheimtur tekjuskattur einstaklinga í ár orðið 4 350 m.kr., og er innheimta af eftirstöðvum frá fyrri árum þá meðtalin. Eru greiddar fjölskyldubætur í ár þá taldar með barnabótum og dregnar frá tekjuskatti. Þetta er 570 m.kr. lægri upphæð en reiknað var með í fjárlögum, bæði vegna þess, að tekjuskattur var lækkaður nokkru meira en þar var gert ráð fyrir, auk þess sem tekjuaukning milli áranna 1973 og 1974 reyndist heldur minni en áætlað var (51%

í stað 53%). Innheimtur tekjuskattur félaga gæti reynzt um 1 200 m.kr. Byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti er áætlað 81 m.kr.

Nú er áætlað, að tekjur til skatts hækki um nálægt 27% milli áranna 1974 og 1975 að meðtalinni 1½—2% fjölgun framteljenda. Áætlun um álagðan tekjuskatt einstaklinga 1976 er reist á þessari forsendu, auk þess sem gert er ráð fyrir skattvísitölu 125 (1975=100), þannig að skattvísitala hækki jafnt og meðaltekjur til skatts. Samkvæmt þessari áætlun yrði álagður tekjuskattur á næsta ári að frádregnum barnabótum og persónuafslætti til greiðslu útsvars rúmlega 5 500 m.kr., en innheimtur skattur er áætlaður 5 600 m.kr. með tilliti til áætlaðra eftirstöðva um næstu áramót og innheimtureynslu að undanförnu. Þessi áætlun um tekjuskatt einstaklinga felur í sér, að bein skattbyrði reiknuð sem álagðir beinir skattar í hlutfalli við tekjur fyrra árs, þ. e. þess árs þegnar teknanna er aflað, verði 14,3—15% á árinu 1976, eftir því hvort heimilað verður álag á útsvör á næsta ári og einnig eftir því, hvernig eignarsköttun verður endanlega hagað. Þetta er svipuð skattbyrði og áætlað er á árinu 1975, 14,5%, en á árinu 1974 var skattbyrðin, reiknuð á sambærilegan hátt, 15,2%.

Álagður tekjuskattur félaga 1975 er 1 210 m.kr. eða heldur meiri en áætlað var áður, og er innheimtur skattur áætlaður svipaður eða um 1 200 m.kr. Á grundvelli afar lauslegra áætlana um afkomu helztu atvinnugreina á árinu 1975 má búast við því, að álagður tekjuskattur félaga verði minni á næsta ári en í ár, en afar erfitt er nú að áætla þennan tekjustofn. Hér er gert ráð fyrir 950 m.kr. álagningu á næsta ári og samkvæmt því yrði innheimtur skattur um 990 m.kr. með tilliti til áætlaðra eftirstöðva um næstu áramót.

Byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti einstaklinga og félaga er áætlað 95,9 m.kr. á næsta ári, sem er 21,5 m.kr. hærri upphæð en í fjárlögum 1975.

Gjöld af innflutningi. Þessi flokkur tekna hækkar um 142 m.kr. frá nýrri áætlun 1975 og um 698 m.kr. frá fjárlögum 1975.

Almennar tolltekjur eru nú áætlaðar 10 070 m.kr. í ár, sem er aðeins 4% aukning frá fjárlagaáætlun, þrátt fyrir að nú er reiknað með rúmlega 17% meiri almennum vöruinnflutningi í krónum talið en miðað var við í fjárlagaáætlun. Meðaltollhlutfall í ár verður því lægra en gert var ráð fyrir í fjárlögum, fyrst og fremst vegna minni bílainnflutnings og annars hátollainnflutnings og eins vegna þess, að tollalækkun á árinu varð meiri en reiknað var með í fjárlögum. Tekjuáætlun fyrir 1976 er miðuð við óbreytt magn innflutnings frá 1975 og einnig óbreytta samsetningu innflutnings, t. d. sama innflutnings á bílum og áætlað er 1975. Þannig er gert ráð fyrir óbreyttu tollhlutfalli á næsta ári að öðru leyti en því, sem samningsbundnar tollalækkanir gefa ástæðu til lækkunar tollhlutfalls. Um næstu áramót tekur gildi fjórði áfangi tollalækkunar samkvæmt aðildarsamningi við EFTA og viðskiptasamningi við Efnahagsbandalagið, og hefur tolltekjutap vegna þessara samninga og aðlögunar annara tolla verið lauslega áætlað um 800 m.kr. Verðhækkun innflutnings í erlendri mynt er áætluð 5% milli áranna 1975 og 1976 og er þá stuðzt við síðustu spár OECD. Þetta felur í sér um 9% verðhækkun í krónum m.v. núverandi gengi. Á næsta ári eru tolltekjur ríkissjóðs samkvæmt þessu áætlaðar 10 013 m.kr.

Innflutningsgjald af bifreiðum er nú áætlað 700 m.kr. í ár og 800 m.kr. á næsta ári miðað við sama fjölda bíla og í ár og núgildandi gjaldskrá óbreytta.

Innflutningsgjald af benzíni og gúmmígjald er samtals áætlað 1 938 m.kr. í ár eða um 100 m.kr. hærri en á fjárlögum. Á næsta ári eru þessi gjöld áætluð 2 033 m.kr. Báðar þessar áætlanir, fyrir 1975 og 1976, eru óbreyttar frá fjáröflunarforsendum vegáætlunar fyrir árin 1974—77, sem afgreidd var frá Alþingi í vor. Önnur gjöld af innflutningi eru áætluð 139,6 m. kr., sem er hækkun um 6,2 m.kr. frá fjárlögum 1975.

Skattar af framleiðslu. Þessi flokkur tekna var áætlaður 490 m.kr. í fjárlögum ársins 1975, þar af nam álgjald í Byggðasjóð 320 m.kr. Ástand á álmarkaði hefur hins vegar breytzt mjög frá því þessi áætlun var gerð og forsendur hennar því breyttar. Er álgjald nú áætlað 95 m.kr. í ár og 141 m.kr. á næsta ári. Bæði árin er aðeins reiknað með lágmarksgjaldi, en 1. okt. 1975 hækkar það úr $ 12,50 pr. tonn í $ 20,00 pr. tonn. Þá er hér ekki gert ráð fyrir aukningu álútflutnings á næsta ári frá því, sem reiknað er með í ár, og er reiknað með 63 þús. tonna gjaldskyldri framleiðslu.

Tekjur af vörugjaldi af innlendri framleiðslu nokkurra vörutegunda og innfluttum vörum samkvæmt lögum nr. 97/1971 eru áætlaðar 158 m.kr. í ár og á næsta ári má reikna með svipuðum tekjum af þessum stofni. Sérstakt tímabundið vörugjald, sem lagt var á með bráðabirgðalögum nr. 65/1975 frá 16. júlí s. l., er áætlað skila um 1 700 m.kr. á árinu 1975, en samkvæmt lögunum fellur gjald þetta niður um næstu áramót.

Skattur af seldum vörum og þjónustu. Heildarhækkun tekna í þessum flokki frá nýrri áætlun 1975 er 6 435 m.kr., en frá fjárhagsáætlun 1975 er hækkunin 7 517 m.kr. Innheimtur söluskattur í ríkissjóð í ár er nú áætlaður 16 300 m.kr., sem er 460 m.kr. lægri upphæð en í fjárlögum vegna niðurfellingar söluskatts af ýmsum matvælum og flugfargjöldum innanlands frá maí s. l., en þessi niðurfelling er metin 600 m.kr. í ár. Samkvæmt gildandi lögum fellur 2% sölugjald til viðlagasjóðs niður um næstu áramót. Hér er gert ráð fyrir, að þetta gjald renni óskert í ríkissjóð frá og með næstu áramótum. Eins og áður hefur verið minnzt á, telur ríkisstjórnin rétt að stefna að því, að sveitarfélögin fái 8% hlut úr öllum söluskattinum til Jöfnunarsjóðs jafnframt því sem verkefni þeirra yrðu aukin. Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps er þó miðuð við óbreyttan hluta sveitarfélaga í sölugjaldinu, enda liggja ekki fyrir niðurstöður endurskoðunar þessara mála. Miðað við forsendur frumvarpsins um óbreytt magn almennra þjóðarútgjalda milli áranna 1975 og 1976 og óbreytta söluskattskyldu frá því sem nú er, er innheimtur söluskattur í ríkissjóð á næsta ári áætlaður 21 560 m.kr.

Launaskattur er í ár áætlaður 2 520 m.kr. eða 120 m.kr. meiri en í fjárlögum. Á næsta ári má búast við 3 050 m.kr. innheimtu miðað við óbreytt kauplag frá október 1975 og óbreyttar álagningarreglur. Hlutur Byggingarsjóðs er í ár áætlaður 1 416 m.kr., en 1 740 m.kr. á næsta ári.

Rekstrarhagnaður Á.T.V.R. er í ár áætlaður um 5 150 m.kr., sem er 1 050 m.kr. hækkun frá fjárlögum, enda hefur útsöluverð áfengis og tóbaks tvívegis verið hækkað frá áramótum. Miðað við núverandi útsöluverð óbreytt eru tekjur af þessum stofni áætlaðar 5 900 m.kr. á næsta ári.

Flugvallagjald skv. 23. gr. laga nr. 11/1975 er í ár áætlað 225 m.kr. Hér er gert ráð fyrir áframhaldandi innheimtu þessa gjalds á næsta ári og er innheimta þá áætluð 235 m.kr.

Aðrir skattar af seldum vörum og þjónustu eru áætlaðir 219 m.kr. í ár — 183 m.kr. í fjárlagaáætlun — og 244 m.kr. á næsta ári.

Aðrir óbeinir skattar eru nú áætlaðir 2 313 m.kr. í ár, sem er rúmlega 200 m.kr. hækkun frá fjárlögum, aðallega vegna meiri tekna af stimpilgjaldi og öðrum svipuðum stofnum. Á næsta ári eru tekjur af þessum sköttum áætlaðar 2 736 m.kr. Bifreiðaskattur er í ár áætlaður 487 m.kr., en 537 m.kr. á næsta ári samkvæmt vegáætlun. Verðjöfnunargjald af raforku er áætlað 715 m.kr. 1976 miðað við núverandi orkuverð óbreytt. Aðrar tekjur í þessum flokki eru aðallega áætlaðar með tilliti til almennra veltubreytinga.

Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta. Tekjur á þessum lið hækka úr 127 m.kr. á fjárlögum 1975 í 198 m.kr. í áætlun fyrir næsta ár, aðallega vegna meiri tekna af fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli.

Ýmsar tekjur eru áætlaðar 405 m.kr. í ár, sem er talsverð hækkun frá fjárlagaáætlun, vegna meiri innheimtu framan af árinu en búist var við. Á næsta ári eru ýmsar tekjur áætlaðar 410 m.kr.

Hér á eftir fer yfirlit yfir áætlaðar tekjur ríkissjóðs á árinu 1976 og til samanburðar er sýnd tekjuáætlun fjárlaga 1975 og endurskoðuð áætlun um tekjur þess árs. Samkvæmt yfirlitinu verður hlutdeild beinna skatta í tekjum ríkisins 15,4% 1975 í stað 18,6% í fjárlögum ársins og hlutdeild óbeinna skatta hækkar úr 80,5% í 83,5%, en aðrar tekjur eru um 1%. Á árinu 1976 verður hlutdeild beinna skatta 17,1%, hlutdeild óbeinna skatta 81,9%, en aðrar tekjur eru áfram um 1%.

	Fjárlög 1975	Endurskoðuð áætlun 1975	Frumvarp 1976
1. Persónuskattar	1 453	1 453	2 079
2. Eignarskattar[1])	497	551	1 022
3. Tekjuskattur[1])	6 894	5 633	6 686
a. Einstaklingar	5 854	4 421	5 686
b. Félög	1 040	1 212	1 000
4. Gjöld af innflutningi	12 283	12 840	12 982
a. Almenn aðflutningsgjöld	9 682	10 070	10 013
b. Benzín- og gúmmígjald	1 838	1 938	2 033
c. Innflutningsgjald af bifreiðum	630	700	800
d. Annað	133	132	136
5. Skattar af framleiðslu	490	1 953[2])	299
6. Skattar af seldum vörum og þjónustu	23 473	24 444	30 989
a. Söluskattur	16 790	16 330	21 560
b. Launaskattur	2 400	2 520	3 050
c. Á.T.V.R.	4 100	5 150	5 900
d. Annað	183	444	479
7. Aðrir óbeinir skattar	2 111	2 313	2 736
8. Arðgreiðslur úr B-hluta	127	129	198
9. Ýmsar tekjur	297	405	410
Samtals	47 626	49 721	57 401
Beinir skattar	8 844	7 637	9 787
Óbeinir skattar	38 358	41 550	47 006
Aðrar tekjur	424	534	608

Lánahreyfingar.

Niðurstöðutala á úthlið lánahreyfinga er 6 556 m.kr. og á innhlið 6 761 m.kr., þannig að afgangur er 205 m.kr. Fyrirhugaðar lántökur innan lands eru byggðar á lögum nr. 36/1975 um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg og heimildum í 6. gr. frumvarpsins og auk þess á 3. gr. laga nr. 7/1974 um skattalega meðferð verðbréfa o. fl., sem ríkissjóður selur innan lands. Erlend lántaka vegna framkvæmda við Landshöfnina í Þorlákshöfn er byggð á 3. gr. laga nr. 91/1973, en um aðrar erlendar lántökur verður leitað heimildar í sérstöku lagafrumvarpi, er lagt mun fyrir haustþingið. Verður í því, sem hér fer á eftir, gerð grein fyrir einstökum liðum lánahreyfinganna.

1) Byggingarsjóðsgjald innifalið.
2) Þ.e. sérstakt tímabundið vörugjald 1 700 m.kr.

Lánahreyfingar út.

Niðurstöðutala á lánahreyfingum út er, sem fyrr greinir, 6 556 m.kr., og renna 5 000 m.kr. til framkvæmda B-hluta fyrirtækja og 1 556 m.kr. til afborgana af lánum ríkissjóðs. Auk framkvæmda fyrirtækja í B-hluta er ætlað að afla 1 725 m.kr. til framkvæmda, sem eru í A-hluta frumvarpsins, eða samtals 6 725 m.kr. Á árinu 1975 er ráðgert að afla samtals 5 000 m.kr. til framkvæmda, og er því um að ræða 1 725 m.kr. hækkun. Á eftirfarandi yfirliti er sýnd fyrirhuguð ráðstöfun þessa lánsfjár og til samanburðar ráðstöfun lánsfjár á árinu 1975 skv. lögum um efnahagsráðstafanir o. fl. (nr. 11/1975) í millj. kr.:

A-hluti:	1975	1976	Hækkun
Vegaframkvæmdir	900	1 050	150
Landshafnir	350	310	÷40
Þangverksmiðja	230	80	÷150
Járnblendiverksmiðja, eiginfjárframlag	—	285	285
	1 480	1 725	245
B-hluti:			
Orkumál	3 520	5 000	1 480
Samtals A- og B-hluti	5 000	6 725	1 725

Vegagerð. Hér er gert ráð fyrir sömu lánsfjáröflun og í vegáætlun fyrir árin 1974—1977 skv. þingsályktun frá 16. maí sl. Fjárhæð þessari er skv. áætluninni ráðstafað þannig, að 500 m.kr. renna til norður- og austurvegar og 550 m.kr. til annarra vegaframkvæmda. Lánsfjáröflun til vegagerðar á árinu 1975 er áætluð 900 m.kr. skv. lögum nr. 11/1975 um ráðstafanir í efnahagsmálum o. fl., þannig að hækkun skv. þessu frumvarpi er 150 m.kr.

Landshafnir. Lánsfjáröflun til framkvæmda í landshöfnum, 310 m.kr., skiptist þannig, að 50 m.kr. renna til Njarðvíkurhafnar, 35 m.kr. til Rifs og 225 m.kr. til Þorlákshafnar til áframhalds framkvæmda sem staðið hafa yfir á þessum stöðum. Auk framangreindrar lánsfjáröflunar vegna Þorlákshafnar, sem kemur frá Alþjóðabankanum í Washington, verður beint ríkissjóðsframlag 150 m.kr., þannig að til framkvæmda þar verður varið samtals 375 m.kr. Árið 1975 eru fyrirhugað að afla 350 m.kr. lánsfjár til framkvæmda í landshöfnum, og er því um að ræða 40 m.kr. lækkun, sem öll kemur fram á Þorlákshöfn.

Þangverksmiðja. Lánsfé, 80 m.kr., skiptist þannig, að til aukningar eigin fjár ríkissjóðs í fyrirtækinu renna 15 m.kr., til borunar viðbótarholu til orkuöflunar 15 m.kr. og til hafnargerðar 50 m.kr., þar af 21 m.kr. til endurgreiðslu á bráðabirgðalántöku 1975. Ekki er enn ljóst, hvort þessi fjárhæð nægir til að gera viðunandi hafnarmannvirki til frambúðar, en kostnaður við það og raunar aðrar framkvæmdir vegna verksmiðjubyggingarinnar hefur farið mjög verulega fram úr þeim áætlunum, er lágu til grundvallar, þegar ákvörðun um byggingu verksmiðjunnar var tekin. Á árinu 1975 er ráðgert að afla 230 m.kr. til verksmiðjunnar, og er því um 150 m.kr. lækkun að ræða á árinu 1976.

Járnblendiverksmiðja. Á þessu stigi er gert ráð fyrir 285 m.kr. lánsfjáröflun, er renni sem eiginfjárframlag ríkissjóðs til verksmiðjunnar. Ljóst er hins vegar, að þetta er einungis hluti þess fjármagns, sem afla verður, en nánar verður gerð grein fyrir því máli í sambandi við heildaráætlun um lánamarkaðinn, sem vikið er að hér á eftir.

Orkumál. Enda þótt fullnægjandi áætlanir hafi borizt um nokkur svið orkumálanna, vantar mikið á, að það eigi við allar áætlanir, sem hafa borizt. Það er hins vegar ljóst, að í áætlunum sínum stefna aðilar að miklu meiri framkvæmdum en hugsanlegt er að afla fjár til, og með tilliti til þess og ónógs rökstuðnings fyrir fjárbeiðnum, hefur verið horfið að því ráði að sundurliða ekki í frumvarpinu það 5 000 m.kr. lánsfjármagn, sem á þessu stigi er áætlað, að gengið geti til orkumála á árinu 1976. Ennfremur þarf í þessu sambandi að taka frekari ákvörðun um nýtingu hluta sölugjalds í þágu orkumála. Er við það miðað, að þessi mál verði unnin á næstu vikum, þannig að unnt verði að leggja þau fyrir þingið nægilega snemma til þess að ákvörðun um skiptingu alls fjármagns, sem unnt verður að verja til orkumála á árinu 1976, verði tekin um leið og fjárlög verða afgreidd.

Á eftirfarandi yfirliti er gerður samanburður á afborgunum almennra lána ríkissjóðs í fjárlögum 1975 og frumvarpi 1976 í þús. kr.:

Fjárl.nr.	Stofnun	Fjárlög 1975	Frumvarp 1976	Mismunur
02 422	Ríkisútgáfa námsbóka	1 445	916	÷529
04 231	Skógrækt ríkisins	311	615	304
04 241	Landnám ríkisins	1 677	1 679	2
10 656	Landmælingar	1 635	10 841	9 206
11 201	Iðnþróunarstofnun Íslands	788	864	76
15 191	Ýmis lán ríkissjóðs:			
	Menntaskólinn í Reykjavík	269	269	
	Menntaskólinn á Akureyri	507	507	
	Menntaskólinn á Laugarvatni	750	658	÷92
	Menntaskólinn við Hamrahlíð	3 279	3 279	
	Tækniskólinn	287	77	÷210
	Kennaraháskóli Íslands	640	640	
	Hjúkrunarskóli Íslands	308	308	
	Búnaðarb. Íslands v/skóla o. fl.	525	525	
	Verslunarb. Íslands v/skóla o. fl.	998	998	
	Héraðsskólinn Reykholti	45	5	÷40
	Bændaskólinn Hvanneyri	12	12	
	Landspítalinn	5 732	5 507	÷225
	Lögreglustöðin í Reykjavík	4 680	4 680	
	Skattstofa Suðurlands	6	5	÷1
	Skjaldbreiðareign	1 550	1 325	÷225
	Vonarstræti 12	702	702	
	Seðlabankinn vegna áburðarsölu	5 400	6 500	1 100
	Seðlabankinn vegna yfirdráttarskuldar	500 000	723 000	223 000
	Seðlabankinn vegna framlags til Atvinnumálanefndar ríkisins	14 300	14 300	
	Seðlabankinn vegna hækkunar framlags til Alþjóðabankans	9 316	5 991	÷3 325
	Seðlabankinn v/flugvélakaupa fyrir Landhelgisgæzlu	19 732	26 723	6 991
	Seðlabankinn v/Norðurstjörnunnar hf., hlutabréfakaup	500	500	
	Listasafn Íslands	1 233	1 198	÷35
	Kjarvalshús (Byggingarsj. Listasafns Íslands)	75		÷75
	Spariskírteinalán v/perlusteinsrannsókna	250	250	

Fjárl.nr.	Stofnun	Fjárlög 1975	Frumvarp 1976	Mismunur
	Spariskírteinalán v/stofnframlags til Landsvirkjunar	9 556	9 556	
	Spariskírteinalán v/framkv.áætlunar 1971	1 210	1 210	
	Spariskírteinalán v/láns í Frakklandi til togarakaupa	11 200	11 200	
	Spariskírteinalán vegna Rannsóknaráðs ríkisins til sjó- og jarðefnarannsókna	1 514	1 514	
	PL-480 vegna hlutabréfakaupa í Kísiliðju	2 359	3 197	838
	Landsbankinn v/hlutabréfakaupa í Kísiliðju	200	200	
	Framkvæmdasjóður v/hlutabréfakaupa í Kísiliðju (erl.)	6 337	9 124	2 787
	Framkvæmdasjóður v/hlutabréfakaupa í Kísiliðju (innl.)	2 000	2 000	
	Endurlán vegna Norðurstjörnunnar hf.	240	240	
	Lán vegna kaupa á prestsetrum	859	2 225	1 366
	Lán vegna skrifstofuhúsnæðis embættis sýslumannsins á Hvolsvelli (Landsb.)	450	690	240
	Lán vegna embættis sýslumanns á Selfossi		1 000	1 000
	Lán vegna bæjarfógetaembættis á Akranesi	100	100	
	Lán vegna bæjarfógetaembættis í Keflavík	293	493	200
	Lán vegna biskupsbústaðar (Sparisj. Reykjavíkur	53	35	÷18
	Lán vegna kaupa á Vonarstræti 8	886	886	
	Ferðamálasjóður	63	68	5
	Fiskveiðasjóður v/Hafrannsóknastofnunar (Dröfn)	587	655	68
	Lán til kaupa á Pólstjörnunni f. Hafrannsóknastofnun	1 772	1 772	
	Lán v/kaupa á Laugarásvegi 71 f. Kleppsspítala	527	527	
	Lán v/kaupa á Tunguhálsi 2 f. þvottahús ríkisspítala	140	153	13
	Lán v/upptökuheimilis í Kópavogi		140	140
	Lán v/Kirkjustrætislóða (handhafi)	2 050	2 050	
	Happdrættislán ríkissjóðs 1948	32	32	
	Lán v/hlutabréfakaupa í Áburðarverksmiðju	4 069	2 249	÷1 820
	Handhafalán vegna Tjarnargötu 3	318	318	
	Lán vegna dýralæknisbústaða	424	924	500
	Spariskírteinalán vegna hafnagerða		7 714	7 714
	Spariskírteinalán vegna orkurannsókna		5 500	5 500
	Spariskírteinalán vegna Þangverksm.		2 922	2 922
	Lán vegna hafnagerða		20 000	20 000
	Lán vegna kaupa á Valhöll fyrir Háskóla Íslands		556	556
	Lán hjá Háskóla Íslands vegna Félagsstofnunar stúdenta	400	400	
	Spariskírteinalán 1974 (áætl.)	28 500		÷28 500
	Scandinavian Bank Ltd. v/endurbyggingar á v/s Þór	12 440	16 848	4 408
	Export-Import Bank vegna framlags til stækkunar Kísiliðjunnar hf.	11 520	1 262	÷10 258
	Spariskírteinalán v/Þangverksm.		10 905	10 905

Fjárl.nr.	Stofnun	Fjárlög 1975	Frumvarp 1976	Mismunur
	Alusuisse v/framlags til Landsvirkjunar		6 514	6 514
	Scandinavian Bank Ltd. v/framl. til Landsvirkjunar	9 216	12 480	3 264
	Seðlabankinn v/yfirdráttaskuldar RARIK		186 200	186 200
	Seðlabankinn v/breytinga á Óðni (erl.)		10 730	10 730
	Danmarks Skibskreditfond v/byggingar Týs ..		42 120	42 120
	Sendiráðið í Kaupmannahöfn	743	1 346	603
	Sendiráðið í Osló	64	93	29
	Sendiráðið í Stokkhólmi	1 075	2 259	1 184
	Sendiráðið í Washington	359	535	176
	Sendiráðið í New York	241	507	266
	Sendiráð Íslands hjá EFTA	1 171	918	÷253
	Seðlabankinn v/vegagerðar (erl. lán)	75 218	87 912	12 694
	Seðlabankinn v/vegagerðar (yfirdr. skuld) ..		66 000	66 000
	Endurlán v/vegagerðar	103 133	106 634	3 501
	Innlánsstofnanir v/vegagerðar	6 310	4 228	÷2 082
	Lánast. v/erl. lána v/vegagerðar	15 325	23 969	8 644
	Ýmsir innl. aðilar v/vegagerðar	1 805	561	÷1 244
	Endurlánað erlent lánsfé v/vegagerðar	17 686	28 860	11 174
	Lántaka '75 v/vegagerðar		42 143	42 143
	Samtals	909 397	1 555 548	646 151

Lánahreyfingar inn.

Eins og fyrr greinir er niðurstöðutala á lánahreyfingum inn 6 761 m.kr., þar af lántökur vegna framkvæmda í A-hluta frumvarpsins 1 725 m.kr., vegna framkvæmda í B-hluta 5 000 m.kr. og innheimtar afborganir af veittum lánum 36 m.kr. Á eftirfarandi yfirliti er gerður samanburður á fjáröflun til framkvæmda skv. þessu frumvarpi og skv. lögum nr. 11/1975 um efnahagsmálaráðstafanir o. fl. í m.kr.:

Innlend fjáröflun:	1975	1976	Hækkun
Innheimt af endurlánuðum spariskírteinum og eftirstöðvar frá fyrra ári	1 080	1 520	440
Útgáfa spariskírteina	1 100	1 400	—
Útgáfa happdrættisskuldabréfa	300		
Skyldusparnaður	225	—	÷225
	2 705	2 920	215
Erlend fjáröflun:			
Alþjóðabankinn v/Þorlákshafnar	280	225	÷55
Sérstök lántaka til N- og A-landsáætlana	215	—	÷215
Önnur erlend lántaka	1 800	3 580	1 780
	2 295	3 805	1 510
Fjáröflun samtals	5 000	6 725	1 725

Samkvæmt þessari fjáröflunaráætlun verður meginhækkun lánsfjár í formi aukinna lántaka erlendis. Þetta gefur þó ófullkomna mynd af lánamálunum í heild, þar sem ýmsar opinberar framkvæmdir, sem ætlað er að fjármagna með erlendu lánsfé, eru ekki teknar með í þetta yfirlit, hvorugt árið. Má þar t. d. nefna fram-

kvæmdir við Sigöldu og Grundartanga og tækjakaupalán í sambandi við Kröfluvirkjun og aðrar framkvæmdir á sviði orkumála. Samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar er nú unnið að gerð heildaráætlunar um lánsfjármarkaðinn á næsta ári, og er stefnt að því, að hún verði fullbúin fyrir lok októbermánaðar. Verður sú áætlun lögð fram á Alþingi, þannig að heildarmynd lánsmöguleika liggi fyrir, áður en endanlegar ákvarðanir um framkvæmdir verða teknar við afgreiðslu fjárlaga.

Á eftirfarandi yfirliti er sýnd sundurliðun á innheimtum afborgunum af almennum lánum ríkissjóðs í þús. kr.:

	Fjárlög 1975	Frumvarp 1976	Mismunur
Atvinnujöfnunarsjóður	14 300	14 200	-100
Landsvirkjun v/aðflutningsgjalda	3 375	3 375	
Lagmetisiðjan Siglósíld	550	346	-204
Bifreiðakaupalán	3 638	3 610	-28
Gjaldeyrisdeild bankanna	940	940	
Hampiðjan hf. vegna Heyrnleysingjaskólans	1 000	1 000	
Þvottahús ríkisspítala	1 500	1 500	
Borgartún 7, húseign	1 004	2 816	1 812
RARIK	3 733		-3 733
Skuldabréf Sameinuðu þjóðanna	285	385	100
Ýmsir aðilar	10 000	8 000	-2 000
	40 325	36 172	-4 153

Athugasemdir við einstaka liði frumvarpsins.

Svo sem venja hefur verið, verður í þessum hluta greinargerðarinnar fjallað um breytingar á einstökum liðum frumvarpsins frá fjárlögum 1975 á nákvæmari hátt en í yfirlitshlutanum um gjaldahlið hér að framan. Þegar hefur verið vikið að því, hvern þátt launa- og verðlagshækkanir eiga í útgjaldahækkuninni að því er tekur til launa og annars rekstrarkostnaðar. Verða því fjárlagaliðir, sem hækka eingöngu af þessum sökum ekki ræddir frekar, heldur verður megináherzla lögð á aðrar orsakir breytinga á fjárveitingum í því sem hér fer á eftir.

00 Æðsta stjórn ríkisins.

201 **Alþingi.** Kostnaður við Alþingi hækkar um 71 095 þús. kr. eða 33,6%. Er þetta nokkru meiri hækkun en almennt gerist í ríkisrekstrinum, og er þá tekið tillit til mikillar vanáætlunar stofnunarinnar til fjárlaga 1975. Áætluð fjárveiting skv. þessu frumvarpi er þó einungis 2,8% hærri en reikningstala ársins 1974. Gert er ráð fyrir því, að kostnaður Alþingis verði tekinn til sérstakrar skoðunar við meðferð fjárlagafrumvarpsins.

01 Forsætisráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Framlag hækkar um 10 190 þús. kr., þar af 4 000 þús. kr. vegna hluta Íslands í norrænum fjárveitingum á vegum ráðherranefndar Norðurlandaráðs, sem ekki hefur verið í fjárlögum áður, og 1 900 þús. kr., sem er kostnaður við kvennaársnefnd. Eðlilegar launahækkanir nema 1 330 þús. kr. og hækkun annarra rekstrarliða 2 960 þús. kr., þ. á m. fasteignagjöld.

171 **Byggðasjóður.** Í heild verður framlag til sjóðsins 1 123 000 þús. kr., eða 2% af útgjaldatölu fjárlagafrumvarps samkvæmt málefnasamningi ríkisstjórnarinnar. Eru tekjur af álgjaldi áætlaðar 141 000 þús. kr. og ríkissjóðsframlag

982 000 þús. kr. Heildarframlagið hækkar um 263 000 þús. kr., en þar sem álgjald er áætlað 179 000 þús. kr. lægra en í fjárlögum 1975, er á þessu stigi gert ráð fyrir hækkun ríkissjóðsframlags um 442 000 þús. kr. Þessi hlutföll gætu breytzt við endurskoðun áætlunar um álgjald.

02 Menntamálaráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Á þessum lið kemur fram 6 496 þús. kr. lækkun vegna færslu viðfangsefna á önnur fjárlaganúmer að tillögu ráðuneytisins. Er hér um að ræða liðina framkvæmd sundskyldu í skólum, sem var 25 416 þús. kr. í fjárlögum 1975, skíðakennslu í skólum 500 þús. kr. og til unglingafræðslu 600 þús. kr., sem allir eru færðir á lið 1—02—761 Grunnskólar, almennt, námsflokkar 1 200 þús. kr., sem færðar eru á lið 1—02—885 Fullorðinsfræðsla og loks námskeið menntaskólakennara 800 þús. kr., sem færð eru á lið 1—02—310 Menntaskólar almennt. Samtals nema þessar tilfærslur 28 516 þús. kr., og er því hækkun á þeim viðfangsefnum, sem eftir eru, 22 020 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður eykst um 3 200 þús. kr. vegna kaupa á nýrri símamiðstöð, en mismunurinn, 18 820 þús. kr., stafar af launa- og verðlagshækkunum.

201 **Háskóli Íslands.** Framlag til háskólans hækkar í heild um 104 356 þús. kr. Rekstrarkostnaður eykst um 114 356 þús. kr., þar sem framlag til byggingarframkvæmda lækkar um 10 000 þús. kr. Launaliður hækkar um 95 192 þús. kr. þar af 7 103 þús. kr. vegna nýráðninga, sem eru eftirfarandi: Við yfirstjórn ritari, 842 þús. kr., sem staðsettur verður í nýbyggingu verkfræðideildar, er tekin verður til notkunar á árinu, í heimspekideild lektor í bókasafnsfræðum 1 208 þús. kr. og dósent í frönsku í fullt starf í stað hlutastöðu 890 þús. kr., í verkfræði- og raunvísindadeild prófessor í stærðfræði frá miðju ári 739 þús. kr., dósent í eðlisfræði frá miðju ári, 661 þús. kr., dósent í kerfisfræði frá miðju ári, 661 þús. kr., tækjahirðir 871 þús. kr. og tækja- og dýravörður, hálf staða, 448 þús. kr. Loks er gert ráð fyrir ráðningu húsvarðar í verkfræðideildarhúsi, 783 þús. kr. Að öðru leyti hækkar launaliður um 88 089 þús. kr., eða 20,9%, af völdum kjarasamninga og aukinnar stundakennslu, en gert er ráð fyrir, að nemendum fjölgi um nálægt 200 og verði 2700—2800 talsins. Annar rekstrarkostnaður, nettó, eykst um samtals 17 514 þús. kr. eða 21,0%, þar af vegna bókakaupa 1 650 þús. kr. og auk þess verður tekið nýtt hús til notkunar.

Sem fyrr greinir er gert ráð fyrir 10 000 þús. kr. lækkun á framlagi ríkissjóðs til byggingarframkvæmda og verður það 55 000 þús. kr., en hins vegar hækkar áætlað framlag frá Happdrætti H. Í. um 84 000 þús. kr. og verður 190 000 þús. kr. Til ráðstöfunar vegna byggingarframkvæmda verða samkvæmt þessu 245 000 þús. kr., sem áætlað er, að skiptist þannig á verkefni í þús. kr.:

Til framkvæmda á Landspítalalóð	140 000
Til að ljúka byggingum á háskólalóð, sem verið hafa í framkvæmd	30 000
Til tækjakaupa	37 500
Til viðhalds húsa, lóða og búnaðar	23 000
Skipulagning lóðar og áætlanagerð	7 000
Húsnæði og búnaður v/nýrra námsbrauta	5 000
Ýmis húsgögn og búnaður	2 500
	245 000

202 **Tilraunastöð háskólans á Keldum.** Gert er ráð fyrir ráðningu líffræðings við þessa stofnun, 1 128 þús. kr., og laun hækka að öðru leyti um 7 032 þús. kr. vegna kjarasamninga. Aðrir rekstrarliðir hækka um 20 072 þús. kr., en tekjur hækka á móti um 26 616 þús. kr., þannig að nettó-hækkun nemur 1 616 þús. kr.

232 **Rannsóknaráð ríkisins.** Á liðnum kemur fram 931 þús. kr. lækkun, sem skýrist af því, að framlag til landgrunnsrannsókna, sem var 3 000 þús. kr. í fjárlögum 1975, fellur niður, en eðlilegar launa- og verðlagshækkanir nema 2 069 þús. kr.

276 **Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna.** Framlag lækkar um 1 092 þús. kr., sem skýrist þannig að hluti sjóðsins af tekjum Happdrættis Háskóla Íslands hækkar um 11 180 þús. kr. og verður 33 000 þús. kr., en ríkissjóðsframlag lækkar um 12 272 þús. kr. og verður 15 728 þús. kr. Til ráðstöfunar verða því 48 728 þús. kr., sem varið verður þannig, að til endurgreiðslu lána renna 25 928 þús. kr., og til að ljúka byggingu Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins á Keldnaholti 22 800 þús. kr.

301 **Menntaskólinn í Reykjavík.** Kostnaður eykst um 17 071 þús. kr., sem skýrist af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum að öðru leyti en því, að gert er ráð fyrir ráðningu konrektors, 1 321 þús. kr.

302 **Menntaskólinn á Akureyri.** Kostnaðaraukning nemur 18 487 þús. kr., þar af 895 þús. kr. vegna ráðningar vistavarðar, 2 850 þús. kr. vegna endurbóta á gamla skólahúsinu og 14 742 þús. kr. vegna launa- og verðlagshækkana og aukningar kennslu, þar sem sett verður á fót öldungadeild við skólann.

303 **Menntaskólinn á Laugarvatni.** Framlag hækkar um 2 483 þús. kr., sem skýrist þannig, að rekstrarkostnaður eykst um 4 933 þús. kr. vegna launa- og verðlagshækkana, en stofnkostnaður lækkar um 2 450 þús. kr. og verður 8 550 þús. kr. Er þá gert ráð fyrir 6 000 þús. kr. til byggingar kennaraíbúða, 2 000 þús. kr. til endurbóta á nemendabústað og 550 þús. kr. til stofnbúnaðar og frágangs á lóð.

306 **Menntaskólinn við Tjörnina.** Kostnaður eykst um 26 630 þús. kr. Rekstrarkostnaður hækkar um 30 030 þús. kr., þar af ráðning húsvarðar 720 þús. kr. og aukning af völdum launa- og verðlagshækkana auk fjölgunar bekkjardeilda og aukins húsrýmis, 29 310 þús. kr., en skólinn flyzt að fullu í Vogaskóla. Stofnkostnaður lækkar um 3 400 þús. kr. og verður 7 600 þús. kr. til breytinga á húsnæði og kaupa á búnaði.

306 **Menntaskólinn á Ísafirði.** Á þessum lið kemur fram 46 729 þús. kr. lækkun, vegna þess að framlag til byggingarframkvæmda, sem var 62 000 þús. kr. í fjárlögum 1975, fellur niður, þar sem gert er ráð fyrir hléi á byggingarframkvæmdum við skólann á næsta ári. Rekstrarkostnaður eykst því um 15 271 þús. kr., sem stafar af launa- og verðlagshækkunum og aukningu á húsrými, auk þess sem gert er ráð fyrir launum fulltrúa í fullu starfi í stað hálfs áður, 465 þús. kr.

307 **Menntaskóli á Austurlandi, bygging.** Framlag hækkar um 27 000 þús. kr. og verður 57 000 þús. kr., sem ætlað er að renni til áframhalds byggingar á heimavist, en framkvæmdir hófust haustið 1975.

308 **Menntaskóli í Kópavogi.** Hækkun á þessum lið er 9 375 þús. kr. Rekstrarkostnaður eykst um 10 625 þús. kr. vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana að öðru leyti en því, að gert er ráð fyrir ráðningu húsvarðar, 720 þús. kr. Stofnkostnaðarframlag lækkar um 1 250 þús. kr. og verður 4 750 þús. kr., sem ætlað er til undirbúnings byggingarframkvæmda.

310 **Menntaskólar, almennt.** Hér kemur fram 10 318 þús. kr. hækkun, þar af 800 þús. kr. vegna námskeiða menntaskólakennara, sem flutt eru af aðalskrifstofu menntamálaráðuneytisins, eða óbreytt frá fjárlögum 1975. Þá er tekinn upp nýr liður, forfallakennsla í menntaskólum, 5 000 þús. kr., viðhaldsliður hækkar um 1 612 þús. kr., kaup á búnaði um 1 923 þús. kr., og aðrir liðir hækka um 983 þús. kr. nettó.

315 **Fjölbrautaskólinn í Breiðholti.** Mjög veruleg hækkun verður á þessum lið, eða 31 849 þús. kr., og er orsökin sú, að skólinn mun nú starfa allt árið, en starfsemi hefst haustið 1975 og fjárveiting í fjárlögum þess árs miðast við það.

316 **Flensborg, fjölbrautaskóli.** Framlag til þessa liðar hækkar um 29 533 þús. kr. Auk almennra launa- og verðlagshækkana á hækkunin rætur að rekja til þess, að verulegur kostnaður er nú fluttur af rekstri grunnskóla í samræmi við breytt hlutverk skólans, en í fjárlögum 1975 var framlagið takmarkað við menntaskólakennslu.

321 **Kennaraháskóli Íslands.** Kostnaður við kennaraháskólann eykst um 19 869 þús. kr. Hækkun launaliðar nemur 14 656 þús. kr., þar af ráðning lektors í sagnfræði 1 208 þús. kr., lektors í stærðfræði 1 208 þús. kr. og prófessors í stað lektors í eðlisfræði 270 þús. kr. Hækkun annars rekstrarkostnaðar er 5 213 þús. kr., þar af viðhald 943 þús. kr., ýmis búnaður 300 þús. kr. og aðrir liðir samtals 3 970 þús. kr.

431 **Iðnfræðsluráð.** Framlag hækkar um 3 475 þús. kr., og stafar sú hækkun af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum, en ástæða er til að vekja athygli á, að kostnaður við námsskrárgerð á verkfræðslustigi er áætlaður 7 000 þús. kr., sem er 1 000 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1975.

501 **Tækniskóli Íslands.** Hækkun á þessum lið nemur 35 397 þús. kr. þar af rekstur 24 897 þús. kr., sem skýrist af ráðningu húsvarðar 959 þús. kr. og stórauknu húsnæði, en starfsemi skólans verður flutt haustið 1975 í leiguhúsnæði að Höfðabakka. Að öðru leyti er um að ræða launa- og verðlagshækkanir og aukna kennslu. Stofnkostnaðarframlag hækkar um 10 500 þús. kr. og verður 28 500 þús. kr., sem varið verður til innréttinga á húsnæði.

506 **Vélskóli Íslands.** Kostnaður eykst um samtals 17 119 þús. kr., þar af 8 628 þús. kr. vegna starfseminnar í Reykjavík og 8 491 þús. kr. vegna starfsemi utan Reykjavíkur.

516 **Iðnskólar, almennt.** Hér er um að ræða framlag til stofnkostnaðar, sem er 32 300 þús. kr., eða 1 700 þús kr. lækkun frá fjárlögum 1975. og til viðhalds, sem er 5 824 þús. kr , og er það 3 824 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1975.

521 **Hjúkrunarskóli Íslands.** Liðurinn hækkar um 34 571 þús. kr., og er það því nær tvöföldun frá fjárlögum 1975. Skýring er sú, að tillögur hlutaðeigandi til fjárlaga 1975 voru mjög síðbúnar og fjárveiting nánast óraunhæf, eins og nú kemur í ljós.

522 **Nýi hjúkrunarskólinn.** Framlag hækkar um 6 490 þús. kr., eða því nær 77%, sem er langt umfram meðaltalshækkun kostnaðar í ríkisstofnunum. Skýringin er að hluta hin sama og við næsta fjárlagalið hér að framan, en auk þess eykst húsnæðiskostnaður verulega vegna flutnings í leiguhúsnæði. Áður var skólinn rekinn í húsnæði Borgarspítalans.

553 **Húsmæðraskólar.** Að tillögu menntamálaráðuneytisins eru framlög til rekstrar húsmæðraskóla nú sett fram óskipt undir þessum lið. Kostnaður eykst um 4 018 þús. kr., en samkvæmt nýjum lögum ber ríkissjóður nú allan kostnað af húsmæðraskólum.

563 **Til tónlistarfræðslu.** Hér er um að ræða viðfangsefni, sem áður hafa verið færð undir liðinn listir, framlög. Hækka framlög þessi um 21 488 þús. kr., þar af til tónlistarskóla 19 453 þús. kr., en ný lög hafa verið sett um þessa skóla, sem auka hlut ríkisins verulega. Ennfremur hækkar framlag til Barnamúsikskólans um 2 185 þús. kr., en framlag til byggingar Tónlistarskólans og Barnamúsikskólans lækkar um 150 þús. kr. frá fjárlögum 1975.

581 **Verzlunarskólar.** Framlag til Verzlunarskóla Íslands hækkar um 4 896 þús. kr. og til Samvinnuskólans um 2 417 þús. kr., en framlag til Bréfaskóla SÍS og ASÍ, sem var 1 200 þús. kr. í fjárlögum 1975, er nú flutt á liðinn fullorðinsfræðsla, þannig að nettóhækkun á þessum lið er 6 113 þús. kr.

608 **Héraðsskólar, almennt.** Liðurinn hækkar um 1 452 þús. kr., þar af viðhald 4 802 þús. kr., en stofnkostnaður lækkar um 3 350 þús. kr. Byggingarframlög verða í heild 120 650 þús. kr., og skiptast þannig á einstaka skóla í þús. kr.:

Reykholt	19 000
Núpur	7 500
Reykjanes	7 650
Reykir	38 000
Laugar	31 000
Eiðar	9 500
Skógar	5 000
Laugarvatn	3 000
Samtals	120 650

Í Reykholti eru 7 500 þús. kr. ætlaðar til að ljúka byggingum, sem verið hafa í framkvæmd, 10 000 þús. kr. til að hefja breytingar á gamla skólahúsinu og 1 500 þús. kr. til kaupa á ýmsum búnaði. Á Núpi er ráðgert að verja 6 000 þús. kr. til að ljúka ýmsum smærri framkvæmdum og 1 500 þús. kr. til undirbúnings breytinga á gamla skólahúsinu. Á Reykjanesi renna 6 500 þús. kr. til að ljúka nýbyggingu og 1 150 þús. kr. til undirbúnings ýmissa endurbóta. Á Reykjum verður varið 38 000 þús. kr. til að ljúka byggingu kennsluhúss. Á Laugum verður varið 31 000 þús. kr. til byggingar íþróttahúss, og miðast sú fjárveiting við lúkningu á þremur árum. Á Eiðum er ætlað að verja 5 000 þús. kr. til að ljúka við kennarabústað og 4 500 þús. kr. til endurbóta á húsum. Á Skógum eru áætlaðar 5 000 þús. kr. til að ljúka byggingu skólastjórabústaðar, og loks er fjárveiting til Laugarvatns 3 000 þús. kr. til ýmissa endurbóta.

717 **Grunnskólar, rekstur.** Kostnaður við rekstur grunnskóla hækkar um 402 748 þús. kr., sem kemur þannig fram, að launaliður hækkar um 419 591 þús. kr., eða 19,5%, en önnur rekstrargjöld lækka um 16 843 þús. kr. eða 19,2%, fyrst fyrst og fremst vegna þess, að kostnaður hefur flutzt á aðra liði, þ. e. Flensborg, fjölbrautarskóla, og kennslu afbrigðilegra barna. Launahækkunin er nokkuð undir meðaltalshækkun samkvæmt kjarasamningum, og skýrist af framangreindum flutningi á aðra liði og þeirri 50 000 þús. kr. lækkun á skólakostnaði, sem stefnt er að og gerð er grein fyrir framar í þessum athugasemdum.

761 **Grunnskólar, almennt.** Á þessum lið kemur fram 169 926 þús. kr. hækkun, þar af flutningur viðfangsefna af aðalskrifstofu menntamálaráðuneytisins 37 250 þús. kr., þ. e. sundskylda í skólum 36 205 þús. kr., hækkun frá fjárlögum 1975 10 789 þús. kr., skíðakennsla í skólum 475 þús. kr. og til unglingafræðslu 570 þús. kr. Að öðru leyti nemur nettóhækkun á liðnum 132 676 þús. kr., sem sem kemur þannig fram: Stofnanir afbrigðilegra barna 78 066 þús. kr. (flutn-

ingur af grunnskólum, dagheimilum fyrir fjölfötluð börn og aukning), aksturskostnaður vegna skólasóknar 34 645 þús. kr., viðhald 16 880 þús. kr. (9,8%), laun kennara, sem orlof fá, 3 700 þús. kr. og yfirvinnuþóknun skólastjóra 2 000 þús. kr., en lækkun verður á liðunum greiðslur fyrir forfallakennslu 2 432 þús. kr. og stjórnskipaðir prófdómarar 183 þús. kr.

762 **Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra.** Liðurinn er óbreyttur frá fjárlögum 1975 eða samtals 1 019 164 þús. kr. Sem venja er verður fjárhæðinni skipt á einstaka skóla og íbúðir í meðförum þingsins.

763 **Bygging skóla fyrir þroskahömluð börn.** Hér er um að ræða nýjan fjárlagalið og fjárveiting áætluð 4 750 þús. kr., en sérstök fjárhæð var tekin upp á heimildargrein fjárlaga 1975 í þessu skyni.

803 **Dagvistunarheimili.** Framlag hækkar um 69 752 þús. kr., þar af rekstur 61 452 þús. kr. og byggingarframlag 8 300 þús. kr. Verður með því veitt samtals 68 400 þús. kr. til byggingar dagheimila.

871 **Upptökuheimilið í Kópavogi.** Hækkun á þessum lið nemur 4 746 þús. kr. Gert er ráð fyrir ráðningu fjögurra gæslumanna, 2 432 þús. kr., en jafnframt verður dregið verulega úr yfirvinnu. Að öðru leyti er um að ræða eðlilegar launa- og verðlagshækkanir.

872 **Lánasjóður íslenzkra námsmanna.** Framlag til sjóðsins hækkar um 127 500 þús. kr. Með þessari aukningu verður framlag ríkissjóðs í heild 807 500 þús. kr., og með ráðgerðri 100 000 þús. kr. lántöku ásamt eigin tekjum sjóðsins, sem eru áætlaðar 18 000 þús. kr., verða til ráðstöfunar í lánveitingar og styrki samtals 854 000 þús. kr. á árinu 1976. Nefnd vinnur nú að endurskoðun laga og reglna um starfsemi lánasjóðsins.

881 **Náms- og fræðimenn, framlög.** Þessi framlög hækka um 883 þús. kr., þar af styrkur til erlendra námsmanna í íslenzkum skólum 345 þús. kr., félagsstofnun stúdenta 100 þús. kr., íslenzk-ensk orðabók 350 þús. kr. og Menntastofnun Bandaríkjanna á Íslandi 100 þús. kr. Á öðrum liðum verður 12 þús. kr. lækkun.

885 **Fullorðinsfræðsla.** Hér er um að ræða nýjan lið á fjárlögum, og undir hann færð tvö viðfangsefni, sem voru undir öðrum fjárlagaliðum áður, þ. e. Bréfaskólinn (áður Bréfaskóli SÍS og ASÍ) 1 200 þús. kr. og námsflokkar 1 200 þús. kr., eða óbreytt frá fjárlögum 1975.

901 **Landsbókasafn.** Kostnaður eykst um 6 135 þús. kr., sem er afleiðing eðlilegra launa- og verðlagshækkana að öðru leyti en því, að inn er tekið sérstakt framlag vegna bókagjafar til Manitobaháskóla 285 þús. kr., og framlag til almennra bókakaupa safnsins hækkar um 1 050 þús. kr.

907 **Listasafn Íslands.** Þessi liður hækkar um 12 332 þús. kr., þar af rekstur 3 082 þús. kr. af eðlilegum orsökum, og byggingarframlag 9 250 þús. kr. og verður í heild 14 250 þús. kr. Er með því ráðgert að hefja framkvæmdir við húseign safnsins við Fríkirkjuveg.

981 **Almenningsbókasöfn.** Framlag hækkar um 910 þús. kr. vegna Rithöfundasjóðs Íslands, en aðrir liðir lækka um 445 þús. kr.

982 **Listir, framlög.** Á liðnum kemur fram 44 963 þús. kr. lækkun, þar af vegna tilflutnings á lið 563 hér að framan 55 253 þús. kr., en að öðru leyti verður 10 290 þús. kr. nettóhækkun á liðnum, sem kemur þannig fram: Framlag til launasjóðs rithöfunda hækkar um 8 615 þús. kr. skv. nýjum lagaákvæðum og til Leiklistarskóla Íslands um 2 450 þús. kr., framlag til listahátíðar lækkar um 175 þús. kr., en niður falla styrkir til tónlistarskóla í Árnessýslu og Garðahreppi vegna stofnkostnaðar, samtals 600 þús. kr.

984 **Norræn samvinna.** Framlög hækka um samtals 2 590 þús. kr., þar af hlutur Íslands í norrænum menningarfjárlögum 2 119 þús. kr., til norræns samstarfs 350 þús. kr., til norrænu tölfræðistofnunarinnar 91 þús. kr. og til norræna vatnafræðifélagsins vegna ráðstefnuhalds á Íslandi 100 þús. kr., en framlag til Norræna hússins lækkar um 70 þús. kr.

986 **Íþróttasjóður.** Framlög til sjóðsins hækka um samtals 15 068 þús. kr., þar af rekstrarstyrkir 1 550 þús. kr. og byggingarframlög 13 518 þús. kr. og verða þau samtals 67 450 þús. kr. Sundurliðun byggingarframlaganna er sem hér segir: Þriðja greiðsla af fjórum vegna íþróttamannvirkja, sem samþykkt voru á fjárlögum 1973 32 000 þús. kr., önnur greiðsla af fjórum samþ. 1974 20 000 þús. kr., fyrsta greiðsla af fjórum samþ. 1975 11 450 þús. kr. og til nýrra íþróttamannvirkja 4 000 þús. kr.

987 **Endurbætur á Viðeyjarstofu.** Hækkun á þessum lið er 325 þús. kr. og verður í heild 3 325 þús. kr.

988 **Æskulýðsmál.** Framlag til Æskulýðssambands Íslands, sem var 400 þús. kr. í fjárlögum 1975, er nú fært yfir á Æskulýðsráð ríkisins, og er ætlazt til að ráðið fjalli um ráðstöfun þessarar fjárveitingar.

989 **Ýmis íþróttamál.** Framlag hækkar um 265 þús. kr. og kemur þannig fram, að inn er tekin sérstök fjárveiting til KSÍ vegna þjálfaranámskeiðs en framlag til ÍSÍ, þ. e. hluti vindlingagjalds, lækkar um 35 þús. kr.

991 **Húsafriðunarsjóður.** Þetta er nýr liður á fjárlögum, og er fjárveiting 4 116 þús. kr. skv. nýjum lögum, en framlagið miðast við 20 kr. á hvern íbúa landsins, að frádregnum 5%.

999 **Ýmislegt.** Framlög á þessum lið hækka um 593 þús. kr., sem kemur þannig fram, að styrkur til Lögbergs-Heimskringlu hækkar um 810 þús. kr. og til Northern Scholars Committee um 20 þús. kr., en niður falla liðirnir heimsókn danskra kennara 200 þús. kr. og Blindrafélagið vegna rekstrar skóla 37 þús. kr.

03 Utanríkisráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Kostnaður við aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins hækkar um 23 712 þús. kr. Launaliður á yfirstjórn hækkar um 8 924 þús. kr., þar af ráðning fulltrúa 1 208 þús. kr., tilfærsla sendiherra á aðalskrifstofuna 1 684 þús. kr., og 6 032 þús. kr. eru eðlilegar launahækkanir. Annar rekstrarkostnaður á yfirstjórn hækkar um 9 387 þús. kr. vegna verðlagshækkana. Einstök viðfangsefni utan yfirstjórnar hækka sem hér segir: Kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum 3 162 þús. kr., til kjörræðismanna 183 þús. kr., til upplýsinga- og kynningarstarfsemi 1 760 þús. kr. og kostnaður vegna samninga við erlend ríki 296 þús. kr.

301—312 **Sendiráðin.** Kostnaður við sendiráðin hækkar um samtals 100 061 þús. kr. Launaliður hækkar um samtals 80 341 þús. kr., og er þá einungis gert ráð fyrir aukningu um ritara í Osló 1 110 þús. kr., en á móti fellur niður hálf staða sendifulltrúa í London 1 238 þús. kr. Aðrar orsakir hækkunar eru grunnkaupshækkanir í samræmi við kjarasamninga, gengisbreytingar, hækkanir á launum starfsfólks með hliðsjón af verðlagshækkunum í viðkomandi löndum og hækkun á húsaleigu íslenzks starfsfólks, sem innifalið er í launalið. Skipting hækkunar launaliðs er þannig í þús. kr.:

Nýráðningar	÷128
Grunnkaupshækkanir	5 903
Gengisbreytingar	54 137
Íslenskt starfsfólk v/vísitölu	14 509
Erl. starfsfólk	3 645
Húsaleiga	2 275
Samtals	80 341

Liðurinn önnur rekstrargjöld hækkar hjá sendiráðunum um 27 499 þús. kr., sem er eðlileg afleiðing gengisbreytinga og verðhækkana erlendis, viðhaldsliður hækkar um 5 753 þús. kr., einkum vegna gagngerðra endurbóta á sendiherrabústað í Washington, en gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 13 532 þús. kr., þar sem niður fellur framlag til viðgerða og viðbyggingar sendiráðsins í Bonn.

399 **Ýmis utanríkismál.** Framlag hækkar um 2 500 þús. kr. vegna aðstoðar við þróunarlöndin í samræmi við gerðar skuldbindingar.

401 **Alþjóðastofnanir.** Heildarhækkun á þessum lið nemur 35 489 þús. kr., og eru eftirfarandi liðir þar þyngstir á metunum: Tillag til Atlantshafsbandalagsins 5 048 þús. kr., til S.þ. 4 405 þús. kr., til Alþjóðaframfarastofnunarinnar (IDA) 4 095 þús. kr., til OECD 3 468 þús. kr., til þróunaraðstoðar S.þ. 3 255 þús. kr., til EFTA 2 866 þús. kr., til Evrópuráðsins 1 926 þús. kr. og til alþjóða hafrannsókna 1 855 þús. kr. Þá er tekinn inn einn nýr liður, alþjóðasamband um byggingaskipulag 40 þús. kr., og nettóhækkun á öðrum liðum nemur 8 531 þús. kr.

04 Landbúnaðarráðuneytið.

171 **Jarðeignir ríkisins.** Á þessum lið verður 6 265 þús. kr. hækkun, og verður framlagið í heild 23 560 þús. kr. Kostnaður við ábúendaskipti eykst um 4 165 þús. kr. og verður 8 730 þús. kr., vegna skuldar við jarðeignasjóð 2 000 þús. kr. og vegna ýmissa greiðslna, þ. á m. fasteignagjalda, 2 570 þús. kr. og verða þær samtals 4 500 þús. kr., en framlag til nýbygginga lækkar um 2 470 þús. kr. og verður 8 330 þús. kr.

206 **Rannsóknastofnun landbúnaðarins.** Hækkun kostnaðar við þessa stofnun verður 36 680 þús. kr., þar af vegna verðtryggingar fjárveitinga til landgræðsluáætlunar 4 389 þús. kr. Aðrar hækkanir, 32 291 þús. kr., eru af völdum kjarasamninga og verðlagshækkana.

231 **Skógrækt ríkisins.** Framlag hækkar um 25 785 þús. kr., þar af 10 247 þús. kr. vegna verðtryggingar fjárveitinga til landgræðsluáætlunar. Þá er gert ráð fyrir ráðningu sérfræðings að Mógilsá, 1 208 þús. kr., og skógarvarðar í hálft starf, 465 þús. kr. Enn fremur hækkar styrkur til Skógræktarfélags Íslands um 1 800 þús. kr. og til skóggræðslu einstaklinga um 440 þús. kr. Aðrar hækkanir, 11 625 þús. kr., stafa af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.

235 **Landgræðsla.** Liður þessi hækkar um 73 507 þús. kr., þar af 72 675 þús. kr. vegna þeirrar ákvörðunar að verðbæta fjárveitingar skv. landgræðsluáætlun. Aðrar hækkanir, 832 þús. kr., eru eðlilegar rekstrarkostnaðarhækkanir.

236 **Fóður- og fræframleiðsla í Gunnarsholti.** Framlag hækkar um 3 500 þús. kr. og verður 9 500 þús. kr. til greiðslu skulda.

241 **Landnám ríkisins.** Hækkun nemur 1 341 þús. kr., þar af 2 250 þús. kr. til byggingar íbúðarhúsa og 1 641 þús. kr. vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana, en 2 550 þús. kr. lækkun verður á öðrum viðfangsefnum vegna almennrar 5% lækkunar.

247 **Embætti yfirdýralæknis.** Á þessum lið verður 13 158 þús. kr. hækkun, þar af laun dýralæknis við holdanautastöð í Hrísey 1 208 þús. kr., kostnaður við starfsemi héraðsdýralækna 2 900 þús. kr., bygging dýralæknisbústaða 5 300 þús. kr. og aðrar rekstrarhækkanir nema samtals 3 750 þús. kr.

286 **Landbúnaður, framlög.** Þessi framlög hækka um samtals 423 873 þús. kr., þar af útflutningsuppbætur 174 000 þús. kr., stofnlánadeild landbúnaðarins 91 550 þús. kr., til búfjárræktar skv. lögum 16 455 þús. kr., Framleiðnisjóður landbúnaðarins 3 250 þús. kr., veðdeild Búnaðarbankans 1 400 þús. kr. og loks jarðræktarframlög 138 783 þús. kr. Aðrir liðir lækka um 1 565 þús. kr. Jarðræktarframlög úr ríkissjóði verða samtals 374 993 þús. kr. og skiptast þannig eftir viðfangsefnum í þús. kr.:

Vatnsveitur	67 500
Plógræsi	10 800
Önnur jarðrækt	130 500
Byggingarframkvæmdir	133 200
Héraðsráðunautar	32 993

Samkvæmt jarðræktarlögum (79/1972) greiðir ríkissjóður 50% kostnaðar við vatnsveitur og 75% kostnaðar við plógræsi. Framlög vegna annarrar jarðræktar og byggingarframkvæmda eru háð breytingum á visitölu framkvæmdakostnaðar skv. 12. gr. laganna. Framangreind áætlun er 38 000 þús. kr. lægri en tillögur landbúnaðarráðuneytisins, og er sú lækkun gerð á þeirri forsendu, að hafin verði endurskoðun jarðræktarlaga m. a. í þeim tilgangi að takmarka styrkhæfi við landbúnað sem aðalatvinnu og vissa bústærð.

299 **Ýmis starfsemi á sviði landbúnaðarmála.** Þessi liður lækkar um 484 þús. kr., sem skýrist þannig, að verðbætur á framlag skv. landgræðsluáætlun nema 4 516 þús. kr., framlag til holdanautastöðvar lækkar um 1 000 þús. kr., en framlög til búnaðarsambanda Norðurlands og Suðurlands til kaupa á heykögglaverksmiðjum, sem voru samtals 4 000 þús. kr. í fjárlögum 1975, falla niður.

501 **Bændaskólinn á Hvanneyri.** Kostnaður eykst um 7 382 þús. kr., þar af almennur rekstur 2 932 þús. kr. vegna launa- og verðlagshækkana og byggingarframlag 4 450 þús. kr. og verður í heild 33 950 þús. kr. Skipting þessa framkvæmdafjár er þannig, að 8 000 þús. kr. renna til að ljúka framkvæmdum frá 1975, 14 200 þús. kr. til að fullgera kjallara með kennsluaðstöðu og nemendavistum, 3 500 þús. kr. til að ljúka frágangi heimavistarhúss, sem þegar hefur verið í notkun og 8 250 þús. kr. til viðgerða á eldra húsi o. fl.

503 **Garðyrkjuskólinn á Reykjum.** Hækkun á þessum lið nemur 11 402 þús. kr., þar af eðlilegar hækkanir á rekstrarkostnaði 6 452 þús. kr., og byggingarframlag 4 950 þús. kr., sem verður í heild 10 450 þús. kr. Er þar um að ræða 4 000 þús. kr. til að ljúka framkvæmdum, sem verið hafa í gangi, 5 450 þús. kr. til að hefja framkvæmdir við heimavistarálmu og 1 000 þús. kr. til endurbóta á gróðurhúsum.

05 Sjávarútvegsráðuneytið.

202 **Hafrannsóknastofnun.** Framlag hækkar um 53 419 þús. kr. Gert er ráð fyrir að koma á fót útibúi frá stofnuninni á Ísafirði og kostnaður við það áætlaður 3 180 þús. kr., viðbótarkostnaður vegna leiguskips nemur 5 700 þús. kr., aukning á viðhaldi tveggja skipa vegna flokkunarviðgerðar 9 996 þús. kr., vegna tækjakaupa 4 101 þús. kr. og afgangur hækkunarinnar, 30 442 þús. kr., stafar af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.

203 **Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.** Hækkun á liðnum er 14 941 þús. kr., þar af kostnaður við að koma á fót útibúi á Neskaupstað 2 850 þús. kr., en annað eru verðlagshækkanir á rekstrarkostnaði.

274 **Aflatryggingasjóður.** Ríkissjóðsframlag á móti útflutningsgjaldi hækkar um 11 401 þús. kr. og verður í heild 113 691 þús. kr. Heildartekjur sjóðsins eru áætlaðar 1 144 916 þús. kr.

299 **Ýmislegt á sviði sjávarútvegs.** Á þessum lið verður 65 961 þús. kr. hækkun, sem kemur þannig fram á einstökum viðfangsefnum: Fiskveiðasjóður, mótframlag, 69 750 þús. kr. (miðað við gildandi lög, sem falla úr gildi um næstu áramót, að frádregnum 5%), athugun á notkun svartolíu í dísilskipum 2 350 þús. kr., norræn fiskimálaráðstefna hérlendis 1 425 þús. kr., veiðieftirlit 678 þús. kr., eftirlit með vinnslustöðvum 24 þús. kr., en niður fellur framlag til sjóvinnunámskeiða 2 936 þús. kr. og lækkun á öðrum liðum nemur samtals 5 330 þús. kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

207 **Bygging lögreglustöðvar í Reykjavík.** Hér er tekið inn framlag að fjárhæð 12 195 þús. kr., sem rennur til greiðslu skulda, sem stofnað hefur verið til af embættinu í sambandi við framkvæmdir við lögreglustöðvarhúsið.

212—237 **Embætti sýslumanna og bæjarfógeta.** Heildarkostnaður við embættin eykst um 192 814 þús. kr., eða 34,8%. Skiptist hækkunin þannig á útgjaldategundir, að laun hækka um 138 534 þús. kr. eða 32,8%, önnur rekstrargjöld um 42 617 þús. kr. eða 40,3%, viðhald um 3 510 þús. kr. eða 36,0% og gjaldfærður stofnkostnaður um 11 184 þús. kr. Eigin tekjur embættanna hækka um 3 031 þús. kr. Um launaliðinn er það að segja, að einungis er gert ráð fyrir aukningu um fulltrúa í hlutastarf í umboðsskrifstofu í Grindavík, en meginskýring hækkunarinnar, fyrir utan áhrif kjarasamninga, er aukning löggæzlukostnaðar, og er þá höfð hliðsjón af reikningstölum ársins 1974. Liðurinn önnur rekstrargjöld hækkar fyrst og fremst vegna löggæzlu, en löggæzlukostnaður virðist almennt hafa farið nokkuð úr böndum miðað við fjárlagaáætlun á undanförnum árum. Hækkun sú, sem hér um ræðir, er þó ekki í samræmi við tillögur, enda gert ráð fyrir sérstökum aðhaldsaðgerðum vegna rekstrarkostnaðar embættanna á næsta ári. Hækkun á öðrum gjaldaliðum skýrist að verulegu leyti af verðlagshækkunum, en stofnkostnaðaraukning á þó einkum rætur að rekja til fjárveitingar til að ljúka framkvæmdum við skrifstofubyggingu embættisins í Keflavík, 5 795 þús. kr., þannig að á öðrum stöðum kemur fram 3 069 þús. kr. nettólækkun á stofnkostnaði.

251 **Landhelgisgæzla.** Kostnaður við landhelgisgæzlu hækkar um 223 558 þús. kr. og verður samtals 863 433 þús. kr. Launaliður hækkar um 50 241 þús. kr., þar af vegna þriggja nýrra staða 7 024 þús. kr., þ. e. skipherra, stýrimaður og loftskeytamaður í fluggæzlu vegna fyrirhugaðrar aukningar á rekstri, og önnur hækkun, 43 217 þús. kr., er afleiðing kjarasamninga. Önnur rekstrargjöld hækka

um 122 974 þús. kr., eða 50,4%. Auk verðlagshækkana, koma hér til aukin umsvif í sambandi við útfærslu landhelginnar. Viðhaldsliður hækkar um 40 330 þús. kr., eða 58,8%, þar af 25 583 þús. kr. vegna fluggæzlu, en tvær flugvélar munu fara í meiri háttar reglubundna skoðun á árinu, viðhald skipa 14 028 þús. kr. og viðhald tækja í landi 719 þús. kr. Stofnkostnaður eykst um 13 320 þús. kr. vegna ýmissa tækjakaupa, en framlag til landhelgissjóðs lækkar um 3 307 þús. kr. Á þessu stigi er gert ráð fyrir, að einungis lánaendurgreiðslur vegna Ægis falli á sjóðinn, en önnur lán endurgreiðist beint úr ríkissjóði. Er þetta mál í nánari athugun.

252 **Bifreiðaeftirlit.** Kostnaður við bifreiðaeftirlitið hækkar um 18 908 þús. kr., þar af rekstur 7 996 þús. kr. vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana, og stofnkostnaðar 10 912 þús. kr. Stofnkostnaður verður í heild 19 012 þús. kr., þar af tækjakaup 6 912 þús. kr., skoðunarstöð í Reykjavík 11 000 þús. kr. og innréttingar skoðunarstöðvar á Blönduósi 1 100 þús. kr.

254 **Sjómælingar og sjókortagerð.** Framlag hækkar um 5 355 þús. kr., sem er nokkru hærra hlutfallslega en nemur meðaltalshækkun hjá ríkisstofnunum, og er skýringin fólgin í aukinni sjókortagerð í tengslum við útfærslu landhelginnar.

301 **Þjóðkirkjan.** Kostnaðarauki vegna þjóðkirkjunnar er 58 948 þús. kr. Launaliður hækkar um 36 501 þús. kr., þar af 1 208 þús. kr. vegna nýs prests í Njarðvík og 35 293 þús. kr. vegna kjarasamninganna. Framlag til bygginga á prestsetrum hækkar um 4 250 þús. kr., til útihúsa á prestsetrum um 425 þús. kr., til Hallgrímskirkju um 750 þús. kr., til Hóla í Hjaltadal um 1 200 þús. kr., til viðhalds embættisbústaða 3 016 þús. kr., til norræns biskupafundar hérlendis 238 þús. kr., og aðrar hækkanir, fyrst og fremst vegna verðlagshækkana, nema 12 568 þús. kr.

371 **Kirkjubyggingasjóður.** Framlag hækkar um 1 500 þús. kr. og verður alls 9 500 þús. kr.

07 Félagsmálaráðuneytið.

271 **Húsnæðismálastofnun ríkisins.** Hækkun nemur alls 411 830 þús. kr., þ. e. hluti byggingarsjóðs ríkisins í launaskatti 387 000 þús. kr., byggingarsjóðsgjöld af tekju- og eignarskatti og aðflutningsgjöldum 28 280 þús. kr. Framlag vegna heilsuspillandi húsnæðis lækkar um 900 þús. kr. eða 5%, og niður fellur sérstakt framlag vegna launa húsnæðismálastjórnar og framkvæmdastjóra, 2 550 þús. kr. Er þá miðað við, að lögum verði breytt á þann veg, að kostnaður þessi greiðist af tekjum byggingarsjóðs.

272 **Byggingarsjóður verkamanna.** Framlag lækkar um 55 000 þús. kr., og er skýringin sú, að út er runninn fjögurra ára greiðslusamningur byggingarsjóðsins og Reykjavíkurborgar, en á þessu stigi liggja ekki fyrir upplýsingar um framhald málsins. Auk þess kemur til 5% lækkun skv. væntanlegri löggjöf.

371 **Lánasjóður sveitarfélaga.** Framlag hækkar um 7 250 þús. kr. og verður 52 250 þús. kr., eða 2½% af áætluðum tekjum jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að frádregnum 5%.

399 **Sveitarfélög, framlög.** Hækkun nemur 625 þús. kr., sem skýrist þannig, að áætlaður kostnaður við heimilishjálp skv. lögum hækkar um 5 200 þús. kr. og við vinnumiðlun um 1 300 þús. kr., en framlög til vatnsveitna lækka um 5 875 þús. kr. og verða í heild 26 125 þús. kr. Er þá gert ráð fyrir, að 7 125 þús. kr. renni til Vestmannaeyja.

981 **Vinnumál.** Á þessum lið kemur fram 5 182 þús. kr. hækkun, þar af stuðningur við hagræðingarstarfsemi og hagfræðilegar rannsóknir aðila vinnumarkaðarins, 1 698 þús. kr., ríkisábyrgð vegna gjaldþrota 1 193 þús. kr., orlofsheimili verkalýðsfélaga 1 000 þús. kr., sáttanefndir í vinnudeilum 943 þús. kr., félagsdómur 592 þús. kr., en aðrir liðir lækka um samtals 244 þús. kr.

999 **Ýmis framlög.** Þessi framlög hækka um samtals 14 960 þús. kr., og skiptist hækkunin þannig, að 13 160 þús. kr. eru vegna meðlaga, 1 765 þús. kr. vegna tilkynningarskyldu á vegum SVFÍ og 285 þús. kr. vegna ráðstefnuhalds á vegum Sjálfsbjargar, en niður fellur 250 þús. kr. fjárveiting vegna ráðstefnuhalds félagsráðgjafa.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Kostnaður eykst um 8 953 þús. kr., þar af 751 þús. kr. vegna ráðningar ritara, sem staðsettur verður í nýju leiguhúsnæði lyfjamáladeildar, embættis skólayfirlæknis og nokkurra nefnda á vegum ráðuneytisins. Að öðru leyti er um að ræða eðlilegar launa- og verðlagshækkanir.

271 **Tryggingastofnun ríkisins.** Framlög á þessum lið renna til slysatrygginga, lífeyristrygginga og sjúkratrygginga. Samtals nemur hækkun þessara framlaga 3 200 960 þús. kr., þ. e. 5 200 960 þús. kr. miðað við óbreytt lög og reglur að frádregnum 2 000 000 þús. kr. vegna fyrirhugaðra kerfisbreytinga, sem nú er að unnið og gerð er grein fyrir framar í þessum athugasemdum. Af heildarhækkuninni koma 2 609 260 þús. kr. á ríkissjóð og 591 700 þús. kr. á atvinnurekendur, þ. e. iðgjöld vegna slysatrygginga 73 500 þús. kr. og vegna lífeyristrygginga 518 200 þús. kr. Er þessi skipting heildarframlags sýnd á eftirfarandi yfirliti ásamt samanburði við fjárlög 1975 í þús. kr.:

Almannatryggingar 1975 og 1976.

	Fjárlög 1975	Frumvarp 1976	Hækkun
Slysatryggingar	479 000	552 500	73 500
Lífeyristryggingar	6 967 100	9 446 000	2 478 900
(Þar af atvinnurekendur)	(803 800)	(1 322 000)	(518 200)
Sjúkratryggingar	6 543 440	9 192 000	2 648 560
	13 989 540	19 190 500	5 200 960
Frá dregst ráðgerð lækkun		2 000 000	2 000 000
Samtals	13 989 540	17 190 500	3 200 960
Þar af hluti atvinnurek.	1 282 800	1 874 500	591 700
Hluti ríkissjóðs	12 706 740	15 316 000	2 609 260

Við þennan samanburð ber þess að gæta, að með lögum nr. 11/1975 voru fjölskyldubætur sameinaðar tekjuskattskerfinu og koma þar af leiðandi ekki fram í útgjaldaáætlun lífeyristrygginga árið 1976. Fjölskyldubótagreiðslur lífeyristrygginga voru í fjárlögum 1975 áætlaðar 870 000 þús. kr., og er heildarhækkun annarra bóta því þessari fjárhæð hærri en tölurnar hér að framan gefa til kynna.

Frá samþykkt fjárlaga 1975 hafa verið gerðar ráðstafanir, sem leitt hafa til aukinna útgjalda almannatrygginganna, eða sem hér segir. Í apríl voru lífeyristryggingar hækkaðar um 9% og tekjutrygging elli- og örorkuþega að

meðaltali um 40%. Jafnframt voru fjölskyldubætur felldar inn í tekjuskattskerfið. Aftur voru almennar lífeyrisbætur hækkaðar um 11% í júlí og tekjutryggingarviðmiðun einnig um 11% frá sama tíma. Daggjöld á sjúkrahúsum, og þar með framlög til sjúkratrygginganna, hafa verið hækkuð tvisvar frá samþykkt fjárlaga, eða um 7,4% að meðaltali frá 1. maí og um 6,5% frá 1. júlí auk halladaggjalda. Á eftirfarandi yfirliti er sýnd áætlun um helstu liði lífeyristrygginganna árið 1976 ásamt samanburði við fjárlög 1975 miðað við gildandi lög og reglur, en ekki er á þessu stigi vitað, hvernig ráðgerð lækkun framlaga til almannatrygginga skiptist á lífeyristryggingar og sjúkratryggingar og á einstaka liði innan hvors flokks.

Lífeyristryggingar 1975 og 1976.
(í millj. kr.)

	Fjárlög 1975	Frumvarp 1976	Hækkun
Ellilífeyrir	3 764	5 934	2 170
Örorkulífeyrir	953	1 480	527
Örorkustyrkur	244	336	92
Barnalífeyrir	335	457	122
Mæðralaun	217	361	144
Fæðingarstyrkur	147	247	100
Ekkjubætur og lífeyrir	215	306	91
Fjölskyldubætur	870	—	÷870
Bætur samtals	6 745	9 121	2 376
Kostnaður	90	140	50
Til varasjóðs	132	185	53
Gjöld samtals	6 967	9 446	2 479
Þar af hluti ríkissjóðs	6 163	8 124	1 961
Hluti atvinnurekenda	804	1 322	518

Framlag ríkissjóðs til sjúkratrygginga hækkar samkvæmt gildandi lögum og reglum um 2 648 560 þús. kr. Miðast það framlag við daggjald það, sem ákveðið var í júlí sl. og þá aukningu legurýmis, sem um var vitað á þeim tíma. Eftirfarandi yfirlit sýnir helztu þætti sjúkratrygginganna samkvæmt áætlun fyrir árið 1976 að óbreyttum lögum og reglum og samkvæmt fjárlögum 1975 til samanburðar.

Sjúkratryggingar 1975 og 1976.
(í millj. kr.)

	Fjárlög 1975	Frumvarp 1976	Hækkun
Vistgjöld á sjúkrahúsum og hælum	5 710	6 850	1 140
Læknishjálp	428	1 081	653
Lyf	562	1 100	538
Dagpeningar	352	345	÷7
Ýmis sjúkrakostnaður	424	764	340
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	153	138	÷15
Til varasjóðs	36	51	15
Samtals	7 665	10 329	2 664
Útgjaldahluti	7 108	9 565	2 457
Framlag ríkissjóðs á árinu	6 543	9 192	2 649

Áætlunin fyrir árið 1976 sýnir hlutfallslega mjög mikla aukningu á kostnaðarliðum öðrum en vistgjöldum á sjúkrahúsum og hælum, og er þar m. a. stuðzt við reikninga ársins 1974. Einkum er hækkunin hlutfallslega mikil á liðunum læknishjálp vegna kjarasamninga við lækna, lyf vegna gengisbreytinga og mikillar verðhækkunar erlendis að undanförnu og ýmiss sjúkrakostnaðar, en þar er meðtalinn tannlækningakostnaður skv. nýlegum lögum, sem hér er áætlaður 180 m.kr. á árinu. Gert er ráð fyrir, að viss hluti af útgjöldum, sem til er stofnað á árinu, komi ekki til greiðslu á sama ári.

273 **Framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs.** Á liðnum verður 71 000 þús. kr. hækkun, sem skýrist þannig, að atvinnuleysistryggingasjóðsiðgjald atvinnurekenda hækkar um 34 000 þús. kr. og framlag ríkissjóðs um 37 000 þús. kr. Er þá miðað við, að lögbundið ríkisframlag lækki um 5% heildarframlagsins.

323 **Tryggingaeftirlit.** Hér er um nýjan lið að ræða á fjárlögum. Heildarkostnaður er áætlaður 7 572 þús. kr., en skv. lögum (26/1973) greiðist allur kostnaður við eftirlitið af vátryggingafélögum.

371—375 **Ríkisspítalar.** Rekstrargjöld ríkisspítalanna eru, sem kunnugt er, borin uppi af daggjöldum, og kemur ríkishlutinn fram sem framlag til sjúkratrygginga. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir neinni starfsliðsaukningu á ríkisspítölum. Framlög á þessum fjárlagaliðum eru til byggingarframkvæmda. Hækka þau um samtals 52 000 þús. kr. og verða í heild 339 000 þús. kr. Skipting á einstök sjúkrahús er þannig í þús. kr.:

Landspítalinn	246 000
Fæðingardeild	72 000
Vífilsstaðir	11 000
Kristneshæli	10 000
	339 000

Á Landspítala verður 78 000 þús. kr. varið til áframhalds byggingar geðdeildar, 53 000 þús. kr. til að ljúka byggingu rannsóknastofa, 46 000 þús. kr. til greiðslna vegna röntgentækjakaupa, 40 000 þús. kr. til greiðslu búnaðar í Hátúnsdeild, 20 000 þús. kr. til kaupa á nýrri símamiðstöð og 9 000 þús. kr. vegna stjórnar, eftirlits o. fl. Auk þessa er áætlað að verja 140 000 þús. kr. af framkvæmdafé háskólans til mannvirkjagerðar á Landspítalalóð, þannig að til ráðstöfunar þar verða samtals 386 000 þús. kr. Til að ljúka nýbyggingu fæðingardeildar eru ætlaðar 72 000 þús. kr. og til húsnæðis fyrir barnaheimili við Vífilsstaðaspítala 10 000 þús. kr. til viðbótar sömu fjárhæð á fjárlögum 1975. Loks eru áætlaðar 11 000 þús. kr. til byggingar lyftuhúss og kaupa á lyftu á Kristneshæli.

381 **Til sjúkrahúsa, heilsugæzlustöðva, elliheimila og læknisbústaða.** Þessi framlög hækka um samtals 197 664 þús. kr., þar af styrkur til rekstrar heilsuverndarstöðva 9 839 þús. kr. og til byggingarframkvæmda 187 825 þús. kr. Að því er varðar skiptingu hækkunar til byggingarframkvæmda hækka framlög til læknisbústaða um 12 235 þús. kr., til elliheimila um 12 525 þús. kr. og til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva um 163 065 þús. kr. Sundurliðaður listi, er sýnir framlög til einstakra framkvæmda, verður lagður fyrir fjárveitinganefnd, og enn fremur er unnið að áætlun um framkvæmdir næstu fjögurra ára í fjárlaga- og hagsýslustofnun. Framlög til sjúkrahúsa og heilsugæzlustöðva miðast við það, að ekki verði teknar á fjárlög fjárveitingar til nýrra framkvæmda á árinu 1976.

391 **Héraðslæknar og heilsugæzlustöðvar.** Kostnaður eykst um 24 970 þús. kr., þar af fjölgun um þrjár sérlærðar hjúkrunarkonur 3 054 þús. kr., en aðrar hækkanir eru afleiðing kjarasamninga og verðlagshækkana.

399 **Ýmis heilbrigðismál.** Heildarhækkun á liðnum er 27 756 þús. kr., og eru þessar hækkanir helztar: Námskeið heilbrigðisstétta 10 687 þús. kr., matvælarannsóknir 3 125 þús. kr., ljósmæðralaun 2 100 þús. kr., lyfjaeftirlit 1 947 þús. kr., kostnaður vegna laga um fóstureyðingar o. fl. 2 015 þús. kr., Minningarsjóður Landspítalans (markaður tekjustofn) 2 000 þús. kr., námsferðir héraðslækna 1 098 þús. kr., blóðrannsóknir ungbarna 978 þús. kr., lyfjaskrárnefnd 925 þús. kr. og aðrir liðir samtals 3 181 þús. kr., en niður fellur fjárveiting vegna ráðstefnuhalds háls-, nef- og eyrnalækna 300 þús. kr.

471 **Gæzluvistarsjóður.** Framlag hækkar um 25 200 þús. kr. og verður 54 900 þús. kr. Af því fara 1 700 þús. kr. til að styrkja Vernd og Bláabandið og 53 200 þús. kr. til framkvæmda, en það er 25 200 þús. kr. hækkun. Skipting framkvæmdafjárins er þannig, að 34 000 þús. kr. renna til að ljúka byggingu drykkjumannahælis á Vífilsstöðum, 11 400 þús. kr. til byggingar vinnuskála í Gunnarsholti og 7 800 þús. kr. til nýbyggingar að Víðinesi.

09 Fjármálaráðuneytið.

103 **Ríkisbókhald.** Kostnaður við ríkisbókhald eykst mjög verulega, eða um 23 170 þús. kr., og eru á því tvær meginskýringar. Annars vegar hefur starfsemin aukist mjög mikið við það að yfirtaka bókhald ýmissa ríkisstofnana, og hafa bætzt við um 140 fyrirtæki á síðustu árum, og hins vegar hefur reynslan leitt í ljós verulega vanáætlun, ekki sízt vegna kostnaðar við skýrsluvélaþjónustu. Gert er ráð fyrir ráðningu fjögurra nýrra starfsmanna, þ. e. fulltrúa, skrifstofumanns og tveggja götunarstúlkna, og er kostnaður samtals 3 308 þús. kr., en verðlagshækkanir, aukin starfsemi og vanáætlun í fjárlögum 1975 skýrir afgang hækkunarinnar.

104 **Ríkisféhirzla.** Kostnaður eykst um 1 637 þús. kr., þar af ráðning skrifstofumanns 812 þús. kr., og 825 þús. kr. stafa af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.

201—212 **Embætti ríkisskattstjóra og skattstofur.** Heildarkostnaður hækkar um 64 656 þús. kr. Launaliður hækkar um 50 250 þús. kr., þar af ráðning ritara á Akranesi 783 þús. kr., fulltrúa í Vestmannaeyjum 1 018 þús. kr., afgreiðslustjóra í Hafnarfirði 871 þús. kr. og þriggja skattendurskoðenda við sama embætti, samtals 2 685 þús. kr. Aðrar launahækkanir, 44 893 þús. kr., eru afleiðing kjarasamninga. Aðrir rekstrarliðir hækka um samtals 14 406 þús. kr., eða 23,8%, sem er vel innan marka verðlagshækkana.

481 **Útgjöld skv. sérstökum lögum og heimildarlögum.** Kostnaður á þessum lið er áætlaður 116 750 þús. kr. lægri en í fjárlögum 1975 með tilliti til þeirrar aðhaldsstefnu í útgjaldaákvörðunum, sem stefnt er að með fjárlagafrumvarpinu.

971 **Ríkisábyrgðasjóður.** Framlag hækkar um 478 600 þús. kr., og eru þá teknar inn lánagreiðslur vegna togara, samtals 528 600 þús. kr., sem skiptist þannig, að 435 600 þús. kr. eru vegna 13 togara af stærri gerð og 93 000 þús. kr. vegna annarra togara. Aðrar greiðslur til sjóðsins eru 50 000 þús. kr. lægri en í fjárlögum 1975.

981 **Skrifstofubygging við Grensásveg.** Framlag er óbreytt frá fjárlögum 1975, þ. e. 40 000 þús. kr. Fjárveiting ársins 1975 var skorin niður að fullu það ár skv. efnahagsmálalögunum, þannig að fé verður ekki til ráðstöfunar á því ári. Í

athugasemdum við fjárlagafrumvarp 1975 var þess getið, að ætlunin væri að tilteknar eftirlitsstofnanir flyttust í þetta húsnæði, en nú hefur verið horfið frá því ráði og ákveðið, að Orkustofnun flytji starfsemi sína þangað. Framkvæmdatími er áætlaður 3 ár og kostnaðaráætlun um 160 000 þús. kr. miðað við verðlag í september.

999 **Ýmislegt.** Framlög á þessum lið lækka um samtals 10 554 þús. kr. nettó, og kemur sú lækkun þannig fram: Framlag vegna yfirtöku lána frá Laxárvirkjun hækkar um 18 000 þús. kr., til lífeyrissjóðs verkalýðsfélaga 11 400 þús. kr., til orlofsheimila BSRB 6 000 þús. kr., kostnaður við kjarasamninga 2 500 þús. kr., dómkröfur og málskostnaður 1 620 þús. kr., orlofsheimili BHM 1 000 þús. kr., og nýir liðir eru skýrsluvélakostnaður vegna launagreiðslna 36 700 þús. kr. (fært af launadeild), tryggingabætur skv. kjarasamningum 5 700 þús. kr. og álestur ökumæla 890 þús. kr. Á hinn bóginn lækka framlög til kaupa á dagblöðum um 4 450 þús. kr., lífeyrissjóður bænda um 700 þús. kr., óviss útgjöld um 500 þús. kr. og símakostnaður og burðargjöld stjórnarráðsins um 1 214 þús. kr., og niður falla liðirnir áætlað framlag til togaralána 86 500 þús. kr. og kostnaður við próf löggiltra endurskoðenda 1 000 þús. kr., en sú starfsemi verður á vegum háskólans.

10 Samgönguráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Kostnaður eykst um 3 279 þús. kr., þar af staða fulltrúa 1 208 þús. kr., en að öðru leyti er um að ræða eðlilegar launa- og verðlagshækkanir.

211 **Vegagerð.** Útgjöld vegna vegagerðar eru áætluð samtals 3 939 558 þús. kr., og er það 396 939 þús. kr. hærra en í fjárlögum 1975. Áætlun þessi er í samræmi við þingsályktun Alþingis frá 16. maí 1975 um vegáætlun áranna 1974—1977 að öðru leyti en því, að ríkissjóðsframlag er lækkað sem nemur 5% heildarútgjalda annarra en launa. Fjár til að standa undir þessum útgjöldum er ætlað að afla sem hér segir í þús. kr.:

	Frumvarp 1976	Hækkun frá fjárl. 1975
Innflutningsgjald af benzíni, nettó	1 934 000	192 000
Þungaskattur	537 000	125 000
Gúmmígjald	99 000	3 000
Fastir tekjustofnar samtals	2 570 000	320 000
Framlag ríkissjóðs	325 000	+55 000
Framlag ríkissjóðs til að halda uppi byggð og gistiaðstöðu fyrir ferðamenn	3 088	+1 912
Lántökur	1 050 000	137 000
	3 948 088	400 088
Frá dregst: endurgr. vélakaupaláns	8 530	3 149
Til ráðstöfunar	3 939 558	396 939

Auk framangreinds beins ríkissjóðsframlags greiðir ríkissjóður 360 307 þús. kr. af lánum vegna vegagerðar, en það er 140 830 þús. kr. hærra en í fjárlögum 1975.

321 **Strandferðir, framlög.** Liðurinn hækkar um 50 461 þús. kr., þ. e. 54 015 þús. kr. vegna aukins halla á rekstri Skipaútgerðar ríkisins, en þó er gert ráð fyrir 40% hækkun á far- og farmgjöldum frá upphafi næsta árs, en framlag til flóabáta og vöruflutninga lækkar um 3 554 þús. kr., eða 5%.

333 **Hafnamál.** Framlög til hafnamála hækka um samtals 187 611 þús. kr. Hækkunin skýrist þannig, að framlög til hafnarframkvæmda og lendingarbóta hækka um 99 990 þús. kr. og verða samtals 684 600 þús. kr., til hafnabótasjóðs 11 960 þús. kr., til landshafna vegna endurgreiðslu lána 51 505 þús. kr. og til framkvæmda við landshöfnina í Þorlákshöfn 25 000 þús. kr. og verður í heild 375 000 þús. kr., en þar af verða 225 000 þús. kr. fjármagnaðar með lántöku hjá Alþjóðabankanum í Washington, og 150 000 þús. kr. með beinu ríkissjóðsframlagi. Kostnaður við hafnarrannsóknir og mælingar lækkar um 169 þús. kr., ferjubryggjur um 500 þús. kr. og sjóvarnargarðar um 175 þús. kr.

471 **Flugmálastjórn.** Framlag til flugmála hækkar í heild um 130 404 þús. kr., þar af vegna almenns rekstrar 82 035 þús. kr. af völdum kjarasamninga og verðlagshækkana, 50 000 þús. kr. vegna framkvæmda, en afborganir af lánum lækka um 1 631 þús. kr. Til framkvæmda verður því varið 252 000 þús. kr., sem skiptist þannig í þús. kr.:

Reykjavík til malbikunar og ljósabúnaðar	35 000
Akureyri til fjarlægðarmælitækis á Vaðlaheiði og flugvélastæða	30 000
Egilsstaðir til fjarlægðarmælitækis og fjölstefnuvita	40 000
Ísafjörður til malbikunar og vararafstöðvar	32 000
Sauðárkrókur til ýmissa tækja	40 000
Grímsey til viðgerðar á flugbraut	10 000
Til annarra flugvalla og tækjakaupa	47 000
Sjúkraflugvellir	18 000
	252 000

651 **Ferðamál.** Á liðnum kemur fram 3 933 þús. kr. lækkun, sem skýrist þannig, að framlag til Ferðamálasjóðs hækkar um 1 150 þús. kr., til Ferðamálaráðs um 207 þús. kr. og til að bæta hreinlætisaðstöðu á ferðamannastöðum um 800 þús. kr., en framlög til að bæta aðstöðu við Gullfoss lækkar um 3 100 þús. kr. og til ferðamálakönnunar um 2 990 þús. kr.

652 **Veðurstofan.** Framlag hækkar um 30 626 þús. kr., þar af ráðning húsvarðar 842 þús. kr., tækjakaup 4 723 þús. kr. vegna áhrifa gengisbreytinga á samningsbundin kaup, en afgangur hækkunarinnar, 25 061 þús. kr., stafar af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.

11 Iðnaðarráðuneytið.

201 **Iðnþróunarstofnun Íslands.** Kostnaður við þessa stofnun hækkar um 5 943 þús. kr., þar af 943 þús. kr. vegna kjarasamninga og verðlagshækkana og 5 000 þús. kr. vegna yfirtöku á framkvæmd ýmissa tillagna iðnþróunarnefndar, en sú nefnd verður lögð niður.

233 **Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.** Framlag hækkar um 5 310 þús. kr. og verður í heild 47 310 þús. kr. Er það lokafjárveiting.

235 **Fyrirtæki og stofnanir, framlög.** Heildarhækkun á þessum lið er 264 495 þús. kr., sem kemur þannig fram, að framlag til útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins hækkar um 745 þús. kr., eiginfjárframlag til járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, sem er nýr liður, verður 285 000 þús. kr., en framlag til þangverksmiðju á

Reykhólum lækkar um 20 000 þús. kr. og verður 80 000 þús. kr. Tvö síðartöldu framlögin verða fjármögnuð með lántökum. Skipting framlags til þangverksmiðju er þannig, að til hafnargerðar renna 50 000 þús. kr. að meðtalinni endurgreiðslu á bráðabirgðalántöku 1975, eiginfjárframlag er 15 000 þús. kr. og til frekari jarðborana eru ætlaðar 15 000 þús. kr. Loks lækkar framlag til Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins um 1 250 þús. kr., eða 5%.

299 **Iðja og iðnaður, framlög.** Hækkun er samtals 22 963 þús. kr., og kemur hún þannig fram: Framlag til gosefnarannsókna hækkar um 20 030 þús. kr., mótframlag vegna tækniaðstoðar S. þ. 5 053 þús. kr., til eflingar iðnþróunar og tækninýjunga í iðnaði 2 000 þús. kr., norræni iðnaðarsjóðurinn 1 050 þús. kr., og niður fellur kostnaður við stjórn iðnþróunaráætlunar, 4 500 þús. kr. Aðrir liðir lækka um 670 þús. kr.

301 **Orkustofnun.** Kostnaður eykst um 82 916 þús. kr. og er þá gert ráð fyrir svipuðu umfangi venjubundins rekstrar og 1975. Eins og fram kemur framar í þessum athugasemdum, er enn óráðið, hvernig lánsfjármagni til orkumála verður skipt á einstök verkefni, og gæti sú skipting, sem gerð verður í meðförum þingsins, haft áhrif á verkefni Orkustofnunar.

311 **Landsvirkjun, eiginfjárframlag.** Þetta framlag lækkar um 9 750 þús. kr. og verður 52 250 þús. kr. Er þetta síðasta greiðsla skv. samkomulagi eignaraðila með hliðsjón af framkvæmdum við Sigöldu.

332 **Jarðvarmaveitur ríkisins.** Hér er um að ræða 14 250 þús. kr. framlag til nauðsynlegra endurbóta á mannvirkjum fyrir afhendingu á vatni frá varmaveitu í Bjarnarflagi handa byggðahverfum við Reykjahlíð og Voga skv. samningi um jarðhitaréttindi milli ríkissjóðs og eigenda framangreindra jarða. Hafa komið fram gallar á mannvirkjum, sem bæta þarf úr, til þess að staðið verði við samninginn um afhendingu vatns.

371 **Orkusjóður.** Á liðnum kemur fram 105 350 þús. kr. hækkun, sem skýrist þannig, að verðjöfnunargjald hækkar um 275 000 þús. kr. en út af liðnum eru færð framlög til sveitarafvæðingar, lánagreiðslna og lána til jarðhitaleitar, sem voru samtals 169 650 þús. kr. í fjárlögum 1975. Er við það miðað, að málefni orkusjóðs verði tekin sérstaklega til meðferðar á þinginu í sambandi við væntanlega ráðstöfun á því fjármagni, sem fást mun af þeim hluta sölugjalds, er rennur til orkumála. Er eðlilegt, að á þessi mál sé litið í samhengi við ráðstöfun fyrirhugaðs lánsfjár til orkumála, sem ætlunin er að skipt verði á einstök viðfangsefni, áður en fjárlög verða afgreidd.

12 Viðskiptaráðuneytið.

201 **Niðurgreiðslur á vöruverði.** Eins og fram kemur á meðfylgjandi yfirliti verður fjárveiting á þessum lið 4 268 000 þús. kr., og er það 510 000 þús. kr. hækkun frá fjárlagatölu 1975. Hækkunin skiptist þannig, að inn er tekin niðurgreiðsla á áburðarverði 150 000 þús. kr., sem eru eftirstöðvar af þeirri fjárhæð, sem ríkisstjórnin ákvað að verja í þessu skyni, en gert er ráð fyrir, að 600 000 þús. kr. verði varið til niðurgreiðslu áburðarverðs á árinu 1975. Þá hækkar framlag í lífeyrissjóð bænda um 46 000 þús. kr., og afgangur hækkunarinnar, 314 000 þús. kr., er ráðgerð hækkun á eiginlegum niðurgreiðslum á vöruverði frá fjárlagatölu 1975. Þar hafði verið ráðgerð lækkun niðurgreiðslna um 350 000 þús. kr. frá 1. júní 1975, en sama fjárhæð þó sett til hliðar á sérstakan fjárlagalið. Sem kunnugt er varð ekki af ráðgerðri lækkun 1. júní, og sé litið á fjárlagatölu 1975 að viðbættri framangreindri fjárhæð, sem sett var til hliðar, nemur ráðgerð lækkun niðurgreiðslna 36 000 þús. kr. Miðað við það stig niður-

greiðslna, sem gilti eftir lækkun þá, sem ákveðin var 13. júní sl., yrðu áætlaðar niðurgreiðslur á árinu 1976 samtals 5 363 000 þús. kr. Eins og fram kemur framar í þessum athugasemdum, er hins vegar ráðgert að lækka niðurgreiðslur, sem nemur 1 425 000 þús. kr. á árinu 1976, eða um rösklega fjórðung. Eftir slíka lækkun yrðu niðurgreiðslur á árinu 1976 samtals 3 938 000 þús. kr., eins og fram kemur á eftirfarandi yfirliti.

Vörutegund	Áætlað sölumagn	Niðurgreiðsla kr. pr. einingu	Ársútgjöld millj. kr.
Dilkakjöt	900 tonn	195,01	1 755
Ærkjöt	1 400 —	104,26	146
Geymslukostn. kjöts	—	—	250
Mjólk frá mjólkurbúum	50 millj. l	39,10	1 955
Heimamjólk	1 —	30,37	30
Rjómi	1,3 —	61,50	80
Mjólkurumbúðir	—	—	105
Smjör	1 650 tonn	490,00	809
Ostur 45%	650 —	85,00	55
Ostur 30%	550 —	43,00	24
Kartöflur	11 000 —	12,80	141
Geymslukostn. kartaflna	—	—	13
			5 363
Ráðgerð lækkun			1 425
			3 938
Niðurgreiðsla á áburði			150
Greiðsla í lífeyrissjóð bænda			180
			4 268

902 **Verðlagsskrifstofan.** Kostnaður eykst um 14 959 þús. kr., þar af gjaldfærður stofnkostnaður 4 500 þús. kr. vegna endurbóta á húsnæði, en að öðru leyti er um að ræða áhrif kjarasamninga og verðlagshækkanir.

14 Ríkisendurskoðun.

101 **Aðalskrifstofa.** Gert er ráð fyrir ráðningu fulltrúa 1 048 þús. kr., en eðlilegar launa- og verðlagshækkanir nema 17 902 þús. kr., og hækkar kostnaður því um samtals 18 950 þús. kr.

15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

101 **Aðalskrifstofa.** Launa- og verðlagshækkanir nema 3 509 þús. kr. og ráðning fulltrúa vegna verkefna á sviði langtímaáætlana 1 208 þús. kr., eða samtals 4 717 þús. kr.

181 **Ríkisbifreiðar, framlag.** Liðurinn hækkar um 600 þús. kr. og verður 7 600 þús. kr. m. t. t. gengisbreytinga og annarra verðhækkana.

191 **Ýmis lán ríkissjóðs.** Hér er um að ræða vaxtagreiðslur af lánum ríkissjóðs og hækka þær um 457 919 þús. kr. Skýrist hækkunin í stórum dráttum þannig, að 400 333 þús. kr. eru vextir af nýjum lánum, 63 619 þús. kr. stafa af vísitölubótum, en lækkun vaxtagreiðslna af eldri lánum að teknu tilliti til áhrifa gengisbreytinga er 6 033 þús. kr.

Skrá yfir stofnanir, sjóði og viðfangsefni í stafrófsröð.

A-HLUTI

1 07	999	01	Aðstoð við blinda
1 03	399	01	Aðstoð við þróunarlöndin
1 02	761	12	Afbrigðileg börn, kennsla
1 05	274		Aflatryggingasjóður
1 06	253		Almannavarnir
1 02	981		Almenningsbókasöfn
1 00	201		Alþingi
1 03	101	03	Alþjóðaráðstefnur, þátttaka
1 06	301	04	Alþjóðasamvinna, þjóðkirkjan
1 02	999	22	Alþjóðaskákmót, styrkur
1 03	401		Alþjóðastofnanir
1 07	981	07	Alþýðusamb. Ísl., vegna Menningar- og fræðslusambands alþýðu
1 07	981	08	Alþýðusamband Íslands, vegna alþýðuorlofs
1 02	605		Alþýðuskólinn á Eiðum
1 02	999	47	American Field Service
1 02	999	79	Arnarstofninn, vernd
1 05	299	13	Athugun á notkun svartolíu í dísilskipum
1 08	273		Atvinnuleysistryggingasjóður, framlag
1 06	301	34	Auðkúlukirkja
1 06	284		Áfengis- og fíkniefnamál
1 08	481	02	Áfengisvarnir
1 06	301	06	Álag vegna afhendingar kirkna
1 09	999	08	Álestur ökumæla
1 05	202	13	Árni Friðriksson, R/S RE 100
1 02	988	07	Bandalag íslenskra farfugla
1 02	982	06	Bandalag íslenskra leikfélaga
1 02	982	20	Bandalag íslenskra listamanna
1 02	982	16	Bandalag ísl. listamanna, til að standa straum af myndlistarsýningum utanlands og innan
1 02	999	24	Bandalag íslenskra skáta, hjálparsveitir
1 02	988	05	Bandalag íslenskra skáta, styrkur
1 07	981	12	Bandalag starfsmanna ríkis og bæja
1 02	999	78	Barnaheimilið í Kumbaravogi
1 07	999	02	Barnaheimilið Sólheimar í Grímsnesi
1 02	563	04	Barnamúsikskólinn í Reykjavík
1 02	802	02	Barnaverndarráð
1 02	999	25	Barnavinafélagið Sumargjöf
1 08	392		Berklavarnir
1 06	252	03	Bifreiða- og ökukennaranámskeið
1 06	252		Bifreiðaeftirlit
1 08	481		Bindindisstarfsemi
1 06	301	08	Biskups- og prestabókasöfn
1 06	301	17	Biskupsbústaður
1 07	972		Bjargráðasjóður
1 05	202	12	Bjarni Sæmundsson, R/S RE 130

1	08	471	03	Bláa bandið
1	07	999	27	Blindrafélagið, styrkur
1	02	999	26	Blindrastarfsemi
1	02	999	46	Blindravinafélag Íslands vegna ferða um landið
1	08	312		Blóðbankinn
1	08	399	29	Blóðrannsóknir ungbarna
1	09	999	03	Blöðin
1	06	203		Borgardómaraembætti
1	06	204		Borgarfógetaembætti
1	02	885	02	Bréfaskólinn
1	02	999	76	Bridgesamband Íslands
1	07	951		Brunamálastofnun ríkisins
1	04	286	14	Búfjárrækt skv. lögum nr. 31/1973
1	04	286	05	Búfjártryggingar skv. lögum nr. 20/1943
1	04	201		Búnaðarfélag Íslands
1	04	299	15	Búnaðarsamband Suðurlands, tilraunastöð
1	06	301	32	Búrfellskirkja í Grímsnesi
1	01	171		Byggðasjóður, framlag
1	02	762		Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra
1	06	207		Bygging lögreglustöðvar í Reykjavík
1	08	381	03	Bygging sjúkrahúsa, sjúkraskýla, læknamiðstöðva, elliheimila og læknabústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa
1	02	763		Bygging skóla fyrir þroskahömluð börn
1	06	301	13	Byggingaeftirlit þjóðkirkjunnar
1	06	301	16	Byggingar á prestsetrum
1	05	271		Byggingarsjóður hafrannsóknaskips
1	02	977		Byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu
1	07	271	05	Byggingasjóðsgjald, til Byggingasjóðs ríkisins
1	02	276		Byggingasjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna
1	07	272		Byggingasjóður verkamanna
1	06	212		Bæjarfógetinn, Akranesi
1	06	217		Bæjarfógetinn, Bolungarvík
1	06	237		Bæjarfógetinn, Kópavogi
1	06	228		Bæjarfógetinn, Neskaupstað
1	06	224		Bæjarfógetinn, Ólafsfirði
1	06	223		Bæjarfógetinn, Siglufirði
1	06	233		Bæjarfógetinn, Vestmannaeyjum
1	04	504		Bændaskólinn í Odda
1	04	502		Bændaskólinn á Hólum
1	04	501		Bændaskólinn á Hvanneyri
1	08	399	07	Daggjaldanefnd
1	02	803		Dagvistunarheimili
1	09	999	06	Dómkröfur og málskostnaður
1	06	101		Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, aðalskrifstofa
1	06	281		Dómsmál, ýmis kostnaður
1	06	238		Dómstóll og rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnamálum
1	05	202	15	Dröfn, R/S RE 135
1	04	247	07	Dýralæknabústaðir, bygging
1	02	999	64	Dýrasafn, íslenskt
1	02	999	29	Dýraverndunarfélag Íslands
1	04	299	13	Efnarannsóknastofa Norðurlands
1	06	301	09	Eftirlaun presta og prestsekkna, viðbót

1	09	382		Eftirlaun samkvæmt launalögum
1	06	206	05	Eftirlit á vegum
1	05	299	03	Eftirlit með hvalvinnslustöðvum
1	06	206	06	Eftirlit með vínveitingahúsum
1	06	247		Eftirlitsstofnun með brotamönnum
1	04	299	06	Einangrunarstöð holdanauta
1	08	399	05	Eiturefnanefnd
1	00	101		Embætti forseta Íslands
1	06	211		Embætti sýslumanna og bæjarfógeta
1	04	247		Embætti yfirdýralæknis
1	07	952		Endurhæfingarráð
1	02	101	03	Endurskoðun námsefnis
1	07	971		Erfðafjársjóður, framlag
1	02	881	03	Erlendir námsmenn í íslenskum skólum, styrkir
1	08	399	04	Evrópska lyfjaskráin
1	06	283	05	Fangahjálp
1	06	206	04	Fangaklefar lögreglunnar í Reykjavík
1	06	283		Fangamál, ýmis kostnaður
1	06	244		Fangelsi í Síðumúla
1	03	312		Fastanefnd Íslands hjá EFTA í Genf
1	03	309		Fastanefnd Íslands hjá S.Þ.
1	09	402		Fasteignamat
1	01	101	03	Fálkaorðan
1	07	999	03	Fávitahælið í Skálatúni
1	02	989	04	Ferðakennsla í íþróttum
1	10	651		Ferðamál
1	10	651	06	Ferðamálakönnun
1	10	651	02	Ferðamálaráð
1	10	651	03	Ferðamálasjóður
1	10	673		Ferðaskrifstofa ríkisins
1	10	333	04	Ferjubryggjur
1	04	299	10	Félag áhugamanna um fiskrækt
1	07	981	02	Félagsdómur
1	02	985		Félagsheimilasjóður
1	07	101		Félagsmálaráðuneytið, aðalskrifstofa
1	02	881	12	Félagsstofnun stúdenta
1	05	201		Fiskifélag Íslands
1	05	299	06–07	Fiskveiðasjóður
1	02	518		Fiskvinnsluskólinn
1	06	284	04	Fíkniefnanefnd
1	15	101		Fjárlaga- og hagsýslustofnun, aðalskrifstofa
1	09	101		Fjármálaráðuneytið, aðalskrifstofa
1	02	315		Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
1	02	316		Flensborgarskóli, fjölbrautarskóli
1	10	321	03	Flóabátar og vöruflutningar
1	03	399	02	Flóttamannaráð Íslands
1	10	481		Flugbjörgunarsveitir, framlög
1	10	471		Flugmálastjórn
1	07	999	29	Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra
1	07	999	37	Foreldrafélag fjölfatlaðra barna
1	01	101		Forsætisráðuneytið, aðalskrifstofa
1	04	236		Fóður- og fræframleiðsla í Gunnarsholti
1	02	523		Fósturskóli Íslands

1	02	881	10	Framhaldsnám iðnaðarmanna erlendis
1	02	761	16	Framkvæmd sundskyldu í skólum
1	09	901		Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins
1	04	286	10	Framleiðnisjóður landbúnaðarins
1	05	215		Framleiðslueftirlit sjávarafurða
1	04	286	08	Framræsla
1	02	989	05	Frjálsíþróttasamband Íslands
1	02	421		Fræðslumyndasafn
1	02	101	02	Fræðsluskrifstofur
1	02	999	31	Fuglaverndarfélag Íslands
1	02	885		Fullorðinsfræðsla
1	04	286	03	Fyrirhleðslur
1	11	235		Fyrirtæki og stofnanir, framlög
1	08	372		Fæðingardeild Landspítalans
1	02	881	07	Færeyskur fræðimaður, styrkur
1	02	984	10	Færeyskur rithöfundur, dvalarstyrkur
1	04	299	02	Garðyrkjufélag Íslands
1	04	503		Garðyrkjuskólinn á Reykjum
1	06	283	08	Geðlækninga- og sálfræðiþjónusta við refsifanga
1	07	999	05	Geðverndarfélag Íslands
1	07	999	31	Geðverndarfélag Íslands, byggingarstyrkur
1	08	321		Geislavarnir ríkisins
1	02	999	09	Geysir í Haukadal, umbætur
1	09	251		Gjaldheimtan í Reykjavík
1	02	101	13	Gjöf Jóns Sigurðssonar
1	11	299	06	Gosefnarannsóknir og gosefnaiðja
1	04	299	11	Gróðurvernd í Búðahrauni
1	02	761		Grunnskólar, almennt
1	02	717		Grunnskólar, rekstur
1	02	881	04	Grænlenskur stúdent, styrkur til námsdvalar
1	10	651	05	Gullfoss, bætt aðstaða ferðamanna
1	08	471		Gæsluvistarsjóður, framlag
1	10	333	07	Hafnabótasjóður, framlag
1	10	333		Hafnamál
1	10	333	02	Hafnarannsóknir og mælingar
1	10	333	06	Hafnarmannvirki, eftirstöðvar framlaga
1	10	333	03	Hafnarmannvirki og lendingarbætur
1	05	202		Hafrannsóknastofnun
1	05	202	14	Hafþór, R/S RE 75
1	07	981	04	Hagræðingarstarfsemi samtaka vinnumarkaðarins
1	02	999	48	Hagsmunasamtök einstæðra foreldra
1	13	101		Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa
1	06	301	22	Hallgrímskirkja í Reykjavík
1	02	201		Háskóli Íslands
1	06	205	03	Hegningarhús
1	02	982	17	Heiðurslaun listamanna skv. ákvörðun Alþingis
1	08	101		Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, aðalskrifstofa
1	08	322		Heilbrigðiseftirlit ríkisins
1	07	999	38	Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði
1	07	271	03	Heilsuspillandi húsnæði
1	08	381	06	Heilsuverndarstöðvar, styrkir
1	05	299	12	Heimildarkvikmynd um sjómennsku

1	02	982	11	Heimildarkvikmyndir um merka íslendinga
1	07	399	06	Heimilishjálp skv. lögum nr. 10/1952
1	11	299	03	Heimilisiðnaðarfélag Íslands
1	07	999	04	Heyrnarhjálp
1	02	769		Heyrnleysingjaskólinn
1	04	247	02	Héraðsdýralæknar
1	08	391		Héraðslæknar og heilsugæslustöðvar
1	06	282	02	Héraðslögregla
1	02	608		Héraðsskólar almennt
1	02	607		Héraðsskólinn á Laugarvatni
1	02	609		Héraðsskólinn á Laugum
1	02	602		Héraðsskólinn á Núpi
1	02	604		Héraðsskólinn á Reykjum
1	02	601		Héraðsskólinn í Reykholti
1	02	603		Héraðsskólinn í Reykjanesi
1	02	606		Héraðsskólinn í Skógum
1	06	301	25	Hið íslenska bibliufélag
1	02	999	16	Hið íslenska náttúrufræðifélag
1	06	301	36	Hjálparstofnun kirkjunnar
1	08	399	08	Hjartavernd
1	02	881	13	Hjónagarður
1	02	101	15	Hjúkrunarkennaranám á Norðurlöndum, styrkur
1	02	521		Hjúkrunarskóli Íslands
1	02	522		Hjúkrunarskólinn, nýi
1	02	999	44	Hlíðardalsskóli, styrkur
1	08	361		Holdsveikraspítalinn í Kópavogi
1	06	301	35	Hólar í Hjaltadal
1	02	517		Hótel- og veitingaskóli Íslands
1	01	101	09	Hrafnseyri
1	02	999	45	Hreindýraeftirlit
1	10	651	04	Hreinlætisaðstaða á fjölsóttum ferðamannastöðum
1	04	299	12	Hrossaræktarbúið að Kirkjubæ
1	00	201	07	Hús Jóns Sigurðssonar
1	02	991		Húsafriðunarsjóður
1	01	901		Húsameistari ríkisins
1	07	271		Húsnæðismálastofnun ríkisins
1	02	336		Hússtjórnarkennaraskóli Íslands
1	02	553		Hússtjórnarskólar
1	06	201		Hæstiréttur
1	00	401		Hæstiréttur (laun hæstaréttardómara)
1	11	299		Iðja og iðnaður, framlög
1	08	399	34	Iðjumengun, kostnaður vegna reglugerðar
1	11	235	05	Iðnaðarbanki Íslands, hlutafjárframlag
1	11	101		Iðnaðarráðuneytið, aðalskrifstofa
1	02	431		Iðnfræðsluráð
1	11	221	02	Iðnlánasjóður
1	07	981	11	Iðnnemasamband Íslands
1	11	299	02	Iðnráð og önnur starfsemi á sviði iðnaðar
1	11	221	03	Iðnrekstrarsjóður
1	02	514–516		Iðnskólar
1	11	299	04	Iðnþróun, efling og tækninýjungar í iðnaði
1	11	201		Iðnþróunarstofnun Íslands
1	04	241	03	Inn-Djúpsáætlun

1	02	999	32	Íslendingafélagið í Kaupmannahöfn
1	02	999	51	Íslendingafélagið í Osló
1	02	999	73	Íslendingafélagið í Þrándheimi
1	02	881	06	Íslensk-ensk orðabók
1	02	999	17	Íslenska stærðfræðifélagið
1	02	988	15	Íslenskir ungtemplarar
1	02	989	09	Íþróttafélag fatlaðra
1	02	331		Íþróttakennaraskóli Íslands
1	02	986	04	Íþróttamannvirki, bygging
1	02	989	02	Íþróttasamband Íslands
1	02	986		Íþróttasjóður
1	02	101	14	Íþróttir fyrir fatlaða, þjálfaranám
1	07	981	05	Jafnlaunaráð
1	04	172		Jarðeignasjóður ríkisins
1	04	171		Jarðeignir ríkisins, framlög
1	11	399		Jarðhitaleit samkvæmt nánari ákvörðun fjárveitinganefndar
1	04	286	09	Jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir
1	04	286	07	Jarðræktarframlög
1	11	332		Jarðvarmaveitur ríkisins
1	11	235	06	Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, eiginfjárframlag
1	02	884		Jöfnun á námskostnaði
1	02	983	06	Jöklarannsóknir og mælingar
1	01	101	05	Kanadasjóður
1	06	301	18	Kaup á eignum á kirkjujörðum
1	07	981	15	Kaupmannasamtökin vegna hagræðingarstarfsemi
1	02	321		Kennaraháskóli Íslands
1	02	988	11	KFUM, styrkur til starfsemi í Vatnaskógi
1	02	988	17	KFUM og KFUK, starfsstyrkur
1	06	371		Kirkjubyggingasjóður
1	06	301	14	Kirkjugarðaeftirlit
1	06	372		Kirkjugarðasjóður
1	06	301	30	Kirkjukórasamband Íslands
1	06	301	02	Kirkjuráð
1	06	301	31	Kirkjuvogskirkja
1	06	301	03	Kirkjuþing
1	09	999	05	Kjarasamningar, kostnaður
1	03	101	04	Kjörræðismenn
1	08	399	10	Kostnaður skv. farsótta- og sóttvarnalögum og lögum um ónæmisaðgerðir
1	08	399	14	Kostnaður vegna laga nr. 25/1975
1	08	399	09	Krabbameinsfélag Íslands
1	06	301	26	Kristindómsfræðsla í skólum, umbætur
1	08	375		Kristneshælið
1	06	373		Kristnisjóður
1	02	999	33	Kvenfélagasamband Íslands
1	01	101	10	Kvennaársnefnd
1	02	999	49	Kvennaheimilið Hallveigarstaðir
1	02	999	35	Kvenréttindafélag Íslands
1	03	101	07	Kvikmyndir til landkynningar, kaup
1	08	399	13	Kynsjúkdómavarnir skv. lögum nr. 91/1932

1	07	372	Landakaup kaupstaða og kauptúna
1	02	999 42	Landakotsskólinn, rekstrarstyrkur
1	04	101	Landbúnaðarráðuneytið, aðalskrifstofa
1	04	286	Landbúnaður, framlög
1	04	235	Landgræðsla
1	04	271	Landgræðslusjóður, framlag
1	11	299 11	Landgræðslusjóður, vegna vatnstöku
1	06	251	Landhelgisgæsla
1	06	251 07	Landhelgissjóður
1	08	301	Landlæknisembættið
1	10	656	Landmælingar
1	04	241	Landnám ríkisins
1	02	901	Landsbókasafn Íslands
1	10	333 05	Landshafnir, afborganir lána
1	10	333 11	Landshöfn Keflavík—Njarðvík, framkvæmdir
1	10	333 10	Landshöfn Rifi, framkvæmdir
1	10	333 09	Landshöfn Þorlákshöfn, framkvæmdir
1	08	371	Landspítalinn
1	04	299 04	Landssamband íslenskra hestamannafélaga
1	04	299 05	Landssamb. ísl. hestamannafél. til leiðbein. um hestamennsku
1	02	988 12	Landssamband ísl. menntaskólanema
1	07	981 13	Landssamband verslunarmanna
1	11	311	Landsvirkjun, eiginfjárframlag
1	04	299 17	Landvernd
1	04	286 04	Landþurrkun
1	02	982 23	Launasjóður rithöfunda
1	07	271 04	Launaskattur
1	11	221	Lánasjóðir iðnaðarins
1	02	872	Lánasjóður íslenskra námsmanna
1	07	371	Lánasjóður sveitarfélaga
1	09	999 16	Laxárvirkjun vegna yfirtöku lána
1	02	982 05	Leikfélag Reykjavíkur
1	02	982 14	Leiklistarskóli
1	02	982 08	Leiklistarstarfsemi
1	02	883	Lektorar í íslensku við erlenda háskóla
1	02	982 15	Listahátíð í Reykjavík
1	02	982 19	Listamannalaun
1	02	905	Listasafn Ásgríms Jónssonar
1	02	906	Listasafn Einars Jónssonar
1	02	907	Listasafn Íslands
1	02	982 12	Listasöfn
1	02	982 28	Listdansflokkurinn
1	02	982	Listir, framlög
1	02	982 10	Listkynning innanlands og utan
1	02	982 13	Listkynning í skólum
1	09	999 12	Lífeyrissjóðir verkalýðsfélaga
1	09	999 11	Lífeyrissjóður bænda
1	08	399 36	Ljósmæðralaun
1	08	501	Ljósmæðraskóli Íslands
1	02	982 07	Lúðrasveitir, styrkur
1	08	399 06	Lyfjaeftirlit
1	08	399 03	Lyfjaskrárnefnd
1	08	399 01	Lyfjaverðlagsnefnd
1	08	301 02	Læknaráð

1	08	301	03	Lækningaferðir sérfræðinga
1	08	399	16	**Lækningatæki**
1	08	377		Læknishéraðasjóður
1	02	999	10	Lögberg—Heimskringla
1	06	262		Löggildingarstofan
1	06	282		**Löggæslukostnaður, ýmis**
1	06	282	03	Lögreglubifreiðar
1	06	206	07	Lögregluskóli
1	06	230		**Lögreglustjórinn í Hafnarhreppi**
1	03	201		Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli
1	06	206		Lögreglustjórinn í Reykjavík
1	03	101	08	**Markaðsmál**
1	04	242		Mat á landbúnaðarafurðum
1	06	281	08	**Matsnefnd eignarnámsbóta**
1	06	284	02	Matsnefnd vínveitingahúsa
1	02	999	02	Matthíasarsafnið á Akureyri
1	08	399	11	Matvælarannsóknir
1	02	999	18	**Málnefnd, nýyrðasöfnun o. fl.**
1	06	281	01	Málskostnaður
1	06	281	02	Meðdómsmenn
1	07	999	19	Meðlög samkvæmt 21., 22. og 23. gr. framfærslulaga
1	07	999	20	Meðlög samkvæmt lögum nr. 87/1947
1	02	984	04	Menningarmálasamstarf Norðurlanda
1	02	999	30	Menningarsamband við vestur-íslendinga
1	02	999	36	Menningarsjóður Blaðamannafélags Íslands
1	02	976		Menningarsjóður, framlag
1	02	101		Menntamálaráðuneytið, aðalskrifstofa
1	02	310		Menntaskólar, almennt
1	02	307		Menntaskóli á Austurlandi, bygging
1	02	302		Menntaskólinn á Akureyri
1	02	306		Menntaskólinn á Ísafirði
1	02	303		Menntaskólinn á Laugarvatni
1	02	308		Menntaskólinn í Kópavogi
1	02	301		Menntaskólinn í Reykjavík
1	02	304		Menntaskólinn við Hamrahlíð
1	02	305		Menntaskólinn við Tjörnina
1	02	881	08	Menntastofnun Bandaríkjanna á Íslandi
1	09	999	14	Milliþinganefndir, kostnaður
1	06	301	33	**Minningarkapella um Jón Steingrímsson**
1	02	999	03	Minningarlundir og skrúðgarðar
1	08	399	25	Minningarsjóður Landspítalans
1	02	999	57	Minnisvarði um Ara fróða
1	02	999	58	Minnisvarði um Guðmund góða
1	02	999	59	**Minnisvarði um Jón Eiríksson, konferensráð**
1	04	286	12	Mjólkurbú og smjörsamlög
1	02	802	06	Munaðarlausir, vanræktir eða fatlaðir unglingar, námsstyrkir
1	02	561		Myndlista- og handíðaskólinn
1	02	882		**Myndlistarskólar, styrkur**
1	07	999	07	Mæðrastyrksnefndir
1	04	286	15	**Nautgriparæktarsambönd**
1	02	881		Náms- og fræðimenn, framlög
1	02	802	05	Náms- og hælisvist unglinga, styrkur

1 08	399	35	Námsferðir héraðslækna og embættislækna
1 02	885	03	Námsflokkar
1 06	283	07	Námskeið fangavarða
1 02	982	09	Námskeið í listiðnaði
1 05	201	03	Námskeið í meðferð fiskleitartækja
1 11	206		**Námskeið í stjórn vinnuvéla**
1 02	101	06	Námskeið kennara, sem hafa ekki full réttindi
1 08	378		**Námslán læknastúdenta**
1 02	231		Náttúrufræðistofnun Íslands
1 02	999	04	Náttúrugripasafn Akureyrar
1 02	999	05	Náttúrugripasafn Neskaupstaðar
1 02	999	06	Náttúrugripasafn Vestmannaeyja
1 02	999	12	Náttúrugripasafnið í Borgarnesi
1 02	931		Náttúruverndarráð
1 07	999	21	Neytendasamtökin
1 12	201		Niðurgreiðslur á vöruverði
1 01	101	04	Norðurlandaráð, skrifstofa ráðherranefndar
1 02	984		Norræn samvinna
1 06	282	07	Norræn samvinna á sviði sakfræði
1 08	399	02	Norræn samvinna í lyfjasölumálum
1 04	299	03	Norræna búfræðifélagið
1 02	984	03	Norræna félagið
1 05	299	14	Norræna fiskimálaráðstefnan 1976
1 02	984	51	**Norræna húsið**
1 02	984	07	Norræna tölfræðistofnunin
1 02	984	06	Norræna vatnafræðifélagið
1 11	299	12	Norræni iðnaðarsjóðurinn
1 06	301	37	Norrænn biskupafundur
1 02	999	43	Northern Scholars Committee
1 02	206		Orðabók háskólans
1 11	371		Orkusjóður, framlag
1 11	301		Orkustofnun
1 09	999	15	Orlofsheimili BHM
1 09	999	02	Orlofsheimili BSRB
1 07	981	06	**Orlofsheimili verkalýðssamtakanna, bygging**
1 07	999	22	Orlofssjóður húsmæðra
1 02	989	10	Ólympíunefnd
1 09	999	13	Óviss útgjöld
1 06	301	15	Prestar og prófastar
1 06	301	19	Prestsembættisbústaðir, viðhald
1 02	999	67	Prestseturshús á Sauðanesi, viðhald
1 06	281	04	Próf málflytjenda
1 11	302		Rafmagnseftirlit ríkisins
1 06	205	02	Rannsóknarlögregla
1 02	232		Rannsóknaráð ríkisins
1 08	311		Rannsóknastofa háskólans
1 05	203	04	Rannsóknastofa í Vestmannaeyjum
1 05	272		Rannsóknastofnanir sjávarútvegs, bygging
1 11	203		Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins
1 05	203		Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins
1 11	202		Rannsóknastofnun iðnaðarins

1	04	206		Rannsóknastofnun landbúnaðarins
1	04	299	14	Rannsóknastöðin Katla, Víkurbakka
1	08	399	30	**Rannsóknir í samvinnu við WHO**
1	07	999	08	**Rauði kross Íslands**
1	02	203		Raunvísindastofnun háskólans
1	01	101	08	Ráðherrabústaður á Þingvöllum, rekstur
1	01	101	07	Ráðherrabústaður við Tjarnargötu, rekstur
1	01	101	06	Ráðherrabústaður við Tjarnargötu, viðhald
1	10	325		Rekstrardeild ríkisskipa
1	02	999	07	Reykholtsstaður
1	09	214		Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd
1	08	399	28	Rhesusvarnir
1	06	301	27	**Rit presta í Hólastifti**
1	02	982	21	Rithöfundasamband Íslands
1	02	981	06	Rithöfundasjóður Íslands
1	07	981	04	Ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota
1	09	971		Ríkisábyrgðasjóður, framlag
1	15	181		Ríkisbifreiðar, framlag
1	09	103		Ríkisbókhald
1	14	101		Ríkisendurskoðun, aðalskrifstofa
1	06	283	04	**Ríkisfangelsi og vinnuhæli, bygging**
1	09	104		Ríkisfjárhirsla
1	03	201	03	Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli
1	11	233		Ríkisprentsmiðjan Gutenberg
1	06	202		Ríkissaksóknari
1	09	201		Ríkisskattstjóri
1	08	302		Ríkisspítalar, skrifstofa
1	00	301		Ríkisstjórn
1	02	422		Ríkisútgáfa námsbóka
1	02	972		Ríkisútvarp, sjónvarp, aðflutningsgjöld
1	02	999	52	Rjómabúið á Baugsstöðum, viðhald
1	02	999	54	Safnahús á Blönduósi
1	02	999	55	**Safnahús á Húsavík**
1	02	904		Safnahúsið
1	02	999	53	Safnahúsið á Sauðárkróki
1	06	205		Sakadómaraembætti
1	11	299	09	Saltverksmiðja á Reykjanesi
1	02	999	71	Samband austfirskra kvenna
1	02	988	14	Samband bindindisfélaga í skólum
1	02	999	37	Samband íslenskra barnakennara
1	02	999	38	Samband norðlenskra kvenna
1	02	999	50	Samband norðlenskra kvenna, námskeið í heimilisgarðrækt
1	02	999	72	Samband vestfirskra kvenna
1	09	981		Sameiginleg skrifstofubygging við Grensásveg
1	02	679		Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni
1	10	101		Samgönguráðuneytið, aðalskrifstofa
1	03	101	02	Samningar við erlend ríki
1	02	988	13	**Samtök ísl. kennaraskólanema**
1	02	581	02	Samvinnuskólinn
1	04	243		Sauðfjárveikivarnir
1	06	301	29	Saurbæjarkirkja
1	07	981	03	Sáttanefndir í vinnudeilum
1	03	311		Sendiráð Íslands í Brussel

1	03	301		Sendiráðið í Bonn
1	03	302		Sendiráðið í Kaupmannahöfn
1	03	303		Sendiráðið í London
1	03	304		Sendiráðið í Moskvu
1	03	305		Sendiráðið í Osló
1	03	306		Sendiráðið í París
1	03	307		Sendiráðið í Stokkhólmi
1	03	308		Sendiráðið í Washington
1	06	281	03	Setu- og varadómarar
1	00	201	09	**Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka**
1	10	672		Sérleyfissjóður
1	06	281	05	Siglingadómur
1	10	341		Siglingamálastofnun ríkisins
1	02	974		Sinfóníuhljómsveitin
1	07	999	10	S.Í.B.S., styrkur
1	05	222		Síldarverksmiðjur ríkisins
1	09	999	04	**Símakostnaður og burðargjöld fyrir stjórnarráðið**
1	07	999	11	Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra
1	07	999	32	**Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra, byggingarstyrkur**
1	07	999	39	Sjálfsbjörg til ráðstefnuhalds
1	05	101		Sjávarútvegsráðuneytið, aðalskrifstofa
1	02	571		Sjómannaskólahúsið
1	07	999	23	Sjómannastofur
1	10	332	04	Sjómerki
1	06	254		Sjómælingar og sjókortagerð
1	10	342		Sjóslysanefnd
1	10	333	08	Sjóvarnargarðar
1	08	399	27	Sjúkraflug
1	08	381		Sjúkrahús og læknabústaðir
1	06	283	06	Sjúkrakostnaður refsifanga
1	09	207		Skattstofa Austurlands, Egilsstöðum
1	09	206		Skattstofa Norðurlandsumdæmis eystra, Akureyri
1	09	205		Skattstofa Norðurlandsumdæmis vestra, Siglufirði
1	09	211		Skattstofa Reykjanesumdæmis, Hafnarfirði
1	09	208		Skattstofa Suðurlands, Hellu
1	09	204		Skattstofa Vestfjarða, Ísafirði
1	09	209		Skattstofa Vestmannaeyja
1	09	203		Skattstofa Vesturlandsumdæmis, Akranesi
1	09	202		Skattstofan í Reykjavík
1	09	212		Skattstofur, sameiginleg útgjöld
1	02	999	21	Skáksamband Íslands
1	06	301	21	Skálholtsstaður, framlag
1	10	321	02	Skipaútgerð ríkisins
1	07	301		Skipulagsstjóri
1	02	761	17	Skíðakennsla í skólum
1	02	989	08	Skíðaskólinn í Kerlingarfjöllum
1	04	231		Skógrækt ríkisins
1	04	231	09	Skógræktarfélag Íslands
1	05	299	02	Skólabátar
1	08	399	37	Skólar heilbrigðisstétta
1	08	393		Skólayfirlæknisembættið
1	05	901		Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna
1	09	999	17	Skýrsluvélakostnaður vegna launagreiðslna
1	07	999	13	Slysavarnafélag Íslands

1	08	381	05	St. Franciscusarreglan, Stykkishólmi, byggingarstyrkur sjúkrahúss
1	08	381	04	St. Jósefsspítali, byggingarstyrkur
1	08	381	07	St. Jósefsspítali, vegna kaupa á röntgentæki
1	08	381	08	St. Jósefsspítali í Hafnarfirði, byggingarstyrkur
1	02	881	11	Starfsemi stúdenta
1	02	982	18	Starfslaun listamanna
1	01	101	02	Stjórnarráðshús
1	06	102		Stjórnartíðindi
1	02	999	19	Stjórnunarfélag Íslands
1	11	205		Stjórnunarnámskeið
1	04	286	06	Stofnlánadeild landbúnaðarins
1	02	205		Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi
1	08	481	05	Stórstúka Íslands
1	10	321		Strandferðir, framlög
1	09	384		Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur
1	09	383		Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn
1	07	999	14	Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra
1	07	999	18	Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, vegna sérnáms
1	07	999	15	Styrktarfélag vangefinna
1	07	999	16	Styrktarfélag vangefinna, dagheimili
1	07	999	36	Styrktarfélag vangefinna á Austurlandi
1	07	999	35	Styrktarfélag vangefinna á Norðurlandi
1	07	974		Styrktarsjóður fatlaðra
1	07	999	33	Styrktarsjóður lamaðra og fatlaðra
1	07	975		Styrktarsjóður vangefinna
1	02	984	09	Styrkur handa rithöfundi til dvalar á Norðurlöndum
1	02	881	05	Styrkur til íslendings til að læra tungu grænlendinga
1	02	881	09	Styrkur til útgáfustarfa
1	02	507		Stýrimannaskólinn í Reykjavík
1	02	582		Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum
1	06	301	12	Sumarbúðir þjóðkirkjunnar
1	02	999	39	Sumardvalarheimili, dagheimili og vistheimili fyrir börn úr bæjum og kauptúnum
1	02	999	61	Sumarnámskeið í Leirárskóla
1	02	999	63	Sumarskóli í Edinborg
1	02	983	04	Surtseyjarfélagið
1	07	399		Sveitarfélög, framlög
1	02	999	23	Sviffflugfélag Íslands
1	06	225		Sýslumaður og bæjarfógeti, Akureyri
1	06	229		Sýslumaður og bæjarfógeti, Eskifirði
1	06	236		Sýslumaður og bæjarfógeti, Hafnarfirði
1	06	226		Sýslumaður og bæjarfógeti, Húsavík
1	06	218		Sýslumaður og bæjarfógeti, Ísafirði
1	06	235		Sýslumaður og bæjarfógeti, Keflavík
1	06	222		Sýslumaður og bæjarfógeti, Sauðárkróki
1	06	227		Sýslumaður og bæjarfógeti, Seyðisfirði
1	06	221		Sýslumaðurinn, Blönduósi
1	06	213		Sýslumaðurinn, Borgarnesi
1	06	215		Sýslumaðurinn, Búðardal
1	06	219		Sýslumaðurinn, Hólmavík
1	06	232		Sýslumaðurinn, Hvolsvelli
1	06	216		Sýslumaðurinn, Patreksfirði
1	06	234		Sýslumaðurinn, Selfossi

1	06	214		Sýslumaðurinn, Stykkishólmi
1	06	231		Sýslumaðurinn, Vík í Mýrdal
1	02	999	08	Sædýrasafnið í Hafnarfirði
1	02	999	65	Sædýrasafnið í Hafnarfirði, stofnkostnaður
1	02	999	74	Sögualdarbær í Þjórsárdal
1	11	235	03	Sölustofnun lagmetisiðnaðarins
1	06	301	10	Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar
1	02	563	07	Söngskólinn í Reykjavík
1	02	999	20	Taflfélag Reykjavíkur
1	02	101	10	Talkennsla fyrir vangefin börn, námsstyrkur
1	08	481	04	Templarahöllin, byggingarstyrkur
1	02	101	11	Til fyrrverandi barnakennara
1	07	999	17	Til hjálpar nauðstöddum íslendingum erlendis
1	02	202		Tilraunastöð háskólans á Keldum
1	02	999	11	Tímaritið Veðrið
1	07	999	06	Tjaldanesheimilið
1	05	299	04	Togarar, rekstrarhalli 1975
1	09	282		Tollamál, sameiginlegur kostnaður
1	03	201	02	Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli
1	09	263		Tollgæsla
1	09	261		Tollstjórinn í Reykjavík
1	02	563		Tónlistarfræðsla
1	02	563	03	Tónlistarskólar, aðrir
1	02	563	02	Tónlistarskólinn í Reykjavík
1	02	563	06	Tónlistarskólinn í Reykjavík og Barnamúsíkskólinn, byggingarstyrkur
1	02	563	05	Tónlistarstarfsemi
1	09	999	07	Tryggingabætur skv. kjarasamningum
1	08	323		Tryggingaeftirlitið
1	08	271		Tryggingastofnun ríkisins
1	11	299	05	Tækniaðstoð S. þ., UNDP
1	08	399	33	Tækniaðstoð við sveitarfélög
1	02	501		Tækniskóli Íslands
1	07	999	28	Umbúðasmiðji vegna fatlaðra
1	06	255		Umferðarráð
1	02	761	18	Unglingafræðsla
1	02	988	04	Ungmennafélag Íslands
1	09	381		Uppbætur á lífeyri
1	04	286	13	Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir
1	02	871		Upptökuheimilið í Kópavogi
1	06	301	07	Utanfarir presta
1	03	101		Utanríkisráðuneytið, aðalskrifstofa
1	11	235	02	Útflutningsmiðstöð iðnaðarins
1	02	989	06	Útgáfa handbóka um skólaíþróttir
1	06	281	09	Útgáfa lagasafns
1	06	281	06	Útgáfa norræns dómasafns
1	06	301	24	Útgáfustarfsemi, þjóðkirkjan
1	09	481		Útgjöld skv. sérstökum lögum og heimildarlögum
1	06	301	20	Útihús á prestsetrum
1	06	206	02	Útlendingaeftirlit

1	03	102		Varnarmáladeild
1	03	201	04	Varnarstöðvar utan Keflavíkurflugvallar
1	07	399	02	Vatnsveitur skv. lögum
1	04	286	11	Veðdeild Búnaðarbankans
1	10	652		Veðurstofan
1	10	211		Vegagerð
1	05	299	09	Veiðieftirlit
1	04	246		Veiðimálaskrifstofan
1	04	205		Veiðistjóri
1	04	244		Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða
1	05	221		Verðlagsráð sjávarútvegsins
1	12	902		Verðlagsskrifstofan
1	05	299	10	Verðuppbætur á línufisk
1	11	204		Verkstjórnarnámskeið
1	08	471	04	Vernd
1	02	802		Vernd barna og ungmenna
1	02	999	77	Verslunarhús á Flateyri, varðveisla
1	02	581		Verslunarskólar
1	02	581	01	Verslunarskóli Íslands
1	06	301	05	Vestur-íslenskar kirkjur
1	02	506		Vélskóli Íslands
1	02	987		Viðeyjarstofa, endurbætur
1	05	299	11	Viðgerðarþjónusta á fiskleitartækjum
1	11	299	08	Viðræðunefnd um orkufrekan iðnað
1	12	101		Viðskiptaráðuneytið, aðalskrifstofa
1	06	243		Vinnuhælið á Kvíabryggju
1	06	242		Vinnuhælið á Litla-Hrauni
1	07	981		Vinnumál
1	07	399	07	Vinnumiðlun
1	02	801		Vistheimilið Breiðavík
1	10	331		Vita- og hafnamál, aðalskrifstofa
1	10	332	05	Vitabyggingar
1	10	332		Vitamál
1	10	332	02	Vitar, rekstur
1	08	374		Vífilsstaðaspítali
1	02	983	03	Vísinda- og fræðimenn
1	02	975		Vísindasjóður
1	12	999		Vörusýningar erlendis
1	07	999		Ýmis framlög, félagsmálaráðuneytið
1	08	399		Ýmis heilbrigðismál
1	02	989		Ýmis íþróttamál
1	15	191		Ýmis lán ríkissjóðs
1	04	299		Ýmis starfsemi á sviði landbúnaðarmála
1	02	399		Ýmis utanríkismál
1	02	983		Ýmis vísindaleg starfsemi
1	09	999		Ýmislegt, fjármálaráðuneytið
1	02	999		Ýmislegt, menntamálaráðuneytið
1	05	299		Ýmislegt á sviði sjávarútvegs
1	02	999	40	Zontaklúbbur Akureyrar vegna Nonnahúss
1	11	235	04	Þangverksmiðja, Reykhólum
1	00	201	08	Þingmannasamtök NATO
1	02	999	68	Þingstaður í Kópavogi, rannsókn

1	11	207		Þjálfun og eftirmenntun í iðju og iðnaði
1	02	999	41	Þjóðdansafélagið
1	01	931	02	Þjóðgarðar
1	01	902		Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd
1	01	102		Þjóðhagsstofnun
1	02	999	60	Þjóðhátta- og byggðakvikmyndir
1	06	301		Þjóðkirkjan
1	02	973		Þjóðleikhúsið, framlög
1	02	902		Þjóðminjasafn Íslands
1	02	903		Þjóðskjalasafn Íslands
1	13	102		Þjóðskráin
1	08	502		Þroskaþjálfaskólinn
1	04	299	09	Æðarræktarfélag Íslands
1	02	322		Æfinga- og tilraunaskóli kennaraháskólans
1	02	988		Æskulýðsmál
1	02	988	08	Æskulýðsnefnd A-Húnavatnssýslu
1	02	988	10	Æskulýðsnefnd Eyjafjarðarsýslu
1	02	988	09	Æskulýðsnefnd Mýra- og Borgarfjarðarsýslu
1	02	988	18	Æskulýðsnefnd Norður-Þingeyjarsýslu
1	02	988	16	Æskulýðsnefnd Suður-Þingeyjarsýslu
1	02	988	02	Æskulýðsráð ríkisins
1	06	301	11	Æskulýðsstörf, þjóðkirkjan
1	06	284	03	Öleftirlit
1	02	902	03	Örnefnastofnun
1	06	261		Öryggiseftirlit ríkisins

B-HLUTI

2	05	274	Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins
2	09	931	Arnarhvoll
2	08	273	Atvinnuleysistryggingasjóður
2	04	221	Áburðarverksmiðja ríkisins
2	09	101	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins
2	10	211	Áhaldahús vegagerðarinnar
2	07	972	Bjargráðasjóður Íslands
2	09	932	Borgartún 7
2	02	981	Bókaútgáfa Menningarsjóðs
2	08	911	Brunabótafélag Íslands
2	01	171	Byggðasjóður
2	05	272	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins
2	05	271	Byggingarsjóður hafrannsóknaskips
2	02	977	Byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu
2	02	276	Byggingasjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna
2	07	271	Byggingasjóður ríkisins
2	07	272	Byggingasjóður verkamanna
2	04	272	Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey
2	07	971	Erfðafjársjóður

2	10	673	Ferðaskrifstofa ríkisins
2	05	211	Fiskimálasjóður
2	10	471	Flugmálastjórn
2	03	111	Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli
2	04	236	Fóður- og fræframleiðsla í Gunnarsholti
2	04	238	Fóðuriðjan, Ólafsdal
2	03	101	Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli
2	08	372	Fæðingardeild Landspítalans
2	04	239	Grænfóðurverksmiðja, Flatey, A-Skaft.
2	08	471	Gæsluvistarsjóður
2	10	332	Hafnabótasjóður
2	02	201	Happdrætti háskólans
2	02	211	Háskólabíó
2	09	103	Innkaupastofnun ríkisins
2	11	331	Jarðboranir ríkisins
2	04	172	Jarðeignasjóður ríkisins
2	04	171	Jarðeignir ríkisins
2	11	332	Jarðvarmaveitur ríkisins
2	06	371	Kirkjubyggingasjóður
2	06	372	Kirkjugarðasjóður
2	08	373	Kleppsspítalinn
2	08	376	Kópavogshælið
2	08	375	Kristneshælið
2	06	373	Kristnisjóður
2	11	234	Lagmetisiðjan Siglósíld
2	07	372	Landakaup kaupstaða og kauptúna
2	04	271	Landgræðslusjóður
2	06	251	Landhelgissjóður
2	10	334	Landshöfn, Keflavík, Njarðvík
2	10	335	Landshöfn, Rifi
2	10	333	Landshöfn, Þorlákshöfn
2	08	371	Landspítalinn
2	11	232	Landssmiðjan
2	11	311	Landsvirkjun
2	11	312	Laxárvirkjun
2	04	246	Laxeldisstöð í Kollafirði
2	02	872	Lánasjóður íslenskra námsmanna
2	07	371	Lánasjóður sveitarfélaga
2	09	102	Lyfjaverslun ríkisins
2	08	377	Læknisháraðasjóður
2	06	101	Lögbirtingablaðið
2	02	976	Menningarsjóður
2	08	378	Námslán læknastúdenta
2	11	371	Orkusjóður
2	10	101	Póstur og sími

2	11	321	Rafmagnsveitur ríkisins
2	09	971	Ríkisábyrgðasjóður
2	11	233	Ríkisprentsmiðjan Gutenberg
2	02	422	Ríkisútgáfa námsbóka, skólavörubúð
2	02	971	Ríkisútvarp, hljóðvarp
2	02	972	Ríkisútvarp, sjónvarp
2	03	121	Sala varnarliðseigna
2	02	679	Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni
2	11	231	Sementsverksmiðja ríkisins
2	10	672	Sérleyfissjóður
2	02	974	Sinfóníuhljómsveit
2	05	221	Síldarverksmiðjur ríkisins
2	10	321	Skipaútgerð ríkisins
2	04	237	Stórólfsvallarbúið
2	07	974	Styrktarsjóður fatlaðra
2	07	975	Styrktarsjóður vangefinna
2	04	206	Tilraunabúið á Hesti
2	04	208	Tilraunastöðin á Möðruvöllum
2	04	207	Tilraunastöðin á Reykhólum
2	04	211	Tilraunastöðin á Sámsstöðum
2	04	209	Tilraunastöðin á Skriðuklaustri
2	08	271	Tryggingastofnun ríkisins, lífeyristryggingar
2	08	271	Tryggingastofnun ríkisins, sjúkratryggingar
2	08	271	Tryggingastofnun ríkisins, slysatryggingar
2	10	671	Umferðarmiðstöð
2	02	871	Upptökuheimilið í Kópavogi
2	08	421	Vistheimilið í Gunnarsholti
2	10	331	Vitamálastjórn, áhaldahús
2	08	374	Vífilsstaðaspítali
2	02	975	Vísindasjóður
2	09	939	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs
2	02	973	Þjóðleikhús
2	08	311	Þvottahús ríkisspítala

Efnisyfirlit.

		Bls.
A-hluti:	Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana	1
	Greiðsluyfirlit ríkissjóðs	1
	Rekstrarreikningur	2
	Sundurliðun útgjalda eftir ráðuneytum, stofnunum og tegundum útgjalda	8
	Æðsta stjórn ríkisins	8
	Forsætisráðuneytið	9
	Menntamálaráðuneytið	11
	Utanríkisráðuneytið	32
	Landbúnaðarráðuneytið	37
	Sjávarútvegsráðuneytið	44
	Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	48
	Félagsmálaráðuneytið	63
	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	67
	Fjármálaráðuneytið	72
	Samgönguráðuneytið	77
	Iðnaðarráðuneytið	81
	Viðskiptaráðuneytið	85
	Hagstofa Íslands	85
	Ríkisendurskoðun	86
	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	86
B-hluti:	Ríkisfyrirtæki og sjóðir í ríkiseign	87
Heimildir		125
Sérstök yfirlit		128
1.	Heildarútgjöld eftir tegundum útgjalda, A-hluti	128
2.	Heildaryfirlit yfir gjöld, tekjur og fjármunahreyfingar fyrirtækja og sjóða í B-hluta	128
3.	Samandregið yfirlit yfir útgjöld ríkisins eftir tegundum útgjalda	129
4.	Skipting ríkisútgjalda eftir hagrænu eðli	129
5.	Hlutfallsleg skipting útgjalda eftir ráðuneytum og málefnaflokkum	130
6.	Framkvæmdaframlög 1975 og 1976	131
7.	Verklegar framkvæmdir samkvæmt A- og B-hluta fjárlagafrumvarps 1976 og fjáröflun til þeirra	132
8.	Tekjustofnar, sem ráðstafað er til sérstakra þarfa. Skipting eftir tekjustofnum	133
9.	Tekjustofnar, sem ráðstafað er til sérstakra þarfa. Skipting eftir viðtakendum	135
10.	Hlutfallsleg skipting ríkistekna eftir tegund skatta og gjalda	136
11.	Skipting lögboðinna og ólögboðinna eftirlauna og styrktarfjár	137
Athugasemdir		144
	Yfirlit og samanburður við fjárlög 1975	148
	Gjaldahlið	148
	Tekjuhlið	158
	Lánahreyfingar	161
	Athugasemdir við einstaka liði frumvarpsins	166
Skrá yfir stofnanir, sjóði og viðfangsefni í stafrófsröð		185

Nd. **2. Frumvarp til laga** [2. mál]

um breyting á lögum nr. 93 24. des. 1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Benedikt Gröndal, Sighvatur Björgvinsson.

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórnin skipar framkvæmdastjóra Framkvæmdastofnunar ríkisins, er annast daglega stjórn stofnunarinnar. Framkvæmdastjórinn og forstöðumenn deilda mynda framkvæmdaráð stofnunarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar leið að lokum síðasta Alþingis og ljóst virtist orðið, að ríkisstjórnin mundi ekki leggja fram frumvarp um breytingar á gildandi lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins, þótt slíkt hafi verið boðað við myndun stjórnarinnar, fluttu þingmenn Alþýðuflokksins í neðri deild frv., samhljóða þessu frv., sem nú er flutt. Var frv. vísað til nefndar, en hlaut þar ekki afgreiðslu. Þess vegna er frv. nú flutt öðru sinni.

Frv. fylgdi í vor þessi greinargerð:

Þegar gildandi lög um Framkvæmdastofnun ríkisins voru sett, varð um þau verulegur ágreiningur. Þingflokkur Alþýðuflokksins var fylgjandi þeirri meginstefnu frumvarpsins að halda áfram þeirri áætlunargerð, sem tekin hafði verið upp í vaxandi mæli á undanförnum áratug og hafði verið í höndum Efnahagsstofnunar, Framkvæmdasjóðs, Atvinnujöfnunarsjóðs og einstakra ráðuneyta. Þessi áætlunargerð hafði reynst mjög nytsamleg. Um var að ræða samningu þjóðhags- og framkvæmdaáætlunar fyrir þjóðarbúið í heild, árlegar áætlanir um opinberar framkvæmdir og fjáröflun til þeirra, áætlun um þróun iðnaðarins, samgönguáætlun fyrir Vestfirði og Austurland og atvinnuáætlun fyrir Norðurland, sérstakar áætlanir á sviði menntamála og gagnasöfnun til að gera mögulega áætlun um þróun landbúnaðarins. Þá hafði Efnahagsstofnunin í samvinnu við Verðlagsráð sjávarútvegsins og samtök í þeirri grein komið á fót ítarlegu upplýsingakerfi um afkomu sjávarútvegsins, sem var og hlýtur að verða grundvöllur stefnumótunar og áætlunargerðar á því sviði. Efnahagsstofnunin hafði enn fremur verið ríkisstjórnum til ráðuneytis, og hafði það gefið mjög góða raun. Hún hafði einnig unnið að hlutlausum hagrannsóknum, sem reynst höfðu hafa ómetanlega þýðingu við gerð kjarasamninga og ákvörðun fiskverðs.

Samkvæmt frumvarpinu átti að halda allri þessari nytsömu starfsemi áfram. Að einu leyti var fyrra skipulag í þessum efnum bætt, þ. e. með ákvæðum frumvarpsins um sameiningu Framkvæmdasjóðs og Atvinnujöfnunarsjóðs undir eina stjórn. Öll þessi atriði frumvarpsins studdi þingflokkur Alþýðuflokksins.

Hins vegar taldi flokkurinn stjórnarfyrirkomulag stofnunarinnar mjög varhugavert og raunar einsdæmi. Flokkurinn taldi eðlilegt, að yfirstjórn slíkrar stofnunar væri í höndum þingkjörinnar stjórnar. En frumvarpið gerði jafnframt ráð fyrir pólitísku framkvæmdaráði, skipuðu af ríkisstjórninni, og skyldi það hafa úrslitavald í stofnuninni, þar eð það átti að gera allar áætlanir stofnunarinnar, tillögur um allar rekstraráætlanir og starfsáætlanir, um allar lánveitingar og meira að segja ráða starfsfólk hinna þriggja deilda stofnunarinnar. Sérfræðilegir forstöðumenn deildanna áttu að vera undirmenn þessara pólitísku fulltrúa og engan tillögurétt hafa um störf deilda sinna og ekki einu sinni að ráða starfsfólki sínu. Þessum ákvæðum var þingflokkur Alþýðuflokksins algjörlega andvígur og flutti því í báðum deildum breyt-

ingartillögu um, að ríkisstjórnin skyldi skipa framkvæmdastjóra stofnunarinnar, er annist daglega stjórn hennar, en síðan skuli framkvæmdastjórinn og forstöðumenn deilda mynda framkvæmdaráð stofnunarinnar. Þessar tillögur voru felldar. Hins vegar tókst þingflokki Alþýðuflokksins að fá þá breytingu á frumvarpinu, að hagrannsóknadeildin var gerð óháð hinni pólitísku yfirstjórn stofnunarinnar og látin heyra beint undir ríkisstjórnina, með svipuðum hætti og Hagstofa Íslands heyrir beint undir ráðherra, en hefur ekki sérstaka stjórn. Réttmæti þeirrar breytingar hefur síðar verið staðfest með því að gera hagrannsóknadeildina að sjálfstæðri stofnun, Þjóðhagsstofnuninni.

Reynsla af hinni pólitísku framkvæmdastjórn var mjög slæm. Ýmsir munu hafa búist við því, að ný ríkisstjórn gerði sér ljóst, að með skipun pólitískrar framkvæmdastjórnar yfir jafnmikilvæga stofnun og Framkvæmdastofnunin er hafi verið stigið víxlspor á sínum tíma. Þeim mun meiri ástæða var til þess að vona þetta, þegar haft er í huga, að þingflokkur Sjálfstæðisflokksins var á sínum tíma öldungis sammála þingflokki Alþýðuflokksins um þetta efni. Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins var að vísu á móti málinu í heild. En hann kvaðst samt vilja freista þess að sníða af því verstu annmarkana, og þá taldi hann einmitt vera ákvæðin um hina pólitísku framkvæmdastjóra, sem í umræðum voru nefndir „kommissarar". Í efri deild fluttu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í fjárhags- og viðskiptanefnd, þeir Geir Hallgrímsson og Halldór Blöndal, tillögu um, að ákvæðin um hina pólitísku framkvæmdastjóra skyldu felld niður, en í staðinn koma eftirfarandi ákvæði:

„Forstöðumenn deilda skipa framkvæmdaráð. Skal það annast daglega stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins".

Í nefndaráliti segja þeir um þetta mál:

„Í stað Efnahagsstofnunarinnar, sem lýtur stjórn embættismanna undir beinni yfirstjórn forsætisráðherra og í nánum tengslum við aðra ráðherra á að setja á stofn Framkvæmdastofnun ríkisins. Verður hún geysilegt bákn, sem lúta skal daglegri stjórn þriggja pólitískra eftirlitsmanna stjórnarflokkanna, sem hlotið hafa heitið „kommissarar" manna á meðal að austrænni fyrirmynd. Til marks um það ofurvald, sem þessum pólitísku „kommissörum" er veitt í frumvarpinu, er, að verksvið þeirra er ekki skilgreint til neinnar hlítar, og ekki verður annað séð en þeim sé einum ætlað að gefa umsagnir um einstakar lánsumsóknir frá einkaaðilum eða sveitarfélögum og fái þannig vald til að „raða" umsóknum að vild. Geta þeir þannig í framkvæmdinni haft sömu óheillaáhrifin á athafnalífið í landinu og lamandi haftakerfi hefur áður haft. Ef ekki er verið að sækjast eftir slíkum pólitískum afskiptum af atvinnulífinu, væru hinir pólitísku „kommissarar" með öllu óþarfir. Af þeim ástæðum er lagt til á þskj. 156, að í stað þeirra fari forstöðumenn deilda með daglega stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins, enda er það eðlilegast, að sérmenntaðir og hlutlausir menn hafi það starf með höndum, þar sem pólitísk afskipti af útlánum til fjárfestingar í atvinnulífinu eru óæskileg. Þar á að leggja hlutlaust hagkvæmnismat til grundvallar."

Í neðri deild fluttu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í fjárhags- og viðskiptanefnd, þeir Matthías Bjarnason og Matthías Á. Mathiesen, breytingartillögu, sem var efnislega séð alveg samhljóða þeirri tillögu, sem flutt var af hálfu fulltrúa Alþýðuflokksins í nefndinni, Gylfa Þ. Gíslasonar, og því frumvarpi, sem hér er flutt. Breytingartillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins var svo hljóðandi:

„Að fengnum tillögum Framkvæmdastofnunar ríkisins skipar ríkisstjórnin forstjóra stofnunarinnar, er hefur yfirumsjón með daglegum rekstri áætlunardeildar og lánadeildar hennar. Forstjórinn og forstöðumenn áætlunardeildar og lánadeildar mynda framkvæmdaráð.

Stjórn Framkvæmdastofnunarinnar tekur ákvörðun fyrir hönd stofnunarinnar um launakjör forstjóra, forstöðumanna deilda og annarra starfsmanna."

Þegar núverandi ríkisstjórn var mynduð, var því lýst yfir, að gildandi lög um Framkvæmdastofnunina skyldu endurskoðuð og þá væntanlega fyrst og fremst

ákvæðin um hina pólitísku framkvæmdastjórn, sem annar stjórnarflokkurinn hafði á sínum tíma gagnrýnt harðlega og réttilega. Þótt langt sé nú liðið á þingtímann, hefur ríkisstjórnin engar tillögur gert um breytingar á þessu varhugaverða skipulagi stofnunarinnar. Það eitt hefur gerst, að í stað fulltrúa Alþýðubandalags og Samtaka frjálslyndra og vinstri manna hefur einn af þingmönnum Sjálfstæðisflokksins tekið sæti í hinni pólitísku framkvæmdastjórn, við hlið þingmanns úr Framsóknarflokknum, og eru báðir fulltrúar sama kjördæmis. Hefur þetta orðið mörgum, bæði innan þings og utan, mikið undrunarefni. Frv. þetta er flutt til þess að freista þess að fá breytingu á þessu varhugaverða stjórnkerfi mikilvægrar ríkisstofnunar.

Nd. 3. Frumvarp til laga [3. mál]

um skákleiðsögn í skólum.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason.

1. gr.

Ráðherra er heimilt að ráða, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum, íslenska skákmenn í starf til ákveðins tíma til að annast leiðsögn um skákstarf í skólum landsins. Skilyrði er, að skákmaður hafi hlotið alþjóðlegan titil í skák. Laun skal miða við launakjör menntaskólakennara. Starfsskyldu og starfstilhögun skal ákveða með reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Seint á síðasta þingi flutti flutningsmaður þessa frumvarps frumvarp um skákkennslu, efnislega samhljóða þessu frumvarpi. Frumvarpinu var vísað til menntamálanefndar. Eftir að hafa leitað umsagnar samtaka skákmanna og skólastjóra mælti nefndin einróma með því, að frumvarpið yrði samþykkt með nokkrum breytingum, er og þetta frumvarp samhljóða tillögum nefndarinnar. Var frumvarpið síðan samþykkt við 2. umræðu í neðri deild rétt áður en þingi lauk. Tími var hins vegar talinn of naumur til þess að senda málið til efri deildar og afgreiða það þar við þrjár umræður. Af hálfu ríkisstjórnarinnar var því hins vegar lýst yfir, að hún mundi fyrir sitt leyti greiða fyrir því, að málið hlyti afgreiðslu þegar þing kæmi saman nú í haust.

Þess vegna er málið nú flutt.

Nd. 4. Frumvarp til laga [4. mál]

um breyting á lögum nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

1. gr.

Í stað orðanna „nr. 189 14. júlí 1972“ í 1. málsgrein 1. gr. laganna komi orðin: nr. 299 15. júlí 1975.

2. gr.

Jafnan þar sem orðin „nr. 189/1972“ koma fyrir í 2. og 4. gr. laganna komi í staðinn orðin: nr. 299/1975.

3. gr.

Töluröð grunnlínupunkta í 2. og 4. gr. laganna skal breytt í samræmi við 1. gr. reglugerðar nr. 299/1975.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. október 1975.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram vegna breyttra viðhorfa við gildistöku reglugerðar nr. 299 15. júlí 1975 um fiskveiðilandhelgi Íslands, þar sem hún er frá 15. október n. k. að telja afmörkuð 200 sjómílum utan við grunnlínu. Ber brýna nauðsyn til að skipa veiðiheimildum íslenskra skipa með þeim hætti, að ákvæði núgildandi laga nr. 102 27. desember 1973, um botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, taki í heild til allrar hinnar nýju 200 sjómílna fiskveiðilandhelgi.

Í 1. mgr. 1. gr. laganna segir svo: „Í fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í reglugerð nr. 189 14. júlí 1972, skulu erlendum skipum bannaðar allar veiðar samkvæmt ákvæðum laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi".

Auk þessa er í 2. og 4. gr. laganna vitnað til reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 189/1972 í sambandi við grunnlínu og grunnlínupunkta.

Eftir útgáfu reglugerðar um útfærslu fiskveiðilandhelginnar í 200 sjómílur er því nauðsynlegt að setja lög um breyting á lögum nr. 102/1973 til að fastákveða, að ákvæði laganna, þ. á m. um veiðiheimildir, veiðitakmarkanir, leyfakerfi og viðurlög við brotum taki í heild til allrar hinnar nýju 200 sjómílna fiskveiðilandhelgi.

Að öðru leyti þarfnast einstakar lagagreinar ekki skýringar við.

Nd. 5. Frumvarp til byggingarlaga [5. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

I. KAFLI

GILDISSVIÐ LAGANNA

1. gr.

Lög þessi ná til alls landsins. Þau taka til hvers konar bygginga ofanjarðar og neðan og annarra mannvirkja, sem áhrif hafa á útlit umhverfisins. Undanþegin ákvæðum þessara laga eru þó götur og vegir, flugbrautir, dreifikerfi (lagnir) rafmagns, síma, hitaveitna, vatns og holræsa, svo og hafnarmannvirki og virkjunarmannvirki, að undanskildum húsbyggingum tilheyrandi þessum mannvirkjum.

Mannvirki undanþegin ákvæðum þessara laga skulu byggð í samræmi við ákvæði skipulagslaga.

Leiki vafi á því, hvort mannvirki er háð ákvæðum laga þessara, skal félagsmálaráðuneytið úrskurða um það.

2. gr.

Þar sem sérstaklega stendur á, getur ráðuneytið, að fenginni umsögn hlutaðeigandi sveitarstjórnar og skipulagsstjórnar, heimilað tímabundna undanþágu frá tilteknum ákvæðum laganna.

II. KAFLI
YFIRSTJÓRN BYGGINGARMÁLA, ALMENN BYGGINGARREGLUGERÐ OG BYGGINGARSAMÞYKKTIR

3. gr.

Félagsmálaráðuneytið fer með yfirstjórn byggingarmála. Ráðuneytinu til aðstoðar eru Skipulagsstjórn ríkisins, Brunamálastofnun ríkisins og aðrar stofnanir, sem fara með málefni, sem snerta framkvæmd laga þessara.

4. gr.

Félagsmálaráðuneytið setur almenna byggingarreglugerð svo og sérreglugerðir með ákvæðum um staðla á ýmsum sviðum byggingariðnaðarins.

Í byggingarreglugerð skal mælt fyrir um, hvernig háttað skuli undirbúningi, gerð, tæknilegum frágangi og viðhaldi bygginga og annarra mannvirkja, sem lög þessi taka til. Í byggingarreglugerð skal kveðið á um þær kröfur, sem gerðar eru varðandi m. a. undirstöður, byggingarefni, burðarþol, einangrun gegn kulda, raka og hávaða, loftræstingu, lagnir, birtu, svo og aðra hollustuhætti og eldvarnir, að því leyti sem ekki er kveðið á um slíkt annars staðar. Þá skulu í byggingarreglugerð vera ákvæði um þær lágmarkskröfur, sem gerðar eru varðandi einstaka hluta byggingar og mismunandi tegundir bygginga, umgengni á vinnustöðvum og frágang lóða. Enn fremur skal skal í byggingarreglugerð kveðið á um, hvernig byggingareftirliti skuli háttað.

Í byggingarreglugerð skal skýra orð og hugtök, sem þar er fjallað um og orkað geta tvímælis, s. s. varðandi stærðir og byggingarstig mannvirkja.

Birta skal hina almennu byggingarreglugerð og sérreglugerðir í B-deild stjórnartíðinda.

5. gr.

Sveitarstjórnum er heimilt að setja í sérstaka byggingarsamþykkt fyllri ákvæði m. a. um stjórn og meðferð byggingarmála, um réttindi og skyldur iðnmeistara og byggingarfulltrúa og starfsreynslu. Til þess að byggingarsamþykkt öðlist gildi, þarf félagsmálaráðuneytið að staðfesta hana að fenginni umsögn Skipulagsstjórnar ríkisins. Byggingarsamþykktir skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

III. KAFLI
BYGGINGARNEFNDIR

6. gr.

Í hverju sveitarfélagi með fleiri en 300 íbúa skal eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar kjósa byggingarnefnd, sbr. þó 2. mgr. Byggingarnefnd skal skipuð 3, 5 eða 7 mönnum eftir ákvörðunum sveitarstjórnar. Sveitarstjórn kýs menn í byggingarnefnd, aðalmenn og varamenn, samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga. Nefndin skiptir með sér verkum.

Sveitarfélag, þar sem íbúar eru færri en 300, skal hafa samvinnu við nágrannasveitarfélag- eða -félög um kosningu svæðisbyggingarnefndar og ráðningu byggingarfulltrúa sbr. 20. gr. Heimilt er sveitarfélögum, þar sem íbúar eru fleiri en 300 að eiga aðild að svæðisbyggingarnefnd og ráðningu sameiginlegs byggingarfulltrúa. Hlutaðeigandi landshlutasamtök sveitarfélaga skulu hafa forgöngu um kosningu svæðisbyggingarnefnda hvert í sínu umdæmi, og skal að því stefnt, að hver svæðisbyggingarnefnd nái yfir svæði, sem er félagsleg og landfræðileg heild. Hlutaðeigandi sveitarfélög skulu gera með sér samning um stofnun svæðisbyggingarnefndar. Skal þar m. a. kveðið á um tölu nefndarmanna og kosningu þeirra, svo og hvernig skipta skuli kostnaði af störfum nefndarinnar og störfum bygg-

ingarfulltrúa. Félagsmálaráðuneytið skal staðfesta slíka samninga og úrskurðar jafnframt ágreiningsatriði, sem upp kunna að koma.

Starfsmenn sveitarfélaga eru kjörgengir í byggingarnefnd.

Byggingarfulltrúi eða staðgengill hans skal sitja alla fundi byggingarnefndar.

Sveitarstjórn og svæðisbyggingarnefnd getur ákveðið, að starfsmenn sveitarfélags og aðrir opinberir starfsmenn, sem fjalla um byggingar og skipulagsmál, sitji fundi byggingarnefndar með málfrelsi og tillögurétti.

Skipulagsstjóri ríkisins eða staðgengill hans hefur rétt til setu á fundum byggingarnefnda með málfrelsi og tillögurétti.

7. gr.

Byggingarnefnd fer með byggingarmálefni sveitarfélags undir yfirstjórn sveitarstjórnar og ráðuneytis.

Byggingarnefnd fjallar um byggingarleyfisumsóknir og hefur umsjón með því, að byggt sé í samræmi við skipulag og að lög og reglur um byggingarmálefni séu haldin.

Byggingarnefnd veitir byggingarstjórum skv. 15. gr. viðurkenningu og annast að öðru leyti þau störf, sem greinir í lögum þessum og öðrum lögum og reglum um byggingarmálefni.

Ennfremur er sveitarstjórn heimilt að fela byggingarnefnd önnur störf á sviði byggingarmála, s. s. að fjalla um og gera tillögur til sveitarstjórnar varðandi skipulagsmál, nöfn gatna, torga og bæjarhluta.

8. gr.

Byggingarnefnd skal halda reglulega fundi a. m. k. mánaðarlega, svo framarlega sem erindi liggja til afgreiðslu. Nefndin ákveður nánar fundardaga, fundartíma og fundarstað. Byggingarnefnd skal halda gerðabók, og skulu viðstaddir fundarmenn undirrita fundargerð hverju sinni.

Byggingarnefnd er ályktunarfær, ef meiri hluti nefndarmanna er mættur á fundi og hefur tekið þátt í afgreiðslu máls. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn með máli og móti, er málið fallið.

Þegar byggingarnefnd fjallar um mál, sem varðar persónulega hagsmuni einhvers nefndarmanns eða manns, sem situr fundi nefndarinnar, skal hann víkja af fundi, meðan það mál er til umræðu og afgreiðslu.

Heimilt er hverjum nefndarmanni, sem ekki er samþykkur ályktun meirihlutans, að láta bóka sérálit sitt. Sama rétt eiga og aðrir þeir, sem sitja fundi byggingarnefndar.

Synji byggingarnefnd byggingarleyfisumsókn, skal nefndin rökstyðja synjunina.

Ályktanir byggingarnefndar skal bera undir sveitarstjórn til samþykktar eða synjunar. Ef sveitarstjórn samþykkir ályktun byggingarnefndar, öðlast ályktunin gildi, enda sé skilyrðum IV. kafla laga þessara fullnægt.

Hafi sveitarstjórn ekki tekið ályktun byggingarnefndar til afgreiðslu innan 2ja mánaða, frá því að hún var gerð, öðlast ályktunin gildi, enda hafi ákvæðum IV. kafla laganna verið fullnægt.

Rísi ágreiningur milli sveitarstjórnar og byggingarnefndar um afgreiðslu máls, sker félagsmálaráðherra úr, en leita skal hann áður umsagnar skipulagsstjórnar.

Telji einhver rétti sínum hallað með ályktun byggingarnefndar eða sveitarstjórnar, er honum heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðar félagsmálaráðherra innan þriggja mánaða, frá því honum varð kunnugt um ályktunina. Félagsmálaráðherra skal kveða upp úrskurð sinn um ágreininginn innan þriggja mánaða frá áfrýjun, og skal hann áður hafa leitað umsagnar hlutaðeigandi sveitarstjórnar (byggingarnefndar) og skipulagsstjórnar.

IV. KAFLI
BYGGINGARLEYFISUMSÓKNIR OG BYGGINGARLEYFI

9. gr.

Óheimilt er að grafa grunn, reisa hús, rífa hús eða breyta því eða notkun þess eða gera önnur þau mannvirki, sem áhrif hafa á útlit umhverfisins, nema að fengnu leyfi viðkomandi byggingarnefndar.

Framkvæmdir samkvæmt 1. mgr. skulu vera í samræmi við staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag sbr. 4. gr. 1. mgr. skipulagslaga.

Í sambandi við niðurrif og breytingar á húsum og öðrum mannvirkjum skal gætt ákvæða IV. kafla laga nr. 52/1969 um friðun húsa og annarra mannvirkja.

Byggingarleyfi skal vera skriflegt og öðlast gildi, þegar eftirtöldum skilyrðum hefur verið fullnægt:

1. Sveitarstjórn hefur staðfest samþykkt byggingarnefndar um veitingu byggingarleyfis og byggingarfulltrúi áritað aðaluppdrátt.
2. Byggingarstjóri hefur undirritað yfirlýsingu sbr. 2. mgr. 18. gr.
3. Byggingarleyfisgjöld og önnur tilskilin gjöld hafa verið greidd.

Byggingarleyfisgjald skal ákveða í byggingarsamþykkt og rennur það í sveitarsjóð. Skal það bundið byggingarvísitölu.

10. gr.

Sá, sem óskar leyfis til framkvæmda samkvæmt 9. gr., skal senda um það skriflega umsókn til hlutaðeigandi byggingarnefndar ásamt nauðsynlegum skilríkjum og uppdráttum. Í byggingarreglugerð skal kveðið nánar á um, hvaða önnur gögn skuli fylgja byggingarleyfisumsókn og hvernig frá umsókn og uppdráttum skuli gengið. Í byggingarreglugerð skal ennfremur kveðið á um, hvaða séruppdrætti skuli gera af mannvirkjum og hvenær þeir skuli hafa borist byggingarfulltrúa.

11. gr.

Aðaluppdrættir og séruppdrættir af húsum og öðrum mannvirkjum skulu gerðir af arkitektum, byggingarfræðingum, tæknifræðingum og verkfræðingum hverjum á sínu sviði, svo og af búfræðikandídötum úr tæknideildum búnaðarháskóla að því er landbúnaðarbyggingar varðar, og öðrum, sem htlotið hafa til þess rétt, áður en lög þessi gengu í gildi. Starfssvið markast af staðfestri tveggja ára starfsreynslu.

Réttur til að gera uppdrætti samkvæmt 1. mgr. er háður löggildingu, sem félagsmálaráðherra veitir og gildir á öllu landinu, landslöggilding. Ráðherra veitir landslöggildingu að fengnum tillögum 5 manna nefndar, og skulu eftirtalin félög skipa hvert einn mann í nefndina: Arkitektafélag Íslands, Byggingafræðingafélag Íslands, Tæknifræðingafélag Íslands og Verkfræðingafélag Íslands. Ráðherra tilnefnir einn mann í nefndina og skal hann vera formaður hennar. Þeir, sem gert hafa uppdrætti í einstökum byggingarnefndarumdæmum fyrir gildistöku laga þessara, halda þeim staðbundnu réttindum.

Í reglugerð skal skilgreina hin einstöku starfssvið.

Heimilt er að sameina tvö eða fleiri starfssvið varðandi séruppdrætti fyrir einföld mannvirki.

Uppdrættir skulu bera með sér, hverjir hafa gert þá. Sá, sem gerir aðaluppdrátt, skal að öðru jöfnu sjá um, að aðrir uppdrættir séu samræmdir.

Þeir, sem aðaluppdrætti gera samkvæmt þessari grein, svo og þeir, sem gera séruppdrætti hver á sínu sviði, skulu árita uppdrættina með eigin hendi og bera á þeim ábyrgð.

Byggingarfulltrúum er óheimilt að gera uppdrætti af byggingum í hlutaðeigandi byggingarnefndarumdæmi, nema sérstaklega standi á, enda hafi byggingarnefnd fyrirfram veitt til þess samþykki sitt.

Varðveita skal a. m. k. eitt eintak af öllum samþykktum uppdráttum af samþykktum byggingarmannvirkjum (aðaluppdráttum og séruppdráttum) í skjalasafni byggingarfulltrúa. Ennfremur skulu áritaðir uppdrættir jafnan vera aðgengilegir á byggingarstað.

Í reglugerð skal nánar kveðið á um þau atriði, sem um ræðir í þessari grein

12. gr.

Byggingarnefnd getur veitt leyfi til að reisa verksmiðjuframleidd hús, enda fullnægi þau ákvæðum gildandi laga. Ákvæði V. kafla laga þessara um byggingarstjóra gilda um slík mannvirki, eftir því sem við á.

Seljandi ber ábyrgð á göllum á verksmiðjuframleiddum húsum eftir almennum reglum.

13. gr.

Byggingarleyfi veitir ekki heimild til framkvæmda, sem brjóta í bága við skipulag og ákvæði laga og reglugerða.

Nú er aðila veitt byggingarleyfi, sem ógilt er skv. 1. mgr. og ber þá sveitarsjóður fébótaábyrgð á því tjóni, sem af því kann að hljótast fyrir þriðja aðila.

14. gr.

Byggingarleyfi fellur úr gildi, ef byggingarframkvæmdir eru ekki hafnar innan 12 mánaða, frá því leyfið var gefið út. Byggingarframkvæmdir teljast hafnar í þessu sambandi, þegar undirstöður hafa verið steyptar. Nú stöðvast byggingarframkvæmdir eitt ár eða lengur og getur byggingarnefnd þá fellt úr gildi þann hluta leyfisins, sem ekki er farið að nota.

Hafi byggingarframkvæmdir stöðvast í tvö ár hið skemmsta, getur sveitarstjórn, að fengnum tillögum byggingarnefndar með sex mánaða fyrirvara, lagt dagsektir á byggingarleyfishafa, sbr. 36. gr. eða tekið ófullgerðar byggingarframkmæmdir eignarnámi samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms. Sveitarstjórn er heimilt að setja strangari ákvæði um byggingarhraða.

V. KAFLI
BYGGINGARSTJÓRAR

15. gr.

Við gerð hvers mannvirkis skal vera einn ábyrgur aðili, sem nefnist byggingarstjóri. Byggingarnefnd veitir byggingarstjórum viðurkenningu.

Heimilt er byggingarnefnd að veita viðurkenningu sem byggingarstjórum eftirtöldum aðilum, sem hlotið hafa nægilega reynslu að mati byggingarnefndar:

a. Húsasmíða- og múrarameisturum, sem þegar hafa hlotið samþykki byggingarnefndar til að standa fyrir byggingarframkvæmdum í sveitarfélaginu, svo og öðrum húsasmíða- og múrarameisturum, sem lokið hafa tilskildu framhaldsnámi, m. a. meistaraskóla.
b. Arkitektum, byggingarfræðingum, tæknifræðingum og verkfræðingum, svo og búfræðikandídötum úr tæknideildum búnaðarháskóla að því er landbúnaðarbyggingar varðar.

16. gr.

Ef skortur er á mönnum, sem fullnægja skilyrðum a- og b-liða 15. gr. í umdæmi byggingarnefndar, getur nefndin samþykkt sem byggingarstjóra við einstakar minniháttar framkvæmdir menn, sem reynslu hafa í að standa fyrir byggingum, þótt þeir fullnægi ekki téðum skilyrðum.

17. gr.

Byggingarstjóri er framkvæmdastjóri byggingarframkvæmda. Hann ræður iðnmeistara í upphafi verks í samráði við eiganda eða samþykkir ráðningu þeirra. Sama gildir um uppsögn iðnmeistara. Að öðru leyti fer um umboð byggingarstjóra, verksvið hans og ábyrgð gagnvart eiganda byggingarframkvæmda eftir lögum og samningi þeirra.

18. gr.

Byggingarstjóri ber ábyrgð gagnvart byggingarnefnd og öðrum aðilum á því, að framkvæmdir séu í samræmi við samþykkta uppdrætti og að öðru leyti í samræmi við lög.

Byggingarstjóri skal, áður en byggingarframkvæmdir hefjast, undirrita yfirlýsingu um ábyrgð sína, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

Nánari ákvæði um réttindi og skyldur byggingarstjóra skulu sett í reglugerð.

19. gr.

Ákvæði 15.—18. gr. hagga í engu réttindum og skyldum byggingariðnaðarmanna, sveina og meistara, samkvæmt lögum um iðju og iðnað og öðrum lögum.

Iðnmeistarar skulu undirrita yfirlýsingu um ábyrgð sína, eftir því sem nánar verður kveðið á um í reglugerð.

VI. KAFLI
BYGGINGARFULLTRÚAR O. FL.

20. gr.

Sveitarstjórn skal, að fengnum tillögum byggingarnefndar, ráða sér byggingarfulltrúa. Skal byggingarfulltrúa sett erindisbréf í samráði við byggingarnefnd.

Svæðisbyggingarnefndir skv. 2. mgr. 6. gr. skulu, að fengnu samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórna, ráða byggingarfulltrúa og setja honum erindisbréf.

Erindisbréf skv. 1. og 2. mgr. skulu háð samþykki Skipulagsstjórnar ríkisins.

21. gr.

Byggingarfulltrúi skal vera arkitekt, byggingarfræðingur, byggingartæknifræðingur eða byggingarverkfræðingur. Í dreifbýli er heimilt að ráða búfræðikandidata úr tæknideild búnaðarháskóla í stöðu byggingarfulltrúa.

Fáist ekki maður í stöðu byggingarfulltrúa, sem fullnægi skilyrðum 1. mgr., getur sveitarstjórn að fengnum tillögum byggingarnefndar ráðið húsasmíða- eða múrarameistara til starfans.

Framangreindir aðilar skulu a. m. k. hafa 2ja ára starfsreynslu, sem byggingarnefnd metur gilda.

Þeir, sem gegna störfum byggingarfulltrúa við gildistöku laga þessara, skulu hafa rétt til að gegna starfi sínu áfram, þótt þeir fullnægi ekki skilyrðum 1. mgr.

22. gr.

Byggingarfulltrúi er framkvæmdastjóri byggingarnefndar. Hann undirbýr fundi byggingarnefndar og mál, sem þar verða lögð fram. Hann gengur úr skugga um, að byggingaruppdrættir séu í samræmi við lög og reglur, áritar uppdrætti og gefur út byggingarleyfi. Byggingarfulltrúi annast daglegt eftirlit með því, að hús og önnur mannvirki séu byggð í samræmi við samþykkta uppdrætti, lög og reglur. Hann annast úttektir einstakra þátta byggingarframkvæmda svo og lokaúttekt fullbyggðs mannvirkis, þegar þess er óskað og gefur út vottorð þar um, allt eftir því sem nánar er kveðið á um í byggingarreglugerð.

Byggingarfulltrúi sér um allt nauðsynlegt skrifstofuhald fyrir byggingarnefnd og annast varðveislu á skjölum hennar.

Þá annist byggingarfulltrúi önnur þau störf, sem honum eru falin samkvæmt lögum og reglum og störf, sem byggingarnefnd eða sveitarstjórn hefur falið honum, s. s. útmælingu lóða og afsetningu húsa.

23. gr.

Nánari ákvæði um verksvið byggingarfulltrúa, skyldur hans og réttarstöðu gagnvart byggingaryfirvöldum og byggingaraðilum skulu sett í reglugerð.

24. gr.

Sveitarstjórn (svæðisbyggingarnefnd) skipar aðstoðarmenn byggingarfulltrúa að fengnum tillögum hans, og starfa þeir í umboði hans. Aðstoðarmenn byggingarfulltrúa skulu vera sérfróðir um byggingarmálefni.

Sveitarstjórn skipar einnig annað starfslið byggingarfulltrúa eftir því sem þörf krefur.

25. gr.

Byggingarfulltrúa og starfsliði hans skal heimill aðgangur að byggingarmannvirki til eftirlits á vinnutíma.

26. gr.

Nú er viðhald eða frágangi húss eða annars mannvirkis ábótavant að dómi byggingarfulltrúa, og skal hann þá gera eiganda (umráðamanni) þess aðvart og leggja fyrir hann að bæta úr því, sem áfátt er innan tiltekins frests.

Sinni eigandi (umráðamaður) ekki áskorun byggingarfulltrúa um úrbætur, skal með slík mál fara samkvæmt 36. gr.

27. gr.

Sé ásigkomulag húss eða annars mannvirkis þannig, að hætta geti stafað af og eigandi (umráðamaður) hefur ekki sinnt áskorunum byggingarfulltrúa um úrbætur, getur byggingarnefnd, ef hún telur slíkt nauðsynlegt, látið fjarlægja eða rífa mannvirkið á kostnað eiganda (umráðamanns), en gera skal honum aðvart áður.

VII. KAFLI
LEYFISGJÖLD

28. gr.

Í byggingarreglugerð skal kveðið á um mælingagjöld og byggingarleyfisgjöld, þ. e. gjöld fyrir leyfi til að reisa, stækka eða breyta byggingarmannvirkjum. Ennfremur skal þar kveðið á um gjöld fyrir eftirlit, úttektir og vottorð, sem byggingarfulltrúi lætur í té.

29. gr.

Gjöld samkvæmt 28. gr. skulu miðast við vísitölu byggingarkostnaðar og renna í sveitarsjóð.

30. gr.

Í byggingarreglugerð skal kveðið á um innheimtu byggingarleyfisgjalda. Verði vanskil á greiðslu byggingarleyfisgjalda, getur byggingarfulltrúi neitað að gefa vottorð um viðkomandi mannvirki. Gjaldfallin byggingarleyfisgjöld má innheimta með lögtaki.

VIII. KAFLI
VIÐURLÖG

31. gr.

Ef byggingarframkvæmd er hafin án þess að leyfi sé fengið fyrir henni, ef byggt er á annan hátt en leyfi stendur til eða ef bygging er tekin til annarra nota en byggingarnefnd hefur heimilað, varðar það sektum. Ennfremur getur byggingarfulltrúi fyrirskipað stöðvun slíkrar framkvæmdar tafarlaust og fyrirskipað brottnám byggingar eða byggingarhluta. Er lögreglunni skylt að veita byggingarfulltrúa aðstoð við slíkar aðgerðir, ef þörf krefur. Byggingarfulltrúi skal, svo fljótt sem við verður komið, gera byggingarnefnd grein fyrir slíku máli.

Hliti byggingaraðili ekki fyrirmælum byggingarfulltrúa og lögreglu um stöðvun eða brottnám framkvæmda, getur byggingarnefnd krafist fógetagerðar til staðfestingar fyrirmælum byggingarfulltrúa.

Sveitarsjóður á endurkröfu á byggingaraðila á öllum kostnaði, sem hann hefur haft af ólöglegri byggingarframkvæmd, og á sveitarsjóður lögveð fyrir endurgreiðslukröfu sinni í öllu efni, sem komið er í hina óleyfðu byggingarframkvæmd.

32. gr.

Ef hönnuður skv. 11. gr. 1. mgr. leggur fyrir byggingarnefnd uppdrátt, þar sem brotið er í bága við ákvæði laga, reglugerða eða samþykkta um byggingarmálefni eða brýtur slík ákvæði á annan hátt, getur byggingarnefnd veitt honum áminningu. Hafi byggingarnefnd veitt hönnuði áminningu, skal hún tilkynna félagsmálaráðherra það. Sama gildir, ef um ítrekað brot er að ræða og ef nefndin telur hönnuð óhæfan til að gera uppdrætti.

Ráðherra getur veitt hönnuði áminningu og við ítrekað brot svipt hann landslöggildingu skv. 11. gr. 2. mgr. um tiltekinn tíma eða fyrir fullt og allt. Áður en ráðherra tekur slíkar ákvarðanir skal hann leita tillagna nefndar þeirrar, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 11. gr.

33. gr.

Ef byggingarstjóri brýtur ákvæði laga, reglugerða eða samþykkta um byggingarmálefni, getur byggingarnefnd veitt honum áminningu.

Ef brot byggingarstjóra er ítrekað eða alvarlegt, getur byggingarnefnd svift hann viðurkenningu skv. 15. gr., sbr. og 16. gr. laga þessara.

34. gr.

Ef hönnuður skv. 11. gr., byggingarstjóri eða iðnmeistari gerist alvarlega brotlegur í starfi, má dæma hann til greiðslu sekta.

35. gr.

Brot á lögum þessum, reglugerðum og samþykktum settum samkvæmt þeim, varða sektum, sem renna í sveitarsjóð. Í refsimáli skal gefa byggingarnefnd kost á að koma að endurgjaldskröfu vegna kostnaðar, sem sveitarsjóður hefur haft vegna brotsins.

36. gr.

Ef aðili sinnir ekki fyrirmælum byggingarfulltrúa eða byggingarnefndar innan 30 daga, getur byggingarnefnd ákveðið dagsektir, þar til úr verður bætt. Dagsektir renna í sveitarsjóð. Skjóta má slíkum málum til dómstóla.

Byggingarnefnd getur látið vinna verk, sem hún hefur lagt fyrir, að unnið skyldi, á kostnað þess, sem vanrækt hefur að vinna verkið.

Dagsektir og kostnað 1. og 2. mgr. má innheimta með lögtaki.

IX. KAFLI
GILDISTÖKUÁKVÆÐI O. FL.

37. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977, sbr. þó 2. gr. Ákvæði 2. mgr. 6. gr. sbr. 2. mgr. 20. gr. koma þó til framkvæmda smám saman og skulu að fullu komin til framkvæmda í árslok 1980, en jafnframt falla þá úr gildi ákvæði 5. gr. laga nr. 108/1945 um byggingarfulltrúa í sveitum.

Við gildistöku laga þessara 1. janúar 1977 falla úr gildi eftirtalin lagaákvæði:

Lög nr. 19, 20. október 1905 um byggingarsamþykktir.
Lög nr. 108, 31. desember 1945 um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verslunarstaðir, að undantekinni 5. gr.
Lög nr. 61, 31. október 1944 um byggingarmálefni Reykjavíkur.
Opið bréf 6. janúar 1857 um að stofna byggingarnefnd á verslunarstaðnum Akureyri.
Lög nr. 55, 10. nóv. 1905 um breyting á opnu bréfi 6. janúar 1857.
Opið bréf 26. janúar 1866 um að stofna byggingarnefnd í kaupstaðnum Ísafirði.
Lög nr. 23, 20. október 1905 um breyting á opnu bréfi 26. janúar 1866.
Lög nr. 14, 6. nóvember 1897 um að stofna byggingarnefnd í Seyðisfjarðarkaupstað.

Ennfremur falla úr gildi önnur lagaákvæði, sem brjóta í bága við þessi lög.

Ákvæði til bráðabirgða.

Almenn byggingarreglugerð skv. 4. gr. skal sett innan 3ja mánaða frá gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

A. Almennt.

Hinn 21. maí 1973 skipaði þáverandi félagsmálaráðherra, Hannibal Valdimarsson, níu manna nefnd til að endurskoða gildandi lög um byggingarmálefni og semja frumvarp til byggingarlaga, sem giltu fyrir landið allt. Þá var nefndinni falið í skipunarbréfi að gera tillögur um breytingu á skipulagslögum, ef hún teldi slíkt nauðsynlegt í sambandi við endurskoðun byggingarlaganna.

Í nefndina voru skipaðir eftirtaldir menn:
Ásmundur J. Jóhannsson frá Tæknifræðingafélagi Íslands,
Bjarni Arason frá landbúnaðarráðuneytinu,
Gunnar Sigurðsson frá Reykjavíkurborg,
Hannes Kr. Davíðsson frá Arkitektafélagi Íslands,
Karl Ómar Jónsson frá Verkfræðingafélagi Íslands,
Sigurður Guðmundsson frá Byggingafræðingafélagi Íslands,
Magnús E. Guðjónsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga,
Zóphónías Pálsson frá Skipulagsstjórn ríkisins og
Hallgrímur Dalberg frá félagsmálaráðuneytinu og var hann skipaður formaður nefndarinnar.

Í nóvember 1973 skipaði þáverandi félagsmálaráðherra, Björn Jónsson, tvo menn í nefndina til viðbótar, þá Gunnar S. Björnsson frá Meistarasambandi byggingarmanna og Hannes Helgason frá Sambandi byggingarmanna, þannig að nefndin hefur síðan verið skipuð ellefu mönnum.

Til að greiða fyrir störfum nefndarinnar ákvað ráðherra í upphafi að skipa þriggja manna starfsnefnd eða undirnefnd úr hópi aðalnefndarmanna. Í þá nefnd voru skipaðir formaður nefndarinnar, Hallgrímur Dalberg, Magnús E. Guðjónsson og Zóphónías Pálsson.

Aðalnefndin hefur haldið alls 20 fundi og undirnefndin 23 fundi. Í forföllum Ásmundar J. Jóhannssonar hefur varamaður hans, Bjarni Frímannsson, tekið þátt í störfum nefndarinnar og Leifur Blumenstein hefur tekið þátt í störfum nefndarinnar í forföllum Sigurðar Guðmundssonar.

Nefndirnar hafa kannað ítarlega gildandi lög íslensk um byggingarmálefni. Þá höfðu nefndirnar hliðsjón af frv. til byggingarlaga fyrir skipulagsskylda staði, sem lagt var fyrir Alþingi 1967/1968, en hlaut ekki afgreiðslu.

Nefndirnar öfluðu sér gagna frá hinum Norðurlöndunum um gildandi lög á sviði byggingar- og skipulagsmála og hugmyndir og tillögur, sem þar hafa komið fram um þau efni. Þá hafa einstakir nefndarmenn á ýmsum stigum nefndarstarfanna kynnt hugmyndir og tillögur nefndarinnar innan þeirra félaga og samtaka, sem þeir eru fulltrúar fyrir og fengið þaðan tillögur og ábendingar, sem fjallað hefur verið um í nefndunum.

Til þessa hafa gilt mismunandi lög um byggingarmál annarsvegar í þéttbýli og hins vegar í dreifbýli, bæði að því er varðar stjórn og meðferð byggingarmála og þær kröfur, sem gerðar eru til bygginga.

Um byggingarmálefni í þéttbýli eru lög nr. 19/1905 um byggingarsamþykktir, en þau lög gilda fyrir verslunarstaði og aðra skipulagsskylda staði og lög nr. 61/1944 um byggingarmálefni Reykjavíkur. Sjálf lögin varða fyrst og fremst stjórn og meðferð byggingarmálefna, en hafa auk þess að geyma nokkur ákvæði um tæknileg efni. Auk framangreindra lagaákvæða eru ennþá formlega í gildi ákvæði í opnu bréfi frá 6. janúar 1857 um að stofna byggingarnefnd á Akureyri, opnu bréfi frá 26. janúar 1866 um að stofna byggingarnefnd á Ísafirði og í lögum nr. 14/1897 um að stofna byggingarnefnd í Seyðisfjarðarkaupstað. Eins og sést á þessu yfirliti eru lagaákvæði um byggingarmálefni í þéttbýli orðin gömul og úrelt. Lögin nr. 19/1905 og nr. 61/1944 heimila sveitarstjórnum að setja byggingarsamþykktir. Auk ákvæða um stjórn og meðferð byggingarmála hafa í byggingarsamþykktum verið allítarleg ákvæði um gerð uppdrátta og bygginga. Með auglýsingu nr. 22/1967 gaf félagsmálaráðuneytið út fyrirmynd að byggingarsamþykktum fyrir löggilta verslunarstaði og aðra skipulagsskylda staði skv. lögum nr. 19/1905, og hafa fjölmörg sveitarfélög sett sér byggingarsamþykktir eftir þeirri fyrirmynd.

Um byggingarmálefni í dreifbýli gilda lög nr. 108/1945 með síðari breytingum um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verslunarstaðir. Virðast þau lög efnislega sniðin eftir lögunum nr. 19 frá 1905, nema ákvæðin um byggingarfulltrúa. Samkvæmt þessum lögum skulu sýslunefndir setja byggingarsamþykktir fyrir hlutaðeigandi sýslu, og hafa flestar sýslunefndir gert það. Í byggingarsamþykktum sýslnanna eru hinsvegar nær eingöngu ákvæði um stjórn og meðferð byggingarmála, en ákvæði um tæknileg atriði skortir í þessum byggingarsamþykktum.

Eins og fram kemur af þessu yfirliti eru bein lagaákvæði um byggingarmálefni orðin gömul og að mörgu leyti úrelt auk þess, sem mismunandi ákvæði gilda um þessi mál annarsvegar í þéttbýli og hinsvegar í dreifbýli. Þeim, sem um þessi mál fjalla, hefur lengi verið þetta ljóst, og talið æskilegt að úr þessu yrði bætt með því að setja heildarlög um byggingarmálefni. Árið 1924 var lagt fyrir Alþingi frumvarp til byggingarlaga. Frv. var í 92 greinum. Aðalhöfundur frv. mun hafa verið Guðjón Samúelsson, þáverandi húsameistari ríkisins. Frv. þetta varð ekki útrætt á Alþingi og mun ekki hafa verið lagt fyrir að nýju. Haustið 1967 var lagt fyrir Alþingi, frumvarp til byggingarlaga fyrir skipulagsskylda staði. Var það í 47 greinum. Var frumvarp þetta samið að tilhlutan félagsmálaráðuneytisins, sem falið hafði Skipulagsnefnd ríkisins, nokkrum árum áður að semja slíkt frumvarp. Eftir að Skipulagsstjórn ríkisins tók til starfa árið 1964, fól hún einum úr sínum hópi, Páli Líndal, borgarlögmanni, að fjalla um málið, og var hann aðalhtöfundur frumvarpsins, sem samið var í samráði við Skipulagsstjórn ríkisins, skipulagsstjóra og fulltrúa ýmissa samtaka. Einnig þetta frumvarp dagaði uppi á Alþingi og var ekki endur-

flutt. Hefur nefndin haft hliðsjón af ýmsum ákvæðum þessa frumvarps við samningu þess frumvarps, sem hér liggur fyrir.

Með hliðsjón af því hvernig byggingarstarfsemi og byggingarmálefni hafa þróast hér á landi, virðast öll rök mæla með því, að samskonar reglur gildi um byggingarmálefni hvarvetna á landinu, bæði hvað varðar stjórn og meðferð byggingarmálefna og ekki síður að því er varðar þær tæknikröfur, sem talið er sjálfsagt að gera til bygginga og annarra mannvirkja. Á það má benda, að fjárfesting í byggingum og öðrum mannvirkjum í dreifbýli er mjög mikil bæði í landbúnaði og sjávarútvegi, og virðast bæði einkahagsmunir eigenda mannvirkja og almannahagsmunir gera það nauðsynlegt, að jafn strangar kröfur verði gerðar til undirbúnings og frágangs mannvirkja í dreifbýli og gerðar eru í þéttbýli. Í samræmi við þetta sjónarmið og skipunarbréf nefndarinnar er þessu frv. til byggingarlaga ætlað, ef að lögum verður, að gilda fyrir landið allt, sbr. 1. gr. frv.

Strax í upphafi varð nefndin sammála um, að í frv. því til byggingarlaga, sem henni var falið að semja, yrðu ákvæði um stjórn og meðferð byggingarmála. Ennfremur yrðu í frumvarpinu heimildir til að setja í reglugerð eða reglugerðir ítarleg ákvæði um hin ýmsu tæknisvið byggingarmála hliðstætt því, sem nú er í byggingarsamþykktum einstakra sveitarfélaga. Yrði ákvæði í frv. sbr. 4. gr., um setningu einnar allsherjar byggingarreglugerðar, sem gilti fyrir landið allt, sem leysti af hólmi hinar fjölmörgu byggingarsamþykktir einstakra þéttbýlissveitarfélaga. Auk þess yrðu staðlar á ýmsum sviðum byggingariðnaðarins gefnir út í reglugerðarformi smám saman og birtir í B-deild Stjórnartíðinda. Loks yrði einstökum sveitarfélögum heimilað með samþykki félagsmálaráðuneytisins að setja sér sérstakar byggingarsamþykktir, ef þær óskuðu, þar sem sett yrðu ítarlegri ákvæði en væru í lögum og reglugerð um tiltekin atriði.

Telur nefndin mikilsvert, að hin almenna byggingarreglugerð skv. 4. gr. verði sett sem allra fyrst eftir gildistöku laganna.

Frv. er í 9 köflum, 37 greinum. Fyrirsagnir kaflanna eru svo sem hér greinir:

I. kafli **Gildissvið laganna.**
II. kafli **Yfirstjórn byggingarmála, almenn byggingarreglugerð og byggingarsamþykktir.**
III. kafli **Byggingarnefndir.**
IV. kafli **Byggingarleyfisumsóknir og byggingarleyfi.**
V. kafli **Byggingarstjórar.**
VI. kafli **Byggingarfulltrúar o. fl.**
VII. kafli **Leyfisgjöld.**
VIII. kafli **Viðurlög.**
IX. kafli **Gildistökuákvæði o. fl.**

Frumvarp þetta er óbreytt eins og það var afhent félagsmálaráðuneytinu af hálfu nefndarinnar sem samdi það, að öðru leyti en því, að breytt hefur verið 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins, að því er varðar kosningu manna í byggingarnefnd.

B. Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frv. er fjallað um gildissvið laganna. Sérstaklega er tekið fram, að þau nái til alls landsins, þar eð til þessa hafa gilt mismunandi lög í þéttbýli og dreifbýli, svo sem rakið er í inngangi athugasemda hér að framan.

Samkvæmt greininni er lögunum ætlað að gilda um hverskonar „mannvirki" ofan jarðar og neðan, sem áhrif hafa á útlit umhverfisins. Undanþegin ákvæðum laganna eru nánar tilgreind mannvirki á vegum opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga. Þrátt fyrir þessar undanþágur er gildissvið byggingarlaganna rýmkað verulega, frá því sem það er samkvæmt gildandi byggingarlögum, en þau taka einungis

til bygginga í þrengri merkingu, þ. e. húsbygginga. Samkvæmt greininni ná ákvæði frv. til íþróttavalla, sundlauga, stálgeyma og girðinga, svo að dæmi séu nefnd.

Mannvirki, sem skv. 1. mgr. 1. gr. eru undanþegin ákvæðum laganna, verða að sjálfsögðu háð ákvæðum skipulagslaga þ. e. þau verður að byggja í samræmi við skipulag. Þótti rétt að taka þetta sérstaklega fram í 2. mgr. 1. gr.

Um 2. gr.

Í 2. gr. frv. er ákvæði um heimild félagsmálaráðuneytisins til að veita undanþágu frá lögunum. Tilskilið er, að undanþága sé tímabundin og að um undanþágu frá tilteknum ákvæðum laganna sé að ræða. Undanþágur verða aðeins veittar tilteknu sveitarfélagi eða sveitarfélögum og aðeins þegar sérstaklega stendur á og að fenginni umsögn skipulagsstjórnar. Þar eð undanþáguheimildir eru bundnar svo þröngum skilyrðum, er ekki ástæða til að ætla, að mikið yrði um undanþágur frá ákvæðum laganna, og gera má ráð fyrir, að á undanþágur reyndi aðallega fyrstu árin eftir gildistöku laganna. Hinsvegar er undanþáguheimildin talin nauðsynleg, vegna þess að lögin fela í sér allmiklar breytingar á stjórn og meðferð byggingarmála einkum í dreifbýli, og gera má ráð fyrir, að sú skipan, sem lögin mæla fyrir um, verði ekki komin á allsstaðar við endanlega gildistöku laganna samkvæmt 37. gr. frv.

Þær undanþágur, sem einkum virðast geta komið til greina, eru varðandi kosningu byggingarnefnda, ráðningu byggingarfulltrúa og þau skilyrði, sem þeir þurfa að fullnægja, svo og varðandi ákvæðin um byggingarstjóra.

Um 3. gr.

Samkvæmt greininni fer félagsmálaráðuneytið með yfirstjórn byggingarmálefna, svo sem lengi hefur tíðkast, þótt um það hafi skort ákvæði í byggingarlögum. Af stofnunum, sem ráðuneytinu eru til aðstoðar við yfirstjórn þessara mála, eru tvær nefndar sérstaklega, sökum þess að þær fara með tiltekna þætti byggingarmála samkvæmt sérstökum lögum og heyra báðar undir félagsmálaráðuneytið.

Um 4. gr.

Í þessari gr. eru ákvæði um setningu almennrar byggingarreglugerðar, svo og um setningu sérreglugerða með ákvæðum um staðla og að birta skuli þessar reglugerðir í Stjórnartíðindum.

Í inngangi athugasemda er gerð grein fyrir þeirri leið, sem nefndin valdi við samningu frv., þ. e. að taka upp í frv. heimild til að setja með reglugerð eða reglugerðum ítarleg ákvæði um hin ýmsu tæknisvið byggingarmála. Ef slík ákvæði hefðu verið tekin upp í þetta frv., hefði það orðið mjög yfirgripsmikið. Vegna sífelldra tækniframfara og breytinga hefði mátt búast við tíðum breytingum á byggingarlögunum, en langtum auðveldara og vafningaminna er að sjálfsögðu að breyta reglugerð en lögum.

Í 2. mgr. 4. gr. eru talin upp ýmis atriði, sem nánar skuli fjallað um í byggingarreglugerð og ýmsum greinum frv. er fram tekið, að nánari ákvæði skuli sett í reglugerð, og er þá átt við byggingarreglugerðina samkvæmt þessari grein, s. s. 5., 10., 11., 18., 23. og 28. gr. — Að sjálfsögðu eru ekki talin upp í frv. tæmandi þau atriði, sem verða í byggingarreglugerð.

Verði frv. þetta að lögum, er mjög mikilvægt, að í beinu framhaldi af gildistöku laganna verði byggingarreglugerð gefin út.

Í 2. mgr. 4. gr. segir, að í byggingarreglugerð skuli skýra orð og hugtök, sem fjallað verður um í reglugerðinni og orkað geti tvímælis, s. s. stærðarhugtök og hugtök varðandi byggingarstig mannvirkja, t. d. hugtök eins og „fokhelt“ ástand húss og hvenær hús er „tilbúið undir tréverk“. Þótti réttara, að slík hugtök yrðu skilgreind í byggingarreglugerðinni en í lögum, en æskilegt er, að lagaleg skilgrein-

ing fáist á framangreindum hugtökum og ýmsum áþekkum, sem notuð eru mikið í lögskipan um húsbyggingar.

Um 5. gr.

Samkvæmt greininni er sveitarstjórnum heimilað að setja fyllri ákvæði en í þessu frv. eru og verða í væntanlegri byggingarreglugerð um ýmis ákvæði aðallega varðandi réttinda mál. Upptalningin í greininni er þó ekki tæmandi. Heimildir sveitarstjórna eru bundnar því skilyrði, að ákvæðin séu sett í formi samþykkta, sem staðfestar eru af félagsmálaráðuneytinu.

Þar sem ákvæði þessa frv. um stjórn og meðferð byggingarmála eru allítarleg og ákvæði væntanlegrar byggingarreglugerðar og sérreglugerða verða væntanlega einnig ítarleg, er trúlegt, að ekki reyni mikið á það, að einstök sveitarfélög setji sér sérstakar byggingarsamþykktir. Yrðu það einkum stærstu sveitarfélögin, sem það gerðu.

Um 6. gr.

Í þessari grein er fjallað um skipan byggingarnefnda. Samkvæmt greininni yrði skipan þeirra hagað með tvennu móti. Annarsvegar í þéttbýlissveitarfélögum með 300 íbúa eða fleiri og hinsvegar í dreifbýlishreppum með færri en 300 íbúa.

Í sveitarfélögum með 300 íbúa og fleiri verði sérstök byggingarnefnd í hverju sveitarfélagi, sbr. þó 2. mgr. 3. gr. Yrðu byggingarnefndir þar skipaðar 3, 5 eða 7 mönnum eftir stærð sveitarfélaga og ákvörðun hverrar sveitarstjórnar. Lagt er til, að sveitarstjórn kjósi menn í byggingarnefnd og nefndin skipti með sér verkum. Að öðru leyti er vísað til sveitarstjórnarlaga nr. 53/1961, sbr. 37. gr. þeirra laga varðandi kosningu byggingarnefndarmanna s. s. varðandi tilhögun kosninga og kjörtímabil, þannig að kjörtímabil byggingarnefndar verður fjögur ár, nema sveitarstjórn hafi sérstaklega ákveðið annað t. d. að kjörtímabil byggingarnefndar verði eitt ár.

Í 2. mgr. er fjallað um skipan byggingarnefnda í dreifbýli. Þau ákvæði fela í sér grundvallarbreytingu. Samkvæmt gildandi lögum skulu byggingarnefndir vera í hverju sveitarfélagi landsins. Skv. 2. mgr. er sveitarfélögum með 300 íbúa eða færri skylt að hafa samvinnu við nágrannasveitarfélag eða -félög um kosningu svonefndrar svæðisbyggingarnefndar. Þetta ákvæði er byggt á því, að byggingarstarfsemi í hinum minni sveitarfélögum, litlum sveitahreppum og þorpum, sé ekki svo umfangsmikil, að ástæða sé til að hafa þar sérstaka byggingarnefnd. Þótt sveitarfélög séu þannig skylduð til samvinnu um byggingarnefndir, er þeim frjálst að ákveða, við hvaða sveitarfélög þau hafi slíka samvinnu, en sú leiðbeining er gefin, að stefnt skuli að því, að svæðisbyggingarnefnd nái yfir svæði, sem er félagsleg og landfræðileg heild. Ekki er í 2. mgr. ákvæði um stærð umdæma svæðisbyggingarnefndar, og yrði það að fara eftir aðstæðum, en ekki virðist óeðlilegt að stefna að því, að í hverju umdæmi yrðu að jafnaði ekki færri en 2000 manns. Ljóst er, að einhver aðili verður að hafa forgöngu um samvinnu sveitarfélaga um skipun svæðisbyggingarnefnda, og í 2. mgr. 6. gr. er Landshlutasamtökum sveitarfélaga falið það hlutverk hverju í sínu umdæmi. Ákvæðið um skriflegan samning um skipan svæðisbyggingarnefnda er til að tryggja framkvæmd laganna að þessu leyti og áskilnaður um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á slíkum samningum er til að tryggja samræmi í slíkum samningum.

Í 2. mgr. 6. gr. sbr. og 20. gr. er gert ráð fyrir, að umdæmi svæðisbyggingarnefnda verði byggingarfulltrúaumdæmi og að hver svæðisbyggingarnefnd ráði byggingarfulltrúa. Þessi umdæmi yrðu því í reynd byggingarumdæmi.

Í lögum nr. 108/1945, 5. gr. er sýslunefndum heimilað að ráða byggingarfulltrúa fyrir hvert sýslufélag. Þar er ennfremur ákvæði um, að Byggingarsjóður, nú Stofnlánadeild landbúnaðarins skv. lögum nr. 45/1971, 5. gr., greiði helming af launum 7 byggingarfulltrúa í dreifbýli, enda nái starfssvæði þeirra yfir tiltekin svæði, sem nú falla saman við kjördæmin. Slíkir byggingarfulltrúar hafa starfað í öllum umdæmunum nema á Vestfjörðum og í Reykjanesumdæmi. Í lögum nr. 108/1945, 9. gr.

er byggingarfulltrúum í dreifbýli falið að undirbúa fundi einstakra byggingarnefnda í einstökum sveitarfélögum. Á þessu fyrirkomulagi hefur orðið nokkur misbrestur og samvinna einstakra byggingarnefnda og byggingarfulltrúa orðið næsta lítil. Ástæðan er trúlega hin mikla viðátta umdæmanna og mikil verkefni byggingarfulltrúanna. Auk eiginlegra byggingarfulltrúastarfa er skv. gildandi lögum byggingarfulltrúum í dreifbýli ætlað að annast leiðbeiningarstarfsemi varðandi byggingar m. a. að láta í té eða útvega uppdrætti af byggingum. Ennfremur er byggingarfulltrúunum ætlað að vera trúnaðar- og eftirlitsmenn Byggingarstofnunar landbúnaðarins, Stofnlánadeildar landbúnaðarins og Landnáms ríkisins sbr. 11. gr. laga nr. 108/1945.

Verði frv. þetta að lögum, er þó ákvæði í 37. gr. um, að ákvæði um skipun svæðisbyggingarnefnda og ráðningu svæðisbyggingarfulltrúa skuli koma til framkvæmda smám saman, eftir því sem samningar komast á um skipun svæðisbyggingarnefnda, og þetta ákvæði skuli að fullu komið til framkvæmda í árslok 1980, en jafnframt falli þá úr gildi ákvæði 5. gr. laga nr. 108/1945 um byggingarfulltrúa í sveitum. Mun því gefast allrúmur tími til að koma hinni nýju skipan á. Yrði ekki unnt að koma hinni nýju skipan á einhvers staðar fyrir árslok 1980, gæti ráðuneytið veitt undanþágu samkvæmt 2. gr.

Ætla verður, að þeir byggingarfulltrúar, sem nú eru starfandi samkvæmt 5. gr. laga nr. 108/1945 yrðu endurráðnir til byggingarfulltrúastarfa samkvæmt þessum lögum, ef þeir óskuðu þess, og væri eðlilegt, að landshlutasamtökin hefðu einnig um það forystu, að það yrði gert.

Af ákvæðum greinarinnar leiðir, að byggingarfulltrúum einkum í dreifbýli mun fjölga verulega, enda virðist ljóst, að á því er mjög brýn þörf. Sveitarfélög með færri íbúa en 300 eru nú rúmlega 150 að tölu. Ljóst er hins vegar að sveitarfélög í dreifbýli munu hafa aukin útgjöld, frá því sem nú er, vegna þátttöku í kostnaði af störfum byggingarfulltrúa, sbr. og ákvæði 20. gr. og athugasemd við það. Í þessu sambandi er þó rétt að benda á, að sýslusjóðsframlög hlutaðeigandi hreppa mundu lækka, þar sem útgjöld sýslusjóða vegna þátttöku í launum byggingarfulltrúa mundu jafnframt falla niður. Ennfremur má ætla, að tekjur af leyfisgjöldum skv. VII. kafla gætu víða komið verulega á móti auknum útgjöldum. Ef í ljós kæmi, að útgjaldaaukning dreifbýlissveitarfélaga á þessu sviði yrði tilfinnanleg, væru hugsanlegar ýmsar ráðstafanir til að draga úr eða jafna þennan kostnað, en reynslan yrði að skera úr því, hvort og/eða hve miklu leyti þeirra yrði þörf.

Um 7. gr.

Í þessari grein er fjallað um hlutverk byggingarnefnda. Hið daglega eftirlit með byggingarframkvæmdum er í höndum byggingarfulltrúa og starfsmanna hans, sbr. 22. gr. frv. Að öðru leyti virðist þessi grein ekki þarfnast skýringa.

Um 8. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um fundasköp byggingarnefnda. Eru þau yfirleitt í samræmi við almenn fundasköp. Þó er nýmæli ákvæðið í 5. mgr. 8. gr. um rökstuðning synjunar. Sanngjarnt virðist, að sá aðili, sem synjað er, fái ef hann óskar þess skýringu á því, hvers vegna umsókn hans eða erindi er synjað.

Rétt er að taka fram, að ef meiri hluti nefndarmanna er mættur á fundi en meiri hluti fæst ekki til þátttöku í afgreiðslu máls, er því máli frestað, en ekki synjað.

Ályktanir byggingarnefndar þurfa samþykki eða staðfestingu sveitarstjórnar, til þess að öðlast gildi sbr. þó niðurlag 7. gr., þar sem sveitarstjórn er heimilað að fela byggingarnefnd önnur tiltekin störf, en í þeim tilvikum væri hugsanlegt, að sveitarstjórn fæli byggingarnefnd fullnaðarákvörðun í tilteknum málum í samræmi við almenna heimild sveitarstjórna til að framselja vald sitt.

Að öðru leyti virðist greinin ekki þarfnast skýringa.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Eðlilegt virðist, að gerðar séu kröfur um menntun og reynslu til þeirra, sem gera uppdrætti af húsum og öðrum mannvirkjum, bæði aðaluppdrætti og séruppdrætti. Upptalningin í greininni er í stafrófsröð eftir starfsheitum. Í 1. mgr. er fram tekið, að hlutaðeigandi aðilar geri uppdrætti hver á sínu sviði. Nánar er tekið fram, að starfssvið markist af staðfestri starfsreynslu. Tiltekin fagmenntun að viðbættri tveggja ára starfsreynslu á hlutaðeigandi sviði veitir því aðila rétt til að gera uppdrætti á því sviði, en fram er tekið, að hin einstöku starfssvið skuli skilgreind í byggingarreglugerð. Ákvæðið í 2. mgr. um landslöggildingu þeirra, sem gera mega uppdrætti skv. 1. mgr., á að tryggja hvoru tveggja hæfni þessara aðila og atvinnumöguleika þeirra, hvar sem er í landinu. Jafnframt á ákvæðið að spara byggingaryfirvöldum fyrirhöfn við könnun á hæfni hlutaðeigandi aðila.

Að öðru leyti virðist efni greinarinnar ekki þarfnast skýringar.

Um 12. gr.

Hér er fjallað um verksmiðjuframleidd hús, og er efni greinarinnar nýmæli. Innflutningur slíkra húsa hefur farið vaxandi og framleiðsla þeirra er hafin innanlands. Skv. greininni verður byggingarnefnd að samþykkja uppdrætti af slíkum húsum með sama hætti og uppdrætti af öðrum húsum og þau verða að öðru leyti að fullnægja ákvæðum byggingarlaga.

Um 13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Í 1. mgr. er ákvæði um gildistíma byggingarleyfis, og er hann í samræmi við gildandi reglur. Að öðru leyti felast í greininni heimildir til handa byggingaryfirvöldum til að knýja á byggingarleyfishafa að halda byggingarframkvæmdum áfram með hæfilegum hraða. Þessar heimildir eru auknar, frá því sem er í gildandi lagaákvæðum að því er varðar beitingu dagsekta og heimild til eignaupptöku ófullgerðra mannvirkja. Dæmi eru um, að byggingar og önnur mannvirki hafa staðið áfram og jafnvel áratugum saman ófullgerð. Hefur byggingaryfirvöld til þessa skort lagaheimildir til að knýja byggingaraðila til úrbóta. Greininni er ætlað að bæta úr þessu. Í lok greinarinnar er sérstaklega vikið að samtengdum húsum, en hvað þau snertir, er sérstaklega þýðingarmikið, að húsin séu byggð upp nokkurn veginn samhliða, þar eð tafir á byggingu eins húss gætu valdið töfum og tjóni á byggingu nágrannahúsa.

Um 15. gr.

Í V. kafla 15.—19. gr. eru ákvæði um byggingarstjóra. Þessi ákvæði eru nýmæli.

Samkvæmt gildandi byggingarsamþykkt Reykjavíkur og flestum byggingarsamþykktum á skipulagsskyldum þéttbýlisstöðum veita byggingarnefndir húsasmíðameisturum og múrarameisturum löggildingu til að hafa umsjón með og bera ábyrgð á byggingarframkvæmdum. Við hverja byggingarframkvæmd þarf tvo löggilta meistara til að standa fyrir framkvæmdinni og bera ábyrgð á verkinu, sbr. ákvæði IV. kafla byggingarsamþykktar Reykjavíkur nr. 39/1965.

Í samræmdri byggingarsamþykkt fyrir skipulagsskylda staði utan Reykjavíkur sbr. Augl. nr. 22/1967 og byggingarsamþykktir einstakra staða er byggingarnefndum veitt heimild til að veita einum byggingarmeistara (húsasmíðameistara eða múr-

arameistara) réttindi til að standa fyrir byggingarframkvæmdum, og er sá meistari þá einn ábyrgur fyrir öllu verkinu. Með þessu heimildarákvæði má segja, að ákvæði um byggingarstjóra hafi í reynd verið lögfest.

Í frv. til byggingarlaga, sem lagt var fram á Alþingi haustið 1967, voru ákvæði um byggingarstjóra, og eru ákvæðin í þessu frv., 15.—19. gr. mjög áþekk þeim ákvæðum, sem í því frv. voru. Ákvæðin í frv. frá 1967 voru í meginatriðum samin í samvinnu við fulltrúa frá Arkitektafélagi Íslands, Meistarasambandi byggingarmanna og Verkfræðingafélagi Íslands. Þessir aðilar töldu ákvæðin um byggingarstjóra mjög til bóta.

Í flestum nágrannalöndum okkar hafa verið sett hliðstæð ákvæði um byggingarstjóra, þ. e. einn aðila, sem falin væri framkvæmdastjórn byggingarframkvæmdar. Hann væri ábyrgur gagnvart húsbyggjanda og byggingaryfirvöldum og yrði tengiliður allra iðnmeistara, sem störfuðu að framkvæmdum. Af ákvæðum iðnlöggjafarinnar leiðir, að sé byggingarstjóri ekki sjálfur húsasmíða- eða múrarameistari, verður hann að hafa menn með slík réttindi í þjónustu sinni auk meistara í öðrum iðngreinum.

Mismunandi verkefni munu gera mismunandi kröfur til byggingarstjóra. Við venjulegar húsbyggingar og smærri byggingarframkvæmdir munu byggingarstjórar eflaust veljast úr hópi húsasmíða- og múrarameistara, svo sem verið hefur. Heyrst hafa raddir um það, að ákvæði um byggingarstjóra kunni að leiða til hækkaðs byggingarkostnaðar. Þar sem telja má víst, að húsasmíða- og múrarameistarar yrðu í flestum tilvikum byggingarstjórar við almennar húsbyggingar jafnhliða störfum í sínum sérgreinum, verður ekki séð, að slíkt ætti að hafa aukakostnað í för með sér umfram það, sem verið hefur í reynd í sambandi við greiðslur til þess eða þeirra meistara, sem staðið hafa fyrir byggingarframkvæmdum.

Í 1. mgr. 15. gr. er ákvæði um, að byggingarnefnd veiti byggingarstjórum viðurkenningu. Telja verður, að viðurkenning í eitt (fyrsta) skipti nægi og haldi byggingarstjóri viðurkenningunni ótakmarkað, nema hann hafi verið sviptur henni skv. 2. mgr. 33. gr. Viðurkenningin er bundin við svæði hlutaðeigandi byggingarnefndar. Ekkert virðist því til fyrirstöðu, að aðili leiti slíkrar viðurkenningar hjá mörgum byggingarnefndum.

Um 16. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Vísað er til athugasemda um 15. gr. — Ákvæðið um ráðningu og uppsögn iðnmeistara er í samræmi við það, sem yfirleitt hefur tíðkast. Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

Um 18. gr.

Vísað er til athugasemda við 15. gr.

Um 19. gr.

Vísað er til athugasemda við 15. gr.

Um 20. gr.

Samkvæmt ákvæðum í byggingarsamþykktum fyrir skipulagsskylda staði skal sveitarstjórn skipa byggingarfulltrúa. Sjá hinsvegar um byggingarfulltrúa í sveitum í athugasemdum við 6. gr. — Í hinum stærri sveitarfélögum eru byggingarfulltrúar í fullu starfi og hafa aðstoðarmenn. Í minni sveitarfélögum eru byggingarfulltrúastörfin gjarnan aukastörf.

Í samræmi við ákvæði 6. gr. frv. er í þessari grein gert ráð fyrir, að sveitarstjórn ráði byggingarfulltrúa, nema þar sem svæðisbyggingarnefnd starfar, þar skulu þær ráða byggingarfulltrúa að fengnu samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórna. Ekkert

virðist því til fyrirstöðu, að byggingarfulltrúastarf sé aukastarf (hlutastarf), þar sem svo hagar til, en að jafnaði yrði að stefna að því, að um aðalstarf verði að ræða og í hinum stærri sveitarfélögum þarf byggingarfulltrúi að hafa aðstoðarmönnum á að skipa, sbr. 24. gr.

Skv. 3. mgr. 20. gr. þarf skipulagsstjórn ríkisins að samþykkja erindisbréf byggingarfulltrúa. Tilgangur þessa ákvæðis er að skapa samræmi varðandi efni erindisbréfa og starfssvið byggingarfulltrúa í samræmi við gildandi lög.

Um 21. gr.

Eðlilegt virðist með tilliti til ábyrgðar byggingarfulltrúa að gera nokkuð strangar kröfur um menntun hans og starfsreynslu. Er efni greinarinnar byggt á því sjónarmiði. Þó mundu skv. gr. allir starfandi byggingarfulltrúar halda starfsréttindum sínum sbr. niðurlag greinarinnar.

Um 22. og 23. gr.

Í þessum greinum er fjallað um starfssvið byggingarfulltrúa, en svo er fyrir mælt í 23. gr., að nánari ákvæði um þetta efni verði sett í reglugerð þ. á m. um réttarstöðu byggingarfulltrúa, en æskilegt er að tryggja hana sem best bæði gagnvart þeim, sem gera uppdrætti, húsbyggjendum, byggingarstjórum og hlutaðeigandi sveitarstjórn og byggingarnefnd.

Um 24. og 25. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 26. og 27. gr.

Í þessum greinum eru ákvæði um viðhald, frágang og ásigkomulag húsa og annarra mannvirkja og ráð til úrbóta af hálfu byggingaryfirvalda, ef þessum atriðum er ábótavant. Hefur til þessa skort ótvíræðar lagaheimildir til að knýja eigendur fasteigna til úrbóta, þegar þeir hafa ekki sinnt ábendingum um úrbætur. Virðist eðlilegt og sjálfsagt, að byggingaryfirvöld hafi slíkt eftirlit með höndum og þá jafnframt þær lagaheimildir, sem í þessum greinum eru.

Um 28.—30. gr.

Í þessum kafla, 28., 29. og 30. gr. eru ákvæði um gjaldtöku og er þar ákveðið, að nánari ákvæði um þau verði sett í byggingarreglugerð. Skv. 29. gr. miðist gjöld þessi við vísitölu byggingarkostnaðar. Ákvæði þessi virðast ekki þarfnast skýringa.

Um 31.—36.. gr.

Í VIII. kafla, 31.—36. gr. eru ákvæði um viðurlög vegna brota á ákvæðum laganna. Hér er um að ræða ýmsar tegundir viðurlaga, s. s. áminningu, leyfissviptingu, sviptingu viðurkenningar, dagsektir, sektir, stöðvun framkvæmda, brottnám framkvæmda og eignaupptöku, svo og bótaábyrgð. Til þess að eftirlit með framkvæmd byggingarlaga verði raunhæft, virðist vera þörf á heimild í lögum til að beita þessum viðurlögum, ef á þarf að halda, sem verður væntanlega aðeins í undantekningartilvikum. Að sjálfsögðu yrði að jafnaði gripið til hinna vægustu viðurlaga fyrst, s. s. nánar er fyrir mælt í einstökum greinum kaflans.

Að öðru leyti virðast ákvæði þessa kafla ekki þarfnast skýringa.

Um 37. gr.

Í greininni eru gildistökuákvæði og niðurfellingarákvæði.

Miðað er við gildistöku 1. janúar 1977, ef frv. yrði að lögum haustið 1976 ella yrði gildistöku laganna frestað. Þó er fram tekið, að ákvæði 2. mgr. 6. gr. um skipan svæðisbyggingarnefndar og 2. mgr. 20. gr. um ráðningu svæðisbyggingarfulltrúa

komi til framkvæmda smám saman og verði að fullu komin til framkvæmda í árslok 1980, en frá sama tíma falli úr gildi ákvæði 5. gr. laga nr. 108/1945 um byggingarfulltrúa sýslnanna. Ætti þannig að gefast nokkuð rúmur tími til að koma þeirri skipan á, sem fjallað er um í 2. mgr. 6. gr. Ef þessi tími reynist of skammur, gæti ráðuneytið veitt hlutaðeigandi sveitarfélögum undanþágu skv. 2. gr. frv.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þar sem ákvæði frv. byggja á því, að ákvæði um mikilvæg efnisatriði varðandi byggingarmálefni, s. s. tækniatriði, verði sett í almennri byggingarreglugerð, koma ákvæði frv., ef að lögum verður, ekki að fullum notum, fyrr en slík reglugerð hefur verið gefin út. Því virðist nauðsynlegt, að í frv. sé mælt fyrir um (frest til) útgáfu reglugerðarinnar.

Nd. 6. Frumvarp til laga [6. mál]

um breyting á skipulagslögum nr. 19 frá 21. maí 1964.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Öll sveitarfélög eru skipulagsskyld. Allar byggingar ofanjarðar og neðan og önnur mannvirki, sem áhrif hafa á útlit umhverfisins aðrar en byggingar á lögbýlum, skulu byggð í samræmi við áður gerðan skipulagsuppdrátt, sem samþykktur hefur verið af hlutaðeigandi sveitarstjórn og skipulagsstjórn ríkisins.

Gera skal skipulagsuppdrætti af öllum þéttbýlisstöðum, þar sem búa 50 manns eða fleiri eða þar sem ætla má að mati skipulagsstjórnar, að þéttbýli rísi.

Þegar sótt er um leyfi til byggingar á lögbýlum, skal fylgja leyfisumsókn til byggingarnefndar auk byggingaruppdrátta afstöðuuppdráttur, þar sem sýndar eru byggingar, sem fyrir eru og bygging sú, sem sótt er um leyfi til að byggja. Á afstöðuuppdrætti skal ennfremur sýna veg að býlinu og tengingu hans við þjóðveg. Þá skulu ennfremur sýndar vatnslagnir og holræsalagnir að og frá býli.

Ráðherra getur að fengnum tillögum skipulagsstjórnar látið gera drög að héraða- og landshlutaskipulagi.

2. gr.

5. gr. 2. mgr. laganna orðist svo:

Nú er skipulagsuppdráttur ekki fyrir hendi af sveitarfélagi eða af hluta þess sbr. 4. gr. eða af skipulagsskyldum stað og getur þá sveitarstjórn (byggingarnefnd) að fengnum meðmælum skipulagsstjórnar, leyft einstakar byggingarframkvæmdir, sem um kann að verða sótt. Leyfi fyrir slíkum byggingum getur sveitarstjórn bundið tilteknum skilyrðum sbr. 2. mgr. 12. gr. og 3. mgr. 4. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 21. maí 1973 skipaði þáverandi félagsmálaráðherra, Hannibal Valdimarsson, nefnd til að endurskoða gildandi lög um byggingarmálefni og semja frumvarp til byggingarlaga, sem giltu fyrir landið allt. Þá fól ráðherra nefndinni að gera tillögur um breytingar á skipulagslögum, ef hún teldi slíkt nauðsynlegt.

Byggingarlaganefndin hefur nú lokið samningu frumvarps til byggingarlaga. Í samræmi við ákvæði þess og samkvæmt heimild í skipunarbréfi taldi nefndin óumflýjanlegt að gera þá breytingu á skipulagslögum nr. 19/1964, að gildissvið skipulagslaga yrði rýmkað og nái til alls landsins, þannig að allar byggingar og önnur mannvirki hvar sem er á landinu skuli byggð í samræmi við áður gerðan skipulagsuppdrátt, sem samþykktur hefur verið af sveitarstjórn og skipulagsstjórn.

Skv. gildandi skipulagslögum nr. 19/1964, 4. gr. 1. mgr. nær skipulagsskylda til þéttbýlisstaða, þar sem búa 100 íbúar eða fleiri. Meðal þeirra mannvirkja, sem þannig mundu lúta ákvæðum skipulagslaga, eru mannvirki, sem undanþegin verða ákvæðum byggingarlaga skv. 1. gr. frv. til byggingarlaga, s. s. götur og vegir, dreifikerfi ýmiskonar, hafnarmannvirki og virkjanir.

Skv. 1. gr. frv. er þó sú undantekning gerð, að byggingar á lögbýlum í sveitum verða ekki háðar hinum almennu ákvæðum skipulagslaga um, að þær verði byggðar í samræmi við áðurgerða og samþykkta heildarskipulagsuppdrætti. Hinsvegar er áskilið í 3. mgr. 1. gr., að umsókn um leyfi til byggingar á lögbýlum skuli fylgja auk byggingaruppdrátta afstöðuuppdráttar, þar sem sýndar eru bæði byggingar, sem fyrir eru og bygging sú, sem sótt er um leyfi til að byggja. Ennfremur skal sýna veg að býlinu og tengingu hans við þjóðveg, svo og vatnslagnir og holræsalagnir.

Skv. 2. mgr. 1. gr. er skylt að gera skipulagsuppdrætti af þéttbýlisstöðum, þar sem búa 50 manns eða fleiri eða þar sem ætla má, að þéttbýli rísi.

Sé slíkur uppdráttur ekki fyrir hendi, getur byggingarnefnd (sveitarstjórn) þó með samþykki skipulagsstjórnar leyft einstakar byggingarframkvæmdir með skilyrðum skv. 2. gr.

Á hinum Norðurlöndunum eru lög um byggingarmálefni og skipulagsmál (byggingarskipulag) yfirleitt í einum og sama lagabálki. Nefndin taldi ástæðulaust, að sá háttur yrði upptekinn hér, enda eru skipulagslögin tiltölulega ung að árum og nefndinni var ekki beinlínis falið í skipunarbréfi sínu að hafa þann hátt á.

Ákvæðið um undanþágu bygginga á lögbýlum frá skipulagsskyldu, þ. e. að fyrir hendi þurfi að vera samþykktur skipulagsuppdráttur af byggingum á lögbýlum, er í samræmi við þá skipan ,sem á er höfð víða erlendis t. d. í Noregi og Svíþjóð.

Ákvæði 4. mgr. 1. gr. um héraða- og landshlutaskipulag er óbreytt, frá því sem nú er í skipulagslögum.

Nd. 7. Frumvarp til laga [7. mál]

um almenningsbókasöfn.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi, 1975.)

1. gr.

Almenningsbókasöfn skulu starfa í öllum byggðum landsins til sjávar og sveita.

Almenningsbókasöfn eru mennta-, upplýsinga- og tómstundastofnanir fyrir almenning. Þau skulu gefa fólki sem bestan kost á að lesa og færa sér í nyt bækur og veita afnot af nýsigögnum, svo sem hljómplötum, segulböndum og öðrum miðlunargögnum til fræðslu og dægradvalar.

2. gr.

Almenningsbókasöfn eru:

Bæjarbókasöfn (borgarbókasafn í Reykjavík), bæjar- og héraðsbókasöfn, héraðsbókasöfn, hreppsbókasöfn, bókasöfn í sjúkrahúsum, hælum, vistheimilum og fangahúsum.

3. gr.

Landið skiptist í bókasafnsumdæmi.

Bæjarbókasöfn starfa í kaupstöðum og skulu hafa útibú í bæjarhverfum eftir ástæðum.

Bæjar- og héraðsbókasöfn starfa í kaupstöðum en rækja jafnframt bókasafnsþjónustu í byggðunum í kring. Héraðsbókasöfn eru aðalsöfn hvert í sínu umdæmi og skulu vera sem næst miðsvæðis.

Bókasafnsumdæmi skulu ákveðin í reglugerð, svo og aðsetur héraðsbókasafna.

4. gr.

Hreppsbókasöfn starfa í þeim hreppum þar sem héraðsbókasöfn eru ekki. Í hverjum hreppi skal vera bókasafnsþjónusta en heimilt er að fela héraðsbókasafni að annast þessa þjónustu gegn lögboðnu fjárframlagi. Einnig geta tveir eða fleiri hreppar sameinast um rekstur bókasafns ef um það næst samkomulag.

5. gr.

Heimilt er að sameina almenningsbókasafn og skólasafn og reka sameiginlega ef forráðamenn beggja telja slíkt æskilegt og menntamálaráðuneytið samþykkir.

6. gr.

Í öllum sjúkrahúsum landsins, hælum vistheimilum og fangahúsum skal vera bókasafn kostað og rekið af viðkomandi stofnun.

Heimilt er að fela almenningsbókasafni í byggðarlaginu þessa þjónustu enda greiði stofnunin hæfilega þóknun fyrir að mati viðkomandi aðila. Nánari ákvæði um búnað og starfsemi þessara bókasafna skulu sett í reglugerð.

7. gr.

Almenningsbókasöfn eru rekin af sveitarfélögum og kjósa sveitarstjórnir bókasafnsstjórnir. Þó er heimilt að gömul lestrarfélög starfi áfram á svipuðum grundvelli og verið hefur og í samráði við hreppsnefndir.

8. gr.

Lágmarksfjárframlög sveitarfélaga til rekstrar almenningsbókasafna skulu vera sem hér segir:

a) Til bæjarbókasafns greiðir bæjarsjóður kr. 1000 á hvern íbúa kaupstaðarins.
b) Til bæjar- og héraðsbókasafns greiðir bæjarsjóður kr. 1000 á hvern íbúa kaupstaðarins. Önnur sveitarfélög í umdæminu greiða kr. 100 á hvern íbúa og stendur sýslusjóður skil á þessari greiðslu.
c) Til héraðsbókasafns greiðir sveitarsjóður, þar sem safnið er, kr. 1000 á hvern íbúa hreppsfélagsins. Önnur sveitarfélög í umdæminu greiða til safnsins kr. 100 á hvern íbúa og stendur sýslusjóður skil á þessari greiðslu.
d) Til hreppsbókasafns greiðir viðkomandi hreppssjóður (hreppssjóðir) kr. 750 á hvern íbúa hreppsins (hreppanna).

Þessi lágmarksfjárframlög sveitarfélaga skulu endurskoðuð árlega og færð til samræmis við verðlag í landinu samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands.

9. gr.

Ríkissjóður greiðir rekstrarframlag til almenningsbókasafna. Skal það nema þriðjungi af lögboðnum rekstrarfjárframlögum sveitarfélaga, sbr. 8. gr., samkvæmt skýrslum síðasta árs frá söfnunum og manntali.

Heimilt er að verja árlega allt að 3% af heildarframlagi ríkis til sameiginlegra þarfa í þágu safnanna samkvæmt ákvörðun menntamálaráðuneytis hverju sinni.

10. gr.

Sveitarfélög skulu reisa bókhlöður og búa þær nauðsynlegum húsbúnaði og tækjum. Heimilt er að kaupa eða leigja húsnæði fyrir söfnin. Ríkissjóður greiðir helming byggingar- og húsbúnaðarkostnaðar bókhlöðu eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum enda hafi áætlanir og teikningar verið samþykktar af menntamálaráðuneyti, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

11. gr.

Menntamálaráðuneyti fer með málefni almenningsbókasafna. Sérstakur fulltrúi í ráðuneyti annast málefni safnanna. Nánari ákvæði um starfssvið hans má setja í erindisbréfi. Til ráðgjafar um málefni safnanna skulu vera tveir fulltrúar, annar tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og hinn af Bókavarðafélagi Íslands til fjögurra ára í senn.

12. gr.

Ríkissjóður greiðir árlega 12 milljónir króna í Rithöfundasjóð Íslands fyrir afnot bóka íslenskra höfunda í þeim söfnum sem þessi lög gilda um. Þessi fjárhæð skal endurskoðuð árlega til samræmis við verðlag, sbr. 8. gr.

Sérstaka reglugerð skal setja um Rithöfundasjóð Íslands í samráði við Rithöfundasamband Íslands.

13. gr.

Menntamálaráðuneyti setur reglugerð um starfsemi almenningsbókasafna. Skal þar kveðið á um húsnæði, búnað, ráðningu bókavarða og starfsfólks, kosningu bókasafnsstjórna, skipulag og framkvæmd bókasafnsþjónustu í dreifbýli o. s. frv. Áður en reglugerðin er gefin út skal hún send stjórnum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Bókavarðafélags Íslands til umsagnar.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1976. Um leið falla úr gildi lög nr. 22/1963 um almenningsbókasöfn og önnur ákvæði er kunna að brjóta í bága við þessi lög.

Ákvæðin um fjárframlög koma til framkvæmda á þremur árum frá gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samhljóða frv. var lagt fyrir 96. löggjafarþing er varð eigi útrætt. Fylgdi því svofelld greinargerð:

„Fyrir Alþingi 1974 (94. löggjafarþing) var lagt frumvarp til laga um almenningsbókasöfn en varð eigi útrætt.

Þetta frv. miðar að því að sett verði um almenningsbókasöfn rammalöggjöf en um framkvæmdaatriði nánari ákvæði í reglugerð. Núgildandi lög nr. 22/1963 eru úrelt hvað fjárframlög varðar og hefur það mjög háð bókasafnsstarfsemi að undanförnu, sérstaklega í hinum dreifðu byggðum og kauptúnum.

Um 1. gr.

Það hefur komið í ljós á síðustu árum og áratugum hér á landi að almenningsbókasöfn hafa sífellt þýðingarmeira hlutverki að gegna í þjóðfélaginu. Aukið þéttbýli og breyttir lifnaðarhættir gera bókasöfn enn nauðsynlegri en áður var. Bókakostur æ fleiri heimila verður rýrari vegna hækkandi bókaverðs og kaupa á dýrum fjölmiðlunartækjum og gögnum, svo sem útvarpi og sjónvarpi, tónflutningstækjum og plötum og nýsigögnum af ýmsum gerðum. Bókasöfnin verða því að sjá uppvaxandi kynslóð og öllum almenningi fyrir bókum ef lestrarvenjur þjóðarinnar

eiga að haldast í horfinu. Það verður að verulegu leyti þeirra hlutverk að fullnægja lestrarþörf og lestrarþrá ungra og gamalla. Jafnframt hljóta þau að verða í sífellt meira mæli upplýsingamiðstöðvar fólks í leit að margvíslegum tómstundaverkefnum, bæði í fræðsluskyni og til dægradvalar.

Fyrsta grein frv. markar verksvið almenningsbókasafna og mun þróun og umsvif hvers safns að sjálfsögðu fara eftir aðstæðum og ástæðum á hverjum stað og tíma.

Um 2. og 3. gr.

Í frv. eru almenningsbókasöfn flokkuð í samræmi við gildandi lög. Ráðandi stefna á undanförnum árum hefur verið sú að efla héraðsbókasöfnin svo að þau verði fær um að annast bókasafnsþjónustu í dreifbýli í vaxandi mæli. Þessi starfsemi hefur reynst heilladrjúg þar sem söfnin eru einhvers megnug og ber að flýta þessari þróun eftir mætti. Sum héraðsbókasöfn hafa þegar reynst þessu hlutverki vaxin og er nauðsynlegt að renna styrkari fjárhagsstoðum undir starfsemi þeirra.

Bókasafnsumdæmi þurfa ekki endilega að vera háð sýslu- eða hreppamörkum og því er eðlilegt að kveða á um mörk í reglugerð fremur en lögum, ekki síst þar sem gera má ráð fyrir að þeim þurfi að breyta við og við í samráði við heimamenn.

Um 4. gr.

Á landinu eru nú starfandi 150—160 lestrarfélög og hreppsbókasöfn. Eru mörg þeirra gömul og gróin en önnur á fallanda fæti. Augljóst er að þessum litlu söfnum mun fækka á komandi árum við breyttar aðstæður, samgöngubætur og byggðaþróun. Greininni er ætlað að gera þessa þróun auðveldari.

Um 5. gr.

Í grunnskólalögum nr. 63/1974, 72. gr., er gert ráð fyrir sameiningu og samvinnu skólasafna og almenningsbókasafna. Í nokkrum sveitarfélögum er þegar farið að athuga þessa skipan mála og sjálfsagt að hafa þetta ákvæði einnig í þessum lögum. Hins vegar þarf um þetta samstarf — eða sameign — sérsamning við mismunandi aðstæður í hverri byggð fyrir sig.

Um 6. gr.

Bókasöfn eru sjálfsögð í öllum sjúkrahúsum, hælum, vistheimilum og fangahúsum. Með þeim á að reikna í skipulagi og rekstri stofnunarinnar. Hins vegar kemur til greina að almenningsbókasafn í byggðinni annist þessa þjónustu, annað hvort að einhverju eða öllu leyti. En um þá starfsemi verða þá að gilda ákveðin fyrirmæli og samningar. Sömuleiðis er þörf á nánari ákvæðum um þessi söfn í reglugerð.

Um 7. gr.

Sveitarfélög reka bókasöfnin og fara með stjórn þeirra. Samt hefur það tíðkast frá öndverðu að sérstök lestrarfélög, stofnuð af ungmennafélögum og fleiri áhugamannahópum, reki söfn og séu í rauninni eigendur þeirra. Ekki þykir rétt að kippa fótum undan þessari tilhögun á rekstri safnanna þó að hreppsnefndir hljóti að sjálfsögðu að bera ábyrgð á starfseminni.

Um 8., 9. og 10. gr.

Reynt hefur verið að hafa útreikninga á framlögum til rekstrar safnanna glögga og auðvelda í framkvæmd. Deila má að sjálfsögðu um fjárhæðir en trauðla mun unnt að reka nútíma bókasöfn fyrir minna fé en hér er gert ráð fyrir. Reynsla af núgildandi lögum hefur sannað að nauðsynlegt er að endurskoða þessi fjárframlög árlega og færa til samræmis við verðlag í landinu. Sveitarfélögin eiga og reka

söfnin en gert er ráð fyrir að ríkið leggi þeim ákveðið rekstrarframlag eða styrk. Er það eðlilegt meðan söfnin eru að þróast og eflast.

Sama máli gegnir um bókhlöðubyggingar. Þó að þær teljist eign sveitarfélaga og þeim beri því að hafa forgöngu um að reisa þær er rétt að ríkissjóður stuðli að byggingu þeirra með ákveðnu stofnframlagi svo sem gildir um skóla, íþróttamannvirki og félagsheimili. Almenningur á frjálsan aðgang að þessum menningarstofnunum og þær munu á komandi tímum gegna æ þýðingarmeira hlutverki, m. a. í fullorðinsfræðslu og tómstundaiðju.

Rétt þykir að tengja sýslusjóði við rekstur og uppbyggingu safnanna. Á undanförnum árum hafa sumar sýslunefndir reynst héraðsbókasöfnum miklir máttarstólpar og allvíða eru sýslur eignaraðilar að góðum söfnum og bókhlöðum.

Reynslan hefur sýnt að stundum er nauðsynlegt að hafa viss fjárráð til heildarátaka fyrir öll söfn í landinu. Því er lagt til að heimilt sé að taka allt að 3% af ríkisframlagi til sameiginlegs verkefnis ef þurfa þykir. Þessa mun lítið gæta í framlögum til einstakra safna en getur orðið bókasafnsþjónustunni í landinu til ómetanlegs gagns. Þessu til stuðnings má benda á útgáfu Flokkunarkerfis fyrir íslensk bókasöfn, námskeið og nýstofnaða skráningarmiðstöð.

Um 11. gr.

Bókafulltrúi ríkisins var með fyrstu lögum um almenningsbókasöfn frá 1955 fulltrúi í Fræðslumálaskrifstofu. Með lagabreytingu 1963 varð hann sjálfstæður embættismaður með aðsetri á Fræðslumálaskrifstofu en síðustu árin hefur hann verið starfsmaður menntamálaráðuneytisins. Þar sem þessi skipan reynist vel er talið sjálfsagt að tilsjónarmaður með almenningsbókasöfnum sé starfsmaður ráðuneytisins. Þá er eðlilegt að fulltrúi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og annar frá Bókavarðafélagi Íslands sé til ráðuneytis um málefni safnanna enda hafa ákvæði um slíkar samstarfsnefndir verið tekin í fleiri lög, svo sem grunnskólalög og lög um menntaskóla.

Um 12. gr.

Hér er lagt til að ríkissjóður standi einn undir greiðslum til rithöfunda vegna afnota af bókum þeirra í almenningsbókasöfnum. Getur það þá talist viðbótarframlag til safnanna. Eðlilegt er að ákvæði um stjórn Rithöfundasjóðs Íslands, úthlutun úr honum og starfshætti séu reglugerðaratriði enda eru þau á hverjum tíma samningamál milli ríkisvalds og rithöfundasamtaka.

Um 13. gr.

Þar sem hér er um frv. að rammalöggjöf að ræða er nauðsynlegt að gera ráð fyrir reglugerð samkvæmt lögunum þar sem m. a. sé kveðið á um innri starfsemi, starfsfólk, húsnæði og búnað. Rétt þykir að reglugerðin sé borin undir þá aðila sem mikinn hlut eiga að máli, þ. e. stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og stjórn Bókavarðafélags Íslands.

Um 14. gr.

Vegna þess hve úrelt lögin um almenningsbókasöfn eru er mikill munur á ákvæðum þeirra um fjárframlög og þessa frv. Því þykir rétt að nokkur aðlögunartími sé um gildistöku ákvæðanna um fjárframlög. Verði frv. að lögum á yfirstandandi þingi verða 3 ár til stefnu um gildistöku fjárframlaga að fullu. Ætti það að vera viðunanlegt fyrir alla aðila. Mestu máli skiptir að hið bráðasta sé mörkuð ákveðin stefna um framtíðargrundvöll íslenskra almenningsbókasafna.

Um áætlaðan rekstrarkostnað samkvæmt frv. vísast til fskj.“

Fylgiskjal.

Rekstrarfjárframlög samkvæmt frv. um almenningsbókasöfn

(í þús. kr.)

(Miðað við manntal 1. des. 1974)

Bæjar- og héraðsbókasöfn	Bæjar- eða hreppsfél.	Sýsla	Ríki	Samt.
Grindavík	1 598		533	2 131
Keflavík	6 097	410	2 169	8 676
Hafnarfjörður	11 394	422	3 939	15 755
Kópavogur	11 941		3 980	15 921
Eðlilegt er, að gjald komi fyrir vinnslu varma úr háhitasvæðum og renni það gjald til Orkusjóðs, sem kostar rannsóknir á þeim. Gjald þetta mætti tilgreina sem ákveðinn hundraðshluta, t. d. 1—2% á ári af stofnkostnaði eða endurnýjunarverðmæti borhola, sem notaðar eru til vinnslu varmans.

Um 2. mgr. Með ákvæði þessu er sveitarfélögum, sem land eiga á háhitasvæði, veittur forgangsréttur til vinnsluleyfis án vinnslugjalds fyrstu fimmtán árin eftir gildistöku laganna. Ákvæði þetta hefur í för með sér, að ekki verður unnt að skipuleggja endanlega nýtingu þeirra háhitasvæða, sem sveitarfélög eiga land á, fyrr en fimmtán ár eru liðin frá gildistöku laganna og fram er komið hversu víðtæks vinnsluleyfis sveitarfélag óskar, en með ákvæði þessu er komið til móts við þau sveitarfélög, sem keypt hafa land á háhitasvæði með nýtingu háhitans í huga. Þá er sveitarfélögunum og tryggt með þessu ákvæði, að á þau verður ekki lagt leyfisgjald fyrir þá vinnslu, sem þau ákveða og sækja um á næstu fimmtán árum eftir gildistöku laganna. Ekki þykir fært að veita sveitarfélögum ótakmarkaða undanþágu frá lögunum eða ótímabundinn forgangsrétt til vinnsluleyfis, þar eð slíkt mundi leiða til þess, að sá hluti háhitasvæðis, sem ekki er í eigu sveitarfélags, verður ekki skipulagður til hlítar vegna óvissu um framtíðaraðgerðir sveitarfélags.

Um 3. mgr. Upplýsingar, sem ráðherra þarf að krefjast, eru m. a., að uppdrættir og áætlanir séu tæknilega rétt, vinnslan verði fjárhagslega hagkvæm og að tryggður

sé eðlilegur og truflanalaus rekstur. Vinnsluaðili skal haga rekstrinum þannig, að óþægindi og spjöll á umhverfi verði sem minnst. Enn fremur þarf vinnsluaðili að tryggja, að tæknilegum frágangi og eftirliti sé svo hagað, að Orkustofnun geti fylgst með vinnslunni og áhrifum hennar á jarðhitasvæðið.

Um 4. mgr. Gert er ráð fyrir því, að sú vinnsla, sem byrjuð er á háhitasvæði, megi haldast óbreytt án þess að vinnsluaðili þurfi að sækja um leyfi til áframhaldandi vinnslu. Til frekari borunar og vinnslu þarf þó að sækja um leyfi.

Um 5. mgr. Hugsanlegt er, að einkaaðili eða bæjar- og sveitarfélag, sem borað hefur á síðustu árum á háhitasvæði, með einhverja nýtingu í huga, geti nú vegna þessarar lagabreytingar hætt við þá fyrirætlun og vilji selja ríkinu borholurnar. Ekki þykir þó ástæða til að láta þetta ná til eldri borhola en frá árinu 1965.

Um 6. mgr. Í þessum tilvikum eru sett ákvæði um bætur til þeirra, sem verða fyrir tjóni vegna borunar eftir jarðhita á háhitasvæði, en þeir aðilar, sem verndaðir eru af bótaákvæðinu, eru eigendur lands á háhitasvæði, þar sem er að finna hveri eða annan náttúrulegan jarðhita á yfirborði, svo að þeir, sem byrjað hafa vinnslu jarðhita á háhitasvæði.

Stórfelld og langvarandi varmavinnsla úr háhitasvæði getur lækkað vatnsborð heita grunnvatnsins. Afrennsli nær þá ekki lengur til yfirborðs, svo að hverir þorna eða breytast í gufuaugu. Vinnslan getur einnig leitt til þess, að kalt yfirborðsvatn brjótist inn á svæði, sem áður var heitt. Lækkun á heitu grunnvatni og minnkun á gufusvæmi upp til yfirborðs getur orðið til þess, að vatn nálægt yfirborði, sem áður hitnaði við rennsli um efstu jarðlög, fari kólnandi, þar sem minni varmi berst að neðan.

Um 3. gr.

Orðalagi greinarinnar er breytt til að taka af öll tvímæli um, að ráðherra sé heimilt að leyfa öðrum en ríkisstofnunum að framkvæma rannsóknir á jarðhita hvar sem er á landinu. Nýtt ákvæði er um að binda skuli slíkt leyfi skilyrðum þess efnis, að Orkustofnun gefist kostur á að fylgjast með rannsóknum leyfishafa og leyfishafi skuli láta ráðherra í té skýrslu um niðurstöður rannsóknar að henni lokinni.

Um 4. gr.

Á þessari grein er gerð breyting þess efnis, að landeigendum og leiguliðum er skylt að þola þær kvaðir, sem í greininni eru taldar, einnig í þeim tilvikum, þegar leyfi er veitt til borunar og vinnslu á háhitasvæði og komi fullt endurgjald fyrir.

Um 5. gr.

Þetta er nýtt ákvæði, sem ætlað er að tryggja, að Orkustofnun geti fylgst með öllum borunum á meira dýpi en 100 metra. Gefst þá Orkustofnun kostur á að tilkynna þeim, sem hyggst bora, hvort um háhita- eða lághitasvæði er að ræða.

Orkustofnun er skylt að fylgjast með vinnslu jarðhita og nýtingu hans. Nær allar boranir eftir jarðhita eru nú gerðar með vitund Orkustofnunar og eru þær borholur yfirleitt dýpri en 100 m. Vinnsla jarðhita með grynnri borholum kemur helst til greina, þegar borað er rétt við hveri í þeim tilgangi að auðvelda beislun þess vatns, sem í hverunum er.

Um 6. gr.

Þar sem lagt er til í 2. gr., að gjöld fyrir leyfi til varmavinnslu renni í Orkusjóð, er nauðsynlegt að taka upp nýtt ákvæði um þennan tekjulið.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Sþ. **15. Fyrirspurn** [13. mál]

til félagsmálaráðherra um athugun á fasteignamatslögum og lögum um sambýli í fjölbýlishúsum.

Frá Eggert G. Þorsteinssyni.

1. Hvað líður framkvæmd ályktunar Alþingis um athugun á breytingu á fasteignamatslögum og lögum um sambýli í fjölbýlishúsum, frá 26. mars 1974?
2. Hvenær má búast við, að lagafrumvarp til breytinga á umræddum lögum samkv. ályktun Alþingis verði lagt fram?

Ed. **16. Lög** [4. mál]

um breyting á lögum nr. 102 27. des. 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

(Afgreidd frá Ed. 14. okt.)

Samhljóða þskj. 4.

Sþ. **17. Fyrirspurnir.** [14. mál]

I. Til iðnaðarráðherra um raforkumál á Snæfellsnesi.

Frá Benedikt Gröndal.

1. Hvað veldur því, að raforka hefur verið ótryggari, spennufall algengara og tjón af því meira en fyrr á Snæfellsnesi eftir að nesið var tengt við raforkukerfi Suðvesturlands?
2. Er hægt að bæta úr þessu fljótlega til að forðast vandræði á komandi vetri?

II. Til viðskiptaráðherra varðandi verðlagsbrot í útreikningi ákvæðisvinnu í byggingariðnaði.

Frá Sighvati Björgvinssyni.

1. Eru einhverjar aðgerðir fyrirhugaðar til þess að tryggja og auðvelda húsbyggjendum að fá endurgreiddar þær fjárhæðir, sem verðlagsráð hefur nýlega upplýst að óleyfilega hafi verið af þeim hafðar með röngum útreikningum á launatengdum gjöldum vegna ákvæðisvinnu iðnmeistara?
2. Verða gerðar einhverjar sérstakar ráðstafanir af hálfu verðlagsyfirvalda til þess að tryggja betur en gert hefur verið að alvarleg verðlagsbrot af þessu tagi eigi sér ekki stað?

Nd. **18. Frumvarp til laga** [15. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19 12. febrúar 1940.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi, 1975—76).

I. KAFLI

1. gr.

40. gr. laganna orðist svo:

Þegar fangi hefur tekið út ⅔ hluta refsitímans, en þó minnst 4 mánuði, getur dómsmálaráðherra eða annað stjórnvald, sem hann felur úrlausn slíks máls, ákveðið að fanginn skuli látinn laus til reynslu.

Reynslulausn má þó veita, ef sérstaklega stendur á, þegar liðinn er helmingur refsitímans.

Reynslulausn úr fangelsi verður ekki veitt, ef slíkt þykir óráðlegt vegna haga fangans, enda skal honum vís hentugur samastaður og vinna eða önnur kjör, sem nægja honum til lífsuppeldis. Yfirlýsing hans skal og fengin um það, að hann vilji hlíta skilyrðum þeim, sem sett eru fyrir reynslulausn.

Þegar fangi fær lausn til reynslu, skal afhenda honum skírteini, er greini skilyrði fyrir reynslulausn og hverju skilorðsrof varði.

2. gr.

41. gr. orðist svo:

Reynslutími skal vera allt að 3 árum. Nú er refsivist sú, sem eftir stendur, lengri en 3 ár, og má þá ákveða reynslutíma allt að 5 árum.

Það er skilyrði reynslulausnar, að aðili gerist ekki sekur um nýtt brot á reynslutíma. Ákveða má, að reynslulausn skuli vera bundin því skilyrði, að aðili sé háður umsjón og eftirliti samkvæmt 14. gr. laga nr. 38 24. apríl 1973, allan eða nánar tiltekinn hluta reynslutímans. Enn fremur má binda reynslulausn þeim skilyrðum, nokkrum eða öllum, sem greinir í 3. málsgr. 57. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 22 3. maí 1955. Skilyrði um vistun á hæli getur þó eigi staðið lengur en til loka refsitímans.

Dómsmálaráðherra eða stjórnvald, sem hann felur úrlausn máls, tekur ákvarðanir samkvæmt 1. og 2. málsgr. og getur vegna breyttra ástæðna fellt skilyrði niður að nokkru leyti eða öllu.

3. gr.

42. gr. orðist svo:

Fremji aðili nýtt brot, eftir að hann hlaut reynslulausn og réttarrannsókn út af því hefst fyrir lok reynslutíma, og ákveður þá dómstóll, sem fjallar um mál þetta, refsingu í einu lagi fyrir brot það, sem nú er dæmt um og svo með hliðsjón af refsivist, sem ólokið er, samkvæmt reglum 60. gr., sbr. 7. gr. laga nr. 22 3. maí 1955, þannig að refsivist eftir eldra dómi er virt með sama hætti og skilorðsdómur.

Rjúfi aðili skilorð að öðru leyti, svo og ef hann fremur ótvírætt brot á alm. hegningarlögum, getur dómsmálaráðherra eða stjórnvald, sem hann felur úrlausn þess máls, ákveðið, hvort breytt skuli skilyrðum og reynslu- og/eða tilsjónartími lengdar allt að lögmæltu hámarki hans eða að aðili taki út refsingu, sem eftir stendur.

Nú er ekki tekin ákvörðun um, að aðili taki út refsivist, sem hann átti ólokið, sbr. 1. og 2. málsgr., og telst refsingu þá fullnægt á því tímamarki, er aðili fékk reynslulausn.

Nú er ákveðið að láta aðila taka út eftirstöðvar refsitíma, sbr. 2. málsgr., og má þá veita reynslulausn, þótt eigi sé fullnægt tímaskildögum þeim, sem greinir í 1. og 2. málsgr. 40. gr. Í þessu tilviki gilda ákvæði 41. gr. um reynslutíma, þó þannig að frá er dreginn sá tími, sem aðili hefur notið reynslulausnar áður.

Nú er aðili, sem sætt hefur nokkrum hluta refsivistar, náðaður skilorðsbundið, og er þá heimilt að setja aðila þau skilyrði, að hann hlíti ákvæðum 1.—4. málsgr. þessarar greinar.

II. KAFLI

4. gr.

1. málsgr. 232. gr. laganna orðist svo:

Ef maður, þrátt fyrir áminningu lögreglunnar, raskar friði annars manns með því að ásækja hann, ofsækja hann með bréfum eða ónáða hann á annan svipaðan hátt, þar á meðal með símhringingum, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Áminning lögreglunnar hefur gildi í 5 ár.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hegningarlaganefnd vinnur nú að endurskoðun á ýmsum þáttum hegningarlaganna og er frumvarp þetta hluti af því verki nefndarinnar.

Nefndin var endurskipuð 25. júní 1971 og hefur hún þegar gengið frá nokkrum tillögum til breytinga á lögunum, sem hlotið hafa staðfestingu Alþingis.

Í nefndinni eiga nú sæti dr. Ármann Snævarr, hæstaréttardómari, sem er formaður nefndarinnar, Þórður Björnsson, ríkissaksóknari og Jónatan Þórmundsson, prófessor. Ritari nefndarinnar er Jón Thors, deildarstjóri.

Frumvarp þetta skiptist í tvo kafla, annar fjallar um reynslulausn, 40.—42. gr. laganna, og hinn er tillaga til breytingar á 1. mgr. 232. gr. laganna, sem fjallar um röskun á friði einstaklinga.

Nefndin lét fylgja frumvarpinu ítarlega greinargerð svohljóðandi:

Um I. kafla.

Ákvæði frv. um reynslulausn úr refsivist, 1.—3. gr. frv.

I. A.

Almennar athugasemdir.

Reynslulausn úr refsivist er réttarúrræði, sem að jafnaði er talið eiga rót að rekja til enskrar og amerískrar réttarvenju og síðar löggjafar einkum frá 19. öld. Á meginlandi Evrópu gætti þegar á 18. öld sjónarmiða um refsifullnustu, sem sverja sig í ætt við reynslulausn, en löggjöf þar og m. a. á Norðurlöndum hefir í ríkum mæli verið reist á enskum og amerískum fyrirmyndum, og stafa mestmegnis frá síðustu árum 19. aldar og 20. öld. Reynslulausn á meginlandi Evrópu og Norðurlöndum hefir þróast að marki á grundvelli venja, sem mótast hafa um náðanir, en þess er einnig að geta, að veruleg sakfræðileg tengsl eru milli skilorðsrefsingar og reynslulausnar, þ. á m. frá sögulegu sjónarmiði. Lagaákvæðin í Norðurlandalögum um reynslulausn eru frá þessari öld, sbr. t. d. dönsku hegningarlögin frá 1930 og hin íslensku frá 1940, en ákvæði 40.—42. gr. síðargreindu laganna um reynslu-

lausn voru nýmæli á sínum tíma. Eru sakfræðingar á einu máli um, að úrræði þetta hafi gefið góða raun, einkum þar sem völ hefur verið á traustri umsjónar- og aðstoðarstarfsemi í tengslum við reynslulausnina. Á síðustu árum hefir verið reynt að samræma reglurnar um reynslulausn í norrænu refsilögunum, og varð þetta sérstaklega brýnt, þegar lög voru sett hvarvetna á Norðurlöndum um gagnkvæma viðurkenningu á norrænum refsidómum og fullnustu þeirra, sbr. hér á landi lög nr. 69/1963. Norræna refsilaganefndin tók þetta málefni til umræðu og meðferðar og skilaði álitsgerð 1970, sbr. Nordisk udredningsserie 3/1970. Er þar rækileg greinargerð um mismuninn á norrænum refsilögum á þessu sviði, svo og hugmyndir og meðmæli nefndarinnar um breytingar á einstökum atriðum til samræmingar. Er þess raunar að geta, að ákvæðum þessum var breytt á öllum Norðurlöndum á árunum 1965—1967, nema hér á landi, en 42. gr. alm. hegningarlaga var þó breytt lítillega með lögum nr. 31/1961.

Tillögur hegningarlaganefndar, sem settar eru fram í frumvarpi þessu, til breytinga á 40.—42. gr. alm. hegningarlaga, sbr. lög nr. 31/1961, taka mjög mið af meðmælum norrænu hegningarlaganefndarinnar, en byggja að öðru leyti á heimafenginni reynslu og hinum sérstöku aðstæðum hér á landi á refsigæslusviðinu.

Hegningarlaganefnd telur, að ákvæði um reynslulausn gegni mikilvægu hlutverki, en verulegra breytinga sé þörf, ef reynslulausn á að koma að því gagni, sem að er stefnt í refsiframkvæmd og refsilöggjöf nútímans. Hvorttveggja er, að ákvæðin þurfa að vera til muna sveigjanlegri en nú er og svo rækilegri í ýmsum greinum. Svo sem alkunna er, kveður miklu meira að náðunum hér á landi en í grannlöndunum. Öðrum þræði kann það að stafa af því, að ákvæðin um reynslulausn hafa ekki veitt nægilegt svigrúm — þau hafa bundið um of hendur stjórnvalda — þótt aðrar ástæður vegi þar meir. Almennt verður að telja, að frá sakfræðilegu sjónarmiði sé varhugavert að beita náðunum í ríkum mæli — þær eiga samkv. þeim sakfræðirökum, sem að baki búa, að ná til sérstæðra tilvika. Er vafalaust hyggilegt að gera reynslulausn svo úr garði, bæði í lögum og lagaframkvæmd, að hún geti gegnt því hlutverki, sem náðun gegnir nú, og komi í stað hennar í vel flestum tilvikum, þótt ljóst sé, að náðun eigi við í sérstökum tilvikum, og enda stjórnarskrárbundið réttarúrræði.

Reynslan hér á landi og víða í löndum sýnir, að reynslulausn þarf að hafa að bakhjarli aðilja eða stofnun, sem gegnir virkri tilsjónar- og liðsinnisstarfsemi til aðstoðar föngum í þeim miklu aðlögunarerfiðleikum, sem bíða þeirra, er refsivist lýkur. Reynslulausn er úrræði, sem veitir svigrúm til að koma við ýmsum skilyrðum, svo sem fyrirmælum um dvalarstað, menntun, vinnu eða varðandi hælisvist o. fl., sbr. að sínu leyti 57. og 58. gr. alm. hegningarlaga um skilorðsdóma. Geta slík skilyrði verið fanganum til aðhalds, styrktar og viðreisnar. Með 14. gr. laga nr. 38/1973 er boðið að starfrækja skuli stofnun „til þess að annast umsjón og eftirlit með þeim, sem frestað er ákæru gegn, dæmdir eru skilorðsbundið eða levstir úr fangelsi með skilyrðum.“ Skal stofnunin hafa samvinnu við félagsmálastofnanir, eftir því sem við á. Ber hina mestu nauðsyn til að efla þessa stofnun að starfsliði og starfsaðstöðu. Verður vafalaust lítið úr umbótum á sviði reynslulausnar, nema vandað sé til umsjónar- og eftirlitsháttarins í því réttarúrræði. Reynslulausn er eitt þeirra úrræða, sem flokkast undir refsigæzlu utan refsistofnana (kriminalvård i frihet), en sú skoðun nýtur nú mikils fylgis hjá sakfræðingum, að slík úrræði séu í mörgum tilvikum vænlegri til árangurs en vistun á refsistofnunum langtímum saman.

Fangelsaskýrslur frá hinum Norðurlöndunum sýna, að frá 80%—90% allra fanga fá reynslulausn, nokkuð mismunandi eftir löndum. Hér á landi er ekki til að dreifa skýrslum, sem sýni þetta, enda má segja, að hinar víðtæku náðanir raski öllum samanburðargrundvelli.

I. B.

Höfuðefni 1.—3. gr. frv. og breytingar, sem í þeim felast.

1. Forsendur fyrir reynslulausn, 1. gr. frv.

Með 1. gr. frv. er lagt til, að aukið sé á tvo vegu svigrúm til að veita reynslulausn, miðað við efni 40. gr. alm. hegningarlaga. Í fyrsta lagi er heimilað í 1. málsgr. að veita reynslulausn eftir að fangi hefir tekið út ⅔ hluta refsingar, en þó ekki, fyrr en afplánaðir hafa verið 4 **mánuðir** af refsitíma. Samkvæmt 40. gr. alm. hegningarlaga er lágmarkstími 8 **mánuðir**. Í öðru lagi er lagt til í 2. málsgr. 1. gr. frv., að heimilað verði að veita reynslulausn, þegar fangi hefir tekið út **helming** refsitímans, ef sérstaklega stendur á, en í gildandi lögum er **ávallt** áskilið, að fangi hafi tekið út ⅔ hluta refsitímans. Þessi nýmæli gera tilhögun þessa að mun sveigjanlegri og gera kleift að beita reynslulausn oftar en nú. Ef frv. verður lögfest í þessu horfi, verða ákvæði ísl. hegningarlaganna svipuð og á hinum Norðurlöndunum.

Til skýringar við 1. og 2. málsgr. 1. gr. skal þetta tekið fram: Gæzluvarðhaldsvist, er koma skal til frádráttar refsitíma, sbr. 76. gr. alm. hegningarlaga, leggst við afplánaðan refsitíma, þegar beita á reglum 1. málsgr. 1. gr. frv. Samkv. 2. málsgr. 1. gr. má veita reynslulausn, þegar liðinn er helmingur refsitímans, þótt fangi hafi eigi afplánað 4 mánaða refsivist, svo sem áskilið er í 1. málsgr. 1. gr.

Í 3. málsgr. 1. gr. frv. er forsendum fyrir reynslulausn að öðru leyti lýst með almennum orðum, svo sem mælt er með í norræna nefndarálitinu, sem fyrr er vikið að. Ef óráðlegt þykir vegna haga fangans að veita honum reynslulausn, skal það ekki gert og ber að ganga úr skugga um, að fangi eigi kost á hentugum samastað, vinnu og öðrum lífvænlegum kjörum, þ. á m. fyrir atbeina umsjónarstofnunar, sem síðar verður vikið að. Hugsanlegt er, að fangi þyki hættulegur umhverfi sínu, t. d. vegna geðhaga hans, svo að óráðlegt teljist að veita honum reynslulausn. Fleiri ástæður geta og komið hér til, sem geri það sérstaklega ísjárvert að veita lausn úr refsivist. Á hinn bóginn ber að hafa í huga, að jafnvel enn meiri hætta getur stafað af því að sleppa fanga úr fangelsi eftirlitslaust að refsivist afplánaðri en að veita honum reynslulausn. Með reynslulausn er einmitt ætlunin að brúa á hagfelldan hátt bilið milli refsistofnunar og óskoraðs frelsis fangans, og ætla honum sérstakt liðsinni við þá aðlögunarerfiðleika, sem hans bíða.

Við mat á því, hvort veita skuli reynslulausn, vegast á margvísleg sjónarmið. Er ógerlegt að setja fram í lagatexta annað en almenn atriði til leiðsögu.

Áður en ráðherra tekur afstöðu til umsóknar um reynslulausn, mun að jafnaði leitað umsagnar forstöðumanns viðkomandi fangelsis, fangelsisprests, læknis, sem fjallað hefir um mál fanga, ef því er að skipta, svo og aflað sérfræðilegra gagna eftir því, hvernig mál er vaxið. Eigi þykir ástæða til að geta þessa sérstaklega í lagatextanum, og er orðum 1. málsgr. 40. gr. alm. hegningarlaga, sem býður að leita tillagna fangelsisstjórnar, sleppt hér.

Í 3. málsgr. 1. gr. frv. er haldið því ákvæði núgildandi laga, að fá skuli **yfirlýsingu** fanga um það, að hann vilji hlíta þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir reynslulausn. Það hlýtur að teljast mikilvæg forsenda fyrir árangri, að fangi sé viðbúinn að hlíta fyrirmælum, og enn fremur þykir tillitið til fangans sjálfs mæla með því, að haldið sé þessu ákvæði 40. gr. alm. hegningarlaga. Þess skal getið, að norræna refsilaganefndin taldi eigi beinlínis þörf á slíku ákvæði. Stjórnvald, er úrlausn veitir um reynslulausn, hefir það vitaskuld í huga, hvort líklegt sé að fangi bregðist vel við skilyrðum, sem honum eru sett, og er forspá stjórnvalds um þetta efni eitt af þeim atriðum, sem áhrif hefir á það, hvort reynslulausn verði veitt eða ekki, sbr. fyrra málslið 3. málsgr. 1. gr.

Bent er á, að 4. málsgr. 40. gr. alm. hegningarlaga er sleppt í frv. þessu, en hún býður, að sá, sem eftirlit hefir, gefi lögreglustjóra skýrslu um hagi þess, sem sætir reynslulausn, eftir ákvörðun lögreglustjóra. Nú er gert ráð fyrir, að umsjón

verði falin stofnun samkv. 14. gr. laga nr. 38/1973, er starfrækt er undir yfirstjórn dómsmálaráðuneytis (skilorðseftirlit ríkisins). Vinnur sú stofnun að þessum verkefnum í samvinnu við aðrar félagsstofnanir, þ. á m. lögreglu. Er ekki framar þörf á sérákvæði um framangreint efni.

2. Kynning á skilyrðum, sem aðila eru sett.

Í 4. málsgr. 1. gr. frv. er tekið ákvæði 1. og 2. málsliðs 41. gr. alm. hegningarlaga þess efnis, að fanga, sem fær reynslulausn, skuli afhent skírteini, er greini skilyrði fyrir reynslulausn og hverju skilorðsrof varði. Ef skilyrði breytast síðar eftir að reynslulausn er hafin, er rétt að greina þau í skírteini, sem aðili fær í hendur frá stjórnvaldi því, sem fjallar um mál hans. Er mikilvægt, að aðili fái glögga fræðslu um skilyrði þessi, almenn og sérstök, og þá einnig hverju skilorðsrof varði.

Í lokamálsgrein 57. gr. alm. hegningarlaga, sbr. lög nr. 22/1955, er dómara boðið að kynna þeim, sem dæmdur er skilorðsbundið, rækilega skilyrðin og gera honum ljósar afleiðingar skilorðsrofa. Er eigi síður brýnt við reynslulausn að hún sé undirbúin vandlega með viðtölum við fangann, og honum sé þá m. a. kynnt skilyrði og hverju skilorðsrof varði. Er nauðsynlegt að lögð sé rækt við þennan þátt málsins.

3. Lengd reynslutíma og tilsjónartíma, 2. gr. 1. málsgr. frv.

Samkvæmt 42. gr. 1. málsgr. alm. hegningarlaga, svo sem henni var breytt með lögum nr. 31/1961, má ákveða reynslutíma allt að 2 árum, en þó ekki lengri en til loka refsitíma. Í 1. málsgr. 2. gr. frv. er lagt til, að reynslutími skuli vera allt að 3 árum, en hann getur þó orðið allt að 5 árum, ef refsivist sú, sem eftir stendur, er lengri en 3 ár. Tekið skal fram, að því atriði, að reynslutími geti ekki orðið lengri en til loka refsitíma, er sleppt í frv., og er mat stjórnvalda á lengd reynslutíma eigi bundið þessu atriði samkv. frv. Er þessi breyting m. a. í samræmi við tillögur norrænu refsilaganefndarinnar.

Benda má á, að samkv. 57. gr. alm. hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, er skilorðstími samkv. skilorðsdómi að jafnaði 2—3 ár, en lágmarkstími er 1 ár og hámarkstími 5 ár. Mjög er fágætt, að skilorðstími sé ákveðinn í dómi lengri en 3 ár, sbr. þó t. d. hrd. 1973, bls. 310 (4 ár).

4. Skilorð við reynslulausn, 2. gr. 2. málsgr. frv.

Um það efni er lagt til, að skilorð þessi verði hin sömu sem þau, er lögmælt eru við skilorðsdóma, enda er hér við eðlislíkan félagsvanda að eiga. Samkv. frv. er það lögbundið skilyrði, að aðili gerist ekki sekur um nýtt brot á reynslutíma, sbr. 3. málsgr. 57. gr. alm. hegningarlaga um skilorðsdóma. Hin skilyrðin eru hins vegar eigi einskorðuð í lögum, heldur má beita þeim eftir ákvörðun stjórnvalds, sem um mál fjallar.

Er þar fyrst að geta þess, að ákveða má, að reynslulausn skuli bundin því skilyrði, að aðili sé háður umsjón og eftirliti samkv. lögum nr. 38/1973, 14. gr., sem áður er vikið að. Eigi er það lögbundið, að aðili sæti eftirliti, þótt ugglaust verði horfið að því ráði í öllum þorra tilvika. Ákvæðið skýtur ekki loku fyrir, að umsjónartími verði styttri en skilorðstími og unnt er að mæla fyrir um umsjón eftir að reynslutími hefst, þótt svo hafi eigi verið gert í öndverðu. Ef fyrirmæli eru sett um umsjón, getur stofnun sú, sem greind er í 14. gr. laga nr. 38/1973, falið hana öðrum en starfsmönnum sínum, ef sérstaklega stendur á, t. d. vini eða vandamanni aðila.

Ennfremur er hægt að koma við sömu skilyrðum og við skilorðsdóma. Er í 2. gr. 2. málsgr. frv. vísað til þeirra ákvæða í almennum hegningarlögum, sem

fjalla um skilyrði við skilorðsdóma, þ. e. 57. gr., sbr. lög nr. 22/1955, 4. gr. Þessi skilyrði varða t. d. dvalarstað, vinnu, menntun, notkun tómstunda o. fl. Fyrirmæli geta lotið að banni gegn neyzlu áfengis og deyfilyfja, hælisvistun vegna notkunar áfengis eða deyfilyfja, og skilyrði geta vikið að takmörkun á umráðum yfir tekjum aðila og greiðslu fébóta fyrir tjón, sem hann olli með broti sínu. Um skilyrði um vistun á hæli er sérstaklega tekið fram í frv.textanum, að það geti eigi staðið lengur en til loka refsitíma. Um efni skilyrða vísast að öðru leyti til ofangreindra ákvæða alm. hegningarlaga.

Um skilyrði þau, sem greinir í 2.—4. málslið 2. málsgr. 2. gr. frv. gilda hinar sömu sveigjanlegu reglur sem við skilorðsdóma um brottfellingu einstakra skilyrða, breytingu á þeim og fyrirmæli um ný, ef því er að skipta. Skiptir miklu, að hér sé þeirri stofnun, sem fjallar um umsjón og eftirlit veitt sem mest svigrúm, svo að unnt sé að laga úrræði eftir sérhögum hvers aðilja um sig og viðbrögðum hans og aðstöðu allri.

5. Skilorðsrof, 3. gr. frv.

Ákvæði 3. gr. frv. fjalla m. a. um það, hvernig brugðist skuli við skilorðsrofum. Er þar greint milli þess, hvort skilorðsrof er fólgið í framningu nýs brots eða skilorð er rofið með öðrum hætti. Að sínu leyti er svo gerður munur á því, hvort refsivert brot varði við almenn hegningarlög eða ekki og ef svo er, þá hvort brot sé ótvírætt eða ekki. Skulu þessi atriði nú reifuð stuttlega.

a. Skilorðsrof eru fólgin í nýju broti.

Ef brot varðar við almenn hegningarlög, og það er ótvírætt, getur dómsmálaráðherra mælt fyrir um þau úrræði, sem greind eru í 2. málsgr. 3. gr., þ. á m. kveðið svo á, að aðili taki út refsingu þá, sem eftir stendur. Ef um annars konar brot er að ræða, þ. e. þessum tvennum skilyrðum er eigi fullnægt, er t. d. ekki unnt á þessu stigi að kveða á um fullnustu á eftirstöðvun refsingar, heldur verður að bíða eftir úrlausn dóms um refsingu, sbr. 1. málsgr. 3. gr. Með ótvíræðu broti er átt við háttsemi, sem aðili játar að hafa framið, eða óyggjandi gögn benda til, að hann hafi framið, svo sem þegar hann er staðinn að verki. Ákvörðun um, að aðili taki út eftirstöðvar refsingar tekur ekki gildi, fyrr en gæzluvarðhaldi lýkur vegna hins nýja brots.

b. Refsiákvörðun, þegar nýtt brot er framið á reynslutíma.

Samkv. 1. málsgr. 3. gr. er lagt til, að refsiákvörðun hlíti í þessum tilvikum sömu reglum og við rof á skilorði samkv. skilorðsdómi, sem fólgið er í nýju broti, sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955. Ákveður dómstóll þá refsingu í einu lagi fyrir brot það, sem nú er dæmt um í fyrsta skipti, og svo með hliðsjón af refsivist, sem ólokið er, þannig að refsivist eftir eldra dómi, sem ekki er afplánuð, er virt með sama hætti og skilorðsdómur. Þetta á einnig við, þótt aðili hafi hafið úttekt á eftirstöðvum refsingar, sbr. 2. málsgr. 3. gr. Dómstóll getur eftir atvikum komizt að þeirri niðurstöðu, að refsivist verði ákveðin jafn löng eftirstöðvum af þeirri refsingu, sem aðili á eftir að taka út samkv. eldra dómi, þ. e. þeirri refsingu, sem reynslulausn laut að. Hins vegar getur dómstóll eigi stytt refsitíma samkv. eldra dómi — þann dóm verður að því leyti að leggja til grundvallar sem fullnaðarúrslit máls. Vera má, að dómstóll, sem fjallar um yngra brot, beiti sektum út af því, og haggi ekki við refsivist samkv. eldra dómi.

c. Skilorðsrof eru fólgin í háttsemi, sem ekki er refsivert brot, 2. og 5. málsgr. 3. gr.

Dómsmálaráðherra kveður þá á um, hverra úrræða skuli neyta sbr. 2. málsgr. 3. gr., þ. á m. hvort aðili skuli látinn hefja úttekt á refsingu, sem eftir stendur.

Hér er að sjálfsögðu byggt á, að sannað sé, að aðili hafi gerzt sekur um háttsemi, athöfn eða athafnaleysi, sem feli í sér skilorðsrof. Um sönnunarhlið þessa máls geta verið skiptar skoðanir, svo og um viðbrögð við skilorðsrofum. Fyrir aðila er það að sjálfsögðu örlagaríkast, ef ráðherra ákveður, að hann skuli taka út refsingu, sem eftir stendur.

6. Reynslulausn veitt að nýju eftir rof fyrri reynslulausnar, 4. málsgr. 3. gr.

Í frv. er það fólgið, að um reynslulausn varðandi eftirstöðvar refsingar, sem menn kunna að afplána vegna skilorðsrofs, gildi almennar reglur um reynslulausn. Þó er lagt til í 4. málsgr. 3. gr., að sett verði sérákvæði um slíka afplánun, sem ákveðin er samkv. 2. málsgr. 3. gr. Þegar svo stendur á, má veita reynslulausn óháð tímaskildögum þeim, er greinir í 1. og 2. málsgr. 1. gr. frv., t. d. óháð því að aðili hafi tekið út minnst 4 mánaða refsingu í síðara skipti eða ⅔ hluta refsitíma (eftir atvikum helming hans). Þykja liggja til þess sakfræðileg rök, að aðili sæti að nokkru öðrum kjörum í þessu efni heldur en þegar um frumúttekt refsingar er að ræða samkv. tilteknum refsidómi. Ákvæði 2. gr. frv. um reynslutíma eiga hér einnig við, þó svo að frá er dreginn sá tími, sem aðili hefir notið reynslulausnar áður. Ef aðili hefir t. d. sætt reynslulausn í eitt ár í fyrra skipti og rétt þætti, er hann hlyti reynslulausn í annað skipti, að reynslutími yrði 3 ár, þá telst honum lokið eftir 2 ár vegna hins fyrra reynslutíma.

7. Hver veiti reynslulausn og taki ákvarðanir um einstök atriði við framkvæmd hennar.

Samkv. 1. málsgr. 1. gr. frv. tekur dómsmálaráðherra ákvörðun um reynslulausn „eða annað stjórnvald, sem hann felur úrlausn slíks máls". Samkv. 1. og 2. málsgr. (sbr. 3. málsgr.) 2. gr. er einnig lagt til, að dómsmálaráðherra eða stjórnvald, sem hann felur það, ákvarði reynslutíma og ákveði, hvort aðili skuli sæta umsjón og hvort reynslulausn skuli bundin skilyrðum þeim, sem heimilt er að setja fanga samkv. 2. málsgr. 2. gr. frv. Enn ákveður dómsmálaráðherra eða stjórnvald, er hann felur úrlausn máls, hversu brugðist verði við skilorðsrofum eftir 2. málsgr. 3. gr. frv. Umsjón og eftirlit með aðiljum, sem fengið hafa reynslulausn, verður í höndum stofnunar samkv. 14. gr. laga nr. 38/1973, en hún starfar undir yfirstjórn dómsmálaráðherra. Rétt er að benda á, að við skilorðsdóma er það ríkissaksóknari, sem tekur ákvörðun um umsjón. Getur hann enn fremur breytt skilyrðum, sem eru þó í öndverðu ákveðin af dómstól, sbr. 58. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 5. gr. laga nr. 22/1955. Dómstóll tekur mál fyrir að nýju að kröfu saksóknara vegna skilorðsrofs, sbr. 59. gr. sömu laga og lög nr. 22/1955, 6. gr. Við reynslulausn er aðstaða um margt önnur en við skilorðsdóma. Reynslulausn er eðlisþáttur í framkvæmd refsingar, en fullnusta refsidóma á undir yfirstjórn dómsmálaráðherra. Er eðlilegt að fela sama stjórnvaldi úrlausn um reynslulausn og því, sem hefir yfirstjórn fangelsismála og fullnustu refsingar. Umsjónarstarfið er eðlilegt að fela stofnun samkv. 14. gr. laga nr. 38/1973, svo sem í því ákvæði segir.

Gert er ráð fyrir, að dómsmálaráðherra geti falið sérstöku stjórnvaldi það vald, sem undir hann ber samkv. þessu, að nokkru eða öllu. Hér gæti verið um sérstaka deild í ráðuneyti að ræða eða opinbera stofnun eða nefnd, sem ráðherra skipaði í þessu skyni. Þessu máli yrði skipað með reglugerð, er ráðherra setti, ef til kæmi, en eigi þykir rétt að leggja til, að sett verði sérstök ákvæði, er lúti að skipulagi þessa stjórnvalds, að svo stöddu.

8. Hvenær refsingu teljist fullnægt, ef reynslulausn er veitt.

Samkv. 2. málsgr. 42. gr. alm. hegningarlaga telst refsingu fullnægt í lok reynslutímans, þegar ekki hefir verið tekin ákvörðun um að setja fangann í fangelsi á ný, áður en reynslutíminn er liðinn. Í 3. málsgr. 3. gr. frv. er lagt til, að þessu ákvæði verði breytt þannig að refsingu teljist fullnægt á því tímamarki, er aðili fékk reynslulausn, ef svo fer, að ákvörðun er ekki tekin um að hann afpláni refsingu fyrir lok reynslutíma. Þetta ákvæði er vitaskuld hagstæðara fyrir aðilja, sem reynslulausn fær, en núgildandi reglur. Skiptir máli að setja fram slíkar reglur, þar sem nokkur réttaráhrif eru tengd við lok á refsifullnustu, sbr. t. d. 3. málsgr. 71. gr., og 84. og 85. gr. alm. hegningarlaga.

9. Náðun, 3. gr. 5. málsgr. frv.

Rétt þykir að leggja til, að sú skipan verði lögfest, að heimilt sé að skilorðsbinda náðun og beita þeim skilyrðum, að aðili hlíti ákvæðum 1.—4. málsgr. greinarinnar. Er það ávinningur fyrir stjórnvöld og aðila, sem í hlut á, að lögfest verði ákvæði, er að þessu lúta.

10. Umsjón með mönnum, sem fá reynslulausn, og aðstoð við þá.

Svo sem að framan greinir, er lagt til í frv., að stofnun samkv. 14. gr. laga nr. 38/1973 verði falin umsjón með og aðstoð við þá, sem fengið hafa reynslulausn. Hegningarlaganefnd áréttar þá áherzlu, sem hún leggur á, að þessi stofnun verði búin mannafla, sem henni er þörf til að geta rækt verkefni sitt, svo og veitt starfsaðstaða við hæfi. Ella er hætt við, að lítið verði úr umbótum á löggjöfinni sem slíkri. Refsigæzla utan refsistofnana er um margt álitlegra þjóðfélagslegt úrræði til að hamla gegn brotum en refsigæzla innan stofnana, sem þó verður að líkindum seint komizt af án. Hegningarlaganefnd leggur á það áherzlu, að aukin rækt verði lögð við refsigæzlu utan refsistofnana hér á landi. Má benda á í því sambandi, að nú er kostur á sérfróðu starfsliði til að fjalla um slík málefni, og skiptir miklu fyrir þjóðfélagið, að ríkisvald færi sér í nyt þá starfskrafta. Refsigæzla utan refsistofnana verður til muna ódýrari en innan refsistofnana, þótt vel verði gert við umsjónar- og aðstoðarstofnun. Ef slíkri virkri og vel skipulagðri umsjónarstofnun væri komið við, mætti hugsa sér að skilorðsdómar færu verulega í vöxt og refsifullnustutími styttist. Benda ýmsar sakfræðirannsóknir síðari tíma til þess, að slík refsigæzla sé vænlegri til árangurs en hin, sem fram fer að öllu verulegu á refsistofnunum.

Um II. kafla.

Um 4. gr.

Í þessari grein felast tvær breytingar á 1. málsgr. 232. gr. alm. hegningarlaga. Í fyrsta lagi er lagt til, að refsimörk verði þyngd við háttsemi þeirri, er þar greinir, svo að verknaður geti varðað fangelsi allt að 6 mánuðum. Í öðru lagi er lagt til, að lögfest verði, að áminning lögreglu, sem er refsiforsenda samkv. upphafi 232. gr., hafi gildi í 5 ár. Þá er ónæði með símahringingum talið sérstaklega í greininni. Um fyrra atriðið er þess að geta, að slík áreitni, sem í 1. málsgr. 232. gr. getur, er oft næsta meinleg fyrir þann, sem misgert er við og raunar fjölskyldu hans. Ásóknin getur verið margs konar. Hún getur verið fólgin í athafnaleysi jafnt sem athöfn og verið bæði bein og óbein. Sýnist vera þörf á auknum refsiviðurlögum, sem m. a. gera það mögulegt að beita mann gæzluvarðhaldi, meðan á rannsókn sakar stendur, sbr. hins vegar nú 1. tölulið 69. gr. laga nr. 74/1974 og 3. málsgr. 65. gr. stjórnarskrár og hæstaréttardóm 15. apríl 1975, hrd. 1975, bls. 415.

Ed. 19. Tillaga til þingsályktunar [16. mál]

um heilbrigðisþjónustu á Vestfjörðum.

Flm.: Ólafur Þ. Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá um að við þá endurskoðun, sem nú stendur yfir á heilbrigðislöggjöfinni, skuli ákveðið að læknir hafi búsetu á Suðureyri við Súgandafjörð, á Bíldudal í Arnarfirði, á Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu og í Árneshreppi í Strandasýslu.

Greinargerð.

Með lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 56/1973, er í 1. grein laganna útskýrt markmið þeirra og verður að telja að það hafi verið óviljaverk að lögin ná ekki tilgangi sínum. Þar segir svo:

„Allir landsmenn skulu eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu, sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði.“

Samgöngur yfir vetrartímann valda því að þeir staðir, sem taldir eru upp í ályktun þessari, eru algerlega útundan hvað öryggi í heilbrigðisþjónustu snertir þann tíma ársins sem akvegir eru lokaðir.

Á þessum stöðum er um afturför að ræða á sviði heilbrigðismála og blasir sú staðreynd við að fólk flytur burt sem ella hefði unað þar hag sínum. Hvort hafa beri H 1 heilsugæslustöðvar á þessum stöðum eða fjölga læknum á þeim heilsugæslustöðvum sem fyrir eru, en láta nægja að setja búsetuskilyrði, er svo matsatriði í hverju tilfelli.

Ekkert er þó því til fyrirstöðu að nýta starfskrafta þessara manna til þjónustu stærra svæðis þann tíma sem samgöngur eru viðunandi, en það er á þeim tíma sem sumarleyfi ganga yfir og gæti því verið hagkvæmt.

Nú hafa þær fréttir borist að meira framboðs sé að vænta af læknum en verið hefur, og vekur það vonir um að auðveldara verði að fá lækna til starfa í dreifbýlinu. Sú breyting, sem hér er lögð til, bætir til muna starfsskilyrði þeirra og leggur þeim hóflegri kröfur á herðar til ferðalaga. Þar sem endurskoðun heilbrigðislaganna hefst núna á næstunni er eðlilegt að Alþingi taki afstöðu til þess hvort 1. grein þeirra heilbrigðislaga, sem nú eru í gildi, eigi við landið allt.

Nú er það von mín að Alþingi taki ábyrga afstöðu til þessara mála, en varði ekki veg nýrrar heilbrigðislöggjafar með dauðsföllum af hennar völdum.

Ed. 20. Tillaga til þingsályktunar [17. mál]

um skólaskipan á framhaldsskólastigi.

Flm.: Helgi F. Seljan, Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja og leggja fyrir næsta reglulegt Alþing frumvarp að löggjöf um skólaskipan á framhaldsskólastigi. Megintilgangur frumvarpsins verði að leggja grundvöll að samræmdum framhaldsskóla, þar sem kveðið sé skýrt á um verkaskiptingu og tengsl hinna ýmsu skóla og námsbrauta. Jafnframt þarf frumvarpið að vera stefnumótandi um hlutdeild ríkis og hugsanlegra mótaðila í stofnkostnaði, rekstri og stjórnun framhaldsskólanna.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en varð ekki útrædd. Henni fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

Með tillögu þessari er lagt til að undirbúið verði frumvarp að löggjöf um meginskipulag náms á framhaldsskólastigi og verkaskiptingu skólanna með tilliti til námsþátta og námsbrauta. Þá er og gert ráð fyrir að frumvarpið kveði á um verkaskiptingu ríkisins og þeirra aðila í fræðsluumdæmunum, sem fara með málefni framhaldsskólanna.

Með lögum um skólakerfi (nr. 55 21. maí 1974) er kveðið á um skiptingu frumfræðslunnar í þrjú skólastig: 1) skyldunámsstig, 2) framhaldsskólastig og 3) háskólastig. Með setningu grunnskólalaganna hefur þegar verið mörkuð stefna varðandi æskilega þróun fræðslunnar á skyldunámsstigi og er nú unnið að umfangsmiklum breytingum á námsefni og kennslutilhögun á þessu skólastigi. Grunnskólalögin hafa í för með sér verulegar breytingar á stöðu og hlutverki framhaldsskólanna og rökrétt framhald af setningu þeirra er því endurskipulagning og endurskoðun á skólaskipan og skólastarfi á framhaldsskólastigi. Enda þótt þegar sé hafinn undirbúningur að tilteknum breytingum á framhaldsskólakerfinu skortir enn nauðsynlega stefnumótun um heildarskipulag skólastarfsins. Meðan svo er háttað er þeirri hættu boðið heim að breytingar á starfsháttum einstakra skóla og námsbrauta verði meira og minna tilviljanakenndar og kunni fremur að torvelda en stuðla að mótun samræmds skólakerfis.

Þýðingarmikið atriði grunnskólalaganna er lenging skólaskyldunnar um eitt ár, en það á m. a. að tryggja skýr tengsl grunnmenntunar og framhaldsnáms. Rökrétt framhald þeirrar þróunar, sem taka mun allmörg ár að hrinda í framkvæmd, er að opna framhaldsskólana, þannig að sem flestir geti leitað þangað almennrar menntunar og starfsmenntunar eftir því sem hæfileikar og áhugasvið segja til um og með hliðsjón af atvinnuþróun í landinu.

Sú einhliða rækt, sem lögð hefur verið við undirbúning langskólanáms innan framhaldsskóla, einkum innan ramma laga um menntaskóla, er að mati flutningsmanna mjög óheillavænleg og hvorki þjóðarheild né einstaklingum til góðs, er til lengdar lætur. Í stað þess er nauðsynlegt að breikka grunn framhaldsmenntunar og jafna á alla lund þann aðstöðumun, sem nú ríkir milli menntaskóla annars vegar og iðnskóla og annarra sérskóla hins vegar.

Þess þarf vel að gæta að koma í veg fyrir blindgötur innan framhaldsskólastigsins, þannig að allir eigi þess kost að auka við menntun sína og starfsréttindi og leggja hindrunarlaust inn á nýjar námsbrautir síðar á ævinni í reglulegu skólanámi eða með stuðningi af fullorðinsfræðslu í öðru formi. Að slíkum sveigjanleika skólakerfis er nú unnið víða í grannlöndum okkar, og eflaust má margt læra af þeirri reynslu sem þar er fengin.

Þær áætlanir, sem þegar hafa verið gerðar um samræmt fjölbrautanám á nokkrum svæðum á landinu, eru að áliti flutningsmanna vísir að mótun þess heildarskipulags náms á framhaldsskólastigi sem hér um ræðir. Þar er m. a. gert ráð fyrir, að námsskrá skólastigsins verði samræmd af fræðsluyfirvöldum og námið byggt upp í formi eininga, þar sem ein taki við af annarri og unnt er að raða námseiningum saman á skilgreindum námsbrautum, sem nemandinn getur valið sér í samræmi við áhugasvið og getu. Veigamikill kostur slíks námsskipulags er sveigjanleiki, sem m. a. gerir nemendum kleift að ljúka námi með nokkrum réttindum eftir stutta skólagöngu, t. d. eitt til tvö ár, og auka síðar við án þess að byrja frá grunni. Slík skipan á í senn að geta lyft verkmenntun í landinu til meiri vegs en nú er til hagsbóta fyrir atvinnuþróun, og einstaklingarnir fá um leið tækifæri til að reyna sig í starfi, áður en þeir lokast inni í mjög sérhæfðu eða löngu námi.

Þeirri endurskipan sem hér um ræðir er þó ekki stefnt gegn þeim sérskólum, sem fyrir eru í landinu, því að allir munu þeir geta gegnt mikilvægu hlutverki í tengslum við samræmt fjölbrautarnám, hver á sínu sviði og betur en nú er, þar sem þeir þurfa, auk sérkennslunnar, að sinna margháttaðri almennri undirstöðufræðslu.

Brýnt er, einnig vegna byggðasjónarmiða, að framhaldsnám eflist í landshlutunum, svo að jafnað verði það bil, sem óðum fer breikkandi milli þeirra og höfuðborgarsvæðisins varðandi námskosti og fjölbreytni í námsvali. Það er sjónarmið flutningsmanna, að endurskoðun sú, sem tillagan gerir ráð fyrir, sé ekki síst mikilvæg fyrir þróun framhaldsnáms úti um land og um leið atvinnuþróun landsbyggðarinnar. Einnig þar á samræmt fjölbrautarnám undir forustu „kjarnaskóla“ að geta orðið vegvísir, sem tryggi landsbyggðinni betri stöðu til að halda til jafns við höfuðborgarsvæðið um menntunarkosti, enda njóti slík uppbygging jafnræðis og helst forgangs um fjármögnun.

Að því ber að stefna, að allt nám á framhaldsskólastigi sitji við sama borð varðandi fjármögnun hins opinbera, ekki síður þær greinar er varða verkmenntun en bóknámið, enda er hefðbundin skipting í þá átt í senn óraunsæ og úrelt.

Eins og bent er á í tillögugreininni er óhjákvæmilegt að frumvarpið kveði skýrt á um, hver á að vera hlutur ríkisins og aðila í fræðsluumdæmunum í stofnkostnaði, rekstri og stjórnun framhaldsskólanna. Flutningsmenn telja, að sú kostnaðarskipting, sem bundin er í heimildarlöggjöfinni um fjölbrautaskóla, sé óraunhæf og þarfnist endurskoðunar.

Sþ. 21. Tillaga til þingsályktunar [18. mál]

um úttekt á kostnaði við sveitavegi á Austurlandi.

Flm.: Helgi F. Seljan.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta framkvæma úttekt á því verkefni að gera greiðfæra sem vetrarvegi þá vegi í sveitum á Austurlandi sem afgerandi þýðingu hafa fyrir atvinnurekstur bænda (mjólkurflutninga). Í úttektinni skal einnig miðað við aukna þörf á flutningum skólabarna.

Úttektin verði falin Vegagerð ríkisins og um hana haft fullt samráð við Búnaðarsamband Austurlands.

Í framhaldi af niðurstöðum úttektarinnar verði ítarlega kannað hvort ástandið í þessum málum með tilliti til mjólkurframleiðslu í fjórðungnum gefi tilefni til sérráætlunar um uppbyggingu þessara vega.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt af tveim meginástæðum.

Önnur, og sú sem knýr frekar á nú þegar, er hin mikli samdráttur í mjólkurframleiðslu sem orðið hefur, einkum á Fljótdalshéraði, s. l. ár. Ef svo heldur áfram horfir til vandræða og alvarlegs skorts mjólkurafurða í landshlutanum.

Til þess liggja eflaust ýmsar ástæður, en ein sú veigamesta er fólgin í erfiðleikum allt of margra bænda við að koma mjólkinni á markað á vetrum og það m. a. úr sveitum sem í flestu eru betur fallnar til kúabúskapar en sauðfjárræktar, svo sem er um Hróarstungu, Hjaltastaðaþinghá og Jökulsárhlíð. Aðalorsök þessara erfiðleika er slæmir vegir, sem sumir hverjir verða t. d. illfærir í fyrstu snjóum. Þar sem hér er um mikilvægan þátt í landbúnaðarþróun Austurlands að ræða þarf að gefa honum ærinn gaum.

Að því ber að vinna að gerð sé rækileg úttekt á kostnaði við þá vegi eða vegakafla, sem verstir eru, að þeir verði ekki lengur bein hindrun aukinnar mjólkurframleiðslu á svæðinu. Hin ástæðan og sú sem á eftir að koma enn skýrar inn í þessa mynd er varðandi flutning skólabarna, sem eykst stöðugt, ekki hvað síst með breyttri námstilhögun og auknu námi skv. nýjum lögum.

Sú staðreynd liggur fyrir, að ýmsir sveitavegir (og það eflaust miklu víðar en á Austurlandi) hafa orðið nokkuð útundan varðandi fjárveitingar, þar sem önnur verkefni, sem talin hafa verið enn brýnni, hafa haft nokkurn forgang. Það er því fyllilega tímabært í ljósi framantaldra staðreynda og fleiri að kannað sé ástand þessara vega og úttekt fengin á því, hver kostnaður fylgir því að gera þá sæmilega greiðfæra sem vetrarvegi.

Til viðbótar er hér um almenna nauðsyn að ræða fyrir íbúa viðkomandi sveita að eiga sem greiðasta leið til félagslegra samskipta innbyrðis og eins sambands við þéttbýlisstaðina.

Nauðsynlegt er að ráðunautar Búnaðarsambands Austurlands taki virkan þátt í þessari úttekt, enda eru þeir kunnugastir ástandi og þörfum í þessum málum.

Í beinu framhaldi af úttekt sem þessari er rétt að kanna rækilega, hvort ekki sé full ástæða til þess að gera séráætlun um uppbyggingu þeirra vega, þar sem verstar hindranir eru, og útvega til brýnustu framkvæmdanna sérstakt fjármagn, m. a. úr Byggðasjóði. Nánari grein, m. a. fyrir þróuninni í búskaparháttum á Austurlandi, verður gerð í framsögu.

Ed. 22. Frumvarp til laga [19. mál]

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi, 1975.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1976 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

a. Með allt að 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum og skipum, leigusamningum um jarðir og lóðir og af kaupmálum.
b. Með allt að 140% viðauka leyfisbréfagjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 104/1965.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að innheimta tiltekin gjöld á árinu 1976 með sömu viðaukum og á yfirstandandi ári.

Ed. 23. Frumvarp til laga [20. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán, er Landsvirkjun hyggst taka til virkjana í Tungnaá.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán, er Landsvirkjun tekur til virkjana í Tungnaá ásamt tilheyrandi ráðstöfunum, umfram áður veittar heimildir, sbr. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 59/1965 með áorðnum breytingum, svo og 1. gr. laga nr. 96/1970, að fjárhæð allt að 2 385 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum, er ríkisstjórnin ákveður, og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta gerir ráð fyrir, að ríkisstjórninni sé heimilt að ábyrgjast lán fyrir Landsvirkjun að fjárhæð 2 385 millj. ísl. króna (15 millj. Bandaríkjadollarar) eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt vegna virkjunarframkvæmdanna við Sigöldu í Tungnaá.

Landsvirkjun á nú kost á lántöku í Bandaríkjunum í formi skuldabréfaútgáfu til einkaaðila, sem hún þarf á að halda, til að ljúka byggingu virkjunar í Tungnaá við Sigöldu, að fjárhæð 15 millj. $.

Landsvirkjun hefur samið við First Boston Corporation um skuldabréfaútgáfu þessa og miðast hún við 15 ára lánstíma, en þar af yrði lánið afborgunarlaust fyrstu 5 árin og vextir um 11% p. a.

Stjórn Landsvirkjunar hefur kannað, hvort lán sem þetta fengist gegn einfaldri ábyrgð eignaraðila, þ. e. ríkisins og Reykjavíkurborgar, sbr. 1. og 12. gr. laga um Landsvirkjun nr. 59/1965. Niðurstöður þessarar könnunar eru þær, að lánastofnanir í Bandaríkjunum gera meiri kröfur til ábyrgðar en gerðar eru í Evrópu og sérstaklega þegar um lánsfjárútboð í formi skuldabréfa er að ræða en ekki bankalán. Rétt er að minna á, að lán það, sem Landsvirkjun tók vegna Sigöldu og annarra framkvæmda í janúar 1974 hjá nokkrum bönkum í London, að fjárhæð 30 millj. $, fékkst gegn einfaldri ábyrgð eignaraðila.

Ed. 24. Tillaga til þingsályktunar [21. mál]

um afnám Olíusjóðs fiskiskipa.

Flm.: Ólafur Þ. Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja niður Olíusjóð fiskiskipa og afnema þau útflutningsgjöld er honum við koma. Endurskoðaðar verði allar greiðslur sjávarútvegsins í formi útflutningsgjalda með lækkun þeirra fyrir augum. Fiskverð verði hækkað sem þessum leiðréttingum nemur.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa vaxið mjög afskipti Alþingis af deilum sjómanna og útgerðarmanna um kaup og kjör. Hafa afskipti þessi löngum orðið á þann veg að stærri og stærri hluti fiskverðsins hefur verið greiddur utan skipta. Þetta hefur

verið gert með myndun sameiginlegra sjóða af útflutningsgjöldum á sjávarafurðum. Með þessu móti nýtur hvert skip ekki lengur að fullu þess afla sem það færir að landi. Þetta kerfi brýtur öll hagfræðilögmál, skapar rangar hugmyndir um það, hvað sé arðbært í sjávarútvegi á hverjum tíma, og stuðlar að rangri ákvörðanatöku. Skal ég leitast við að skýra þetta nánar.

Í sumar fór af verði bræðslufisks meira en helmingur af fiskverðinu í sjóðina, tekið sem útflutningsgjöld.

Ég læt hér fylgja sem sýnishorn hvernig greiðslur útflutningsgjalda geta orðið. Hér fylgja einnig útreikningar Þjóðhagsstofnunar á útflutningsgjöldum sjávarafurða. Þeir ættu að opna augu manna fyrir því um hvaða upphæðir er að ræða.

Garðar BA 64

Aflamagn	936 tonn
Aflaverðmæti	30 m.kr.
Útflutningsverðmæti ca. (saltfiskur)	60 m.kr.
Útflutningsgjald 18.3%	10.98 m.kr.

Ráðstöfun útflutningsgjalds.

1.	Alm. útflutningsgjald skv. 2. gr. l. nr. 19/1973:		
	a) Tryggingasjóður	1 527.7 þús.	
	b) Fiskveiðasjóður	130.5 —	
	c) Fiskimálasjóður	34.8 —	
	d) Hafrannsóknaskip	20.9 —	
	e) Bygg. sjávarrannsókna	8.7 —	
	f) L.Í.Ú.	8.7 —	
	g) Samtök sjómanna	8.7 —	
	Samtals	1 740.0 þús.	1 740 þús.
2.	Aflatryggingasjóður		750 —
3.	Áhafnadeild Aflatryggingasjóðs		900 —
4.	Ferskfiskmat		90 —
5.	Fiskveiðasjóður Íslands		600 —
6.	Olíusjóður		6 900 —
	Samtals útfl.gjöld		10 980 þús.

Olía.

Notkun 51 000 l. × 5.80 pr./lítra	295 800 kr.
Framlag í Olíusjóð	6 900 000 —
Samtals olíunotkun	7 195 800 kr.
Kostnaður pr./lítra	20.20 kr.
÷ eigin greiðsla	5.80 —
Mismunur	14.40 kr.

14.40 × 51 000 = 734 400 kr. greitt úr sjóðnum.

Greitt í sjóðinn	6 900 000 kr.
Eigin kostnaður	295 800 —
	7 195 800 kr.
Pr. lítra ca.	141.00 kr.

Skipting útflutningsgjalda eftir viðtakendum árið 1975.

Þessar tölur eru byggðar á afla fram til 15. september, en áætlaðar það sem eftir er af árinu. Frá Þjóðhagsstofnun.

	M.kr.
1. Tryggingasjóður fiskiskipa	1 247
2. Olíusjóður fiskiskipa	1 550
3. Viðbót við Olíusjóð skv. frv.	1 450
4. Aflatryggingasjóður, alm. deild	440
5. Aflatryggingasjóður, áhafnad. (fæðiskostnaðargreiðslur)	530
6. Fiskveiðasjóður	457
7. Fiskmat ríkisins (ferskfiskmatsgjald)	50
8. Fiskimálasjóður	28
9. Aðrir viðtakendur, þ. e. sjávarrannsóknir, samtök sjómanna og útvegsmanna	38
	5 790

Ég held að allir, sem leitt hafa hugann að þessu kerfi, geri sér grein fyrir því að tilvist þess er sjávarútveginum til lítillar blessunar. Hvort halda menn að hið alranga olíuverð hvetji til sparnaðar í meðferð olíunnar? Deilur um skiptakjör á fiskiskipum verður að leysa á annan veg, og hvert skip verður að fá réttar greiðslur fyrir þann afla sem það kemur með að landi.

Sþ. 25. Tillaga til þingsályktunar [22. mál]

um viðgerðar- og viðhaldsaðstöðu flugvéla á Keflavíkurflugvelli.

Flm.: Jón Skaftason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga í samráði við Flugleiðir hf. og önnur flugfélög, er hagsmuna hafa að gæta, á hvern hátt hagkvæmast sé að koma upp aðstöðu til viðgerða og viðhalds flugvélum á Keflavíkurflugvelli.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi og er endurflutt nú.

Flugið er vaxandi þáttur í atvinnulífi íslendinga. Þrátt fyrir aðsteðjandi erfiðleika nú um sinn í flugrekstrinum telja flestir, að þessi atvinnugrein eigi sér mikla framtíð í atvinnustarfsemi landsmanna.

Keflavíkurflugvöllur er eini alþjóðlegi flugvöllurinn á Íslandi. Erlendar og innlendar flugvélar hafa notað hann til millilendinga á flugi yfir Norður-Atlantshaf og í sambandi við þær hefur risið upp talsverð atvinnustarfsemi þar, sem væntanlega fer vaxandi í framtíðinni.

Á Keflavíkurflugvelli vantar þó tilfinnanlega viðgerðar- og viðhaldsaðstöðu fyrir flugvélar, sem þarf að vera fyrir hendi á vel búnum alþjóðlegum flugvelli. Sú aðstaða, sem fyrir hendi er, er að langmestu leyti á vegum varnarliðsins og fyrir herflugvélar.

Tímabært er því að athuga, hvernig best má að þessum málum standa í framtíðinni, og má minna á tvennt í þessu sambandi.

Í fyrsta lagi standa nú fyrir dyrum miklar framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli. Er m. a. gert ráð fyrir að skilja alveg að hernaðarflugsþjónustuna og farþegaflugsþjónustuna. Er stefnt að byggingu nýrrar flugstöðvar fyrir farþegaflug á nýjum stað á vellinum og miklum framkvæmdum til þess að búa betur að þessari starf-

semi. Viðgerðar- og viðhaldsþjónusta flugvéla þyrfti að vera þáttur þessara framkvæmda.

Í öðru lagi brann viðgerðarflugskýli Flugfélags Íslands á Reykjavíkurflugvelli til grunna í s. l. janúarmánuði. Sú starfsemi, sem þar fór fram, er því á hrakhólum um sinn og ekki vitað nú, hvernig úr verður bætt svo haganlegast sé.

Um hundrað manns, að mestu leyti lærðir flugvirkjar, störfuðu við flugskýli Flugfélags Íslands á Reykjavíkurflugvelli. Þrátt fyrir bráðabirgðaaðstöðu í flugskýli varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli til eftirlits og viðhalds Boeingvéla Flugfélags Íslands og aðstöðu fyrir Fokkervélar félagsins í flugskýli Landhelgisgæslunnar, er atvinnuöruggi þessarar stéttar ótryggt. Viðgerðir og viðhald íslenskra flugvéla erlendis kostar mikinn erlendan gjaldeyri, sem við höfum mikla þörf fyrir til annarra nota. Af upplýsingum, sem ég hef fengið um viðgerðar- og viðhaldskostnað flugvéla árin 1971—1974, má sjá þetta í stórum dráttum, en þær eru þessar í milljónum króna talið og eru varahlutir þá meðtaldir:

	Loftleiðir		Flugfélagið		Samtals	
	Erl.	Innl.	Erl.	Innl.	Erl.	Innl.
1971	498	37	38	76	536	113
1972	473	36	38	75	511	111
1973	459	35	52	105	511	140
1974	521	39	87	173	608	212

Af þessu er ljóst, að til nokkurs er að vinna ef takast mætti að flytja þessa starfsemi að mestu inn í landið. Flutningur þessarar þingsályktunartillögu miðar að því að svo geti orðið.

Nd. 26. Frumvarp til laga [23. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 23 3. maí 1972 og lög nr. 25 24. apríl 1974.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

1. gr.

Á eftir liðnum „Létt bifhjól" í 2. gr. komi nýr liður, svo hljóðandi:

Beltabifhjól: Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og/eða til að draga annað ökutæki og er búið beltum og eftir atvikum hjólum eða meiðum og er 400 kg eða minna að eigin þyngd.

2. gr.

6. gr. orðist svo:

Dráttarvélar og beltabifhjól skulu búin öruggum tengibúnaði og tækjum þeim, sem um getur í 5. gr., eftir því sem við á og nánar skal ákveðið í reglugerð.

3. gr.

10. gr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra getur með reglugerð sett frekari ákvæði um gerð ökutækja, búnað o. fl. Hann getur og veitt nauðsynlegar undanþágur fyrir ökutæki, sem ætluð eru til sérstakra nota, og enn fremur kveðið á um áritanir og merki, sem nauðsynlegt er að setja á ökutæki til eftirlits.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að óheimilt sé að nota tiltekna hluti eða búnað í ökutæki eða til verndar ökumanni, farþegum eða öðrum vegfarendum, sem eigi hafa hlotið viðurkenningu bifreiðaeftirlits ríkisins. Hann getur og bannað viðskipti með hluti eða búnað, sem ekki hefur verið viðurkenndur.

4. gr.

11. gr. orðist svo:

Áður en bifreið, bifhjól, létt bifhjól, beltabifhjól eða dráttarvél er tekin í notkun, skal eigandi ökutækisins eða umráðamaður senda bifreiðaeftirliti ríkisins tilkynningu um það. Sama er um tengi- eða festivagna, sem eru 500 kg að eigin þyngd eða meira.

Fullnægi ökutækið settum reglum, skal það fært á ökutækjaskrá. Jafnframt skulu sett skráningarmerki á ökutækið. Á bifreiðum skulu vera tvö skráningarmerki, að framan og að aftan. Á öðrum skráningarskyldum ökutækjum skal vera eitt skráningarmerki.

Á hverjum ársfjórðungi ber forstöðumanni bifreiðastöðvar að senda hlutaðeigandi lögreglustjóra skrá um allar bifreiðar og bifreiðastjóra á stöðinni.

Bifreiðaeftirlit ríkisins gefur út skráningarskírteini ökutækis, og skal það ávallt fylgja því.

5. gr.

12. gr. orðist svo:

Bifreiðaeftirlit ríkisins lætur í té skráningarmerki af þeirri gerð og gegn því gjaldi, sem dómsmálaráðherra ákveður. Merkin skulu ávallt vera læsileg, og má eigi hylja þau.

Nú glatast skráningarmerki eða verður ónothæft, og skal það þegar tilkynnt á næstu lögreglustöð. Er þá heimilt að nota ökutækið, samkvæmt nánari reglum, sem dómsmálaráðherra setur.

6. gr.

13. gr. orðist svo:

Bifreiðaeftirlit ríkisins getur, ef sérstaklega stendur á, heimilað, samkvæmt reglum, sem dómsmálaráðherra setur, akstur skráningarskyldra ökutækja án skráningar. Skal í þessum reglum ákveða, að gjald komi fyrir leyfið.

7. gr.

14. gr. orðist svo:

Nú verða eigendaskipti að skráðu ökutæki, og skal þá bæði hinn fyrri og hinn nýi eigandi tilkynna það til ökutækjaskrár innan hálfs mánaðar. Sama gildir, ef eigandi ökutækis breytir um nafn eða lögheimili.

8. gr.

15. gr. orðist svo:

Bifreiðaeftirlit ríkisins annast skráningu, skoðun og eftirlit ökutækja.

Dómsmálaráðherra skipar bifreiðaeftirlitinu framkvæmdastjóra, svo og eftirlitsmenn ökutækja, bifreiðaeftirlitsmenn, sem hafa lögregluvald á starfssviði sínu. Hann ákveður umdæmi þeirra og starfssvið. Eftirlitsmenn skulu vera sérfróðir um þau mál, er vélknúin ökutæki varða, gerð þeirra, akstur og aðra meðferð, svo og lög þau og reglur, er um þau gilda. Engan má skipa eftirlitsmann, nema hann hafi lokið prófi, er sýni, að hann sé þeim kostum búinn og hafi þá kunnáttu, sem nauðsynleg er til starfsins. Dómsmálaráðherra setur reglur um kennslu, prófkröfur og önnur hæfnisskilyrði eftirlitsmanna, svo og reglur um starfsemi bifreiðaeftirlits ríkisins.

9. gr.

1. mgr. 17. gr. orðist svo:

Þegar tilkynning hefur borist bifreiðaeftirliti ríkisins um ökutæki, sbr. 11. gr., skal eftirlitsmaður skoða ökutækið og sker hann úr um, hvort það fullnægir kröfum laga og reglugerða.

10. gr.

18. gr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra ákveður, hve oft almenn skoðun skráningarskyldra ökutækja skuli fara fram. Hann getur ákveðið, að tilteknar gerðir ökutækja séu skoðaðar á skemmra fresti en almennt er boðið. Lögreglustjórar eða bifreiðaeftirlitsmenn geta, hvenær sem er, krafist þess, að skráningarskyld ökutæki, sem eru í umdæmi þeirra, séu færð til skoðunar, svo að ganga megi úr skugga um, hvort þau séu í lögmæltu ástandi. Bifreiðaeftirlit ríkisins ákveður hvar og hvenær almenn skoðun ökutækja fer fram. Eftirlitsmenn rita vottorð um skoðun ökutækja í skráningarskírteini.

11. gr.

19. gr. orðist svo:

Lögreglustjóri eða bifreiðaeftirlitsmaður getur, hvenær sem er, krafist þess, að skráningarskylt ökutæki, sem er í umdæmi hans, sé fært til sérstakrar skoðunar á þann stað, er hann ákveður.

Lögreglumönnum og bifreiðaeftirlitsmönnum er heimilt, hvenær sem er, að stöðva ökutæki, skoða það samstundis og athuga ökuskírteini.

Verði starfsmaður viðgerðarverkstæðis þess var, að öryggisbúnaði vélknúins ökutækis, sem þar er til viðgerðar eða breytinga, sé áfátt, skal hann skýra yfirmanni verkstæðis frá því, en honum ber að gera eiganda ökutækisins aðvart og síðan tilkynna það bifreiðaeftirlitsmanni eða lögreglustjóra, ef eigi verður úr bætt.

12. gr.

20. gr. orðist svo:

Nú kemur í ljós, að skráningarskylt ökutæki fullnægir ekki lögum og reglum eða er eigi fært til skoðunar, þegar krafist er, og getur þá lögreglustjóri eða bifreiðaeftirlitsmaður bannað notkun þess og tekið af því skráningarmerki, uns bætt hefur verið úr því, sem áfátt var eða vanrækt. Skal þá eftirlitsmaður skoða ökutækið, áður en skráningarmerkin eru afhent aftur.

Heimilt er að afskrá ökutæki án samþykkis eiganda, ef það er ónýtt að dómi eftirlitsmanns. Tilkynna skal nafnskráðum rétthöfum ökutækisins um afskráninguna með hæfilegum fyrirvara.

Nú vill eigandi ökutækis fá það afskráð, og skal því aðeins sinna þeirri beiðni, að telja megi ökutækið ónýtt.

Um leið og ökutæki er afskráð skal skráningarmerkjum þess skilað.

13. gr.

3. mgr. 23. gr. orðist svo:

Ef eigandi (umráðamaður) skráningarskylds ökutækis, sem flutt hefur verið hingað frá útlöndum, er búsettur hér á landi, skal skrá ökutækið hjá bifreiðaeftirliti ríkisins eða afhenda skráningarmerki þess innan hálfs mánaðar eftir að það kom til landsins. Taki eigandi (umráðamaður) hins erlenda ökutækis sér búsetu hér á landi, eða ef ökutækið verður eign aðila, sem hér er búsettur, skal skrá ökutækið eða afhenda hin erlendu skráningarmerki innan hálfs mánaðar.

14. gr.

Á eftir 3. mgr. 28. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Enginn má stýra beltabifhjóli nema hann hafi skírteini til aksturs bifreiða, bifhjóla, dráttarvéla eða léttra bifhjóla.

15. gr.

55. gr. breytist sem hér segir:

a. Á eftir 2. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Lengd ökutækis má ekki vera meiri en 12 m. Ökutæki með festivagni má þó vera 15 m að lengd og ökutæki með tengivagni 18 m.

b. 6. mgr., sem verður 7. mgr., orðist svo:

Ákvæðin hér að framan um breidd, lengd og hæð ökutækis gilda einnig um farm þess.

16. gr.

Í stað orðsins „vegamálastjóri“ í 3. og 4. mgr. 56. gr. komi: veghaldari.

17. gr.

57. gr. orðist svo:

Við bifreið, beltabifhjól eða dráttarvél má aðeins tengja einn tengivagn eða festivagn. Lögreglustjóri getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þessum, ef sérstök nauðsyn er, enda komi samþykki vegamálastjóra til um akstur á vegum utan kaupstaða.

Skráningarskyldan tengi- eða festivagn má aðeins tengja við bifreið, beltabifhjól eða dráttarvél, sem til þess er talin hæf og hefur um það áritun í skráningarskírteini. Auk skráningarmerkis skal hver tengi- eða festivagn auðkenndur að aftan skráningartölu dráttartækisins.

18. gr.

1. mgr. 58. gr. orðist svo:

Til dráttar tengitækis má nota beltabifhjól, dráttarvél eða vinnuvél. Enn fremur bifreið, sem skráð er til aksturs með tengivagn eða viðurkennd til aksturs með tengitæki. Ekki má aka með meira en eitt tengitæki.

19. gr.

70. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 25 24. apríl 1974, breytist sem hér segir:

a. 1. mgr. orðist svo:

Eiganda skráðs, vélknúins ökutækis er skylt að kaupa í vátryggingafélagi, sem viðurkennt er af dómsmálaráðherra, og halda við vátryggingu fyrir ökutæki sitt, sem nemi kr. 12 000 000 fyrir bifreið og kr. 6 000 000 fyrir önnur ökutæki.

b. Í stað „kr. 400 000.00“ í 2. mgr. komi: kr. 600 000.

20. gr.

Í stað „2‰“ í 1. mgr. 73. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 23 3. maí 1972 og 2. gr. laga nr. 25 24. apríl 1974, komi: 1.25‰.

21. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður, hvenær bifreiðaeftirlit ríkisins tekur við skráningu ökutækja samkvæmt lögum þessum. Fram til þess annast lögreglustjórar skráningu ökutækja samkvæmt núgildandi ákvæðum.

Ákvæði 4. gr. um skráningu beltabifhjóla koma til framkvæmda 1. janúar 1976. Nægilegt er þó, að beltabifhjól, sem tekin hafa verið í notkun fram til 1. janúar 1976, séu tilkynnt til skráningar fyrir 1. maí 1976.

Ákvæði 19. og 20. gr. koma til framkvæmda 1. mars 1976.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Meginefni frumvarps þessa felur í sér þær breytingar á ákvæðum umferðarlaga, að gert er ráð fyrir því, að hætt verði að umskrá ökutæki vegna flutninga milli lögsagnarumdæma, svo og því að Bifreiðaeftirlit ríkisins annist skráningu ökutækja í stað lögreglustjóra. Frumvarpið hefur ennfremur að geyma ákvæði um skráningu og notkun beltabifhjóla (vélsleða) og um hámarkslengd ökutækja. Þá er lagt til, að hækkaðar verði vátryggingarfjárhæðir fyrir hina lögboðnu ábyrgðartryggingu ökutækja og ennfremur gert ráð fyrir nokkrum öðrum breytingum á umferðarlögunum.

Samkvæmt gildandi ákvæðum umferðarlaga skal skrá öll skráningarskyld ökutæki hjá lögreglustjóra, þar sem eigandi ökutækisins er búsettur. Þá er eigendaskipti verða að skráðu ökutæki og hinn nýi eigandi er búsettur í öðru lögsagnarumdæmi, skal tilkynna lögreglustjórum beggja umdæma eigendaskiptin. Skal ökutækið þá skráð að nýju, en afskráð í umdæminu, sem það fluttist frá. Þegar eigandi ökutækis flyst búferlum með ökutæki sitt í annað lögsagnarumdæmi, skal eigandi senda tilkynningu um flutninginn til lögreglustjóra beggja umdæmanna. Skal ökutækið þá afskráð í því umdæmi, sem það fluttist frá, en skráð að nýju í umdæminu, sem flutt er í. Gildir þetta þó eigi, þegar um skemmri dvöl er að ræða. Auk þess sem þannig hefur verið lögskylt að umskrá ökutæki vegna flutnings ökutækja milli umdæma, hefur tíðkast að umskrá ökutæki að ósk eiganda, þótt eigi hafi það verið skylt að lögum.

Með auknum bifreiðafjölda hefur umskráningum farið mjög fjölgandi, og umsvif tengd þeim hafa aukist ár frá ári hjá hinum ýmsu lögreglustjóraembættum, svo og við Bifreiðaeftirlit ríkisins. Undanfarið hefur bifreiðafjöldi (í árslok), nýskráningar og umskráningar verið sem hér segir:

Ár	Fjöldi bifreiða	Nýskráningar	Umskráningar
1971	52489	7193	13321
1972	57155	6123	16900
1973	63189	7666	19800
1974	71364	9435	27340

Þessu auknu umsvif hafa kallað á fjölgun starfsliðs og aukinn rekstrarkostnað. Hefur því á undanförnum árum verið til athugunar á hvern hátt draga megi úr kostnaði á þessu sviði og gera skráningarkerfið einfaldara, bæði fyrir þegnana og hið opinbera. Er með frumvarpi þessu lagður grundvöllur að því að skráningu ökutækja verði breytt á þann veg, að tekið verði upp fast númerakerfi fyrir allt landið, þar sem meginreglan er sú, að ökutæki haldi óbreyttum skráningarmerkium frá því það er fyrst skráð og þar til það er tekið af skrá sem ónýtt. Kostir við þessa breytingu eru fyrst og fremst sparnaður í vinnu og aðstöðu, þar sem hætt yrði að umskrá ökutæki vegna flutnings milli umdæma eða annarra ástæðna. Jafnframt mundu falla niður þær skoðanir, sem nú er skylt að framkvæma við umskráningu. Sparnaður þessi mundi ekki einungis koma fram hjá þeim opinberu stofnunum, sem hlut eiga að máli (lögreglustjórum, bifreiðaeftirliti og þinglýsingadómurum), heldur einnig hjá eigendum ökutækjanna, svo og öðrum, t. d. vátryggingafélögum. Breytt skráningarkerfi mundi og auðvelda viðhald ökutækjaskrár og skýrsluvélavinnu, og draga úr hættu á misskráningum. Með breytingunni mundu falla niður þau auðkenni á ökutækjum, sem leiða af skiptingu landsins í skráningarumdæmi. Gert er þó ráð fyrir því, að hver lögreglustjóri haldi áfram skrá yfir ökutæki í umdæmi sínu, auk þess sem allsherjarspjaldskrá verður haldin, svo sem nú er, og unnin í skýrsluvélum.

Undirbúningur að nýju skráningarkerfi er þegar hafinn, m. a. með kaupum á skráningarvél, sem skráir upplýsingar um ökutæki vegna spjaldskrár og á skrán-

ingarskírteini, auk þess sem hún gatar á strimil upplýsingar til úrvinnslu í skýrsluvélum. Er gert ráð fyrir því, að hvert ökutæki verði auðkennt með tveimur bókstöfum og þremur tölustöfum. Þessi undirbúningur er óháður því, hvort skráningarmerkjum verður breytt eða ekki, en kemur að notum, ef horfið verður að því ráði að breyta þeim, en ekki er nauðsynlegt að skipta um merki á öllum ökutækjum samtímis.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Á undanförnum árum hafa verið fluttir til landsins allmargir vélsleðar. Ökutæki þessi eru mörg hver mjög hraðskreið. Eigi hafa vélsleðarnir verið skráðir, og nokkur óvissa ríkt um, hvaða reglur skuli gilda um þá. Með frumvarpinu er lagt til, að tekin verði upp sérstök skýrgreining fyrir ökutæki þessi og önnur skyld og þau nefnd beltabifhjól. Jafnframt er gert ráð fyrir sérstökum reglum um beltabifhjól, svo sem um skráningu, vátryggingu og ökuréttindi. Skýrgreining sú, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er í samræmi við hliðstæða skýrgreiningu í norskri og sænskri umferðarlöggjöf.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir því, að í reglugerð verði kveðið á um búnað beltabifhjóla, svo sem nú er um dráttarvélar.

Um 3. gr.

Með breytingu á upphafsákvæði gildandi 10. gr. er lagt til, að heimild ráðherra til að setja ákvæði um gerð og búnað ökutækja verði skýrari, þannig að hann hafi heimild til að setja frekari ákvæði um það efni en eigi aðeins nánari ákvæði, svo sem nú er. Eru breytingar á gerð ökutækja, búnaði o. þ. h. það örar, að rétt þykir, að ráðherra hafi heimild til að kveða á um frekari atriði.

Síðari málsgreinin er nýmæli. Er lagt til, að dómsmálaráðherra verði heimilað að banna notkun búnaðar, sem eigi hefur hlotið viðurkenningu Bifreiðaeftirlits ríkisins, svo og viðskipti með slíka hluti eða búnað. Er nauðsynlegt að hafa í lögum þessa heimild til að koma í veg fyrir notkun búnaðar, sem getur verið hættulegur, svo og til að koma í veg fyrir sölu búnaðar, sem eigi uppfyllir tilskildar kröfur um gerð og gæði, t. d. öryggisbelti.

Um 4. gr.

Yfirgnæfandi fjöldi nýrra ökutækja er í upphafi skráður í Reykjavík, þar sem þau eru flutt inn. Með breyttu skráningarkerfi mun þeim ökutækjum fjölga að mun, sem þar verða skráð, án tillits til þess, hvar eigandi er búsettur. Þegar þessa er gætt og svo þess, að hætt verður að umskrá ökutæki vegna flutnings milli umdæma, er eðlilegt, að Bifreiðaeftirlit ríkisins, sem eigi er bundið við einstök lögsagnarumdæmi, taki við skráningarhlutverki því, sem lögreglustjórar nú hafa, jafnframt því sem það heldur allsherjarspjaldskrá yfir ökutæki, svo sem verið hefur. Eftir sem áður er gert ráð fyrir því, að lögreglustjórar haldi skrá yfir ökutæki í umdæmum þeirra samkvæmt gögnum frá bifreiðaeftirlitinu.

Með breytingu þeirri, sem í frumvarpsgreininni felst, er gert ráð fyrir því, að tekin verði upp skráning beltabifhjóla.

Samkvæmt gildandi ákvæðum skulu vera skráningarmerki framan og aftan á öllum skráningarskyldum ökutækjum, þ. á m. bifhjólum, léttum bifhjólum og dráttarvélum. Nokkur slysahætta er talin stafa af skráningarmerkjum framan á bifhjólum og léttum bifhjólum. Þá eru skráningarmerki aftan á dráttarvélum oft hulin vegna tækja, sem við dráttarvélina eru tengd, auk þess sem oft er erfitt að

festa þar merki. Sömu sjónarmið eiga við um beltabifhjól. Með frumvarpsgreininni er gert ráð fyrir því, að á ökutækjum þessum verði einungis eitt skráningarmerki. Í reglugerð verður kveðið nánar á um, hvar skráningarmerki skulu fest á ökutæki þessi.

Um 5. gr.

Samkvæmt 1. málsgr. er gert ráð fyrir því, að bifreiðaeftirlitið láti í té skráningarmerki í stað lögreglustjóra, og er það í samræmi við breytt hlutverk bifreiðaeftirlitsins.

Þá er efni 2. málsgr. 12. gr. laganna nokkuð breytt, og er gert ráð fyrir því, að settar verði reglur um heimild til að nota ökutæki, þegar skráningarmerki hefur glatast.

Um 6. gr.

Hér kemur bifreiðaeftirlit í stað lögreglustjóra.

Um 7. gr.

Í samræmi við meginbreytingu á skráningarkerfi fellur niður skylda til að umskrá ökutæki vegna flutnings milli umdæma. Hins vegar verður áfram nauðsynlegt að tilkynna eigendaskipti, og hvílir sú skylda bæði á seljanda og kaupanda, en kveðið er skýrar á um það, innan hvaða frests tilkynning skuli hafa borist. Þá er kveðið á um það, að eiganda skuli ætíð skylt að tilkynna breytingu á lögheimili, hvort sem er vegna flutnings innan lögsagnarumdæmis eða milli umdæma. Loks felst í greininni það nýmæli, að tilkynna skuli, ef eigandi ökutækis breytir um nafn. Er nauðsynlegt, að í ökutækjaskrá séu ætíð fyrir hendi glöggar upplýsingar um eigendur ökutækja.

Um 8. gr.

Breyting sú, sem felst í 1. málsgr., er vegna hins nýja hlutverks Bifreiðaeftirlits ríkisins við skráningu ökutækja. Þá er með 2. málsgr. bætt inn ákvæði um, að dómsmálaráðherra skipi bifreiðaeftirlitinu framkvæmdastjóra, og loks er lagt til, að í lögum verði kveðið á um það, að bifreiðaeftirlitsmenn hafi lögregluvald á starfssviði sínu.

Um 9. gr.

Breyting á grein þessari er vegna hins nýja hlutverks bifreiðaeftirlitsins við skráningu ökutækja.

Um 10. gr.

Efni greinar þessarar er skipað á annan veg en áður. Vegna breytts skráningarkerfis er gert ráð fyrir því, að Bifreiðaeftirlit ríkisins taki framvegis ákvörðun um það, hvar og hvenær almenn skoðun skuli fram fara. Þá má gera ráð fyrir því að samfara endurbótum á starfsaðstöðu bifreiðaeftirlitsins verði reistar skoðunarstöðvar, þar sem skoðuð verða ökutæki úr fleiri umdæmum en einu.

Um 11. gr.

Breyting sú, sem felst í 1. málsgr., er til samræmis við aðrar breytingar. Þá er fellt niður ákvæði gildandi 3. málsgr. 19. gr., enda á það eigi lengur við, er umskráningar falla niður með breyttu skráningarkerfi.

Um 12. gr.

Breytingar á grein þessari eru til samræmis við aðrar breytingar frumvarpsins. Ákvæði 4. málsgr. er flutt úr gildandi 14. gr.

Um 13. gr.

Hér kemur bifreiðaeftirlit í stað lögreglustjóra.

Um 14. gr.

Ákvæði greinar þessarar er nýmæli. Er gert ráð fyrir, að til aksturs beltabifhjóla þurfi ætíð ökuskírteini, er veiti rétt til aksturs einhvers vélknúins ökutækis.

Um 15. gr.

Í gildandi lögum eru eigi ákvæði um hámarkslengd ökutækja. Þykir rétt að lögfesta ákvæði um þetta efni, og er ákvæði greinarinnar í samræmi við það, sem víða tíðkast erlendis.

Um 16. gr.

Samkvæmt 56. gr. umferðarlaga er gert ráð fyrir því, að vegamálastjóri geti leyft frávik frá reglum um öxulþunga og heildarþyngd ökutækja, almennt og vegna sérstakra flutninga. Telja verður, að vegamálastjóri geti einungis fjallað um þá vegi, sem hann hefur umsjón með samkvæmt vegalögum. Umferðarlög gera þannig ekki ráð fyrir aðila, sem leyft getur frávik frá þungaákvæðum, þegar um er að ræða vegi, þar sem Vegagerð ríkisins er eigi veghaldari. Er því lagt til, að fráviksheimild greinarinnar verði í höndum veghaldara, en veghaldari er sá, sem sér að öllu leyti um vegagerð og viðhald vega.

Um 17. og 18. gr.

Breytingar á 57. og 58. gr. umferðarlaga eru vegna hinna nýju reglna um beltabifhjól, en gert er ráð fyrir, að um notkun beltabifhjóla gildi hliðstæðar reglur og um dráttarvélar að því er varðar drátt tengi- og festivagna og tengitækja.

Um 19. gr.

Vátryggingarfjárhæðir fyrir hina lögboðnu ábyrgðartryggingu ökutækja voru á síðasta ári hækkaðar í 6 millj. kr. fyrir bifreiðar, 3 millj. kr. fyrir bifhjól og dráttarvélar og 2 millj. kr. fyrir létt bifhjól. Vegna verðlagsþróunar þeirrar, sem síðan hefur orðið, er lagt til, að vátryggingarfjárhæðirnar verði nú hækkaðar á ný, þannig að aukið verði öryggi þeirra, sem fyrir tjóni kunna að verða, svo og eigenda ökutækjanna. Er gert ráð fyrir því, að vátryggingarfjárhæð vegna bifreiða tvöfaldist og verði 12 millj. kr., en vátryggingarfjárhæð vegna annarra ökutækja verði 6 millj. kr. Til athugunar hefur verið að breyta ákvæðum um vátryggingu og vátryggingarfjárhæðir frekar, en að svo stöddu eru eigi gerðar tillögur um það efni.

Um 20. gr.

Eigin áhætta þess, sem fébótaábyrgð ber á tjóni af völdum bifreiðar, er nú allt að 12 000 krónur. Með hækkun vátryggingarfjárhæða og óbreyttu ákvæði 73. gr. umferðarlaga yrði eigin áhætta allt að 24 000 krónur. Þykir eigi rétt að hækka eigin áhættu svo mjög að krónutölu, og er því lagt til, að eigin áhætta vegna tjóns af völdum bifreiðar hækki í allt að 15 000 krónur.

Um 21. gr.

Svo sem greinir í almennum athugasemdum frumvarpsins er undirbúningur að nýju skráningarkerfi þegar hafinn. Enn er þó eigi unnt að tímasetja, hvenær nýtt skráningarkerfi gæti að fullu komið til framkvæmda, og er því lagt til, að dómsmálaráðherra ákveði, hvenær hin nýju ákvæði um skráningu skuli taka gildi.

Þegar eru í notkun allmörg ökutæki, sem teljast beltabifhjól samkvæmt frumvarpinu. Er nauðsynlegt að ætla eigendum þeirra hæfilegan tíma til að tilkynna þau til skráningar.

Loks er lagt til að breytingar á vátryggingarfjárhæðum miðist við nýtt vátryggingartímabil.

Ed. 27. Frumvarp til laga [24. mál]

um sóknargjöld.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

1. gr.

Hver maður, karl eða kona, á aldrinum 16 til 67 ára á skattárinu, sem er heimilisfastur hér á landi, er í þjóðkirkjusöfnuði og greiðir útsvar samkvæmt IV. kafla laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga, skal árlega greiða sóknargjald.

2. gr.

Sóknargjaldið skal vera 1% af útsvari gjaldanda, en þó skal það eigi vera lægra en 500 krónur fyrir einstakling og 1000 krónur fyrir hjón.

Nú telja hjón fram sameiginlega og einungis annað hjóna er innan aldursmarka samkvæmt 1. gr. og skal sóknargjaldið þá reiknað af hálfu útsvari þeirra.

Sóknarnefndum er heimilt að ákveða, að fengnu samþykki ráðherra, að sóknargjald skuli vera allt að 1½% af útsvari gjaldanda. Í Reykjavíkurprófastsdæmi tekur safnaðarráð, sbr. 2. gr. l. nr. 35/1970, ákvörðun um þetta efni, eftir tillögum sóknarnefnda í prófastsdæminu og að fengnu samþykki ráðherra.

3. gr.

Hver sá, er telst til skráðs trúfélags utan þjóðkirkjunnar, sbr. lög um trúfélög, skal greiða árlega til trúfélags síns eigi lægri fjárhæð en honum annars hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar.

4. gr.

Nú er maður utan þjóðkirkjunnar og telst eigi til skráðs trúfélags, sbr. 3. gr., og skal hann þá greiða til Háskóla Íslands í Háskólasjóð fjárhæð, er nemur sóknargjaldi, er honum annars hefði borið að greiða.

5. gr.

Þeir, sem annast álagningu útsvara, skulu jafnframt annast álagningu sóknargjalda og gjalda samkvæmt 4. gr. svo og gjalda samkvæmt 3. gr., ef viðkomandi trúfélag óskar þess. Um álagningu þessara gjalda gilda að öðru leyti sömu reglur og um útsvör, eftir því sem við á.

Sóknarnefndir skulu tilkynna þeim, er álagninguna annast, ákvarðanir, er varða álagninguna, fyrir 1. febrúar ár hvert.

6. gr.

Gjalddagi og eindagi sóknargjalda og gjalda samkvæmt 3. og 4. gr. er hinn sami sem á útsvörum. Um dráttarvexti og innheimtu að öðru leyti gilda sömu ákvæði um gjöld þessi og gilda um útsvör eftir því sem við á.

7. gr.

Sóknargjald skal greiðast til þeirrar sóknar, sem gjaldandi átti lögheimili í næstliðinn 1. desember samkvæmt þjóðskrá.

Gjald samkvæmt 3. og 4. gr. skal greiðast til viðkomandi trúfélags eða Háskólans í samræmi við trúfélagsskráningu hjá þjóðskrá miðað við næstliðinn 1. desember.

8. gr.

Sóknarnefndir skulu hafa á hendi innheimtu sóknargjalda gegn hæfilegri innheimtuþóknun, þó aldrei hærri en 6% af innheimtu fé.

Stjórn skráðs trúfélags getur á sama hátt haft á hendi innheimtu gjalds skv. 3. gr.

Ríkissjóður skal innheimta gjöld skv. 4. gr.

Sóknarnefndir og stjórnir skráðra trúfélaga geta falið sveitarstjórnum eða ríkissjóði innheimtu sóknargjalda og gjalda skv. 3. gr.

Ef sveitarstjórnir eða ríkissjóður innheimta framangreind gjöld, skal þeim skilað viðkomandi söfnuði, trúfélagi eða Háskólanum eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

9. gr.

Lögtaksréttur fylgir gjöldum þeim, sem mælt er fyrir um í lögum þessum.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu þau koma til framkvæmda við álagningu á árinu 1976.

11. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 36 1. apríl 1948 um sóknargjöld svo og lög nr. 40 20. maí 1964 um breyting á þeim lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var flutt í lok síðasta Alþingis, en hlaut þá eigi afgreiðslu. Frumvarpinu fylgdi svofelld greinargerð:

Gildandi lög um sóknargjöld eru að meginstofni til frá árinu 1948. Samkvæmt þeim er sóknargjald persónugjald eða nefskattur, sem allir menn á aldrinum 16 til 67 ára skulu greiða. Gjaldið er mismunandi hjá hinum einstöku sóknum, þar sem ákvörðunarvald um álagningu gjaldsins er, innan vissra marka, hjá söfnuðunum sjálfum.

Eftir lagabreytingu, er gerð var á árinu 1972, þegar almannatryggingagjaldið var fellt niður, er sóknargjaldið eini nefskatturinn, sem enn er lagður á. Veldur þetta óhagræði og auknum kostnaði við framkvæmd álagningar og innheimtu opinberra gjalda, einkum í Reykjavík, þar sem allmargir tekjulitlir gjaldendur greiða nú engan annan skatt en sóknargjald.

Breyting sú, er í frumvarpinu felst, er fyrst og fremst sú, að horfið er frá gildandi reglu að innheimta sóknargjaldið sem nefskatt. Í stað þess er það lagt á sem ákveðinn hundraðshluti af álögðu útsvari gjaldanda. Helsti kosturinn við þessa tilhögun er sá, að hún tryggir sjálfkrafa aðlögun að hækkandi verðlagi og tekjum og þar með útgjöldum safnaðanna. Auk þess er sniðinn af sá vankantur, er áður greinir, um óhæfilegan kostnað við innheimtu gjalda hjá þeim, er engan annan skatt greiða. Í frumvarpinu er þó gert ráð fyrir, að hver gjaldandi sóknargjalds greiði lágmarksfjárhæð, sem í frumvarpinu er ákveðin 500 krónur fyrir einstakling og 1000 krónur fyrir hjón. Með lágmarksgjaldi þessu er tryggt ákveðið samræmi í álagningu gjaldsins og verður fámennari og fátækari sóknum einkum til hagsbóta.

Á síðasta kirkjuþingi var álagning sóknargjalda til meðferðar og var þar samþykkt frumvarp, er gengur í öllum meginatriðum í sömu átt og frumvarp þetta gerir. Þar var þó gert ráð fyrir meiri gjaldtöku en þetta frumvarp gerir ráð fyrir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að þeir einir greiði sóknargjald, sem greiða útsvar. Er hér að framan getið þeirra ástæðna, er liggja til grundvallar þessari breytingu frá gildandi lögum.

Um 2. gr.

Breyting frá gildandi lögum er fyrst og fremst sú, að sóknargjaldið skal samkvæmt þessari grein innheimt sem hundraðshluti af útsvari en ekki sem nefskattur.

Skal sóknargjaldið nema 1% af útsvari, en þó eigi lægri fjárhæð en 500 krónum fyrir einstakling og 1000 krónum fyrir hjón. Áður er getið meginástæðna, er liggja hér til grundvallar ákvæði þessu.

Í 3. mgr. er ákvæði, er gefur sóknarnefndum möguleika til þess að hækka greindan hundraðshluta í allt að 1½% að fengnu samþykki ráðherra.

Ákvæði í 3. gr. gildandi laga um sóknargjöld, er heimila sóknarnefndum að leggja á viðbótargjald, ef tekjur kirkju hrökkva ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum, er eigi tekið upp í frumvarp þetta, enda kemur 3. mgr. þar nokkuð í stað. Greint ákvæði 3. gr. gildandi laga hefur eftir því sem best verður vitað, sjaldan verið notað. Ákvæði síðari hluta 3. mgr. er fyrst og fremst sett af hagkvæmnisástæðum og er í samræmi við venju, er skapast hefur.

Þjóðhagsstofnun hefur reiknað út, hvernig álagning muni koma út fyrir þetta ár samkvæmt ákvæðum frumvarpsins miðað við álagningu á síðasta ári og er niðurstaðan í meginatriðum þessi: Á árinu 1974 nam álagning í Reykjavík 35 milljónum króna og var sóknargjaldið þá 750 krónur á einstakling og 1500 krónur á hjón. Ekki liggja fyrir öruggar upplýsingar um samanlögð sóknargjöld utan Reykjavíkur á síðasta ári vegna þess, hve sóknargjaldið er mismunandi í hinum einstöku sóknum. Sé gert ráð fyrir, að sóknargjaldið hafi alls staðar verið það sama og í Reykjavík, þ. e. 750 krónur á einstakling og 1500 krónur á hjón, þá áætlar Þjóðhagsstofnun að samtals hefðu sóknargjöld utan Reykjavíkur getað numið 55 milljónum króna á síðasta ári. Sé miðað við álagningu eftir ákvæðum 1. mgr., þá áætlar Þjóðhagsstofnun, að sóknargjöld í Reykjavík í ár gætu numið 35 milljónum króna, en utan Reykjavíkur 51 milljón króna. (Hér er gert ráð fyrir, að sveitarfélög neyti heimildar um 11% álagningu). Neyti sóknarnefndir heimildar 3. mgr., þá verður niðurstaðan sú, að sóknargjöld í Reykjavík gætu numið 56 milljónum króna, en utan Reykjavíkur 76 milljónum króna. (Hér er einnig miðað við 11% útsvarsálagningu).

Um 3. gr.

Ákvæði þessarar greinar er efnislega samhljóða 3. mgr. 1. gr. gildandi laga um sóknargjöld með þeim breytingum, er leiða af ákvæðum laga um trúfélög.

Um 4. gr.

Ákvæði þessarar greinar er samhljóða 4. mgr. 1. gr. gildandi laga um sóknargjöld að öðru leyti en því, að í stað núverandi ákvæða þess efnis, að gjaldið skuli renna í prófgjaldasjóð, kemur ákvæði um, að það renni í Háskólasjóð. Hér er þó í rauninni um sama sjóð að ræða, þar sem prófgjaldasjóður hefur verið lagður niður, en í stað hans hefur Háskólasjóður að verulegu leyti komið.

Um 5. gr.

Þegar sóknargjaldið er lagt á sem ákveðið hlutfall af útsvari, eins og frumvarp þetta kveður á um, þá er æskilegt af hagkvæmnisástæðum, að sami aðili fjalli um álagningu sóknargjaldsins og annast álagningu útsvara. Önnur tilhögun gæti leitt til óhagræðis fyrir þann, sem innheimtir gjaldið og þá ekki síst fyrir gjaldanda sjálfan, einkum í þeim tilfellum, þegar breyting verður á útsvari hans og álagningargrundvöllur sóknargjaldsins breytist. Það er nauðsynlegt, að allar breytingar, er verða á útsvari gjaldanda, leiði sjálfkrafa til breytinga á sóknargjaldinu. Því er talið æskilegt, að þeir aðilar, er leggja á útsvarið, skattstjórar eða sveitarstjórnir, annist jafnframt álagningu sóknargjaldsins. Í þessari grein er ákvæði um, að trúfélög geti lagt sjálf á gjald samkvæmt 3. gr. og er það í samræmi við áralanga venju.

Um 6. gr.

Ef gjöld, samkvæmt lögum þessum, eru innheimt af innheimtumönnum ríkissjóðs eða sveitarstjórnum, er nauðsynlegt, að sömu innheimtureglur gildi um þau og önnur opinber gjöld.

Um 7. gr.

Hér er um að ræða reglur, sem að verulegu leyti hefur verið fylgt í raun, enda þótt ákvæði hafi skort um það í lögum. Ákvæði 2. mgr. er í samræmi við ákvæði 4. mgr. 8. gr. laga um trúfélög. Hér er þó nánar kveðið á um hvaða tímamark eigi að miða við.

Um 8. gr.

Að verulegu leyti er ákvæði þessarar greinar efnislega samhljóða ákvæðum 6. gr. gildandi laga um sóknargjöld. Hér er þó nánar kveðið á um innheimtu gjalda utanþjóðkirkjumanna. Ákvæði er um að innheimtumenn ríkissjóðs skuli annast innheimtu gjalda samkvæmt 4. gr. og stjórnir trúfélaga geta innheimt gjöld, er renna eiga til þeirra. Eigi er tekið upp í frumvarpið ákvæði 5. mgr. 1. gr. gildandi laga um sóknargjöld þess efnis, að utanþjóðkirkjumönnum beri að sýna innheimtumanni sóknargjalda skilríki fyrir því, að þeir hafi greitt gjald sitt til síns safnaðar eða Háskólans, ella beri þeim að greiða gjöld þessi til sóknarkirkju sinnar. Þetta ákvæði samrýmist ekki fyllilega ákvæðum 7. gr., þar sem trúfélagsskráning hjá þjóðskrá er lögð til grundvallar álagningu þessara gjalda.

Um 9.—11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 28. Fyrirspurnir. [25. mál]

I. Til félagsmálaráðherra um húsnæðismál.

Frá Helga F. Seljan.

1. Hverjar eru horfur á afgreiðslu nýrra lána (fyrsta hluta) fram til áramóta? Við hvaða dagsetningu fokheldnivottorða verður lánveiting fyrir áramót miðuð?
2. Hvenær má vænta afgreiðslu lána til eldri íbúða, sem sótt var um fyrir 1. okt. s. l.?
3. Til hve margra leiguíbúða á vegum sveitarfélaga hefur leyfi verið veitt til þessa dags? Hve margar þeirra hafa fengið fulla fjármagnsfyrirgreiðslu?

II. Til iðnaðarráðherra um virkjunarrannsóknir á Fljótsdalsheiði.

Frá Helga F. Seljan.

1. Hvenær er niðurstaðna að vænta af rannsókn þeirri á virkjun Bessastaðaár, sem fram hefur farið, þannig að fullnaðarákvörðun um virkjun megi taka?
2. Er það rétt, að Sviss Aluminium eða aðrir erlendir aðilar hafi átt einhverja aðild að rannsóknunni eða eru uppi áform um slíka aðild hvað snertir frekari rannsókn eða framkvæmdir varðandi hugsanlega stórvirkjun þar eystra?

III. Til heilbrigðisráðherra um hæli fyrir drykkjusjúka á Vífilsstöðum.

Frá Helga F. Seljan.

Hvenær má vænta þess, að hæli fyrir drykkjusjúka á Vífilsstöðum, sem staðið hefur að heita má fullbúið frá því í maí s. l. vor, taki til starfa, og hvað veldur þeim óhæfilega drætti, sem orðið hefur á því að koma þessari nauðsynlegu stofnun í fullan rekstur?

IV. Til dómsmálaráðherra um þátttöku ríkissjóðs í greiðslum til löggæslumanna.

Frá Karvel Pálmasyni.

Hvaða reglur gilda um þátttöku ríkissjóðs í greiðslu kostnaðar vegna starfa löggæslumanna á stöðum þar sem ekki eru fastráðnir lögreglumenn?

V. Til menntamálaráðherra um frumvarp til laga um kvikmyndasjóð.

Frá Axel Jónssyni.

Hvað líður meðferð á frumvarpi til laga um kvikmyndasjóð, sem efri deild Alþingis samþykkti 15. maí 1975 að vísa til ríkisstjórnarinnar?

Ed. 29. Frumvarp til laga [26. mál]

um breyting á lögum nr. 8/1972 með síðari breytingum um tekjustofna sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi, 1975.)

1. gr.

Framlag jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga samkvæmt 13. gr. skal greitt mánaðarlega.

2. gr.

g-liður 8. gr. orðist svo:

Að greiða árlega 5% af vergum tekjum sjóðsins til Lánasjóðs sveitarfélaga sbr. lög nr. 35/1966 og lög nr. 99/1974.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur með tilliti til greiðsluerfiðleika margra sveitarfélaga óskað eftir að greiðslur úr jöfnunarsjóði til sveitarfélaga dreifðust jafnar yfir árið en nú er, en samkvæmt gildandi lögum er framlagið greitt þrisvar á ári þ. e. fyrir 30. apríl, 30. september og 31. desember.

Rétt þykir að verða við þessum óskum. Er hér lagt til að þessar greiðslur til sveitarfélaganna verði inntar af hendi mánaðarlega.

Meginstofn jöfnunarsjóðs, sem er hluti af söluskatti og verðtolli, skal ríkissjóður samkv. lögum nr. 36 frá 1973, 1. gr., greiða mánaðarlega í jöfnunarsjóð.

Um 2. gr.

Með lögum frá síðasta þingi var Lánasjóður sveitarfélaga efldur verulega með auknum framlögum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og ríkissjóði. Breyting samkv. 2. gr. þessa frumvarps er gerð til samræmis við umrædda breytingu á lögum nr. 35/1966 um Lánasjóð sveitarfélaga.

Sþ. 30. Fyrirspurn [27. mál]

til tryggingaráðherra um ákvæði til bráðabirgða í lögum um atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof).

Frá Axel Jónssyni.

Hvað hyggst ríkisstjórnin gera til að fullnægja ákvæði til bráðabirgða í lögum um breyting á lögum nr. 57 27. apríl 1973, um atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof), er samþykkt var á Alþingi 16. maí 1975, svo hljóðandi:

„Fyrir 1. janúar 1976 skal ríkisstjórnin láta kanna á hvern máta megi veita öllum konum á landinu fæðingarorlof og tryggja tekjustofn í því skyni.“

Nd. 31. Frumvarp til laga [28. mál]

um kafarastörf.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

1. gr.

Enginn má í atvinnuskyni stunda köfun í ám eða vötnum, við strendur landsins eða frá íslenskum skipum hér við land, nema hann fullnægi þeim skilyrðum, sem sett eru í lögum þessum.

2. gr.

Köfun merkir í lögum þessum allar athafnir undir yfirborði vatns eða sjávar og annars staðar þar sem loft undir yfirþrýstingi er notað til öndunar.

3. gr.

Hver sá, er stunda vill köfun, skal fullnægja eftirgreindum skilyrðum:

a) vera fullra 16 ára.
b) hafa með fullnægjandi árangri gengið undir tilskilda læknisskoðun.
c) hafa staðist kafarapróf samkvæmt 4. gr.

4. gr.

Við kafarapróf þau, sem getur í c-lið 3. gr. skal sannreynt hvort sá, sem prófið tekur, hafi fullnægjandi fræðilega og verklega þekkingu á kafarastörfum, meðal annars hvort hann þekkir allar almennar ráðstafanir til öryggis kafaranum meðan hann vinnur starf sitt, svo og, að hann hafi nákvæma þekkingu á hlutum þeim, sem notast við köfun, og hvernig þeim skuli haldið við.

Ráðherra er heimilt að efna á hæfilegum fresti til námskeiða fyrir þá, sem þreyta vilja kafarapróf og fullnægja til þess skilyrðum a. og b. liðar 3. gr. Ákvæði um tilhögun námskeiða, námsgreina, kennslu og kennslugjöld skulu sett í reglugerð.

5. gr.

Siglingamálastofnun ríkisins afhendir hverjum þeim er fullnægir skilyrðum 3. gr. skírteini, sem viðkomandi sanni síðan hæfni sína með.

Halda skal nákvæma skrá um handhafa slíkra skírteina.

6. gr.

Kafaraskírteini samkvæmt 5. gr. skal endurnýja á fimm ára fresti og skal með umsókn um endurnýjun leggja fram fullnægjandi læknisvottorð. Eftir að handhafi skírteinis hefur náð 60 ára aldri, skal endurnýjun gerð árlega.

Nú er heilbrigðisvottorð ekki fullnægjandi eða árangur af læknisskoðun reynist vafasamur, eða leiki vafi á því hvort maður hafi gengið undir læknisskoðun og skal þá ekki gefa út nýtt skírteini. Rísi ágreiningur um þetta atriði skal málinu vísað til ráðherra, sem sker úr málinu eftir að hafa aflað sér umsagnar landlæknis.

7. gr.

Allur kafarabúnaður hverju nafni sem hann nefnist, skal vera af viðurkenndri gerð og merktur eftir því sem nauðsyn krefur, svo sem nafn framleiðanda, notkunarreglur o. þ. h.

Ráðherra setur reglur um viðurkenningu og eftirlit samkvæmt þessari grein svo og gjöld í því sambandi.

Gjöld samkvæmt grein þessari skulu lögtakskræf.

8. gr.

Óheimilt er að ráða til köfunarstarfa eða til aðstoðar við djúpköfun, aðra en handhafa köfunarskírteinis, nánari kröfur um aðstoðarmenn skal setja í reglugerð.

Eigandi köfunarbúnaðar ber ábyrgð á því, að hann fullnægi skilyrðum 7. gr.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, nema þyngri hegning liggi við að öðrum lögum.

10. gr.

Kafaraskírteini, sem menn hafa öðlast fyrir gildistöku laga þessara erlendis frá og talin eru jafngild skírteinum þeim, sem veitt eru samkvæmt lögum þessum, skulu gilda áfram, en leita skal umsagnar Félags íslenskra kafara áður en skírteinin verða viðurkennd.

Hver sá maður, sem færir fullnægjandi sannanir fyrir því, að hann hafi, fyrir gildistöku laga þessara, stundað köfunarstörf í atvinnuskyni, án þess að hafa öðlast kafaraskírteini, en hefur þó með fullnægjandi árangri gengið undir læknisskoðun, sbr. 3. gr., getur innan árs frá gildistöku laganna öðlast kafaraskírteini hjá ráðuneytinu, enda mæli Félag íslenskra kafara með því.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi, en varð þá ekki útrætt. Frumvarpinu fylgdu þá svo hljóðandi athugasemdir:

„Með bréfi, dags. 3. des. 1960, sendi Félag ísl. kafara iðnaðardeild Efri deildar Alþingis frumvarp til laga um kafarastörf, og fór þess á leit við nefndina, að hún flytti frumvarpið á Alþingi, en af því varð ekki.

Með greindu frumvarpi fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Félag íslenskra kafara hefur látið semja frumvarp þetta til laga um kafarastörf. Hefur við samningu frumvarpsins aðallega verið stuðst við dönsk lög um kafarastörf, lov om dykkernæring og betryggelse af dykkerarbejde.

Kafarar vinna mjög þýðingarmikil störf við skipa- og bátaflota landsmanna, bryggju- og hafnargerðir, orkuver og fleiri framkvæmdir, en vinna þeirra er hættuleg fyrir þá sjálfa og jafnvel aðra er nálægt störfum þeirra koma.

Þá er og brýn nauðsyn, að störf þessi séu vel af hendi leyst, en einnig þarf að tryggja að nægir hæfir menn fáist til starfans.

Með frumvarpi þessu er að því stefnt, að tryggja þeim, sem köfun stunda í atvinnuskyni, ákveðinn starfsgrundvöll, og setja þeim jafnframt reglur um réttindi og skyldur í starfinu. Með þessu er einnig verið að tryggja verkkaupanda hæfan og ábyrgan kafara, og tryggja eftir föngum, að kafari sakir vanhæfni eða kunnáttuleysis stofni ekki sjálfum sér eða öðrum í hættu. En til þess að ná þessu marki, þarf það opinbera að hafa hönd í bagga með þessari starfsemi eins og annarri, og ákveða með lögum og reglugerð helstu atriði sem starfinu viðkoma. Í því sambandi má sérstaklega benda á nauðsyn þess, að eftirlit sé haft með útbúnaði kafara.

Flest lönd í Vestur-Evrópu munu hafa sett reglur um starfsemi þessa, en hér á landi hafa ekki enn verið settar svipaðar reglur og annars staðar, þó að þeirra sé ekki síður þörf hér, eins og nú er komið.

Hinar einstöku greinar frumvarpsins virðast skýra sig nægjanlega sjálfar en við flokkun kafaraskírteina, skilyrði til starfans, útbúnað kafara og eftirlit með þeim útbúnaði, er fylgt ákvæðunum í dönskum lögum.“

Málefni þessu var síðan ekki hreyft, þar til s. l. haust að vinnuhópur á vegum ráðuneytisins hóf samningu frumvarps þessa og var þá einkum stuðst við ákvæði danskra laga um sama efni, með hliðsjón af ofangreindu frumvarpi.

Vart er ástæða til að rekja frekar en að framan greinir um nauðsyn þess að öryggi við kafarastörf sé tryggt svo sem kostur er, en hvað varðar einstakar greinar frumvarps þessa skal eftirfarandi tekið fram:

Um 1. gr.

Með grein þessari er lagt bann við því, að köfun sé stunduð, í atvinnuskyni, án þess að skilyrðum 3. og 4. gr. um tilskilið kafarapróf sé fullnægt. Við undirbúning frumvarpsins var um það rætt hvort láta ætti ákvæði greinar þessarar ná yfir fristundaköfun, en ekki þótti ástæða til þess að sinni enda ákvæði um slíkt óvíða til í rétti annarra þjóða.

Um 2. gr.

Hér er gerð tilraun til að skilgreina við hvað er átt við með orðinu köfun og er með orðunum „annars staðar“ átt við þau tilvik þar sem notaður er afþrýstiklefi eða kúla, þegar komið er úr djúpköfun.

Um 3. gr.

Í grein þessari eru talin þau skilyrði, sem fullnægja þarf til að mega stunda köfun. Aldursskilyrði þarfnast vart skýringa, en með tilskilinni læknisskoðun er átt við að líkamleg hreysti viðkomandi sé slík að honum sé ekki hætta búin við þær erfiðu aðstæður er orðið geta við köfun.

Um kafarapróf vísast til athugasemda við 4. gr.

Um 4. gr.

Grein þessi skýrir sig að mestu leyti sjálf, en gert er ráð fyrir því að námsgreinar þær sem kenndar verða á námskeiðum þeim sem talað er um í greininni, svo og kröfur er gerðar yrðu við próf að þeim loknum miðist við útgáfu a. m. k. tveggja mismunandi tegunda skírteina, þ. e. skírteini til köfunar í atvinnuskyni á grunnsævi og til djúpköfunar í atvinnuskyni.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir að Siglingamálastofnun ríkisins afhendi greind skírteini og haldi yfir þau skrá, er geymi sem nákvæmastar upplýsingar um handhafa þeirra.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Vart þarf að fjölyrða um nauðsyn þess að allur búnaður til köfunar sé af sem fullkomnastri gerð og allt eftirlit með honum sé hið strangasta, en þar sem mjög ör þróun er við gerð köfunarbúnaðar þykir ekki rétt að fjalla nánar um það atriði í lögunum sjálfum heldur ætla slíku rúm í reglum og reglugerðum.

Um 8.—11. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.“

Sþ. 32. Tillaga til þingsályktunar [29. mál]

um rannsókn á fjárreiðum stjórnmálaflokka og löggjöf um það efni.

Flm.: Ragnar Arnalds, Jónas Árnason, Helgi F. Seljan.

Alþingi ályktar að skipa 5 manna nefnd til að rannsaka fjárreiður stjórnmálaflokka svo og fjármál fyrirtækja, fasteigna og blaða sem þeim eru tengd. Nefndin skal leitast við að afla sem gleggstra upplýsinga um fjármálaumsvif flokkanna, hvernig þeir afla sér tekna, hvaðan þær koma og hvernig þeim sé varið. Að lokinni þessari rannsókn skal nefndin gefa þinginu skriflega skýrslu um niðurstöður sínar og jafnframt leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um fjármál stjórnmálaflokka, sem m. a. fjalli um opinberan stuðning við starfsemi flokkanna og eftirlit með fjárreiðum þeirra.

Greinargerð.

Fjárreiður stjórnmálaflokka hafa verið mjög á dagskrá að undanförnu af ýmsum ástæðum. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík hafa nýlega óskað eftir að Sakadómur Reykjavíkur taki til rannsóknar hugsanlegt samband lóðaúthlutunar í borginni og greiðslu einnar milljón króna fjárframlags til Sjálfstæðisflokksins. Hætt er við að mál þetta sé ekkert einsdæmi, og er því þörf á almennri rannsókn þessara mála. Vonandi geta allir stjórnmálaflokkar fallist á að undirgangast þess háttar rannsókn, og víst er að í þessum efnum hefur flokkur flutningsmanna, Alþýðubandalagið, ekkert að fela.

Starfsemi stjórnmálaflokka er grundvallaratriði í stjórnskipun íslendinga og til þess að gegna því hlutverki sínu að vera tengiliður kjósenda og Alþingis verða þeir að hafa talsverð umsvif. Miklu skiptir að hamla gegn því, eins og frekast er unnt, að fjársterkir einstaklingar eða fyrirtæki beiti fjármagni sínu til að afla sjálfum sér fríðinda eða hafa áhrif á pólitískar ákvarðanir í eiginhagsmunaskyni. Eðlilegt er því að stjórnmálaflokkunum séu ætlaðar ákveðnar tekjur í hlutfalli við fylgi sitt meðal kjósenda, en að öðru leyti sé eftirlit haft með því að flokkarnir afli sér ekki fjár með annarlegum hætti, hvorki innanlands né utan.

Talsmenn Sjálfstæðisflokksins hafa stungið upp á því í opinberum umræðum um þetta mál, að stuðningur hins opinbera verði fólginn í því að gjafir til flokkanna verði skattfrjálsar og veiti gefandanum skattalækkun. Þessi tillaga felur að sjálfsögðu í sér að stuðningur við flokkana verði í reynd greiddur úr ríkissjóði vegna skerðingar skatttekna, en þeim aðilum, sem auðugastir eru og ráða yfir mestu fjármagni, verði falið það hlutverk að ákveða hvert ríkisstyrkurinn eigi að renna.

Í flestum nálægum ríkjum hefur verið ákveðið á undanförnum árum að veita stjórnmálaflokkum fjárhagslegan stuðning í hlutfalli við fylgi þeirra. Lítill vafi er á því að sú tilhögun er eðlilegust og í bestu samræmi við almennar lýðræðisreglur.

Á það skal minnt, að Alþýðubandalagið hefur áður flutt þingsályktunartillögu á Alþingi sama efnis.

Sþ. **33. Fyrirspurnir.** [30. mál]

I. Til fjármálaráðherra um kjaradóm og launamál opinberra starfsmanna.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Telur fjármálaráðherra, að kjaradómur sé starfhæfur og fær um að kveða á um laun opinberra starfsmanna, eftir að fulltrúar þeirra hafa sagt sig úr dómnum?
2. Hvernig hyggst ríkisstjórnin bregðast við því ástandi, sem nú hefur skapast varðandi launamál opinberra starfsmanna?

II. Til iðnaðarráðherra um byggðalínu.

Frá Braga Sigurjónssyni.

Hvað er hinni svonefndu byggðalínu til Norðurlands ætlað að flytja mikið rafmagn? Hvenær er áætlað nú að lagningu hennar ljúki? Hve mikið hefur hún kostað og hve mikið er áætlað nú að hún kosti fulllögð?

III. Til iðnaðarráðherra um Kröfluvirkjun.

Frá Braga Sigurjónssyni.

1. Hve stóra virkjun er nú verið að gera við Kröflu og hver er áætlaður kostnaður hennar nú?
2. Hvaða aðili á að reka virkjunina þegar hún tekur til starfa?
3. Hve mikið rafmagn má ætla að verði til umframnota á Norðurlandi þegar Kröfluvirkjun og byggðalínan komast í gagn, og hefur verið hugsað fyrir markaði fyrir það? Ef ekki, á hvaða rafmagnsnotendur á að deila kostnaði af því?
4. Hver er kostnaður orðinn við Kröfluvirkjun nú, miðað við októberlok:

a) við virkjunarframkvæmdirnar sjálfar, þar með taldar byggingar,
b) Kröflunefndar sjálfrar í heild,
c) laun formanns, skrifstofukostnaður (þar með talinn launakostnaður), aðkeypt ráðgjafaþjónusta og ferðakostnaður.

IV. Til iðnaðarráðherra um Bessastaðaárvirkjun.

Frá Braga Sigurjónssyni.

Hvað hefur miklum fjármunum verið varið á þessu ári til athugana og undirbúnings Bessastaðaárvirkjunar í Fljótsdal, þar með talin vegagerð?

Sþ. 34. Tillaga til þingsályktunar [31. mál]

um endurskoðun fyrningarákvæða, hámark vaxtafrádráttar og áætluð lágmarkslaun þeirra, sem hafa tekjur sínar af eigin rekstri.

Flm.: Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa lagafrumvarp um breytingu á tekjuskattslögum er feli það í sér:

a) að fyrningarákvæði laganna verði tekin til gagngerrar endurskoðunar, ákvæði um fyrningu samkvæmt verðhækkunarstuðli og flýtifyrningu, sbr. 7. gr. laga nr. 7/1972, verði afnumin og fyrningarhlutfall miðað við eðlilegan endingartíma eigna;

b) að því verði takmörk sett, hve mikla vexti megi draga frá tekjum, þannig að hámark vaxtafrádráttar sé ákveðið árlega með hliðsjón af meðalvöxtum, íbúðarverði og fjölskyldustærð;

c) að einstaklingum, sem hafa tekjur sínar af eigin rekstri, verði framvegis áætlaðar ákveðnar lágmarkstekjur, hvort sem reksturinn skilar bókhaldslegum hagnaði eða ekki.

Greinargerð.

Að undanförnu hefur það vakið almenna athygli hvað fyrirtæki og einstaklingar, sem einhvern rekstur hafa með höndum, sleppa vel frá greiðslu tekjuskatts. Skýringin er nærtæk: Í fyrsta lagi hafa aldrei verið leyfilegar jafnmiklar fyrningar og á þessu ári og í öðru lagi hafa meðalvextir ekki áður verið hærri. Rekstraraðilar hafa því haft óvenjulega háa frádráttarliði við álagningu tekjuskatts að þessu sinni og eru því mjög skattlitlir eða skattlausir.

Athygli manna hefur sérstaklega beinst að einstaklingum sem reka fyrirtæki á eigin ábyrgð. Þegar reksturinn skilar litlum hagnaði, m. a. vegna fyrningarákvæða skattalaga, eru einstaklingnum reiknaðar að sama skapi litlar tekjur. Í því tilviki er því um hvort tveggja að ræða, að reksturinn greiðir engan skatt og einstaklingurinn borgar ekki heldur tekjuskatt af launum sínum hjá fyrirtækinu. Þetta er að sjálfsögðu ranglátt og óheilbrigt, enda þarf enginn að efast um að í slíkum tilvikum hafa laun verið greidd þrátt fyrir allt og hvað sem bókhaldinu líður. Ekki lifa menn á loftinu einu saman. Þegar þannig stendur á er því óhjákvæmilegt að fela skattstjóra að áætla mönnum laun.

Hér er þó ekki um stærstu fjárhæðirnar að ræða sem ríkissjóður fer á mis við. Tekjutap ríkissjóðs vegna fráleitrar álagningar tekjuskatts liggur mest í því, að verulegur hluti af stærstu fyrirtækjum landsins borgar engan tekjuskatt.

Í þingsályktunartillögu um svipað efni, sem flutningsmaður flutti á Alþingi á s. l. vetri, var gerð grein fyrir könnun á tekjuskattsgreiðslum fyrirtækja í félagsformi, sem starfrækt eru í Reykjavík og höfðu meira en einnar milljón króna ársveltu árið 1973. Niðurstaða þessarar könnunar var sú, að um 240 félög með samanlagða ársveltu yfir 10 þús. millj. króna greiddu engan tekjuskatt á árinu 1974.

Flutningsmaður þessarar tillögu hefur framkvæmt hliðstæða könnun á skattskrá Reykjavíkur 1975. Ljóst er af þessari könnun, að félögum í Reykjavík, sem ekki greiða neinn tekjuskatt, hefur fjölgað verulega á þessu ári, og eru þau nú 432. Með hliðsjón af álögðum aðstöðugjöldum má áætla, að samanlögð velta þessara 432 félaga sé yfir 20 þús. millj. kr.

Margar skýringar eru á því, að hundruð arðvænlegra fyrirtækja sleppa við að greiða tekjuskatt, en ein hin helsta er ákvæði skattalaga um **flýtifyrningu**, sem

fyrst voru sett í lög vorið 1971 að frumkvæði ríkisstjórnar Jóhanns Hafsteins, svo og ákvæði um **verðhækkunarstuðul fyrninga.**

Til viðbótar almennri fyrningu, sem er allt að 15% á ári, heimilast fyrirtækjum að draga frá tekjum sínum allt að 6% flýtifyrningu á ári. Þar við bætist óbein fyrning, sem er reiknuð sem hlutfall af almennu fyrningunni og miðast við hækkun byggingarkostnaðar milli ára. Samkvæmt lögum um efnahagsráðstafanir, sem sett voru á síðasta þingi, var verðhækkunarstuðullinn ákveðinn 49% á þessu ári og getur því þessi óbeina fyrning orðið hæst 7.35% á þessu ári. Samtals geta því afskriftir á þessu ári orðið hæstar 28.35% og gildir það fyrningarhlutfall um öll flutningatæki, skip og bifreiðar, vinnuvélar og önnur tæki til mannvirkjagerðar. Hámark fyrninga á öðrum vélum er 2.5% lægra. Með þessum miklu fyrningarheimildum geta fyrirtæki á fjórum árum sloppið við að greiða skatt af tekjum sem nema 80—90% af andvirði fyrnanlegra eigna sem þó er ætlað að endast mun lengur. Með stöðugri fjárfestingu geta fyrirtækin komist hjá því að greiða tekjuskatt um mjög langt skeið, og það furðulegasta er, að þegar eignin er fullfyrnd þarf fyrirtækið aðeins að selja hana og festa sér í staðinn aðra eign til þess að geta byrjað að afskrifa á nýjan leik af fullum krafti. Er þá stundum um að ræða að eignirnar, sem koma í staðinn fyrir þær seldu, hafa áður verið að fullu afskrifaðar hjá fyrri eiganda, og getur þannig sama eignin orðið til þess að spara nýjum og nýjum eiganda tekjuskattsgreiðslur sem nema mörgum milljónum króna.

Til þess að tryggja enn frekar, að fyrirtækin sleppi vel frá álagningu tekjuskatts, er fyrirtækjunum heimilað í 17. gr. skattalaga að leggja í varasjóð ¼ af hreinum tekjum félaganna, áður en tekjuskattur frá árinu áður hefur verið frádreginn. Þessi fjórðungur tekna er skattfrjáls með öllu, og var upplýst á síðasta þingi að fyrirtæki með félagsformi hefðu dregið frá hreinum tekjum sínum 511 milljónir króna á árinu 1974 og lagt í varasjóð.

Á fylgiskjali með tillögu þessari er yfirlit yfir félög í Reykjavík sem ekki greiða tekjuskatt á árinu 1975 Einnig fylgja með upplýsingar um aðstöðugjöld þessara sömu fyrirtækja, en út frá þeirri tölu á að vera auðvelt að áætla veltu fyrirtækjanna. Til að finna veltufjárhæðina ber að margfalda upphæð aðstöðugjalds með eftirfarandi lykiltölum:

Aðstöðugjald	Tegund rekstrar	Margfaldað er með
0.20%	Rekstur fiskiskipa	500
0.33%	Rekstur flugvéla	303
0.50%	Matvöruverslun í smásölu. Kaffi, sykur og kornvara til manneldis í heildsölu. Kjöt- og fiskiðnaður. Endurtryggingar	200
0.65%	Rekstur farþega- og farmskipa	154
1.00%	Sérleyfisbifreiðir. Matsala. Landbúnaður. Vátryggingar ót. a. Útgáfustarfsemi. Útgáfa dagblaða er þó undanþegin aðstöðugjaldi. Rakara- og hárgreiðslustofur. Verslun ót. a. Iðnaður ót. a.	100
1.30%	Verslun með kvenhatta, sportvörur, hljóðfæri, snyrti- og hreinlætisvörur. Lyfjaverslun. Kvikmyndahús. Fjölritun. Skartgripa- og skrautmunaverslun. Tóbaks- og sælgætisverslun. Söluturnar. Blómaverslun. Umboðsverslun. Minjagripaverslun. Barir. Billjardstofur. Persónuleg þjónusta. Hvers konar önnur gjaldskyld starfsemi ót. a.	77

Fylgiskjal.

Félög í Reykjavík sem ekki greiða tekjuskatt 1975. [1]

Nöfn félaga	Aðstöðugjöld
ABC Gjafabúð sf., Aðalstræti 6	44 900
Aðstoð, bílasala sf., Borgartúni 1	14 300
Álfaborg hf. Týsgötu 1	49 400
Almenna byggingafélagið, Fellsmúla 26	17 300
Almenna bókafélagið, Austurstræti 18	1 275 800
Amor hf., Rauðagerði, Melavöllum	83 700
Andersen og Lauth hf., Þverholti 17	826 400
Ármúli sf., Ármúla 21	46 500
Ármúli 36 sf., Þ. F., Álftamýri 6	14 000
Arnarhvoll, umb.- og heildv., Grundarlandi 33	102 100
Arnór og Sigmar sf., Laugavegi 2	36 600
Asis, ljósmyndastofa, Laugavegi 13	24 300
Ástþór, myndiðja hf., Suðurlandsbr. 20	144 100
Austurgarður hf., Laugavegi 59	282 500
Austurstræti 14 hf., Austurstræti 14	23 600
Axminster hf., Grensásvegi 14	511 400
Baader þjónustan hf., Ármúla 5	855 400
Bakaríið Austurver sf., Háaleitisbr. 68	278 700
Baldur Jónsson sf., Hverfisgötu 36	62 200
Baldursson hf., Klappastíg 37	78 300
Bananar hf., Elliðavogi 103	320 600
Barónsveitingar sf., Laugavegi 86	175 900
Baugalín sf., Miklubraut 68	52 600
Basar hf., Hafnarstræti 15	67 900
Bergmann hf., Laugavegi 66	84 300
Bergnes sf., Haðarland 14	94 900
Bifr. og landbúnaðarvélar, Suðurlandsbraut 14	2 557 200
Bifreiðastöð Steindórs, Hafnarstræti 2	577 900
Bifreiðaverkst. Austurbæjar, Borgart. 25	25 800
Byggingarfélag verkamanna svf., Stórholti 16	52 900
Byggingarmiðstöðin sf., Hverfisgötu 4	18 600
Byggsvf. atvinnubílstjóra í Rvk., G. O. Jónss., Síðumúla 34	253 800
Byggsvf Rvíkur, Laugavegi 178	52 900
Byggingarverk hf., Sig. Þorg., Bollag. 16	129 000
Byggingavörur hf., Ármúla 18	343 100
Byggingavöruv. Breiðholts hf., Leirubakka 36	81 700
Byggingaþjónusta A.I., Grensásvegi 11	54 100
Byggir hf., Laugavegi 161	110 100
Bikarbox hf., Vatnstíg 3	61 400
Bílaryðvörn hf., Skeifunni 17	294 800
Bílrúðan hf., Laugavegi 178	90 000
Björgunarfélagið hf., Garðastræti 38	285 700
Björn og Halldór hf., Síðumúla 19	264 300
Blaðprent hf., Síðumúla 14	936 400
Blóm og ávextir hf., Hafnarstræti 3	342 000
Bókabúð Lárusar Blöndal, Skólavörðustíg 2	237 100
Bókabúð Æskunnar, Laugavegi 56	**139 200**
Bókbindarinn hf., Suðurlandsbraut 12	109 800
Bókhlaðan hf., Skólavörðustíg 21	36 800
Borg, íbúðasala sf., Laugavegi 84	12 500
Borgarbílastöðin hf., Hafnarstræti 21	18 100
Borgarkjör hf., Grensásvegi 26	40 400
Borgarsteinn sf., Selvogsgrunni 24	31 300
Brauðskálinn sf., Langholtsvegi 126	219 300
Breiðholtsbakarí hf., Völvufelli 13	**208 000**
Brún hf., Suðurlandsbraut 10	775 400
Brunabótafélag Íslands, Laugavegi 103	1 717 600
Bræðurnir Ormsson hf., Lágmúla 9	2 146 700
Búsáhöld hf., Þverholti 17	205 700
Bústaðabúðin hf., Hólmgarði 34	114 100
Capella hf., Ingólfsstræti 6	17 500
Ceres hf., Auðarstræti 17	69 600
Cudogler hf., Skúlagötu 26	747 800
Dagný sf., Laugavegi 28	77 200
Dídó hf., Hverfisgötu 39	58 200
Dyngja hf., Skeifunni 3	55 900
Dragtin hf., Klapparstíg 37	55 500
Dreifing sf., Hafnarstræti 19	105 100
Dröfn sf., Borgartúni 3	33 100
Dúkur, fataverksmiðja hf., Skeifunni 13	414 300
Dúna hf., Álfheimum 74	616 300
Dömu- og herrabúðin sf., Laugavegi 55	105 900
Efnablandan hf., Melav., Rauðagerði	83 000
Efri-Bær hf., Arnarbakka 2	67 900
Eggert Kristjánsson og Co., Sundagörðum 4	1 997 000
Egill Vilhjálmsson hf., Laugavegi 114	4 337 300
E. K. Jónsson o. fl., Tryggvag. 8	159 100
Eimir, þvottahús sf., Síðumúla 12	54 400
Eimskipafélag Íslands, Pósthússtræti 2	6 238 300
Eimur, Efnaverksm. sf., Seljavegi 12	124 300
Eyvör hf., Jón Guðmundss., Grænuhl. 22	10 100
Eldavélaverkstæði Jóh. K., Kleppsvegi 62	39 700
Elísa, klæðagerð hf., Skipholti 5	202 100
Endurskoðunarskrifstofa R. Á. M., Hverfisgötu 76	33 900
Endurtryggingarfél. Samv.tr., Ármúla 3	1 843 000
Eros hf., Hafnarstræti 4	311 000
Esja, kexverksmiðja, Þverholti 13	347 200
Exeter, saumastofa, Baldursgötu 36	23 700
Falur, bifreiðaleiga, Rauðarárstíg 31	309 900
Farmasía hf., Gunnarsbraut 30	229 600
Fasteignaver hf., Klapparstíg 16	20 100
Fatagerð Ara og Co. hf., Laugavegi 37	175 100
Fatahönnun hf., R. G., Háaleitisbr. 153	14 600
Ferðamiðstöðin hf., Aðalstræti 9	24 500
Félagsbókbandið hf., Ármúla 38	131 200
Félagskaup svf.,	62 900
Fylkir hf., Garðastræti 6	16 300
Fjalar hf., Ægisgötu 7	15 400
Flórída sf., Hverfisgötu 74	199 700
Flosprent sf., Nýlendugötu 14	28 000
Flugleiðir hf., Hagatorgi 1	755 100
Flugstöðin hf., Reykjavíkurflugvelli	110 100
Fóðurblandan hf., Grandavegi 42	1 565 200
Formprent sf. Lindargötu 48	112 000
Fragtskip Kark G. J., Hvassaleiti 34	232 600
Framboð sf., Borgartúni 29	29 500
Fransk-Ísl. verzlunarfélagið hf., Siglugvogi 5	110 200
Frjálst framtak hf., Laugavegi 178	299 100
G. Helgason og Melsteð hf., Rauðarárstíg 1	137 100
G. T. búðin hf., Ármúla 22	62 800

[1] Aðeins eru meðtalin félög, sem greiða meira en 10 000 kr. í aðstöðugjald.

Nöfn félaga	Aðstöðugjöld
Garðar Gíslason hf., Hverfisgötu 4 ..	116 300
Gardínubrautir hf., Brautarholti 18 ..	24 000
Geysir hf., bílaleiga, Laugavegi 66 ..	185 800
Geislahitun hf., Blönduhlíð 27	48 000
Gestur Pálsson hf., Grænuhlíð 20	35 200
Gildaskálinn hf., Gróa A., Hraunbæ 32	29 900
Gistiheimilið Ránargötu, Ránargötu 12	17 600
Glerslípun og speglagerð, Klapparst. 16	204 400
Glit hf., Höfðabakka 9	822 400
Glitbrá sf., Laugavegi 62	50 800
Glæsir, efnalaug hf., Laufásvegi 17 ..	13 900
Goði hf., Laufásvegi 19	13 900
Grýta, þvottahús hf.	73 400
Grótta, vélbátaábyrgðarfélag, Ingólfsstr.	587 300
Guðmundur Á. Guðmundss., Fögrubr. 45 Kóp.	665 600
Guðrún hf., Rauðarárstíg 1	66 500
Guðrúnarbúð sf., Klapparstíg 27	112 800
Gullfoss, heildversl. o.fl. Garðastr. 39	216 200
H. Benediktsson hf., Suðurlandsbraut 4	1 715 700
H. J. Sveinsson hf., Gullteig 6	383 900
Hafnarstræti 21 hf., Hafnarstræti 5 ..	17 500
Hafskip hf., Tryggvagötu	4 274 700
Hafver hf., Grandagarði	51 700
Hagprent hf., Brautarholti 26	117 000
Hagskil hf., Garðastræti 16	34 300
Hagtrygging hf., Suðurlandsbraut 10 ..	1 084 300
Hamarsbúð hf., Hamarshúsinu	121 400
Hampiðjan hf., Stakkholti 4	2 575 100
Hansa hf., Grettisgötu 16	229 800
Hanskagerðin hf., Grensásvegi 48	41 400
Hárið sf., Miklubraut 48	21 500
Harpa hf., Skúlagötu 42	884 900
Hattaverslun Ísafoldar hf., Austurstr. 14	97 900
Hegri hf., Borgartúni 23	398 700
Heild hf., Sundaborg, Klettag. 1	441 400
Heilsulindin hf., Hverfisg. 50	33 300
Heimakjör hf., Sólheimum 29—33 ..	73 200
Hekla hf., Laugavegi 170	9 530 300
Hekluvikur hf., Á.H., Hvassaleiti 170	98 900
Herradeild P.Ó. sf., Austurstr. 14	580 000
Hibýli og skip sf., Garðastr. 38	23 800
Hydrol hf., Grandavegi 42	617 800
Hygea hf., Austurstr. 16	137 600
Hilmir hf., Síðumúla 12	626 900
Hlein hf., Baldursg. 6A	24 000
Hlín hf., Skólavörðustíg 18	22 400
Hljóðvirkinn sf., Stigahlíð 36	25 400
Hljóðfærav. Pálmars Árna, Skipas. 51	135 700
Hljóðfærav. Sigríðar Helgad., Aðalstr. 6	194 000
Hof, vefnaðarvöruv. hf., Þingholtsstr. 1	184 200
Hótel Esja, Suðurlandsbr. 2	1 350 700
Hótel Saga v. Hagatorg	3 370 600
Hraðfrystist. í Rvk. hf., Austurstr. 17 ..	476 000
Hraðhreinsun sf., Súðavogi 7	63 500
Hreyfill svf., v. Grensásveg	356 900
Hreinlætisþjónustan hf., Laugavegi 22	15 300
Hressingarskálinn hf., Austurstr. 20 ..	542 400
Hrönn hf., Austurstr. 17	65 200
Húni sf., Konráð I.T., Heiðarbæ 6 ..	10 200
Hurðir hf., Skeifunni 13	87 000
Húseignir og skip sf., Veltusundi 1 ..	28 000
Húsgagnabólstrun K.A.J., Grettisg. 46	39 800
Hvalfell hf., O. Guðmunds., Bræðraborgarst. 13	28 700
Iðntækni hf., Hverfisg. 82	279 100
Iðnverk hf., Hátúni 4A	41 300
Ingþór Haraldsson hf., Ármúla 1	112 300
Innkaupadeild L.Í.Ú., Hafnarhvoli ...	876 700
Innkaupasamband bóksala hf., Skipholti 7	224 400
Innkaupasamband matvörukaupmanna, Tjarnargötu 4	70 400
Ísbjörninn hf., Hafnarhvoli	363 000
Ísbúðin hf., Skúlag. 51	387 100
Íscargo hf., Garðastræti 17	264 200
Ísfell hf., Austurstræti 17	213 500
Ísl. ameríska verslunarfélagið, Suðurlandsbr. 10	356 200
Ísl. endurtrygging, Laugavegi 105	1 950 700
Íslensk matvæli hf.	17 500
Ísl. tónverkamiðstöð, Laufásvegi 40 ..	18 700
Ísl. bifreiðaleigan, Brautarholti 26 ..	34 700
Ísl. pökkunarfélagið, Skaftahlíð 8	150 100
Ísl. útflutningsmiðstöðin, Eiríksgötu 19	39 300
Íslenski verðlistinn sf., Laugalæk 11 ..	974 100
Íslenskt verktak hf., Suðurlandsbraut 6	6 156 100
Ís-Spor hf., Ármúla 1	60 200
Ístorg hf., Öldugötu 15	87 100
J. A. Jónasson hf., Hverfisg. 50	94 000
J. C. Klein hf., Baldursg. 14	59 300
J. Þorlákssson og Norðmann hf., Bankastræti 11	1 363 600
Jarðýtan sf., Ármúla 40	530 200
Jens Zimsen, járnvöruverslun hf., Hafnarstr. 21	508 100
Jón Guðjónsson sf., Brautarlandi 6 ..	81 900
Jöklar hf., Aðalstr. 6	395 300
Karfan sf., Hofsvallag. 16	53 100
Kynnisferðir, ferðaskr., Reykjavíkurflugvelli	235 200
Kirkjufell sf., Ingólfsstr. 6	47 400
Kirkjusandur hf., Kirkjusandi	961 300
Klæðning hf., Laugavegi 164	62 900
Kokk-húsið hf., Lækjarg. 8	223 700
Kolsýruhleðslan sf., Seljavegi 12	97 700
Korkiðjan hf., Skúlag. 57	38 500
Kornhlaðan hf., Sundahöfn	255 400
Kostakjör sf., Selvogsgrunni 7	53 700
Kranabílar sf., Stórageröi 27	406 400
Kristján Ó. Skagfjörð hf., Hólmsg. 4 ..	7 075 300
Kúlulegusalan hf., Suðurlandsbr. 20 ..	306 000
L. H. Möller, fatagerð sf., Ármúla 5 ..	75 800
L. Storr hf., Laugavegi 15	106 400
Landleiðir hf., Reykjanesbr. 10—12 ..	375 500
Laugarásskálinn hf., Laugarnesv. 2 ..	129 300
Laugavegur 51 hf., Laugavegi 51	10 500
Laugavegur 105 hf., Laugavegi 105 ...	34 300
Leda hf., Hitaveitut. 2	15 400
Leifur hf., Tjarnarg. 10	169 800
Lerki hf., Skeifunni 13	152 800
Lýsing sf.	194 700
Listinn sf., Tranavogi 5	29 500
Litbrá hf., Höfðatúni 12	216 600
Litir og Lökk hf., Harpa hf., Skúlag.	589 500
Litróf hf., Einholti 2	91 800
Litrún hf., Hverfisg. 78	120 200
Ljósblik hf., Hellulandi 5	90 400
Ljósvirki hf., Bolholti 6	277 600
M & N-Kjörbúð hf., Laugateigi 24 ...	131 500
Magnús Víglundsson hf., Austurstr. 17	13 000

Nöfn félaga	Aðstöðugjöld
Mál og menning, bókaverslun, Laugavegi 18	182 800
Málarar sf., Urðarstekk 4	69 200
Málmey hf., Brautarholti 16	23 200
Mat sf., Ármúla 8	77 100
Matstofa Austurbæjar hf., Laugav. 116	122 300
Meyjaskemman hf., Laugavegi 12A	36 200
Melissa hf., Laugavegi 66	126 100
Metravörudeildin hf., Aðalstr. 9	25 900
Miðstöðin hf., Vesturg. 20	33 300
Mikligarður hf., Flókag., Kjarvalsst.	47 900
Myndiðn sf., Reykn.br., Eskihl.	33 400
Minerva sf., Hrísateigi 47	26 100
Mjólkurfélag Reykjavíkur svf., Laugavegi 64	3 048 900
Mjólkursamsalan, Brauð og M., Laugavegi 162	1 891 500
Mjöll hf., Þjórsárg. 9	380 500
Móar sf., heildv., Ásbúð 5, Garðahr.	88 100
Mosfell hf., Suðurlandsbr. 20	118 800
Múlafell hf., Har. Gíslason, Nóatúni 19	14 700
Múli hf., Hamarshöfða 10	27 900
Mæðrabúðin sf., Domus Medica, Egilsg.	138 500
Nálin, hannyrðav., Barónsstíg 29	24 400
Naust hf., Vesturg. 6	811 100
Neptúnus hf., Ingólfsstr. 1A	22 400
Nesskip hf., Ben. S., Austurstr. 18	404 000
Nýja bílasmiðjan hf., Tunguhálsi 2	37 300
Nýja bíó hf., Austurstr. 22B	265 600
Nýja skógerðin sf., Ármúla 28	63 300
Nonni hf., Vesturg. 12	29 500
Norræna Verslunarfélagið, Skipholti 62	258 100
Númer 1 hf., Aðalstr. 16	91 200
Oculus hf., Austurstr. 7	243 400
Offsetprent hf., Smiðjust. 11	123 200
Ofnasmiðjan hf., Háteigsv. 7	772 400
Ólafur Gunnarsson hf., Frakkastíg 6A	111 700
Óríon hf., Laugavegi 59	179 600
Pappírspokagerðin hf., Vitast. 3	23 700
Pappírsver hf., Hafnarstr. 5	544 300
Pappírsvörur hf., Skúlag. 32	573 400
Penninn sf., Hafnarstr. 17	1 176 900
Plast hf., Tryggvag. 2	33 200
Plastpokar hf., Grensásv. 7	48 800
Pólar, rafgeymaverksmiðja, Einholti 6	358 600
Poly-Plast hf., Garðastr. 45	117 000
Prentmynd sf., Mjölnisholti 14	88 600
Prentsm. Jóns Helgasonar, Síðumúla 8	16 300
Prentverk hf., Bolholti 6	50 800
Radíóstofa Vilb. og Þorst., Laugav. 80	453 100
Rafborg sf., Rauðarárst. 1	169 300
Rafbraut sf., Suðurlandsbr. 6	27 100
Rafiðjan hf., Vesturg. 11	805 700
Rafsvið sf., H. Þorlindsson, Hraunbæ 156	105 600
Ragnar Jónatansson sf., Sólvallag. 74	126 200
Rakarast. Austurbæjar, Laugav. 176	25 000
Rammasmiðjan hf., Hafnarstr. 19	25 400
Rán hf., Ránarg. 4	15 500
Rauðhetta sf., Hverfisg. 64	13 200
Regio hf., Laugavegi 48	62 000
Reykjaborg hf., S. Stefánsson, Tjarnargötu 10	71 200
Rein sf., Iðufelli 10	11 300
Rekstrartækni sf., Skipholti 70	144 200
Remidía hf., Miðstræti 12	155 700
Rétting sf., Skúlag. 59	36 300
Ryðbúðin sf., Laufásv. 1	22 300
Rydenskaffi hf., Vatnsst. 3	363 300
Ritur hf., E. Gunnarsd., Nesvegi 7	16 700
Rósin hf., Álfheimum 74	196 000
Rúgbrauðsgerðin hf., Borgartúni 6	34 500
Runtal-Ofnar hf., Síðumúla 27	483 000
Röðull, veitingasala sf., Skipholti 19	892 900
SE-plast hf., Borgartúni 27	32 200
S. Eyþórsson hf., Brautarholti 16	27 400
S. Oskarsson & Co. hf., Klettagörðum 9	343 100
Samábyrgð ísl. fiskiskipa, Lágmúla 9	3 750 000
Samband ísl. samvinnufél., Sölvhólsg.	1 751 000
Samábyrgð sf., Hjarðarhaga 60	82 800
Sameinaðir verktakar hf., Lækjarg. 12	95 700
Samvinnutryggingar, Ármúla 3	8 293 900
Sápuhúsið hf., Vesturg. 2	83 700
Sedrus sf., Súðarvogi 32	231 300
Sigmundur og Stefán hf., Ljósh. 2	24 900
Sigurður Þ. Skjaldberg, Laugavegi 49	41 600
Síldar- og fiskimjölsverksm. hf., Hafnarhvoli	2 675 300
Silli og Valdi sf., Austurstr. 17	3 094 400
Sindrastál hf., Hverfisgötu 42	5 180 400
Sísí hf., Laugavegi 53	155 400
Sjófang hf., Hólmsgötu 2	449 400
Sjólastöðin hf., Grænuhlíð 22	520 100
Sjóleiðir hf., Skógargerði 5	324 700
Skeifan hf., Laugavegi 59	825 300
Skyndimyndir sf., Háaleitisbr. 37	84 800
Skjaldbreið hf., Túng. 51	91 400
Skjólfatagerðin hf., Bolholti 6	652 300
Skólavörðust. 12 sf., Fr. Þorst., Túng. 34	58 800
Skólavörðust. 16 sf., Skólavörðust. 16	23 300
Skósalan sf., Laugav. 1	207 100
Skóver sf., Týsgötu 1	163 500
Skóvinnust. Sigbj., Háaleitisbr. 58—60	46 700
Skúlag. 30 hf., Bankastr. 11	24 800
Sláturfélag Suðurlands svf., Skúlag. 20	3 475 200
Smárabær sf., Hverfisg. 37	30 000
Smyrill hf., Ármúla 7	118 500
Smjörlíki hf., Þverholti 19	2 660 600
Snyrtivörubúðin sf., Laugavegi 76	180 100
Snyrtivörur hf., Klettagörðum 9	299 900
Snæbjörg hf., Bræðraborgarst. 5	23 800
Snæbjörn Jónsson & Co. hf., Hafnarstr. 9	472 100
Snögg sf., Stigahlíð 45—47	82 600
Sogaver hf., Sogavegi 1	136 300
Sólheimar hf., Laugavegi 16	56 700
Solido, umb.- og heildv. sf., Bolholti 4	525 500
Sóló-Húsgögn hf., Kirkjusandi	116 800
Sólrún, snyrtivöruv., Laugavegi 59	122 800
Sólveig hf., Laugavegi 69	294 700
Spónn hf., Skeifunni 13	87 100
Stafn hf., Brautarholti 2	37 400
Stálsmiðjan hf., Austurbakka, Brunnst.	897 500
Stáltæki sf., Auðbrekku 39, Kóp.	31 200
Stálvinnslan hf., Súðarv. 44—46	92 000
Stálvirkinn hf., Skeifunni 5	124 800
Stefán Thorarensen hf., Laugav. 16	2 048 200
Stef, Laufásv. 50	118 200
Steindórsprent, húseign, Ármúla 5	33 900
Steinunn hf., J. Guðm., Grænuhlíð 22	34 800
Steypustöðin hf., Sævarhöfða 4	1 653 800
Stjörnubíó hf., Laugavegi 94	178 700

Nöfn félaga	Aðstöðugjöld
Storð hf., Ármúla 24	28 300
Storkurinn sf., Laugavegi 59	67 600
Sunnufell hf., Ægisg. 7	15 600
Svanur hf., Vatnsst. 11	418 900
Sverrir Bernhöft hf., Garðastr. 13A	184 100
Sæla Café sf., Brautarholti 22	235 900
Sælkerinn sf., Austurstr. 12A	470 700
Söbech, versl. hf., Hálaleitisbr. 58—60	373 900
Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Aðalstr. 6	4 657 500
Sölusamband ísl. fiskframleiðenda, Aðalstr. 6	805 300
T. Hannesson hf., Ármúla 7	177 200
Tandur hf., Lækjarg. 6B	97 500
Teppagerðin hf., Súðarv. 4	193 900
Texti hf., Síðum. 23	113 400
Tékk-Kristall hf., Skólavörðust. 16	242 000
Theodóra hf., Skólavörðust. 5	74 100
Tíbrá sf., Snorri E., Eyjabakka 32	31 400
Tindafell hf., Brautarholti 22	53 000
Togaraafgreiðslan hf., Geirsg.	1 494 000
Tónabíó, Skipholti 33	411 800
Torgturninn sf., Lækjartorgi	31 300
Trésm. hf., Brautarholti 30	98 000
Tröð hf., Austurstr. 18	26 700
Tæknir hf., Vesturg. 45	76 200
Última, fataverksm. hf., Laugav. 59	119 400
Útgarður hf., Álfheimum 74	1 376 100
V. B. Einar Þórðarson hf., Barónsst. 59	57 600
V. H. Vilhjálmsson sf., Bergst.str. 11B	225 900
Valur hf., Skipasundi 24	12 300
Vátr.skrifst. Sigf. Sighvatssonar, Lækjargötu	29 500
Vegamót hf., Laugavegi 18	23 500
Veggur hf., G. Zoëga jr., Ægissíðu 66	17 600
Veitingar hf., Hallarmúla	684 900
Veltir hf., Suðurlandsbr. 16	6 469 500
Verðandi hf., Hafnarstr. 5	47 300
Verk hf., Laugavegi 120	585 900
Verkfræðiþjónusta dr. Gunnars Sig., Lágmúla 9	81 400
Verslanasambandið hf., Skipholti 37	686 100
Vesta hf., Laugavegi 26	432 900
Vesturröst hf., Skúlag. 61	243 700
Vesturverk hf., Skipholti 1	13 000
Vélabókhaldið hf., Hátúni 4A	56 600
Vélaleiga Steindórs Sighv., Suðurlandsbr., Álfabrekku	12 200
Vélanaust hf., Bergþórug. 23	48 900
Vélritunarsk. Þ. Felixd., Suðurl.br. 20	14 000
Vélsm. Sigurðar Einarssonar, Mjölnisholti 14	51 000
Vélverk hf., Bildshöfða 8	336 500
Viðarval hf., Lindarg. 30	25 800
Viðtækjavinnust. hf., Auðbrekku 63, Kóp.	43 000
Vífilfell hf., gosdrykkjaverksm., Haga, Hofsvallag.	2 877 100
Vigfús Guðbrandsson & Co., Vesturg. 4	30 200
Víkingsprent hf., Hverfisg. 78	135 000
Víkur, skipafél. hf., F. K., Hjarðarhaga 17	559 000
Vinnufatagerð Íslands hf., Þverholti 17	869 100
Víóla sf., Sólheimum 29	33 500
Vogaver hf., Gnoðarvogi 44—46	215 800
Vængir, flugfélag hf., Rvíkurflugvelli	212 700
Völundur, timburverslun, Klapparst. 1	2 019 600
Völuskrín hf., Laugavegi 27	72 300
Þ. Þorsteinsson sf., Laufásv. 57	11 800
Þak hf., Gunnar G., Víkurbakka 14	69 800
Þingvallaleið hf., Drápuhlíð 17	109 100
Þórður Sveinsson & Co., Hofsvallag., Haga	389 000
Þórhallur Sigurjónsson, heildv., Hrauntungu 43	146 800
Þórshöll hf., Brautarholti 20	304 300
Þórver hf., Grandagarði 99	29 800
Þrymur hf., Borgartúni 25	872 900
Þróttur, vörubílstjórafélag, Borgart. 33	39 000
Þungavinnuvélar hf., Bildshöfða 14	58 500
Æði hf., Sævarlandi 2	72 300
Ögurvík hf., Týsgötu 1	355 800
Ökuskóli Magnúsar hf., Snælandi 2	15 500
Örkin, bókbandsstofa hf., Guðj. E., Kleppsv. 2	61 600
Össur hf., Hátúni 12	135 000

Sþ. 35. Frumvarp til fjáraukalaga [32. mál]

fyrir árið 1973.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi, 1975.)

	Til viðbótar við gjöld í 2. gr. fjárlaga 1973 er veitt:	Þús. kr.
00	Æðsta stjórn ríkisins að undanskildu Alþingi	10 047
01	Forsætisráðuneytið	53 781
02	Menntamálaráðuneytið	218 461
03	Utanríkisráðuneytið	29 232
04	Landbúnaðarráðuneytið	278 330
05	Sjávarútvegsráðuneytið	194 594
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	323 946
07	Félagsmálaráðuneytið	69 419
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	808 528
09	Fjármálaráðuneytið	371 297

		Þús. kr.
10	Samgönguráðuneytið	725 814
11	Iðnaðarráðuneytið	87 902
12	Viðskiptaráðuneytið	459 519
14	Ríkisendurskoðun	3 594
	Samtals	3 634 464

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hafa afhent ráðuneytinu tillögur sínar til fjárveitinga í fjáraukalögum fyrir árið 1973. Þeir leggja til, að aukafjárveitingar séu veittar fyrir öllum umframgjöldum, sem ríkisreikningurinn 1973 sýnir.

Nd. 36. Frumvarp til laga [33. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1973.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi, 1975.)

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1973 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum í þús. kr.:

	Gjöld:	Áætlun:	Reikningur:
00	Æðsta stjórn ríkisins	166 714	216 325
01	Forsætisráðuneytið	194 068	247 849
02	Menntamálaráðuneytið	4 020 023	4 238 484
03	Utanríkisráðuneytið	277 092	306 324
04	Landbúnaðarráðuneytið	930 907	1 209 237
05	Sjávarútvegsráðuneytið	436 502	631 096
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	1 192 281	1 516 227
07	Félagsmálaráðuneytið	805 933	875 352
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	7 874 700	8 683 228
09	Fjármálaráðuneytið	1 149 642	1 520 939
10	Samgönguráðuneytið	2 260 952	2 986 766
11	Iðnaðarráðuneytið	387 475	475 377
12	Viðskiptaráðuneytið	1 715 554	2 175 073
13	Hagstofa Íslands	22 432	20 583
14	Ríkisendurskoðun	22 959	26 553
	Mismunur	513 091	—
	Samtals	21 970 325	25 129 413

	Tekjur:	Áætlun:	Reikningur:
11	Skattar	21 748 500	24 584 214
12	Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign, fluttar úr B-hluta ríkisreiknings	120 600	73 430
13	Ýmsar tekjur	101 225	218 782
	Mismunur	—	252 987
	Samtals	21 970 325	25 129 413

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1973, sem lagður verður fyrir þingið samtímis frumvarpinu.

Nd. **37. Frumvarp til laga** [34. mál]

um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 68 frá 1971.

Flm.: Eyjólfur K. Jónsson.

1. gr.

Á eftir orðinu „mannúðarmála“ í F-lið 7. gr. laganna komi orðin: starfsemi stjórnmálaflokka.

2. gr.

Á eftir 1. málsl. í D-lið 12. gr. laganna (sbr. 5. gr. laga nr. 7/1972) komi nýr málsl. svo hljóðandi:

Enn fremur einstakar gjafir til stjórnmálaflokka, þó ekki yfir 5% af skattskyldum tekjum gefanda, enda sé hver gjöf ekki undir 300 kr.

2. málsliður, sem verði 3. málsliður, hljóði svo:

Fjármálaráðherra ákveður í reglugerð, hvaða málaflokkar og stofnanir komi til greina samkvæmt 1. málslið þessa stafliðs.

3. gr.

Á eftir orðunum „I. kafla laga þessara, svo og“ í 1. mgr. 35. gr. komi orðin: stjórnmálaflokkar og.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.

Greinargerð.

Frumvarp þetta fjallar um fjárreiður stjórnmálaflokka. Meginefni þess er annars vegar að stjórnmálaflokkar verði framtalsskyldir, enda þótt þeir séu skattfrjálsir, en hins vegar að auðvelda flokkum að afla sér nokkurs fjár með frjálsum framlögum almennings. Er þar um að ræða skattfrelsi einstakra gjafa til stjórnmálaflokka, sem þó mega ekki nema umfram 5% af skattskyldum tekjum gefenda, og heimild til að undanþiggja happdrættisvinninga skattskyldu á sama hátt og nú er um vinninga í happdrættum, þar sem ágóðanum er varið til menningarmála, mannúðarmála eða kirkjulegrar starfsemi.

Í öðru frumvarpi, sem lagt hefur verið fram, eru tekin af öll tvímæli um það, að stjórnmálaflokkar skuli vera bókhaldsskyldir.

Talsverðar umræður hafa öðru hverju orðið um fjárreiður stjórnmálaflokka og eftirlit með fjármálum þeirra. Þannig urðu til dæmis talsverðar deilur um þetta efni fyrir tveimur árum í tilefni af tillögum í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins um eftirlit með fjárreiðum stjórnmálaflokka og aðgerðir til að létta þeim fjáröflun á þann veg sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir. En þótt slíkar umræður hafi farið fram hefur ekkert verið aðhafst til úrbóta í þessu efni, og þess vegna er frumvarp þetta fram komið.

Ljóst er að ýmislegt gæti orkað tvímælis við framkvæmd tillagna þeirra, sem hér eru fluttar, ef að lögum yrðu, en svo er raunar um ýmis fleiri atriði skattalaga, svo sem kunnugt er. Þannig er til dæmis hvergi í íslenskri löggjöf skilgreint hvað stjórnmálaflokkur sé, og kann því að orka tvímælis hve langt bæri að ganga í að heimta framtöl frá stjórnmálafélögum. Væntanlega yrðu lög þessi skýrð þröngt, ef slíka skýrgreiningu skorti, þegar þau kæmu til framkvæmda, en tækju í öllu falli til aðalskrifstofu flokkanna, rekstrar fasteigna og útgáfustarfsemi. Hugmyndir hafa þó verið uppi um að nauðsyn bæri til að setja löggjöf um réttindi og skyldur stjórnmálaflokka og mundi þá margt skýrast. En flutningsmaður telur eðlilegt að á þessu stigi málsins verði um þetta fjallað í þingnefnd, þar sem fulltrúar mismunandi stjórnmálaflokka hafa aðstöðu til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Nefnd

sú, sem fær frumvarp þetta til meðferðar, metur hvort ástæða sé til að kveða nánar á um til hverra framtalsskyldan skuli ná eða um fyrirkomulag framtala flokkanna.

Ljóst er að í nútíma þjóðfélagi þurfa stjórnmálaflokkar á talsverðu fjármagni að halda til starfsemi sinnar. Heilbrigðast og eðlilegast er að þeir afli fjár með frjálsum framlögum frá almenningi, eins og þeir raunar gera þegar í ríkum mæli. Í skattalögum eru nú þegar ákvæði um að einstakar gjafir til menningarmála, vísindalegra rannsóknarstofnana, viðurkenndrar líknarstarfsemi og kirkjufélaga séu skattfrjálsar, en þó ekki meira en tíu af hundraði skattskyldra tekna gefenda. Hér er lagt til að einstakar gjafir til stjórnmálaflokka séu einnig undanþegnar skatti, en þó ekki hærri upphæð en nemur 5% af skattskyldum tekjum gefenda.

Ráð er fyrir því gert að lögin öðlist gildi 1. janúar næstkomandi og mundu þá fyrstu framtöl flokkanna send skattayfirvöldum á árinu 1977, en naumast er unnt að gera flokkana framtalsskylda fyrr en þeir hafa ótvírætt verið bókhaldsskyldir um eins árs skeið.

Nd. 38. Frumvarp til laga [35. mál]

um breyting á lögum um bókhald, nr. 51 frá 1968.

Flm.: Eyjólfur K. Jónsson.

1. gr.

Á eftir orðinu „líknarstofnanir“ í 5. tl. 2. gr. laganna komi orðið: stjórnmálaflokkar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að stjórnmálaflokkar verði bókhaldsskyldir. Er frumvarpið flutt í tengslum við annað mál, frumvarp til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 68 frá 1971, en í greinargerð með því frumvarpi er nánar fjallað um mál þessi bæði í heild.

Sþ. 39. Fyrirspurnir. [36. mál]

I. Til utanríkisráðherra um húsaleigumál bandarískra hermanna og flugvallarstarfsmanna.

Frá Gils Guðmundssyni.

1. Hve margar íbúðir höfðu bandarískir hermenn og flugvallarstarfsmenn á leigu utan flugvallar haustið 1974? (Óskast sundurliðað eftir sveitarfélögum).
2. Hverjar eru sambærilegar tölur nú?

II. Til utanríkisráðherra um fólk og framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli.

Frá Gils Guðmundssyni.

1. Hve margir íslendingar störfuðu í þjónustu Bandaríkjahers og við aðrar framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli:
   a) í október 1974,
   b) í október 1975?

2. Hve margir bandaríkjamenn (hermenn og aðrir starfsmenn) voru við störf á Keflavíkurflugvelli:
   a) í október 1974,
   b) í október 1975?
3. Hvað er áætlað að allar framkvæmdir á vegum Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli nemi hárri fjárupphæð:
   a) á árinu 1975,
   b) á árinu 1976?
4. Hvað er áætlað að íslensk verktakafyrirtæki vinni fyrir háa fjárupphæð á vegum Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli:
   a) á árinu 1975,
   b) á árinu 1976?

Nd. 40. Frumvarp til laga [37. mál]

um breyting á lögum nr. 11 28. apríl 1975, um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson.

1. gr.

Orðin „innanlands eða“ í 1. mgr. 23. gr. laganna falli niður.

2. gr.

24. gr. laganna orðist svo:

Flugvallagjald skal vera 2500 kr. fyrir hvern farþega, sem ferðast frá Íslandi til annarra landa, þó 1250 kr. fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára. Flugvallagjald skal fella inn í verð farseðils.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum um ráðstafanir í efnahagsmálum o. fl., sem samþykkt voru á Alþingi 26. apríl s. l., er m. a. ákveðið að lagt skuli á sérstakt flugvallagjald. Gjald þetta er skattur til ríkissjóðs sem lagður er á farþega er ferðast með loftförum ýmist frá Íslandi til annarra landa eða milli flugvalla innanlands. Voru á sínum tíma talsverðar deilur um álagningu þessa gjalds og var flm. í hópi þeirra þingmanna sem greiddu atkvæði gegn því. Er sú afstaða flm. til umræddrar gjaldtöku óbreytt.

Eftir eðli málsins má skipta flugvallagjaldinu í tvo flokka: Annars vegar gjald það, sem lagt er á farþega, innlenda og erlenda, sem ferðast loftleiðis frá Íslandi til annarra landa. Slík gjaldtaka þjónar tvennum tilgangi: Annars vegar að afla tekna í ríkissjóð. Hins vegar að gera utanlandsferðir íslendinga dýrari en ella og þá væntanlega í því skyni m. a. að hafa einhver áhrif til þess að hamla gegn utanferðum íslendinga og gjaldeyriseyðslu í því sambandi. Má vissulega færa rök bæði með og móti nauðsyn þess arna. — Annað viðhorf er hins vegar uppi á teningnum gagnvart innheimtu flugvallagjalds af fólki sem ferðast loftleiðis milli staða innanlands. Slík gjaldtaka getur aðeins og einvörðungu þjónað þeim tilgangi að afla ríkissjóði tekna, og ber þá á það að líta að hverjum sú skattheimta beinist og hvort ástæða sé til þess að ætla að hún komi réttlátlega niður.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að höfuðborg landsins, Reykjavík, er sameiginleg þjónustumiðstöð fyrir landið allt. Aðeins þar er hægt að fá ýmsa sérhæfða þjónustu, t. d. í sambandi við heilsugæslu og heilbrigðismál, þar eru auk þess allar meiri háttar stjórnsýslu-, lána- og fyrirgreiðslustofnanir sem fólk kann að eiga erindi við, svo og ýmis önnur fyrirtæki og þjónustustofnanir sem landsmenn allir þurfa að leita til. Af þessum sökum þarf fólk, sem býr úti á landsbyggðinni, oft að koma til Reykjavíkur til þess að sinna erindum sem hvergi annars staðar er hægt að reka.

Þá er það einnig alkunna, að því fjær Reykjavík sem fólk býr, þeim mun meira verður það að notfæra sér þjónustu flugfélaga til og frá Reykjavík. Íbúar nágrannabyggðarlaga Reykjavíkur geta með auðveldum hætti farið landleiðis til þess að sækja sér þjónustu eða fyrirgreiðslu til Reykjavíkur, en hins vegar þurfa þeir, sem lengri leið eiga, að fara flugleiðis. Innheimta flugvallagjalds af farþegum í innanlandsflugi verður því í raun sannnefndur dreifbýlisskattur, því að gjaldið er aukakostnaður fyrir þá sem fjarri Reykjavík búa, en eiga þangað erindi, sem íbúar nágrannabyggðarlaga Reykjavíkur þurfa ekki að inna af höndum í sama skyni. Verkar flugvallagjaldið því sem einn aukakostnaðarliðurinn enn ofan á aðra umframkostnaðarliði, svo sem hærra vöruverð sem íbúar dreifbýlisins þurfa að gjalda vegna búsetu sinnar umfram reykvíkinga og nágranna. Samrýmist þetta heldur illa hinni margumtöluðu byggðastefnu og er auk þess því óréttlætanlegra þar sem felld hefur verið niður innheimta veggjalds af þeim íbúum nágrannabyggðarlaga Reykjavíkur sem ferðast geta eftir hraðbrautum til og frá höfuðborginni. Skýtur það raunar heldur skökku við, að skömmu eftir að samgöngugjald þetta — veggjaldið — var fellt niður af þeim, sem stysta og greiðasta leið eiga til höfuðborgarinnar, þá skuli annað samgöngugjald — flugvallaskatturinn — hafa verið upp tekið gagnvart þeim landsmönnum sem um lengstan veg eiga að fara til hinnar sameiginlegu þjónustumiðstöðvar sem Reykjavík er.

Upphaflega var ráðgert að flugvallagjald yrði aðeins innheimt til loka febrúarmánaðar 1976. Í fjárlagafrumvarpi ríkissjórnarinnar er hins vegar boðað að gjaldtaka þessi verði framlengd allt næsta ár, og ekkert hefur heyrst frá ríkisstjórninni um að breytingar séu fyrirhugaðar á gjaldtökunni.

Frumvarp þetta er flutt í þeim tilgangi að sú breyting verði gerð á ákvæðum laga um innheimtu flugvallagjalds, að gjaldið verði eftirleiðis aðeins innheimt af þeim farþegum sem fara frá Íslandi til annarra landa, en gjaldtakan verði felld niður í innanlandsflugi. Eins og á hefur verið bent að framan er hér um réttlætismál að ræða sem er allsendis óskylt því hvort stjórnvöld vilja leggja einhvern hemil á utanlandsferðir íslendinga. Hvort innheimta flugvallagjalds af farþegum í millilandaflugi er rétt og æskileg leið til þess arna er allsendis óskylt því máli sem hér er flutt.

Sþ. 41. Fyrirspurnir. [38. mál]

I. Til menntamálaráðherra um stöðu Félagsheimilasjóðs.

Frá Jóhannesi Árnasyni.

1. Hversu mörg félagsheimili, sem eru í smíðum eða fullbúin, njóta nú styrks úr Félagsheimilasjóði skv. lögum nr. 107 frá 1970?
2. Hver er skuld Félagsheimilasjóðs á lögboðnum 40% hluta stofnkostnaðar þessara félagsheimila, skipt eftir kjördæmum?
3. Hvað er áætlað að það muni taka Félagsheimilasjóð langan tíma að greiða upp umrædda skuld miðað við núverandi tekjustofna sjóðsins?
4. Hefur Félagsheimilasjóður notfært sér heimild í 5. mgr. 3. gr. laga nr. 107 frá 1970 til útgáfu skuldabréfa og þá í hve ríkum mæli?

II. Til menntamálaráðherra um vinnuálag í skólum.

Frá Halldóri Blöndal.

Hvað líður framkvæmd ályktunar Alþingis frá 22. febr. 1973, 2. tl., um vinnuálag í skólum?

Sþ. 42. Tillaga til þingsályktunar [39. mál]

um eignarráð á landinu, gögnum þess og gæðum.

Flm.: Bragi Sigurjónsson, Benedikt Gröndal, Gylfi Þ. Gíslason, Jón Árm. Héðinsson, Sighvatur Björgvinsson.

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina, að hún láti sérfróða menn semja frumvarp eða frumvörp að lögum um eignarráð og eignarréttindi yfir byggðu landi sem óbyggðu, stöðuvötnum í byggð og óbyggðum, fallvötnum, jarðhita og hvers konar námum og vinnslu verðmæta úr jörðu.

Við samningu frumvarps eða frumvarpa að lagagerð þessari sé m. a. þessa gætt:

1. Allt hálendi landsins og óbyggðir, að svo miklu leyti sem skýlausar eignarheimildir annarra aðila en ríkisins liggja ekki fyrir, sé lýst alþjóðareign og skýrt sé kveðið á um mörk þessarar eignar.
2. Sú grundvallarregla verði mörkuð, að landið allt, eins og miðin umhverfis það, sé sameign þjóðarinnar allrar. Umráðaréttur á byggðu landi, fallvötnum, jarðhita undir 100 m dýpi, námuvinnslu, veiðiám og veiðivötnum, óbyggðum og afréttum sé í höndum Alþingis, sem geti með sérstökum lögum og reglum veitt einstaklingum, fyrirtækjum og sveitarfélögum tiltekinn rétt til þessara gæða. Bændum sé tryggður kaup- og söluréttur (eignarréttur) á bújörðum til búrekstrar, ef þeir svo kjósa, fremur en erfðafestu eða lífsábúð.
3. Glöggt sé kveðið á, hvernig landareign og landnytjar færist úr einkaeign í eign ríkis eða sveitarfélaga og hvernig bætur skuli reiknast fyrir.
4. Kveðið skal á um umgengnisskyldur við landið og viðurlög við spjöllum.

Greinargerð.

Tillaga til þingsályktunar um eignarráð á landinu, gögnum þess og gæðum hefur verið flutt af þingmönnum Alþýðuflokksins fjögur undanfarin þing á Alþingi, en ekki náð afgreiðslu. Tillagan hefur hins vegar vakið sívaxandi athygli og umtal meðal almennings um allt land.

Við búum í þjóðfélagi, sem á undanförnum áratugum hefur tekið stórfelldum breytingum og er á miklu breytingaskeiði enn, þar sem sífellt eru að koma upp ný og ný vandamál, sem gömul skipan á ekkert rúm fyrir, en hefur kallað á brask og jafnvel valdníðslu. Svo er t. d. um einkaeign á lóðum og lendum, virkjunaraðstöðu í fallvötnum, ýmis önnur vatnsréttindi o. fl., o. fl.

Flutningsmenn líta svo á, að það stríði gegn hagsmunum almennings og réttarkennd alls þorra landsmanna, að land- og lóðaeigendur geti án minnstu hlutdeildar þeirra sjálfra stórhagnast á aðgerðum samfélagsins, svo sem skipulagningu þéttbýlis á landareign þeirra, gatnagerð, vatnstöku, flugvallargerð, vegalagningu o. fl. í þágu almennings. Sama gildir um virkjun fallvatna, að fráleitt er að landeiganda eða landeigendum, sem engin tök hafa á að nýta vatnsorku af eigin rammleik, skuli geta haldist uppi að varna íbúum heilla byggðarlaga, jafnvel landshluta, notkun fallvatna til orkuframleiðslu.

Eins gildir um vinnslu og virkjun jarðvarma, sem í sívaxandi mæli er orðinn eitt eftirsóttasta og dýrmætasta verðmæti landsins, en verður ekki virkjaður né notaður að umtalsverðu ráði nema með samfélagslegum aðgerðum.

Enn er að geta þess háska fyrir landbúnaðinn, sem leynist í kapphlaupinu um veiðiárnar og jarðir sem veiðiréttindi lúta undir. Er svo komið í sumum byggðarlögum, t. d. á sunnanverðu Snæfellsnesi, að fjáraflamenn hafa keypt upp lönd með heilum veiðiám, hirða sumir lítt eða ekki um búsetu jarðanna né nýtingu og valda þannig uppflosnun í áður blómlegri byggð. Ekkert virðist heldur því til hindrunar, að erlendir auðkýfingar geti með íslenskan staðgengil að yfirvarpi keypt upp jarðir meðfram veiðiám, og munu þeir þá lítt hirða um, hvort búið verður vel eða illa á eftir í þeim sveitum.

Enn annars staðar stunda veiðibændur okurútleigu á veiðidögum í ám, svo að þorra landsmanna gerist það fristundagaman ofviða að skreppa í lax eða silung, en erlendir auðmenn sitja að þeim gæðum.

Þá ber að hafa í huga, að ætla má að fiskeldi í ám og vötnum geti innan tíðar orðið blómleg atvinnugrein í landinu og þá mikilsvert að hafa í tíma komið í veg fyrir ýmiss konar hagsmunaárekstra, sem einkaeign á ám og vötnum kallar á, en almannaeign eða ríkisyfirráð útiloka.

Nágrannar okkar á Norðurlöndum, norðmenn og svíar, sömuleiðis skotar, englendingar og írar, sem og bandaríkja- og kanadamenn, hafa ekki talið sér henta að hafa eignarráð fallvatna svo lausbeislað sem hér er, en tekið þau ýmist í ríkiseign eða ríkisumsjá til að hindra brask einkaaðila með eftirsótt not þeirra, en greiða arð til landeigenda, ef eru, eftir arðskrá.

Á síðustu árum hafa augu fjölmargra opnast fyrir því, að mannkynið hefur þegar spillt umhverfi sínu stórlega á margan hátt og mengað loft og vatn, svo að jörðin kann að verða óbyggileg eftir nokkrar kynslóðir, verði ekki að gert hið bráðasta. Óspillt land, ómengað loft og vatn eru nú talin til hinna verðmætustu eigna hverrar þjóðar. Í þessum efnum erum við íslendingar enn auðug þjóð, en ber þó að gæta fyllstu varúðar að spilla þeim gæðum ekki, jafnframt því sem við nýtum auðlindir okkar sem best. Samfara auknum skilningi á þessum staðreyndum hefur þeirri skoðun vaxið óðfluga fylgi, að sem mest af landinu, ekki aðeins hálendi og óbyggðir, vötn og ár, heldur og af byggilegu landi, eigi að vera almenningseign. Brask með þessi auðæfi í einkaeign er alþekkt fyrirbrigði víða um heim, þar sem hagsmunir fárra fleyta rjómann af hagsmunum margra. Þetta hefur gerst hér þegar í of miklum mæli, en mun hraðvaxa um næstu framtíð, verði ekki fljótt að gert. Það er eitt stærsta verkefnið í íslenskri löggjöf nú að færa þessi mál til réttrar stefnu, þeirrar, að hagsmunir fjöldans gangi fyrir hagsmunum fárra.

Ed. 43. Nefndarálit [26. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 8/1972, með síðari breytingum, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.
Fjarverandi afgreiðslu málsins var Steingrímur Hermannsson.

Alþingi, 30. október 1975.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm.
Steinþór Gestsson, fundaskr.
Jón Helgason.
Bragi Sigurjónsson.
Helgi Seljan.
Axel Jónsson.

Ed. **44. Frumvarp til laga** [40. mál]

um breyting á lögum nr. 67 1971, um almannatryggingar.

Flm.: Helgi F. Seljan, Stefán Jónsson.

1. gr.

Við 43. gr. laganna bætist nýr liður, i-liður svo hljóðandi:

Ef sjúklingur þarf að leita til sérfræðings að læknisráði um lengri vegu, skal greiða honum hluta af ferðakostnaði samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Þurfi sjúklingur að leita sérfræðiþjónustu á reglubundinn hátt, árlega eða oftar, skal greiða honum ferðakostnaðinn að fullu. Greiðsla ferðakostnaðar miðist við vottorð viðkomandi læknis og sérfræðings.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á þingi í fyrra var frumvarp þetta flutt og afgreiðsla þess varð á þann veg, að í ljósi nýrrar endurskoðunar á lögum almannatrygginga var því vísað til ríkissjórnarinnar. Nú er mjög rætt um breytingar á þessari löggjöf, en þó aðallega í skerðingarátt á vissum sviðum, sem alger óvissa ríkir þó um hverjar verða. Flutningsmönnum þykir því rétt að vekja á ný athygli á þessu nauðsynjamáli, sem ekki má að þeirra áliti hverfa í skuggann og týnast, eins og hætta er á þegar aðalstefnan beinist að skerðingu ýmissa ákvæða laganna.

Með frv. fylgdi á s. l. þingi greinargerð, sem að áliti flm. sýnir ljóslega nauðsyn einhverra ákvæða í þessa átt, þrátt fyrir það þó áætlað sé að endurskoða ýmis önnur ákvæði laganna til að draga úr kostnaði við tryggingakerfið.

Í greinargerð frv. í fyrra sagði m. a. svo:

Nær öll sérfræðiþjónusta á sviði lækninga er á höfuðborgarsvæðinu og þangað verður fólk að leita úr fjarlægum landshlutum ef sérstakra meiri háttar rannsókna og aðgerða er þörf. Sérstaklega er þetta tilfinnanlegt hvað kostnað snertir þegar um sjúkdóma er að ræða, sem krefjast reglubundinna ferða á fund sérfræðinga, jafnvel oft á ári. Við allan ferðakostnaðinn bætist svo oft mikill dvalarkostnaður í Reykjavík.

Engin sanngirni er í því, að sjúklingar beri þennan kostnað bótalaust, því meðan svo er, þá er hér um að ræða stórkostlega mismunun fólks eftir búsetu.

Með nýjum lögum um heilbrigðisþjónustu er að vísu ráð fyrir því gert að flytja aukna sérfræðiþjónustu til fjórðungssjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Að því verkefni ber að vinna af alefli, enda um flest hagkvæmari skipan, en enn mun þó langt í land, að á þessu verði sú breyting, sem þyrfti að verða.

Á meðan þess er beðið, þarf að leita annarra leiða, og fullnægjandi verður þessi þjónusta aldrei. Með frumvarpi þessu er lagt til, að annars vegar verði skv. nánari ákvæðum í reglugerð greiddur hluti ferðakostnaðar sjúklings á fund sérfræðings og fari þá sá hluti eftir þeirri vegalengd, sem fara þarf, þannig að hærri hluti yrði greiddur eftir því sem fjarlægðin væri meiri. Hér þarf hvort tveggja að vera til staðar: vottorð viðkomandi læknis svo og þess sérfræðings, sem til er leitað, svo að misnotkun verði fyrirbyggð sem mest, en einmitt vegna þeirrar hættu mun endurskoðunarnefnd tryggingalaganna hafa hikað við að fara út á þessa braut.

Hins vegar er svo ákvæði um það, að ferðakostnaður þeirra sjúklinga, sem reglulega, árlega eða oftar, þurfa að leita til sérfræðinga vegna sjúkleika síns, verði að fullu greiddur, enda komi þar einnig hvort tveggja til: vottorð læknis heima fyrir svo og viðkomandi sérfræðings.

Ekki skal úr því dregið, að það fyrirkomulag, sem hér er ráð fyrir gert, hefur í för með sér talsverða aukningu á útgjöldum sjúkrasamlaga. Á hitt ber þó fremur að líta, hvert réttlætismál hér er á ferð og hve miklum upphæðum yrði hér létt af þeim, sem svo sannarlega þurfa á því að halda. Þetta fólk á í sem allra flestu að sitja við sama borð og þjóðfélagsþegnar á Faxaflóasvæðinu.

Hér er lagt til, að úr því misrétti, sem nú viðgengst, verði að nokkru bætt. Frumvarpið er flutt af brýnni þörf, samkvæmt mörgum eindregnum áskorunum fólks, sem þarf sjúkleika síns vegna að kosta til miklum fjármunum, sem það fær þó aldrei að fullu bætta, jafnvel þótt frv. þetta nái fram að ganga.

Aðrar skýringar og frekari rökstuðningur kemur fram í framsögu málsins.

Nd. 45. Frumvarp til laga [41. mál]

um breyting á lögum um söluskatt, nr. 10 frá 22. mars 1960.

Flm.: Ólafur Ragnar Grímsson, Karvel Pálmason.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist nýr liður sem orðist svo:

Við innheimtu söluskatts skal landinu skipt í þrjú innheimtusvæði:

1) Reykjavík og Reykjaneskjördæmi og skal þar innheimta 10/10 söluskatts.
2) Vesturlandskjördæmi og Suðurlandskjördæmi og skal þar innheimta 9/10 söluskatts.
3) Vestfjarðakjördæmi, Norðurlandskjördæmi vestra, Norðurlandskjördæmi eystra og Austurlandskjördæmi og skal þar innheimta 8/10 söluskatts.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er alkunna að framfærslukostnaður íbúa landsbyggðarinnar er á nær öllum sviðum mun hærri en á höfuðborgarsvæðinu og í nágrenni þess. Á undanförnum árum hefur töluvert verið rætt um, hvernig draga megi úr þessum mismun og þar með jafna hina ólíku búsetuaðstöðu í landinu. Sú orðræða hefur því miður leitt til lítilla athafna. Í þessu frumvarpi um breytingu á lögum um söluskatt er lagt til að lækka framfærslukostnað íbúa landsbyggðarinnar og þar af leiðandi auka jöfnuð meðal landsmanna með því að nota söluskatt sem stjórntæki í þessu skyni. Með innheimtu mismunandi söluskatts á einstökum landssvæðum næðist verulegur jöfnuður framfærslukostnaðar. Skipting landsins í þrjú innheimtusvæði mundi gera framkvæmd innheimtunnar tiltölulega einfalda. Aðrar hugmyndir, sem fram hafa komið um jöfnun framfærslukostnaðar, yrðu mun flóknari í framkvæmd og krefðust umsvifameiri stjórnsýslu. Hér er því lagt til að farin sé einföld leið í einhverju brýnasta hagsmunamáli íbúa landsbyggðarinnar.

Ed. 46. Frumvarp til laga [42. mál]

um breyting á lögum nr. 10/1960, um söluskatt.

Flm.: Stefán Jónsson, Helgi F. Seljan.

1. gr.

Á eftir 1. málsgr. 9. gr. laganna komi eftirfarandi:

Óheimilt er þó að leggja söluskatt á vöruflutningagjöld, afgreiðslugjöld og tryggingagjöld af varningi sem fluttur er út fyrir lögsagnarumdæmi innflutningshafnar eða framleiðslufyrirtækja, og reiknast þau gjöld því ekki með í söluskattstofni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Oft hefur því verið hreyft á háttv. Alþingi að rétt sé að jafna sem allra mest má verða framfærslukostnað á landi hér, á þann veg að þegnarnir sitji við sama borð án tillits til heimilisfangs. Mörg lagafrumvörp hafa verið fram borin um ráðstafanir til þess að samfélagið í heild greiddi flutningskostnað af vörum til hinna ýmsu byggðarlaga. Er ljóst af Alþingistíðindum að allur þorri alþingismanna hefur löngum talið að þetta væri réttlætismál og þjóðþrifamál í senn. Reynslan sýnir hér enn sem fyrr að ekki er ýkjamikil stoð í góðri meiningu einni saman, og þótt ekki teljist til eindæma tregða löggjafans gegn því að gera rétt (sbr. Rómverjabréf, 7. kafli 19. vers), þá er það skoðun flutningsmanna að til fádæma hljóti að teljast sá andhælisháttur er ráðin skal bót á með frumvarpi þessu um breytingu á lögum um söluskatt, sem birtist í því að háttvirt Alþingi skuli leggja fimmtungs byrðar ofan á þess háttar ok sem dreifbýlisfólkinu er gert að rísa undir þar sem flutningsgjöldin eru.

Til skýringar skulu nefnd hér nokkur dæmi um söluskatt af flutningsgjöldum út á land:

Flutningsgjald af dráttarvél, sem vegur 1600 kg, með bíl frá Reykjavík til Þórshafnar nemur 18 080 kr. og virðist sú upphæð vissulega ærin viðbót við kaupverðið. Síðan leggur ríkið, lögum samkvæmt, söluskatt á flutningsgjaldið, og nemur hann 3 616 kr.

Fyrir nokkrum dögum fékk Kaupfélag Langnesinga á Þórshöfn sendar 13 lestir af hveiti með bíl. Flutningskostnaður frá innflutningshöfn nam 146 900 kr. Söluskatturinn, sem ríkið heimtir af því gjaldi og neytendurnir fyrir norðan borga, nemur 29 380 kr.

Svo tekið sé dæmi um söluskatt á flutningsgjaldi fyrir byggingarvörur skal þetta nefnt:

Til einangrunar á 130 fermetra húsi þarf 254 fermetra af þriggja þumlunga þykku einangrunarplasti. Flutningsgjaldið með bíl frá Reykjavík nemur 54 864 kr. Ofan á það leggst söluskattur að upphæð 10 964 kr.

Hér eru tilgreind flutningsgjöld með bifreiðum. Verslanirnar úti um land notfæra sér skipaferðir eftir því sem hægt er til þungavöruflutninga, en verður æ óhægara um vik með hverju árinu sem líður. Eins og starfshættir Skipaútgerðar ríkisins eru nú, þar sem ekki er tekið á móti vörum til flutnings frá Reykjavík nema takmarkaðan tíma í viku hverri, og eins og nú er kreppt að Kaupfélögunum með rekstrarfé, neyðast verslanir fólksins úti á landi í síauknum mæli til að nota bifreiðar og jafnvel flugvélar til vöruflutninga, og eru flutningsgjöldin enn hærri með flugvélunum og munar enn meira um 20% söluskattsálag ofan á þau.

Loks er að víkja að afgreiðslugjöldunum og tryggingagjöldunum sem við leggjum til að undanþegin verði söluskatti. Nú er söluskattur lagður á þessi gjöld við afgreiðslu vörunnar. Afgreiðslugjöldin eru því reiknuð með í söluskattstofni og síðan enn lögð á þau söluskattur, þannig að hér er um tvísköttun að ræða og lögleysu.

Ed. 47. Frumvarp til laga [43. mál]

um breyting á lögum nr. 85, 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

1. gr.

Við 42. gr. bætist:

Dómsmálaráðherra getur heimilað héraðsdómaraembættum, að nota hljóðritun á dómþingum í stað bókana í þingbækur, sbr. 134. gr. Sé slíkt leyfi veitt skal fylgja héraðsdómaraembætti búnaður til hljóðritunar og vörslu hljóðritana. Dómsmálaráðherra ákveður gerð þessa búnaðar. Hljóðritanir skal varðveita í þrjú ár hið skemmsta frá lokum dómsmáls. Forstöðumanni héraðsdómaraembættis, dómsmálaráðherra og þjóðskjalaverði er heimilt að ákveða varðveislu um lengri tíma, ef hljóðritunin er talin hafa almennt heimildargildi, gildi í öðrum dómsmálum eða aðrar sérstakar ástæður koma til.

Dómsmálaráðherra skal setja reglur um búnað til hljóðritunar, framkvæmd hljóðritana, og vörslu þeirra svo og annað, er máli skiptir þar að lútandi.

Hæstiréttur getur ávallt krafist þess, að honum séu afhentar hljóðritanir í dómsmálum, sem til hans hefur verið skotið.

2. gr.

Við 44. gr. bætist:

Meðan mál er rekið í héraði, unnt er að skjóta því til æðra dóms eða mál er rekið fyrir æðra dómi, er ennfremur skylt gegn lögmæltum ritlaunum að láta í té endurrit þess, sem hljóðritað hefur verið, ef þess er beiðst af aðilum, lögmönnum þeirra, þeim, er skýrslu gaf, sem endurrits er beiðst af, eða þeim, sem ríka hagsmuni hafa af því að fá slík endurrit. Endurritin skal gera svo fljótt sem við verður komið. Á sama tíma skal leyfa þeim, sem taldir voru, að hlýða á hljóðritun. Dómari ákveður stað og stund og eftirlit, meðan hlýtt er á hljóðritunina. Dómsmálaráðuneytið setur reglur um gjöld fyrir slíka hlustun. Ritlauna og hlustunargjalds má krefjast fyrirfram með sama hætti og skv. 1. mgr. Að þeim tíma liðnum, sem greindur var, má láta í té staðfest endurrit og leyfa að hlýða á hljóðritanir, ef sérstakar ástæður mæla með því. Gilda um það ofanskráðar reglur, eftir því sem við getur átt. Ágreining um það, er í þessari málsgrein segir, skal dómari úrskurða, ef krafist er, og má kæra úrskurðinn til Hæstaréttar eftir almennum reglum.

3. gr.

Í stað 1. mgr. 134. gr. komi eftirfarandi:

Vitnaskýrslur skal bóka eða hljóðrita, og ákveður dómari, hvora aðferðina skuli hafa um hverja skýrslu. Aldrei skal þó hljóðrita vitnaskýrslu gegn andmælum vitnis, aðila eða umboðsmanns hans.

Ef vitnaskýrsla er bókuð, les dómari svör vitna við spurningum jafnskjótt sem þau hafa verið bókuð, eftir ósk viðkomenda eða eftir því, sem honum þykir nentugt. Þegar yfirheyrslu er lokið, les dómari, ef óskað er eða honum þykir þess þörf, með sama hætti upp bókanir á svörum vitnis í heild, enda skal gera þær leiðréttingar og viðauka við bókanir, sem dómari telur, að gefnu tilefni, þurfa til þess að framburður vitnis komi sem gleggst og réttast fram.

Ef vitnaskýrsla er hljóðrituð, skal jafnframt bóka í þingbók um þinghaldið og geta þar nafns vitnisins, aldurs og heimilis eða dvalarstaðar svo og, að vitnaskýrslan sé hljóðrituð. Með vitnaskýrslu skal hljóðrita upplýsingar dómara um þinghaldið og vitni, svo að jafnan megi vita, hvaða hljóðritun er um að ræða. Dómari skal greina vitni frá því, að hljóðrita skuli skýrslu þess, og skýra framkvæmd hljóðritunar eftir þörfum. Jafnan skal mega fylgjast með því af öllum, sem á þingi eru, hvort hljóðritunartæki eru í sambandi. — Hljóðrita skal eftir ákvörðun dómara það úr skýrslu vitnis, sem máli þykir skipta. Í lok vitnaskýrslu eða að loknum hlutum hennar, getur dómari látið hljóðrita stuttan úrdrátt sinn um það, sem hann telur þurfa fram að koma, og síðan skal spyrja vitni, hvort þar sé rétt eftir því haft. — Vitni, aðilar og lögmenn þeirra skulu á þinginu eiga rétt á að hlusta á það, sem þá hefur verið hljóðritað, í þeim mæli, er þeir óska. Þeir geta látið hljóðrita eða bóka í þingbók stuttar athugasemdir sínar varðandi stjórn dómara á vitnaleiðslunni.

Að þinghaldi loknu skal á vegum dómara vélrita eftir hljóðritun í þeim mæli, sem hann telur ástæðu til eða þeir krefjast, sem rétt eiga á endurriti, skv. 2. mgr. 44. gr. Þegar mál er flutt munnlega eða við lok skriflegs málflutnings, skal bóka í þingbók, hvaða hljóðritanir hafa verið afritaðar og hvort fram hafa komið athugasemdir um, að aðilar eða lögmenn þeirra eða vitni hafi ekki séð þau endurrit eða telji þau ekki rétt gerð.

4. gr.

Aftan við 2. mgr. 134. gr., sem verður 5. mgr. sömu gr., komi:

Ef dómari, aðilar eða lögmenn þeirra og vitni telja, að staðfesta megi þegar vitnaskýrslu, sem hljóðrituð hefur verið, má, þegar vitnið hefur hlýtt á skýrsluna, hljóðrita staðfestinguna. Ella fer staðfesting fram, þegar fyrir liggur endurrit eftir hljóðrituninni.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta Alþingi, en hlaut þá eigi afgreiðslu. Er frumvarpið nú flutt óbreytt. Frumvarpinu fylgdi svofelld greinargerð:

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið fól hinn 11. sept. 1973 réttarfarsnefnd athugun á framkomnum tillögum frá borgardómaraembættinu í Reykjavík um lögfestingu heimildar til notkunar segulbanda við skráningu á því, sem fram fer við þinghöld í einkamálum. Frumvarp þetta er árangur þeirrar athugunar nefndarinnar, og sent ráðuneytinu 8. marz 1974 með eftirfarandi greinargerð:

Í lögum nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði er ekki ákvæði, sem heimilar að taka skýrslur vitna, aðila eða mats- og skoðunarmanna á segulbönd eða hljóðrita þau með öðrum aðferðum. Hins vegar segir í 18. gr. laga nr. 73/1973 um meðferð opinberra mála, að skýrslur í slíkum málum megi „taka á talvél", sbr. og 77. gr. sömu laga. Þessi heimild, sem hefur verið í lögum frá 1951, mun lítt eða ekki hafa verið notuð. Á árinu 1972 hófst hljóðritun á dómþingum hjá borgardómaraembættinu í Reykjavík. Að fenginni reynslu þykir vera ástæða til að setja lagaákvæði um þessa aðferð, sem kveða á um, hvernig að skuli farið. Réttarfarsnefnd hefur samið frumvarp þetta og stuðst við tillögur og greinargerðir frá dómurum við borgardómaraembættið, svo og upplýsingar um hljóðritanir í réttarhöldum í Bandaríkjunum og Svíþjóð.

Rök fyrir því að heimila hljóðritanir á dómþingum eru þau, að með þessari aðferð sparast tími dómara, aðila og lögmanna, svo og vitna og annarra, sem skýrslur gefa. Oft er haft á orði, að sum dómsmál séu lengur til meðferðar hjá héraðsdómstólunum en vera ætti. Ráð, sem líkleg eru til að flýta meðferð mála, ætti því að nota. Þó hafa komið fram efasemdir um, að hljóðritun sé jafnörugg aðferð og bókun. Reynsla hérlendis bendir ekki til, að veruleg ástæða sé til slíkra efasemda, og hið sama er að segja um reynsluna í Bandaríkjunum og Svíþjóð. Má

segja, að hættulítið væri að taka upp þá tillögu frá borgardómurum, að hljóðritanir séu látnar koma að öllu leyti í stað bókana um sum þinghöld. Réttarfarsnefnd hefur þó lagt til, að jafnan skuli færa tiltekin atriði til bókar, en því má breyta síðar að fenginni meiri reynslu.

Um einstakar greinar frumvarpsins er þessa að geta:

Um 1. gr.

Í 42. gr. laga nr. 85/1936 (eml.) eru ákvæði um þær dómsmálabækur, sem fylgja skulu héraðsdómaraembættum til afnota í einkamálum. Þar segir einnig, hver haldi bækurnar og hvernig frá þeim skuli gengið. Lagt er til, að þessi ákvæði séu óbreytt. Að sönnu gæti verið rétt að nota þetta tækifæri til að setja í lögin ákvæði um vélritaðar dómsmálabækur, en rétt þykir að það bíði síðari tíma. Hins vegar þykir eiga að vera í þessari grein heimildarákvæði um hljóðritun og hljóðritunarbúnað hjá héraðsdómaraembættum. Ekki þykir næg ástæða til að mæla fyrir um geymslu hljóðritana með sama hætti og um geymslu skjala og dómsmálabóka, sem geymast eiga án tímatakmarkana. Í reynd hafa skýrslur í einkamálum næsta litla þýðingu nema fyrir málið sjálft, svo að ástæðulaust er að varðveita hljóðritanirnar til frambúðar, nema sérstaklega standi á.

Um 2. gr.

Í 44. gr. eml. eru ákvæði um rétt „viðkomenda“ til að fá staðfest eftirrit úr dómsmálabókum og málsskjölum. Rétt þykir að hafa ákvæði um rétt til endurrita af því, sem hljóðritað hefur verið, og um rétt til að hlýða á hljóðritanir.

Um 3. gr.

Í 134. gr. eml. eru ákvæði um bókun og staðfestingu vitnaskýrslna. Gera þarf verulegar breytingar á þeim vegna hljóðritana. Í stað 1. mgr. koma því skv. frumvarpinu fjórar málsgr. — Í hinni fyrstu er tekið fram, að bókanir og hljóðritanir séu heimilar jöfnum höndum. Í hinni nýju 2. mgr. er sama efni og í 1. mgr. nú. Hins vegar eru 3. og 4. mgr. nýjar. Þar er að finna ákvæði um það, sem fyrr er á minnst, að hljóðritunarheimildin taki aðeins til munnlegra skýrslna fyrir dómi, og myndu þessar reglur gilda um vitnaskýrslur, aðilaskýrslur og skýrslur mats- og skoðunarmanna. Jafnframt verður að færa í þingbók bókun um dómþingið, þar á meðal um það, hverjir gefa munnlega skýrslur. Hefur þetta ekki verið gert að jafnaði s. l. tvö ár hjá borgardómaraembættinu í Reykjavík, en réttarfarsnefnd telur æskilegt, að svo skuli að farið, a. m. k. fyrst um sinn. Efni skýrslnanna má hins vegar hljóðrita, og verður þá ekki um það bókað. Þess er sérstaklega að geta, að nokkur hætta er á, að hljóðritun verði orðfleiri en bókanir hafa verið. Til að komast hjá algerlega óþörfum afritum skýrslna að loknu dómþingi, er tvennt heimilað skv. frv.: Í fyrsta lagi getur dómari látið hljóðrita stuttan úrdrátt sinn um efni skýrslunnar. Við afritun mætti með samþykki allra, sem málið varðar, láta nægja að afrita þennan úrdrátt en sleppa því, sem skýrslugefandi sagði, a. m. k. að einhverju leyti. Ef skýrslan þætti ekki hafa þýðingu í málinu, má og í öðru lagi við afritun sleppa henni alveg eða köflum hennar, enda sé afritunar ekki krafist. Til frekara öryggis er aðilum, lögmönnum þeirra og skýrslugefendum veitt heimild til að láta bóka eða hljóðrita stuttar athugasemdir um stjórn dómara á skýrslugjöfinni. Jafnframt er svo fyrir mælt, að í þingbók skuli skrá skýrslu um afritanir og athugasemdir, sem fram koma varðandi þær.

Um 4. gr.

Staðfesting skýrslu með eiði eða drengskaparheiti er nú sjaldgæf í einkamálum. Það ætti að fara eftir atvikum, hvort skýrsla, sem hljóðrituð hefur verið, er staðfest strax að því loknu, eða staðfestingu er frestað og hún látin fara fram, þegar skýrslan hefur verið afrituð.

Sþ. 48. Tillaga til þingsályktunar [44. mál]

um frestun framkvæmda við Grundartangaverksmiðjuna.

Flm.: Jónas Árnason, Lúðvík Jósepsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita áhrifum sínum til þess að frestað verði framkvæmdum við byggingu járnblendiverksmiðjunnar við Grundartanga í Hvalfirði.

Greinargerð.

Að sjálfsögðu væri heppilegast fyrir íslensku þjóðina, að með öllu yrði hætt við að byggja járnblendiverksmiðju þá sem nú er undirbúin við Grundartanga í Hvalfirði. En það er ekki raunhæft að flytja tillögu um slíkt, því miður. Veldur því hvort tveggja, að íslensk stjórnvöld hafa bundist í samning um þessa verksmiðju, enda engar líkur til þess að á Alþingi fengist samþykkt að leggja mál þetta alveg fyrir róða. Því er í tillögunni aðeins kveðið á um frestun framkvæmda. Um það hlýtur að geta náðst samstaða á Alþingi, ef þingmenn gera sér ljósar þær alvarlegu staðreyndir verksmiðjumálsins sem þegar blasa við.

Hinar helstu þeirra staðreynda eru m. a. raktar í eftirfarandi ályktun frá kjördæmisráði Alþýðubandalagsins á Vesturlandi:

„Fundur í kjördæmisráði Alþýðubandalagsins á Vesturlandi, haldinn í Grundarfirði 1. nóvember 1975, minnir á það, að fyrir síðustu alþingiskosningar háðu frambjóðendur G-listans harða baráttu gegn áformunum um byggingu járnblendiverksmiðju við Grundartanga í Hvalfirði, en frambjóðendur annarra flokka kepptust um að lofsyngja þau áform. Fundurinn vekur athygli á því að þau vandræði, sem nú þegar hafa skapast vegna verksmiðjunnar, sanna það að talsmenn Alþýðubandalagsins höfðu á réttu að standa:

a) Þó að verktakinn við Grundartanga hafi sýnt íslenskum verkalýð þvílíka ósvífni að algjört einsdæmi er í verkalýðssögu Íslands síðustu áratugina, hefur Málmblendifélagið, í umboði Union Carbide og íslensku ríkisstjórnarinnar, látið það gott heita.
b) Við undirbúningsframkvæmdirnar einar hafa þegar orðið alvarlegar skemmdir á náttúrunni og röskun á mannlífi í grennd við Grundartanga.
c) Þeir atvinnuvegir, sem standa undir efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar, sjávarútvegur og landbúnaður, hafa þegar beðið hnekki af völdum þessara framkvæmda.

Og þó er þetta aðeins byrjunin.

Kjördæmisráðið væntir þess að íslendingar gefi rækilega gaum því að lántökur vegna verksmiðjunnar eiga drjúgan og vaxandi þátt í þeirri skuldasöfnun erlendis sem af hálfu stjórnvalda er notuð sem aðalafsökun fyrir því að rýra stórlega lífskjör almennings. Og sérstaklega ættu vestlendingar að gefa gaum að því, að á sama tíma og stjórnvöld hika ekki við að ráðstafa ótöldum þúsundum milljóna til járnblendiverksmiðjunnar er dregið svo úr framlögum til nauðsynlegustu framkvæmda á Vesturlandi að víða leiðir til algjörrar stöðvunar. Má þar t. d. nefna hafnarbætur, vegabætur og framkvæmdir í skólamálum, — einnig það að vegna þessarar stefnu virðist tómt mál að tala um byggingu þeirrar fiskimjölsverksmiðju sem er eitt brýnasta hagsmunamál snæfellinga, auk þess sem margt bendir til þess að samdráttarstefnan muni stórlega seinka framkvæmdum við brúargerð yfir Borgarfjörð.

Kjördæmisráðið fagnar því að nú er í ólíklegustu áttum farið að bóla á skilningi á eðli járnblendiverksmiðjumálsins. Til dæmis gerði kjördæmisráð Alþýðuflokksins á Vesturlandi ályktun á fundi sínum 12. okt. s. l. þar sem varað er við

því „að skammsýn stjórnvöld láti önnur framfaramál kjördæmisins sitja á hakanum vegna byggingar verksmiðjunnar“, og kveður þar nokkuð við annan tón en fyrir síðustu kosningar þegar frambjóðendur Alþýðuflokksins gengu manna harðast fram í því að sannfæra kjósendur um ágæti þess að fá þessa verksmiðju. Einnig má nefna viðleitni bæjarstjórans á Akranesi sem í viðtölum við fjölmiðla hefur reynt að hamla gegn því að mikilvægar atvinnugreinar á Akranesi verði fyrir skakkaföllum vegna umsvifanna á Grundartanga, og sætir þessi afstaða bæjarstjórans þeim mun meiri tíðindum sem sjálf bæjarstjórnin á Akranesi hefur tekið fulla ábyrgð á Grundartangaævintýrinu, sbr. ítrekaðar ályktanir sem hún hefur gert með atkvæðum allra bæjarfulltrúa að undanskildum fulltrúa Alþýðubandalagsins þess efnis að járnblendiverksmiðjan muni verða til mikilla hagsbóta fyrir Akranes.

Það alvarlegasta í þessu máli er þó það — að dómi kjördæmisráðsins — að ef áform núverandi stjórnvalda ná fram að ganga verður Grundartangaverksmiðjan aðeins upphafið að vaxandi ítökum erlendra auðhringa í atvinnulífi íslendinga, en sú þróun kynni á skömmum tíma að kollvarpa efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar.

Það er því eindregin áskorun kjördæmisráðs Alþýðubandalagsins á Vesturlandi til allra góðra íslendinga, að þeir fylki sér til varnar þeim verðmætum íslenskrar náttúru og íslensks mannlífs sem ógnað er af þeim öflum sem nú eru að verki við Grundartanga í Hvalfirði.“

Nánar í framsögu.

Ed. 49. Frumvarp til laga [45. mál]

um breyting á lögum um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20 20. júní 1923.

Flm.: Halldór Blöndal.

1. gr.

Í stað síðara hluta 2. tl. 23. gr. laganna, er hefst á „svo og arfur, enda þótt skylduarfur sé ...“ komi:

3. Arfur, hvort heldur er skylduarfur eða ekki.

3. tl. verði 4. töluliður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt gildandi lögum er arfur hjúskapareign þess hjóna, er erfir. Slíti hjón samvistir, kemur arfur því til skipta. Sú regla hefur oft valdið sársauka og óréttmætum eignatilfærslum að almenningsáliti. Nýverið hefur Alþingi rýmkað heimildir til hjónaskilnaðar og fer þeim mjög fjölgandi.

Það er að vísu svo, að heimilt er með erfðaskrá að gera arf að séreign, þótt skylduarfur sé. Eins er heimilt að setja ákvæði þar um í kaupmála. Reynslan hefur hins vegar sýnt, að mönnum getur verið það mikið tilfinningamál, hvort slíkir gerningar séu gerðir eða ekki, og eru þeir af sumum túlkaðir á þann veg, að um tortryggni sé að ræða um endingu viðkomandi hjónabands.

Ed. 50. Frumvarp til laga [46. mál]

um breyting á lögum um fasteignasölu, nr. 47 11. júní 1938.

Flm.: Halldór Blöndal.

1. gr.

Ný grein, sem verður 14. gr. laganna, orðist svo:

Skylt er að geta þess í öllum skjölum varðandi fasteignakaup, svo sem kauptilboðum, kaupsamningum, skuldabréfum og afsölum, hver hafi samið skjöl þessi. Enn fremur skulu þeir, sem fasteignaviðskipti annast, geta nafns síns í auglýsingum, eins þótt viðskiptin séu rekin í nafni skrásetts firma.

2. gr.

Ný grein, sem verður 15. gr. laganna, orðist svo:

Ákvæði laga þessara ná einnig til kaupa og sölu skráningarskyldra skipa, sbr. 1. gr. laga um skráningu skipa, nr. 53 1970.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Málarekstur vegna fasteignaviðskipta hefur farið mjög í vöxt á undanförnum árum vegna þess hve slælega hefur oft og tíðum verið gengið frá sölu og skjalagerð. Svonefndum fasteignafirmum fjölgar stöðugt. Sölumenn sumra þeirra annast viðskiptin að öllu leyti, þannig að hinn raunverulegi rétthafi kemur þar hvergi nærri, enda stundum um opinberan embættismann að ræða, jafnvel dómara. Í öðrum tilvikum liggur fyrir, að raunverulega stendur enginn rétthafi á bak við fasteignaviðskipti, þrátt fyrir daglegar auglýsingar í blöðum, sem almenningur treystir.

Frv. þetta er lagt fram til þess að bæta úr því ófremdarástandi, sem nú ríkir í þessum málum.

Vafi hefur þótt leika á því, hvort lög um fasteignasölu nái yfir kaup og sölu á skráningarskyldum skipum. Í slíkum viðskiptum er þó oft um mikla hagsmuni að tefla og vandasama samningagerð. Það virðist því einsýnt, að því sé slegið föstu að sömu reglur gildi um kaup og sölu skráningarskyldra skipa sem um fasteignir.

Sþ. 51. Fyrirspurnir. [47. mál]

I. Til landbúnaðarráðherra um útflutningsuppbætur á landbúnaðarafurðir.

Frá Sigurði Björgvinssyni.

1. Hversu mikill er útflutningur landbúnaðarafurða á þessu ári og hvað er áætlað að hann verði mikill á næsta ári?
2. Hvað má áætla að verja þurfi miklu fé til að verðbæta þann útflutning til fulls á næsta ári að því marki sem lög mæla fyrir um?
3. Hvað mundi mismunur á þeirri upphæð, sem í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1976 er ætluð til uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir, og hinni, sem felst í svari við spurningu 2, vega hátt til lækkunar á kaupi bónda vísitölubúsins?

II. Til samgönguráðherra um dýpkunarskip og dýpkunarframkvæmdir.

Frá Sigurlaugu Bjarnadóttur.

1. Hvað líður kaupum eða leigu á nýju dýpkunarskipi samkv. ályktun frá síðasta þingi?
2. Hver hafa verkefni dýpkunarskipsins Grettis verið á yfirstandandi ári?
3. Hve margar hafnir á landinu bíða nú dýpkunarframkvæmda?
4. Hefur verið leitað til innlendra aðila, sem hugsanlega gætu tekið að sér sams konar verkefni og Grettir?

III. Til iðnaðarráðherra um samstarf við erlenda aðila um virkjanir og stóriðju á Austurlandi.

Frá Ólafi Ragnari Grímssyni.

1. Við hvaða erlenda aðila hafa íslenskar stofnanir haft samband vegna nýrra virkjana og/eða hugsanlegrar stóriðju á Austurlandi og hverjir hafa haft frumkvæði að slíkum samböndum?
2. Hvers eðlis hafa þessi samskipti verið, t. d. kynnisferðir, viðræður, stofnun formlegra eða óformlegra samstarfsnefnda, eða annað?

IV. Til forsætisráðherra um áætlanagerð Framkvæmdastofnunar ríkisins.

Frá Ólafi Ragnari Grímssyni.

1. Hve margar og hvaða áætlanir hefur Framkvæmdastofnun ríkisins verið falið að gera frá upphafi starfsemi stofnunarinnar?
2. Hvaða áætlunum hefur Framkvæmdastofnun ríkisins lokið?
3. Hvaða áætlanir eru nú á vinnslustigi og hvenær er áformað að ljúka þeim?
4. Hvenær er áformað að ljúka þeim áætlunum sem ekki eru komnar á vinnslustig?
5. Hve marga viðbótarstarfsmenn þarf Framkvæmdastofnun ríkisins til að geta lokið fyrir 1980 þeim áætlunum sem henni hefur þegar verið falið að gera?

V. Til samgönguráðherra um undanþágu afnotagjalda fyrir síma.

Frá Vilborgu Harðardóttur.

1. Hvað líður framkvæmd laga nr. 24 1975, um breyting á lögum nr. 30 frá 1941, um fjarskipti, um að þeir, sem hljóta uppbót á elli- og örorkulífeyri, verði undanþegnir afnotagjöldum fyrir síma?
2. Hefur reglugerð þessa efnis verið samin?

VI. Til menntamálaráðherra um undanþágu afnotagjalda af hljóðvarpi og sjónvarpi.

Frá Vilborgu Harðardóttur.

1. Hve margir elli- og örorkulífeyrisþegar njóta undanþágu afnotagjalda af hljóðvarpi og sjónvarpi samkvæmt 31. gr. reglugerðar um ríkisútvarp frá 1. nóv. 1972?
2. Hve mörgum væri heimil undanþága samkvæmt túlkun yfirmanna ríkisútvarpsins?

VII. Til menntamálaráðherra um kynlífsfræðslu í skólum.

Frá Vilborgu Harðardóttur.

1. Hafa fræðsluyfirvöld gert ráðstafanir til að veita fræðslu um kynlíf og siðfræði kynlífsins á skyldunámsstigi í skólum landsins og á öðrum námsstigum samkvæmt 7. gr. laga um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir?
2. Hvenær má vænta þess að slík fræðsla komi á námsskrá?

VIII. Til heilbrigðisráðherra um ráðgjafarþjónustu.

Frá Vilborgu Harðardóttur.

1. Hvað líður framkvæmd I. kafla núgildandi fóstureyðingarlöggjafar um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir?
2. Hve víða er vísir að slíkri ráðgjöf nú?

IX. Til forsætisráðherra um barnalífeyri og meðlög.

Frá Ragnari Arnalds.

Hvað líður efndum á loforði hæstv. forsætisráðherra, sem hann gaf efri deild Alþingis 15. maí s. l., að ríkisstjórnin taki greiðslur barnalífeyris og meðlaga til sérstakrar endurskoðunar?

Er ekki hæstv. forsætisráðherra ljóst að könnun á framfærslukostnaði barna einstæðra foreldra samkvæmt lögum um launajöfnunarbætur o. fl., nr. 13 23. maí 1975, hófst ekki fyrr en nú í haust og lýkur því ekki á þessu ári, og er því fráleitt að draga öllu lengur að taka ákvarðanir til bráðabirgða um sérstaka hækkun barnalífeyris og meðlaga?

Nd. 52. Frumvarp til laga [48. mál]

um vísitölu byggingarkostnaðar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Hagstofa Íslands skal hefja útreikning nýrrar vísitölu byggingarkostnaðar, sem byggð er á niðurstöðum könnunar á byggingarkostnaði í Reykjavík.

Grunntala þessarar vísitölu skal miðuð við byggingarkostnað í Reykjavík í október 1975, og síðan skal hún reiknuð fjórum sinnum á ári, miðað við byggingarkostnað í fyrri hluta mánaðanna desember, mars, júní og september, í fyrsta sinn í desember 1975. Við þessa ákvörðun vísitölu byggingarkostnaðar hverju sinni skal sleppa broti úr vísitölustigi, hálfu eða minna, en annars hækka í heilt stig.

2. gr.

Grunnvísitala í október 1975 skal gilda frá 1. nóvember til desemberloka 1975. Eftir það skal hver vísitala, reiknuð samkvæmt síðari málsgr. 1. gr., gilda í 3 mánuði frá og með byrjun næsta mánaðar eftir að hún var reiknuð, þ. e. í janúar—mars, apríl—júní, júlí—september og október—desember ár hvert.

3. gr.

Vísitala byggingarkostnaðar samkvæmt lögum nr. 25/1957 skal reiknuð í síðasta sinn miðað við verðlag í október 1975. Sú vísitala gildir í 2 mánuði, frá nóvemberbyrjun til ársloka 1975, og einungis til viðmiðunar við eldri vísitölur (1. október 1955 = 100).

4. gr.

Vísitölur byggingarkostnaðar með grunntölu 100 í október 1975 skulu tengdar við fyrri vísitölur sem hér segir: Fyrr greindar vísitölur eins og þær eru með 2 aukastöfum skulu margfaldaðar með októbervísitölu 1975 (1. október 1955 = 100), og síðan deilt með 100. Sú útkoma, sem þá fæst, skal sléttuð með því, að sleppt sé broti úr vísitölustigi, hálfu eða minna, en annars hækkað í eitt stig. Hagstofan annast þennan útreikning og birtir niðurstöður hans jafnóðum.

5. gr.

Til frekari upplýsingar og til fyrirgreiðslu í sambandi við verksamninga er Hagstofunni heimilt að reikna og birta vísitölur, er sýna byggingarkostnað á öðrum tímum en þeim, sem lögfestir eru í þessum lögum. Slíkar vísitölur mega t. d. vera með þeim hætti, að þær miðist við breytta launataxta frá því, sem var í síðustu lögbundinni vísitölu, en við óbreytt verðlag að öðru leyti.

6. gr.

Nú er svo fyrir mælt í lögum, að vátryggjanda húsa sé heimilt að láta vátryggingarverð húsa fylgja vísitölu byggingarkostnaðar, og skal þá sú vísitala, sem í gildi er við byrjun hvers tryggingartímabils, ráða vátryggingarverðinu allt tímabilið.

7. gr.

Hagstofa Íslands skal, á nokkurra ára fresti, láta fara fram athugun á því, hvort byggingarhættir hafi breyst svo, að ástæða sé til að endurskoða grundvöll vísitölu byggingarkostnaðar.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 25/1957, um vísitölu byggingarkostnaðar.

Greinargerð.

Allsherjarnefnd neðri deildar flytur þetta frv. að beiðni hagstofustjóra, Klemens Tryggvasonar. Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur varðandi einstök ákvæði og frumvarpið í heild. Frumvarpinu fylgdi eftirfarandi greinargerð:

Núgildandi vísitala byggingarkostnaðar var sett á laggir með lögum nr. 25/1957. Grundvöllur hennar var miðaður við byggingarkostnað 4ra íbúða húss í Reykjavík, sem byggt var á árunum 1954 og 1955. Þótt gerðar hafi verið ýmsar lagfæringar á þessum grundvelli til samræmis við breytta byggingarhætti, er hann orðinn úreltur og því brýn þörf á að koma á fót nýjum grundvelli. Til þess þarf lagasetningu.

Í janúar 1970 samþykkti Alþingi ályktun, þar sem skorað var á ríkisstjórnina að láta endurskoða gildandi lög um vísitölu byggingarkostnaðar og yrði Hagstofu Íslands og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins falið að reikna nýjan grundvöll vísitölu byggingarkostnaðar. Til þess að vinna þetta verk völdust þeir Hrólfur Ásvaldsson viðskiptafræðingur af hálfu Hagstofunnar og dr. Ragnar G. Ingimarsson verkfræðingur af hálfu Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Nokkur dráttur varð á því, að þeir gætu hafið störf, og verkefnið reyndist, þegar til kom, mjög umfangsmikið. Tillögur þeirra um nýjan grundvöll vísitölu byggingarkostnaðar lágu fyrir um mitt ár 1973, og hefði hann getað komið til fram-

kvæmda þá þegar. Af því varð ekki. Hins vegar hafa síðan í júní 1973 verið reiknaðar vísitölur samkvæmt þessum nýja grundvelli, á sömu tímum og gildandi vísitala hefur verið reiknuð, til þess að fá vitneskju um hreyfingar vísitalna samkvæmt gömlum og nýjum grunni og innbyrðis. Kom í ljós, að vísitala samkvæmt nýjum grunni hefur breyst svo að segja alveg eins og gildandi vísitala.

Vísitala byggingarkostnaðar hefur verið reiknuð síðan 1914, en aðeins einu sinni á ári, þar til núgildandi vísitala var, eins og fyrr segir, sett á laggir með lögum nr. 25/1957. Grunntala hennar er miðuð við verðlag 1. október 1955, en næst þar á eftir var hún reiknuð miðað við verðlag í febrúar 1957. Síðan hefur hún, lögum samkvæmt, verið reiknuð þrisvar á ári, miðað við verðlag í febrúar, júní og október ár hvert, og gildir hver vísitala í 4 mánuði, frá 1. mars, 1. júlí og 1. nóvember. Í ágústblaði Hagtíðinda 1957, bls. 90—93, var gerð allnáin grein fyrir þeim grundvelli vísitölu byggingarkostnaðar, er ákveðinn var með lögum nr. 25/1957 og gilt hefur síðan.

Byggingarkostnaður er mjög mikilvægur þáttur í hagkerfinu og þarf því að vera tiltæk sem best vitneskja um hæð hans og samsetningu, og um breytingar, sem á honum verða. Það er eitt aðalhlutverk vísitölu byggingarkostnaðar að fullnægja þessari þörf. En auk þess hefur þessi vísitala í sívaxandi mæli verið notuð sem tæki til hagnýtra verkefna, annars vegar samkvæmt ákvæðum í lögum og reglugerðum og hins vegar samkvæmt ákvæðum í samningum aðila um, að ákveðnar fjárgreiðslur skuli fylgja breytingum vísitölunnar. Fyrstu not vísitölu byggingarkostnaðar voru í sambandi við brunatryggingar húsa. Akveðið var í lögum, að vátryggingarverð húsa skyldi breytast samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar (núgildandi ákvæði þar að lútandi eru í lögum nr. 25/1954, um brunatryggingar í Reykjavík, í lögum nr. 59/1954, um brunatryggingar utan Reykjavíkur, og í lögum nr. 9/1955, um Brunabótafélag Íslands). — Samhliða þessu var sett í lög, að söluverð íbúða félaga í byggingarfélögum verkamanna og í byggingarsamvinnufélögum skyldi fylgja breytingum á vísitölu byggingarkostnaðar (núgildandi ákvæði þar að lútandi eru í 26. gr. laga nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, í 20. gr. laga nr. 36/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, og í 8. gr. laga nr. 59/1973, um breyting á lögum nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins). Geta má þess, að samkvæmt staðfestri gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur (nr. 76/1974) er henni, með tiltekinni takmörkun, heimilað að láta hitaveitugjöld fylgja breytingum vísitölu byggingarkostnaðar.

Notkun vísitölu byggingarkostnaðar í sambandi við endurgreiðslu lána og lánsvexti var framan af takmörkuð við spariskírteini ríkissjóðs, sem hafa verið gefin út árlega með háum fjárhæðum um 10 ára skeið. Í fyrstu lögum þar að lútandi, nr. 59/1964, var ríkissjóði heimilað að verðtryggja afborganir og vexti af skuldabréfum og spariskírteinum, er gefin yrðu út samkvæmt þeim, og í reynd hafa öll spariskírteinislán ríkissjóðs — jafnt höfuðstóll sem vextir — verið verðtryggð með vísitölu byggingarkostnaðar. Það þýðir, að spariskírteinisfé, sem ríkissjóður endurlánar fjárfestingarlánasjóðum, er verðtryggt á sama hátt, og eins er um fé af þessum uppruna, sem fyrirtæki lána úr fjárfestingarlánasjóðum. — Auk ríkissjóðs sjálfs hóf Byggingarsjóður ríkisins 1974 útgáfu skuldabréfa, sem hvað snertir bæði vexti og afborganir voru verðtryggð með vísitölu byggingarkostnaðar. Var hér um að ræða um 400 millj. kr. skuldabréfalán, sem lífeyrissjóðir veittu Byggingarsjóði. Sams konar lán Framkvæmdasjóðs Íslands hjá lífeyrissjóðum 1974 námu 253 millj. kr. Á árinu 1975 eiga sér stað hliðstæðar lántökur þessara aðila hjá lífeyrissjóðum. — Þess skal getið, að samkvæmt lögum nr. 71/1966, um verðtryggingu fjárskuldbindinga, eru ákvæði í lánssamningum um verðtryggingu höfuðstóls og vaxta á grundvelli vísitölubreytinga óheimil, nema þau séu sérstaklega heimiluð í lögum eða leyfð af Seðlabanka Íslands í samræmi við fyrirmæli í lögum um verðtryggingu fjárskuldbindinga. — Geta má þess, að samkvæmt reglum (nr. 81/1974) settum af fjármálaráðuneytinu er innstæðufé bótaþega í Viðlagasjóði vegna húsnæðis,

sem eyðilagðist í Heimaeyjargosinu, verðtryggt með vísitölu byggingarkostnaðar, og tekur verðtryggingin einnig til vaxta.

Eftir að gerð hefur verið grein fyrir helstu notkun vísitölu byggingarkostnaðar samkvæmt lagafyrirmælum og öðrum opinberum ákvæðum, skal skýrt stuttlega frá notkun hennar við almenna samningsgerð.

Ákvæði í húsaleigusamningum um, að leiga skuli fylgja vísitölu byggingarkostnaðar, hafa verið algeng, en notkun hennar sem viðmiðunartækis í þessu sambandi hefur minnkað eftir að Hagstofan hóf útreikning og birtingu sérstakrar vísitölu húsnæðiskostnaðar, sem er með grunntíma í janúar 1968 og gefin er út 3var á ári. Ekki eru nein ákvæði um þessa vísitölu í lögum eða reglugerð, og notkun hennar í samningum byggist einvörðungu á samkomulagi aðila þar að lútandi. Gerð er grein fyrir þessari vísitölu á bls. 52 í marsblaði Hagtíðinda 1969.

Á undanförnum árum hefur kveðið meira og meira að því, að í samningi verktaka og verkkaupa væri kveðið svo á, að greiðslur samkvæmt honum skyldu fylgja vísitölu byggingarkostnaðar. Hefur þörf fyrir slíka verðtryggingu aukist með sívaxandi hækkun byggingarkostnaðar á seinni árum. Enn fremur hefur allmikið kveðið að því, að byggingarfyrirtæki seldu íbúð í byggingu með því ákvæði, að hún skyldi afhendast fullgerð og með söluverði, er fylgdi hækkun vísitölu byggingarkostnaðar til afhendingartíma.

Til viðbótar þessu hefur þýðing vísitölu byggingarkostnaðar sem tækis til áætlunargerðar við verklegar framkvæmdir farið vaxandi, þó að ýmsir annmarkar hafi verið á notkun hennar til þeirra hluta.

Þótt gildandi vísitala byggingarkostnaðar sé orðin úrelt og ýmsir aðrir vankantar séu á henni, hefur hún gegnt hlutverki sínu sæmilega allt til þessa, nema á tveimur mikilvægum sviðum: Hagnýting hennar til áætlunargerðar og sem tækis til verðtryggingar á verktakagreiðslum hefur hamlast mikið af því, að vantað hefur undirvísitölur fyrir einstaka verkþætti og einstök byggingarstig. Þetta er afleiðing þess, að við upphaf gildandi vísitölu var ekki vitað, að mikilvægi hennar á þessum sviðum yrði eins mikið og raun ber vitni. Við samningu nýs grundvallar vísitölu byggingarkostnaðar hefur verið lögð áhersla á að gera hann sem haganlegastan til þessara nota. Að þessu er m. a. stefnt með því að reikna sérstakar vísitölur fyrir einstaka verkþætti og þrjú byggingarstig, og einnig með því, að ráðgert er að birta vísitölur samkvæmt nýju, stöðluðu kostnaðarkerfi Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, sem á að stórauka möguleika á notkun vísitölunnar við alla áætlunar- og tilboðsgerð. Þá er það og mikil endurbót í þessu sambandi, að árlegum útreikningstímum vísitölu byggingarkostnaðar er fjölgað úr þremur í fjóra.

Gert er ráð fyrir, að vísitala byggingarkostnaðar verði áfram reiknuð fyrir aðeins eina tegund byggingar, þ. e. fyrir íbúðarhús af algengri gerð. Raddir hafa komið fram um, að æskilegt væri að koma á fót vísitölum fyrir fleiri tegundir bygginga, en ekki hefur verið lagt út í það. Hér skiptir það meginmáli, að útreikningur og birting vísitalna fyrir einstaka verkþætti og byggingarstig og samkvæmt kostnaðarkerfi Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins á að bæta verulega úr þeirri vöntun, að ekki er reiknuð vísitala fyrir aðrar tegundir bygginga.

Þá er og gert ráð fyrir, að vísitala byggingarkostnaðar verði áfram miðuð við einn stað á landinu, þ. e. Reykjavík. Mikil vandkvæði tæknilegs eðlis fylgja því að hafa vísitölur fyrir stað eða staði utan Reykjavíkur, auk stórmikils kostnaðar. Aðalnot vísitölunnar eru af **hlutfallslegum** breytingum hennar í heild og á einstökum hlutum hennar, og er engin ástæða til að ætla, að þær séu svo að nokkru nemi aðrar í Reykjavík en annars staðar á landinu. Upplýsingar vísitölunnar um byggingarkostnað á rúmmetra eru gagnlegar að vissu marki, en varasamar í notkun, enda er aðalhlutverk hennar að vera mælikvarði um hlutfallslegar breytingar á byggingarkostnaði.

Hér fer á eftir stutt greinargerð um þann nýja grundvöll vísitölu byggingarkostnaðar, sem lagt er til að verði lögfestur.

„Vísitöluhúsið“ er fjölbýlishús í Reykjavík, nánar tiltekið eitt stigahús (endastigahús) af þrem í fjögra hæða íbúðarblokk. Neðsta hæðin er á mörkum þess að teljast jarðhæð eða kjallari. Í þessu stigahúsi eru 10 íbúðir, þrjár 2ja herbergja, þrjár 3ja herbergja og fjórar 4ra herbergja íbúðir. Á jarðhæð (kjallara) er ein íbúð, geymslur, þvottahús o. fl. Bílskúrar fylgja ekki húsinu. Flatarmál (utanmál) hússins er 240 m^2 og rúmmálið 2 844 m^3. Það er byggt í samræmi við byggingarsamþykkt Reykjavíkur og önnur opinber ákvæði um byggingu íbúðarhúsa í þéttbýli. Allur byggingarkostnaður er miðaður við verðlag í Reykjavík og nágrenni.

Í hinn nýja grundvöll er tekinn allur kostnaður við byggingu hússins, þó ekki útgjöld til skrifstofustarfa og til fjármögnunar byggingarkostnaðar. Slík útgjöld er erfitt að meta og grundvöll vantar til framfærslu þeirra.

Dr. Ragnar Ingimarsson annaðist alla tæknilega hlið verksins. Auk áætlana og útreikninga hans sjálfs ásamt með fjölmörgum vinnulýsingum, studdist hann við traustar og ítarlegar heimildir um raunverulegan byggingarkostnað, sem hann hafði aðgang að. Hlutverk Hagstofunnar var á hinn bóginn að draga saman niðurstöður úr verki Ragnars til uppsetningar á nýjum grundvelli, en þar kom hann einnig mikið við sögu. Mörg atriði voru borin undir sérfróða aðila í byggingariðnaði. — Öflun verðupplýsinga og sitthvað annað, sem þurfti að gera til þess að koma grundvelli á fót, var í höndum Hagstofunnar.

Hér á eftir verður skýrt frá sundurgreiningu hins nýja grundvallar vísitölu byggingarkostnaðar, og verður þar látið nægja að gera grein fyrir skiptingu hennar á verkþætti og byggingarstig. Tekið skal fram í þessu sambandi, að þegar þar að kemur telur Hagstofan sig hafa frjálsar hendur til að ákveða birtingarform vísitölunnar, enda er ekki vitað fyrir fram um þarfir notenda hennar í einstökum atriðum og að sjálfsögðu ber fyrst og fremst að taka tillit til þeirra, þegar birtingarform vísitölunnar er ákveðið.

Útgjöld hins nýja grundvallar eru greind í 13 verkþætti og er þar í stórum dráttum fylgt gildandi starfsgreiningu í byggingariðnaði. Þannig er t. d. múrverk í flokki út af fyrir sig, sem tekur til allra vinnulauna múrara og starfsliðs undir þeirra verkstjórn og einnig til alls efnis tilheyrandi múrverki. Eins er um aðra útgjaldaflokka. Hinir 13 aðalflokkar eru þessir:

01 Trésmíði.
02 Múrverk.
03 Pípulögn.
04 Raflögn.
05 Blikk- og járnsmíði.
06 Málun.
07 Dúkalögn og veggfóðrun.
08 Vélavinna, akstur, uppfylling.
09 Verkstjórn og ýmis verkamannavinna.
10 Ýmislegt (hiti, rafmagn, vinnuskúr o. fl.).
11 Teikningar.
12 Frágangur lóðar.
13 Opinber gjöld.

Aðalflokkum 02—07 er skipt í tvo undirflokka, þar sem vinnuliðir eru í öðrum og efnisliðir í hinum. Trésmíðaflokknum (nr. 01) er hins vegar skipt í 3 undirflokka, því að auk flokka með hreinum vinnuliðum og hreinum efnisliðum er hér flokkur með efni og tilheyrandi vinnu, sem ekki er unnin á byggingarstað. Í hverjum undirflokki vinnu í aðalflokkum 01—07 eru einvörðungu laun fyrir vinnu unna á byggingarstað. Með þessari aðgreiningu vinnu og efniskostnaðar er auðvelt að reikna og birta vísitölu fyrir hvorn þátt í hverjum aðalflokki. — Í flokki 08 eru hins vegar laun stjórnanda vinnuvélar ekki sérgreind, og sama er að segja um laun bílstjóra í aksturskostnaði.

Til viðbótar þessari flokkaskiptingu er útgjöldum vísitölunnar í hverjum aðalflokki 01—10 skipt á byggingaráfanga í því skyni, að reiknuð verði vísitala fyrir hvern þeirra og fyrir einstaka verkþætti innan þeirra. Um er að ræða 3 byggingarstig og eru þau þessi:

I. Frá upphafi byggingar og þar til hús er fokhelt.

II. Frá fokheldu þar til hús er tilbúið undir tréverk. Hér með er talinn fullnaðarfrágangur á sameign, þ. e. á húsinu að utan, stigum o. s. frv.

III. Lokaáfangi byggingar.

Mörk milli áfanga eru nákvæmlega skilgreind. Útgjaldaflokkum 11—13, þ. e. útgjöldum vegna teikninga, lóðar og opinberra gjalda, er ekki skipt á byggingarstig, þar sem þau eru sérstaks eðlis og tilgangslítið að skipta þeim á áfanga. — Gert er ráð fyrir, að þessi víðtæka sundurgreining með tilheyrandi útreikningi vísitalna verði mjög gagnleg í sambandi við gerð verksamninga o. fl.

Samkvæmt gildandi vísitölu byggingarkostnaðar er kostnaður á rúmmetra 17 489 kr., en 16 992 kr. samkvæmt nýjum grundvelli hennar, hvort tveggja miðað við verðlag í júní 1975. Þótt af ýmsum ástæðum sé varasamt að bera þetta saman má segja, að furðumikið samræmi sé milli byggingarkostnaðar samkvæmt gömlum og nýjum grunni, einkum þegar haft er í huga, að nýja vísitöluhúsið er íbúðarblokk með 10 íbúðum, en það gamla hús með 4 íbúðum.

Hér á eftir er gerður samanburður á skiptingu byggingarkostnaðar á rúmmetra samkvæmt nýja grundvellinum og hinum gamla, miðað við verðlag í júní 1975:

	Fjárhæðir í kr. á m³ í júní 1975		Hlutfallsleg skipting útgjalda	
	Ný vísitala	Gamla vísitalan	Ný vísitala	Gamla vísitalan
Vinnuliðir	7 827	8 873	46.1	50.7
Efnisliðir	7 155	6 717	42.1	38.4
Vélavinna, akstur o. þ. h.	379	866	2.2	5.0
Teikningar	620	229	3.6	1.3
Opinber gjöld, rafmagn, hiti	586	804	3.5	4.6
Frágangur lóðar	425	–	2.5	–
Alls	16 992	17 489	100.0	100.0

Vinnulaun eru hlutfallslega minni þáttur í nýju vísitölunni en hinni gömlu, og á það sérstaklega við um launaútgjöld til ófaglærðra verkamanna, þótt það komi ekki fram í yfirlitinu. Efniskostnaður er hins vegar þyngri í þeirri nýju. Það stafar m. a. af því, að innréttingar eru vandaðri í nýju vísitölunni. Mismunur á kostnaði við vélar og akstur stafar aðallega af því, að nú er öll steypa flutt á byggingarstað án sérstaklega reiknaðs flutningskostnaðar, en er gamla vísitalan var sett á laggir fylgdi mikill kostnaður flutningi steypuefnis á byggingarstað. Kostnaður við teikningar er að verulegu leyti áætlaður í báðum vísitölum. Opinber gjöld eru þyngri í gömlu vísitölunni, og stafar það af því, að gatnagerðargjald á rúmmetra er, samkvæmt gjaldskrá Reykjavíkurborgar, miklu lægra á íbúðarblokkum en á húsum af þeirri stærð, sem gamla vísitalan er við miðuð. Lóðarfrágangur var ekki meðtalinn svo að nokkru næmi í gömlu vísitölunni, en í hinni nýju er hann tekinn með að fullu.

Það mundi taka of mikið rúm að birta hér hinn nýja grundvöll vísitölu byggingarkostnaðar með fullri sundurgreiningu, en hér fer á eftir samandregið yfirlit starfsgreinaflokkunar, þar sem sýnd eru heildarútgjöld við byggingu vísitöluhússins, ásamt með skiptingu þeirra á aðalflokka og undirflokka og eftir byggingar-

stigi. Miðað er við verðlag í júní 1975, enda getur hliðstæður útreikningur miðað við október 1975 ekki legið fyrir fyrr en í nóvember, eða eftir að frumvarpið um nýjan grundvöll vísitölu byggingarkostnaðar hefur verið lagt fram á Alþingi.

	1. áfangi	2. áfangi	3. áfangi	Samtals	Hlutfallsleg skipting
01 Trésmíði	5 253 188	3 376 083	8 737 901	17 367 172	36.0
Þar af: Vinnuliðir	3 291 190	997 643	1 262 993	5 551 826	11.5
Efnisliðir	1 485 205	1 264 993	482 283	3 232 481	6.7
Blandaðir liðir	476 793	1 113 447	6 992 625	8 582 865	17.8
02 Múrverk	4 386 528	6 328 838	496 971	11 212 337	23.2
Þar af: Vinnuliðir	698 854	4 892 217	306 481	5 897 552	12.2
Efnisliðir	3 687 674	1 436 621	190 490	5 314 785	11.0
03 Pípulögn	98 842	2 282 901	1 109 740	3 491 483	7.2
Þar af: Vinnuliðir	33 120	895 181	170 511	1 098 812	2.2
Efnisliðir	65 722	1 387 720	939 229	2 392 671	5.0
04 Raflögn	626 692	1 263 547	1 650 574	3 540 813	7.3
Þar af: Vinnuliðir	354 286	680 368	428 358	1 463 012	3.0
Efnisliðir	272 406	583 179	1 222 216	2 077 801	4.3
05 Blikk- og járnsmíði	120 693	374 260	–	494 953	1.0
Þar af: Vinnuliðir	8 970	140 538	–	149 508	0.3
Efnisliðir	111 723	233 722	–	345 445	0.7
06 Málun	–	898 691	1 571 499	2 470 190	5.1
Þar af: Vinnuliðir	–	586 758	1 139 001	1 725 759	3.6
Efnisliðir	–	311 933	432 498	744 431	1.5
07 Dúkalögn og veggfóðrun	–	337 860	2 064 759	2 402 619	5.0
Þar af: Vinnuliðir	–	66 706	409 768	476 474	1.0
Efnisliðir	–	271 154	1 654 991	1 926 145	4.0
08 Vélavinna, akstur, uppfylling	917 133	113 278	46 499	1 076 910	2.2
09 Verkstjórn og ýmis verkamannavinna	455 620	667 094	404 508	1 527 222	3.2
10 Ýmislegt	107 752	272 594	111 617	491 963	1.0
Samtals	11 966 448	15 915 146	16 194 068	44 075 662	91.2
Þar af: Vinnuliðir	4 842 040	8 926 505	4 121 620	17 890 165	37.0
Efnisliðir	5 622 730	5 489 322	4 921 707	16 033 759	33.2
Annað (nr. 01—3.08 og 10)	1 501 678	1 499 319	7 150 741	10 151 738	21.0
11 Teikningar				1 763 026	3.7
12 Frágangur lóðar				1 209 209	2.5
13 Opinber gjöld				1 276 562	2.6
Alls				48 324 459	100.0

Gert er ráð fyrir, að yfirlit líkt þessu verði birt ársfjórðungslega í Hagtíðindum þegar eftir hvern útreikning vísitölu byggingarkostnaðar. En eins og áður segir verður einnig um að ræða birtingu hennar eftir kostnaðarkerfi Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Hagstofan mun almennt hafa samráð við þá stofnun um birtingarform vísitölu byggingarkostnaðar.

Um einstakar greinar frv. er ekki ástæða til að fjölyrða. Í því eru hliðstæð ákvæði og eru í gildandi lögum um vísitölu byggingarkostnaðar, nr. 25/1957. Auk lögfestingar nýs grundvallar er aðalbreytingin sú, að nýja vísitalan skal reiknuð ársfjórðungslega og gildistímar hennar falla inn í almanaksárið. Núgildandi vísitala hefur verið reiknuð 3svar á ári og gildistímar hennar hafa ekki fallið inn í almanaksárið. — Samkvæmt 3. gr. frv. skal gamla vísitalan reiknuð í síðasta sinni miðað við verðlag í október 1975, og gildir hún í mánuðunum nóvember og desember 1975, en aðeins til viðmiðunar við eldri vísitölur. Til tengingar nýrri vísi-

talna við vísitölur á eldra grunni skulu hinar fyrr nefndu margfaldaðar með októbervísitölunni 1975 (1. október 1955 = 100), deilt með 100. Fyrsti útreikningur nýju vísitölunnar eftir október 1975 (heildarútgjöld þá = 100 stig) fer fram í desember 1975 með gildistíma janúar—mars 1976, síðan í mars 1976 með gildistíma apríl—júní 1976, o. s. frv.

Samkvæmt 5. gr. er Hagstofunni heimilað að birta og reikna vísitölur á öðrum tímum en þeim, er lögfestir eru. Slíkar vísitölur eiga aðeins að segja til um byggingarkostnað í viðkomandi mánuði og þær yrðu fyrst og fremst notaðar eftir nánari ákvæðum í verksamningum.

Ákvæði 6. gr. eru efnislega þau sömu og eru í 2. málsgr. 1. gr. laga nr. 25/1957. Eru þau endurtekin samkvæmt ósk Brunabótafélags Íslands.

Í 7. gr. er mælt svo fyrir, að Hagstofa Íslands skuli, á nokkurra ára fresti, láta fara fram athugun á því, hvort byggingarhættir hafi breyst svo, að ástæða sé til að endurskoða grundvöll vísitölu byggingarkostnaðar. Er hér um að ræða hliðstætt ákvæði og er í 4. gr. laga nr. 25/1957.

Ed. 53. Frumvarp til laga [49. mál]

um breyting á lögum um skipan opinberra framkvæmda, nr. 63 1970.

Flm.: Helgi F. Seljan, Halldór Ásgrímsson, Oddur Ólafsson.

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist svo hljóðandi málsgrein:

Í áætlun um stofnkostnað mannvirkja, sem kostuð eru af ríkissjóði að nokkru eða öllu leyti, er heimilt að setja kostnað vegna listskreytingar og má verja í því skyni fjárhæð, er nemi allt að 1% af áætluðum stofnkostnaði mannvirkja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum um skólakostnað frá 1967 var sett inn ákvæði svipað því, er hér að ofan greinir, þ. e. að sveitarstjórn geti ákveðið listskreytingu skólamannvirkja með samþykki menntamálaráðuneytisins. Má verja allt að 2% af áætluðum stofnkostnaði skólamannvirkis til listskreytingar.

Í heildarlöggjöf um opinberar framkvæmdir og skipan þeirra er ekkert ákvæði, er heimili þetta og ekki heldur í lögum um heilbrigðisþjónustu, en frv. er flutt sérstaklega til þess að listskreyting skuli heimil í sjúkrahúsum.

Í þeim lögum, sem þar að lúta sérstaklega, er erfitt að finna grein þar sem slík heimild ætti heima og því þótti flm. rétt að koma heimildinni inn í lög um skipan opinberra framkvæmda, enda gætu þá hugsanlega fleiri byggingar notið hér góðs af. Hvergi mun þó brýnna en í sjúkrastofnunum að gæða þær lífi og lit með listskreytingum, sem dregju um leið úr þeim sterku einkennum þessara stofnana sem minna á veikindi og allt sem þeim fylgir.

Ástæða þessa frumvarpsflutnings eru tilraunir forráðamanna við sjúkrahúsið í Neskaupstað til að mega verja einhverju fé til listskreytingar þar, en viðkomandi ráðuneyti hefur talið skorta lagaheimild til slíks.

Flm. þykir einsýnt að ekki síður sé þörf slíkra listskreytinga í sjúkrahúsum en skólamannvirkjum, og um leið vilja þeir gera listskreytingu mögulega í þeim opinberu byggingum öðrum sem talið væri æskilegt að fengju á sig fegurra og listrænna svipmót.

Sþ. 54. Fyrirspurn [50. mál]

til sjávarútvegsráðherra um framkvæmd á lögum um ráðstafanir í sjávarútvegi.

Frá Lúðvík Jósepssyni.

1. Hvaða aðilar hafa fengið styrki og lán samkv. heimildum laga nr. 106 31. des. 1974 og nr. 55 27. maí 1975, um ráðstafanir í sjávarútvegi og ráðstöfun gengismunar?
   a. Hver var styrkur hvers nafngreinds aðila og hver var lánsupphæð hvers aðila?
   b. Hvaða reglur giltu um veitingu lána og styrkja?
   c. Hver voru lánskjör, þ. e. vextir, lánstími, tryggingar?
2. Hverjar reyndust eftirstöðvar samkv. g- og j-liðum laganna og hvernig hefur þeim verið ráðstafað?
3. Hverjir hafa fengið styrki samkv. d-lið laganna frá 1975? Fjárhæð tilgreind á nöfn hvers aðila.

Sþ. 55. Tillaga til þingsályktunar [51. mál]

um áhrif auglýsinga erlendra fyrirtækja í íslenska sjónvarpinu.

Flm.: Gunnar J. Friðriksson, Guðmundur H. Garðarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera athugun á áhrifum auglýsinga erlendra fyrirtækja í íslenska sjónvarpinu á samkeppnisaðstöðu innlendra framleiðenda.

Leiði sú athugun í ljós, að innlendri framleiðslu kunni að vera hætta búin vegna ótakmarkaðs aðgangs erlendra fyrirtækja að auglýsingatíma sjónvarpsins, skulu gerðar tillögur um hvernig tryggja megi að sjónvarpið þjóni fyrst og fremst hagsmunum íslensku þjóðarinnar.

Greinargerð.

Áður er sjónvarp tók til starfa á Íslandi var mikið um það rætt, hvort í því skyldu leyfðar auglýsingar. Voru um það skiptar skoðanir. Það varð svo ofan á að auglýsingar skyldu leyfðar vegna þeirra auknu tekna sem stofnunin fengi.

Samtök iðnaðarins, Félag íslenskra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna, litu þessa ákvörðun með nokkrum ugg. Sá ótti reyndist ekki ástæðulaus, því að í ljós kom að erlendir framleiðendur hagnýttu sér þennan áhrifamikla auglýsingamátt í ríkum mæli.

Gerðu samtökin, fyrir milligöngu menntamálaráðuneytisins, ítrekaðar tilraunir til þess að fá hagstæðari kjör fyrir innlenda framleiðendur, en án teljandi árangurs.

Þegar umræður hófust um aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu, EFTA, og athuganir fóru fram á samkeppnisaðstöðu íslensks iðnaðar, voru auglýsingar í sjónvarpi eitt þeirra atriða sem talið var að gefa þyrfti gaum.

Þegar svo fór að nálgast, að ákvörðunin skyldi tekin um aðildarmálið, ritaði þáverandi menntamálaráðherra, Gylfi Þ. Gíslason, Félagi íslenskra iðnrekenda bréf sem dagsett er 25. nóv. 1969. Þar segir m. a.:

„Ráðuneytið telur mjög æskilegt, að samkomulag takist milli Ríkisútvarpsins og iðnrekenda um sérstaka meðferð á auglýsingum frá íslenskum iðnrekendum, ef

af aðild að Fríverslunarmarkaðnum verður, meðan um aðlögun íslensks iðnaðar að Fríverslunarmarkaðnum er að ræða.

Ákveði Alþingi aðild að Fríverslunarsamtökunum, mun menntamálaráðuneytið beita sér fyrir því, að samkomulag takist milli Ríkisútvarpsins og samtaka iðnrekenda um þetta mál.“

Nú er aðlögunartíminn meir en hálfnaður og enn hefur ekkert samkomulag verið gert.

Það fer ekki milli mála að sjónvarpið er áhrifamest allra fjölmiðla og auglýsingar í því þess vegna mun áhrifameiri en auglýsingar í öðrum fjölmiðlum, svo sem dagblöðum og hljóðvarpi.

Kostnaður við gerð vandaðra sjónvarpsauglýsinga er hins vegar mjög mikill. Af þeim sökum er mikill aðstöðumunur milli íslenskra auglýsenda og erlendra fjölþjóðafyrirtækja sem senda auglýsingamyndir sínar um allan heim og geta þannig dreift hinum mikla stofnkostnaði og geta auk þess lagt gífurlega fjármuni í auglýsingaherferðir sem miða að því að ná yfirtökum á ákveðnum markaðssvæðum.

Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð hafa sjónvarpsauglýsingar ekki verið leyfðar, m. a. af þessum ástæðum.

Það er því mikið alvörumál fyrir okkur íslendinga ef sjónvarpið, sem er í eigu íslenska ríkisins og styrkt af almannafé, er notað til þess að auka óeðlilega mikið eftirspurn og neyslu á innfluttum vörum og jafnframt til þess að leggja innlend fyrirtæki að velli. Slíkt getur á engan hátt samræmst þjóðarhag.

Það þarf því að finna leiðir til þess að tryggja viðunandi aðstöðu íslenskra auglýsenda í samkeppni við útlendinga í íslenska sjónvarpinu.

Nd. 56. Frumvarp til laga [52. mál]

um breyting á búfjárræktarlögum, nr. 31 24. apríl 1973.

Flm.: Sigurður Björgvinsson.

1. gr.

Á eftir 25. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Búnaðarfélag Íslands skal sjá um að rækta og vernda íslenskt forystufé þannig að það glatist ekki sem sérstætt fjárkyn, heldur verði ávallt til stofn af hreinkynja forystufé sem tryggi viðhald þessarar búfjártegundar um ókomin ár. Fela skal einstökum sauðfjárræktarfélögum eða ríkisbúum að annast þessa starfsemi. Skal þar lögð rækt við að laða fram bestu eiginleika forystufjárins og mönnum gefinn kostur á að fá djúpfryst sæði úr völdum forystuhrútum og jafnframt veittar leiðbeiningar um tamningu og meðferð fjárins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Allt fram á fyrstu tugi þessarar aldar hefur forystufé verið mikilvægur þáttur í sauðfjárbúskap íslendinga. Meðan enn tíðkaðist að halda fé stift til beitar á vetrum og meðan það varð vart flutt milli staða öðruvísi en vera rekið, stundum um langa vegu yfir fjallvegi og óbrúuð vatnsföll, kannske í ófærð og vondum veðrum, þá var það oft frábær dugnaður og vitsmunir forystufjárins sem gerðu mönnum kleift að sigrast á erfiðleikunum. En með breyttum búskaparháttum hefur

forystuféð nú á síðustu árum sífellt verið að tapa því mikilvægi sem það áður hafði. Og ef svo heldur fram sem horfir er þess skammt að bíða að sú hætta vofi yfir að forystuféð hverfi með öllu úr íslenskum búsmala. Slíkt væri óbætanlegt slys, og sá er einn megintilgangur með flutningi þessa frumvarps að brugðið sé við, áður en það verður um seinan, og komið í veg fyrir slík mistök.

Ed. 57. Frumvarp til laga [53. mál]

um breyting á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins. nr. 30 12. maí 1970.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

1. gr.

Aftan við 3. málsgr. 11. gr. laganna komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Nú fullnægir sá, er óskar þess að fá sparifé sitt endurgreitt, ekki skilyrðum 3. málsgr., og er þá félagsmálaráðherra heimilt að veita leyfi til endurgreiðslu þess, ef högum umsækjanda er þannig háttað, að mati ráðherra, að brýna nauðsyn beri til að leyfa endurgreiðsluna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Síðan skyldusparnaður var fyrst leiddur í lög hér á landi með setningu laga nr. 42 1. júní 1957 hefur mikill fjöldi einstaklinga á skyldusparnaðaraldri, sem ekki hafa fullnægt hinum ströngu skilyrðum laganna til endurgreiðslu á skyldusparnaðarfé, leitað eftir að fá það endurgreitt. Í mörgum tilfellum er högum þessa fólks þannig háttað að því er brýn nauðsyn að fá skyldusparnaðarfé sitt endurgreitt. Til þess geta legið margvíslegar og veigamiklar ástæður, svo sem t. d. ef um er að ræða öryrkja eða einstæða foreldra. Einnig geta aðrar félagslegar ástæður verið þannig hjá umsækjanda, að ekki sé rétt að neita honum um slíka endurgreiðslu.

Af framansögðum ástæðum er því lagt til í frumvarpi þessu, að félagsmálaráðherra verði veitt heimild til að leyfa undanþágu til endurgreiðslu skyldusparnaðarfjár, ef hann telur brýna nauðsyn bera til þess.

Nd. 58. Frumvarp til laga [54. mál]

um breyting á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins. nr. 30 12. maí 1970.

Flm.: Svava Jakobsdóttir.

1. gr.

Á eftir 3. mgr. 11. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Ráðuneytinu er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum um endurgreiðslu sparifjár sé aðili að hefja nám eða færi fullnægjandi sönnur á að endurgreiðslu sé þörf af félagslegum ástæðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Skv. lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins, nr. 30 1970, eru endurgreiðslur á skyldusparnaði stranglega bundnar í lögum án þess að nokkur heimild sé til undanþágu. Liggur þó í augum uppi að hagir manna geta breyst svo á 10 árum að endurgreiðsla sé réttlát og þörf án þess að hún brjóti gegn anda laganna. Svo er t. d. um ungt fólk sem er að brjótast í því að hefja nám eftir nokkurra ára samfellt starf. Skv. núgildandi lögum er skólafólk, sem stundar nám í skóla 6 mánuði eða meira á ári, undanþegið skyldusparnaði. Hafi námsmaður hins vegar notað sér rétt til skyldusparnaðar, t. d. af sumarkaupi sínu, hefur hann getað fengið þá upphæð endurgreidda, hafi hann fært sönnur á að hann hafi stundað nám minnst 6 mánuði á árinu og hyggist stunda nám áfram.

Námsmaður, sem er að hefja nám eftir nokkurra ára þátttöku í atvinnulífinu, getur ekki fullnægt skilyrðinu um 6 mánaða skólanám á undangengnu ári og á því ekki rétt til endurgreiðslu sparifjár síns. Gæti sú upphæð þó ráðið úrslitum um hvort honum tekst að kljúfa byrjunarörðugleika við upphaf skólagöngu. Virðist flm. sanngjarnt að réttur þessa fólks sé ekki rýrari en þeirra sem eiga samfellda skólagöngu að baki og beri því að veita heimild til undanþágu á endurgreiðslu í slíkum tilvikum.

Aðrar ástæður til undanþágu á endurgreiðslu geta einnig verið réttlætanlegar, svo sem heimilisstofnun, vegna barna á framfæri eða aldraðra foreldra svo og óvenjuþungar fjárhagsbyrðar. Að dómi flm. mundu undanþágur af þessum ástæðum engan veginn brjóta í bága við anda laganna né ákvæði þeirra um undanþágur til skyldusparnaðar, enda er ætlast til að viðkomandi aðili færi fullnægjandi sönnur fyrir beiðni sinni.

Sþ. 59. Tillaga til þingsályktunar [55. mál]

um kjördæmaskipan.

Flm.: Ellert B. Schram, Guðmundur H. Garðarsson, Ólafur G. Einarsson.

Alþingi ályktar að fela stjórnarskrárnefnd að leggja fram tillögur um breytingar á kjördæmaskipan eða kosningalögum sem miði að því að jafna atkvæðisrétt kjósenda frá því sem nú er.

Greinargerð.

Allt frá því að íslendingar fengu eigin stjórnarskrá, 1874, og kjördæmaskipan var ákveðin hafa menn ekki verið á eitt sáttir um skipan þeirra mála. Hafa deilur risið það hátt að örlög ríkisstjórna og kjörtímabil hafa ráðist af afstöðunni til kjördæmaskipanar. Allar hafa þessar umræður átt það sammerkt að orsakir þeirra hafa verið kröfur flokka, landshluta eða einstaklinga um að jafna atkvæðisrétt kjósenda með einum eða öðrum hætti. Sú tillaga, sem hér er fram borin, á sér sömu forsendu.

Kjördæmaskipan og kosningalögum var alloft breytt á tímabilinu frá 1874 til 1959, en að meginstofni til byggðist kjördæmaskipanin á einmennings- og tvímenningskjördæmum. Mikilvægasta breytingin á þessu tímabili var tvímælalaust árið 1934, þegar uppbótarsæti voru tekin upp til jöfnunar milli þingflokka.

Árið 1959 var gerð sú breyting á kjördæmaskipaninni sem enn er í gildi. Var þá horfið frá einmenningskjördæmum, en þess í stað var landinu skipt í átta stór kjördæmi og kosið hlutfallskosningu í þeim öllum. Óþarfi er að lýsa því fyrirkomulagi, en minnt á að þá sem áður voru breytingarnar gerðar til að skapa meiri jöfnuð milli kjósenda en verið hafði. Röksemdir þeirra, sem fylgdu breytingunni, voru þær að greiða þyrfti fyrir eðlilegri lýðræðisþróun og að Alþingi yrði skipað í sem bestu sam-

ræmi við þjóðarvilja. Þingmönnum dreifbýlis var ekki fækkað, en leitast var við að hafa sem jafnasta atkvæðatölu að baki hvers þingmanns í strjálbýli.

Enda þótt hart hafi verið deilt um þetta fyrirkomulag má fullyrða að flestir hafi þá og séu enn sammála um það meginmarkmið að atkvæðisréttur landsmanna eigi að vera sem jafnastur.

Þegar kjördæmabreytingin var gerð, árið 1959, var gengið verulega til móts við þetta grundvallarsjónarmið, enda þótt þá væri enn gert ráð fyrir nokkrum mun á atkvæðamagni bak við hvern þingmann hinna ýmsu kjördæma. Virðist og vera skilningur á því að kjósendur í strjálbýli hafi í þeim efnum nokkur forréttindi. Hér á eftir er birt tafla yfir íbúa kjördæmanna á árinu 1960 og fjölda íbúa á bak við hvern þingmann sem kosinn er í viðkomandi kjördæmi. Jafnframt er birt tafla yfir sömu tölur á árinu 1974:

Fjöldi íbúa eftir kjördæmum 1960 og 1974.

	1960	1974	Aukning
Reykjavík	72 407	84 772	12 365
Reykjanes	26 010	43 944	17 934
Vesturland	11 973	13 862	1 889
Vestfirðir	10 507	9 940	÷ 567
Norðurland vestra	10 241	10 090	÷ 151
Norðurland eystra	19 769	23 572	3 803
Austurland	10 367	11 919	1 552
Suðurland	16 018	18 529	2 511

Íbúar að baki hvers þingmanns 1960 og 1974.

	1960	1974
Reykjavík (12)	6 034	7 064
Reykjanes (5)	5 205	8 789
Vesturland (5)	2 395	2 772
Vestfirðir (5)	2 101	1 988
Norðurl. vestra (5)	2 048	2 018
Norðurl. eystra (6)	3 295	3 928
Austurland (5)	2 073	2 384
Suðurland (6)	2 670	3 088

Þessar tölur leiða það í ljós að gífurlegur munur er á vægi atkvæða eftir kjördæmum. Þannig eru Reykjavík og Reykjanes í algjörum sérflokki, þar sem miklu fleiri atkvæði eru þar að baki hvers þingmanns en í hinum kjördæmunum. Hefur þessi munur vaxið mjög verulega frá því á árinu 1960.

Í Reykjavík og á Reykjanesi voru á kjörskrá 1974 samtals 77 004 kjósendur, en í öðrum kjördæmum voru á sama tíma á kjörskrá samtals 50 497. Af þessu má sjá að rétt rúmlega 60% kjóseda eru í Reykjavík og á Reykjanesi, en tæplega 40% kjósenda í öðrum kjördæmum. 77 004 kjósendur kjósa 17 þingmenn, en 50 497 kjósa 32 þingmenn. Ef litið er á þessar staðreyndir verður því ekki neitað að þarna er um mjög óeðlilegt misræmi að ræða á milli atkvæðisréttar borgaranna eftir búsetu.

Mjög er orðið tímabært að taka tillit til þessarar þróunar og laga kjördæmaskipan að þeim aðstæðum sem ríkja í landinu. Kjósendur, sem búa í þéttbýlinu í Reykjavík og á Reykjanesi, geta ekki unað við það til frambúðar að hafa þrefalt og allt að fimmfalt minna vægi í atkvæði sínu heldur en kjósendur annars staðar á landinu.

Margar leiðir koma til greina, allt frá einmenningskjördæmum upp í það að hafa landið eitt stórt kjördæmi. M. a. hefur verið bent á þá leið að við úthlutun uppbótarsæta mætti fella niður þá aðferð að reikna út hlutfall á bak við frambjóðendur,

en taka einvörðungu til greina atkvæðamagnið. Þannig mundi allur obbinn af uppbótarsætunum koma í hlut þéttbýlisins.

Þetta er vissulega ein leið, og sjálfsagt koma ýmsar fleiri til greina. Aðalatriðið er þó að kjördæmaskipan eða kosningalögum sé breytt á þann veg að atkvæðisréttur verði sem jafnastur milli kjósenda.

Nú er starfandi stjórnarskrárnefnd, sem endurskoðar stjórnarskrá Íslands, og það er álit flutningsmanna þessarar tillögu að stjórnarskrárnefndin skuli móta tillögur sínar um kjördæmamálið með það meginatriði í huga að atkvæðisrétturinn verði sem jafnastur. Með samþykkt þessarar tillögu lýsir Alþingi yfir vilja sínum og stuðningi við þá meginstefnu og vísar þannig veginn fyrir stjórnarskrárnefnd.

Sþ. 60. Fyrirspurn [56. mál]

til menntamálaráðherra um útgjöld til menntamála.

Frá Sighvati Björgvinssyni.

1. Hver hafa verið útgjöld hins opinbera til fræðslumála, menningarmála og rannsókna (samtals rekstrarútgjöld og stofnkostnaður) sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu á árunum 1972, 1973, 1974 og 1975?
2. Hverjar eru nýjustu sambærilegar tölur fyrir lönd í Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku og um meðaltal slíkra útgjalda fyrir lönd í Vestur-Evrópu í hlutfalli við þjóðarframleiðslu skv. skýrslum OECD?

Nd. 61. Frumvarp til laga [57. mál]

um eignarnámsheimild fyrir Neskaupstað á hluta jarðarinnar Nes í Norðfirði með hjáleigunum Bakka og Naustahvammi.

Flm.: Lúðvík Jósepsson, Tómas Árnason, Sverrir Hermannsson.

1. gr.

Bæjarstjórn Neskaupstaðar er heimilt að taka eignarnámi þann hluta jarðarinnar Nes í Norðfirði með hjáleigunum Bakka og Naustahvammi, sem ekki er þegar í eigu kaupstaðarins.

2. gr.

Um framkvæmd eignarnáms skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni bæjarstjórnarinnar í Neskaupstað. Jörðin Nes í Norðfirði með hjáleigunum Bakka og Naustahvammi er talin 30 hundruð að dýrleika (3 540 álnir). Þar af á kaupstaðurinn 27½ hundrað, en 2½ hundrað eru í eigu einstaklinga.

Einn einstaklingur, sem ekki á heima í kaupstaðnum, á 1 hundrað, en 1½ hundrað er í eigu 9 einstaklinga sem fengu þessa eign að erfð. Af þeim eru 4 búsettir í Neskaupstað.

Kaupstaðurinn er allur byggður á þessu landi. Landið er í óskiptri sameign og skipta eigendur arði árlega.

Bæjarstjórn hefur gert ítrekaðar en árangurslausar tilraunir til þess að fá landið keypt með frjálsum samningum.

Yfirleitt hafa eigendur ekki verið til viðtals um sölu. Bæjarstjórn telur sér mikla nauðsyn á að fá full og óskoruð umráð yfir landinu. Því er leitað lagaheimildar til eignarnáms.

Ed. 62. Frumvarp til laga [58. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Candi, Manlio, tæknifræðingur í Reykjavík, f. á Ítalíu 9. september 1933.
2. Cleveland, Hulda Patricia, barn í Hafnarfirði, f. á Íslandi 11. maí 1970.
3. Collins, William Edward, barn í Ártúni, Ljósavatnshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu, f. í Vestmannaeyjum 9. maí 1971.
4. Douglas, George Robert William, menntaskólakennari í Reykjavík, f. á Norður-Írlandi 8. október 1945.
5. Fisarova, Dana, íþróttakennari í Reykjavík, f. í Tékkóslóvakíu 20. ágúst 1951.
6. Gambrell, Charles Edward, barn í Keflavík, f. í Bandaríkjunum 17. apríl 1972.
7. Gambrell, Gloria Joan, barn í Keflavík, f. í Bandaríkjunum 6. apríl 1971.
8. Johannsen, Manita Sofia, húsmóðir í Ólafsvík, f. í Færeyjum 7. október 1940.
9. Johannsen, Ruben, verkamaður í Ólafsvík, f. í Færeyjum 8. maí 1936.
10. Johnson, Pétur Snæbjörn, barn í Sólheimum í Grímsnesi, f. í Bandaríkjunum 24. júní 1965.
11. Kearns, Christine Carol, barn í Keflavík, f. í Bandaríkjunum 14. febrúar 1970.
12. Kearns, Eric James, barn í Keflavík, f. í Bandaríkjunum 18. febrúar 1971.
13. Kearns, Kimberly Ann, barn í Keflavík, f. í Bandaríkjunum 30. júlí 1966.
14. Lång, Maj Britt Saga Margareta (Aðalsteinsson) húsmóðir í Reykjadal, Suður-Þingeyjarsýslu, f. í Finnlandi 25. október 1933.
15. Lareau, Árni Benedikts, nemi í Garðahreppi, f. á Íslandi 16. maí 1955.
16. Martiniz, Isidoro Ruiz, verkamaður í Vestmannaeyjum, f. á Spáni 4. janúar 1938.
17. Mc Niff, Joseph Leonard, barn í Keflavík, f. í Bandaríkjunum 29. mars 1971.
18. Róbertsson, Róbert Pétur Niclasen, verkamaður á Akureyri, f. í Færeyjum 11. febrúar 1956.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum, og skal hann þá taka sér íslenskt fornafn. Börn hans skulu taka sér íslensk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta fullnægja allir þeim skilyrðum, sem sett hafa verið af allsherjarnefnd beggja þingdeilda, sbr. þskj. nr. 675 á 96. löggjafarþingi 12. maí 1975.

Sþ. 63. Tillaga til þingsályktunar [59. mál]

um tekjustofna sýslufélaga.

Flm.: Friðjón Þórðarson, Jóhannes Árnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera nú þegar ráðstafanir til að auka tekjur sýslufélaga í samræmi við þau margþættu verkefni, sem þeim eru falin að lögum, og önnur aðkallandi viðfangsefni í héraðsmálum.

Greinargerð.

Tillögur um þetta efni hafa verið fluttar á tveim síðustu þingum, en eigi orðið útræddar. Þeim hefur fylgt svofelld greinargerð:

„Samkvæmt lögum eru sýslufélögum falin margþætt verkefni. Í 92. gr. sveitarstjórnarlaga segir m. a., að hlutverk þeirra sé að annast:

a) Eftirlit með fjárreiðum allra hreppa innan sýslufélagsins, endurskoðun og úrskurðun ársreikninga þeirra, svo og allra fyrirtækja, sem rekin eru á vegum hreppanna.
b) Umsjón með því, að hreppsnefndirnar starfi yfirleitt í sveitarstjórnarmálum samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum.
c) Setningu reglugerða um notkun afrétta, fjallskil, fjárheimtur og smalanir heimalanda á haustum til fjallskila og á vorum til rúnings, svo og að prentaðar séu eigi sjaldnar en 10. hvert ár skrár yfir fjármörk, og einnig hestamörk, þar sem þess þykir þörf.
d) Umsjón og stjórn vegamála samkvæmt vegalögum og sýsluvegasamþykktum.
e) Afskipti af forðagæslu skv. búfjárræktarlögum, eftirlit skv. lögum um hundahald og varnir gegn sullaveiki og úrskurðum og greiðslu reikninga skv. lögum um eyðingu refa og minka.
f) Setningu byggingarsamþykkta fyrir sýsluna skv. lögum.
g) Álitsgerðir um mál, er varða einstaka hreppa eða sýsluna, enda skal engu slíku máli til lykta ráðið, fyrr en álitsgerðar sýslunefndar hefur verið leitað.
h) Tilnefningu þriggja hreppstjóraefna, þegar skipa skal hreppstjóra.
i) Stjórn allra sveitarstjórnarmála, er varða sýsluna í heild, svo og tillögur um hvað eina, sem verða má sýslunni til gagns eða til að afstýra bjargarskorti eða hallæri.
j) Önnur þau störf, er lög og reglugerðir mæla fyrir um.

Með hliðsjón af þessu má ljóst vera, að hlutverk sýslufélaga er ærið fjölþætt og mikilvægt. Verkefnin eru nánast óteljandi og ótæmandi. Sýslusjóðir hafa á undanförnum árum látið stórfé af hendi rakna, m. a. til menntamála, heilbrigðismála og atvinnumála. Þeir hafa víða verið aðilar að skólum af ýmsu tagi, bókasöfnum, byggðasöfnum og héraðsskjalasöfnum, elliheimilum, sjúkrahúsum, læknisbústöðum og hafnarframkvæmdum. Svo mætti lengi telja. Þá hafa mörg sýslufélög reynt af fremsta megni að styðja við og styrkja margs konar menningar- og líknarstarfsemi í héraði, svo sem störf íþrótta- og ungmennafélaga og kvennasamtaka, björgunar- og sjúkrahjálp. Framlög hafa verið veitt til náttúruverndarmála, skógræktar og gróðurverndar. Þá hafa greiðslur verið inntar af hendi til jarðhitaleitar og til þess að hraða framkvæmdum í raforkumálum, svo að dæmi séu nefnd.

Tvö eða fleiri sýslufélög hafa iðulega unnið saman að ýmsum málum. Nefna má t. d. samstarf í byggingarmálum, skólamálum og orkumálum, sem vel hefur gefist og fer vaxandi.

Í 101. gr. sveitarstjórnarlaga er fjallað um tekjustofna sýslufélaga. Segir þar, að sýslunefnd skuli á aðalfundi semja áætlun um tekjur og gjöld sýslusjóðs fyrir

yfirstandandi ár. Síðan segir: „Því, sem á vantar, að tekjur sýslusjóðs hrökkvi fyrir útgjöldum hans, skal jafnað niður á hreppana“ eftir vissum reglum. Miðað við þetta orðalag virðist gert ráð fyrir, að sýslusjóðir njóti annarra, verulegra tekjustofna. Svo hefur þó ekki verið. Sýslusjóðsgjaldið, þ. e. hið niðurjafnaða gjald á hreppana, er hið eina fjármagn að heita má, sem sýslufélög hafa yfir að ráða. Þar sem um slíka niðurjöfnun gjalda er að ræða á fámenna og fátæka hreppa, má geta nærri, að álögum verður að stilla í hóf, svo sem unnt er. Niðurstaðan verður því sú, að sýslusjóðir hafa yfirleitt mjög lítið fé til ráðstöfunar fram yfir brýnustu útgjöld. Það er að sjálfsögðu með öllu fráleitt, því að mörgum þörfum málum mætti án efa þoka áleiðis með auknum fjárráðum sýslusjóða, sbr. framanritað.

Að dómi flutningsmanna kæmi vel til álita, að sýslufélög fengju greiddan einhvern hluta af söluskatti til sinna þarfa. Einnig mætti benda á Byggðasjóð, en hlutverk hans er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, svo sem alkunnugt er.

Fullljóst má vera af framansögðu, að hina mestu nauðsyn ber til að efla sýslusjóðina og auka tekjustofna þeirra. Það er tvímælalaust í flokki hinna allra mikilvægustu byggðamála.“

Þá má benda á, að ef ekki verður hið fyrsta ráðin bót á fjárþörf sýslufélaganna með nýjum tekjustofnum, en þess í stað haldið áfram á sömu braut, þ.e. að leggja stöðugt hærri sýslusjóðsgjöld á hreppana, þá er hætta á því að hin stærri hreppsfélög í hverju umdæmi geri í vaxandi mæli kröfur um að þeim verði veitt kaupstaðarréttindi. Þess er skemmst að minnast, að er 5 hreppsfélög, Bolungarvík, Dalvík, Eskifjörður, Grindavík og Seltjarnarneshreppur, voru gerð að kaupstöðum árið 1974, þá var m.a. bent á greiðslu hárra sýslusjóðsgjalda og sýsluvegasjóðsgjalda sem eina af röksemdunum fyrir breytingunni. Það er skoðun flutningsmanna að það sé ekki æskileg stefna að rjúfa tengsl þéttbýlisstaða og sveitanna í kring víðs vegar um landið í stjórnarfarslegu tilliti. Þvert á móti beri í vaxandi mæli að efla samstöðu hreppsfélaganna í hverri sýslu til lausnar þeim mörgu framfaramálum, sem drepið hefur verið á hér að framan og ljóst er að ekki verða leyst í hverju hreppsfélagi fyrir sig.

Sþ. 64. Tillaga til þingsályktunar [60. mál]

um setningu löggjafar um jafnrétti kynjanna.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Benedikt Gröndal, Eggert G. Þorsteinsson, Jón Árm. Héðinsson, Sighvatur Björgvinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja frumvarp til laga um jafnrétti kynjanna. Samtökum kvenna sé veitt aðild að samningu frumvarpsins. Í frumvarpinu skulu meginatriði gildandi laga um launajöfnuð kvenna og karla, nr. 60/1961, og laga um Jafnlaunaráð, nr. 37/1973, ásamt öðrum gildandi lagaákvæðum um slíkt efni, sameinuð í eitt frumvarp. Jafnframt því verði einstök atriði endurskoðuð í ljósi fenginnar reynslu og nánari ákvæði sett í samræmi við eftirfarandi grundvallarsjónarmið:

1. Konum skal í reynd tryggt algert jafnrétti á við karlmenn á öllum sviðum þjóðlífsins. Konur og karlar skulu eiga jafnan rétt til vinnu og menntunar.

2. Við ráðningu í störf, flutning milli starfa, skiptingu í launaflokka, veitingu orlofs frá starfi eða uppsögn skal óheimilt að miða reglur eða ráðstafanir við það, hvort um karla eða konur er að ræða. Geti bæði karlar og konur gegnt starfi, er óheimilt að miða auglýsingu þess við annað hvort kynið. Auglýsing má ekki heldur gefa til kynna að vinnuveitandi óski þess að væntanlegur starfsmaður sé fremur af öðru kyninu en hinu. Umsækjandi, sem fær ekki stöðu, sem hann hefur sótt um, getur

krafist þess að vinnuveitandinn láti honum í té skriflegar upplýsingar um hvaða menntun, reynslu og aðra hæfni sá umsækjandi hafi til að bera sem stöðuna hlaut.

3. Kveðið sé skýrt á um að með sömu launum fyrir sömu vinnu sé átt við allar greiðslur og hlunnindi, sem vinnuveitandi lætur af hendi, og að launin skuli ákveða með sama hætti, hvort sem um er að ræða karl eða konu.

4. Konur og karlar, sem starfa hjá sama vinnuveitanda, skulu eiga sama rétt til starfsmenntunar og starfsþjálfunar ásamt orlofi til þess að afla sér slíkrar menntunar og þjálfunar.

5. Auglýsingar mega ekki vera með þeim hætti, að í ósamræmi sé við grundvallarregluna um jafnrétti kynjanna, né heldur þannig, að þær særi siðferðisvitund annars hvors kynsins.

Greinargerð.

Frumvarp það, sem þingmenn Alþýðuflokksins undir forustu Jóns Þorsteinssonar fluttu á sínum tíma um launajöfnuð kvenna og karla og var samþykkt sem lög nr. 60/1961, markaði tímamót í jafnréttisbaráttu kvenna á sviði launamála. Fyrir tveim árum fluttu þingmenn úr öllum flokkum undir forustu Svövu Jakobsdóttur frumvarp um Jafnlaunaráð, sem samþykkt var sem lög nr. 37/1973. Í þeim lögum eru og mikilvæg ákvæði varðandi réttindamál kvenna. Jafnlaunaráð mun þó hafa haft mjög takmarkaða aðstöðu til þess að hefja umtalsverða starfsemi enn sem komið er.

Á síðasta ári lagði ríkisstjórn norska Verkamannaflokksins fyrir Stórþingið frumvarp til laga um jafnrétti kynjanna, og er það enn til meðferðar á þinginu. Í því frumvarpi eru ýmis nýmæli, auk þess sem kveðið er nánar á um nokkur atriði varðandi launajafnrétti en gert hefur verið í eldri lögum um þau efni. Mörg ákvæði frumvarpsins eru að sjálfsögðu miðuð við norskar aðstæður. En nokkur þeirra eru svo athyglisverð að full ástæða er til þess að athugað sé hvort ekki sé tímabært að lögtaka þau hér á landi.

Í þessari tillögu til þingsályktunar stinga flutningsmenn þess vegna upp á því að ríkisstjórninni verði falið, að höfðu samráði við samtök kvenna, að láta semja frumvarp til laga um jafnrétti kynjanna. Væri þá eðlilegt að sameina í eitt frumvarp meginákvæði gildandi laga um launajöfnuð kvenna og karla og Jafnlaunaráð, sem og önnur gildandi lagaákvæði um slík efni, jafnframt því sem nánari ákvæði yrðu sett um viss grundvallarsjónarmið, sem ákvæði eru um í frumvarpi norsku ríkisstjórnarinnar og fyllsta ástæða er til að kanna hvort rétt sé að setja um lagaákvæði hér á landi, en þau eru nefnd í tillögugreininni. Nefndin, sem gert er ráð fyrir að semji slíkt frumvarp, mundi að sjálfsögðu jafnframt kanna hvort ástæða væri til þess að taka tillit til fleiri atriða, t. d. vegna sérstakra aðstæðna á Íslandi.

Nd. 65. Frumvarp til laga [61. mál]

um kaupstaðarréttindi til handa Garðahreppi.

Flm.: Ólafur G. Einarsson, Jón Skaftason, Gils Guðmundsson, Gylfi Þ. Gíslason, Matthías Á. Mathiesen.

1. gr.

Garðahreppur skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Garðahrepp og heitir Garðakaupstaður. Heyrir umdæmið til Reykjaneskjördæmis.

2. gr.

Sýslumaður Kjósarsýslu og bæjarfógeti Hafnarfjarðar skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.

3. gr.

Sýslunefnd Kjósarsýslu og bæjarstjórn Garðakaupstaðar skulu semja sín á milli um skiptingu þeirra sjóða sem við gildistöku laga þessara eru í eigu eða vörslu Kjósarsýslu. Einnig skulu sömu aðilar semja um fjárskuldbindingar, ábyrgðir og önnur þau atriði er þá varða og upp kunna að koma vegna laga þessara.

Nái þessir aðilar ekki samkomulagi skal félagsmálaráðherra úrskurða hvernig með skuli fara.

4. gr.

Að öðru leyti fer um málefni kaupstaðarins skv. sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961, og samþykktum settum skv. þeim lögum.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til bæjarstjórnarkosningar hafa farið fram síðasta sunnudag í maí 1978 skal núverandi hreppsnefnd fara með stjórn kaupstaðarins.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni sveitarstjórnar Garðahrepps. Til rökstuðnings fylgir hér með bréf sveitarstjórans í Garðahreppi:

SVEITARSTJÓRINN Í GARÐAHREPPI

Garðahreppi, 12/11 1975.

Hreppsnefnd Garðahrepps ákvað á fundi sínum 6. nóvember 1975 að óska vinsamlegast eftir því, að þingmenn Reykjaneskjördæmis flytji á hæstvirtu Alþingi frumvarp til laga um kaupstaðarréttindi fyrir Garðahrepp. Óskar sveitarstjórnin eftir því, að breytingin taki gildi 1. janúar 1976 og að núverandi hreppsnefnd fari áfram með stjórn sveitarfélagsins, þar til næstu almennar sveitarstjórnarkosningar hafa farið fram árið 1978.

Hreppsnefndin er sammála um, að miðað við ríkjandi ástand og viðhorf í þessum efnum sé heppilegra fyrir Garðahrepp að vera kaupstaður. Garðahreppur er langstærsti hreppur landsins, með liðlega 4000 íbúa, og er í örum vexti. Þykir eðlilegt, að byggðarlagið hafi allt það sjálfstæði, sem stærð þess gefur tilefni og tækifæri til. Má í því sambandi nefna sjálfstætt sjúkrasamlag, en einnig vonast sveitarstjórnin eftir aukinni löggæslu í kjölfar breytingarinnar. Garðahreppur á takmarkaða samleið með öðrum hreppum í Kjósarsýslu og tengslin við sýsluna eru lítil. Garðahreppur stendur hins vegar að mestu leyti undir kostnaði af starfsemi sýslusjóðs og sýsluvegasjóðs Kjósarsýslu, og telur sveitarstjórnin það óeðlilegt.

Sveitarstjórn Garðahrepps treystir því, að erindi þetta fái vinsamlega og skjóta afgreiðslu yðar og þingsins.

Virðingarfyllst,

f. h. hreppsnefndar Garðahrepps,
sveitarstjórinn í Garðahreppi,

Garðar Sigurgeirsson.

Til alþingismanna Reykjaneskjördæmis.

Ed. 66. Frumvarp til laga [62. mál]

um breyting á lögum nr. 7 23. mars 1972, um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Helgi F. Seljan, Stefán Jónsson, Ragnar Arnalds.

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Þó skal framangreindur frádráttur vegna vinnu eiginkonu bónda við búrekstur aldrei nema lægri fjárhæð en helmingi persónufrádráttar hjóna, enda gegni hún ekki öðrum launuðum störfum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Í núgildandi skattalögum eru þau ákvæði, að 50% af launatekjum eiginkonu skuli frádráttarbær til tekjuskatts. Þetta gildir þó ekki um eiginkonur bænda, þó að þær vinni mikið starf við búreksturinn, séu útivinnandi konur að miklum hluta. Þær eru settar í sama flokk og eiginkonur atvinnurekenda yfirleitt, þ. e. að frádráttur þeirra fer ekki upp fyrir ¼ af persónufrádrætti hjónanna.

Við flm. álítum hiklaust, að um erfiða og annasama vinnu eiginkvenna bænda eigi að gilda rýmri og réttlátari reglur um skattafrádrátt.

Ýmislegt veldur þessu ranglæti, þótt vitað sé, að í mörgum tilfellum er vinnuframlag hjónanna við búreksturinn ærið svipað. M. a. veldur þessu furðulegur útreikningur á vinnustundafjölda eiginkvenna bænda í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara, sem aðeins er 600 vinnustundir á ári, og þær vinnustundir eru auk þess reiknaðar á mjög lágum kauptaxta. Einnig hefur þótt erfitt að fastákveða vinnuframlag bændakonunnar, enda misjafnt að vísu, og eins hafa menn óttast, að frelsi til framtals í þessum efnum gæti leitt til misnotkunar á þann veg, að óeðlilegur hluti af tekjum búsins yrði talinn fram til tekna konunnar.

Mismununin samanborið við aðrar útivinnandi konur er þó sú, að ekki verður við unað. 600 stunda viðmiðunin er alger fjarstæða, enda leggja flestar bændakonur fram gífurlegan fjölda vinnustunda við sjálfan búreksturinn. Aðalreglan er bundin við frádrátt, sem er miðaður við ¼ af persónufrádrætti hjóna, en þó munu á gerðar undantekningar af skattayfirvöldum, ef bóndinn vinnur mikið utan heimilis, svo að konan þarf að annast búrekstur að miklu eða mestu leyti.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að lágmarksfrádráttur til skatts vegna vinnu eiginkonu við búrekstur nemi helmingi af persónufrádrætti hjóna. Á það skal þó lögð áhersla af okkur flm., að hér er um lágmark að ræða, en gagnvart búrekstrinum álítum við að bæði hjónin skuli jafnrétthá, þannig að frádráttur konu bóndans, vegna sannanlega framtalinna vinnustunda verði hærri, ef tekjur hennar af búrekstrinum eru meiri en nemur hálfum persónufrádrætti hjónanna. Sú upphæð skal þá vitanlega gilda. Aðalatriðið er, að ákveðið lágmark frádráttar sé lögfest og verði a. m. k. helmingi hærra en hámarkið er í flestum tilfellum í dag.

Þessi réttarbót til eiginkvenna bænda, sem leggja á sig margar og erfiðar vinnustundir við búreksturinn, á því fyllsta rétt á sér umfram aðrar atvinnugreinar, og því er frumvarpið flutt.

Sjálfsagt þykir okkur flm. hins vegar, að þetta ákvæði sé háð því, að eiginkona bóndans gegni ekki öðrum launuðum störfum, enda eru 50% launa hennar þá frádráttarbær.“

Til viðbótar þessari greinargerð er rétt að benda á að við afgreiðslu frv. um ráðstafanir í efnahagsmálum á s. l. vori var borin fram, en felld, breytingartillaga, sem mjög var hliðstæð þeirri frvgr., sem hér er á ferðinni. Hins vegar þykir flm. rétt að endurvekja þetta mál nú í ljósi enn nýrrar endurskoðunar skattalaga í trausti þess, að einhver bót á núgildandi ákvæðum náist fram. Varðandi ráðagerðir um „sérsköttun“ hjóna þarf vandamálið varðandi sveitakonurnar að skoðast sérstaklega vel og því full ástæða til að vekja á ný athygli á sérstöðu þeirra í skattakerfinu og furðulega lágum vinnustundafjölda þeirra, sem nú er lagður til grundvallar skattfrádrætti.

Sþ. 67. Tillaga til þingsályktunar [63. mál]

um umferðarmál.

Flm.: Ellert B. Schram, Sigurlaug Bjarnadóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir allsherjar endurskoðun og breytingum á lögum og reglugerðum um umferðarmál svo og öðrum þeim lögum, sem umferðarmál snerta og stuðlað geta að auknu umferðaröryggi og virkari meðferð umferðarlagabrota.

Greinargerð.

Á undanförnum 52 dögum hafa 14 íslendingar látið lífið í umferðarslysum. Þegar þetta er ritað liggja 4 manneskjur meðvitundarlausar á gjörgæsludeild Borgarspítalans af afleiðingum umferðarslysa. Á þessu ári hafa 27 manns beðið bana í umferðarslysum og eru það fleiri en nokkru sinni hafa látist á einu ári. Frá áramótum til októberloka hafa 595 manns slasast í umferðarslysum, þar af hefur 221 hlotið meiri háttar meiðsli og 324 hafa verið lagðir inn á sjúkrahús til læknismeðferðar vegna meiðsla er þeir hlutu í umferðarslysum.

Við þetta ástand verður ekki unað. Þessa alvarlegu þróun verður að stöðva. Ljóst er að grípa verður til róttækra og fljótvirkra aðgerða í umferðarmálum og skera upp herör gegn þessu alvarlega vandamáli.

Umferðarlöggjöf okkar er að meginstofni til frá 1958 þótt nokkrar breytingar hafi verið gerðar á henni síðan. Umferðarlög og reglugerðir þurfa að vera í stöðugri endurskoðun og ljóst er að mörg ný atriði hafa verið tekin upp í umferðarlöggjöf á Norðurlöndum og víðar í Evrópu á þessu tímabili sem ástæða er fyrir okkur íslendinga að taka upp. Þá er og nauðsynlegt að breyta gildandi ákvæðum laga um meðferð opinberra mála hvað varðar meðferð umferðarlagabrota, bæði með tilliti til skjótrar og greiðrar meðferðar slíkra mála og ekki síður þyngri viðurlaga við brotum á öryggisreglum í umferð.

Að mati sérfróðra manna er brýnast að taka eftirfarandi atriði til endurskoðunar:

1. Gildistíma bráðabirgðaskírteina fyrir byrjendur þarf að endurskoða og athuga hvort ekki sé rétt að lengja hann í 3 ár.
2. Setja þarf inn í reglugerð ákvæði um lágmarksmerkingu gangbrauta og strangari ákvæði umferðarlaga, er verndi gagnandi vegfarendur á gangbrautum.
3. Stuðla þarf að stóraukinni notkun ökuljósa og kemur til greina að skylda ökumenn til að aka með fullum ökuljósum allan sólarhringinn utan þéttbýlis frá 1. nóv. — 1. apríl.
4. Endurskoða þarf reglur um hámarkshraða í þéttbýli.
5. Taka þarf upp svonefnt punktakerfi (mistakakerfi), sem er mikilvæg slysavarnaráðstöfun og notað hefur hefur verið með góðum árangri erlendis.
6. Breyta þarf í verulegum atriðum reglugerð um gerð og búnað ökutækja, svo og umferðarmerki.

7. Endursemja þarf reglugerð um ökukennslu, próf ökumanns o.fl. í heild sinni. Ökukennarar hljóti ekki löggildingu til ökukennslu fyrr en þeir hafi staðist ökukennarapróf að undangengnu námskeiði eða skólagöngu. Þeir verði síðan að sækja upprifjunarnámskeið með fárra ára millibili.
8. Settar verði ítarlegar reglur um framkvæmd ökuprófa og jafnframt veitt heimild til að færa vissan hluta námsins inn í skólakerfið. Setja þarf reglur um ökuskóla og löggildingu þeirra, sem veita þeim forstöðu.

Hér er aðeins drepið á örfá atriði og hyggjast flutningsmenn þessarar tillögu fyrir sitt leyti flytja nokkur þingmál máli sínu til áherslu.

Nd. 68. Nefndarálit [26. mál]

um frv. til l. um breyting á lögum nr. 8/1972 með síðari breytingum, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. gr. hljóði svo:
1. málsgr. 14. gr. laganna orðist svo:
Framlag Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga samkvæmt 13. gr. skal greitt mánaðarlega.

Alþingi, 13. nóv. 1975.

Gunnlaugur Finnsson, form., frsm.	Ólafur G. Einarsson, fundaskr.	Ólafur Ragnar Grímsson.
Eðvarð Sigurðsson.	Jóhann Hafstein.	Stefán Valgeirsson.
	Ellert B. Schram.	

Nd. 69. Frumvarp til laga [64. mál]

um breyting á lögum nr. 71 frá 6. maí 1966, um verðtryggingu fjárskuldbindinga.

Flm.: Ellert B. Schram.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er heimilt að kveða svo á í kaup- og verksamningum um hús, húshluta eða önnur mannvirki, sem eigi eru fullgerð á samningsdegi, en seljandi eða verksali skuldbindur sig til að afhenda fullgerð eftir minnst 12 mánuði, að sá hluti söluverðs, sem svarar til þess byggingarhluta, sem ófullgerður er, skuli breytast í samræmi við breytingar á verðlagsvísitölu til afhendingardags.

2. gr.

Lög þessi öðlast nú þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi og fylgdi því þá eftirfarandi greinargerð:

Af efni og forsendum laga nr. 71 frá 6. maí 1966, um verðtryggingu fjárskuldbindinga, má ráða, að höfuðtilgangur þeirra var að skapa nauðsynlegan grundvöll

að verðtryggingu lánsfjársamninga. Stefnt var að því að taka upp verðtryggingu að einhverju leyti við innlánsstofnanir, fjárfestingarlánasjóði og jafnvel lífeyrissjóði. Jafnframt mun hafa verið reynt að taka af öll tvímæli um lagagrundvöll verðtryggingar, en fram að setningu þeirra voru lög ekki afgerandi um heimildir til að beita verðtryggingu nema á tveimur sviðum. Annars vegar hafði veðdeild Landsbankans fengið almenna heimild til sölu vísitölutryggðra vaxtabréfa á almennum markaði vegna þarfa Byggingarsjóðs. Hins vegar höfðu lög, sett við gengisbreytingar krónunnar, jafnan endurtekið gamalkunnugt ákvæði, að óheimilt væri að lána fé með skilmála um breytileika á grundvelli skráningar krónu miðað við erlendan gjaldeyri, nema um endurlánað erlent lánsfé væri að ræða.

Þó að tilgangur verðtryggingarlaga hafi fyrst og fremst verið sá, sem að framan greinir, var þó, að því er virðist, gengið lengra í lagasetningunni, og er orðalag 1. gr. það víðtækt, að túlka má það svo, að það nái yfir allt fjármunasviðið, nema löggerninga á sviði kaupgjaldsmála, sjá athugasemdir með frumvarpinu eins og það var lagt fyrir Alþingi 1965.

Reyndin hefur orðið sú, að löggjöfin hefur haft verulega þýðingu á sviði lánsfjársamninga, og má telja hana fyrst og fremst eðlilega og gagnlega að því marki.

Á hinn bóginn hafa lögin skapað nokkra óvissu um gildi löggerninga, sem mjög algengir og mikilvægir eru í viðskiptum manna, einkum húsaleigusamninga, sölusamninga um húsnæði og verksamninga. Er áratuga hefð um vísitöluviðmiðun í samningum þessum, einkum húsaleigusamningum, og verður að draga í efa réttmæti þess að ógilda notkun þeirra í því formi nú. Hefur notkun vísitöluákvæða í samningum þessum viðgengist þrátt fyrir setningu laganna. Hafa byggingaraðilar áskilið vísitölukvöð í sölusamningum um íbúðir, sérstaklega eftir að framkvæmdalán Byggingarsjóðs ríkisins komu til skjalanna. Vísast hér m. a. í 12. gr. laga nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, svo og 16. gr. reglugerðar nr. 202/1970, þar sem stofnuninni er falið m. a. að taka mið af breytingu byggingarvísitölu á byggingartíma húsnæðis, þegar afstaða er tekin til endanlegs söluverðs íbúðar. Má líta svo á, að löggjöfin gefi hér byggingaraðilum undir fótinn um að beita vísitölukvöð í sölusamningum íbúða, þannig að verðhækkana á byggingartíma geti gætt í söluverði, en ein forsenda framkvæmdaláns er, að byggingaraðili tilkynni húsnæðismálastjórn grunnverð íbúðar í umsókn um framkvæmdalán. Hliðstæð ákvæði er að finna í verksamningum um stærri framkvæmdir.

Þá má draga mjög í efa, að það samrýmist réttarvitund manna að skerða nú samningsfrelsi að þessu leyti á tímum mikillar verðbólgu, þegar ljóst er, að verðákvörðun í upphafi samnings getur ekki staðist fyrir seljanda nema með fyrirvara um breytileika verðs í samræmi við verðþróun á samningstíma. Banni við slíkum ákvæðum er vonlítið að framfylgja, og eru ávallt ráð til að komast fram hjá slíkum bönnum með ýmsum ákvæðum, ef aðeins vísitala eða hliðstæður verðmælir er ekki nefndur.

Til þess að taka af öll tvímæli um þessi efni er frumvarp þetta flutt. Óhreyfð standa öll nauðsynleg ákvæði verðtryggingarlaganna, sem sporna við notkun „valútukrónu“ og gefa Seðlabankanum nauðsynlegar heimildir til að hafa eftirlit með lánsfjársamningum og að veita heimildir til notkunar vísitöluákvæða, þar sem peningamálaleg yfirvöld telja þau eiga við. Mundi Seðlabankinn eftir sem áður hafa eftirlit með öðrum samningum, sem áfram mundu falla undir lögin breytt.

Er óþarfi að skýra efni frumvarpsins nánar, en reynt er að setja hæfileg mörk um lágmarkstímalengd þeirra samninga, sem taka verður af öll tvímæli um, að falli ekki undir greind lög. Þar sem gert er ráð fyrir verðlagsvísitölu, er gengið út frá því, að menn styðjist ýmist við byggingarvísitölu eða kaupgjaldsvísitölu eftir efnisþáttum samninga.

Ed. 70. Frumvarp til laga [65. mál]

um stöðvun verkfalla hjá Áburðarverksmiðju ríkisins, Sementsverksmiðju ríkisins og Kísiliðjunni h.f.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í kjaradóm, sem ákveði kaup og kjör þeirra starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins, Sementsverksmiðju ríkisins og Kísiliðjunnar h.f., sem í verkfalli eiga.

Hæstiréttur kveður á um hver hinna þriggja kjaradómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Kjaradómurinn setur sér starfsreglur, aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna, og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og embættistmönnum.

2. gr.

Verkföll, þar á meðal samúðarverkföll í því skyni að knýja fram aðra skipan kjaramála, sem lög þessi taka til, eru óheimil, þar á meðal framhald á verkfalli téðra starfsmanna.

3. gr.

Ákvarðanir kjaradóms samkvæmt 1. gr. skulu gilda frá gildistöku laga þessara.

Uns kjaradómur fellur skal fylgt ákvæðum síðustu samninga aðila um kaup og kjör, en leiðrétta þá launagreiðslur til samræmis við hann.

4. gr.

Ef almennar kauphækkanir verða á gildistíma þessara laga, skulu umræddir starfsmenn verða þeirra aðnjótandi, að mati kjaradóms.

5. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

7. gr.

Lög þessi gilda til 31. desember 1975, nema nýir samningar hafi verið gerðir milli aðila.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 7. gr. bráðabirgðalaga nr. 17 29. maí 1975, um stöðvun verkfalla hjá Áburðarverksmiðju ríkisins, Sementsverksmiðju ríkisins og Kísiliðjunni hf., skyldu lögin aðeins gilda þangað til nýir samningar yrðu gerðir milli aðila.

Samningar um kaup og kjör þeirra starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins, Sementverksmiðju ríkisins og Kísiliðjunnar hf., sem bráðabirgðalögin taka til, voru undirritaðir 5. júní 1975 með gildistöku sama dag, og þann dag féllu lögin því úr gildi sbr. 7. gr.

Frumvarp þetta er hins vegar lagt fyrir Alþingi til þess að fullnægja skilyrðum 28. gr. stjórnarskrárinnar. Um frumvarpið vísast að öðru leyti til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal

BRÁÐABIRGÐALÖG

um stöðvun verkfalla hjá Áburðarverksmiðju ríkisins, Sementsverksmiðju ríkisins og Kísiliðjunni h.f.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að verkföll hafi staðið yfir hjá starfsmönnum Áburðarverksmiðju ríkisins, Sementsverksmiðju ríkisins og Kísiliðjunnar h.f. frá 12. maí s. l. Hafi sáttatilraunir ekki borið árangur og horfur ekki á lausn deilunnar í bráð. Verkföll þessi hafi þegar valdið mikilli röskun í atvinnulífi landsmanna.

Nú sé vá fyrir dyrum í landbúnaðinum, þar sem síðustu forvöð séu til áburðardreifingar. Auk þess sé hörgull á súrefni til málmiðnaðar, er valdi verulegri truflun eða stöðvun í þeirri grein, en Áburðarverksmiðjan ein framleiði það hér á landi.

Sementsskorturinn hafi þegar stöðvað byggingarframkvæmdir í landinu að mestu leyti og valdið alvarlegum töfum á framkvæmdum við Sigölduvirkjun, hafnarframkvæmdum í Þorlákshöfn og víðar.

Þá hafi verkfall þetta enn fremur haft þau áhrif að framleiðsla Kísiliðjunnar h.f. hafi stöðvast svo og öflun hráefnis til framleiðslu á næsta vetri, er valda muni atvinnuleysi og stofni afurðasölu verksmiðjunnar í tvísínu.

Því telji ríkisstjórnin, að brýna nauðsyn beri til að koma í veg fyrir frekari stöðvun téðra verksmiðja.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í kjaradóm, sem ákveði kaup og kjör þeirra starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins, Sementsverksmiðju ríkisins og Kísiliðjunnar h.f., sem í verkfalli eiga.

Hæstiréttur kveður á um hver hinna þriggja kjaradómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Kjaradómurinn setur sér starfsreglur, aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna, og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum.

2. gr.

Verkföll, þar á meðal samúðarverkföll í því skyni að knýja fram aðra skipan kjaramála, sem lög þessi taka til, eru óheimil, þar á meðal framhald á verkfalli téðra starfsmanna.

3. gr.

Ákvarðanir kjaradóms samkvæmt 1. gr. skulu gilda frá gildistöku laga þessara.

Uns kjaradómur fellur skal fylgt ákvæðum síðustu samninga aðila um kaup og kjör, en leiðrétta þá launagreiðslur til samræmis við hann.

4. gr.

Ef almennar kauphækkanir verða á gildistíma þessara laga, skulu umræddir starfsmenn verða þeirra aðnjótandi, að mati kjaradóms.

5. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

7. gr.

Lög þessi gilda til 31. desember 1975, nema nýir samningar hafi verið gerðir milli aðila.

Gjört að Bessastöðum 29. maí 1975.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

Sþ. 71. Fyrirspurn [66. mál]

til forsætisráðherra um skuttogarakaup.

Frá Ingvari Gíslasyni.

1. Hvað er ríkisstjórninni kunnugt um áform og óskir útgerðaraðila í landinu um skuttogarakaup?
2. Hver er afstaða ríkisstjórnarinnar til slíkra áforma og óska?

Sþ. 72. Fyrirspurn [67. mál]

til menntamálaráðherra um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Frá Guðlaugi Gíslasyni.

1. Hver var heildartala styrk- og lánþega 1974 og hver er talið að hún verði árið 1975?
2. Hver er tala námslána og styrkja á þessu ári til námsmanna í hverri námsgrein fyrir sig: a) á háskólastigi, b) í öðrum námsgreinum — óskast í báðum tilfellum tilgreind tala námslána til námsmanna erlendis?
3. Hve hár er framfærslukostnaður námsmanna áætlaður á mánuði í hverju landi fyrir sig, þar sem íslenskir námsmenn dvelja?
4. Hve hárri upphæð nema veitt lán sjóðsins samtals síðan 1967, er lögin um Lánasjóð námsmanna voru samþykkt?
5. Hve hárri upphæð nema greiddar afborganir námslána samtals á sama tíma, og hver er vaxtagreiðsla til sjóðsins af námslánum á þessu tímabili?
6. Hver var heildarskuldabréfaeign sjóðsins vegna námslána í árslok 1974?

Óskað er skriflegs svars við fyrirspurninni.

Nd. **73. Frumvarp til laga** [68. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67 20. apríl 1971.

Flm.: Vilborg Harðardóttir.

1. gr.

Niður falli úr 72. gr. laganna eftirfarandi: „Tryggingastofnuninni er ekki heimilt að greiða meðlög lengra aftur í tímann en 6 mánuði, talið frá byrjun þess mánaðar, sem yfirvaldsúrskurður er afhentur stofnuninni, nema um sérstakar ástæður sé að ræða, sem barnsmóðir sé ekki talin eiga sök á, og getur þá tryggingaráð úrskurðað meðlagsgreiðslur allt að 18 mánuði aftur í tímann.“

Í stað þess komi: Meðlag greiðist strax frá fæðingu barns meðan gengið er frá úrskurði.

2. gr.

Niður falli úr 73. gr. laganna: „og leggur fram úrskurð á hendur barnsföður fyrir barnsfararkostnaði eða hefur gert ráðstafanir til að afla sér slíks úrskurðar.“

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt núgildandi lögum er meðlagsgreiðslum þannig háttað, að Tryggingastofnun ríkisins greiðir ekki meðlag fyrr en að fengnum meðlagsúrskurði hjá Sakadómi. Neiti faðir að gangast við barni dregst úrskurður og þar með meðlagsgreiðslur í a. m. k. 6 mánuði eða þar til blóðrannsókn getur farið fram í fyrsta lagi. En síðan getur málið enn dregist lengi fyrir dómstólum og eru dæmi til að barnsfaðernismál hafi dregist allt upp í 4 ár. Stundum næst ekki til barnsföður fyrr en mörgum mánuðum, jafnvel árum, eftir fæðingu barns, og er þá ekki hægt að sækja um meðlag á meðan. Þá kemur fyrir, að ekki tekst að feðra barn þrátt fyrir tilraunir til þess, og fellur þá í hlut ríkissjóðs að greiða meðlagið. Í öllum tilfellum fær móðirin meðlagið greitt eftir á aftur í tímann, en ekki þó lengra aftur en 6 mánuði, nema til komi vottorð frá Sakadómi að meðlagsúrskurðar hafi verið leitað áður en barnið náði 6 mánaða aldri. Þó má aldrei greiða meðlag lengra aftur í tímann en 18 mánuði.

Að sjálfsögðu er þörf móður og barns allra mest í kringum fæðingu og meðan móðirin er frá vinnu og því kemur barnsfararkostnaður, sem greiddur er löngu eftir á, að litlu gagni. Sama gildir um meðlag, sem greitt er löngu eftir á, — það leysir ekki erfiðleika móðurinnar þann tíma sem hún fær engan stuðning. Þar við bætist, að venjulega hefur kaupmáttur viðkomandi peningaupphæðar talsvert rýrnað á 6—18 mánuðum, því meðlagið er greitt án vaxta og í þeirri krónutölu sem það var á hverjum tíma.

Til að hamla gegn hugsanlegri misnotkun laganna í því skyni að losa barnsföður undan meðlagsskyldu má setja nánari reglur, t. d. um að meðlagsgreiðslur fyrir úrskurð séu háðar því skilyrði, að innan hálfs árs frá fæðingu barnsins sé lagt fram vottorð frá Sakadómi um að unnið sé að faðernismálinu.

Sþ. 74. Tillaga til þingsályktunar [69. mál]

um aðgerðir til þess að draga úr tóbaksreykingum Íslendinga.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Ellert B. Schram, Helgi F. Seljan, Karvel Pálmason, Halldór Ásgrímsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að gera tillögur um samhæfðar aðgerðir af hálfu opinberra aðila til þess að draga úr tóbaksreykingum Íslendinga. Nefndin skal sérstaklega taka til umfjöllunar annars vegar tillögugerð um fyrirbyggjandi ráðstafanir, svo sem með hvaða hætti árangursríkast verði hagað upplýsingastarfsemi um skaðsemi tóbaksreykinga, og hins vegar gera tillögur um skipulagt námskeiðahald á vegum hins opinbera eða með þátttöku þess fyrir tóbaksneytendur er vilja hætta eða draga úr tóbaksneyslu sinni. Í þessu sambandi verði sérstök áhersla lögð á baráttu gegn tóbaksneyslu skólafólks.

Í störfum sínum hafi nefndin samráð við þá aðila, er um slík mál sem hér um ræðir hafa fjallað til þessa. Niðurstöður nefndarinnar verði síðan grundvöllur aðgerða hins opinbera til aukinnar baráttu gegn tóbaksreykingum.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, hversu alvarleg heilsufarsleg hætta er samfara tóbaksreykingum. Fyrir því liggja óhrekjandi sannanir sem ekki verða dregnar í efa. Þannig eru tóbaksreykingar mjög oft bein orsök lífshættulegra sjúkdóma í öndunarfærum og hjarta og æðakerfi, en einmitt þeir sjúkdómar hafa mjög farið í vöxt hér á landi að undanförnu, í réttu hlutfalli við auknar tóbaksreykingar. Eru tóbaksreykingar því orðnar einhver mesti skaðvaldur fyrir heilsufar þjóðarinnar og má raunar líkja tóbaksreykingum við hættulegar farsóttir, slíkar sem afleiðingar þeirra hafa orðið fyrir heilsufar manna.

Þjóðfélagið og ráðamenn þess verða að draga réttar niðurstöður af þessum staðreyndum. Það má ekki lengur líta á tóbaksneyslu sem óæskilegan ávana, heldur sem stórhættulega sjúkdómaorsök sem ber að berjast gegn. Með nákvæmlega sama hætti og barátta var á sínum tíma háð fyrir því að útrýma aðstæðum sem ollu hárri tíðni ýmissa sjúkdóma, svo sem berkla, holdsveiki, sullaveiki o. s. frv., ber nú að heyja baráttu gegn þeim aðstæðum sem orsaka öðrum fremur háa tíðni hjarta-, æða- og lungnasjúkdóma þ. e. a. s. tóbaksreykingunum. Samfélaginu ber skylda til þess að hafa forustu um slíka baráttu og að aðstoða þá einstaklinga, sem orðið hafa háðir tóbaksnautn, en skilja nú hættuna henni samfara og vilja hætta reykingum. Þeim mun ríkari er skylda ríkisins í þessu sambandi þegar á það er litið, að einmitt ríkisvaldið hefur um margra ára og áratuga skeið verið stórtækasti dreifingaraðili tóbaks um landið og notfært reykingarnautnina sér til fjárhagslegs ávinnings.

Eins og nú standa sakir hefur nokkuð verið gert til þess að draga úr tóbaksreykingum landsmanna. Bindindishreyfingin í landinu hefur ávallt varað við skaðsemi tóbaksreykinga, Krabbameinsfélag Íslands hefur haft með höndum árangursríka upplýsingastarfsemi og félagið Hjartavernd sömuleiðis. Þá hefur Íslenska bindindisfélagið skipulagt námskeið fyrir reykingamenn sem vilja hætta að reykja, og hafa þau námskeið borið ótrúlega góðan árangur. Ríkisvaldið og Alþingi hafa einnig lagt nokkuð af mörkum. Hinn 7. apríl 1971 voru þannig samþykkt á Alþingi lög, sem banna auglýsingar á tóbaki á opinberum vettvangi, og jafnframt ákveðið að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skyldi verja 2 af þúsundi tekna af bruttósölu tóbaks til þess að auglýsa skaðsemi þess. Það verk hefur haft með höndum svonefnd „Samstarfsnefnd um reykingavarnir“ og hafa auglýsingaherferðir nefndarinnar gegn tóbaksnotkun vakið mikla athygli og borið árangur.

Ljóst er þó, að hér er hvergi nærri nóg gert. Samstarfsnefndinni um reykinga-

varnir er t. d. skorinn mjög þröngur stakkur þar sem starfsemi hennar miðast einvörðungu við að hafa með höndum auglýsingar í sjónvarpi, hljóðvarpi og blöðum um skaðsemi tóbaksreykinga, en hún getur ekki, lögum samkvæmt, leitað annara úrræða sem e. t. v. gætu borið betri árangur samfara auglýsingastarfinu. Fræðsla, upplýsingastarf og áróður — hinar fyrirbyggjandi aðgerðir — gætu því verið mun öflugri en nú á sér stað, og er í því sambandi sérstök áhersla lögð af hálfu flm. á að benda á þá uggvænlegu þróun, sem rannsóknir hafa leitt í ljós, að sífellt yngra fólk, jafnvel börn sem enn hafa ekki náð unglingsaldri, hefur orðið háð tóbaksnautninni.

Sé margt óunnið í hinu fyrirbyggjandi starfi í baráttunni gegn tóbaksnautn, þá er enn meira verk óunnið hvað varðar þann þátt málsins að auðvelda þeim, sem orðið hafa háðir tóbaksreykingum, að draga úr reykingum eða hætta þeim. Hér má segja að einvörðungu hafi komið til lofsvert framtak Íslenska bindindisfélagsins, eins og áður er sagt. Hefur reynslan af námskeiðum þess þó leitt í ljós hve gífurlegum árangri mætti ná með þessum hætti ef fé og aukið skipulag væri fyrir hendi. Væri nauðsynlegt að slík námskeið færu fram mjög reglulega sem víðast um land, m. a. í tengslum við skólana, og meira en athugandi að gerðir yrðu sérstakir þættir um reykingavarnir til sýningar í sjónvarpi, þannig að mikill fjöldi reykingamanna gæti orðið þátttakandi í námskeiði á vegum sjónvarpsins um að hætta reykingum og notið þess styrks sem slík námskeið gætu veitt.

Flm. telja að hið opinbera eigi að hafa forustu um baráttu gegn tóbaksreykingum með því að samhæfa þá starfsemi og fjármagna hana, en fela framkvæmdina ýmist áhugamannasamtökum eða annast hana sjálft, eftir því sem æskilegast þykir hverju sinni. Þingsályktunartillaga þessi er flutt í því skyni að undirbúningur að slíkri skipulagðri baráttu gegn tóbaksreykingum verði hafinn.

Sþ. 75. Fyrirspurnir. [70. mál]

I. Til samgönguráðherra um stofnun verðjöfnunarsjóðs vöruflutninga o. fl.

Frá Jóhannesi Árnasyni.

1. Hvað líður störfum milliþinganefndar, sem kosin var samkvæmt þingsályktun um stofnun verðjöfnunarsjóðs vöruflutninga og bætt skipulag þeirra flutninga frá 10. apríl 1973, og hvenær er þess að vænta að nefndin skili áliti?
2. Hver er orðinn kostnaður við störf nefndarinnar?

II. Til forsætisráðherra um milliþinganefnd í byggðamálum.

Frá Jóhannesi Árnasyni.

1. Hvað líður störfum milliþinganefndar, sem kosin var af sameinuðu Alþingi til að gera tillögur um markmið, leiðir og mörkun almennrar stefnu í byggðamálum skv. þingsályktun um milliþinganefnd í byggðamálum frá 13. apríl 1973, og hvenær er þess að vænta að nefndin skili áliti?
2. Hver er orðinn kostnaður við störf nefndarinnar?

III. Til fjármálaráðherra um endurskoðun laga um skipan opinberra framkvæmda.

Frá Helga F. Seljan.

Hvað líður endurskoðun þeirri á lögum um skipan opinberra framkvæmda sem samþykkt var skv. þingsályktun frá 14. maí 1975.

Ed. **76. Frumvarp til laga** [71. mál]

um breyting á lögum nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

1. gr.

1. gr. laganna (sbr. 17. gr. l. nr. 10/1974) orðist svo:

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt að fjárhæð 3½% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum, öðrum en tekjum sjómanna á íslenskum fiskiskipum, þar með töldum tekjum hlutaráðinna landmanna, sem aflað er í tengslum við úthald skipanna til fiskveiða, og tekjum af landbúnaði, svo sem ákveðið er í lögum þessum.

Skattur þessi skiptist þannig, að 2% renna í Byggingarsjóð ríkisins sem stofnfjárframlag og 1½% rennur í ríkissjóð.

2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Byggingarsjóður ríkisins greiðir til ríkissjóðs 1% af hluta sjóðsins af innheimtum launaskatti samkvæmt lögum þessum, vegna kostnaðar af framkvæmd laganna.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976 og gilda til loka þess árs.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 94 19. nóvember 1970, um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis, var ákveðið að leggja á sérstakan launaskatt, er næmi 1½%, á tímabilinu 1. desember 1970 til 31. ágúst 1971, sbr. 2. gr. téðra laga. Með bráðabirgðalögum nr. 77 21. júlí 1971 var framangreint tímabil, sem innheimta skyldi launaskatt þennan, framlengt til 31. desember 1971. Með lögum nr. 96 27. desember 1971, um breyting á lögum um almannatryggingar, var ákveðið að skattur þessi skyldi innheimtur á árinu 1972, sbr. ákvæði til bráðabirgða III. lið. Með lögum nr. 104 31. desember 1972, um breyting á lögum nr. 14 15. mars 1965 um launaskatt, var ákveðið að skattur þessi skyldi innheimtur á árinu 1973. Með lögum nr. 101 21. desember 1973, um breyting á lögum nr. 14 15. mars 1965 um launaskatt, var ákveðið að skattur þessi skyldi einnig innheimtur á árinu 1974. Með lögum nr. 63 30. apríl 1973 var gerð breyting á 1. mgr. 1. gr. laga nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt, sbr. 1. gr. laga nr. 104 31. desember 1972, og fólst í þeirri breytingu að launaskatt fyrir árið 1973 skyldi ekki greiða af tekjum sjómanna á fiskiskipum, þar með töldum tekjum hlutaráðinna landmanna. Með lögum nr. 10 22. mars 1974 var ákveðið að frá 1. apríl 1974 til loka ársins 1974 skyldi fjárhæð almenns launaskatts nema 3½%, þar af skyldu 2% renna í byggingarsjóð ríkisins sem stofnfjárframlag en 1½% renna í ríkissjóð. Var þessu eins varið árið 1975 samkvæmt lögum nr. 95 23. desember 1974. Með frumvarpi þessu er lagt til að sami háttur verði hafður á um innheimtu launaskatts árið 1976 og var árin 1974 og 1975 þannig, að skatturinn verði 3½% og renni 2% til Byggingarsjóðs ríkisins en 1½% til ríkissjóðs. Þá er lagt til að launaskattur verði ekki greiddur af tekjum sjómanna á íslenskum fiskiskipum, þar með töldum tekjum hlutaráðinna landmanna, og er þetta í samræmi við 17. gr. laga nr. 10 22. mars 1974, og 1. gr. laga nr. 95 23. desember 1974.

2. gr. frumvarpsins er efnislega samhljóða 18. gr. l. nr. 10 22 mars 1974 og 2. gr. l. nr. 95 23. desember 1974 og felur í sér að hlutur Byggingarsjóðs ríkisins í

kostnaði við álagningu og innheimtu skattsins verði óbreyttur frá því sem verið hefur.

Enn stendur yfir endurskoðun á gjöldum þeim er launagreiðendum hefur verið gert að greiða ríkissjóði og Tryggingastofnun ríkisins vegna starfsmanna sinna. Er stefnt að sameiningu hinna ýmsu gjalda í einn skatt. Af þessari ástæðu þykir rétt að gildistími frumvarpsins verði aðeins eitt ár.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1976 eru tekjur af launaskatti áætlaðar í samræmi við ákvæði frumvarps þessa.

Sþ. 77. Tillaga til þingsályktunar [72. mál]

um breytta tilhögun niðurgreiðslna á innlendum landbúnaðarafurðum.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Benedikt Gröndal, Bragi Sigurjónsson, Jón Árm. Héðinsson, Sighvatur Björgvinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna, hvort ekki sé hægt að verja því fé, sem nú er greitt úr ríkissjóði til þess að lækka söluverð innlendra landbúnaðarafurða á innlendum markaði, þannig, að það annars vegar komi neytendum að betri notum og þá sérstaklega, að það verði til þess að stuðla að aukinni kjarajöfnun, og hins vegar, að það komi í veg fyrir þá mismunun, sem núgildandi niðurgreiðslukerfi veldur milli einstakra greina í landbúnaði, og eins, hvort ekki megi beita þessu almannafé betur til þess að styðja við þá bændur, sem við erfið kjör búa.

Könnun þessa skal ríkisstjórnin fela fulltrúum, kjörnum af eftirgreindum samtökum: Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bandalagi háskólamanna, Stéttarsambandi bænda, Framleiðsluráði landbúnaðarins og Búnaðarfélagi Íslands, einum frá hverju þessara samtaka. Ríkisstjórnin skipar formann nefndarinnar.

Greinargerð.

Tillögu þessa fluttu þingmenn Alþýðuflokksins seint á síðastliðnu þingi. Var hún oftar en einu sinni á dagskrá, en vegna anna þingsins síðustu vikurnar kom hún ekki til umræðu né afgreiðslu. Því er tillagan nú flutt að nýju, og er greinargerð hennar óbreytt, að öðru leyti en því, að tölur hafa verið endurskoðaðar með hliðsjón af þeim breytingum, sem átt hafa sér stað, síðan tillagan var flutt.

Íslenskar landbúnaðarvörur hafa verið greiddar niður á innlendum markaði í áratugi. Upphaflega var farið inn á þessa braut til þess að koma í veg fyrir hækkun verðs landbúnaðarafurðanna og þau áhrif, sem það mundi hafa til hækkunar á vísitölu framfærslukostnaðar. Á þeim árum voru innlendar landbúnaðarafurðir stærri þáttur í útgjöldum vísitölufjölskyldunnar en síðar varð og nú á sér stað, svo að vísitalan var mjög viðkvæm fyrir breytingum á verði landbúnaðarafurða, eins og hún er raunar enn, þótt ekki sé í jafnríkum mæli.

Í fyrstu voru þessar niðurgreiðslur ekki verulegar. En þær fóru smám saman vaxandi, og á síðari árum hafa þær aukist stórlega. Á árinu 1974 námu niðurgreiðslurnar tæplega 3 800 millj. kr. Á þessu ári er áætlað að þær muni nema 5 200 millj. kr., miðað við þær niðurgreiðslur, sem nú eru í gildi.

Aukning niðurgreiðslanna hefur jafnan verið rökstudd með sama hætti og þegar þær voru fyrst teknar upp. Niðurgreiðslurnar hafa verið hagstjórnartæki stjórnvalda í baráttu við vaxandi dýrtíð. Þeim hefur verið ætlað að koma í veg fyrir hækkun vísitölu framfærslukostnaðar með sérstöku tilliti til þess, að kaupgjald hefur lengst af verið tengt breytingum á framfærsluvísitölu, með nokkrum

takmörkunum þó, að því er snertir þátt kaupgjalds bænda í afurðaverði. Það eru því að sjálfsögðu fyrst og fremst neytendur, sem notið hafa þess í lægra verði á innlendum landbúnaðarafurðum, að ríkisvaldið hefur varið miklu af fé skattgreiðenda til niðurgreiðslna. Á hinn bóginn hafa framleiðendur landbúnaðarafurða notið þess á óbeinan hátt, að vörur þeirra hafa verið til sölu á miklu lægra verði en ella, ef engar eða minni niðurgreiðslur hefðu átt sér stað. Innlendar landbúnaðarvörur hafa með þessum hætti orðið samkeppnishæfari en ella við erlendar matvörur.

Niðurgreiðslur á innlendum landbúnaðarafurðum tíðkast víða um lönd. Sums staðar er ástæðan hliðstæð þeirri, sem hér hefur ráðið stefnunni. Verið er að halda niðri verði á mikilvægum og hollum neysluvörum almennings. Annars staðar er verið að vernda innlenda landbúnaðarframleiðslu gegn samkeppni af hálfu erlends landbúnaðar. Slíku er ekki til að dreifa hér, þar eð bannaður er innflutningur allrar erlendrar landbúnaðarvöru, sem framleidd er í landinu sjálfu. Hér er hlutverk niðurgreiðslnanna fyrst og fremst að halda niðri innlendu verðlagi, að koma í veg fyrir hækkun á framfærslukostnaði, sem ella mundi eiga sér stað.

Þegar niðurgreiðslur eru hvorki verulegur hluti af framleiðsluverði afurðanna né heldur af tekjum þeirra neytenda, sem þær kaupa, má segja, að þær hafi ekki teljandi efnahagsáhrif umfram það, sem þeim er ætlað, þ. e. að hafa áhrif til verðlagslækkunar frá því, sem ella ætti sér stað. En þegar niðurgreiðslur eru orðnar mjög miklar, fara þær að hafa alls konar aukaáhrif, sem ekki var gert ráð fyrir í upphafi né ætlast til. Niðurgreiðslur á íslenskum landbúnaðarvörum eru nú orðnar hlutfallslega meiri en tíðkast í nokkru nálægu landi, og á það við, hvort sem miðað er við framleiðslukostnað þeirra innanlands eða tekjur neytenda. Á síðasta framleiðsluári, árinu 1974—75, mun heildsöluverð íslenskra landbúnaðarafurða hafa numið um 16 500 millj. kr. Niðurgreiðslur á þessum vörum innanlands námu um 4 500 millj. kr. eða 27% heildsöluverðsins. Á framleiðsluárinu 1975—76 má gera ráð fyrir, að heildsöluverð afurðanna verði um 22 000 millj kr. Miðað við þær reglur um niðurgreiðslur, sem nú eru í gildi, nema þær um 5 200 millj. kr. á þessa framleiðslu á ársgrundvelli, og svarar það til 24% heildsöluverðsins. Ráðstöfunartekjur heimilanna á þessu ári má áætla um 105—110 milljarða kr. Niðurgreiðslurnar nema því um 5% af heildarupphæð tekna heimilanna.

Áhrif niðurgreiðslnanna á einstakar vörutegundir sjást best, ef athugað er, hvað nokkrar helstu landbúnaðarafurðirnar mundu kosta, ef þær væru ekki greiddar niður, og hver áhrif niðurgreiðslurnar hafa á útsöluverðið. Súpukjöt mundi nú kosta óniðurgreitt 627 kr. kg. Niðurgreiðsla nemur 175.70 kr. eða 28% af verðinu óniðurgreiddu. Mjólk mundi kosta 76.10 kr. lítrinn, ef hún væri ekki greidd niður, miðað við ódýrustu umbúðir. Niðurgreiðslan nemur 40.10 kr. eða 53% af verðinu óniðurgreiddu. Neytandinn greiðir því meir en helming þess, sem mjólkin kostar raunverulega. 45% ostur mundi kosta 686 kr. hvert kg. Niðurgreiðslan nemur 85 kr. eða 12%. Smjör mundi kosta 1 102 kr. Niðurgreiðslan nemur 44% eða næstum helmingi raunverulegs verðs. Á hinn bóginn er hvorki svínakjöt né alifuglakjöt greitt niður. Þessar landbúnaðarafurðir greiðir neytandinn fullu verði.

Þegar niðurgreiðslur eru orðnar svo miklar sem hér um ræðir, hljóta ýmsar spurningar að vakna. Að því er neytanda snertir, hlýtur spurningin að vera sú, hvort svo miklar niðurgreiðslur sem hér um ræðir torveldi honum ekki að hagnýta tekjur sínar á þann hátt, að hann hafi af þeim sem mest notagildi. Til þess að njóta þess hagræðis, sem ríkisvaldið vill veita honum með því að verja jafngífurlegum fjárhæðum og raun ber vitni til niðurgreiðslna, verður hann að kaupa hinar niðurgreiddu vörur til þess að njóta hagræðisins. Hann nýtur hagræðisins t. d., ef hann kaupir súpukjöt, en hann nýtur einskis hagræðis, ef hann kaupir kjúkling, svo að ekki sé talað um einhverja aðra vöru, t. d. innlenda iðnaðarvöru, svo sem fatnað, hreinlætisvöru eða húsgagn, sem hann kann fremur að kjósa en matvöru. Mjög miklar niðurgreiðslur knýja neytendur m. ö. o. til neysluvals, sem verið getur, að þeir kæri sig ekki um og telji í raun og veru rýra raungildi tekna sinna. Þá hlýtur sú spurning einnig að vakna, hvort ástæða sé til þess að greiða tekjuháu fólki

jafnmikið fé í niðurgreiðslur og á sér stað, þegar þær hafa náð þeim gífurlegu upphæðum, sem nú er varið í þessu skyni. Tiltölulega litlar niðurgreiðslur á matvælum hafa ekki teljandi áhrif á raunverulega tekjuráðstöfun og tekjuskiptingu. Neysla þeirra, sem háar tekjur hafa, er auðvitað meiri en hinna, sem lægri hafa tekjur, einnig neysla þeirra af matvælum, þótt eflaust sé meiri munur á annarri neyslu. Af þessu leiðir að sjálfsögðu, að þeim mun meiri sem niðurgreiðslur eru, þeim mun meira fá hinir tekjuhærri í sinn hlut af þeirri heildarfúlgu, sem ríkisvaldið ver til niðurgreiðslna, en hinir tekjulægri hlutfallslega minna.

Að því er framleiðendur landbúnaðarafurða snertir vakna tvær spurningar í sambandi við hinar miklu niðurgreiðslur. Þær eru mjög misjafnar á einstakar landbúnaðarafurðir og skapa því framleiðendum mjög misjöfn söluskilyrði. Samkeppnisaðstaða einstakra greina innan landbúnaðarins hefur verið gerð mjög ójöfn. Vissar kjöttegundir, svo sem nautakjöt, svínakjöt og fuglakjöt, hafa verið svo dýrar miðað við kindakjöt, að sala hinna fyrr nefndu kjöttegunda hefur dregist mjög saman, meira að segja í svo ríkum mæli, að slíkum búrekstri er stefnt í hættu. Hin spurningin, sem vaknar, er sú, hvort óeðlilega lágt söluverð á vissum landbúnaðarafurðum, miðað við framleiðslukostnað, hvetji bændur ekki til fjárfestingar og framleiðslu, sem eigi síðar meir eftir að reynast óarðbær, þar eð afurðirnar reynist ekki seljanlegar, ef dregið yrði úr niðurgreiðslum, en svo miklar niðurgreiðslur sem hér eiga sér nú stað geta ekki staðið til frambúðar. Hefur þá bænda verið freistað til framkvæmda og framleiðsluhátta, sem skaða þá fjárhagslega síðar.

Enn eitt sjónarmið verður að hafa í huga í þessu sambandi. Á undanförnum árum hefur landbúnaðarframleiðsla vaxið mun meir en eftirspurn innanlands. Hefur eftirspurnin þó einmitt vegna sívaxandi niðurgreiðslna vaxið talsvert meir en ella hefði átt sér stað. Þetta hefur haft í för með sér, að útflutningur landbúnaðarafurða hefur farið mjög vaxandi á undanförnum árum. Af margvíslegum ástæðum er við því að búast, að nokkrar sveiflur verði á framleiðslu helstu afurða landbúnaðarins frá ári til árs. Áður fyrr urðu bændur að bera tjón af því sjálfir, ef selja þurfti afurðir þeirra úr landi og minna fékkst fyrir þær á erlendum markaði en innanlands. Síðar var það lögheimilað, að hækka mætti verð á innanlandsmarkaði á einstökum afurðum, sem væru fluttar út fyrir lægra verð en innanlandsverð, þannig að bændur fengju sama verð fyrir vöruna, hvort sem hún væri seld innanlands eða erlendis. Neytendum þótti þessi skipan mjög óeðlileg, og var hún gagnrýnd. Voru þá sett lög um, að ríkið skyldi greiða mismun þess, sem útflutningsverð kynni að vera lægra en heildsöluverð innanlands. Þessi lagaheimild hefur verið framkvæmd þannig, að þetta eigi ekki aðeins við um hverja einstaka afurðategund, eins og upphaflega var gert ráð fyrir, heldur sé ríkissjóði skylt að greiða allt að 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar í útflutningsbætur, ef útflutningsverð reynist lægra en heildsöluverð innanlands. Þessi túlkun hefur valdið því, að framleiðsla landbúnaðarafurða fyrir erlendan markað hefur haldið áfram að aukast á undanförnum árum, þótt verð erlendis sé ekki nema nokkur hluti af heildsöluverðinu innanlands. Ákvæðum, sem upphaflega var ætlað að tryggja, að framleiðsla tiltekinnar vörutegundar færi ekki nema að vissu marki fram úr innanlandsþörfinni, hefur verið beitt þannig, að heildarframleiðslan getur farið 10% fram úr innanlandsþörfinni, en ríkissjóður greiðir mismun útflutningsverðs og heildsöluverðs innanlands, hversu mikill sem sá munur kann að vera. Útflutningur kjöts var á síðasta framleiðsluári 1974—75 2 800 smál. eða 21% af heildarframleiðslunni, sem nam 13 500 smál. Tölur sýna, að verðið, sem fékkst fyrir útflutta kindakjötið, nam 49% af innlendu kostnaðarverði. Verðið, sem fékkst fyrir útflutta osta, nam hins vegar aðeins 27% af innlendu kostnaðarverði.

Á þessu ári er gert ráð fyrir, að útflutningsbætur í heild muni nema um 1 000 millj. kr. Er auðséð, að svo getur ekki orðið til frambúðar. Sú spurning hlýtur að vakna, hvort ekki séu tengsl milli mikillar aukningar niðurgreiðslnanna á undanförnum árum og þeirrar aukningar landbúnaðarframleiðslunnar, sem haft hefur sívaxandi útflutning landbúnaðarafurða í för með sér.

Um það ætti ekki að þurfa að vera ágreiningur, að 5 200 millj. kr. niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum innanlands og um 1 000 millj. kr. útflutningsbætur á útfluttar landbúnaðarvörur sé orðið efnahagsvandamál, sem brýn þörf sé orðin á að athuga vandlega, þótt niðurgreiðslurnar innanlands séu að vísu annars eðlis en útflutningsuppbæturnar, þar eð hinum fyrr nefndu er ætlað að lækka söluverð til neytenda, en hinum síðar nefndu að auka tekjur bænda. Engu að síður er í báðum tilfellum um að ræða vandamál tengt landbúnaðinum, sem réttlætir, að athugað sé, hvort samband sé milli þeirra og þá með hverjum hætti.

Það, sem brýnast er þó að athuga í þessu sambandi, er, hvort ekki mætti nýta þá rúma fimm milljarða króna, sem nú er varið til niðurgreiðslna á íslenskum landbúnaðarafurðum í þágu neytenda, þannig, að það komi þeim að betri notum en nú á sér stað og stuðli að aukinni kjarajöfnun. Leið, sem kæmi til greina í þessu sambandi og væri gaumgæfilegrar athugunar verð, væri fólgin í því, að í stað þess, að kjör neytenda séu bætt með því að lækka verð landbúnaðarafurðanna, sem nú eru greiddar niður, verði neytendum greidd í peningum sú fjárhæð, sem ríkissjóður nú ver til niðurgreiðslna, og neytendum síðan í sjálfsvald sett, hvernig þeir ráðstöfuðu þeim. Ætti þá að sjálfsögðu ekki að greiða tekjuskatt eða útsvar af þessum greiðslum né heldur ætti opinberum aðilum að vera heimilt að taka þetta fé til greiðslu opinberra gjalda.

Svo sem áður segir, er nú á þessu ári gert ráð fyrir um 5 200 millj. kr. niðurgreiðslum á innlendum landbúnaðarvörum. Landsmenn, eldri en 16 ára, munu vera um 147 000 og yngri menn um 71 000. Til þess að veita einhverja hugmynd um, hvaða tölur hér gætu komið til greina, mætti taka sem dæmi, að niðurgreiðslunum yrði skipt jafnt á alla einstaklinga, eldri en 16 ára, hvort sem þeir eru skattgreiðendur eða ekki og hvort sem um er að ræða fólk, sem vinnur utan heimilis, eða konur, sem vinna heimilisstörf, og að greiðslur til yngri einstaklinga yrðu helmingi lægri. Kæmu þá um 28 000 kr. í hlut hvers fullorðins manns eða konu og um 14 000 kr. í hlut yngra fólks. Hjón með 3 börn fengju þannig um 100 000 kr. sem greiðslu vegna hlutdeildar sinnar í niðurgreiðsluupphæð fjárlaganna, en yrðu hins vegar að greiða óniðurgreitt verð fyrir þær landbúnaðarafurðir, sem fjölskyldan keypti.

Ýmis rök hníga að því, að neytendur teldu það auka raungildi tekna sinna að geta ráðið því sjálfir, hvernig þeir ráðstafa þeim tekjum, sem ríkisvaldið ætlar þeim til þess að vega á móti vaxandi dýrtíð, í stað þess að þurfa að verja þeim til kaupa á fáum tilteknum vörum til þess að verða aðnjótandi þeirra fríðinda, sem þeir eru taldir eiga rétt á. Augljóst er, að það er ekki kostnaðarauki fyrir ríkissjóð að greiða neytendum niðurgreiðsluna beint í peningum í stað þess að verja sömu upphæð til lækkunar vöruverðs. Ef greiðslurnar væru látnar fara um hendur Tryggingastofnunar ríkisins, er ekki víst, að kostnaður við framkvæmdina yrði meiri en hann er nú við framkvæmd niðurgreiðslnanna. Ef greiðslurnar yrðu hafðar jafnháar til einstaklinga án tillits til tekna, eins og sjálfsagt virðist vera, leiddi slík ráðstöfun tvímælalaust til kjarajöfnunar, miðað við núgildandi niðurgreiðslukerfi. Þá er þess síðast en ekki síst að geta í sambandi við slíka breytingu á niðurgreiðslunum, að afnumið yrði misrétti það, sem nú ríkir milli einstakra framleiðenda landbúnaðarafurða. Allir stæðu þeir þá eins að vígi á markaðnum. Neytandinn fengi þá vöru, sem hann helst kýs, miðað við kostnaðarverð, og framleiðsla landbúnaðarins beindist smám saman inn á þær brautir, sem neytendur óska.

Auðvitað yrði hér um róttæka breytingu að ræða á mikilvægum þætti í efnahagskerfi þjóðarinnar. Ekki yrði þó hér um algert nýmæli að ræða. Á fimmta áratugnum var um tíma greiddur svo nefndur „kjötstyrkur“ í stað þess að auka niðurgreiðslur á kjöti. En engu að síður er hér um svo viðamikil mál að ræða, að ekki ber að framkvæma slíka breytingu nema að vandlegri athugun undangenginni. Þess vegna er í tillögu þessari lagt til, að helstu samtök neytenda og framleiðenda tilnefni fulltrúa í nefnd til þess að kanna hinar ýmsu hliðar málsins.

Ed. 78. Frumvarp til laga [73. mál]

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Flm.: Helgi F. Seljan, Ragnar Arnalds.

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist:

Húsnæðismálastofnun ríkisins skal starfrækja útibú frá stofnuninni á Vestfjörðum, Norðurlandi (tvö) og Austurlandi.

Útibúin skulu veita alla sömu þjónustu og stofnunin sjálf veitir, hvað snertir upplýsingar, teikningar og fyrirgreiðslu hvers konar.

Þau taka við umsóknum hvert af sínu svæði, yfirfara þær og afgreiða í samráði við yfirstjórn stofnunarinnar. Þau skulu einnig annast þá þætti, er lúta að byggingu verkamannabústaða og leiguíbúða sveitarfélaga á sínu starfssvæði, svo og aðra þá þætti félagslegra framkvæmda, er til greina koma, enda hljóti þeir samþykki yfirstjórnar stofnunarinnar.

Útibúin skulu hafa nána samvinnu við skipulagsskrifstofur landshlutanna, er þeim verður komið á. Afgreiðsla og útborgun lána skal fara fram í samvinnu við útibú Landsbankans á hverju svæði eða útibú annars ríkisbanka, og skulu bankaútibúin ganga frá öllum skilmálum og veðtryggingum.

Húsnæðismálastofnun ríkisins sér útibúunum fyrir nægilegu fé til afgreiðslu umsókna hverju sinni með tilliti til heildarútlána stofnunarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt bæði á 94. og 96. löggjafarþingi, en varð ekki útrætt, kom ekki úr nefnd, enda umsagnaraðili sá, sem helst var til leitað, stjórn Húsnæðismálastofnunar ríkisins, heldur sein til svara. Einnig var flm. tjáð að umrædd útibú væru nú mjög í athugun hjá viðkomandi stofnun og ráðuneyti og svo mun enn vera. Hins vegar sjást engin merki framkvæmda í þessa átt og því óhjákvæmilegt að halda máli þessu vakandi inni á Alþingi.

Frv. er flutt af brýnni nauðsyn, sem rakin var í greinargerð og hér fylgir með lítt breytt.

Svokölluð staðarvalsnefnd hefur nú nýlokið störfum og skilað áliti sínu til ríkisstjórnar. Þar er um að ræða hvort tveggja tillögur um heildarflutning ákveðinna stofnana svo og deilda og útibúamyndun víðs vegar um landsbyggðina. Um þetta álit eiga áreiðanlega eftir að verða miklar umræður og þar mun að vonum sitt sýnast hverjum.

Meginhugsunin að baki álitinu, forsendan sem á er byggt, er sú nauðsyn að dreifa stofnunum og þjónustu þeirra sem víðast úti um land.

Tillögurnar eru það róttækar og víðtækar í senn að langan tíma tekur að koma þeim í framkvæmd, þó mestu ráði þar stefna og vilji stjórnvalda. Það ætti að vera ljóst hverjum landsmanni, að íbúar landsbyggðarinnar sætta sig ekki lengur við það að búa við lakari þjónustu en íbúar þéttbýlisins, hvað þá þjónustuleysi.

Sú krafa verður æ háværari og almennari úti á landsbyggðinni, að hvers konar þjónusta á vegum hins opinbera verði stóraukin, hún færð frá Reykjavík út í héruðin sem allra mest. Íbúarnir úti á landi una því eðlilega illa að þurfa að sækja flest stórt sem smátt til höfuðborgarinnar, oftast með ærnum kostnaði. Hinir ýmsu þjónustuþættir eru um margt ólíkir, sumir eru þess eðlis, að erfitt er að koma þjónustunni hvarvetna við, þó að þörf sé brýn og þjónustan eigi fullan rétt á sér.

Að þeim ber að stefna engu að síður, þó að róðurinn kunni að vera þungur.

Ýmsir þættir opinberrar þjónustu eru hins vegar þess eðlis, að fátt mælir því í gegn, að þeir séu sem víðast ræktir.

Er í þessu frv. að einum þeirra vikið.

Við flm. teljum að á ýmsum sviðum sé ekki eftir neinu að bíða með aðgerðir og við höfum staðnæmst við húsnæðismálin af tveim meginástæðum.

Í fyrsta lagi eru húsnæðismálin meir í brennidepli á landsbyggðinni en nokkru sinni. Þar er nú meira byggt og af meiri fjölbreytni en áður.

Auk hinna almennu húsbygginga einstaklinga eru verkamannabústaðir, leiguíbúðir á vegum sveitarfélaga og byggingar á vegum almennra byggingarfélaga.

Þessi gróska og hin öra uppbygging í kjölfar aukinnar atvinnu kallar blátt áfram á betri þjónustu, þjónustu, sem veitt er heima í landshlutunum.

Hún fæst ekki nema með einhverju því fyrirkomulagi, sem ráð er fyrir gert í frv.

Þetta atriði beint úr greinargerð frv. í fyrra þarfnast e. t. v. nokkurrar endurskoðunar í ljósi vissrar hættu á stöðnun á þessu sviði með tilliti til þeirra erfiðleika, sem nú virðast í lánakerfi húsnæðismála almennt og harðast og fyrst bitna á landsbyggðinni. En tímabundnir erfiðleikar, sem sumpart stafa af stefnu stjórnvalda, eiga hér ekki að vera hemill á engu að síður.

Í öðru lagi hefur þess orðið átakanlega vart, hve erfitt er um vik, einkum einstökum húsbyggjendum, að þurfa allt hingað að sækja, og af því hafa sprottið margs konar erfiðleikar, mikil mistök, sem oft hafa reynst hlutaðeigandi mjög dýr.

Ríkisvaldinu ber tvímælalaust skylda til að létta þeim álögum og kostnaðarauka af landsbyggðarfólki sem framast er kostur, og hér er inn á einn þátt þeirrar skyldu komið.

Útibú frá Húsnæðismálastofnun ríkisins var t. d. ein höfuðkrafa húsnæðismálaráðstefnu á Austurlandi vorið 1973, og þaðan kom í fyrra krafa um samþykkt frv. þessa. Frá öllum þeim landsfjórðungum, sem frv. þetta snertir, hafa komið fram eindregnar kröfur í sömu átt.

Um fyrirkomulag og starfssvið þessara útibúa má lengi deila, þ. e. hvert á að vera vald þeirra og hvað á að vera í höndum yfirstjórnar Húsnæðismálastofnunarinnar.

Hér er lagt til, að vald og ákvarðanatekt verði sem mest í höndum útibúanna sjálfra, þó að samráð við yfirstjórn sé sjálfsagt og samþykki hennar þurfi til að koma, ef nýir þættir bætast í útlánakerfið.

Um yfirstjórn hvers útibús fyrir sig er engu slegið föstu, heldur yrði það að ákveðast af yfirstjórn stofnunarinnar og viðkomandi ráðherra og yrðu um það sett nánari ákvæði t. d. í reglugerð.

Að útibúin eru aðeins 4 frv., stafar einfaldlega af því, að hæpið er að fara lengra í upphafi en að hafa útibú í þeim landshlutum, sem lengst eru frá höfuðborgarsvæðinu.

Miðað við kjördæmi og aðstæður allar er réttast, að útibúin séu tvö á Norðurlandi.

Það hlýtur að verða ein brýnasta framkvæmd í þjónustu við landsbyggðaríbúa, að sem fullkomnastar skipulagsskrifstofur rísi í landshlutunum. Náin samvinna verður að vera milli þeirra og þessara útibúa, jafnvel sameiginleg starfsemi að nokkru.

Í núgildandi lögum er kveðið svo á, að veðlánakerfið skuli starfrækt undir stjórn húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands.

Varðandi afgreiðslu lánanna er því lagt til, að útibú Landsbankans eða útibú annars ríkisbanka sjái um þann þátt mála undir yfirstjórn veðdeildar Landsbankans í Reykjavík.

Eðlilegast hlýtur að teljast, að útibú Húsnæðismálastofnunarinnar skuli verða á sama stað og viðkomandi bankaútibú, og ætti það að fyrirbyggja togstreitu um staðarval

Ráð er fyrir því gert, að Húsnæðismálastofnunin sjái útibúunum fyrir fé til afgreiðslu lána með tilliti til heildarútlána, og þá átt við það, að heildarfjárþörf og heildarlánsupphæð fyrir landið allt verði skoðuð af yfirstjórn og ákvörðun hennar

verði útibúin að lúta. En auðvitað verður að ætla yfirstjórninni það eitt, að hún skipti lánsfénu á hverjum tíma af fullkomnu réttlæti.

Sumir hafa bennt á þann möguleika, að hvert útibú hefði lágmarkskvóta af heildarfé því, sem til ráðstöfunar væri á hverjum tíma. Slíkt er ókleift, svo miklar sveiflur sem eru í húsbyggingum í hinum einstöku landshlutum.

Hér verður þörfin fyrst og fremst að skera úr um fjármögnun alla.

Að öðru leyti þarfnast frv. þetta ekki skýringa.

Sþ. 79. Tillaga til þingsályktunar [74. mál]

um uppbyggingaráætlun fyrir Skeggjastaðahrepp í Norður-Múlasýslu.

Flm.: Helgi F. Seljan, Halldór Ásgrímsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar hefjast handa um gerð áætlunar um alhliða uppbyggingu í Skeggjastaðahreppi í Norður-Múlasýslu. Áætlunin verði unnin af Landnámi ríkisins í samvinnu við Framkvæmdastofnun ríkisins á grundvelli ítarlegra tillagna og grg. frá Búnaðarsambandi Austurlands.

Áætlunin taki mið af eftirfarandi höfuðatriðum:

1. Landbúnaður í Skeggjastaðahreppi verði efldur með sérstöku átaki með það markmið í huga að koma upp fullnægjandi aðstöðu til búskapar á minnst 16 lögbýlum, svo að þar verði hagkvæm skilyrði til búrekstrar og viðunandi íbúðarhúsnæði. Fjármagnsútvegun í formi óafturkræfra framlaga og lána verði við það miðuð, að ábúendur leggi fram í upphafi allt að 15% heildarkostnaðar. Auk lögboðinna lána og styrkja verði veittir sérstakir styrkir og lán með hagstæðum kjörum.
2. Framkvæmdum þessum verði komið í kring á næstu 5 árum og fjármagnsútvegun og undirbúningur við það miðaður, að þær geti hafist sumarið 1976. Ræktun lands og afréttargirðingar skulu hafa forgang í landbúnaðaráætluninni.
3. Sérstök áætlun verði gerð um útgerð og fiskvinnslu með tilliti til eflingar Hafnarþorps. Félagsleg þjónusta verði tryggð og til þess séð, að skortur á íbúðarhúsnæði hindri ekki þá nauðsynlegu þróun þorpsins, sem haldast þarf í hendur við uppbyggingu í sveitinni. Tryggt verði sérstakt lánsfé og fjárframlög til framkvæmdanna í þorpinu.
4. Framkvæmd áætlunarinnar skal vera í höndum Landnáms ríkisins og Framkvæmdastofnunar ríkisins í náinni samvinnu við hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps og Búnaðarsamband Austurlands.

Greinargerð.

Aðalástæður þessa tillöguflutnings koma í raun fram í prentuðu fylgiskjali frá Búnaðarsambandi Austurlands og hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps, en þar er að finna ítarlegt yfirlit um núverandi ástand búskapar í Skeggjastaðahreppi og þróunina s. l. ár. Þar er einnig að finna skýrar tillögur um ráð til úrbóta, sem við flutningsmenn byggjum að mestu á þingsályktunartillögu okkar. Hnignun búskapar og alvarleg hætta á eyðingu byggðar eru þær höfuðorsakir, sem jafnt heimaaðilar og við flutningsmenn höfum að leiðarljósi og valda því framar öðru, að hart þarf við að bregða. Þar að auki er hér um samtengda þætti að ræða, sem varða annars vegar öryggisleysi í litlu þorpi, atvinnu- og félagslegt, og hins vegar núverandi stöðu sveitarinnar, sem að liggur, en búskap hefur hnignað þar mjög undanfarin ár.

Brýnustu verkefnin koma fram í tillögugerðinni sjálfri, átak í uppbyggingu sveitarinnar, sem felst í áætlun um minnst 16 lögbýli, þar sem búskaparaðstaða yrði viðunandi og efling þorpsins á Höfn, þar sem bætt hafnaraðstaða yrði aðalþátturinn ásamt átaki í húsnæðismálum.

Í þessu sambandi skal sérstök áhersla lögð á tvennt:

1) Sveitin er af kunnugustu mönnum talin einkar vel fallin til sauðfjárbúskapar, þar eð landgæði og landrými fara saman í ríkum mæli.
2) Rétt við bæjardyrnar eru fengsæl fiskimið, en um sumarútgerð eina er að ræða sakir ónógrar hafnaraðstöðu. Þetta fámenna sveitarfélag skilar í dag tugmilljónum í þjóðarbúið, þó að aðstæður allar séu svo erfiðar sem raun ber vitni.

Þótt um verulega aðstoð yrði að ræða í formi lánsfjár og beinna styrkja, mundi fjármagnið skila sér margfalt á fáum árum.

Fyrir liggja greinargóðar upplýsingar um ástand mála nú og ákveðnar tillögur til úrbóta, sem okkur þykir rétt að komi fram á Alþingi að meginstofni.

Áætlanagerð á af þessum ástæðum að vera auðunnari, sérstaklega þar sem heimamenn hafa hér unnið svo mikið undirbúningsstarf sem fram kemur í prentuðum fylgiskjölum þessarar þingsályktunartillögu.

Sjálfsagt er, að áætlunina geri Framkvæmdastofnun ríkisins, áætlanadeild, og Landnám ríkisins, sem þegar hefur fengið tillögur og greinargerð hér að lútandi. Hins vegar er ákveðið lagt til, að heimamenn taki þátt í framkvæmd ásamt þessum tveim framantöldu stofnunum, þ. e. þeir veiti nauðsynlega leiðsögn, og öll áætlanagerðin verði unnin í fullu samráði við heimaaðila.

Svipuð átök hafa áður verið gerð eða eru í framkvæmd til stöðvunar byggðareyðingar og skipulegs uppbyggingarstarfs. Nægir að minna á Inn-Djúpsáætlun og viðhald byggðar á Hólsfjöllum og Efra-Fjalli. Það, að hér er lagt til, að um 5 ára áætlun verði að ræða og að framkvæmdir hefjist þegar á árinu 1976, stafar einfaldlega af því, að fljótt og myndarlega þarf við að bregðast og allur dráttur á framkvæmdum getur stefnt framtíð þessa annars blómlega byggðarlags í auðn.

Hin víðtæka gagnasöfnun og ítarlega tillögugerð, sem þegar liggur fyrir, og sérstaklega hið mikla starf Páls Sigbjörnssonar héraðsráðunautar Búnaðarsambands Austurlands þarf og á að nýta sem fyrst. Því er lögð áhersla á það, að áætlunargerð hefjist nú þegar hjá þeim tveimur opinberu stofnunum, sem nú eiga að taka við niðurstöðum að heiman. Að öðru leyti vísast til greinargerðar og tillagna þeirra, sem fylgja hér með og segja meira en öll orð í greinargerð okkar gætu sagt. Varðandi þorpið og eflingu þess vísast í framsögu fyrir tillögunni.

Fylgiskjal.

Greinargerð með tillögum um ráðstafanir til að koma í veg fyrir eyðingu byggðar í Skeggjastaðahreppi, N.-Múlasýslu.

Greinargerð þessi byggist á heimildum, sem safnað var af fulltrúum hreppsnefndar Skeggjastaðahrepps og ráðunautum Bsb. Austurlands við könnun á búskaparástandi og viðhorfum íbúenda í Skeggjastaðahreppi haustið 1974. Enn fremur er stuðst við upplýsingar í 10 ára framkvæmdaáætlun um byggingar og ræktun hjá bændum í Múlasýslum, sem gerð var af ráðunautum Bsb. Austurlands fyrir Framkvæmdastofnun ríkisins í árslok árið 1973.

Þróun byggðarinnar undanfarna áratugi.

Ekki fer á milli mála að hraðfara stefnir að því, að byggðin í Bakkafirði leggist alveg af, ef ekkert sérstakt verður gert til að koma í veg fyrir það. Sömu örlög mundu bíða þéttbýlisins á Höfn (Bakkafirði), ef sveitin legðist í eyði.

Tafla I sýnir greinilega hvert stefnir. Á tímabilinu 1930—1973 hefur fólksfækkunin numið 69% og síðasta árið fækkar enn verulega, þannig að íbúafjöldi er ekki orðinn ¼ af því sem hann var áður. Á sama tíma hefur lögbýlum í byggð fækkað um 62%. Tafla II, sem sýnir aldur íbúanna, ber með sér að útlitið með

Tafla I.

Breytingar á tölu ábúenda, lögbýla og íbúa frá 1930.

Ártal	Ábúendur		Lögbýli		Íbúar	
	Tala	Fækkun %	Tala	Fækkun %	Tala	Fækkun %
1930	40	–	29	–	222	–
1940	40	0	29	0	215	3
1950	34	15	26	11	145	35
1960	26	35	20	31	112	50
1970	18	55	15	48	76	66
1973	17	58	13	55	69	69
1974	11	72	11	62	48	78

viðhald byggðarinnar er enn verra en fólksfækkunin ein gefur til kynna, vegna þess hvað ábúendur margir eru orðnir rosknir.

Tekið skal fram, að árið 1974 eru ábúendur taldir í töflunni þannig, að ekki er talinn nema einn ábúandi þótt tveir menn vinni saman á sama búi.

Tafla II.

Skipting íbúa og ábúenda í aldursflokka.

Aldur	Tala íbúa	Tala húsbænda	Tala húsfreyja
0—19 ára	17	0	0
20—29 —	4	0	0
30—39 —	4	1	2
40—49 —	4	1	1
50—59 —	9	5	4
60—69 —	7	3	4
70 ára og eldri	3	2	0

Taflan sýnir að hlutfallslega margt af húsráðendum er roskið fólk og getur ekki átt langan búskaparferil fram undan.

Á 5 heimilanna eru börn í ómegð og skólaaldri, á tveimur heimilunum er barnmargt, 5 á hvoru.

Tafla III sýnir túnstærðir, heyfeng (árlegan) og bústærðir á einstökum búum. Ekki þykir ástæða til að gefa upp nöfn á bæjunum í þessari töflu eða í töflum, sem fara hér á eftir, þar sem sumt af því, sem fram kemur í þeim, er trúnaðarmál. En bæjunum verða gefin númer, sem þeir halda.

Alls staðar er stundaður einhliða sauðfjárbúskapur. Búin eru smá og túnstærðir og heyskapur er í góðu samræmi við bústærðir.

Tafla IV sýnir byggingar á hverju einstöku býli, þ. e. a. s. íbúðarhús, fjárhús og hlöður, enn fremur áætlaðar byggingarframkvæmdir, ræktun og girðingar.

Í áætlanagerðinni er jörðunum skipt í 3 flokka. Í fyrsta flokknum eru 5 jarðir (nr. 1—5). Þar virðist búskapur nokkuð tryggður til frambúðar, ef fámenni sveitarinnar rekur menn ekki af búunum, og áætlanir eru þar uppi um að stækka búin og bæta aðstöðuna. Í öðrum flokki eru aðrar byggðar jarðir í sveitinni (nr. 11—16) sem eru 6. Þar eru ekki uppi áætlanir um að gera framkvæmdir. Á helmingnum af þessum jörðum (nr. 11—13) er aldrað fólk, sem tæplega getur haldið áfram búskap mörg ár enn. Á hinum búunum þremur hafa ábúendurnir hvorki þörf né vilja til að stækka við sig, en mestar líkur til að þeir haldi áfram búskap um nokkurt árabil. Í þriðja flokknum eru svo 5 eyðibýli (nr. 6—10). Þau eru öll

Tafla III.
Bústærðir, túnstærðir og heyfengur á einstökum býlum, árslok 1974.

Nr. á búi	Tala sauðfjár	Tala nautgripa: kýr	Tala nautgripa: geldn.	Tala hrossa	Túnst. ha	Meðalheyf. m³
1	301	1	1	1	26,6	720
2	294	1	1	2	28,6	950
3	214	2	1	2	14,0	550
4	311	2	0	1	34,2	1 250
5	209	1	0	1	14,7	570
11	218	1	0	2	22,4	750
12	251	1	0	3	18,7	600
13	98	0	0	0	11,2	400
14	159	0	0	2	15,3	600
15	327	2	0	4	19,5	973
16	188	2	1	0	25,5	800

góðar bújarðir, flest með allmiklum mannvirkjum. Tvö nýlega komin í eyði og svipað á vegi stödd og byggðu býlin. Þriðja eyðibýlið, sem nýfarið er í eyði, er ekki áætlað að endurbyggja, heldur er gert ráð fyrir að það sé sameinað byggðri jörð (nr. 5). Landrými þessara jarða beggja er hóflega mikið fyrir eitt býli. Í áætluninni er gert ráð fyrir að fjárhús og hlaða á þessu eyðibýli verði keypt til nota á jörð nr. 5.

Áætlaðar framkvæmdir í töflu IV eru miðaðar við það, að á búunum 1—5 (það eru byggð býli, þar sem ábúendur hugsa til bústækkunar) verði komið upp að-

Tafla IV.
Íbúðarhúsbyggingar á einstökum jörðum og stærð á fjárhúsum og hlöðum, enn fremur áætlaðar byggingar, ræktun og girðingar.

Nr. á býli	Íbúðarhús: til	Íbúðarhús: áætl. nýbygg.	Fjárhús: til góð	Fjárhús: til léleg	Fjárhús: áætl. nýbygg.	Hlöður: til	Hlöður: áætl. nýbygg.	Áætlað að gera: Vélag. m³	Áætlað að gera: Rækt. ha	Áætlað að gera: Girðing km
1	1	0	200	150	250	1 300	0	80	11	6
2	2	0	350	0	100	1 000	500	0	8	3
3	1	0	0	300	450	500	1 000	80	15	4
4	1	ón. nýb. 100%	140	210	250	1 000	0	0	0	3
5	1	0	200	0	200	550	600	80	10	4
6	1	viðg. 15%	250	0	160	450	600	0	16	4
7	1	— 25%	220	0	200	(250)	1 200	0	16	3
8	1	— 80%	0	0	350	0	1 200	0	26	6
9	1	— 25%	0	0	350	0	1 200	0	20	5
10	0	100%	0	0	350	0	1 200	0	25	3
11	1	0	220	0	0	550	0	0	0	3
12	1	0	300	0	0	400	0	0	0	3
13	1	0	200	0	0	400	0	0	0	3
14	1	0	400	0	0	1 000	0	0	0	4
15	1	0	280	0	0	760	0	0	0	5
16	1	0	240	0	0	500	0	0	0	3

stöðu til að hafa 350—450 kinda bú. Fjárhús verði stækkuð að því marki og ræktun og hlöðubyggingar stækkað í samræmi við það. Reiknað er með lítið eitt stærri búum þar sem stórar fjölskyldur eru.

Á jörðunum nr. 6—10, sem nú eru í eyði, er reiknað með að koma upp sambærilegri aðstöðu og á hinum 5. Íbúðarhús eru fyrir hendi á öllum nema einu og allmiklar byggingar á tveimur. Viðgerðarkostnaður er áætlaður í prósentum af nýju húsi, en það er mjög lausleg áætlun.

Á býlunum nr. 11—16 eru engar framkvæmdir áætlaðar nema girðingar. En reiknað er með, að allir ábúendur sveitarinnar standi saman að því að gera aðréttargirðingu og girði hver fyrir sínu landi. Öllum ábúendum ber saman um að slík girðing væri eitt það gagnlegasta, sem hægt væri að gera öllum bændunum til hagsbóta.

Engin áætlun er gerð um byggingu fjósa eða hesthúsa. Víðast eða alls staðar eru þær byggingar til.

Tafla V.

Framkvæmdaáætlun fyrir hverja einstaka jörð miðuð við framkvæmdaáætlun í töflu IV.

A. Jarðir nr. 1—5, byggðar jarðir þar sem stækkun er fyrirhuguð.

Nöfn framkvæmda	Jörð nr. 1 þús. kr.	Jörð nr. 2 þús. kr.	Jörð nr. 3 þús. kr.	Jörð nr. 4 þús. kr.	Jörð nr. 5 þús. kr.
Íbúðarhús	0	0	0	5 000	0
Fjárhúsbyggingar	2 400	1 200	5 400	3 000	1 000
Hlöður	0	1 000	2 000	0	1 000
Vélageymslur	500	0	500	0	500
Ræktun	440	320	600	0	400
Girðingar	800	400	550	400	550
Samtals	4 140	2 920	9 050	8 400	3 450
Fjármögnun:					
Styrkir B. Í.	452	285	937	435	112
Lán Stofnlánad.	1 910	1 380	4 410	2 620	1 110
Eigið fé 15%	621	438	1 358	1 260	580
Vantar fjárm.	1 157	817	2 345	4 085	1 710

B. Jarðir nr. 6—7, nú óbyggðar.

Nöfn framkvæmda	Jörð nr. 6 þús. kr.	Jörð nr. 7 þús. kr.	Jörð nr. 8 þús. kr.	Jörð nr. 9 þús. kr.	Jörð nr. 10 þús. kr.
Íbúðarhús	750	1 250	4 000	1 250	5 000
Fjárhúsbyggingar	1 920	2 400	4 200	4 200	4 200
Hlöðubyggingar	1 200	2 400	2 400	2 400	2 400
Ræktun	640	640	1 020	800	1 000
Girðingar	530	400	600	650	400
Vélar	2 000	2 000	2 000	2 000	2 000
Bústofn	1 400	1 400	1 400	1 400	1 400
Samtals	8 440	10 490	15 620	12 700	16 400 —

(Tafla V, frh.) B. Jarðir nr. 6—7, nú óbyggðar.

Nöfn framkvæmda	Jörð nr. 6 þús. kr.	Jörð nr. 7 þús. kr.	Jörð nr. 8 þús. kr.	Jörð nr. 9 þús. kr.	Jörð nr. 10 þús. kr.
Fjármögnun:					
Styrkur skv. jarðræktarlögum	500	540	825	805	765
Lán Stofnlánad.	3 483	4 458	6 240	5 518	6 100
Eigið fé 15%	1 266	1 574	2 326	1 905	2 460
Vantar fjármagn	3 191	3 918	6 229	4 472	7 074

C. Jarðir nr. 11—16. Jarðir með engar framkv. nema girðingar.

	Nr. 11 þús. kr.	Nr. 12 þús. kr.	Nr. 13 þús. kr.	Nr. 14 þús. kr.	Nr. 15 þús. kr.	Nr. 16 þús. kr.
Girðingar	400	400	400	530	650	400
Fjármögnun:						
Styrkur skv. jarðræktarlögum	60	60	60	80	100	60
Lán Stofnlánad.	120	120	120	160	200	120
Eigið fé 15%	60	60	60	80	100	60
Vantar fjármagn	160	160	160	210	250	160

Í töflu V er heildarstofnkostnaður, styrkir og lán áætlað á eftirfarandi hátt: **Íbúðarhús áætluð að kosti 5 000 þús. kr., lán á þau 1 millj. kr.**

Fjárhús yfir hverja kind 12 þús. kr., lán 50% af því, styrkur 1 500 kr. á kind (djúpur kjallari).

Hlöður 2 000 kr. hver rúmmetri, lán 50%, styrkur 150 kr. pr. m^3. Vélageymslur með sama kostnaði á m^3.

Ræktunarkostnaður áætlaður 40 þús. kr. ha. Jarðabótastyrkurinn dreginn frá strax og ekki talinn með í heildarkostnaði og þá ekki heldur með í styrk. Lán á ha. 20 þús. kr.

Kostnaður við girðingar 133 þús. kr. á km, styrkur 20 kr. á metra, lán 40 þús. kr. á km.

Ekkert fjármagn er áætlað til vélakaupa eða fjölgunar búfjár á byggðum jörðum, en á óbyggðu býlunum nr. 6—10 eru áætlaðar 2 millj. kr. til vélakaupa á hverju býli og reiknað með að til þeirra fáist veðlán í Stofnlánadeild 480 þús. kr. á hvert (þ. e. lán á 2 dráttarvélar). Á þeim jörðum eru áætlaðar 1 400 þús. kr. til bústofnskaupa og reiknað með að helmingur af því fáist að láni. Það svarar til þess að keyptar væru 350 kindur á 4 000 kr. stk. og að 2 000 kr. lán fáist á hverja kind.

Tafla VI.
Heildarfjármagnsþörf fyrir áætlaðar framkvæmdir.

Fjárfestingarliðir	Byggð býli nr. 1—5 þús. kr.	Auðar jarðir nú, nr. 6—10 þús. kr.	Byggð býli nr. 11—16 þús. kr.	Fjármagnsþörf samtals þús. kr.
Íbúðarhúsbyggingar	5 000	12 250	–	17 250
Fjárhúsbyggingar	14 000	16 920	–	30 920
Hlöðubyggingar	3 000	10 800	–	13 800
Vélageymslur	1 500	–	–	1 500
Ræktun	1 760	4 100	–	5 860
Girðingar	2 700	2 580	2 780	8 060
Vélakaup	–	10 000	–	10 000
Bústofnskaup	–	7 000	–	7 000
Samtals	27 960	63 650	2 780	94 390
Fjármögnun:				
Styrkur skv. lögum	2 221	3 435	420	6 076
Lán úr Stofnlánad.	11 430	25 799	840	38 069
Eigið fé 15%	4 195	9 531	420	14 146
Vantar fjármagn	10 114	24 885	1 100	36 099

Tafla VI sýnir, hvernig heildarfjármagnsþörf fyrir allar áætlaðar framkvæmdir skiptist niður á framkvæmdaliði og jarðaflokka, einnig kemur fram, að hve miklu leyti jarðabótastyrkur skv. jarðræktarlögum og hefðbundin lán úr Stofnlánadeild landbúnaðarins hrökkva til fjármögnunar. Fram kemur, að þegar þetta fjármagn ásamt 15% af heildarfjárfestingu, sem væri lagt fram af ábúendum, er dregið frá, verða eftir 36 099 þús. kr. Það samsvarar upphæð, sem nemur rúml. 7 millj. kr. á ári í 5 ár.

Fram hjá einum þætti, sem snertir þessa áætlun, hefur alveg verið gengið, en það er breyting á eignarhaldi á eyðijörðunum og hugsanleg fjárþörf í sambandi við það. Varla er annað hugsanlegt en Jarðeignadeild ríkisins kaupi þær jarðir, sem væntanlegir ábúendur væru þá ekki reiðubúnir að kaupa. Ekki verður annað séð en að deildin sé skv. lögum skyldug að kaupa þær jarðir, sem eigendur hafa nýlega yfirgefið og ekki getað selt. Hér er því ekki verið að fara fram á nein sérstök hlunnindi. Að sjálfsögðu er hér aðeins átt við jarðir, sem nú eru í eyði, og sama gæti komið upp með jarðir, sem núverandi ábúendur færu frá.

Sú framkvæmdaáætlun, sem sett er upp hér að framan, er talsvert kostnaðarsöm og krefst allmikils fjármagns í lánum og styrkjum úr opinberum sjóðum. Því er eðlilegt, að ýmsar spurningar vakni, þegar farið verður að taka ákvörðun um það, hvort ástæða sé til að koma áætluninni í framkvæmd. Hér skal minnst á nokkur atriði, sem svara þarf í því sambandi.

Spyrja má til dæmis: Er nauðsynlegt að byggja upp svo margar jarðir til að halda byggðinni við?

Aldrei verður hægt að setja fram ákveðna og óumdeilanlega tölu býla, sem þurfi að vera í byggð, til að félagsaðstaða í sveitinni verði bærileg. Augljóst er þó að tala fullgildra bænda má ekki fara neitt að marki niður fyrir þetta lágmark til að félagsaðstaða verði sæmileg, t. d. með smalamennskur og margt fleira. Með þetta mikilli byggð væri og mestur hluti landkosta sveitarinnar hóflega nýttur. Ein eyðijörð stór og góð er þó ekki tekin með og fleiri minni.

Ef litið er á aðstöðu bænda í Skeggjastaðahreppi, sem lagt hafa fram ævistarf sitt og fjármuni til að skapa sér skilyrði til atvinnu og búsetu, kemur fram, að þeir sitja nú uppi með aleigu sína, gagnslausa og verðlausa, ef þannig fer sem horfir.

að byggðin fari í auðn. Sama er að segja um þá sem þorpið á Bakkafirði byggja. Þessi þróun er á engan hátt sök þess fólks, sem þarna býr, heldur eru það breyttir þjóðfélagshættir, sem valda, en þó fyrst og fremst vanræksla þjóðfélagsins að veita þarna félagslega þjónustu til jafns við það sem annars staðar hefur verið gert. Það er ekki mikill munur á aðstöðu þessa fólks og þess, sem misst hefur sitt í náttúruhamförum.

Viðurkennt hefur verið, að þjóðfélaginu beri að bæta því fólki tjónið, sem fyrir slíku verður.

Að síðustu skal svo minnt á byggðastefnuna, sem nú er mjög höfð á orði og jafnvel einn liður í yfirlýstri stefnu núverandi ríkisstjórnar. Hér er mjög gott tækifæri til að sýna hana í verki.

Það byggðarlag, sem hér um ræðir og nú stendur höllum fæti, hefur fram til þessa fengið ákaflega smáar upphæðir af framkvæmdafé þjóðarinnar. Þrátt fyrir það hafa verið framleidd þar mjög mikil verðmæti, mest úr sjó en þó einnig talsvert af landbúnaðarvörum.

Náttúruskilyrði eru þarna góð bæði til sjós og lands, en til þess að hægt sé að nýta þau, þarf að skapa íbúunum viðhlítandi aðstöðu félagslega og atvinnulega, sem krefst eðlilega nokkurrar fjárfestingar.

Egilsstöðum, 10. apríl 1975.

Páll Sigbjörnsson.

Ed. 80. Frumvarp til laga [75. mál]

um holræsagjald, byggingargjald og sérstakt gatnagerðargjald á Akureyri.

Flm.: Jón G. Sólnes, Ingi Tryggvason, Stefán Jónsson.

1. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að leggja holræsagjald á öll hús og lóðir í bænum, samkvæmt reglugerð er hún setur og ráðherra staðfestir. Holræsagjaldi skal varið til viðhalds, eftirlits og hreinsunar á holræsum í götum bæjarins. Gjaldið skal miðað við skattvirðingarverð húseignarinnar eða stærð lóðar og bygginga, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.

2. gr.

Þegar bæjarstjórn selur á leigu byggingarlóðir eða veitir byggingarleyfi er henni heimilt að krefja húsbyggjendur um byggingargjald, samkvæmt gjaldskrá er hún setur og ráðherra staðfestir. Áskilja má greiðslu byggingargjalds af öllum nýbyggingum og breytingum og endurbyggingu húsnæðis sem felur í sér stækkun eða breytta notkun þess.

3. gr.

Byggingargjaldi skv. 2. gr. skal varið til byggingareftirlits, gatnagerðarframkvæmda og veituframkvæmda í bænum og má það nema allt að áætluðum meðalkostnaði við að undirbyggja götu og gangstétt með tilheyrandi lögnum og bundnu slitlagi.

4. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að ákveða með sérstakri samþykkt sem ráðherra staðfestir, að innheimta sérstakt gatnagerðargjald af sérhverri fasteign innan skipulagðs svæðis í bænum, í þeim tilgangi að ljúka gerð gangstétta og lagningu bundins slitlags á götur á því svæði, sem samþykktin tekur til.

Samanlögð álögð gjöld samkvæmt samþykkt þessari mega eigi nema hærri upphæð en nemur kostnaði við þær framkvæmdir, sem að framan greinir.

Eigi er heimilt að krefjast þess hluta gjaldsins af fasteign eða hluta hennar, sem áður hefur verið innheimt í byggingargjaldi.

Staðfesting ráðherra er háð því, að bæjarstjórn leggi fram tíma-, framkvæmda- og kostnaðaráætlun um framkvæmdir þessar.

5. gr.

Við ákvörðun gjalda samkvæmt 2. gr. og 4. gr. laga þessara skal miðað við lóðarstærð og stærð bygginga, eftir því sem nánar er ákveðið í gjaldskrá um byggingargjald og samþykkt um sérstakt gatnagerðargjald. Gjöldin má ákveða mismunandi eftir notkun fasteignar, svo sem hvort um er að ræða verslunar- og skrifstofubyggingar, iðnaðarhúsnæði, íbúðarhúsnæði o. s. frv. Enn fremur mega gjöldin af íbúðarhúsum vera mismunandi eftir því, hvort um er að ræða einbýlishús, raðhús, fjölbýlishús o. s. frv.

6. gr.

Um gjalddaga og innheimtu holræsagjalds skv. 1. gr. fer með sama hætti og um fasteignaskatt. Byggingargjald skv. 2. gr. skal gjaldkræft eftir því sem bæjarstjórn ákveður í gjaldskrá og fylgir það vísitölu byggingarkostnaðar. Sérstakt gatnagerðargjald skv. 4. gr. skal greiða á jafnmörgum árum og framlögð framkvæmdaáætlun nær yfir, en heimilt er bæjarstjórn að dreifa greiðslum á lengra tímabil.

Hækki framkvæmdakostnaður skv. framkvæmdaáætluninni vegna hækkunar verðlags, má gjaldið hækka sem því nemur.

7. gr.

Holræsagjaldi skv. 1. gr., byggingargjaldi skv. 2. gr. og sérstöku gatnagerðargjaldi skv. 4. gr. fylgir lögveð í viðkomandi fasteign.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 87/1970, um gjöld til holræsa, gangstétta og varanlegs slitlags á götum á Akureyri.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi, en varð ekki útrætt og er því endurflutt nú.

Frumvarpið er flutt í samráði við alþingismenn Norðurlandskjördæmis eystra í neðri deild og að beiðni bæjarstjórnar Akureyrar og er í reynd endurskoðun á lögum nr. 66 frá 1917, um gjöld til holræsa og gangstétta á Akureyri, sbr. lög um breytingu á þeim lögum, nr. 45 frá 1970 og lög nr. 87 frá 1970.

Á fundi bæjarstjórnar Akureyrar 8. apríl s. l. var eftirfarandi samþykkt með öllum 11 atkvæðum í bæjarstjórn:

„Vegna breytingartillögu félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 51 frá 16. maí 1974, um gatnagerðargjöld, samþykkir bæjarstjórn Akureyrar að senda alþingismönnum Norðurlandskjördæmis eystra eftirfarandi:

Bæjarstjórn leggur áherslu á, að gjald samkvæmt 3. grein megi innheimta af öllum fasteignum innan skipulagðs svæðis, óháð því hvenær malbikun gatna hefur farið fram.

Bæjarstjórn gerir tillögu um að 4. grein laganna orðist svo:

Gjald skv. 3. gr. má innheimta af sérhverri fasteign innan skipulagðs svæðis í sveitarfélaginu í þeim tilgangi að ljúka gerð gangstétta og lagningu bundins slit-

lags á götur á því svæði, sem samþykktin tekur til, sbr. þó undantekningu í 3. gr. Samanlögð álögð gjöld skv. samþykkt þessari mega eigi nema hærri upphæð en nemur kostnaði við þær framkvæmdir, sem að framan greinir. Staðfesting ráðherra er háð því, að sveitarstjórn leggi fram tíma-, framkvæmda- og kostnaðaráætlun um framkvæmdir þessar.

Ef þetta sjónarmið fæst ekki fram, mun bæjarstjórn fara fram á við þingmenn kjördæmisins, að þeir flytji frumvarp um breyting á lögum nr. 87/1970, um gatnagerð o. fl. fyrir Akureyri."

Þar sem fyrir liggur að fyrra atriði þessarar samþykktar, sem snýr að lögunum um gatnagerðargjöld frá 1974, náði ekki fram að ganga, þá er síðari kosturinn valinn. Er frumvarp þetta samið í fullu samráði við forsvarsmenn Akureyrarbæjar, sbr. síðustu málsgrein ályktunar bæjarstjórnar.

Bundið slitlag var fyrst sett á götur á Akureyri fyrir u. þ. b. 50 árum. Var fyrst í stað einungis lagt bundið slitlag (malbik) á götur í miðbæ Akureyrar og til suðurs frá miðbænum. Við þetta var látið sitja, enda hvergi verulega betra ástand að þessu leyti á þeim árum.

Snemma á síðasta áratug urðu algjör þáttaskil í þessum efnum, er bifreiðafjöldi landsmanna fór að vaxa margfalt örar en áður. Um það leyti var gerð tíu ára áætlun um varanlega gatnagerð í Reykjavík (1963). Voru þá gerðar ráðstafanir til að Akureyri gæti fylgt í kjölfar höfuðborgarinnar og keypt tæki til malbiksframleiðslu og malbikunar á árunum 1964—1966. Framkvæmdir við varanlega gatnagerð fóru nú mjög vaxandi, en þó hvergi nærri í samræmi við möguleg afköst. Hefur skortur á framkvæmdafé valdið þessu, en þó er Akureyri eitt þeirra sveitarfélaga sem hvað best hefur nýtt þá tekjustofna sem lög heimila, og gatnagerðargjöld vegna undirbyggingar gatna hafa verið tekin síðan 1967. Ástæður fyrir skorti á framkvæmdafé samanborið við Reykjavík hafa fyrst og fremst verið þær, að ákveðnir tekjustofnar sveitarfélaga gefa mun lægri tekjur á Akureyri en í Reykjavík.

Á undanförnum árum hefur Akureyrarbær látið ganga fyrir að ljúka gerð (með bundnu slitlagi) á götum í miðbæ, á aðalumferðargötum, á götum við meiri háttar atvinnufyrirtæki, skóla og fjölbýlishús. Eftir er að ljúka gerð á meginhluta af íbúðargötum bæjarins.

Á sama tíma hefur vöxtur bæjarins verið ör og lengd gatnakerfisins vaxið mikið, sérstaklega að því er varðar íbúðargötur. Ljóst er, að lagning bundins slitlags á íbúðargötur bæjarins er nú eitt höfuðáhugamál og hagsmunamál bæjarbúa almennt. Sem dæmi þar um má nefna, að íbúar nokkurra gatna hafa boðið fram fjármuni til að flýta lagningu bundins slitlags á íbúðargötur þeirra. Slík boð hefur bæjarstjórn ekki viljað þiggja, þar eð hún hefur ekki viljað láta efnahag ráða röð framkvæmda. Þó að verulega hafi miðað í varanlegri gatnagerð á Akureyri er enn ólokið lagningu bundins slitlags á um 55% gatnakerfisins miðað við lengd eða um 27 km. Auk þess eru um 10 km gatna enn óundirbyggðir. Áætlaður heildarkostnaður við þessar framkvæmdir er um 625 m.kr. miðað við núverandi verðlag. Þar af eru um 500 m.kr. vegna húsagatna og safnbrauta. Ólagðar götur, sem ákveðnar hafa verið í skipulagi og nauðsynlegt er að leggja á næstu árum, eru ekki taldar með.

Ljóst er, að útilokað er, ekki síst með tilliti til annarrar framkvæmdaþarfar, að ljúka þessu verkefni á þeim tíma, sem almenningur getur sætt sig við, með þeim tekjum sem núgildandi tekjustofnakerfi getur gefið. Heimild í lögum nr. 87 frá 1970 um gatnagerðarskatt vegna bundins slitlags hefur bæjarstjórn ekki treyst sér til að nota, þar sem samkvæmt þeim er einungis unnt að leggja það gjald á fasteignaeigendur við þær götur sem bundið slitlag er lagt á eftir 6. ágúst 1970. Þeir, sem búa við götur með bundnu slitlagi og þar með flest meiri háttar fyrirtæki og stofnanir í bænum,slyppu við að greiða gjaldið. Hliðstætt gildir um lög nr. 51 frá 1974 og lög um breyting á þeim lögum, nr. 31 frá 1975, þar sem gjaldið nær til fast-

eigna við þær götur sem bundið slitlag er lagt á eftir 7. maí 1969. Telur bæjarstjórn þetta það óréttlátt að óviðunandi sé, því að það sé hagsmunamál allra bæjarbúa og fyrirtækja í bænum að ljúka lagningu bundins slitlags á götur bæjarins hið fyrsta. Óréttlátt er að fasteignaeigendur, sem haft hafa beinan hag af að vera við fullgerðar götur, taki engan þátt í fyrirhuguðu átaki við varanlega gatnagerð, en að öðrum fasteignaeigendum, sem í áratugi hafa verið við ófullgerðar götur, verði gert að greiða sérstakt malbikunargjald. Hinir síðarnefndu fasteignaeigendur hafa greitt sín gjöld til bæjarsjóðs, margir áratugum saman, til jafns við hina, og þar með tekið þátt í kostnaði við lagningu bundins slitlags hjá þeim.

Útilokað er að miða við ákveðið ár (sbr. ákvæði um fimm ár í lögum nr. 31 frá 1975, um breyting á lögum nr. 51 frá 1974). Sumar af lengri götum bæjarins hafa verið lagðar bundnu slitlagi á nokkrum árum og mundu þá sumir íbúar þeirra gatna sleppa við gjald en aðrir ekki.

Gerð hefur verið áætlun um að ljúka lagningu bundins slitlags á götur bæjarins á fimm árum. Tæknilega er engin hindrun fyrir því að þessi áætlun standist. En eins og áður hefur sagt verið, er álagning sérstaks gatnagerðargjalds nauðsynleg eigi áætlunin að standast. Það er hins vegar skoðun bæjarstjórnar, að forsenda slíkrar gjaldtöku sé, að unnt verði að leggja gjaldið á alla fasteignaeigendur bæjarins.

Lagafrumvarp þetta fjallar einnig um byggingargjald og holræsagjald. Rétt þótti að endurskoða lög nr. 87/1970, um gjöld til holræsa, gangstétta og varanlegs slitlags á götur á Akureyri, í heild og færa til nútímahorfs.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hún kveður á um heimild til að leggja á holræsagjald. Heimildarákvæði þetta er í lögum nr. 87/1970 og samkvæmt þeim og reglugerð nr. 59/1972 er holræsagjald nú lagt á.

Um 2. gr.

Hún felur í sér heimild til að krefja húsbyggjendur um byggingargjald (gatnagerðargjald) þegar byggingarlóðir eru seldar á leigu eða byggingarleyfi veitt. Heimild þessi felst í eldri lögum, nr. 87/1970, og grein þessi er nær samhljóða 1. gr. laga nr. 51/1974.

Byggingargjöld (gatnagerðargjöld) vegna undirbyggingar gatna hafa verið tekin síðan 1967, samkvæmt gjaldskrá, sem bæjarstjórn hefur sett.

Um 3. gr.

Hún kveður á um, hvernig byggingargjaldinu (gatnagerðargjaldinu) skuli varið og við hvaða kostnað gjaldið skuli miðast. Þetta er í samræmi við núverandi gjaldskrá um byggingargjald og greinin er að meginhluta til samhljóða 2. gr. laga nr. 51/1974.

Byggingargjald felur í sér byggingarleyfisgjald vegna byggingareftirlits, gjald vegna gatnagerðarframkvæmda, þ. e. undirbyggingar gatna, gerðar gangstétta og lagningar bundins slitlags á götur, og gjald vegna veituframkvæmda, þ. e. lagningar holræsa, vatnsæða fyrir kalt og heitt vatn (vatnsveita, hitaveita) og raflagna (rafveita).

Um 4. gr.

Hún felur í sér heimild til að innheimta sérstakan tímabundinn fasteignaskatt af sérhverri fasteign innan skipulagðra svæða í bænum, sem í frumvarpi þessu er nefnt sérstakt gatnagerðargjald, til samræmis við samnefnt og hliðstætt gjald sem kveðið er á um í lögum nr. 51 frá 1974, um gatnagerðargjöld, í þeim tilgangi að gera sérstakt átak í gatnagerð og ljúka undirbyggingu eldri gatna, lagningu veitukerfa, gerð gangstétta og lagningu bundins slitlags á götur í bænum.

Greinin kveður á um, við hvaða kostnað sérstakt gatnagerðargjald skuli miðast og að óheimilt sé að innheimta þann hluta gjaldsins, sem áður hefur verið krafið um í byggingargjaldi. Þá er í greininni ákvæði um að staðfesting ráðherra sé háð því að tíma-, framkvæmda- og kostnaðaráætlun sé fyrir hendi. Það er gert til þess að tryggja það, að framkvæmdaáformin séu raunhæf og vissa fyrir því að framkvæmdum sé hægt að ljúka á settum tíma.

Heimildarákvæði þessarar greinar um innheimtu sérstaks gatnagerðargjalds af öllum fasteignum er óháð því, hvenær eða hvort lagning bundins slitlags hefur farið fram. Þetta er frábrugðið því sem sérlög fyrir Akureyri, nr. 87/1970, heimila og almenn lög, nr. 51/1974, og lög nr. 31/1975, um breyting á lögum nr. 51/1974.

Í þeim felst aðeins heimild til að innheimta gjaldið af fasteignum við þær götur, sem bundið slitlag er lagt á frá ákveðnum tíma, þ. e. eftir 6. ágúst 1970, samkvæmt sérlögunum fyrir Akureyri, og eftir 7. maí 1969, samkvæmt lögum um breytingu á almennu lögunum um gatnagerðargjald. Það er augljóst, að í þeim sveitarfélögum, þar sem lagning bundins slitlags hefur farið fram fyrr að nokkru marki, þá er fasteignaeigendum stórlega mismunað í gjaldheimtu, samkvæmt ofangreindum lögum. Ef viðhafa á eitthvert réttlæti, þá er það algjör forsenda, að sérhverri fasteign verði gert að bera sinn hluta kostnaðar við að ljúka gerð gangstétta og lagningu bundins slitlags á götur í bænum, óháð einhverjum tímamörkum um það hvenær bundið slitlag hefur verið lagt á götur.

Eins og áður er getið, kveður greinin á um að öllum fasteignaeigendum sé gert að greiða gjaldið óháð því, hvenær bundið slitlag hefur verið lagt á einstakar götur í bænum. Þeim er öllum gert að taka sameiginlega þátt í kostnaði við að ljúka gerð gangstétta og lagningu bundins slitlags á götur í bænum, að sínu leyti á sama hátt og bæjarfélagið hefur fram til þessa, gert öllum að greiða, í álögðum gjöldum til bæjarsjóðs þann kostnað, sem þegar hefur verið lagður í varanlega gatnagerð í bænum.

Tekjustofnar bæjarins hafa hin síðari ár verið nýttir að fullu, m. a. til þess að unnt væri að hraða malbikun í bænum, enda þótt þeir að óbreyttu hrökkvi langtum of skammt til þess, að nokkrar líkur séu til þess að hægt verði að ljúka varanlegri gatnagerð í bænum á þeim tíma, sem bæjarbúar geta sætt sig við.

Það, sem áunnist hefur í varanlegri gatnagerð í bæjarfélaginu til þessa, er sameiginlegt átak allra bæjarbúa. Það, sem ólokið er á þessu sviði í dag, á líka að vera sameiginlegt átak bæjarbúa. Þeir, sem búa við malbikaðar götur, hafa í engu öðlast neinn rétt fram yfir þá, sem búa við ófullgerðar götur, er réttlæti það, að hinir síðarnefndu greiði einir kostnað við að ljúka varanlegri gatnagerð í bænum.

Greinin kveður líka á um, að upphæð sérstaks gatnagerðargjalds sé háð því, hversu miklu er ólokið í varanlegri gatnagerð í bænum, og mega álögð gjöld eigi nema hærri upphæð en nemur framkvæmdakostnaði við að ljúka gerð gangstétta og lagningu bundins slitlags á götur í bænum. Það er ekki verið að taka gjald fyrir það, sem búið er að kosta og framkvæma í varanlegri gatnagerð, hvort sem um er að ræða húsagötur, safnbrautir eða tengibrautir, heldur eingöngu fyrir það, sem ólokið er. Hér er hvorki um að ræða tvísköttun né innheimtu gjalds aftur í tímann, heldur er um að ræða sérstakan tímabundinn fasteignaskatt sem öllum fasteignaeigendum er gert að greiða svo að hægt sé að afla fjármagns til framkvæmda sem ólokið er í gerð gangstétta og lagningu bundins slitlags á götur, til þess að unnt sé að hraða framkvæmdum og gera það kleift að ljúka þeim á þeim tíma sem bæjarbúar geta almennt sætt sig við.

Um 5. gr.

Hún kveður á um, við hvað skuli miða ákvörðun gjalda skv. 2. gr. og 4. gr. enn fremur, að gjöldin megi ákveða mismunandi eftir notkun fasteignar og eftir því um hvaða íbúðarhúsnæði er að ræða. Grein þessi er nær samhljóða 5. gr. laga nr. 51/1974.

Um 6. gr.

Hún kveður á um innheimtu gjalda samkvæmt lögum þessum. Einnig er ákvæði um, að byggingargjald fylgi byggingarvísitölu, svo sem er um núgildandi byggingargjald, og greiðslur sérstaks gatnagerðargjalds fylgi hækkuðum framkvæmdakostnaði vegna hækkunar verðlags.

Ákvæði um, að greiðslur gatnagerðargjaldsins fylgi verðlagi, er nauðsynleg forsenda þess, að unnt sé að fylgja framkvæmdaáætlun og ljúka framkvæmdum á tilsettum tíma.

Samþykktir um gatnagerðargjald samkvæmt almennu lögunum, nr. 51/1970, og lögum nr. 31/1975, um breyting á þeim, gera ráð fyrir að almennt gatnagerðargjald (A-gjald) og sérstakt gatnagerðargjald (B-gjald) sé bundið byggingarvísitölu.

Um 7. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Sþ. 81. Tillaga til þingsályktunar [76. mál]

um afnám tekjuskatts af launatekjum.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Benedikt Gröndal, Bragi Sigurjónsson, Jón Árm. Héðinsson, Sighvatur Björgvinsson.

Alþingi ályktar að fela þeim aðilum, sem nú starfa að endurskoðun gildandi skattalaga, að miða tillögur sínar m. a. við þessi grundvallaratriði:

1. Greint skal milli þess, hvort skattgreiðandi er launþegi eða hefur tekjur af atvinnurekstri, hvort sem atvinnureksturinn er stundaður af einstaklingum, sameignarfélögum, hlutafélögum, samvinnufélögum eða opinberum aðilum. Launþegi skal ekki greiða tekjuskatt til ríkisins af tekjum sínum.
2. Við ákvörðun á skattskyldum tekjum einstaklings af eigin atvinnurekstri skulu laun hans áætluð eins og telja má eðlilegt miðað við vinnuframlag hans í þágu fyrirtækis síns, sem og stöðu hans, og vera hliðstæð tekjum fyrir sams konar störf í atvinnurekstri. Tekjur þessar skulu færðar sem kostnaður við atvinnureksturinn.
3. Af atvinnurekstri, hvort sem hann er stundaður af einstaklingum, sameignarfélögum, hlutafélögum eða opinberum aðilum, skal greiddur tekjuskattur.
4. Reglur um afskriftir eigna skulu við það miðaðar, að afskriftirnar svari til raunverulegrar verðmætisrýrnunar, miðað við verðmæti eignarinnar, þegar afskrift fer fram, en að jafnan sé miðað við mat á upphaflegum endingartíma eignarinnar, þ. e. að kaupandi eignar afskrifi hana með sama hætti og seljanda hennar hefði borið að gera, þannig að sama eign verði aldrei afskrifuð oftar en einu sinni.
5. Reglur um heimild til þess að draga vexti af skuldum frá tekjum verði við það miðaðar, að um hafi verið að ræða eðlilega lánsfjáröflun í þágu atvinnurekstrarins.
6. Hagnaður af sölu eigna verði skattlagður að svo miklu leyti sem hann á ekki rót sína að rekja til rýrnunar á verðgildi peninga.
7. Þegar gildandi lagaákvæði um þá hækkun söluskatts, sem nú rennur í Viðlagasjóð og Olíusjóð, falla úr gildi, skulu þau framlengd, en tekjur af þeim hluta söluskattsins renna í ríkissjóð til þess að bæta missi tekna af tekjuskatti af launatekjum.
8. Sett skulu ítarleg ákvæði, er miði að því að koma í veg fyrir röng framtöl til söluskatts og tekju- og eignarskatts. Eftirlit með því, að þeim ákvæðum sé hlýtt, sé eflt verulega.
9. Allsherjarendurskoðun fari fram á útgjaldakerfi ríkisins í því skyni að bæta ríkissjóði missi tekna af innheimtu tekjuskatts af launatekjum með auknum spar-

naði. Að svo miklu leyti sem það, ásamt auknum tekjum vegna breyttra reglna um tekjuskattsgreiðslur af atvinnurekstri og bættu skatteftirliti, dugir ekki til að mæta tekjumissi ríkissjóðs, skal lagt gjald á veltu fyrirtækja, sem stunda atvinnurekstur, og sé upphæð þess miðuð við að tekjur ríkissjóðs haldist óbreyttar þrátt fyrir afnám tekjuskatts af launatekjum einstaklinga.

10. Fyrir árslok 1976 skal söluskatti þeim, sem innheimtur er, hafa verið breytt í virðisaukaskatt, hliðstæðan þeim, sem nú er innheimtur í stað söluskatts á Norðurlöndum og ýmsum löndum Vestur-Evrópu.
11. Hvort hjóna um sig verði sérstakur skattgreiðandi, þannig að vinni hjón utan heimilis skuli hvor aðili greiða útsvar af þeim tekjum, sem hann vinnur fyrir, ef þær eru á annað borð skattskyldar. Vinni annar aðilinn utan heimilis, skal sá, sem engar tekjur hefur, en vinnur á heimili, eiga rétt til ráðstöfunar á hluta af tekjum hins og greiða útsvar af þeirri fjárhæð, þó aldrei til hærri hluta en svarar til helmings af tekjum heimilisins.
12. Lög um tekjustofna sveitarfélaga skulu endurskoðuð með það fyrir augum að auka frjálsræði þeirra til þess að ákveða, á hvern hátt þau afla sér tekna sinna. Þó skulu þau ekki fá heimild til þess að innheimta söluskatt né virðisaukaskatt.

Greinargerð.

Á þinginu 1973—74 fluttu þingmenn Alþýðuflokksins tillögu til þingsályktunar um lækkun tekjuskatts á einstaklingum. Flutningsmenn töldu breytingu þá á skattalögunum, sem ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar hafði beitt sér fyrir á fyrsta valdaári sínu, hafa verið mjög misheppnaða og lögðu til, að mörkuð yrði alveg ný stefna í skattamálum. Kjarni tillagnanna var sá, að horfið skyldi frá því, að meginþorri einstaklinga greiddi tekjuskatt til ríkisins af tekjum sínum, heldur greiddi gjöld sin til hins opinbera í staðinn í formi óbeins skatts, virðisaukaskatts. Þeim, sem hafa mjög háar tekjur, var þó ætlað að greiða áfram stighækkandi tekjuskatt, og sömuleiðis var gert ráð fyrir því, að greiddur yrði stighækkandi skattur af atvinnurekstri. Jafnframt voru gerðar tillögur um sérstaka tekjuöflun, sem verja átti til þess að hækka tekjur þeirra, sem ætla mátti að greiða mundu meira vegna þeirrar hækkunar söluskatts sem gert var ráð fyrir, en þeir hefðu greitt í tekjuskatt.

Nú hefur ríkisstjórnin boðað frumvarp að nýjum skattalögum. Fyrrverandi ríkisstjórn virðist hafa verið ljóst, að löggjöfin, sem hún setti á fyrsta starfsári sínu, hafi verið gölluð, því að hún skipaði nefnd, sem þingflokkarnir fengu aðild að, til þess að endurskoða lögin. Embættismenn munu hafa unnið mikið og gott starf í þessu sambandi, en nefndin var aðeins kvödd saman til örfárra funda. Núverandi ríkisstjórn endurnýjaði skipun þessarar nefndar til endurskoðunar á skattalögunum. Sú nefnd hefur alls ekki verið kölluð til fundar.

36. flokksþing Alþýðuflokksins, sem haldið var dagana 14.—16. nóvember, ræddi skattamálin ítarlega. Niðurstaðan varð sú, að flokksþingið ályktaði, að afnema bæri tekjuskatt af launatekjum. Jafnframt taldi þingið nauðsynlegt, að gerðar yrðu ráðstafanir til þess að þeir, sem stunda atvinnurekstur, geti ekki komið sér undan greiðslu tekjuskatts og útsvars í skjóli atvinnurekstrarins.

Þessi tillaga til þingsályktunar er flutt í samræmi við þá stefnu í skattamálum, sem 36. flokksþingið markaði.

Meginbreytingarnar, sem gert er ráð fyrir, eru tvær:

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að horfið verði að fullu frá innheimtu tekjuskatts til ríkisins af tekjum launþega.

Í öðru lagi er lagt til, að tekið verði að greina milli atvinnurekstrar einstaklinga og einkabúskapar þeirra, í því skyni að koma í veg fyrir, að bókfærður halli á atvinnurekstri geti gert einstaklingi kleift að hafa háar raunverulegar tekjur í skjóli atvinnurekstrarins, án þess að greiða af þeim nokkurn tekjuskatt eða útsvar, vegna þess að atvinnureksturinn er talinn rekinn með tapi samkvæmt bókhaldi og skattaframtali. Gert er ráð fyrir því, að eiganda atvinnurekstrar, sem við hann starfar, séu

jafnan áætlaðar tekjur, sem telja má eðlilegar miðað við vinnuframlag hans í þágu fyrirtækisins og stöðu hans við það, og séu þessar tekjur áætlaðar hliðstæðar launum, sem greidd eru fyrir sams konar störf í atvinnurekstri. Síðan greiði hann útsvar af þessum áætluðu tekjum, auk þess sem hagnaður af atvinnurekstrinum yrði auðvitað skattskyldur almennt.

Á hinn bóginn er gert ráð fyrir því, að ríkið haldi áfram að innheimta tekjuskatt af atvinnurekstri.

Aðrar breytingar, sem nefndar eru í tillögunni, eru þessar helstar:

1. Reglum um afskriftir eigna sé breytt á þann veg, að ekki verði framvegis hægt að afskrifa sömu eign í skattframtali oftar en einu sinni vegna þess, að hún hefur skipt um eiganda, en réttur nýs eiganda til fullra afskrifta samkvæmt gildandi lögum hefur verið ein aðalundirrót misréttar milli skattgreiðslu af tekjum atvinnurekenda og launþega.
2. Reglur um heimild til þess að draga vexti af skuldum frá tekjum af atvinnurekstri verði við það miðaðar, að um sé að ræða eðlilega lánsfjáröflun í þágu atvinnurekstrar, en gildandi heimildir til vaxtafrádráttar hafa mjög verið misnotaðar og átt verulegan þátt í því misrétti, sem nefnt var í síðasta lið.
3. Hagnaður af sölu eigna verði skattlagður að svo miklu leyti sem hann á ekki rót sína að rekja til rýrnunar á verðgildi peninga. Það atriði, sem einna vandasamast er að setja skynsamleg og réttlát ákvæði um í lögum um skatta af tekjum, er, hvernig fara skuli með söluhagnað af eignum, ekki síst vegna breytinga á verðgildi peninga. Það er skoðun flutningsmanna, að ekki sé réttmætt að skattleggja söluhagnað, ef hann á eingöngu rót sína að rekja til þess, að verðlag hefur hækkað og peningar þess vegna lækkað að verðgildi. Annan söluhagnað telja þeir hins vegar réttmætt að skattleggja og þó alveg sérstaklega þann hagnað, sem á rót sína að rekja til verðhækkunar eigna, sem orðið hefur vegna opinberra aðgerða og án nokkurs tilverknaðar af hálfu eiganda eignarinnar. Vegna ákvæða gildandi laga hafa háar tekjur af sölu eigna sloppið undan eðlilegu skattgjaldi. Á hinn bóginn er eðlilegt að viðurkenna rétt atvinnurekanda til afskrifta af raunverulegu verðmæti eigna, þegar afskrift fer fram.
4. Hvort hjóna um sig verði sérstakur skattgreiðandi án tillits til hjúskaparstéttar. Nú gildir sú regla, að tekjur hjóna eru lagðar saman við álagningu skatta, og er það að sjálfsögðu óeðlilegt. Hins vegar er veittur viss frádráttur vegna þeirra tekna, sem eiginkona aflar utan heimilis. Ef annað hjóna aflar tekna utan heimilis, en hinn aðilinn annast heimilisstörf, á hinn síðar nefndi að eiga rétt til þess að ráðstafa hluta af tekjum heimilisins og greiða þá að sjálfsögðu útsvar af þeim hluta. Þetta sjónarmið eitt er að dómi flutningsmanna í fullu samræmi við nútímahugmyndir um jafnrétti kynjanna.
5. Söluskatti þeim, sem nú er innheimtur, skal fyrir árslok 1976 breytt í virðisaukaskatt, hliðstæðan þeim, sem nú er innheimtur á Norðurlöndum og í ýmsum löndum Vestur-Evrópu. Á vegum ríkisstjórnarinnar mun vera unnið að tillögum um breytingu söluskatts í virðisaukaskatt. Það, sem hér er lagt til, er, að breytingin verði framkvæmd fyrr en ríkisstjórnin virðist stefna að.
6. Þá er lagt til, að gildandi lög um tekjustofna sveitarfélaga verði endurskoðuð með það fyrir augum að auka frjálsræði þeirra til þess að ákveða, á hvern hátt þau afla sér tekna sinna, án þess þó að veita þeim heimild til þess að innheimta söluskatt né virðisaukaskatt, sem eðlilegt er að sé skattstofn ríkisins.

Um þá gagngeru skattkerfisbreytingu, sem tillagan fjallar um, og fjárhagshlið hennar er þetta að segja:

Byrði beinna skatta er orðin óbærilega þung, og álagning þeirra er að mörgu leyti mjög ranglát, auk þess sem hún er afar dýr í framkvæmd. Álagningarkerfið er orðið óeðlilega flókið og veitir skilyrði til margháttaðra undanbragða undan réttlátri skattgreiðslu, bæði löglegra og ólöglegra. Hlutfall tekjuskatts af tekjum er orðið svo hátt, að almennir launþegar eru farnir að greiða frá þriðjungi og allt að helmingi

tekna sinna í beina skatta af tekjum sínum. Samtímis verða þeir vitni þess, að fyrirtæki, sem hafa gífurleg umsvif, greiða litla eða jafnvel enga tekjuskatta né útsvör vegna rekstrar síns. Þessi óhóflega skattheimta er í mörgum tilfellum orðin og verður í æ fleirum fjötur á framtakssemi einstaklinga og vinnuvilja og er því beinlínis orðin hemill á heilbrigðan og eðlilegan vöxt þjóðartekna.

Gallar mjög víðtæks og flókins tekjuskattskerfis með mjög háum skattstigum eru ekki einungis orðnir vandamál á Íslandi, heldur einnig í nálægum löndum, þar sem um er að ræða víðtæka og vaxandi gagnrýni á slíka skattheimtu. Þegar vitað er, að um eða yfir helmingur viðbótartekna fer til greiðslu tekjuskatts, getur ekki hjá því farið, að ekki sé talað um þýðingu þess við hvers konar kjarasamninga. Þegar stighækkandi tekjuskattur var upphaflega lögfestur, hér og annars staðar, var hann eitt helsta tækið, sem fyrir hendi var til þess að jafna tekjur. Síðan hafa fjölmargir aðrir möguleikar komið til skjalanna til þess að ná tekjujöfnunarmarkinu, fyrst og fremst almannatryggingakerfi, en einnig ókeypis eða ódýr þjónusta af hálfu hins opinbera á fjölmörgum sviðum, einkum á sviði heilbrigðismála og skólamála, enn fremur margs konar niðurgreiðsla á neysluvörum almennings og nú á síðari árum trygging lágmarkstekna og neikvæður tekjuskattur. Er óhætt að fullyrða, að álagning stighækkandi tekjuskatta hafi minni áhrif til tekjujöfnunar hér á landi en almannatryggingakerfið, ókeypis menntunarskilyrði og niðurgreiðslur. Hins vegar er tekjuskattskerfið orðið lamandi afl í þjóðfélaginu. Auk þess er það ranglátt, þar eð reynslan hefur sýnt, að fjölmargir aðilar koma sér undan að greiða þá skatta, sem þeim ber samkvæmt kerfinu, bæði með því að hagnýta heimildir laganna til frádráttar með vafasömum hætti og með beinum undandrætti tekna.

Þegar óbeinn skattur, eins og söluskattur eða virðisaukaskattur, er greiddur, ræður skattgreiðandinn meiru um það sjálfur, hversu mikið hann greiðir, með því að ákveða, hvað og hversu mikið hann kaupir umfram nauðþurftir. Enn fremur má nefna, að framkvæmd tekjuskattsinnheimtu er óhemju dýr og miklu dýrari en innheimta söluskatts. Innheimta virðisaukaskatts er að vísu kostnaðarsamari en innheimta söluskatts, en á móti því kemur, að reynsla annarra þjóða hefur sýnt, að virðisaukaskattur skilar sér mun betur en söluskattur.

Í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir næsta ár er gert ráð fyrir því, að einstaklingar greiði 5,6 milljarða kr. í tekjuskatt, en félög 1 milljarð kr. Hið nýja skattkerfi, sem tillagan fjallar um, hefði í för með sér, að launþegar hættu að greiða tekjuskatt og mundu því tekjur ríkissjóðs lækka sem því svarar.

Hið nýja skattkerfi miðar við, að þessi tekjumissir fáist bættur á eftirfarandi hátt:

1. Ríkissjóður haldi áfram að innheimta þau söluskattsstig, sem nú eru innheimt, en hætta á að innheimta samkvæmt gildandi lögum.
2. Fyrirtæki, sem stunda atvinnurekstur, munu greiða aukinn tekjuskatt vegna breyttra reglna um fyrningarfrádrátt og vaxtafrádrátt, enda er tekjuskattur þeirra nú sáralítill, auk þess sem næstum helmingur atvinnurekenda greiðir engan tekjuskatt.
3. Tekjuskattur af söluhagnaði eigna mun vaxa.
4. Gert er ráð fyrir allsherjarendurskoðun á útgjaldakerfi ríkisins í því skyni að bæta ríkissjóði tekjumissinn með auknum sparnaði. Innheimtukostnaður ríkissjóðs vegna tekjuskatts stórlækkar.
5. Að svo miklu leyti sem þessar ráðstafanir nægja ekki til þess að bæta ríkissjóði tekjumissinn af skattlagningu launateknanna, en það er að sjálfsögðu nauðsynlegt, verði sérstakur veltuskattur lagður á fyrirtæki, sem stunda atvinnurekstur, sem nægi til þess, að tekjur ríkissjóðs haldist óbreyttar þrátt fyrir skattkerfisbreytinguna.

Á þessu ári eru um 5190 félög á skattskrám og nam álagður skattur á þau aðeins um 1 200 millj. kr. Gera má ráð fyrir, að um 7500 einstaklingar hafi aðaltekjur sínar af eigin rekstri. Svo virðist sem aðeins rúmur helmingur þeirra greiði tekjuskatt,

um það bil 400—500 millj. kr. Af þeim aðilum, sem stunda atvinnurekstur, greiða því líklega 55—60% tekjuskatt á þessu ári, alls um 1 600—1 700 millj. kr.

Miðað við verðlag í október eða hliðstætt verðlag og fjárlög eru byggð á má gera ráð fyrir, að heildarvelta allra atvinnufyrirtækja í landinu sé um 360 milljarðar kr. Við áætlun slíkrar tölu verður eflaust ekki komist hjá nokkurri tvítalningu. Enn fremur er sá virðisauki, sem í veltunni felst, auðvitað mjög breytilegur eftir atvinnugreinum. Hann er t. d. miklu minni í verslun en framleiðslugreinum, og minni í þeim en ýmsum þjónustugreinum. En sé gert ráð fyrir því, að fyrirtækin, sem tekjuskattur er lagður á, hafi tvo þriðju hluta veltunnar, þá nemur tekjuskattur þeirra um ¾%—1% af veltunni. Veltu hinna, sem nú greiða engan tekjuskatt, má þá áætla á bilinu 100—130 milljarða kr. Er hér um svo mikla veltu að ræða, að mjög óeðlilegt hlýtur að teljast, að ekkert sé greitt til ríkissjóðs af henni, hliðstætt hinni lágu tekjuskattsgreiðslu af öðrum atvinnurekstri. Sýna þessar tölur ótvírætt, að mjög lágur veltuskattur af veltu fyrirtækja yfirleitt mundi nægja til þess að jafna það, sem á vantar, til þess að þær ráðstafanir aðrar, sem um er rætt í tillögunni, dugi til þess að bæta ríkissjóði tekjumissinn vegna afnáms tekjuskatts af launatekjum.

Sþ. 82. Fyrirspurnir. [77. mál]

I. Til samgönguráðherra um jöfnun símgjalda.

Frá Helga F. Seljan og Jónasi Árnasyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar um jöfnun símgjalda skv. samþykkt Alþingis frá 28. mars 1974?

II. Til félagsmálaráðherra um atvinnumál aldraðra.

Frá Svövu Jakobsdóttur.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 14. maí 1975 um atvinnumál aldraðra?

Sþ. 83. Fyrirspurn [78. mál]

til menntamálaráðherra um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Frá Guðlaugi Gíslasyni.

1. Hve margir stúdentar fengu námslán á árunum 1960—1967 að báðum árum meðtöldum?
2. Hve margir af þeim hafa lokið embættisprófi?
3. Hve margir af þeim, sem embættisprófi hafa lokið, starfa erlendis?

Óskað er skriflegs svars fyrir fyrirspurninni.

Sþ. 84. Fyrirspurn [79. mál]

til viðskiptaráðherra um fisksölusamstarf við belgíumenn.

Frá Oddi Ólafssyni.

1. Hvað líður framkvæmd á þingsályktun, sem samþykkt var á síðasta Alþingi, um fisksölusamstarf við belgíumenn?
2. Eru söluerfiðleikar á þeim fisktegundum, sem seljanlegar munu í Mið-Evrópu, er bókun 6 kemur til framkvæmda?
3. Telur ráðuneytið ástæðu til þess að hraða athugun þeirri, er þingsályktunin gerir ráð fyrir nú þegar hillir undir hagstæðari viðskiptakjör við Mið-Evrópu?

Sþ. 85. Tillaga til þingsályktunar [80. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ganga frá samkomulagi við ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýskalands um veiðar þýskra togara.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ganga frá samkomulagi við ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýskalands í samræmi við orðsendingu þá, sem prentuð er með ályktun þessari.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Í ályktun Alþingis frá 15. febrúar 1972 segir, að haldið verði áfram samkomulagstilraunum við ríkisstjórnir Bretlands og Sambandslýðveldisins Þýskalands um þau vandamál, sem skapast vegna útfærslu fiskveiðilandhelginnar. Samkomulag það sem gert var við ríkisstjórn Bretlands hinn 13. nóvember 1973 féll úr gildi hinn 13. nóvember 1975 og viðræður við breta um framhald veiða þeirra við Ísland hafa ekki leitt til samkomulags.

Viðræður við Sambandslýðveldið Þýskaland hafa farið fram undanfarin 3 ár. Síðustu viðræðurnar fóru fram í Reykjavík dagana 28. og 29. október 1975 og í Bonn dagana 19. og 20. nóvember 1975. Í þeim viðræðum var þrautreynt, hversu langt málum yrði þokað til samkomulags. Liggur nú fyrir, að samkomulag geti tekist svo sem segir í hjálögðu fylgiskjali. Er þar miðað við að 40 ísfisktogurum verði veittar veiðiheimildir á afmörkuðum svæðum innan 200 sjómílna fiskveiðilandhelginnar en önnur skip, þ. á m. frystitogarar, verði útilokuð frá öllu svæðinu. Hámarksaflamagn er 60 000 tonn á ári, þar af þorskur allt að 5 000 tonnum, en Þjóðverjar stunda svo sem kunnugt er aðallega karfa- og ufsaveiðar á Íslandsmiðum. Á árinu 1973 var afli þjóðverja 91 700 tonn og á árinu 1974 68 100 tonn, en þess ber að gæta, að landhelgisgæslan kom í veg fyrir veiðar með klippingum (14 togarar 1973 og 6 1974) svo og með því að togararnir hífðu upp vörpur, þegar þeir urðu varir við varðskip. Tekið er fram, að þýsku togurunum sé óheimilt að stunda þær veiðar, sem íslenskum skipum eru bannaðar á tilteknum tímum og svæðum og að sömu ákvæði skuli gilda um möskvastærð svo og um stærð og þyngd fiskitegunda, sem veiða má. Þá er þýskum togurum einnig gert að tilkynna staðsetningu sína daglega til landhelgisgæslunnar. Tekið er fram að skip, sem brotleg verða missa veiðileyfi sín á Íslandsmiðum. Ákvæði er um að samkomulagið gildi til 2 ára.

Með sérstökum bréfum yrði tekið fram, að samkomulagið hefði ekki áhrif á afstöðu ríkisstjórnanna til neinna atriða hafréttarmála og að framkvæmd samkomu-

lagsins megi fresta, ef bókun nr. 6 við samning Íslands við Efnahagsbandalagið hafi ekki tekið gildi innan 5 mánaða. Frestun á framkvæmd samkomulagsins hefði það m. a. í för með sér, að svæði það undan Vestfjörðum, sem ráðgert er að verði opið 1. júní—30. nóvember mundi ekki opnast.

Með hliðsjón af því, að Hafréttarráðstefna Sameinuðu þjóðanna hefur enn eigi lokið störfum, telur ríkisstjórnin rétt að gera samkomulag við Sambandslýðveldið Þýskaland á ofangreindum grundvelli, sem miðaður er við 200 mílna svæðið og fer því fram á heimild Alþingis til að gengið verði frá málinu svo sem segir í fylgiskjali.

Fylgiskjal.

Orðsending utanríkisráðherra Íslands til sendiherra Sambandslýðveldisins Þýskalands.

Háttvirti sendiherra.

Ég leyfi mér að vísa til viðræðna milli ríkisstjórna okkar um fiskveiðideiluna milli landa okkar varðandi hinar íslensku reglugerðir frá 14. júlí 1972 og 15. júlí 1975 um fiskveiðilandhelgi Íslands. Í þessum viðræðum hefur verið gengið frá eftirfarandi fyrirkomulagi varðandi fiskveiðar og verndun lífrænna auðlinda í hafinu umhverfis Ísland:

1. Hafsvæðið umhverfis Ísland, sem samkomulag þetta tekur til, er sýnt á korti, sem er fylgiskjal nr. I við samkomulag þetta. Ef samkomulag verður milli Íslands og annars hlutaðeigandi ríkis um markalínu aðra en þá, sem sýnd er á kortinu, skal sú lína einnig gilda fyrir þetta samkomulag.
2. Ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýskalands ábyrgist, að heildarársafli skipa skrásettra í Sambandslýðveldinu Þýskalandi á hafsvæðinu umhverfis Ísland skuli ekki fara fram úr 60 000 tonnum og að af því magni verði þorskafli ekki meiri en 5 000 tonn.

   Rannsóknastofnun þýska sjávarútvegsins mun veita Fiskifélagi Íslands upplýsingar um aflamagn á hverjum tíma.
3. Ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýskalands ábyrgist, að einungis þau skip, sem skráð eru í Sambandslýðveldinu og talin eru upp á meðfylgjandi lista (fylgiskjal II) muni stunda veiðar á hafsvæðinu umhverfis Ísland.
4. Ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýskalands ábyrgist, að skip, skrásett í Sambandslýðveldinu, stundi ekki veiðar á svæði, sem takmarkast svo sem hér skal greina:
   1) Undan suðausturströnd Íslands:


      Af 65°00′ norður breidd, þaðan af 25 sjómílna fjarlægð frá grunnlínu að 64°50,5′ norður breidd, þaðan af 23 sjómílna fjarlægð frá grunnlínu að 15°00′ vestur lengd.
   2) Undan vesturströnd Íslands:

      Af 22°00′ vestur lengd, þaðan af 25 sjómílna fjarlægð frá grunnlínu að 63°40′ norður breidd, þaðan af 50 sjómílna fjarlægð frá grunnlínu að 64°50′ norður breidd, þaðan af 40 sjómílna fjarlægð frá grunnlínu að 65°30′ norður breidd, þaðan af 50 sjómílna fjarlægð frá grunnlínu að 67°13′ norður breidd og 23°51′ vestur lengd og síðan af réttvísandi stefnu 340°.

      Tímabilið 1. júní til 30. nóvember verða mörkin norðan 66°00′ norður breiddar sem hér skal greina:
      a) 66°00′ n.br., 25°33′ v.lg., að
      b) 66°43′ n.br., 24°18′ v.lg., að
      c) 66°58′ n.br., 23°37′ v.lg., og þaðan í réttvísandi stefnu 340°.

   Svæðið er sýnt á uppdrætti samkvæmt fylgiskjali I.

FYLGISKJAL I



Fylgiskjal II.

Skrá yfir vestur-þýska togara.
Ísfisktogarar.

Nafn og umdæmisnúmer	Stærð (brl.)	Smíðaár
Altona NC 473	1 894	1965
Arcturus BX 739	724	1963
Augsburg NC 443	976	1960
Berlin BX 673	936	1960
Bremerhaven BX 681	941	1961
Hans Böckler BX 679	1 561	1961
Cuxhaven NC 451	936	1961
Düsseldorf BX 680	973	1960
Eckernförde SK 125	691	1963
Flensburg SK 124	691	1963
Glückstadt SK 101	923	1964
Hagen NC 444	976	1960
Hanseat BX 672	945	1960
Hessen NC 449	1 222	1960
Hoheweg BX 735	724	1963
Holstein SK 104	915	1960
Husum SK 102	923	1965
Katfisch BX 670	826	1960
Heinrich Kern BX 676	1 244	1961
Koblenz BX 692	1 320	1964
Kormoran BX 665	825	1959
Lübeck SK 107	916	1961
Mellum BX 737	724	1963
Othmarschen BX 733	1 394	1965
Saar NC 454	1 222	1961
Saegefisch BX 668	825	1959
Salzburg BX 657	651	1957
Köln NC 471	981	1966
Saarbrügge BX 704	1 047	1966
Schellfisch BX 666	825	1959
Sirius BX 685	917	1961
Schilksee I SK 109	918	1961
Schleswig SK 105	916	1961
Schütting BX 678	984	1961
Darmstadt NC 470	981	1965
Thunfisch BX 663	824	1958
Uranus BX 687	952	1961
Carl Wiederkehr BX 667	719	1959
Wien BX 690	989	1962
Würtzburg NC 450	973	1960

5. Í því skyni að vernda svæði, þar sem mikið er af ungfiski eða hrygningarfiski á hafsvæðinu umhverfis Ísland, ábyrgist ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýskalands, að þýskir togarar stundi ekki þær veiðar, sem íslenskum skipum eru bannaðar af þar til bærum stjórnvöldum. Slíkar ráðstafanir, sem skulu byggðar á hlutlægum og vísindalegum sjónarmiðum og ekki fela í sér mismunun í reynd eða að lögum, skulu tilkynntar ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýskalands eða þeim stjórnvöldum, sem hún tilnefnir.
6. Til frekari verndar fiskistofnum umhverfis Ísland skal ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýskalands ábyrgjast eftirfarandi:
   a) Þýsk skip, er veiðar stunda á hafsvæðinu umhverfis Ísland, skulu ekki veiða eða hirða fisk undir því máli eða þyngd, sem tilgreind eru í hlutaðeigandi reglum varðandi veiðar Íslendinga og tilkynntar hafa verið ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýskalands eða þeim stjórnvöldum, sem hún tilnefnir.
   b) Þá skulu þýsk skip, sem veiðar stunda á hafsvæðinu umhverfis Ísland, ekki nota net með smærri möskvastærð en 135 mm frá 16. ágúst 1976.
   c) Ef Ísland ákveður síðar að nota skuli aðra möskvastærð fyrir íslenska togara skal sú stærð einnig gilda fyrir þýska togara, enda hafi hinar nýju stærðir verið tilkynntar þannig að gert sé ráð fyrir að minnsta kosti eins árs aðlögunartíma.
7. Ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýskalands ábyrgist, að þýskt eftirlitsskip muni daglega tilkynna íslensku landhelgisgæslunni staðsetningu skipa, sem eru á lista samkvæmt fylgiskjali þessa samkomulags meðan þau stunda veiðar á hafsvæðinu umhverfis Ísland. Ríkisstjórnirnar geta komið sér saman um aðra aðila er annist um tilkynningar þessar.
8. Ef ástæða er til að ætla, að brot hafi verið framið á ákvæðum samkomulags þessa, geta íslensk varðskip stöðvað fiskiskip skrásett í Sambandslýðveldinu Þýskalandi, hvar sem er á hafsvæðinu umhverfis Ísland.

   Eftirlitsmenn mega fara um borð í þýsk skip til að kynna sér leiðarbók og aflaskýrslur svo og rannsaka veiðarfæri og afla um borð.

   Nú telur eftirlitsmaður íslensku landhelgisgæslunnar að brot hafi verið framið og skal hann þá kveðja til það aðstoðarskip þýskt, sem næst er, til að sannreyna málsatvik. Togari, sem rofið hefur samkomulagið, verður strikaður út af lista þeim, sem greindur er í 3. lið samkomulags þessa.
9. Samkomulag þetta gildir í 2 ár frá deginum í dag að telja.
10. Samkomulag þetta tekur einnig til Berlínar, enda hafi ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýskalands ekki gefið ríkisstjórn Íslands tilkynningu um annað innan 3 mánaða frá gildistöku þessa samkomulags.

Ef ríkisstjórn yðar fellst á ofangreint, leyfi ég mér að leggja til, að þessi orðsending og staðfesting yðar skoðist sem samkomulag milli ríkisstjórna okkar, er gangi þegar í gildi og verði skrásett hjá framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, skv. 102. gr. stofnskrár Sameinuðu þjóðanna.

Ég leyfi mér að votta yður, herra sendiherra, sérstaka virðingu mína.

Fylgiskjal III.

Orðsending til utanríkisráðherra Íslands frá sendiherra Sambandslýðveldisins Þýskalands.

Herra utanríkisráðherra.

Í sambandi við erindaskipti milli ríkisstjórna okkar, sem ráðgerð eru í dag, um samkomulag varðandi fiskveiðar og verndun lifrænna auðlinda á hafsvæðinu umhverfis Ísland, sem gert er vegna fiskveiðideilunnar milli landa okkar og með

hliðsjón af því, hversu sérstaklega afkoma og efnahagsleg þróun íslensku þjóðarinnar er háð fiskveiðum, leyfi ég mér að taka fram það, sem hér fer á eftir:

Ofangreind erindaskipti hafa engin áhrif á afstöðu ríkisstjórna aðila til hafréttarmála.

Ég leyfi mér að votta yður, herra utanríkisráðherra, sérstaka virðingu mína.

Fylgiskjal IV.

Orðsending frá sendiherra Sambandslýðveldisins Þýskalands til utanríkisráðherra Íslands.

Herra utanríkisráðherra.

Ég leyfi mér að vísa til erindaskipta milli ríkisstjórna okkar um fiskveiðar og verndun lífrænna auðlinda á hafsvæðinu umhverfis Ísland og að taka fram það sem hér fer á eftir:

Með hliðsjón af hinu nána sambandi, sem er milli lausnar á fiskveiðideilunni og þess að bókun nr. 6, sem er fylgiskjal við samning milli Íslands og Efnahagsbandalagsins frá 22. júlí 1972, taki gildi, eru báðir aðilar ásáttir um, að þrátt fyrir gildistímabil það, sem greint er í 9. lið samkomulagsins, megi fresta framkvæmd þess, ef bókun nr. 6 hefur ekki tekið gildi innan 5 mánaða.

Ég leyfi mér að votta yður, herra utanríkisráðherra, sérstaka virðingu mína.

Fylgiskjal V.

Note from the Foreign Minister of Iceland to the Ambassador of the Federal Republic of Germany.

Your Excellency,

I have the honour to refer to the discussions which have taken place between our two Governments on the fisheries dispute between our two countries relating to the Icelandic regulations of 14 July 1972 and 15 July 1975 concerning the fishery limits off Iceland. Upon the basis of these discussions the following arrangement relating to fishing and to the conservation of living resources in the waters around Iceland has been agreed upon:

1. The sea area around Iceland to which this Agreement applies is shown on the map which forms Annex I to this Agreement. In the event that Iceland agrees with another State concerned to a boundary line differing from the lines shown on the map, that line shall automatically apply to the present Agreement.
2. The Government of the Federal Republic of Germany shall ensure that the total annual catch of vessels registered in the Federal Republic of Germany in the sea area around Iceland shall not exceed 60 000 metric tons of which not more than 5 000 metric tons may consist of cod.

   The Federal Research Board for Fisheries will keep the Fisheries Association of Iceland informed on the progress of the catches involved.
3. The Government of the Federal Republic of Germany shall ensure that only those vessels registered in the Federal Republic of Germany fish in the sea area around Iceland which are included in a list of vessels annexed to this Agreement (Annex II).

4. The Government of the Federal Republic of Germany shall ensure that vessels registered in the Federal Republic of Germany shall not fish in an area which is defined as follows:
   1) Off the south east coast of Iceland:
   By the parallel of 65°00'N, thence 25 nautical miles from baseline to parallel 64°50,5' N, thence 23 nautical miles from baseline to longitude 15°00' W.
   2) Off the west coast of Iceland:
   By the longitude 22°00' W, thence 25 nautical miles from baseline to parallel 63°40' N, thence 50 nautical miles from baseline to parallel 64°50' N, thence 40 nautical miles from baseline to parallel 65°30' N, thence 50 nautical miles from baseline to 67°13' N and 23°51' W and from there 340° true.
   During the period 1 June to 30 November the limit north of parallel 66°00' N will be as follows:
   a) 66°00' N, 25°33' W to
   b) 66°43' N, 24°18' W to
   c) 66°58' N, 23°37' W and from there 340° true.

   The area is shown on the map which forms Annex I to this Agreement.
5. In order to protect concentrations of young or spawning fish within the sea area around Iceland, the Government of the Federal Republic of Germany shall ensure that German trawlers abstain from such fishing operations in such areas and during such periods as will be prohibited for Icelandic fishing vessels by the competent Icelandic authorities. Such measures which shall be based on objective and scientific criteria and which shall not discriminate in fact or in law shall be duly notified to the Government of the Federal Republic of Germany or such authorities as may be designated by the latter.
6. As further contribution to the conservation of the fish stocks around Iceland, the Government of the Federal Republic of Germany shall ensure:
   a) German fishing vessels operating in the sea around Iceland will not fish for or retain on board fish which are of a smaller size or weight than indicated in the relevant provisions of the regulations for Icelandic fishermen, duly notified to the Government of the Federal Republic of Germany or such authorities as may be designated by the latter.
   b) Moreover, German fishing vessels operating in the sea area around Iceland, will not use, as from 16 August 1976, nets with meshes smaller than 135 mm in size.
   c) If at a later stage Iceland should decide to introduce other mesh-size for Icelandic trawlers, the same sizes shall apply for German trawlers, provided that the new sizes are duly notified and an adjustment period of not less than one year is foreseen.
7. The Government of the Federal Republic of Germany shall ensure that the position of the vessels included in the list annexed to this Agreement while fishing in the sea around Iceland will be reported on a daily basis by a German fishery protection vessel to the Icelandic coast guard. The two Governments may agree upon other agencies by which and to which the reporting is to be effected.
8. If there is a reason to believe that an infringement of the present Agreement has occurred, Icelandic coast guard vessels may stop fishing vessels registered in the Federal Republic of Germany in any part of the sea area around Iceland.
   They may send an official on board of German vessels to inspect the log-books and catch records and to examine the fishing gear and the catch on board.
   If the official of the Icelandic coast guard holds that an infringement of the Agreement has occurred, he shall summon the nearest German fishery protection vessel in order to establish the facts. Any trawler found to have violated

the terms of the Agreement will be crossed off the list provided for under paragraph 3 of this Agreement.

9. The Agreement will run for 2 years from the present date.
10. This Agreement shall also apply to Land Berlin, provided that the Government of the Federal Republic of Germany has not made a contrary declaration to the Government of the Republic of Iceland within 3 months from the date of entry into force of this Agreement.

If the foregoing is acceptable to Your Government I have the honour to propose that this note and Your Excellency's reply in that sense shall constitute an Agreement between our two Governments which shall become effective forthwith and be registered with the Secretary General of the United Nations in accordance with Article 102 of the United Nations Charter.

I avail myself of this opportunity to renew to Your Excellency the assurances of my highest consideration.

Fylgiskjal VI.

Letter to the Icelandic Foreign Minister from the Ambassador of the Federal Republic of Germany.

Your Excellency,

In connection with the completion scheduled for today of an exchange of notes between our two Governments on an arrangement relating to fishing and conservation of living resources in the waters around Iceland agreed upon with a view to the fisheries dispute between our two countries and to the exceptional dependence of the Icelandic nation upon coastal fisheries for their livelihood and economic development, I have the honour to state the following:

The said exchange of notes can in no way be deemed to prejudice the position of either Government as to any question concerning the law of the sea.

I avail myself of this opportunity to renew to Your Excellency the assurances of my highest consideration.

Fylgiskjal VII.

Letter from the Ambassador of the Federal Republic of Germany to the Icelandic Foreign Minister.

Your Excellency,

I have the honour to refer to the exchange of notes between our two Governments on an arrangement relating to fishing and conservation of living resources in the waters around Iceland, and, in this connection, I should like to state the following:

With a view to the close link which exists between the settlement of the fisheries dispute and the coming into force of Protocol No. 6 which constitutes an annex to the Agreement between the European Communities and the Republic of Iceland of 22 July 1972, both Governments agree that, following previous consultations, the application of the present Agreement may be suspended, if Protocol

No. 6 has not come into force within five months, regardless of the duration provided for in paragraph 9 of the present Agreement.

I avail myself of this opportunity to renew to Your Excellency the assurances of my highest consideration.

Fylgiskjal VIII.

Bréf utanríkisráðherra Íslands til varautanríkisráðherra Sambandslýðveldisins Þýskalands.

Herra ráðherra.

Á fundum okkar í Bonn fyrir nokkru voru viðræðunefndirnar sammála um, að æskilegt væri og raunar nauðsynlegt, að bókun nr. 6 tæki gildi svo fljótt sem verða má til þess að auðvelda sölu íslenskra sjávarafurða í Þýskalandi og innan alls Efnahagsbandalags Evrópu. Þér staðfestuð að ríkisstjórn yðar mundi gera allt sem í hennar valdi stæði til að svo mætti verða.

Ríkisstjórn Íslands væntir þess að fá upplýsingar jafnóðum um viðleitni ríkisstjórnar Sambandslýðveldisins í þessu efni.

Ég leyfi mér, herra ráðherra, að votta yður sérstaka virðingu mína.

Ed. 86. Frumvarp til laga [81. mál]

um breyting á lögum nr. 58 12. maí 1970, um skemmtanaskatt.

Flm.: Geir Gunnarsson, Helgi F. Seljan, Stefán Jónsson, Ragnar Arnalds.

1. gr.

5. flokkur 2. gr. laganna orðist svo:

Nú eru vínveitingar um hönd hafðar í veitinga- eða samkomuhúsi án þess að skemmtanaskattur sé greiddur samkvæmt ákvæðum 1. eða 3. flokks, og skal þá greiða kr. 8.00 í skemmtanaskatt, kr. 100.00 í Byggingarsjóð aldraðs fólks og kr. 2.00 í Menningarsjóð fyrir hvern mann, er aðgang fær að húsinu að kvöldi á þeim tíma, er ákveðinn verður í reglugerð.

Upphæðir, sem tilgreindar eru í krónutölu í þessari grein, skulu breytast árlega í réttu hlutfalli við skattvísitölu, í fyrsta sinn í ársbyrjun 1977.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt í tengslum við frv. til laga um breyting á lögum nr. 49 20. apríl 1963, um byggingarsjóð aldraðs fólks á þskj. 87. Þar er gert ráð fyrir nýrri fjáröflun til Byggingarsjóðs aldraðs fólks með þeim hætti að hækka nokkra gjaldstofna skemmtanaskatts og verja tekjuaukanum til Byggingarsjóðsins.

Með frv. er gert ráð fyrir að greiddur sé sérstakur 100 kr. skattur fyrir hvern mann sem fær aðgang að veitinga- eða samkomuhúsi þar sem vínveitingar eru um hönd hafðar, án þess að skemmtanaskattur sé greiddur samkv. öðrum ákvæðum laganna, og renni þetta skattgjald í Byggingarsjóðs aldraðs fólks.

Skattur þessi komi til viðbótar skatti skv. ofangreindum gjaldstofni í núgildandi lögum, 8 kr. í skemmtanaskatt og 2 kr. í Menningarsjóð.

Gera má ráð fyrir að skattgjald til Byggingarsjóðs aldraðs fólks af þessum gjaldstofni hefði á árinu 1974 numið um 65 millj. kr. Þar sem hér er um að ræða skatt sem miðast við krónutölu er lagt til, að upphæð hans breytist árlega í réttu hlutfalli við skattvísitölu.

Flm. telja að engum sé ofþyngt með því gjaldi sem hér er gert ráð fyrir, þegar haft er í huga til hvers málefnis fjármagninu verður varið.

Ed. 87. Frumvarp til laga [82. mál]

um breyting á lögum nr. 49 20. apríl 1963, um byggingarsjóð aldraðs fólks.

Flm.: Geir Gunnarsson, Helgi F. Seljan, Stefán Jónsson, Ragnar Arnalds.

1. gr.

Á eftir 1. tölulið 3. gr. laganna komi nýr liður er verði 2. töluliður, og breytist röð annarra liða skv. því:

2. Gjald samkvæmt ákvæðum 5. flokks 2. gr. laga um skemmtanaskatt.

2. gr.

Í stað „20%“ í 7. gr. laganna (3. gr. laga nr. 23 19. apríl 1968) komi: 40%, og í stað „60%“ í sömu grein komi: 40%.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um það er ekki deilt, að flest aldrað fólk kýs að dveljast til æviloka á eigin heimili eða í samvistum við börn sín, barnabörn eða aðra sína nánustu. Sá hópur, sem á ekki kost á þessum lausnum, er þó æðistór, m. a. vegna þess að því hefur ekki verið sinnt sem skyldi að veita öldruðu fólki á eigin heimilum þá þjónustu frá stofnun, sem lengdi að marki þann tíma, sem það gæti búið að sínu. Hlutskipti hinna öldruðu er því í ríkum mæli að leita eftir þeirri aðhlynningu, sem veitt er í dvalarheimilum aldraðra. Slík þjónusta liggur þó ekki á lausu vegna geigvænlegs skorts á vistrými á stofnunum, sem geta veitt slíka þjónustu, jafnvel í þeirri mynd sem ódýrust er og óæskilegust, að vistmenn búa í fjölbýli með sjúkrahússniði.

Skortur á rými í dvalarheimilum fyrir aldraða er nú svo mikill að stærstu stofnanirnar, D.A.S. og elliheimilið Grund, hafa nýlega ákveðið að taka ekki við dvalarumsóknum vegna langra biðlista, sem ekki er unnt að sinna.

Í umsvifum „velferðarþjóðfélagsins“ hafa málefni þess aldraðs fólks, sem verst er sett, orðið útundan. Á sama tíma og byggð hafa verið 160 félagsheimili, víða höllum líkust, víðs vegar um landið til þess að hinir yngri eigi kost á aðstöðu til félagsstarfs og skemmtana, ríkir í sömu sveitarfélögum neyðarástand í málefnum aldraðra.

Lög, sem sett voru árið 1973, þess efnis, að ríkið skuli greiða ⅓ hluta kostnaðar við byggingu dvalarheimila fyrir aldraða, hafa orðið veruleg örvun til framkvæmda á þessu sviði. Þó þarf meira til.

Sveitarfélögum og öðrum aðilum, sem hug hafa á framkvæmdum, reynist erfitt að útvega fé til að greiða ⅔ kostnaðar. Þessir erfiðleikar á útvegun fjár

samhliða hinni brýnu þörf á vistrými valda því einnig, að þeir, sem hefjast handa, hyllast til þess að velja þá lausn sem ódýrust er en óæskilegust, að byggja elliheimili sem eins konar geymsluskápa. Æskilegast væri að framkvæmdir gætu í ríkara mæli verið með þeim hætti að gamla fólkið byggi í sérstökum íbúðum, en nyti aðhlynningar frá þjónustumiðstöð.

Í lögum um Byggingarsjóð aldraðs fólks er gert ráð fyrir að heimilt sé að lána úr sjóðnum allt að 20% framkvæmdakostnaðar við byggingu dvalarheimila eða íbúða fyrir aldraða. Einnig er heimilt að aðstoða aldrað fólk við kaup á eigin íbúðum með lánum, sem nema allt að 50% af kostnaðarverði íbúðanna.

Tekjur sjóðsins eru á hinn bóginn svo naumar, að hann hefur aldrei getað gegnt hlutverki sínu. Samkvæmt núgildandi lögum falla til sjóðsins 40% af ágóða happdrættis D.A.S., auk þess að gert er ráð fyrir frjálsum framlögum og vaxtatekjum.

Á árinu 1974 námu heildartekjur sjóðsins um 7 millj. kr. og enn lægri upphæðum á undangengnum árum.

Lán úr sjóðnum nema alls 8.2 millj. kr. til 3 aðila, en úr slysatryggingadeild almannatrygginga hafa verið lánaðar alls 17.1 millj. kr. til 6 aðila til byggingar dvalarheimila aldraðra á árunum 1966—1975. Vegna fjárskorts sjóðsins hafa engin lán verið veitt til aldraðs fólks til kaupa á eigin íbúðum, þótt heimild sé til þess eins og áður er getið.

Með frumvarpi þessu er lagt til að auknar verði tekjur Byggingarsjóðs aldraðs fólks með hækkun á ákveðnum gjaldstofni skemmtanaskatts og renni tekjuaukinn til Byggingarsjóðsins.

Gert er ráð fyrir að greiddur verði sérstakur 100 kr. skattur fyrir hvern mann sem fær aðgang að veitinga- eða samkomuhúsi, þar sem vínveitingar eru um hönd hafðar án þess að skemmtanaskattur sé greiddur samkv. öðrum ákvæðum laganna.

Í núgildandi lögum er skattur skv. ofangreindum gjaldstofni 8 kr. í skemmtanaskatt og 2 kr. í Menningarsjóð og er gert ráð fyrir í frv. að hinn nýi skattur til Byggingarsjóðs aldraðra komi þar til viðbótar.

Gera má ráð fyrir, að skattgjald til Byggingarsjóðs aldraðs fólks af þessum gjaldstofni hefði á árinu 1974 numið um 65 millj. kr. Þar sem hér er um að ræða skatt sem miðast við krónutölu er lagt til að upphæð hans breytist árlega í réttu hlutfalli við skattvísitölu.

Flm. telja að engum sé ofþyngt með því gjaldi, sem hér er gert ráð fyrir, þegar haft er í huga til hvers málefnis fjármagninu verður varið.

Í núgildandi lögum um Byggingarsjóð aldraðs fólks er heimilað að lán úr sjóðnum til byggingar dvalarheimila megi nema allt að 20% af kostnaðarverði þeirra.

Í 2. gr. þessa frumvarps er gert ráð fyrir að hækka þetta mark þannig að lánin megi nema allt að 40% kostnaðarverðs, jafnframt því sem við það er miðað, að veðlán samhliða eða á undan láni úr Byggingarsjóðnum megi nema 40% í stað 60% skv. núgildandi lögum, þannig að heildarverð megi nema 80% kostnaðarverðs eins og í núgildandi ákvæðum.

Eins og áður er getið hefur Byggingarsjóður aldraðs fólks til þessa reynst ómegnugur að gegna hlutverki sínu. Markmiðið með flutningi þessa frumvarps er að bæta hér nokkuð úr. Um 70 millj. kr. útlán sjóðsins á ári (þ. e. núverandi tekjur að viðbættum þeim, sem frumv. gerir ráð fyrir) til byggingar dvalarheimila og íbúða fyrir aldraða svara til þess að slíkar framkvæmdir gætu numið um 175 millj. kr. á ári auk framkvæmda á vegum D.A.S. Þær framkvæmdir yrðu fjármagnaðar þannig: Framlag ríkissjóðs 58 millj. kr., lán úr Byggingarsjóði aldraðs fólks 70 millj. kr. og fjármagn frá sveitarfélögum eða öðrum aðilum 47 millj. kr.

Nd. 88. Nefndarálit [33. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1973.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á fundi sínum 11. þ. m. og mælir með samþykkt þess.
Fjarverandi afgreiðslu málsins voru LJós, ÞÞ, TÁ.

Alþingi, 20. nóv. 1975.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm. Lárus Jónsson, fundaskr. Gylfi Þ. Gíslason.
Eyjólfur K. Jónsson.

Nd. 89. Nefndarálit [57. mál]

um frv. til l. um eignarnámsheimild fyrir Neskaupstað á hluta jarðarinnar Nes í Norðfirði með hjáleigunum Bakka og Naustahvammi.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir einróma með samþykkt þess.
Fjarverandi afgreiðslu málsins voru StV, JóhH.

Alþingi, 26. nóv. 1975.

Gunnlaugur Finnsson, form. Ellert B. Schram, fundaskr. Ólafur G. Einarsson, frsm.
Magnús T. Ólafsson. Eðvarð Sigurðsson.

Sþ. 90. Tillaga til þingsályktunar [83. mál]

um áætlanagerð í flugmálum.

Flm.: Guðmundur G. Þórarinsson, Jón Skaftason, Steingrímur Hermannsson, Halldór Ásgrímsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta gera fjögurra ára framkvæmda- og fjármögnunaráætlun um flugmál.

Greinargerð.

Hugmyndin með flutningi þessarar þingsályktunartillögu er, að gerð verði langtímaáætlun um þróun flugmála og slík áætlun verði lögð fyrir Alþing eins og vegáætlun og hafnaáætlun. Enginn vafi er að mikill fengur er að slíkri áætlun um þennan þátt samgangna. Nauðsynlegt mun reynast að tryggja tekjustofna til framkvæmda í flugmálum og tæpast verjandi til lengdar að ríkissjóður afli tekna af þessum þætti samgangna, svo sem farþegagjalds, nema það renni til flugmála.
Flug gegnir æ stærri þætti í samgöngumálum þjóðarinnar, en fjárveitingar til þessa málaflokks hafa verið rýrar og margt ógert á þessu sviði.

Flugmálaáætlun mundi marka stefnu í flugmálum næstu ára og setja þær framkvæmdir fremstar, er forgang eiga að hafa.

Áætlunin þyrfti m. a. að taka til eftirfarandi atriða:
a) Fjármögnunar.
b) Flokkunar flugvalla.
c) Flugvallagerðar.
d) Flugskýla, flugstöðva og viðhaldsaðstöðu.
e) Öryggisbúnaðar flugvalla og flugumferðarþjónustu.

Sþ. 91. Tillaga til þingsályktunar [84. mál]

um jarðhitaleit á Snæfellsnesi.

Flm.: Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að jarðhitarannsóknir verði gerðar á Snæfellsnesi í samráði við heimamenn, svo að hið fyrsta fáist nægar upplýsingar um nýtanlegan jarðhita á þessu svæði.

Greinargerð.

Svo sem alkunna er hafa orðið miklar sviptingar á alþjóðlegum orkumarkaði á undanförnum missirum. Hin mikla verðhækkun á olíu varð til þess að minna þjóðir heims alvarlega á, hversu erfitt og valt er að vera háður innfluttum orkugjöfum um of.

Athygli manna hefur því mjög beinst að innlendum orkugjöfum, að íslenskum náttúruauðlindum og hagnýtingu þeirra í þágu þjóðarinnar allrar. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er talið meðal brýnustu verkefna að gera áætlun um virkjun vatns- og varmaorku landsins, þannig að næg orka verði fyrir hendi til almenningsþarfa og aukins iðnaðar og iðju. Jafnframt skuli stefnt að því að koma upp hitaveitum, þar sem aðstæður leyfa, en tryggja öðrum sem fyrst raforku til húshitunar. Svo er nú komið, að farið er að ræða í fullri alvöru um flutning á heitu vatni milli landa og landshluta með hagkvæmum hætti.

Snæfellsnes hefur ekki verið talið auðugt að jarðvarma miðað við ýmis önnur héruð landsins. Þó er það enn lítt kannað að þessu leyti. Sumarið 1972 lét Orkustofnun gera athuganir á jarðhitalíkum á nesinu að ósk sveitarfélaganna á Hellissandi, Ólafsvík, Grundarfirði og ráðamanna Lárósstöðvarinnar hf. í Eyrarsveit. Var þar aðallega um yfirborðsrannsóknir að ræða og jarðfræðilegar athuganir, en talið, að frekari könnun yrði að fara fram með borun, sjá greinargerð Guðmundar Guðmundssonar og Karls Grönvold um rannsókn á jarðhitalíkum á norðvestanverðu Snæfellsnesi í des. 1972. Skv. henni hefur jarðhiti fundist á þessum stöðum:

Landbrotslaug	58°C
Kolviðarneslaug	64°C
Lýsuhóll	41°C
Syðri-Rauðamelur	42°C
Bergsholt	22°C
Kolgrafarfjörður, sennilega	50°C.

Bent er á það sérkenni Snæfellsness, að þar sé mikið um ölkeldur 6—10°C heitar, en alls óljóst sé um mögulegt samband þeirra við jarðhitann. Vitað er um heitt vatn á nokkrum stöðum í Breiðafjarðareyjum.

Í júní 1975 fór fram jarðhitaleit í Grundarfirði og nágrenni að beiðni hreppsnefndar Eyrarsveitar. Athuganir þessar voru gerðar af starfsmönnum Jarðhita-

deildar Orkustofnunar, Ingvari Birgi Friðleifssyni og Axel Björnssyni. Skýrsla verður gefin út um þær rannsóknir, þegar úrvinnslu gagna er að fullu lokið, en í ágripi af niðurstöðum þeirra segir svo m. a.:

„Það hefur háð jarðhitaleit á norðanverðu Snæfellsnesi, hversu skammt alhliða rannsóknir á eiginleikum og dreifingu jarðhita á nesinu eru á veg komnar. Allt þekkt jarðhitavatn á Snæfellsnesi er ölkelduvatn og talsvert frábrugðið heitu vatni á flestum öðrum lághitasvæðum landsins að efnasamsetningu og e. t. v. uppruna. Þá eru kaldar ölkeldur mun algengari á Snæfellsnesi en í öðrum landshlutum. Æskilegt væri að gera heildarkönnun á jarðhita á Snæfellsnesi líkt og gert hefur verið í nokkrum byggðarlögum sunnanlands og norðan. Slík heildarkönnun byggist á nákvæmri jarðfræðikortlagningu og jarðeðlisfræðilegum mælingum á stórum svæðum umhverfis jarðhitastaði, svo og rannsókn á efnainnihaldi heita vatnsins. Að heildarkönnun lokinni er mun kostnaðarminna og öruggara að athuga nánar einstök svæði með tilliti til borana fyrir þéttbýlisstaði og byggðakjarna."

Með bréfi, dags. 27. júní 1975, rituðu oddviti Eyrarsveitar, Halldór Finnsson, og sveitarstjóri, Árni Emilsson, erindi til sýslunefndar Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu um þetta efni. Þar leggja þeir áherslu á, að rannsóknum á jarðvarma verði haldið áfram á Snæfellsnesi, m. a. með djúpborun í nágrenni Grundarfjarðar, sem jafnframt gæti veitt upplýsingar um jarðhitalíkur á norðanverðu nesinu.

Um erindi þetta var fjallað á aðalfundi sýslunefndar snæfellinga 1. júlí s. l. Sýslunefndin samþykkti einróma að styðja þetta mál og vinna að framgangi þess í samráði við yfirstjórn orkumála. Svo sem áður er að vikið er það mjög brýnt hagsmunamál í hverju héraði að fá sem allra fyrst glögga vitneskju um nýtanlegan jarðvarma í byggðarlaginu. Tillaga þessi er flutt í því skyni að hraða athugunum og framkvæmdum í þessum efnum á Snæfellsnesi.

Sþ. 92. Tillaga til þingsályktunar [85. mál]

um samskipti Íslands við vestrænar þjóðir.

Flm.: Kristján J. Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að óska viðræðna við stjórnir Efnahagsbandalags Evrópu og Atlantshafsbandalagsins út frá þeirri forsendu að litið verði í samhengi á hagsmuni Íslands að því er snertir efnahags- og viðskiptamál og þátttöku þess í varnarbandalögum við vestrænar þjóðir.

Greinargerð.

Það er ein meginforsenda fyrir tengslum íslendinga við vestrænar þjóðir, auk sameiginlegrar menningararfleifðar, að samskiptin við þær á sviðum efnahags- og viðskiptamála séu með þeim hætti að virtir séu þeir hagsmunir íslendinga sem lífsafkoma þjóðarinnar byggist á. Reynsla íslendinga af góðum samskiptum við vestræn ríki varð öðru fremur til þess að meiri hluti íslendinga kaus að gerast þátttakandi í varnarsamstarfi vestrænna þjóða þegar til þess var stofnað.

Sú afstaða, sem Efnahagsbandalag Evrópu hefur á síðari árum tekið til efnahagslegra og viðskiptalegra hagsmuna Íslands, gæti neytt íslendinga til að leita í auknum mæli markaða fyrir útflutningsafurðir sínar utan vestrænna landa eins og raunin hefur orðið á í fyrri landhelgisdeilum við einstök lönd í Vestur-Evrópu. Það er augljóst að sú þróun mála mundi leiða til þess að áframhaldandi aðild íslendinga að varnarbandalögum við vestrænar þjóðir gæti orðið andstæð viðskiptahagsmunum þeirra. Slík framvinda hlýtur einnig að vera andstæð hagsmunum EBE-landanna, sem hafa mikla þörf fyrir að kaupa sjávarafurðir af íslend-

ingum. Það er því eigi aðeins í þágu íslendinga, heldur ekki síður í samræmi við hagsmuni viðsemjenda þeirra í Efnahagsbandalagi Evrópu og Atlantshafsbandalaginu, að við gerð samninga milli þeirra og íslendinga sé í samhengi fjallað um samskipti við vestræn ríki á breiðum grundvelli.

Vestur-Evrópulöndin í Atlantshafsbandalaginu hafa að sjálfsögðu mikilla hagsmuna að gæta að því er varðar áframhaldandi aðild íslendinga að NATO, en eigi að síður hafa þessi lönd innan EBE beitt íslendinga efnahagslegum og viðskiptalegum þvingunum. Þessi afstaða skerðir öryggi íslensku þjóðarinnar til að geta lifað í landinu sem sjálfstæð þjóð.

Hagsmunir Atlantshafsbandalagsins að því er snertir varnir Íslands eru fyrst og fremst þeir að fá aðstöðu á Íslandi til hervarna og ná þar með því markmiði að viðhalda núverandi valdajafnvægi milli Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins, en í því sambandi er landfræðileg lega landsins mjög mikilvæg.

Í þessu efni hafa íslendingar víðtækari hagsmuna og þeim mikilvægari að gæta. Meiri hluti íslensku þjóðarinnar telur það í samræmi við íslenska hagsmuni að það hernaðarlega jafnvægi, sem nú er milli Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins, raskist ekki og kýs að halda áfram viðskiptalegum og menningarlegum tengslum við vestrænar þjóðir. Út frá þeim forsendum eru íslendingar aðilar að varnarsamstarfi vestrænna þjóða. En hvað þetta snertir hafa íslendingar að sjálfsögðu það fyrst og fremst í huga að öryggi þjóðarinnar sjálfrar til þess að lifa í landi sínu sé tryggt. Hér er ekki aðeins um það að ræða að tryggt verði í samningi um varnir Íslands að fyrir hendi sé úrræði sem stuðli svo sem unnt er að öryggi íbúa landsins í hugsanlegum hernaðarátökum. Hitt er íslendingum einnig mjög nauðsynlegt, að hafa tryggingu fyrir efnahagslegu öryggi sínu.

Nú er af hálfu EBE-landa grafið undan lífsmöguleikum íslensku þjóðarinnar, annars vegar með því að virða ekki rétt íslendinga til þeirrar útfærslu íslensku landhelginnar, sem þeim er beinlínis lífsnauðsyn, og hins vegar með því að beita Ísland viðskiptalegum þvingunum. Þessar aðgerðir eru komnar á það stig að í þeim felst alvarleg ógnun við tilveru íslendinga sem efnahagslega og stjórnarfarslega sjálfstæðrar þjóðar. Afstaða íslendinga til vestrænna þjóða hlýtur að breytast, komist þeir að þeirri niðurstöðu að áhugi vestrænna þjóða fyrir Íslandi og íslendingum takmarkist við það eitt að líta á landið sem útsker í norðurhöfum, hernaðarlega mikilvægt fyrir öryggi nágrannalandanna í Atlantshafsbandalaginu, en að afdrif þjóðarinnar, sem landið byggir, varði þær engu.

Í áliti Hafrannsóknastofnunar Íslands, sem birt var í október s. l. og breskir fiskifræðingar hafa í meginatriðum fallist á, kemur fram að á næstu árum verður a. m. k. hvað þorskstofninn snertir að takmarka fiskveiðar innan 200 mílna fiskveiðilögsögu Íslands við lægri kvóta og minni sókn heldur en nemur núverandi afkastagetu íslenska fiskveiðiflotans, ef ekki á að stefna að enn frekari eyðingu fiskstofna en orðið er og sífellt minnkandi aflamagni á sóknareiningu. Er samt sem áður um að ræða verulega skerðingu á þeim afla sem íslendingar sjálfir fengu í sinn hlut af Íslandsmiðum fyrir aðeins fáum árum.

Ekki þarf að rekja afstöðu sumra þeirra landa í Efnahagsbandalagi Evrópu, sem jafnframt eru bandamenn okkar í NATO, til útfærslu íslenskrar fiskveiðilögsögunnar, en skeytingarleysi þeirra um lífsafkomu íslensku þjóðarinnar í því sambandi er ótvírætt. Jafnframt hafa þau beitt þeim viðskiptalegu þvingunaraðgerðum að halda áfram að leggja 15% toll á íslenskar sjávarafurðir sem seldar eru innan EBE-landanna og þar með hindrað að til framkvæmda komi það atriði samningsins milli Íslands og EBE sem íslendingum er mikilvægast.

Það er þó ekki síður hættulegt fyrir íslenskan sjávarútveg að með hverju ári auka EBE-löndin styrki og efnahagsaðstoð við sjávarútveg í löndum sínum, sem leiðir til þess að þau geta selt fiskafurðir á markaðsverði sem er lægra en raunverulegt framleiðsluverð. Fyrir háþróaðar iðnaðarþjóðir, þar sem framleiðsla sjávarafurða er aðeins örlítið brot af þjóðarframleiðslunni, skiptir slík niðurgreiðsla með

tilfærslu fjármagns til sjávarútvegsins frá miklu stærri atvinnugreinum litlu eða engu máli.

Það markaðsverð á fiskafurðum í EBE-löndunum, sem þannig er til komið, ákvarðar það verð sem íslendingar fá fyrir sjávarafurðir sínar á þeim markaði.

Efnahagslegt og stjórnarfarslegt sjálfstæði íslendinga, sem búa við þá aðstöðu að 80% útflutningsvara þeirra eru sjávarafurðir og hafa engar atvinnugreinar sem eru þess megnugar að halda sjávarútveginum uppi með styrkjum, og lífsafkoma þjóðarinnar veltur beinlínis á því, að þeir eigi aðgang að mörkuðum þar sem þeir geta selt sjávarafurðir sínar á verði er stendur undir framleiðslukostnaði. Íslendingar hafa skilyrði til að geta framleitt sjávarafurðir með lægri tilkostnaði en flestar aðrar þjóðir og eru því samkeppnisfærir á hvaða markaði sem er, þar sem ekki er um undirboð að ræða.

Verðfall á íslenskum sjávarafurðum, sem orðið hefur á síðustu árum, má vafalaust ekki síður rekja til þessara orsaka heldur en til tímabundinnar efnahagskreppu.

Með þessu móti eru íslendingar þvingaðir til að selja sjávarafurðir sínar undir framleiðsluverði, en af slíkum viðskiptakjörum leiðir skerðingu á lífskjörum íslendinga svo þau verða ekki sambærileg við það sem gerist í öðrum vestrænum löndum. Á þennan hátt eru íslendingar einnig óbeint látnir borga styrkina sem EBE-löndin veita sjávarútvegi sínum, m. a. til fiskveiða við Ísland.

Í viðræðum milli ríkisstjórnar Íslands og stjórnar EBE og Atlantshafsbandalagsins er brýnast að ná eftirtöldum markmiðum:

a) Lönd innan EBE viðurkenni 200 mílna fiskveiðilögsögu við Ísland og leiti ekki eftir veiðiheimildum innan hennar svo lengi sem fiskstofnarnir eru það veikir að íslendingar geta og verða að fullnýta þá til þess að tryggja lífsafkomu íslensku þjóðarinnar sjálfrar.
b) Í viðskiptasamningi við EBE verði með milligöngu NATO og Bandaríkja Norður-Ameríku tryggt að íslendingar njóti eðlilegra viðskiptakjara. Að því er sjávarafurðir snertir verða íslendingar að ná samningum um að geta fengið fyrir þær framleiðsluverð án tillits til þess hvort styrkir til sjávarútvegs EBE-landanna leiða til undirboðs á markaðnum.
c) Tryggt verði svo sem unnt er öryggi íslensku þjóðarinnar í hugsanlegum hernaðarátökum og í því sambandi sérstaklega haft í huga að helmingur íslensku þjóðarinnar býr á samfelldu þéttbýlissvæði.

Á það verður að reyna við samningsumleitanir hvort þau vestræn ríki, sem íslendingar hafa samið við um viðskipta- og varnarmál, vilji ganga svo til móts við hagsmuni íslendinga að íslensku þjóðinni verði framvegis lífvænt í landi sínu.

Hagsmunir íslendinga og vestrænna þjóða fara að mörgu leyti saman séu samskiptin á jafnréttisgrundvelli, en í þeim tilgangi að samningar takist á grundvelli gagnkvæmra hagsmuna er þessi tillaga til þingsályktunar flutt.

Sþ. 93. Nefndarálit [80. mál]

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ganga frá samkomulagi við ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýskalands um veiðar þýskra togara.

Frá minni hl. utanríkismálanefndar.

Við undirritaðir teljum að álitsgerðir vísindamanna um ástand fiskstofna við Ísland sé einhver alvarlegasta áminning til þjóðarinnar og ráðamanna hennar, sem fram hefur komið um langt skeið. Við teljum óhjákvæmilegt að brugðist verði við á þann hátt að allt verði gert, sem í okkar íslendinga valdi stendur, til að bægja frá dyrum þeim þjóðarvoða sem af hruni fiskstofnanna mundi óhjákvæmilega leiða.

Það blasir við, að verði eins og nú er ástatt gerðir samningar við aðrar þjóðir um veiðar á umtalsverðum hluta þess aflamagns sem fiskifræðingar telja nokkurt vit í að veitt verði á Íslandsmiðum næstu árin, leiðir af því annað tveggja: geigvænlega ofveiði eða takmörkun á afla eigin skipa sem svaraði aflamagni útlendinga. Fyrri kosturinn hefði í för með sér efnahagslegt hrun, en hinn síðari rýrði enn stórlega afkomumöguleika íslenskra alþýðuheimila og byði heim hættunnni á atvinnuleysi. Þegar svo er komið, að nauðsynlegt er talið að fara að skammta veiðar íslendinga sjálfra á þorski og öðrum helstu nytjafiskum teljum við engin rök til þess að gera samninga við aðrar þjóðir um veiðar innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi.

Við leggjum þess vegna eindregið til að tillagan verði felld.

Samtök frjálslyndra og vinstri manna eiga ekki kjörinn fulltrúa í utanríkismálanefnd, en Magnús T. Ólafsson, sem situr fundi nefndarinnar, lýsir sig algerlega samþykkan nefndaráliti okkar.

Alþingi, 27. nóv. 1975.

Gils Guðmundsson, frsm. Benedikt Gröndal.

Sþ. 94. Nefndarálit [80. mál]

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ganga frá samkomulagi við ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýskalands um veiðar þýskra togara.

Frá meiri hl. utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og klofnað um afgreiðslu hennar. Meiri hlutinn mælir með samþykkt hennar óbreyttrar.

Reykjavík, 27. nóv. 1975.

Þórarinn Þórarinsson, form., frsm. Friðjón Þórðarson, fundaskr. Jóhann Hafstein,

Guðmundur H. Garðarsson, Tómas Árnason.

Nd. 95. Breytingartillaga [57. mál]

við frv. til laga um eignarnámsheimild fyrir Neskaupstað á hluta jarðarinnar Nes í Norðfirði með hjáleigunum Bakka og Naustahvammi.

Frá félagsmálanefnd.

Við 2. gr. Í stað „laga nr. 61 14. nóv. 1917“ komi: laga nr. 11 6. apríl 1973.

Sþ. 96. Tillaga til þingsályktunar [86. mál]

um innanlandsflugvöll á Reykjavíkursvæðinu.

Flm.: Guðmundur G. Þórarinsson, Steingrímur Hermannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sérfróðra manna til þess að kanna þá hugmynd að láta gera nýjan flugvöll, sem orðið gæti miðstöð innanlandsflugsins, á fyllingu við Löngusker í Skerjafirði.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en varð ekki útrædd og er því endurflutt. Kostnaðartölur eru frá fyrri hluta árs 1975.

Á undanförnum árum hafa verið uppi háværar raddir, er telja, að Reykjavíkurflugvöllur í núverandi mynd geti ekki verið miðstöð innanlandsflugsins til frambúðar.

Flestir munu þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé, að á Reykjavíkursvæðinu sé flugvöllur, er uppfyllir kröfur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO).

Mikið hefur verið um þetta mál fjallað, en óljóst, hver framtíðarskipan muni verða.

Margt veldur því, að erfitt mun reynast að láta Reykjavíkurflugvöll þjóna því hlutverki að vera miðstöð innanlandsflugsins til frambúðar, og skal þess freistað hér að drepa á helstu atriðin.

I. Öryggi.

Til grundvallar um aðflugsskilyrði er eðlilegt og nauðsynlegt að leggja reglur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, en þær helstu eru þessar:

a) Engar hindranir mega vera í fluglínu að og frá brautarendum. Mega þær ekki rísa upp fyrir hallandi flöt frá brautarenda með hallanum um 1:50 frá aðalbrautum og 1:40 frá þverbrautum.
b) Engar hindranir mega gnæfa upp yfir láréttan flöt (öryggisflötur) 45 m ofan flugvallar innan 4000 m fjarlægðar frá miðju hans.
c) Utan við hverja flugbraut verða að vera hindranalaus öryggissvæði og séu þau í sömu hæð og flugbrautin. Burðarþol öryggissvæða skal vera þannig, að sem minnstur skaði verði á loftfari, sem fer út af brautinni.

Öryggissvæði þetta skal ná 60 m út fyrir hvorn brautarenda og 75 m sín hvorum megin við miðlínu flugbrautar, ef um venjulega flugbraut er að ræða, en 150 m, ef um er að ræða blindflugsbraut.

Á Reykjavíkurflugvelli er öryggi flugs ekki í samræmi við þessar kröfur. Miklar tálmanir eru af hæðum og byggingum í nágrenni vallarins og í brautarstefnu. Takmarkar þetta notagildi vallarins sérstaklega í lágskýjuðu.

Fylgiskjal I. sýnir hindranir þær, sem standa upp úr „öryggisfleti“ (inner horizonal surface) Reykjavíkurvallar.

Helstu hindranir eru:

Sjómannaskólinn (86 m).
Borgarsjúkrahús (85 m).
Digranesháls (84 m).
Reykháfur á Kletti (83 m).
Háaleitishverfi (71 m).
Öskjuhlíð (69 m).
Laugaráshverfi (79 m).
Langholtshverfi (75 m).
Hallgrímskirkja (110 m).

Fylgiskjöl III og IV sýna hindranir í brautarstefnur. Er í báðum tilfellum miðað við hallann 1:40.

Verstu hindranir á flugtaks- og aðflugsfleti norður af flugbraut 02/20 eru tvö hús við Sóleyjargötu (1:23 og 1:25) og Fríkirkjan (1:32).

Kröfur um hindrunarlaus öryggisbelti meðfram brautum er ekki unnt að uppfylla, nema fjarlægðar verði byggingar.

Ljóst er, að sumar af nefndum kröfum um öryggi er unnt að uppfylla með ærnum kostnaði, en aðrar verða ekki uppfylltar.

Fleiri atriði mætti nefna, svo sem lengd flugbrauta og stefnur þeirra.

Auk öryggis flugfarenda er öryggi þeirra íbúa, er í nágrenni flugvallarins búa, nátengt þessum atriðum. Með aukinni flugumferð eykst slysahætta, þar eð aðflug og flugtak er mikið yfir byggð.

II. Hljóðmengun.

Íbúar Reykjavíkur og nágrennis verða fyrir verulegu ónæði af hávaða vegna flugvallarins.

Á fylgiskjali V er sýndur hávaðaflötur vallarins. Hávaðafletir eru verstir yfir miðbæ Reykjavíkur og Kársnesi. Stærð hávaðaflatar stendur í nánu sambandi við fjölda flugtaka og munu því óþægindi af þessum orsökum aukast með aukinni flugumferð.

III. Loftmengun.

Loftmengun fylgir að mestu hávaðaflötum. Sýnir það enn galla þess, hversu aðflug og flugtak er mikið yfir byggð.

IV. Burðarþol.

Styrkleiki vallarins er mjög misjafn. Völlurinn er að mestu á þunnri fyllingu í mýri og yfirborð óslétt.

V. Skipulag.

Verulega hefur verið þrengt að Reykjavíkurflugvelli á undanförnum árum með byggð, og er ástæða til að ætla, að þar komi að völlurinn verði að víkja, en byggingarland Reykjavíkur er senn á þrotum.

Sú óvissa, sem ríkir um framtíð flugvallarins, veldur augljóslega erfiðleikum við áætlanagerð þeirra fyrirtækja, sem í tengslum við völlinn starfa.

Þær tillögur, sem komið hafa fram um úrbætur, miða annars vegar að gerð nýrrar austur/vestur brautar, 1800 m langrar, og hins vegar að lengingu núverandi austur/vestur brautar í 1800 m.

Hvor tilhögun sem yrði valin er líklegt að kostnaður yrði 500—600 millj. kr., en eigi að síður yrði ekki unnt að fullnægja nefndum öryggiskröfum og fjöldamörg vandamál til frambúðar. Til þess að fullnægja alþjóðlegum kröfum um 95% opnun flugvallarins þarf, auk þess að endurbyggja og lengja NA—SV flugbrautina.

Árið 1967 skilaði Flugvallarnefnd 1965—67 ítarlegu nefndaráliti.

Var þar fjallað um hugsanlega flugvallargerð á Álftanesi og í Kapelluhrauni.

Ákvörðun var aldrei tekin á grundvelli þess nefndarálits og mun margt hafa valdið.

Nýlega hefur ungur arkitekt, Trausti Valsson, varpað fram þeirri hugmynd, að gerður verði flugvöllur fyrir Reykjavíkursvæðið á fyllingu við Löngusker í Skerjafirði.

Þótt hugmyndin sé einföld og liggi nokkuð beint við, mun hún ekki hafa komið fram áður.

Hugmynd þessi hefur í för með sér verulega kosti umfram aðrar hugmyndir, sem fram hafa komið um flugvallargerð á svæðinu.

Verður þess freistað hér að benda á nokkra þeirra.

Fylgiskjal VI sýnir legu flugvallar samkvæmt þessari hugmynd.

I. Öryggi.

Öryggi er augljóslega til muna meira en á núverandi flugvelli. Hindranir í „öryggisfleti“ og að flugs- og flugtaksflötum núverandi vallar hafa nær engin áhrif við þessa staðsetningu. Sjá fylgiskjal I og II.

Nauðsynlegt er þó að framkvæma á þessu athugun.

Flug er mun minna yfir byggð.

II. Hljóðmengun.

Fylgiskjal V sýnir hávaðafleti þessarar staðsetningar og þar með augljósa kosti hennar fram yfir núverandi völl.

Fylgiskjal V sýnir einnig samsvarandi hávaðafleti fyrir flugvelli á Álftanesi og í Kapelluhrauni.

III. Loftmengun.

Loftmengun verður mun minni en nú er, enda fylgir hún að mestu hávaðaflötum.

IV. Skipulag.

Svo sem fram kemur að framan, gerir hugmyndin ráð fyrir, að flugvöllurinn sé gerður á fyllingu.

Staðsetningin hefur þá augljósu kosti fram yfir staðsetningu á Álftanesi og í Kapelluhrauni, að hún liggur mun nær þungamiðju byggðar og er því hagstæðari frá flutningalegum sjónarhól séð.

Vegagerð að vellinum yrði að vísu dýr, en hraðbraut þarna yrði til mikilla hagsbóta fyrir umferðarkerfið og er spurning, hvort hraðbraut í þessari mynd verði ekki að koma í framtíðinni.

Hún mundi að sjálfsögðu létta mjög á umferðaræðinni gegnum Kópavog og auðvelda alla umferð innan Stór-Reykjavíkursvæðisins.

Benda má á í þessu sambandi, að á Álftanesi gæti orðið um 30—40 þús. manna byggð. Vegalengd þangað er um 15 km, en um 5 km eftir vegi yfir fjörðinn.

Fylgiskjal VII sýnir hugsanlega gerð umferðarnets með þessa lausn fyrir augum.

Annar veigamikill kostur við þessa staðsetningu framtíðarflugvallar er, að núverandi byggingar á flugvallarsvæðinu er flestar auðvelt að reka í tengslum við flugvöll í Skerjafirði. Er hér að sjálfsögðu um verulega fjármuni að ræða.

Ákvörðun um flugvöll í Skerjafirði mundi auðvelda flugfélögum alla áætlanagerð og gera þeim kleift að miða fjárfestingar sínar í byggingum á núverandi flugvelli við það.

Núverandi flugvallarsvæði gæti Reykjavíkurborg tekið til bygginga í framtíðinni.

Ef áætlað er, að flugvallarsvæðið sé um 140 ha og verð lands þarna áætlað ca. 1 000 kr/m^2, er verð þessa landssvæðis, sem losnar, um 1 400 millj. kr.

Ef gert er ráð fyrir, að ríkissjóður eigi um 60 ha lands þarna, mætti meta eignir hans í landi um 600 millj. kr.

Með tilliti til þeirra gífurlegu hagsmuna, sem Reykjavíkurborg á í þessu máli, þarf öll framkvæmd og athugun að fara fram í náinni samvinnu við hana.

Ekki væri, með tilliti til þessa, óeðlilegt að hugsa sér, að borgin tæki þátt í gerð flugvallar í Skerjafirði, enda fengi hún til bygginga landssvæði að verðmæti um 800 millj. kr., þ. e. eitthvert besta byggingarsvæði borgarlandsins, suðurströndina í hjarta borgarinnar, jafnframt því sem staðsetning flugvallar í Skerjafirði þýddi framtíðaraðsetur flugfélaganna í borginni.

Stækkunarmöguleikar flugvallar í Skerjafirði í framtíðinni eru nokkrir, þótt dýpi aukist, er utar dregur.

Fylgiskjal VIII sýnir hugsanlega nýtingu Reykjavíkurborgar á núverandi flugvallarsvæði.

Uppdrætti hefur Trausti Valsson arkitekt gert.

Ljóst er, að fyllingu undir flugvöll og vegstæði yrði að verja með brimbrjótum.

Nokkrar athuganir hafa verið gerðar á grynningu vestlægrar öldu á Faxaflóa og tilraunir gerðar til að reikna hættulegustu úthafsöldu.

Fylgiskjöl IX og X sýna ölduslóðir á umræddu svæði.

Tvær nærliggjandi ölduslóðir mynda braut í haffletinum, sem orka öldunnar berst eftir. Fjarlægð milli ölduslóða er mælikvarði á orku öldunnar og þar með ölduhæðina. Fylgiskjölin gefa möguleika til að meta ölduhæð og ölduorku á Skerjafirði, samanborið við nærliggjandi svæði.

Ekki er ólíklegt, að grjótstærð í brimbrjótum þyrfti að vera 2.5 tonn.

Gera mætti ráð fyrir að byrja framkvæmdir á varnargörðum, en dæla síðan sandi inn fyrir þá.

Við ákvörðun á kostnaði við dælingu mætti sennilega gera ráð fyrir, að unnt verði að notast við pramma og flotleiðslu.

Forsenda þessa er, að nægilegt sandmagn sé á botni fjarðarins innan t. d. 1.5 km. — Þetta þarf að sjálfsögðu að kanna nánar.

Ef gert væri ráð fyrir að gera tvær brautir, 1 500 m og 2 000 m langar, mætti hugsa sér að fylla í fyrsta áfanga um 100 ha. Síðar mætti auka þetta svæði í 250—300 ha eftir þörfum.

Margt bendir til, að verðmæti lands undir núverandi flugvelli ásamt kostnaði við nauðsynlegar breytingar gæti haldist nokkuð í hendur við kostnað við landvinninga í Skerjafirði.

Mat á hinum ýmsu þáttum við flugvallargerð er hins vegar mjög margbrotið og flókið.

Hugmyndin um nýjan flugvöll á Lönguskerjum í Skerjafirði er snjöll og stenst fyrstu gagnrýni. Þótt ljóst sé að ekki verður ráðist í flugvallargerð á Lönguskerjum í fyrirsjáanlegri framtíð, er það mikils virði að þessi valkostur sé skoðaður gaumgæfilega.

Lagt er því til, að ríkisstjórnin skipi nefnd sérfræðinga til þess að fullkanna þessa hugmynd.


Heimildir:

1. Flugvallarnefnd 1965—67.
   Nefndarálit.
2. Reykjavíkurflugvöllur.
   Tillaga að flugstöð, flugskýlum, verkstæðum, vörugeymslum og afgreiðslu fyrir flugfragt.
3. Aðalskipulag Reykjavíkur 1962—83.
4. Hafnarstjórinn í Reykjavík.
   Öldusveigja á Faxaflóa.

Fylgiskjal I.

Reykjavíkurflugvöllur 1:50 000


Hindranir í láréttum fleti og flugtaksflötum (lausleg athugun).




Fylgiskjal II.

Skerjafjarðarflugvöllur 1:50 000

Hindranir í látréttum fleti (lausleg athugun).




Fylgiskjal III.



DAGS.	NAFN	BREYTING	KEMUR Í STAÐ
FLUGMÁLA STJÓRINN RATSJÁRÞJÓNUSTAN A/S		REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR HINDRANIR VIÐ FLUGTAK Á BRAUT 20	NR. AGA-1 R/8 BLAÐ DAGS. 10/5 '66 NAFN BR.


Fylgiskjal IV.




	NAFN	BREYTING	KEMUR Í STAÐ
LUGMÁLA TJÓRINN		REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR	NR. AGA-1 R/8
NGGISÞJÓNUSTAN A/S		HINDRANIR VIÐ FLUGTAK Á BRAUT 14	BLAÐ DAGS. 19/5 '67 NAFN BÞ

Fylgiskjal V.

90 db hávaðabelti við hugsanleg flugvallarsvæði. (Myndirnar eru úr „Aðalskipulagi Reykjavíkur", bls. 82 — nema myndin af flugvallarsvæði í Skerjafirði).




Fylgiskjal VI.




Fylgiskjal VII.

Tillaga að hrað- og tengibrautakerfi.




Fylgiskjal VIII.



Fylgiskjal IX.


ORKUSTOFNUN STRAUMFRÆÐISTÖÐ	30.1.'74 JE/P
HAFNARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK	TNR.21
SUNDAHÖFN	ORS-4
ÖLDUSLÓÐIR AKRANES GARÐSSKAGI	FNR.11643



Fylgiskjal X.

ORKUSTOFNUN STRAUMFRÆÐISTÖÐ	27.12.'73 GHV/AR
HAFNARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK	TNR.11
SUNDAHÖFN	ORS-04
ÖLDUSLÓÐIR AKRANES GRÓTTA	FNR.11607

Mynd 2



Ed. **97. Frumvarp til laga** [87. mál]

um breyting á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Jón Árm. Héðinsson, Helgi F. Seljan, Oddur Ólafsson.

1. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

1. Eigi má veiða lax í sjó.
2. Nú veiðist lax í sjó í veiðitæki, sem ætluð eru til veiði annarra fiska, og skal þá þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum í sjó aftur.
3. Veiði göngusilungs í sjó skal hlíta sömu reglum sem veiði í ósöltu vatni, eftir því sem unnt er.
4. Rétt er ráðherra að takmarka eða banna veiði göngusilungs í sjó á tilteknum svæðum, enda æski veiðinotendur eða veiðifélag slíkrar friðunar og sýslunefnd mæli með henni eða bæjarstjórn, ef veiði er fyrir bæjarlandi.
5. Með sama skilorði og í 4. mgr. segir er ráðherra rétt að banna veiði fiska framan við árósa, þar sem hætta er á, að lax og silungur geti veiðst í veiðiútbúnað, sem ætlaður er til slíkrar veiði.

2. gr.

2. mgr. 94. gr. laganna orðist þannig:

Mat samkv. 1. mgr. og annað mat, sem getur í lögum þessum, skulu framkvæma 2 menn dómkvaddir af héraðsdómara, þar sem er vatn það, sem meta skal. Héraðsdómari skal að jafnaði dómkveðja menn búsetta í öðru lögsagnarumdæmi, og skal annar þeirra vera vatnalíffræðingur. Héraðsdómari skal ráðfæra sig við veiðimálastjóra, en hann framkvæmir dómkvaðningu. Matsmenn skulu rökstyðja niðurstöður sínar. Nú varðar mat merkivatn milli lögsagnarumdæma, og ákveður þá ráðherra, hvaða héraðsdómari dómkveður matsmenn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvörp samhljóða þessu voru flutt á 93., 94. og 96. löggjafarþingi, en urðu ekki útrædd.

Með frumvarpi þessu er lagt til að breyta gildandi lagaákvæðum varðandi undanþágu til laxveiði í sjó.

Eins og kunnugt er, hefur það verið yfirlýst stefna íslendinga að leyfa ekki laxveiði í sjó. Frá þessari meginstefnu hefur þó verið vikið með undanþáguákvæði í lögunum um lax- og silungsveiði. Undanþáguákvæði þetta nær í framkvæmd aðeins til örfárra aðila í landinu.

Í 14. gr. laganna um lax- og silungsveiði er þessi heimild orðuð þannig:

„Nú hefur laxveiði í sjó verið metin sérstaklega til dýrleika á fasteignamati því, er öðlast gildi árið 1932, eða tillit hefur verið tekið til hennar við ákvörðun fasteignaverðs í því mati, og er sú veiði leyfileg.“

Lagt er til í þessu frv. að fella niður þessa heimildareglu.

Þýðingarmikið er, að stefna íslendinga sé skýr og án undantekninga í þessum efnum. Mikill ágreiningur er í ýmsum löndum um veiði á laxi í sjó, og um reglur varðandi slíkar veiðar er oft tekist á æðihart á erlendum vettvangi, m. a. í fiskveiðistofnunum, sem íslendingar taka þátt í.

Það veikir aðstöðu okkar íslendinga varðandi þessi mál að hafa í okkar lögum undanþáguákvæði, sem heimila laxveiðar í sjó. Undanþáguregla þessi veikir einnig mjög aðstöðu til að halda uppi ströngu eftirliti með netaveiðum í sjó í nánd við veiðiár, en eins og kunnugt er, eru deilur um slíkar veiðar algengar.

Undanþága til laxveiða í sjó hefur staðið svo lengi, að ekki sýnist nein ástæða til að halda henni lengur.

Ed. 98. Nefndarálit [43. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta var lagt fram á síðasta þingi og fékk nefndin það til athugunar. Var það afgreitt með samþykki nefndarinnar og efri deildar, en hlaut ekki endanlega afgreiðslu þingsins.

Allsherjarnefnd mælir með að frv. verði samþykkt óbreytt.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Bragi Sigurjónsson.

Alþingi, 28. nóv. 1975.

Ingi Tryggvason, form., frsm.	Axel Jónsson, fundaskr.	Halldór Ásgrímsson.
Geir Gunnarsson.	Jón G. Sólnes.	Oddur Ólafsson.

Sþ. 99. Þingsályktun [80. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ganga frá samkomulagi við ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýskalands um veiðar þýskra togara.

(Afgreidd frá Sþ. 28. nóv.)

Samhljóða þskj. 85.

Ed. 100. Frumvarp til laga [88. mál]

um viðauka við lög nr. 102 27. desember 1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, sbr. lög nr. 14 26. mars 1974 og lög nr. 72 14. október 1975.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

1. gr.

Við lögin bætist svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Meðan í gildi er samkomulag milli Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands um veiðar þýskra togara innan fiskveiðilandhelgi, dags. 28. nóvember 1975, skulu brot gegn ákvæðum samkomulagsins af hálfu þeirra þýsku veiðiskipa, sem tilgreind eru á skrá, sem er fylgiskjal með samkomulaginu, og heimilaðar eru veiðar á umsömdum svæðum í fiskveiðilandhelginni, varða þeim viðurlögum, að veiðiskip, sem brotlegt hefur orðið við ákvæði samkomulagsins, skal fellt niður af

fyrrnefndri skrá, og missir þar með rétt til að stunda veiðar samkvæmt ákvæði samkomulagsins.

Dómsmálaráðuneytið tekur ákvörðun um þá framkvæmd samkomulagsins, er það hefur fengið gögn í hendur frá Landhelgisgæslunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með þingsályktun 28. nóvember 1975 hefur Alþingi veitt ríkisstjórninni heimild til að ganga frá samkomulagi við ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýskalands um veiðar þýskra togara. Samkvæmt því samkomulagi er þýskum veiðiskipum, sem tekin eru á skrá, sem er fylgiskjal samkomulagsins, heimilaðar veiðar á tilteknum svæðum innan fiskveiðilandhelginnar þann tíma sem samkomulagið gildir. Veiðar af hálfu þeirra veiðiskipa, sem fara í bága við ákvæði samkomulagsins, varða þeim viðurlögum, að þau skip verða felld niður af skránni, og missa þar með rétt til að stunda veiðar samkvæmt samkomulaginu. Rétt þykir að marka framkvæmd á sviptingu leyfis með þeim hætti, sem í frumvarpi þessu greinir, þannig að dómsmálaráðuneytinu sé falið að taka ákvörðun um það efni, er það hefur fengið í hendur málsgögn frá Landhelgisgæslunni. Komi til brot af hálfu skips, sem ekki er á skránni eða strikað hefur verið út af skrá, fer um það eftir almennum reglum.

Nd. 101. Frumvarp til laga [89. mál]

um sérstakt tímabundið vörugjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

1. gr.

Á tímabilinu 17. júlí til 31. desember 1975 skal greiða í ríkissjóð sérstakt 12% vörugjald af eftirgreindum vöruflokkum.

Tollskrárnúmer:

01.06.29	08.12.02	11.02.23	12.01.70
03.01.01	08.12.03	11.02.29	12.01.80
04.06.00	08.12.09	11.02.30	12.02.00
04.07.00	08.13.00	11.03.01	12.04.00
05.13.00	09.03.00	11.03.09	12.08.00
06.02.01	09.04.00	11.04.00	12.09.00
06.02.09	09.05.00	11.05.01	12.10.00
06.04.01	09.06.00	11.05.09	13.03.03
06.04.09	09.07.00	11.06.09	17.01.10
07.02.00	09.08.00	11.08.01	17.01.21
07.03.00	09.09.00	11.08.02	17.01.22
07.04.00	09.10.00	11.08.03	17.01.23
07.06.00	11.01.11	11.08.09	17.01.24
08.01.40	11.01.12	11.09.00	17.01.25
08.03.20	11.01.23	12.01.10	17.01.26
08.04.21	11.01.24	12.01.20	17.02.01
08.04.22	11.01.25	12.01.30	17.02.02
08.10.00	11.01.26	12.01.40	17.02.03
08.11.00	11.02.10	12.01.50	17.02.09
08.12.01	11.02.22	12.01.60	17.03.09

Tollskrárnúmer:

17.04.01	27.11.09	39.07.71	48.07.87
17.04.03	27.14.10	39.07.73	48.07.93
17.04.04	27.14.20	40.05.09	48.07.94
17.04.05	27.15.00	40.08.09	48.07.99
Eins og fram kemur í athugasemdum við 2. grein, telur ráðuneytið ekki eðlilegt, að starfsréttindi ísl. ríkisborgara, sem lokið hefur a. m. k. 4ra ára sérnámi erlendis, séu háð því, hvort meðmæli fáist eða ekki. Reynist viðkomandi ekki réttinda verður, skal landlæknir gera ráðuneyti viðvart og er þá unnt að afturkalla starfsleyfið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er efnislega samhljóða upphafi 1. greinar núgildandi laga og í samræmi við upphafsgreinar laga og reglugerða þeirra, sem undanfarin misseri hafa verið settar um aðrar heilbrigðisstéttir.

Um 2. gr.

Í tillögum Félags ísl. sjúkraþjálfara var 2. gr. svohljóðandi:

„Leyfi samkv. 1. gr. skal veita þeim, sem lokið hafa prófi frá viðurkenndum skóla í sjúkraþjálfun og uppfyllir auk þess eftirtalin skilyrði:

a) Er íslenskur ríkisborgari.
b) Hefur meðmæli Félags íslenskra sjúkraþjálfara og landlæknis.
c) Skólinn, sem nám var stundað í og prófi lokið frá skal vera viðurkenndur af alþjóðasambandi sjúkraþjálfara (World Confederation of Physical Therapy)".

Eins og áður segir, taldi ráðuneytið skilyrði skv. lið b) of þröng og leggur til að í stað meðmæla verði stéttarfélaginu og landlækni gefinn kostur á að gera athugasemdir, ef einhverjir gildir annmarkar teljast á veitingu starfsréttinda.

Námsefni og kröfur til prófs í sjúkraþjálfun eru mjög mismunandi eftir löndum. World Confederation of Physical Therapy fylgist nákvæmlega með menntun og námi í hverju landi á hverjum tíma. Það krefst lágmarksinntökuskilyrða fyrir aðildarfélögin. Félag íslenskra sjúkraþjálfara er aðili að þessu sambandi enda eru íslenskir sjúkraþjálfarar menntaðir í löndum, þar sem skólar eru viðurkenndir af alþjóðasambandi sjúkraþjálfara.

Um 3. gr.

Þessi grein á við erlenda ríkisborgara, sem fengið hafa meðmæli stéttarfélagsins og landlæknis til sjúkraþjálfarastarfa hér á landi um stundarsakir.

Hér yrði því í raun um að ræða reglur hliðstæðar þeim, sem almennt gilda um veitingu atvinnuleyfis.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 3. grein núgildandi laga og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 6. gr.

Greininni er ætlað að taka af öll tvímæli um, að hvers konar sjúkraþjálfarastörf, sem unnin eru á heilbrigðisstofnunum, endurhæfingarstöðvum eða öðrum stofnunum hverju nafni sem nefnast svo og í heimahúsum falli undir ákvæði laga þessara.

Um 7. gr.

Ákvæði þessarar greinar er nýmæli, sem ekki er í núgildandi lögum um sjúkraþjálfun. Verksvið slíks aðstoðarfólks yrði fyrst og fremst að flýta fyrir og létta undir störfum sjúkraþjálfara, en ávallt undir eftirliti og á ábyrgð hans.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Ákvæði um þagnarskyldu er í lögum þeim, sem vísað er til í 11. grein, en er hér tekið upp í sjálfstæða grein til frekari áherslu.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 113. Nefndarálit [88. mál]

um frv. til l. um viðauka við lög nr. 102 27. des. 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, sbr. lög nr. 14 26. mars 1974 og lög nr. 72 14. okt. 1975.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur lesið frv. og mælir með samþykkt þess. Sighvatur Björgvinsson var fjarverandi.

Alþingi, 4. des. 1975.

Ellert B. Schram, form., frsm.	Gunnlaugur Finnsson, fundaskr.	Svava Jakobsdóttir, með fyrirvara.
Páll Pétursson.	Friðjón Þórðarson.	

Nd. 114. Lög [88. mál]

um viðauka við lög nr. 102 27. des. 1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, sbr. lög nr. 14 26. mars 1974 og lög nr. 72 14. okt. 1975.

(Afgreidd frá Nd. 4. des.)

Samhljóða þskj. 88.

Ed. 115. Nefndarálit [53. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins, nr. 30 12. maí 1970.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til meðferðar og mælir með samþykkt þess með breytingu, sem hún leggur til á sérstöku þingskjali.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Steingrímur Hermannsson og Bragi Sigurjónsson.

Alþingi, 4. des. 1975.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm. Steinþór Gestsson, fundaskr. Axel Jónsson.
Helgi F. Seljan. Guðm. G. Þórarinsson.

Ed. 116. Breytingartillaga [53. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins, nr. 30 12. maí 1970.

Frá félagsmálanefnd.

Við 1. gr. Aftan við greinina komi viðbót, þannig: af félagslegum ástæðum, svo sem ef um er að ræða öryrkja, einstæða foreldra eða námsmenn.

Ed. 117. Frumvarp til laga [97. mál]

um kaupstaðarréttindi til handa Njarðvíkurhreppi.

Flm.: Oddur Ólafsson, Geir Gunnarsson, Jón Árm. Héðinsson, Axel Jónsson.

1. gr.

Njarðvíkurhreppur skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Njarðvíkurhrepp og heitir Njarðvíkurkaupstaður. Umdæmi þetta er í Reykjaneskjördæmi.

2. gr.

Sýslumaður Gullbringusýslu og bæjarfógeti Keflavíkur skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.

3. gr.

Sýslunefnd Gullbringusýslu og bæjarstjórn Njarðvíkurkaupstaðar skulu semja sín á milli um skiptingu þeirra sjóða, sem við gildistöku laga þessara eru í eign eða vörslu Gullbringusýslu. Einnig skulu sömu aðilar semja um fjárskuldbindingar, ábyrgðir og önnur þau atriði, er þá varða og upp kunna að koma vegna laga þessara. Nái þessir aðilar ekki samkomulagi, skal félagsmálaráðherra úrskurða hvernig með skuli fara.

4. gr.

Að öðru leyti fer um málefni kaupstaðarins samkvæmt sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961, og samþykktum settum samkvæmt þeim lögum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til bæjarstjórnarkosningar hafa farið fram síðasta sunnudag í maí 1978, skal núverandi hreppsnefnd fara með stjórn kaupstaðarins.

Greinargerð.

Á fundi í hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps 2. des. s. l. var eftirfarandi tillaga flutt og samþykkt af öllum hreppsnefndarfulltrúum:

„Hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps samþykkir að fara þess á leit við alþingismenn Reykjaneskjördæmis að þeir flytji á Alþingi frumvarp að lögum um kaupstaðarréttindi til handa Njarðvíkurhreppi. Kaupstaðurinn nái yfir allan núverandi Njarðvíkurhrepp og verði sýslumaður Gullbringusýslu bæjarfógeti kaupstaðarins."

Ástæður hreppsnefndar Njarðvíkurhrepps til þess að sækja um kaupstaðarréttindi eru þær hinar sömu og annarra hreppa er nú nýlega hafa fengið kaupstaðarréttindi. Meðal annars má nefna aukið sjálfstæði, einfaldari stjórnsýslu, bætta þjónustu hins opinbera o. s. frv.

Nd. 118. Nefndarálit [61. mál]

um frv. til laga um kaupstaðarréttindi til handa Garðahreppi.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur tekið frv. til meðferðar og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Jóhann Hafstein og Stefán Valgeirsson.

Alþingi, 4. des. 1975.

Gunnlaugur Finnsson, form., frsm. Ellert B. Schram, fundaskr. Eðvarð Sigurðsson.

Magnús T. Ólafsson. Ólafur G. Einarsson.

Sþ. 119. Tillaga til þingsályktunar [103. mál]

um rekstrarlán til sauðfjárbænda.

Flm.: Ragnar Arnalds, Helgi F. Seljan, Jónas Árnason, Stefán Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að tryggja bændum viðunandi rekstrarlán út á sauðfjárafurðir, og skal við það miðað, að lánin verði veitt á tímabilinu frá ársbyrjun til ágústloka ár hvert og verði þá orðin 75% af væntanlegum afurðalánum.

Greinargerð.

Bændur, sem stunda sauðfjárbúskap, og samvinnufélögin, sem við þá skipta, eiga nú í miklum erfiðleikum vegna skorts á rekstrarfé, og útlit er fyrir, að þessi vandi muni enn aukast á árinu 1976.

Eins og kunnugt er, þarf sauðfjárbóndinn að leggja í mikinn kostnað við búskap sinn að vetri, vori og sumri, og þessi kostnaður skilar sér ekki aftur fyrr en síðla hausts. Veitt eru afurðalán til bænda frá Seðlabanka og viðskiptabönkum, þegar varan er komin í söluhæft ástand, hvort sem um er að ræða mjólk eða kjöt, og nema lánin 65—68% af heildarsöluverðmæti afurðanna. Dugar þetta fyrirkomulag þolanlega fyrir mjólkurframleiðendur, en sauðfjárbændur þurfa hins vegar að brúa bilið frá ársbyrjun og þar til afurðalánin fást greidd.

Reynt hefur verið að bæta úr þessum vanda með lánum úr bankakerfinu á tímabilinu frá mars til ágústmánaðar, en þessi lán, sem námu 900 kr. á slátraða kind haustið 1973, hafa farið hlutfallslega lækkandi um langt skeið og eru löngu orðin algerlega ófullnægjandi.

Í þessu sambandi má nefna hér tölur, sem fram komu á síðasta Búnaðarþingi: Rekstrarlán til bænda námu um 65% af framleiðsluverðmæti sauðfjárafurða ársins 1958, en á fyrstu árum „viðreisnarstjórnar" rýrnuðu þau mjög verulega og voru árið 1963 komin niður í 34% af framleiðsluverðmæti afurðanna. Síðan hafa lánin lækkað hlutfallslega ár frá ári og voru á árinu 1974 aðeins rúm 21% af framleiðsluverðmæti sauðfjárafurða.

Á árinu 1975 hefur rekstrarfjárþörf sauðfjárbænda og viðskiptaaðila þeirra aukist verulega vegna stórfelldrar verðbólgu og vaxtahækkana. Áburðarverð hækkaði á árinu um 76.3% og gífurlegar hækkanir urðu á öðrum rekstrarvörum, ekki síst kjarnfóðri. Rekstrarlánin hafa því verið hækkuð, en aukning lána hefur þó ekki gert meira en að halda í við verðbólguna. Svo dæmi sé nefnt frá Sölufélagi Austur-Húnvetninga hafa rekstrarlánin aukist að krónutölu um 60%, en það er nákvæmlega sama hlutfallstala og gildir um aukningu framleiðsluverðmæta frá fyrra ári.

Versnandi lánafyrirgreiðsla bankakerfisins hefur valdið vaxandi erfiðleikum í rekstri margra samvinnufélaga, og hefur vandinn orðið því stórfelldari, þeim mun stærri þáttur sem viðskipti sauðfjárbænda eru í rekstri félaganna, en eins og fram kemur í töflu úr Árbók landbúnaðarins 1972—1973, sem hér er prentað sem fylgi-

Fylgiskjal.

Áætlun um verðmæti sauðfjárafurða og nautgripaafurða til fyrirtækja framleiðsluárið 1972/1973 eftir búnaðarsambandssvæðum.

	Afurðir sauðfjár		Afurðir nautgripa	
	Þús. kr.	%1	Þús. kr.	%1
Bs. Kjalarnesþings	60 906	46	70 946	54
Bs. Borgarfjarðar	149 001	36	263 632	64
Bs. Snæfellsness	70 453	52	64 519	48
Bs. Dalamanna	100 105	68	46 651	32
Bs. Vestfjarða	129 694	70	57 581	30
Bs. Strandamanna	84 490	92	7 389	8
Bs. Vestur-Húnvetninga	126 652	66	66 127	34
Bs. Austur-Húnvetninga	138 665	60	91 988	40
Bs. Skagfirðinga	152 520	45	187 707	55
Bs. Eyjafjarðar	143 558	21	531 571	79
Bs. Suður-Þingeyinga	150 515	45	182 365	55
Bs. Norður-Þingeyinga	101 894	91	10 213	9
Bs. Austurlands	278 056	76	86 770	24
Bs. Austur-Skaftfellinga	56 677	60	37 420	40
Bs. Suðurlands	366 808	29	911 167	71
Samtals á grundvallarverði	2 109 944	45	2 616 046	55
Hlutfallsleg hækkun í vinnslu- og dreifingarlið, %	23 89		38 38	
Samtals á heildsöluverði	2 614 072		3 620 084	

1 Af samanlögðum verðmætum afurða sauðfjár og nautgripa reiknað á meðalgrundvallarverði ársins 1972.

skjal, er sauðfjárbúskapur stærsti þáttur landbúnaðarframleiðslunnar víða um land, einkum í Dölum, á Vestfjörðum og á Ströndum, í Húnavatnssýslu, Norður-Þingeyjarsýslu, á Austfjörðum og í Austur-Skaftafellssýslu.

Forráðamenn margra kaupfélaga, einkum norðanlands og austan, hafa varað við því, að rekstrinum væri stefnt í algert strand, ef úrlausn fengist ekki, og þarf ekki að færa frekari rök að því, að afkoma hundraða sauðfjárbænda er hér í húfi.

Þetta vandamál getur ríkisstjórnin að sjálfsögðu leyst með einföldum hætti í samvinnu við Seðlabankann. Óljósar yfirlýsingar heyrðust frá ráðherrum á s. l. vetri um væntanlegar úrbætur, en þegar á reyndi urðu úrbæturnar ekki meiri en svo, að þær rétt jöfnuðust á við verðlagshækkanir. Allt situr því við það sama og var á s. l. vetri, þegar tillaga þessi var fyrst flutt, en hún hlaut þá ekki afgreiðslu.

Í landbúnaðarmálum eru mörg óleyst viðfangsefni, til dæmis hvað varðar skipulagningu framleiðslunnar og aukningu á innlendri framleiðslu kjarnfóðurs og áburðar. Verulegar endurbætur á rekstrarlánum sauðfjárbænda eru hins vegar sjálfsagt réttlætismál og verulegt nauðsynjamál fyrir þessa atvinnugrein.

Ed. 120. Frumvarp til laga [98. mál]

um lækkun lögbundinna framlaga á fjárlögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði í sérstökum lögum um tiltekin framlög á fjárlögum er heimilt að lækka slík framlög á fjárlögum áranna 1976 og 1977 um allt að fimm af hundraði (5%).

2. gr.

Ákvæði 1. gr. taka ekki til framlaga vegna slysa-, lífeyris- og sjúkratrygginga og ekki til hreinna markaðra tekjustofna í gjaldahlið, þ. e. tekjustofna sem koma fram án mótframlags af nokkru tagi í gjaldahlið fjárlaga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eins og fram er tekið í athugasemdum við fjárlagafrumvarp fyrir árið 1976 er talið nauðsynlegt að gera sérstakar ráðstafanir til að sporna við vexti ríkisútgjalda á næsta ári vegna hins alvarlega efnahagsástands, sem þjóðin stendur nú frammi fyrir, einkum varðandi viðskiptastöðuna gagnvart útlöndum og þróun verðlagsmála. Einn liður í þeirri efnahagsmálastefnu ríkisstjórnarinnar er að draga úr sjálfvirkni ríkisútgjalda með því að leita heimildar til að lækka lögbundin framlög um 5% á árunum 1976—1977.

Um 1. gr.

Lögbundin framlög eru ýmist ákveðin sem tiltekin fjárhæð í viðkomandi lögum, eða miðuð við þætti sem ekki verða að fullu kunnir fyrr en við uppgjör eftir á og eru framlög á fjárlögum að sjálfsögðu áætlunarfjárhæðir í slíkum tilvikum. Við gerð fjárlagafrumvarpsins voru fjárveitingar miðaðar við 5% skerðingu lögbundinna framlaga úr báðum framangreindum flokkum.

Um 2. gr.

Framlög til almannatrygginga eru undanþegin ákvæðum 1. gr. þar sem sérstakt frumvarp er lagt fram vegna fyrirhugaðra aðgerða á því sviði.

Markaðir tekjustofnar, þ. e. tekjustofnar sem ráðstafað er til sérstakra þarfa, ganga ýmist sem sama fjárhæð gegnum tekjuhlið og gjaldahlið fjárlaga eða við tekjustofninn bætist í gjaldahlið fjárhæð í formi hreins ríkissjóðsframlags. Við mat á aðstæðum við ákvörðun um lækkun útgjalda þótti ekki fært að skerða tekjustofna þar sem um ekkert mótframlag af framangreindu tagi er að ræða.

Ed. 121. Frumvarp til laga [99. mál]

um skráningu og mat fasteigna.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

I. KAFLI

Markmið, skilgreiningar og söfnun skráningaratriða.

1. gr.

Halda skal skrá um allar fasteignir í landinu þar sem fram komi upplýsingar um eiginleika eignanna og rétt til þeirra. Hverja fasteign skal meta til verðs eftir því sem næst verður komist á hverjum tíma og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Skráin skal vera tæk til skýrsluvélavinnslu sem gerir mögulega frekari úrvinnslu þeirra skráningar- og matsupplýsinga sem skráin geymir.

2. gr.

Fasteign skv. lögum þessum telst vera annað tveggja:

1. Land, þ. e. hver sá skiki lands sem vegna sérgreinds eignar- eða afnotaréttar, hagnýtingar, auðkenna eða landamarka getur talist sjálfstæð eind.
2. Mannvirki, þ. e. hvert það mannvirki sem gert hefur verið í landi eða á eða verið við það tengt, með hliðsjón af þeim rétti til lands sem mannvirkinu fylgir.

Ef um sérgreindan eignarrétt eða sérstaka notkun einstakra hluta mannvirkja er að ræða skal samkvæmt lögum þessum farið með slíka eignarhluta sem fasteignir, sbr. 3. gr., lið 3.22.

3. gr.

Skráning skv. 1. gr. á fasteignum skv. 2. gr. skal fela í sér nýjustu upplýsingar sem á hverjum tíma eru tiltækar um eftirtalin atriði, sem fasteignina varða, auk nauðsynlegra greinitalna hverrar fasteignar:

3.1 Upplýsingar um land:

Nafn lands.
Flatarmál lands, eftir gæðaflokkum ef við á.
Landamörk eða vísan til hvar þau eru skráð.
Aðalnotkun.
Aukanotkun.
Afnotaréttur á öðru landi sem eigninni fylgir.
Kvaðir sem á eign hvíla.
Hlunnindi.
Tegund eignar- og umráðaréttinda yfir landinu.
Lok leigutíma ef við á.
Ársleiga ef við á.
Tilvitnun til mannvirkja á landinu.
Matsverð.

3.2 Upplýsingar um mannvirki:

3.21 Upplýsingar um mannvirkið sem heild:

Nafn mannvirkis ef það er annað en lóðar.
Aðalnotkun.
Aukanotkun.
Gerð, eftir nánari ákvörðun.
Byggingarár.
Byggingarstig ef við á.
Byggingarefni.
Byggingarlag, fjöldi hæða o. þ. h.
Fjöldi skráningarhluta.
Grunnflatarmál mannvirkis.
Gólfflatarmál mannvirkis.
Tegund hitunarkerfis (ofnakerfi, lofthitun, geislahitun).
Hitagjafi (heitt vatn, olía, kol, rafmagn).
Tenging við rafveitu.
Tenging við vatnsveitu.
Tenging við skolpveitu.

3.22 Upplýsingar um sérgreinda hluta mannvirkis:

Nafn ef við á.
Greinitala skráningarhluta mannvirkis.
Rúmmál og flatarmál skráningarhluta og hlutfall skráningarhluta af mannvirkinu, eftir rúmmáli sé það ekki ákveðið með öðrum hætti.
Aðalnotkun.
Aukanotkun.
Byggingarstig, samkvæmt nánari ákvörðun.
Ásigkomulag.
Tegund eignar- og umráðaréttinda yfir skráningarhluta.
Matsverð.

3.3 Upplýsingar um eigendur og/eða umráðamenn sem skráðar skulu um land og mannvirki eða skráningarhluta mannvirkis eftir því sem við á:

Nafn eiganda og nafnnúmer eða fyrirtækisnúmer.
Nafn umráðamanns og nafnnúmer eða fyrirtækisnúmer.
Nafn ábúanda og nafnnúmer eða fyrirtækisnúmer.
Nöfn eigenda annarra réttinda yfir hinni skráðu eign ásamt nafnnúmeri eða fyrirtækisnúmeri.

Þar sem um er að ræða leigjendur skal skráning takmörkuð við leigjendur að heilum skráningarhlutum.

4. gr.

Upplýsingar skv. 3. gr. skulu skráðar og skráningu þeirra breytt þegar landsstærðir breytast, notkun lands breytist, svo sem við gerð lóðarsamnings, en ella þegar mannvirkjagerð hefst, þegar mannvirkið er fullgert fyrir gerð innréttinga, þegar hús er fullgert og loks þegar mannvirki er eytt, allt eftir nánari skilgreiningu í reglugerð. Upplýsingar skulu einnig skráðar við eignaskipti eða breytingu á umráðum eignar, sbr. 12. gr.

5. gr.

Skráningaraðila er heimilt, að höfðu samráði við hlutaðeigandi stjórnvöld, að takmarka söfnun og skráningu upplýsinga frá því sem kveðið er á um í 3. gr., að því marki sem eignir eru þess eðlis að slík upplýsingasöfnun er erfið og/eða þjónar ekki opinberum hagsmunum.

Reynist nauðsynlegt, af hagkvæmnisástæðum eða til að tryggja greiða framkvæmd laganna, getur ráðherra fækkað eða fjölgað með reglugerð þeim upplýsingaatriðum um fasteignir sem færð skulu í fasteignaskrá skv. 3. gr.

Fasteignaskrá ber að annast gerð og samræmingu hvers konar greinitalnakerfa sem notuð eru um fasteignir við skráningu þeirra, þar með talin gerð staðgreinitölukerfis sem taki til landsins alls.

II. KAFLI
Skipulag og stjórn.

6. gr.

Gerð og viðhald þeirrar skráningar sem um ræðir í lögum þessum annast sérstök ríkisstofnun sem nefnist Fasteignaskrá. Stofnunin starfar á ábyrgð fjármálaráðuneytisins og undir umsjón þess. Fasteignaskrá er A-hluta stofnun skv. lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga.

Ráðherra hefur heimild til að fela öðrum aðila framkvæmd laganna ef slík breyting þykir hagkvæm.

7. gr.

Fasteignaskrá starfar undir stjórn forstjóra sem ráðherra ræður til starfsins. Ráðherra ræður fast starfsfólk að fenginni umsögn forstjóra en forstjóri ræður starfsfólk til tímabundinna starfa og kaupir sérfræðilega aðstoð eftir því sem nauðsyn ber til og heimildir fjárlaga hverju sinni segja til um. Hann ákveður einnig innra skipulag stofnunarinnar að fengnu samþykki ráðherra.

8. gr.

Við Fasteignaskrá skal starfa ráðgefandi nefnd þeirra aðila sem nýta eða nýtt geta skrána í rekstri sínum. Í nefndinni skulu eiga sæti tveir fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga, fulltrúi Sambands íslenskra tryggingafélaga, fulltrúi Hús- og landeigendasambands Íslands og fulltrúi samstarfsnefndar banka og sparisjóða.

Fasteignaskrá getur veitt fleiri aðilum rétt til þátttöku í störfum nefndarinnar eftir því sem henta þykir.

Ráðgjafarnefnd skv. þessari grein er vettvangur fyrir umræður um hvað eina, sem varðar starfsemi Fasteignaskrár. Nefndin gerir tillögur og ábendingar, eftir því sem henni þykir við þurfa, til forstjóra og ráðuneytis um viðfangsefni skrárinnar og lausn þeirra.

Fundi í ráðgjafarnefnd skal að jafnaði halda ekki sjaldnar en tvisvar á ári. Nefndin kýs sér sjálf formann til tveggja ára í senn. Formaður kallar nefndina saman og stýrir fundum. Forstjóri Fasteignaskrár skal sitja fundi nefndarinnar.

III. KAFLI
Framkvæmd fasteignaskráningar.

9. gr.

Viðkomandi sveitarstjórn er ábyrg fyrir að Fasteignaskrá berist upplýsingar um lönd og lóðir og breytingar á þeim, svo og um öll mannvirki sem gerð eru í umdæmum þeirra hvers um sig og um breytingar á þeim og eyðingu þeirra.

Sveitarstjórn skal að jafnaði fela byggingafulltrúa viðkomandi sveitarfélags upplýsingagjöf um fyrrgreind atriði. Þar sem byggingafulltrúar eru ekki starfandi skal sveitarstjórn fela upplýsingagjöfina öðrum aðila í hendur að fengnu samþykki Fasteignaskrár.

Fasteignaskrá kveður á um form, efni og tímasetningu þessarar upplýsingagjafar. Byggingafulltrúar eða aðrir sem sveitarstjórn hefur falið upplýsingagjöf skv. 2. mgr. eru ábyrgir fyrir að upplýsingar séu efnislega réttar.

Sveitarstjórn getur lagt fyrir þá aðila sem leggja teikningar og önnur gögn fyrir byggingarnefnd að skila þeim einnig í því formi sem Fasteignaskrá ákveður.

Fasteignaskrá getur leyst sveitarstjórnir undan ábyrgð skv. 1. mgr. á upplýsingasöfnun um einstakar tegundir mannvirkjagerðar og lagt hana á aðra aðila, enda er opinberum stofnunum, sem slíkum upplýsingum safna á sínu verksviði, skylt að leggja Fasteignaskrá til þær upplýsingar.

Fasteignaskrá sendir hverju sveitarfélagi árlega skrá með nægum upplýsingum um fasteignir til að gengið verði úr skugga um að aðilar skv. 2. mgr. hafi fullnægt upplýsingaskyldu sinni.

10. gr.

Fasteignaskrá ber að hafa frumkvæði að samræmingu á gagnasöfnun um atriði sem snerta fasteignir og koma í veg fyrir tvíverknað í því efni.

11. gr.

Fasteignaskrá getur, hvenær sem hún telur þörf á, látið endurskoða upplýsingar sem fyrir liggja um einstakar fasteignir, einstakar tegundir fasteigna eða fasteignir á tilteknum svæðum.

Slík endurskoðun skal jafnan fara fram ef sýnt er að upplýsingar í fasteignaskrá gefa ekki rétta lýsingu á fasteign eða fasteignum sem um ræðir.

Eigandi fasteignar eða annar aðili, sem telur sig eiga hagsmuna að gæta í lýsingu fasteignar eða mati, getur krafist endurskoðunar skv. 1. mgr. Séu þessir hagsmunir að mati stofnunarinnar svo miklir að réttlæti endurskoðun skal sú endurskoðun fara fram svo fljótt sem við verður komið.

Breyting á fasteignaskrá, hvernig sem til hennar er stofnað, skal tilkynnt skráðum eiganda fasteignar bréflega strax og slík breyting hefur verið gerð.

12. gr.

Eigandi er ábyrgur fyrir tilkynningu til Fasteignaskrár um breytingar á umráðum yfir skráðri eign sinni samkvæmt fasteignaskrá. Við eigendaskipti er fyrrverandi eigandi ábyrgur fyrir tilkynningu um þá breytingu, sbr. 3. gr. i. f.

Fasteignaskrá kveður á um form og efni slíkra tilkynninga og er eigendum skylt að veita allar þær upplýsingar sem um er beðið, þ. á m. um söluverð eða leigu.

Þinglýsingardómurum er við þinglýsingu afsala skylt að ganga úr skugga um að tilkynningarskyldu hafi verið fullnægt og hlutast til um gerð tilkynningar og sendingu ef þess gerist þörf. Fasteignasölum er einnig skylt í starfi sínu að stuðla að gerð slíkra tilkynninga og sendingu. Fasteignaskrá er heimill aðgangur að skattframtölum til að sannreyna upplýsingar um fasteignir eða afla þeirra.

Fasteignaskrá er heimilt að undirbúa og gefa út staðlaðar gerðir afsala, kaupsamninga og leigusamninga um fasteignir og fasteignaréttindi þar sem samrit viðkomandi skjals er sjálfkrafa fullnægjandi tilkynning til skrárinnar.

13. gr.

Fasteignaskrá ber að safna gögnum eftir föngum og vinna úr þeim yfirlitsupplýsingar um gangverð fasteigna við kaup og sölu og breytingar á því. Eftir því sem við verður komið skulu niðurstöður þessara rannsókna birtar almenningi jafnóðum.

14. gr.

Fasteignaskrá selur þeim sem þess óska upplýsingar úr skránni og úrvinnslu á þeim.

Verðlagning þessarar þjónustu skal miðast við endurheimtu kostnaðar Fasteignaskrár, að því marki sem fjárlög á hverjum tíma gera ráð fyrir.

15. gr.

Opinberir aðilar, ríkisstofnanir, ríkisfyrirtæki, sveitarfélög og allar stofnanir þeirra skulu í öllum viðskiptum og í hvers konar verðmætisviðmiðunum nota upplýsingar fasteignaskrárinnar sem grundvöll viðskipta sinna eftir því sem við getur átt.

IV. KAFLI

Fasteignamat og framkvæmd þess.

16. gr.

Skráð matsverð fasteignar skal vera gangverð sem ætla má að eign hefði í kaupum og sölum gegn staðgreiðslu í nóvembermánuði næst á undan matsgerð, miðað við heimila og mögulega nýtingu fasteignarinnar á hverjum tíma. Sé slíkt gangverð sambærilegra eigna ekki þekkt skal skráð matsverð ákveðið eftir bestu fáanlegri vitneskju um sennilegt gangverð með hliðsjón af kostnaði við gerð mannvirkja, aldri þeirra, legu eignar með tilliti til samgangna, nýtingarmöguleikum, hlunnindum, jarðvegsgerð, gróðurfari, náttúrufegurð og öðrum þeim atriðum sem kunna að hafa áhrif á gangverð eignarinnar. Hlunnindi, sem eru óháð búsetu, þ. e. önnur en dúntekja, eggjatekja, fuglatekja, hvers konar veiði til eigin nota og reki, skulu í þessu sambandi sérmetin sem hluti gangverðs sem næst tíföldum árlegum nettótekjum af þeim.

Bújarðir skulu metnar miðað við notkun þeirra til búskapar á meðan þær eru nýttar þannig.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um mat fasteigna.

17. gr.

Við ákvörðun matsverðs skv. 16. gr. skal eftir föngum finna tölfræðilega fylgni gangverðs við ýmsar staðreyndir um seldar eignir, s. s. stærð, gerð, búnað, stað o. s. frv., og sennilegt gangverð ákvarðað með útreikningum á grundvelli þeirra vísbendinga.

Huglægu, órökstuddu mati skal ekki beitt nema engra annarra kosta sé völ um ákvörðun matsverðs.

Ákvæði skulu sett í reglugerð um aðferð við útreikning staðgreiðsluvirðis miðað við mismunandi greiðslukjör við kaup og sölu.

18. gr.

Fasteignaskrá annast mat fasteigna samkvæmt lögum þessum.

Fasteignaskrá skal leitast við að tryggja samræmingu í matsstörfum og samræmingu upplýsinga sem máli skipta við framkvæmd mats. Þá er Fasteignaskrá heimil útvegun sérfræðilegrar aðstoðar við mat eigna eftir því sem þörf krefur.

Beri brýna nauðsyn til af framkvæmdaástæðum er Fasteignaskrá heimilt, að fengnu samþykki ráðherra og meðan þörf krefur, að ráða trúnaðarmenn í einstökum kjördæmum sem annist mat og/eða skoðun fasteigna. Ef til kemur skal í reglugerð setja nánari ákvæði um ráðningu og starfssvið trúnaðarmanna.

19. gr.

Fasteignaskrá skal hlutast til um að allar nýjar eða breyttar eignir, sem upplýsingar berast um skv. 9. gr., skuli metnar frummati innan tveggja mánaða frá því að upplýsingar um þær bárust Fasteignaskrá nema sérstakar ástæður hamli.

Fasteignaskrá er heimilt að höfðu samráði við hlutaðeigandi stjórnvöld að meta ásláttarmati eignir sem eru þess eðlis að venjulegt mat er erfitt og/eða þjónar ekki opinberum hagsmunum.

20. gr.

Aðili, sem verulega hagsmuni getur átt í matsverði eignar og sættir sig ekki við skráð mat skv. 18. og 19. gr., getur krafist nýs úrskurðar Fasteignaskrár um matið. Krafa um endurmat skal vera skrifleg og studd rökum og nauðsynlegum gögnum.

Nýtt matsverð skal þegar skráð í fasteignaskrá og gildir með þeim almennu breytingum sem á því geta orðið, sbr. 21. gr., þar til því er hrundið með nýju mati eða yfirmati.

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að sá sem krefst endurmats beri kostnað af því mati ef krafan er bersýnilega tilefnislaus.

21. gr.

Fasteignaskrá er heimilt, sé þess krafist af hálfu fjármálaráðuneytisins eða sveitarfélags, að taka til endurmats einstakar tegundir eigna eða eignir í tilteknum hverfum, sveitarfélögum eða landshlutum, með gildistöku frá þeim tíma sem Fasteignaskrá ákveður, ef hún telur matsverð ekki í samræmi við gangverð eins og til er ætlast samkvæmt lögum þessum. Endurmat einstakra eigna skal fara fram eftir ákvæðum 20. gr.

22. gr.

Yfirmat fasteigna annast yfirfasteignamatsnefnd fyrir landið allt.

Nefndina skipar fjármálaráðherra þremur mönnum og þremur til vara til þriggja ára í senn, úr hópi tíu manna sem Hæstiréttur tilnefnir.

Kostnaður við yfirmat greiðist úr ríkissjóði. Yfirfasteignamatsnefnd getur þó gert eiganda fasteignar að greiða kostnað vegna tilefnislausrar kæru til nefndarinnar.

23. gr.

Hagsmunaaðilar skv. 20. gr. geta kært niðurstöðu endurmats samkvæmt þeirri grein til yfirfasteignamatsnefndar. Kæra skal vera skrifleg og studd rökum og nauðsynlegum gögnum. Um meðferð máls fyrir nefndinni, framlagningu gagna eða málflutning fer eftir ákvörðun nefndarinnar.

Nefndin skal úrskurða slíkt mál innan þriggja mánaða frá kæru nema sérstök heimild fyrir frestun sé veitt af hálfu ráðuneytisins. Niðurstaða kærumáls skal þegar tilkynnt aðila þess og nýtt matsverð þegar skráð í fasteignaskrá.

Úrskurður yfirfasteignamatsnefndar er fullnaðarúrskurður.

24. gr.

Nú varðar mat eða yfirmat á tiltekinni fasteign starfsmann Fasteignaskrár, sem mat framkvæmir eða yfirmatsnefndarmann, maka hans, skylda menn honum eða tengda að feðgatali eða niðja, kjörbarn hans eða kjörforeldri, fósturbarn eða fósturforeldri, og skal hann þá víkja sæti þegar mat fer fram og annar settur í hans stað.

25. gr.

Yfirfasteignamatsnefnd ber í nóvembermánuði ár hvert að ákveða framreikningsstuðla fyrir skráð matsverð fasteigna með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins á grundvelli gagna sem Fasteignaskrá safnar og vinnur úr, sbr. 13. gr. Gerir Fasteignaskrá tillögur um slíka framreikningsstuðla eftir því sem yfirfasteignamatsnefnd óskar eftir. Stuðlar þessir geta verið misjafnir, til hækkunar eða lækkunar fyrir mismunandi tegundir eigna, byggðahverfi, sveitarfélög eða landshluta, eftir mati nefndarinnar.

Ef eignir í einstökum sveitarfélögum verða fyrir verulegum og óvenjulegum verðbreytingum hefur hlutaðeigandi sveitarstjórn umsagnarrétt áður en yfirfasteignamatsnefnd tekur ákvörðun skv. 1. mgr.

Skráðu matsverði fasteigna skal breytt í fasteignaskrá í samræmi við ofangreinda stuðla og skal það verð talið fasteignamatsverð frá og með 1. desember til jafnlengdar næsta ár nema sérstakt endurmat komi til.

26. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Áður en slík reglugerð er sett skal um hana leitað umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

27. gr.

Um brot gegn ákvæðum laga þessara skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum nema þyngri refsing komi til samkvæmt öðrum lögum.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1976. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 28 29. apríl 1963, um fasteignamat og fasteignaskráningu. Umboð yfirfasteignamatsnefndar skv. lögum nr. 28/1963 fellur niður við gildistöku laganna svo og umboð millimatsmanna skv. 22. gr. laga nr. 28/1963, þó svo, að þeir skulu skila gögnum fyrir árið 1975. Þá eru stöður við Fasteignamat ríkisins, sem ekki eru uppsegjanlegar með 3 mánaða fresti eða skemmri, lagðar niður frá gildistökudegi laganna, sbr. 14. gr. laga nr. 38/1954.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Fasteignamat samkvæmt aðalmati 1970, með þeim breytingum sem á því hafa verið gerðar lögum samkvæmt, gildir þar til því er breytt samkvæmt ákvæðum þessara laga.

II.

Fasteignaskrá tekur við öllum eignum og gögnum sem nú eru í vörslu fasteignamatsins í Reykjavík eða utan Reykjavíkur, þar með talin hvers konar kerfisgögn og forrit vegna vélavinnslu fasteignaskrár.

III.

Jafnhliða framkvæmd 4. mgr. 12. gr. laganna skal Fasteignaskrá búa fasteignaskrá sína svo úr garði að flytja megi skrásetningu réttinda yfir fasteignum, sem nú fer fram við þinglýsingu, inn í fasteignaskrá þegar slík breyting þykir tímabær. Því til undirbúnings er Fasteignaskrá heimilt að gera og gefa út staðlaðar gerðir skuldabréfa með veði í fasteignum sem falla mundu að slíku nýju skráningarkerfi eignar- og veðréttar á fasteignum.

IV.

Nú vinnst eigi tími til skráningar einstakra hluta allra fasteigna í landinu eða einstakra hluta allra fasteigna í ákveðnum sveitarfélögum fyrir 1. nóvember 1976, sbr. 3. gr., og skal Fasteignaskrá þá heimilaður frestur til að ljúka þeirri skráningu til 1. nóvember 1977.

V.

Við framkvæmd framreiknings á árinu 1976, sbr. 25. gr., skulu framreikningsstuðlar vera tvenns konar, annars vegar framreikningsstuðlar vegna framreiknings á matsverði fasteigna sem metnar hafa verið eftir 1. janúar 1976 á grundvelli verðlags í nóvember 1975, sbr. 16. gr., og hins vegar framreikningsstuðlar vegna fasteigna sem í fasteignaskrá eru metnar samkvæmt matsgrundvelli aðalmats fasteigna 1970.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Aðalmat fasteigna 1970, sem fjármálaráðherra staðfesti á árinu 1971, var gert samkvæmt lögum nr. 28/1963, um fasteignamat og fasteignaskráningu. Skipulagslega var allur undirbúningur og framkvæmd þessa máls í stórum dráttum sambærilegur við fasteignamat fyrri ára sem út var gefið 1922, 1932 og 1942. Efnislegur undirbúningur aðalmats 1970 var hins vegar allur annar en verið hafði um hið fyrra mat. Var gagnasöfnun um fasteignir öll miklum mun víðtækari og umfangsmeiri, einkum í Reykjavík. Auk þess var gerð alvarleg tilraun til að láta matsfjárhæðir spegla raunverulegt gangverð eigna á þeim tíma sem matið miðaðist við.

Meginástæðan til að ráðist var í þessa víðtæku gagnasöfnun hefur verið sú að nútímatækni við vörslu og vinnslu slíkra gagna í skýrsluvélum hefur gert meðhöndlun svo mikils magns upplýsinga viðráðanlega, bæði tæknilega og fjárhagslega.

Þessi umfangsmikla gagnasöfnun hefur gert aðalmat 1970 brotameira og kostnaðarsamara en eldra mat þótt e. t. v. sé það hlutfallslega ekki dýrara en eldra matið. Hins vegar skilur aðalmat 1970 eftir mikið upplýsingasafn í véltæku formi sem er verðmætur grundvöllur fyrir framhaldandi starf á þessu sviði. Þessu upplýsingasafni hefur síðan verið haldið við eftir því sem frekast hefur verið kostur.

Þetta upplýsingasafn hefur verið grundvöllur álagningar fasteignaskatta eftir nýjum lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 8/1972.

Lengi hefur verið ljóst að lagagrundvöllur aðalmats 1970 gæti ekki dugað sem frambúðarstefna um þróun þessa viðfangsefnis. Var þáverandi prófessor og formanni yfirfasteignamatsnefndar, Ármanni Snævarr, falið að semja frumvarp um þetta efni síðari hluta árs 1970. Skilaði hann frumvarpi ásamt greinargerð árið 1971, miklu verki sem samið var í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, en af hálfu ráðherra varð stefna ekki mörkuð á grundvelli þess frumvarps. Á sömu leið fór um verk fjögurra manna sem ráðherra skipaði til að íhuga þetta mál á árinu 1971.

Á grundvelli fyrri tilrauna til samningar lagafrumvarps um þetta efni var í fjármálaráðuneytinu unnið að gerð nýs frumvarps um málið sem lagt var fyrir Alþingi haustið 1973. Frumvarp þetta fékkst samþykkt í efri deild með nokkrum veigalitlum breytingum en náði ekki fram að ganga í neðri deild áður en þing var rofið í maí 1974.

Öll þessi verk hafa átt þátt í að móta þá stefnu ráðuneytisins sem fram kemur í þessu frumvarpi. Felur meðfylgjandi frumvarp í sér megindrætti þeirrar stefnu en í nokkrum atriðum er þó vikið frá þeirri leið sem farin var í fyrra frumvarpi ráðuneytisins, aðallega í framkvæmd matsins sjálfs.

Þess er vænst að frumvarpið, ef að lögum verður, leysi til nokkurrar frambúðar úr þeim hnút sem málefni fasteignamats hafa verið í síðustu misseri. Þar sem frumvarpið hins vegar er nýsmíði á kerfi, sem ekki hefur verið reynt, verður reynslan að skera úr um hvort einhverjar breytingar verði nauðsynlegar til að hin nýja tilhögun skili þeim árangri sem til er ætlast.

Frumvarpið, eins og það liggur fyrir, felur í sér einfalt kerfi til að viðhalda og leiðrétta fasteignaskrá eins og hún er á hverjum tíma. Þetta kerfi byggist í megindráttum á gagnasöfnun aðila sem þegar eru starfandi á því sviði sem hér um ræðir og þurfa að skrá hjá sér sambærilegar upplýsingar hvort sem er. Má ætla að sú samhæfing á skráningu upplýsinga sem af þessari skipan leiðir hafi nokkurt hagræði í för með sér.

Jafnframt þessari breytingu felst sú breyting í frumvarpinu, þegar það er borið saman við gildandi lög, að aðaláhersla laganna hvílir á haldgóðri skráningu fasteigna og upplýsinga um þær en mat á verðmæti þeirra kemur í annarri röð. Þessu er öfugt farið í gildandi lögum. Þar er ákvörðun um matsverðmæti eignanna meginmarkmið laganna.

Þessi breyting ber vott um að skráning upplýsinga um fasteignir hefur sívaxandi gildi fyrir fleiri og fleiri aðila í nútímaþjóðfélagi, ekki einungis í sambandi við skattheimtu og fjármál heldur í vaxandi mæli í tengslum við önnur atriði við stjórn málefna opinberra aðila, áætlunargerð og skipulagningu svo og í viðskiptum einkaaðila og við rannsóknir. Notagildi véltækra gagna af þessu tagi í tengslum við aðrar skrár, s. s. þjóðskrá og fyrirtækjaskrá, er einnig geysimikið og vaxandi.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að gagnasöfnun Fasteignaskrár tengist annarri starfsemi stjórnvalda eftir því sem kostur er. Engin breyting er gerð á mikilvægri stefnumörkun fyrra frumvarps um samfellda matsstarfsemi. Þannig er gert ráð fyrir að eignir séu teknar til mats jafnharðan og þær verða til eða breytast, í stað allsherjarmats með ákveðnu árabili og millimatskerfi þess í milli. Er vonast til að samfelld matsstarfsemi leiði til þess að skráning fasteigna og verðmætismat sé á hverjum tíma eins nálægt sanni og frekast er kostur. Er með þessum hætti reynt að virkja þá aðila, eigendur, sveitarfélög eða aðra, sem hagsmuna eiga að gæta í skráningu og mati fasteigna til að skráin sé á hverjum tíma eins rétt og frekast verður tæknilega við komið. Liður í þessari stefnu felst í sérstakri lagaskyldu yfirfasteignamatsnefndar til að framreikna verðmætismat fasteigna árlega eftir því sem breyting verðlags á fasteignum í landinu eða einstökum hlutum þess kann að gefa tilefni til.

Sá munur er þó gerður á framkvæmd matsins frá fyrra frumvarpi að horfið er frá sérstöku sjálfstæðu matsmannakerfi, sem þó var gert ráð fyrir að starfaði skipulagslega innan Fasteignaskrár, en í stað þess gert ráð fyrir að Fasteignaskrá annist mat fasteigna. Þó er gert ráð fyrir heimild til að komið verði á fót, beri brýna nauðsyn til, sérstöku trúnaðarmannakerfi eftir kjördæmum sem aðstoði Fasteignaskrá við mat og/eða skoðun fasteigna. Verður reynslan að skera úr um hvort nauðsynlegt teljist að ráðist verði í slíkt kerfi. Verði sú raunin á er gert ráð fyrir að ráðherra setji nánari ákvæði í reglugerð um ráðningu og starfssvið trúnaðarmanna.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir málskotsrétti til yfirfasteignamatsnefndar eins og verið hefur til fullnaðarúrskurðar um mat.

Skipan yfirfasteignamatsnefndar samkvæmt frumvarpinu er að því leyti frábrugðin fyrirkomulagi gildandi laga að henni má jafna til dómkvaðningar í stað þess að nú er nefndin skipuð af ráðherra. Felur þessi breyting í sér tilraun til að flytja matsstarfsemi með þessum hætti á einn stað, í stað þeirra fjölmörgu aðila sem nú fást við mat fasteigna með mjög ósamræmdum hætti eftir sérstakri dómkvaðningu hverju sinni.

Um þá stefnu og stefnubreytingu sem felst í einstökum greinum frumvarpsins vísast til eftirfarandi athugasemda.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin felur í sér hið almenna markmið með setningu laganna, þ. e. að til sé á hverjum tíma á einum stað **véltæk skráning allra fasteigna** með **upplýsingum** um **eiginleika** þeirra og **verðmæti** og **réttindi yfir þeim.** Ætlast er til að framkvæmd laganna leiði til eins réttrar skráningar þessara atriða og kostur er á hverjum tíma.

Um 2. gr.

Í 2.—5. gr. frumvarpsins er fjallað um hvaða efni fasteignaskrá skuli geyma.

Töluliðir 1 og 2 í 1. mgr. 2. gr. fela í sér skilgreiningu á hugtakinu fasteign sem notuð er í 1. gr. Skilgreiningin er tvíþætt. Annars vegar er fasteign í skilningi laganna afmarkaður skiki lands en hins vegar mannvirki að meðtöldum rétti til lands.

Með þessari sundurgreiningu lands og mannvirkis í skráningunni er ætlunin að gera meðferð eigandaskráningar brotaminni en ella, m. t. t. hversu algengt er að eignarréttur að landi og að mannvirki á landi fari ekki saman.

Efnislega verður ekki talinn munur á þessum ákvæðum og gildandi lögum. Frumvarpið mælir fyrir um sérskráningu en gildandi lög um sérmat.

Í 2. mgr. 2. gr. er hins vegar tekinn af vafi um að ætlast er til sérskráningar einstakra hluta mannvirkja og þá miðað við það sem almennt er ríkjandi um eignaraðild. Þannig yrði hver íbúð í sambýlishúsi sjálfstæð skráningareining.

Um 3. gr.

Í gildandi lögum er ekki tekin afstaða til hvaða gögnum skuli safna um einstakar fasteignir. Í framkvæmd hefur þessi gagnasöfnun orðið mjög mismunandi, miklum mun meiri í Reykjavík en annars staðar á landinu.

Atriðafjöldinn, sem ákveðið er að safna upplýsingum um og halda við til frambúðar, ræður mjög um tilkostnað við þá starfsemi sem hér er verið að marka stefnu fyrir. Því þykir rétt að ákveða í öllum megindráttum í lögunum sjálfum hvaða upplýsingum um þetta efni skuli safnað. Er þá gert ráð fyrir að óheimilt sé að kosta til söfnunar á frekari upplýsingum. Í 5. gr. eru þó heimildir til nokkurs fráviks frá þessari aðalreglu.

Reynt hefur verið að tína til í upptalningu 3. gr. nauðsynlegustu atriði sem ætla má að opinberir aðilar eða einkaaðilar kynnu að þarfnast upplýsinga um fyrir landið allt eða einstök byggðarlög. Þess er að vænta að reynslan leiði innan tíðar í ljós agnúa á þessari skrá.

Um 4. gr.

Í greininni er mælt fyrir um hvenær skráning og breyting skráningar skuli fram fara. Þannig er gert ráð fyrir að strax við gerð lóðarsamnings skuli skráning eiga sér stað, þegar um er að ræða leigulóð, en við upphaf mannvirkjagerðar þegar mannvirki er reist á eignarlóð. Síðan er gert ráð fyrir skráningu við tiltekna áfanga í mannvirkjagerðinni sem nánar verði skilgreindir í reglugerð. Þykir slík ákveðin áfangaskipting skráningarinnar mikilvæg fyrir ýmsa sennilega notendur upplýsinga úr fasteignaskrá.

Af sjálfu leiðir að gert er ráð fyrir að aðrar breytingar á eignum og réttindum yfir þeim verði skráðar jafnóðum og þær eiga sér stað.

Um 5. gr.

Greinin er efnislega framhald af 3. gr. Felur 1. mgr. í sér heimild til að takmarka upplýsingasöfnun um eignir sem eru þess eðlis að upplýsingasöfnun er erfið og þjónar ekki opinberum hagsmunum. Í mörgum tilvikum væri hér um að ræða eignir eins og vegi, raflínur, símalagnir o. fl.

2. mgr. heimilar ráðherra á hinn bóginn fjölgun eða fækkun upplýsingaatriða sem skráð skulu um fasteignir almennt.

Loks er Fasteignaskrá í 3. mgr. falin ábyrgð á gerð og samræmingu hvers konar greinitalnakerfa sem notuð eru um fasteignir. Þar er m. a. átt við staðgreinitölukerfi sem verið hefur til umræðu að fastmóta fyrir allt landið með sama hætti og gert hefur verið í Reykjavík.

Um 6. gr.

Greinin gerir ráð fyrir starfsemi sérstakrar ríkisstofnunar, er nefnist Fasteignaskrá, sem falið er að annast gerð og viðhald þeirrar fasteignaskrár sem um ræðir í lögunum. Stofnunin kemur í stað Fasteignamats ríkisins sem skv. 25. gr. laga um fasteignamat nr. 28/1963 er sérstök deild í fjármálaráðuneytinu en hefur starfað mun sjálfstæðar en aðrar deildir þess.

Sérstök heimild er í 2. mgr. greinarinnar til að fela öðrum aðila það viðfangsefni sem hér um ræðir. Er þar höfð hliðsjón af að þjóðskrá og fyrirtækjaskrá eru báðar í umsjá Hagstofu Íslands og þykir rétt að gera því skóna að svo samstæð starfsemi kynni að eiga að sameinast með einhverjum hætti. Þótti rétt að opna leið til slíks án sérstakrar lagasetningar.

Um 7. gr.

Greinin fjallar um framkvæmdastjórn Fasteignaskrár og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 8. gr.

Greinin gerir ráð fyrir að til sé ráðgefandi nefnd helstu aðila sem nýta eða nýtt geta fasteignaskrána í rekstri sínum. Er með þessum hætti ætlunin að skapa þessum aðilum formlegan vettvang þar sem þeir geta haft áhrif á þróun Fasteignaskrár sem stofnunar og starfshátta hennar.

Um 9. gr.

Greinin felur í sér ákveðna stefnubreytingu um hvernig upplýsingar um land og mannvirki og breytingar í því efni skuli berast Fasteignaskrá. Gildandi lög gera ráð fyrir tveimur millimatsmönnum í hverju sveitarfélagi sem annist fasteignamat milli þess sem aðalmat er gert á 15 ára fresti.

Frumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir að viðhald og endurnýjun fasteignaskrár, svo og endurmat eigna, sé stöðugt verkefni svo að skráin sé á hverjum tíma eins nálæg sanni og tæknilega er kostur.

Svo virðist sem skipa megi þessu gagnasöfnunarverkefni með tvennum hætti í megindráttum. Er önnur leiðin sú að halda uppi sérstöku gagnasöfnunarkerfi á vegum Fasteignaskrár en hin að fella gagnasöfnunarkerfi skrárinnar inn í einhverja þá starfsemi á þessu sviði sem til er fyrir.

Í frumvarpi þessu er síðari leiðin valin. Sú breyting er þó gerð frá fyrra frumvarpi að í stað byggingafulltrúa eru viðkomandi sveitarstjórnir gerðar ábyrgar fyrir að Fasteignaskrá berist upplýsingar um fasteignir, breytingar á þeim og eyðingu. Gert er ráð fyrir að sveitarstjórnir feli byggingafulltrúum þessa upplýsingagjöf nema þar sem þeir eru ekki til staðar, þá getur sveitarstjórn falið hana öðrum aðila að fengnu samþykki Fasteignaskrár. Er með samþykki Fasteignaskrár að því stefnt að sem hæfastir aðilar veljist til slíkra starfa. Enda þótt ábyrgð á upplýsingastreymi til Fasteignaskrár sé lögð á sveitarstjórnir er þó gert ráð fyrir að byggingafulltrúar séu ábyrgir fyrir því að þær séu efnislega réttar.

Ljóst er að þessi aðferð leggur meiri störf á herðar byggingafulltrúum en þeir hafa haft og getur verið að sums staðar fái þeir ekki að óbreyttu komist yfir þetta viðbótarverkefni. Hins vegar þykir nær að styrkja byggingafulltrúakerfið með þessum hætti en setja við hlið þess upp kerfi sem fjallar að verulegu leyti um sama efni og þeir fást við.

Skv. 3. mgr. kveður Fasteignaskrá á um form, efni og tímasetningar þeirrar upplýsingagjafar sem lögð er á byggingafulltrúa eða aðra aðila. Til þess er ætlast að þeirri ákvörðun verði hagað þannig að þau tímabil ársins sem rýmst er um tíma byggingafulltrúa verði nýtt í þessu sambandi eins og kostur er.

Í 4. mgr. er nýmæli sem kveður á um að samkvæmt ákvörðun Fasteignaskrár geti sveitarstjórn lagt fyrir þá aðila sem leggja gögn fyrir byggingarnefndir að skila þeim í ákveðnu formi. Er þetta ákvæði hugsað í hagræðingarskyni vegna seinni tíma skráningar upplýsingaatriða á grundvelli þessara gagna.

Sérstök heimild er í 5. mgr. til að leysa sveitarstjórnir undan ábyrgð á upplýsingagjöf um einstakar tegundir mannvirkjagerðar. Er hér átt við mannvirki eins og ræktun eða girðingar enda er þá gert ráð fyrir að aðrir aðilar safni þeim upplýsingum eftir öðrum leiðum og leggi Fasteignaskrá til, s. s héraðsráðunautar og Búnaðarfélag Íslands.

Þá mælir greinin fyrir um sérstakt endurskoðunarkerfi til að tryggja að Fasteignaskrá berist réttar upplýsingar um allar breytingar landa og mannvirkja. Vegna hagsmuna þeirra sem sveitarfélög hafa af því að allar slíkar upplýsingar komi til skráningar og mats og til tryggingar upplýsingaábyrgð sveitarfélaganna þykir rétt að sveitarfélögin sjái um raunverulega endurskoðun á gefnum upplýsingum. Er þá gert er ráð fyrir að sveitarfélög fái í hendur gögn frá Fasteignaskrá til endurskoðunar. Endurskoðun þessi mun aðallega snúast um hvort upplýsingar hafi borist, en eftir sem áður eru byggingafulltrúar eða sá aðili annar sem sveitarstjórn hefur tilnefnt, sbr. 2. mgr. 9. gr., ábyrgur fyrir að þær séu efnislega réttar.

Um 10. gr.

Í greininni er Fasteignaskrá falið frumkvæði að samræmingu á gagnasöfnun um atriði, sem snerta fasteignir, í því skyni að koma í veg fyrir tvíverknað mismunandi stofnana.

Um 11. gr.

Greinin fjallar efnislega um endurskoðun þeirra upplýsinga sem á hverjum tíma eru skráðar í fasteignaskrá. Fjalla tvær fyrstu málsgreinarnar um heimildir Fasteignaskrár sjálfrar en hin þriðja fjallar um heimildir eiganda eða annarra hagsmunaaðila, t. d. sveitarstjórna, til að krefjast endurskoðunar af þessu tagi.

Stefna laganna er að upplýsingar skrárinnar séu á hverjum tíma eins nálægt sanni og kostur er og því er þessi heimild tilraun til að virkja hagsmuni mismunandi aðila til að koma þessu til leiðar.

Loks er í 4. mgr. greinarinnar almennt ákvæði um skyldu Fasteignaskrár til að tilkynna eiganda fasteignar bréflega hverja þá breytingu sem gerð er á skráningu upplýsinga um eign hans.

Um 12. gr.

Í 1.—3. mgr. er fjallað um hvernig tryggja skuli að Fasteignaskrá berist vitneskja um breytingar á eignaraðild eða umráðum yfir skráðri eign samkvæmt fasteignaskrá.

Tilkynningarskylda er lögð á eiganda eða fyrrverandi eiganda, þ. e. seljanda eignar. Gert er ráð fyrir að tilkynningarskyldan feli í sér kvöð til að gefa upp söluverð, eða leigu ef svo ber undir, enda gegna þær upplýsingar mikilsverðu hlutverki í frummati og í framreikningi matsverðs fasteigna.

Í 3. mgr. er lögð ákveðin eftirlitsskylda á þinglýsingardómara og sömuleiðis á fasteignasala, hvort tveggja til að tryggja að vitneskja um eigendaskipti berist Fasteignaskrá strax og þau eiga sér stað.

Til að greiða fyrir þessari upplýsingasöfnun er gert ráð fyrir í 4. mgr. að Fasteignaskrá gefi út staðlaðar gerðir afsala, kaupsamninga og leigusamninga um fasteignir þar sem samrit getur verið fullnægjandi tilkynning til Fasteignaskrár. Er hér leitast við að draga úr fyrirhöfn almennings við að sinna þessari tilkynningarskyldu.

Um 13. gr.

Í greininni er Fasteignaskrá falið að safna og vinna úr upplýsingum sem völ er á um gangverð fasteigna og breytingar á því. Er gert ráð fyrir birtingu þessara niðurstaðna jafnóðum eftir því sem við verður komið.

Um 14. gr.

Greinin fjallar um sölu upplýsinga og úrvinnslugagna úr fasteignaskrá svo og um verðlagningu í þeim viðskiptum. Gjald fyrir afnot gagna Fasteignaskrár skal miðast við rekstrarkostnað hennar að því marki sem fjárlög gera ráð fyrir á hverjum tíma. Er þannig gert ráð fyrir að fjárlagasetning ár hvert marki verðstefnu stofnunarinnar ár frá ári að þessu leyti.

Um 15. gr.

Greinin leggur almenna lagaskyldu á alla opinbera aðila að miða starfsemi sína við upplýsingar úr fasteignaskrá í hvers konar viðskiptum. Er að því stefnt með þessu að ná fram sams konar almennri notkun fasteignaskrár eins og nú orðið þykir sjálfsögð að því er varðar þjóðskrá.

Um 16. gr.

Efnislega svarar þessi grein til 14. gr. gildandi laga. Hin almenna regla um mat til gangverðs við kaup og sölu er óbreytt í frumvarpinu frá gildandi lögum. Er gert ráð fyrir að mat þetta verði reist á bestu fáanlegri vitneskju um verð fasteigna við kaup og sölu. Gerð er þó tillaga um fasta reglu um mat hlunninda sem miðast við margfeldi af árlegum nettóarði af þeim.

Að því er varðar bújarðir er gert ráð fyrir að þær séu metnar sem slíkar, svo lengi sem þær eru notaðar þannig, en ekki miðað við það verð sem fá mætti fyrir þær við kaup og sölu, t. d. sem sumarbústaðalönd. Meginreglan, sem felst í tillögu frumvarpsins, er hins vegar að við slíkt fáanlegt gangverð skuli miðað í mati ef jarðir eru ekki notaðar til búskapar eða aðeins að litlu leyti. Er gert ráð fyrir að ráðherra geti sett nánari ákvæði í reglugerð þar að lútandi svo og um önnur atriði sem snerta mat fasteigna skv. 16. gr.

Um 17. gr.

Í þessari grein er mörkuð stefna um aðferð við mat eigna þegar gangverð liggur ekki ljóst fyrir. Er í 2. mgr. tekin skýr afstaða til þess að huglægu, órökstuddu mati skuli ekki beitt nema engra annarra kosta sé völ. Tölfræðilegir útreikningar og ályktanir á grundvelli þeirra skuli hins vegar vera meginregla við matið.

Sérstaklega er kveðið á um í 3. mgr. að setja skuli ákvæði í reglugerð um útreikning staðgreiðsluvirðis eigna í kaupum og sölum, miðað við mismunandi greiðslukjör í slíkum viðskiptum.

Um 18. gr.

Greinin fjallar um hvaða aðili meti fasteignir til verðs og um skipan þeirrar starfsemi.

Gert er ráð fyrir að Fasteignaskrá meti fasteignir til verðs. Er ljóst að margar leiðir koma til greina við ákvörðun um hvernig mat samkvæmt lögum þessum skuli fara fram. Almennt eru menn sammála um að núverandi millimatsmannakerfi hafi ekki gefið góða raun og finna megi heppilegri leið til að leysa þetta verkefni.

Í frumvarpinu er fallið frá því matsmannakerfi sem gert var ráð fyrir í fyrra frumvarpi. Þó er í 3. mgr. gert ráð fyrir heimild ráðherra, beri til slíks brýna nauðsyn, að koma upp vísi að slíku kerfi, þ. e. trúnaðarmannakerfi. Líta verður svo á að beiting þessa heimildarákvæðis verði að ráðast af framkvæmd laganna þegar þau hafa slitið barnsskónum, svo og af kostnaðarsjónarmiðum, en rétt þótti að gera ráð fyrir þessum möguleika þegar í upphafi. Er það hugmynd þeirra sem að frumvarpssmíði þessari hafa staðið að aðeins einn trúnaðarmaður verði ráðinn í hverju kjördæmi. Í frumvarpinu er hins vegar ekki tekin afstaða til þess hvort

trúnaðarmenn þessir muni einungis vinna að upplýsingasöfnun og skoðun eigna vegna nauðsynlegra viðbótarupplýsinga eða muni jafnframt meta einstakar fasteignir til verðs í umboði Fasteignaskrár. Eðlilegast verður að telja að reynslan ráði um þróun þessa verkefnis, og framkvæmd ef til kæmi, en nánari ákvæði yrðu sett í reglugerð. Gerir frumvarpið og ráð fyrir því.

Um 19. gr.

Greinin fjallar um matsskyldu Fasteignaskrár og er Fasteignaskrá settur tveggja mánaða frestur til að meta nýjar og breyttar eignir. Forganga um matsstörf er falin Fasteignaskrá.

Í 2. mgr. er veitt heimild til að láta tilteknar tegundir eigna ómetnar eða slá á þær ónákvæmu mati þegar matsverð skiptir ekki verulegu máli fyrir neinn aðila eða mat er illgerlegt. Ákvæðið er hliðstætt 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins að því er varðar skráningu.

Um 20. gr.

Greinin felur í sér almenna heimild aðila, sem hagsmuni getur átt í mati eignar, t. d. sveitarstjórnar eða eiganda, til að fá eign endurmetna hvenær sem er ef stofnunin telur um verulega hagsmuni vera að tefla.

Hér er um að ræða matsatriði sem móta verður í framkvæmd. Meginstefna frumvarpsins að þessu leyti er sú að heimild af þessu tagi opni leið til að virkja hagsmunaöfl sem orkað geta á skráningu og mat fasteigna í þá átt að hin opinbera skráning sé á hverjum tíma sem næst sanni.

Um 21. gr.

Með greininni er Fasteignaskrá heimilað að kröfu fjármálaráðuneytisins eða sveitarfélags að gera allsherjarendurmat á einstökum tegundum eigna, eignum í tilteknum hverfum, sveitarfélögum eða landshlutum ef orðið hefur einhver sú röskun að matsverð eigna er þar ekki í samræmi við gangverð.

Hér er enn merki um þá stefnu frumvarpsins að freista þess að hafa skráningu og mat á hverjum tíma sem réttast og losna við allsherjarmat á tilteknu árabili eins og gert er ráð fyrir í gildandi lögum.

Um 22. gr.

Greinin fjallar um skipan yfirfasteignamatsnefndar. Það er nýmæli í því sambandi að gert er ráð fyrir að Hæstiréttur dómkveðji tíu menn í nefndina en ráðherra tilefni úr þeirra hópi þrjá aðalmenn og þrjá varamenn. Er með þessu leitast við að láta niðurstöðu nefndarinnar jafngilda mati dómkvaddra matsmanna í því skyni að fækka slíkum mötum eins og kostur er.

Gert er ráð fyrir að kostnaður við yfirmat greiðist yfirleitt úr ríkissjóði, eins og verið hefur, en heimilað að leggja yfirmatskostnað af tilefnislausri kæru á kæranda.

Um 23. gr.

Greinin felur í sér almenna heimild til kæru á mati til yfirfasteignamatsnefndar. Kæruheimildin er þannig rýmri en verið hefur, að hagsmunaaðilar aðrir en eigendur geta jöfnum höndum kært mat með sama hætti og þeir geta krafist endurmats skv. 20. gr.

Um 24. gr.

Greinin felur í sér almennt ákvæði um vanhæfi þeirra sem mat framkvæma vegna skyldleika við hagsmunaaðila.

Um 25. gr.

Greinin felur í sér mikilvægt nýmæli þess efnis að yfirfasteignamatsnefnd ákveði ár hvert framreikningsstuðla fyrir skráð matsverð fasteigna með hliðsjón

af verðbreytingum. Er gert ráð fyrir að framreikningur þessi eigi sér stað í nóvember ár hvert og taki gildi 1. desember, þannig, að nýtt matsverð fasteigna, sem næst raunverði, gildi um hver áramót í öllu tilliti.

Til að nálgast markmið laganna um skráð raunverulegt gangverð gerir heimildin ráð fyrir mismunandi framreikningsstuðlum fyrir mismunandi tegundir eigna og eftir atvikum fyrir einstök sveitarfélög eða landshluta.

Um 26. gr.

Greinin felur í sér almenna heimild til reglugerðarsetningar og þarfnast ekki skýringa.

Um 27. gr.

Greinin er almenn refsiheimild sem þarfnast ekki skýringa.

Um 28. gr.

Greinin felur í sér gildistökuákvæði og tekur af vafa um að umboð yfirfasteignamatsnefndar og millimatsmanna falli niður frá og með gildistöku. Til að draga skýr mörk milli Fasteignamats ríkisins og hinnar væntanlegu Fasteignaskrár er gert ráð fyrir að stöður þar séu lagðar niður, að því marki sem ekki er ráðið í þær með þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Eins og fram kemur í almennri greinargerð hér að framan er þess ekki vænst að sú nýsmíði á kerfi sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir geti orðið gallalaust frá byrjun. Þess er hins vegar vænst að það geti orðið nothæf viðmiðun til að hefja nýtt þróunarskeið sem löngu er orðið tímabært á sviði fasteignaskráningar og mats.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Með ákvæðinu er staðfest að gildandi mat á fasteignum samkvæmt aðalmati frá 1970 og með síðari breytingum skuli gilda uns annað leiðir af framkvæmd hinna nýju laga.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Ákvæðið fjallar um flutning eigna og gagna til hinnar nýju stofnunar og þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Ákvæði þetta er mikilvæg stefnuvísbending, ef samþykkt verður, þar eð það gerir ráð fyrir undirbúningi að flutningi veðmálaskrásetningar, sem nú fer fram hjá þinglýsingadómurum, í hina almennu fasteignaskrá. Á því er enginn vafi að núgildandi þinglýsingakerfi er mjög gamaldags og þungt í vöfum og vafalaust hagræði að því að færa það með hægð inn í vélvætt, almennt skráningarkerfi fasteigna. Ákvæðið felur Fasteignaskrá að undirbúa slíka breytingu en gert er ráð fyrir ákvörðunum Alþingis síðar til framkvæmdar þeirri breytingu.

Um ákvæði til bráðabirgða IV.

Ákvæðið kveður á um heimilaðan frest fyrir Fasteignaskrá til 1. nóvember 1977 til að ljúka skráningu viðbótarupplýsinga um einstaka hluta fasteigna skv. 3. gr. sem ekki liggja nú þegar upplýsingar fyrir um. Þykir nauðsynlegt að hafa heimild til slíks frests af framkvæmdaástæðum.

Um ákvæði til bráðabirgða V.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Ed. **122. Frumvarp til laga** [100. mál]

um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7/1972, lög nr. 60/1973, lög nr. 10/1974 og lög nr. 11/1975.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði er orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Við eignarskattsálagningu fyrir skattárið 1975 skal verðmæti fasteigna til eignarskatts reiknað á 2,7-földu gildandi fasteignamatsverði, þrátt fyrir ákvæði A-liðar 22. gr. laga nr. 68/1971. Ákvæði þessi hafa eigi áhrif á heildarfyrningarverð fasteigna, sbr. lokamálsgrein B-liðar 15. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 3. gr. laga nr. 60/1973.

Fjárhæðir í skattstiga í 1. tl. 26. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 12. gr. laga nr. 7/1972, hækki þannig að af fyrstu 2 000 000 kr. skattgjaldseign greiðist enginn skattur, af næstu 1 500 000 kr. skattgjaldseign greiðist 0,6% og af þeirri skattgjaldseign sem þar er fram yfir greiðist 1%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda við álagningu eignarskatts gjaldárið 1976.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í tekjuáætlun fjárlaga fyrir árið 1976 er gert ráð fyrir verulegri hækkun tekna ríkissjóðs af eignarskatti einstaklinga og félaga frá fjárlögum 1975 eða úr 443 mkr. í 952 mkr.

Allt frá því að aðalmat fasteigna 1970 tók gildi hefur matsverðmæti fasteigna til eignarskattsálagningar verið óbreytt, þrátt fyrir verulegar hækkanir á gangverði fasteigna í landinu almennt, en matsgrundvöllur aðalmatsins miðast við verðlag um áramót 1969/1970. Frumvarp þetta er forsenda aukningar tekna ríkissjóðs af eignarskatti og eru ákvæði þess um hækkun fasteignamats til eignarskatts sambærileg að efni til við bráðabirgðaákvæði í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 8/1972, með síðari breytingum um hækkun fasteignamats til notkunar samkvæmt þeim tilteknu lögum. Hefur það ákvæði gert kleift að hækka tekjur sveitarfélaga af fasteignasköttum í samræmi við almenna verðlagsþróun í landinu og tekjuþörf sveitarfélaganna. Samhliða frumvarpi þessu er lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um skráningu og mat fasteigna. Samkvæmt því frumvarpi er gert ráð fyrir almennri hækkun fasteignamats á næsta ári á grundvelli framreikningsstuðla, sem yfirfasteignamatsnefnd ákveður, með gildistöku 1. des. 1976. Ákvæði þessa frumvarps miða að því að brúa það bil þar til að slíkri almennri hækkun fasteignamats kemur. Bent skal sérstaklega á að hækkun fasteignamats samkvæmt þessu frumvarpi hefur eingöngu áhrif til hækkunar fasteignamats til notkunar við álagningu eignarskatts en hefur að öðru leyti hvorki áhrif á matsfjárhæðir aðalmats 1970 né á notkun þess sem gjaldstofn annarra skatta og gjalda en eignarskatts. Lagt er til að fasteignamatið verði 2,7-faldað en það er sama hækkun fasteignamats og sveitarfélög nota til álagningar gjalda samkvæmt lögum nr. 11/1975.

Jafnframt þessari hækkun fasteignamats er lagt til að þrepin í eignarskattsstiga 1. mgr. 26. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 12. gr. laga nr. 7/1972 verði hækkuð. Þannig greiðist enginn skattur af fyrstu 2 000 000 kr. skattgjaldseign í stað 1 000 000 kr. áður. Af skattgjaldseign á bilinu 2 000 000 kr. til 3 500 000 kr. greiðist 0,6%, en samkvæmt gildandi lögum er þetta hlutfall heimt af skattgjaldseign á bilinu milli 1 000 000 kr.

og 2 000 000 kr. Af skattgjaldseign umfram 3 500 000 kr. greiðist 1% en nú greiðist þetta hlutfall af skattgjaldseign umfram 2 000 000 kr. Er áætlað að samanlögð áhrif af hækkun fasteignamatsins og hækkun skattstigans veiti ríkissjóði þann tekjuauka sem fjárlög gera ráð fyrir.

Ed. 123. Frumvarp til laga [101. mál]

um verðjöfnunargjald raforku.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

1. gr.

Í stað „1975“ í 16. gr. l. 83/1974 kemur: „1976“.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér framlengingu um 1 ár á gildistíma laga um verðjöfnunargjald af raforku, enda er í frumvarpi til fjárlaga fyrir 1976 gert ráð fyrir þeim tekjum vegna reksturs Rafmagnsveitna ríkisins.

Nd. 124. Frumvarp til laga [102. mál]

um heimild til erlendrar lántöku vegna opinberra framkvæmda á árinu 1976.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent lán að fjárhæð allt að 3 580 millj. kr. sem varið skal til framkvæmda í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1976.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í athugasemdum með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1976, bls. 174, er rakið að hve miklu leyti lagaheimildir til ráðgerðra lántaka samkvæmt fjárlagafrumvarpinu eru fyrir hendi í sérstökum lögum, og í frumvarpinu sjálfu, 6. gr., er leitað heimilda til lántaka innanlands. Þar er og boðað að fyrir haustþingið muni lagt sérstakt frumvarp um heimild til sérstakrar erlendrar lántöku sem á vantar, en ekki er talið að heimildir í fjárlögum nægi til að taka erlend lán. Það frumvarp, sem hér er lagt fram, er þannig ætlað til að tryggja nægar lagaheimildir vegna þeirra opinberu framkvæmda á fjárlögum sem ráðgert er að fjármagna með lánum. Sú fjárhæð, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, miðast við fyrirhugaðar framkvæmdir í fjárlagafrumvarpi, sbr. skýringar í athugasemdum fjárlagafrumvarps, bls. 178, en fjárhæðin kann að breytast þegar endanlegar ákvarðanir verða teknar um þessar framkvæmdir. Í lánsfjáráætlun þeirri, sem lögð verður fyrir þingið, verður gerð nánari grein fyrir einstökum framkvæmdum, sem ætlað er að fjármagna með lánum, og verður þannig ljóst fyrir afgreiðslu fjárlaga hver þessi viðbótarlánsheimild til erlendrar lántöku þarf að vera.

Ed. 125. Frumvarp til laga [53. mál]

um breyting á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins, nr. 30 12. maí 1970.

(Eftir 2. umr. í Ed. 8. des.)

1. gr.

Aftan við 3. málsgr. 11. gr. laganna komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Nú fullnægir sá, er óskar þess að fá sparifé sitt endurgreitt, ekki skilyrðum 3. málsgr., og er þá félagsmálaráðherra heimilt að veita leyfi til endurgreiðslu þess, ef högum umsækjanda er þannig háttað, að mati ráðherra, að brýna nauðsyn beri til að leyfa endurgreiðsluna af félagslegum ástæðum, svo sem ef um er að ræða öryrkja, einstæða foreldra eða námsmenn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 126. Lög [26. mál]

um breyting á lögum nr. 8/1972 með síðari breytingum um tekjustofna sveitarfélaga.

(Afgreidd frá Ed. 8. des.)

Samhljóða þskj. 107.

Sþ. 127. Fyrirspurn [104. mál]

til viðskiptaráðherra um starfsemi IBM hér á landi vegna sívaxandi hlutverks tölvuvinnslu í opinberri stjórnsýslu og rekstri fyrirtækja.

Frá Vilborgu Harðardóttur.

1. Á hvaða grundvelli starfar fyrirtækið „IBM á Íslandi“, útibú og eign fjölþjóðahringsins International Business Machines? Hefur viðskiptaráðuneytið veitt IBM undanþágu frá gildandi lögum um bann við atvinnurekstri erlendra aðila?
2. Íslenska krónan er eini löglegi gjaldmiðillinn í íslenskum innanlandsviðskiptum, en „IBM á Íslandi“ líðst að gera samninga um leigu á tölvum og öðrum gagnavinnsluvélum, sem miðast við erlendan gjaldeyri. Hver er skýringin á því?
3. Hvernig er háttað viðskiptatengslum „IBM á Íslandi“ við móðurfyrirtækið og aðrar deildir erlendis: a) Flutningi fjármagns frá útlöndum vegna fjárfestingar og annars stofnkostnaðar hérlendis? b) Yfirfærslu fjár til útlanda vegna leigutekna IBM á Íslandi og vegna annarra rekstrartekna á Íslandi?
4. Hefur verið athugað, hvort íslendingar hafa greitt meira eða minna fyrir leigu á IBM-búnaði heldur en verið hefði ef slíkur búnaður hefði verið keyptur, eins og venja er til með aðrar vélar og tæki frá útlöndum?
5. Hvaða íslenskir aðilar — fyrirtæki og stofnanir — hafa tölvur og annan gagnavinnsluútbúnað á leigu frá „IBM á Íslandi“ gegn greiðslum sem miðast við erlendan gjaldeyri? Er viðskiptaráðuneytinu kunnugt um hlutdeild IBM, að verðmæti til, á öllum íslenska tölvumarkaðnum og hjá opinberum stofnunum sérstaklega?

Nd. 128. Frumvarp til laga [105. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960 um söluskatt, sbr. lög nr. 7/1963, lög nr. 76/1967, lög nr. 10/1974 og lög nr. 85/1974.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

1. gr.

1. gr. laganna (sbr. 7. gr. laga nr. 10/1974) orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð söluskatt af innlendum viðskiptum og innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda eins og nánar er mælt fyrir um í lögum þessum.

Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði sveitarfélaga 8% — átta af hundraði — skatts þess sem um ræðir í 1. mgr.

2. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 85/1974) orðist svo:

Af andvirði seldrar vöru og verðmæta, endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu, úttekt til eigin nota og af innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda skal greiða 19% — nítján af hundraði — söluskatt eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Gjöld á söluskattstofn eru nú samtals tuttugu af hundraði. Þar af er sjálfur söluskatturinn 13%, söluskattauki 4%, viðlagagjald á söluskattstofn 2% og gjald á söluskattstofn til að draga úr áhrifum verðhækkunar á olíu 1%.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 5 28. febrúar 1975 fellur viðlagagjald á söluskattstofn niður þann 31. desember n. k. Er áætlað að núgildandi tekjustofnar Viðlagasjóðs dugi til þess að ljúka verkefnum hans í Vestmannaeyjum og á Norðfirði en Viðlagatrygging Íslands tekur síðan, sem kunnugt er, til starfa á næsta ári. Er með frumvarpi þessu lagt til að það 2% gjald á söluskattstofn, sem runnið hefur til Viðlagasjóðs, verði sameinað söluskattinum og renni framvegis í ríkissjóð. Þá er lagt til að 4% söluskattauki verði felldur niður en söluskattur hækkaður að sama skapi. Með þessu hækkar söluskatturinn um 6 prósentustig, enda þótt heildargjöld þau sem lögð eru á söluskattstofn verði óbreytt, þ. e. 20%.

Þessi breyting hefur í för með sér að tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga stóraukast. Samkvæmt núgildandi lögum nýtur sjóðurinn 8% af þeim tekjum sem sjálfur söluskatturinn, þ. e. a. s. 13 prósentustig, gefa af sér. Eftir breytinguna nýtur sjóðurinn hins vegar 8% tekna af öllum 19 söluskattstigunum. Er áætlað að tekjuaukning sveitarfélaganna af þessari breytingu verði um það bil 600 milljónir króna á árinu 1976. Þessi breyting er liður í að lögfesta þá stefnumörkun ríkisstjórnarinnar sem gerð er grein fyrir í athugasemdum við fjárlagafrumvarp ársins 1976 um tilflutning á verkefnum og tekjum til sveitarfélaga, en samhliða frumvarpi þessu eru flutt þrjú frumvörp er fela í sér flutning verkefna til sveitarfélaga. Auk þess er gerð tillaga um breytingu á frumvarpi sem þegar hefur verið lagt fyrir Alþingi og lýtur sú tillaga að því sama og felst í ofangreindum frumvörpum.

Einstakar greinar þarfnast ekki skýringa.

Ed. 129. Frumvarp til laga [106. mál]

um breyting á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins nr. 30 12. maí 1970.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

1. gr.

4. mgr. 1. gr. orðist svo:

Þóknun húsnæðismálastjórnar og laun framkvæmdastjórans greiðast úr Byggingarsjóði ríkisins, en annar kostnaður stofnunarinnar úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna í hlutfalli við útlán hvors sjóðsins fyrir sig.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í tengslum við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1976 og gerir ráð fyrir að þóknun húsnæðismálastjórnar og laun framkvæmdastjóra greiðist úr Byggingarsjóði ríkisins í stað þess að greiðast úr ríkissjóði eins og verið hefur. Gerir frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1976 ráð fyrir þessari breytingu.

Nd. 130. Frumvarp til laga [107. mál]

um breyting á lögum nr. 5 28. febrúar 1975, um ráðstafanir vegna snjóflóða í Norðfirði og fjáröflun til Viðlagasjóðs.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

1. gr.

Aftan við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verður 4. málsgrein svohljóðandi:

Á árinu 1976 er Viðlagasjóði heimilt að verja allt að 200 milljónum króna af eign sinni til að standa að fullu við skuldbindingar sínar vegna snjóflóða í Norðfirði 20. desember 1974.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 31. desember 1975 falla úr gildi þau ákvæði laga nr. 5/1975, er kveða á um tekjur Viðlagasjóðs. Nú er útlit fyrir að tekjur Norðfjarðardeildar samkvæmt lögum þessum, muni ekki hrökkva að fullu til að mæta skuldbindingum Viðlagasjóðs vegna snjóflóðanna í Norðfirði. Er því lagt til að Viðlagasjóði verði heimilað að veita fé til að standa við skuldbindingar Norðfjarðardeildar.

Samkvæmt lögum um Viðlagatryggingu Íslands, sem samþykkt voru í lok síðasta þings, skal Viðlagasjóður ljúka störfum um áramótin 1976/77. Stjórn sjóðsins hefur sett fram greiðsluáætlun fyrir Vestmannaeyjadeild sjóðsins (fylgiskjal I) og áætlun um tekjur og gjöld Norðfjarðardeildar (fylgiskjal II).

Um áætlanir þessar segir stjórn Viðlagasjóðs:

„Vestmannaeyjadeild

Deildin hefur nú lokið uppgjöri við alla tjónþola nema bæjarsjóð Vestmannaeyja, en uppgjöri bóta hans er það langt á veg komið að telja verður áætlunina nærri lagi. Samkvæmt því nema bætur til bæjarsjóðs og stofnana hans fyrir eignatjón 500 m.kr., og fyrir rekstrartjón 200 m.kr. Auk þess tekur áætlunin tillit til ýmissa aðgerða til stuðnings uppbyggingu í Vestmannaeyjum, sem stjórnin hefur ákveðið með heimild í ýmsum ákvæðum reglugerðar nr. 62/1973, en gerir ekki ráð fyrir að lengra sé gengið í þeim efnum en þegar hefur verið ákveðið. Á hinn bóginn gerir áætlunin ekki ráð fyrir útgreiðslum vegna áhyrgða, sem sjóðurinn hefur gengið í fyrir bæjarsjóð. Alls gerir áætlunin því ráð fyrir greiðslum til bæjarsjóðs Vestmannaeyja sem nema 800 m.kr., og hefur sú upphæð að verulegu leyti þegar verið greidd.

Áætlunin sýnir að deildinni hefur með núgildandi lagaákvæðum verið aflað nægilegs fjár til að standa við þessar skuldbindingar sínar. Á hinn bóginn er mikið af fé Vestmannaeyjadeildar sjóðsins fast í skuldabréfum og fasteignum og mun því greiðslustaða deildarinnar verða slæm og skuld við Seðlabankann lækka hægt. Gert er ráð fyrir að í árslok 1975 muni hún nema 1 031 m.kr. og í árslok 1976 624 m.kr. og ekki verða að fullu greidd fyrr en í ársbyrjun 1978. Enn fremur sýnir áætlunin að sjóðurinn eigi eignir í skuldabréfum, sem nema um 900 m.kr. umfram þær skuldbindingar, sem áætlunin gerir ráð fyrir, en frá því verður að draga afföll skuldabréfanna (vaxtamun). Vel getur verið að enn komi upp í Vestmannaeyjum þau vandamál, sem stjórn sjóðsins telji sér skylt að sinna og sem ekki eru tekin með í áætlunina. Er ljóst að eignastaða sjóðsins gefur nokkurt svigrúm til þess, en greiðslustaða yrði þá að sama skapi lakari."

Ennfremur segir í skýrslu stjórnar Viðlagasjóðs:

„Stjórn sjóðsins telur þó ríkar ástæður til að taka fram, að fyrirsjáanlegt er að án frekari aðstoðar mun bæjarsjóður Vestmannaeyja verða í miklum fjárhagserfiðleikum um árabil. Stafar þetta af því að bæjarfélagið hefur reist sér hurðarás um öxl með miklum og dýrum framkvæmdum, sem auk þess verða unnar á mun hærra verðlagi en því, sem bótamat sjóðsins var miðað við.

Stjórn sjóðsins telur að ekki megi loka augunum fyrir þessum vanda og vill því benda á hvort ekki sé rétt að fram fari úttekt á fjárhagsstöðu bæjarsjóðs og horfum næstu árin. Stjórnin telur ekki rétt að slík úttekt fari fram á vegum Viðlagasjóðs einkum vegna þess, að vandamálið mun tæpast skýrast til fulls fyrr en um það leyti, sem sjóðurinn verður lagður niður. Virðist því eðlilegra að slík úttekt fari fram á vegum félagsmálaráðuneytisins eða annarrar opinberrar stofnunar.

Norðfjarðardeild

Áætlunin gerir ráð fyrir að heildarútgjöld Norðfjarðardeildar muni nema 650 m.kr., þar af 590 m.kr. tjónabætur og aðrar greiðslur, sem runnið geta til uppbyggingarstarfsins í Norðfirði.

Tekjur samkvæmt núgildandi tekjustofnum virðast munu nema 550 m.kr Samkvæmt því skortir deildina um 100 m.kr. til að standa við skuldbindingar sínar.

Bætur til tjónþola taka að sjálfsögðu mið af því tjóni, sem varð, en ekki af þeim kostnaði, sem tjónþolar kjósa að ráðast í við endurbyggingu, enda eru þeir frjálsir að því hvernig þeir verja bótafénu. En að undanförnu hafa orðið talsverðar umræður um það, hvort bótafé ásamt annarri fjármögnun, sem vitað er um, muni nægja til að greiða þá endurbyggingu, sem nú á sér stað í Norðfirði, og þykir ástæða til að gera hér nokkra grein fyrir því.

Fyrir liggur áætlun um kostnað við endurbyggingu frá framkvæmdastjóra uppbyggingarnefndarinnar í Neskaupstað, dags. 1. október s. l., og er niðurstaða hennar 982 m.kr. Samskonar áætlun gerð af trúnaðarmönnum Viðlagasjóðs nemur hins vegar 775 m.kr. Þessi mikli munur skýrist ekki af mismunandi mati á kostnaði við hina

ýmsu verkþætti, þar ber mjög lítið á milli, heldur af því að í hærri áætluninni eru ýmsir liðir, sem þar eiga ekki heima, svo sem tekjubætur, lántökur o. fl., sem ekki er framkvæmdakostnaður, auk þess sem trúnaðarmennirnir taka ekki inn í sína áætlun nokkra liði, sem lúta að fullnaðarfrágangi, sem ekki verður framkvæmdur fyrr en síðar, og sem ekki hefur áhrif á starfshæfni þeirra mannvirkja, sem um er að ræða.

Til þess að mæta þessum kostnaði eru bætur og aðrar greiðslur úr Viðlagasjóði 590 m.kr., lán til Síldarvinnslunnar úr Fiskveiðasjóði 200 m.kr. og lán til annarra tjónþola, sem talið er að munu fást, 28 m.kr., eða samtals 818 m.kr.

Það er því mat sjóðsstjórnarinnar að fáist það viðbótarfé, sem farið er fram á hér að framan, þannig að sjóðurinn geti innt af hendi þær greiðslur, sem honum er ætlað, muni vart mikið skorta á að nægilegt fé verði til endurbyggingarinnar.“

Í bréfi forseta bæjarstjórnar og bæjarstjórans í Vestmannaeyjum til stjórnar Viðlagasjóðs 13. nóvember 1975 segir m. a.:

„Skv. fjárhagsramma kaupstaðarins fyrir næstu 4 ár nemur fjárvöntun bæjarsjóðs 900 m.kr. auk ca. 200 m.kr. hjá rafveitu þá er einungis miðað við greiðslur lána og verksamninga, sem í gangi eru, auk nauðsynlegra framkvæmda vegna endurreisnar byggðar í Vestmannaeyjum. Ætla má, að fái kaupstaðurinn fé í þessu skyni á næstu fjórum árum þá muni hann standa á eigin fótum frá og með árinu 1980. Þó verður staða rafveitu eftir sem áður erfið en svo er um flestar rafveitur á landinu. Ekki er ólíklegt að unnt sé að skera niður framkvæmdir að nokkru svo að fjárvöntun verði u. þ. b. 1 000 m.kr. ...

Bæjarstjórn er reiðubúin til allrar samvinnu, hvort heldur væri frekari úttekt á stöðunni á vegum Hagfræðideildar Seðlabankans eða aðrar óskir stjórnvalda í þessum efnum.

Þess gerist vart þörf hér að benda á þýðingu Vestmannaeyja sem stærstu fiskútflutningsmiðstöðvar á landinu og hið mikla uppbyggingarstarf einstaklinga, fyrirtækja og bæjarfélags til endurreisnar heilbrigðs atvinnulífs á staðnum.

Bæjarstjórnin gerir sér fulla grein fyrir því mikla og fórnfúsa framlagi sem þjóðin öll hefir lagt af mörkum við uppbyggingarstarfið og vill nota þetta tækifæri sem og önnur tækifæri til þess að auðsýna þakklæti fyrir þátttöku í endurreisnarstarfinu.“

Á sínum tíma skipaði forsætisráðherra nefnd þriggja þingmanna, þá Lúðvík Jósepsson, Tómas Árnason og Sverri Hermannsson, til að hafa milligöngu milli Viðlagasjóðs og heimaaðila í Neskaupstað. Þingmannanefndin sendi forsætisráðherra bréf 20. nóvember 1975 þar sem segir m. a.:

„Það er skoðun okkar, eftir að hafa rætt málið við fulltrúa Viðlagasjóðs og þá heimaaðila í Neskaupstað sem málið varðar mest, að tryggja þurfi Norðfjarðardeild Viðlagasjóðs að minnsta kosti 250 milljónir króna á næsta ári og miðum við þá við að tekjur deildarinnar af gildandi tekjustofni til áramóta, verði 570 milljónir króna.

Við teljum tillögu Viðlagasjóðs um viðbótartekjur 100 milljón krónur ófullnægjandi og bendum á að þær bótakröfur, sem fram eru komnar og ekki hefir verið synjað, enda ekki enn fjallað um þær samkvæmt reglugerð sjóðsins, samsvara þeirri tekjubörf, sem við gerum tillögur um.“

Miðað við þau gögn, sem að framan hefur verið getið, er eftirfarandi ljóst:

1. **Vestmannaeyjadeild.** Lög Viðlagasjóðs heimila sjóðnum ekki að leysa fjárhagsvanda bæjarsjóðs Vestmannaeyja. Hins vegar eru aðilar sammála um, að úttekt verði gerð á stöðu bæjarsjóðs. Hefur verið ákveðið, að félagsmálaráðuneyti, Seðlabanki Íslands og bæjarsjórn Vestmannaeyja skipi hver sinn fulltrúa til að gera úttekt á fjárhagsvanda bæjarsjóðs Vestmannaeyja. Með hliðsjón af þessari úttekt verður tekin ákvörðun um lausn á fjárhagsvanda bæjarsjóðs. Þá hlýtur m. a. að koma til athugunar hvernig unnt er að nýta eignir Viðlagasjóðs í því skyni.

2. **Norðfjarðardeild.** Enn eru ekki öll kurl komin til grafar við uppgjör tjónsins í Norðfirði. Með frumvarpi þessu er heimilað að flytja allt að 200 milljónum

króna úr Vestmannaeyjadeild í Norðfjarðardeild. Hve há upphæðin verður endanlega innan þessa ramma ræðst af þeim bótum, sem greiddar verða samkvæmt reglum Viðlagasjóðs til Norðfjarðar.

Fylgiskjal I.

Greiðsluáætlun fyrir Viðlagasjóð — Vestmannaeyjadeild.

Millj. kr. Útgjöld:	1974 Staðan 31/12/74	1975 Staðan 30/9/75	1975 IV	1975 á árinu	1975 Staðan 31/12/75	1976 á árinu	1976 Staðan 31/12/76	Eftirstöðvar
1. Húsbyggingar	2 092	2 106	–	14	2 106	–	2 106	–
2. Ýmsar framkvæmdir	1 089	1 239	41	191	1 280	40	1 320	–
3. Vélakaup	78	78	–	–	78	–	78	–
4. Lánveitingar	487	487	–	–	487	–	487	–
4.1 Yfirtekin lán	89	89	–	–	89	–	89	–
4.2 Lán v/Útvegsbanka	86	86	–	–	86	–	86	–
4.3 Skuldabréf/lán	277	277	–	–	277	–	277	–
4.4 Vegna endurbóta íbúðahúsa	35	35	–	–	35	–	35	–
5. Skaðabætur	2 264	2 947	75	758	3 022	40	3 062	–
5.1 Bætur vegna rekstrartjóns	–	196	6	202	202	–	202	–
6. Tollgreiðslur	100	200	286	386	486	75	561	–
7. Vaxtagjöld, nettó	214	202	200	188	402	140	542	–
8. Ýmislegt og ófyrirséð	10	—12	12	—10	0	15	15	–
9. Landsdeild	–	13	7	20	20	–	20	–
Samtals	6 334	7 260	621	1 547	7 881	310	8 191	

Millj. kr. Tekjur:	1974 Staðan 31/12/74	1975 staðan 30/9/75	1975 IV	1975 á árinu	1975 Staðan 31/12/75	1976 á árinu	1976 Staðan 31/12/76	Eftirstöðvar
1. Frá sveitarfélögum	588	623	5	40	628	–	628	–
2. Frá ríki og atvinnul.tr.sj.	2 201	2 824	551	1 174	3 375	220	3 595	–
3. Gjafafé Norðurlanda	1 456	1 456	–	–	1 456	–	1 456	–
4. Annað gjafafé	208	211	–	3	211	–	211	–
5. Afborganir lána og vaxtatekjur	67	67	125	125	192	158	350	348
5.1 Endurgreidd yfirtekin lán	65	59	30	24	89	–	89	–
5.2 V/Útvegsbanka	–	–	22	22	22	38	60	38
5.3 Skuldabréf/lán	2	8	73	79	81	120	201	310
6. Sala véla	17	40	–	23	40	–	40	–
7. Sala innfl. húsa og leigutekjur	250	730	218	698	948	319	1 267	1 200
8. Sala íbúða í Breiðholti	–	–	–	–	–	–	–	61
9. Landsdeild	–	–	–	–	–	20	20	–
Samtals	4 787	5 951	899	2 063	6 850	717	7 567	1 609
Afgangur/halli (—)	–	–	+278	+516	–	+407	–	–
Staða v/Seðlabankann	—1 547	—1 309	—1 031	—1 031	—1 031	—624	—624	–

Fylgiskjal II.

Áætlun um tekjur og gjöld Viðlagasjóðs — Norðfjarðardeildar [1])

Millj. kr. Tekjur:	Staðan 3/10/75	Staðan 31/12/75	Staðan 31/3/76	Staðan 30/6/76 án viðbótar tekjustofn
1. Viðlagagjald á söluskattsstofn (32% af tveimur stigum í 10 mánuði)[2])..	275	440	550	550
Útgjöld:				
1. Skaðabætur	363	430	470	485
1.1 Síldarvinnslan h.f.	323	323	352	352
1.2 Steypusalan	22	31	31	31
1.3 Bifreiðaþjónustan	11	16	16	16
1.4 Ýmsar bætur	7	60	71	86
2. Björgun og hreinsun	57	60	60	65
3. Tekjubætur	0	0	20	20
4. Rekstur, mat, áhöld o. fl.	32	40	40	40
5. Ýmislegt	0	20	20	20
6. Vaxtakostnaður	–	20	20	20
	452	570	630	650
Afgangur/halli (—)	—177	—130	—80	–
Staðan við Seðlabankann	—177	—130	—80	—100

1) Útgjaldaáætlunin er gerð skv. bráðabirgðatölum, sem nú liggja fyrir, um tjónið af völdum snjóflóða.
2) Í upphafi var reiknað með 50 m.kr. tekjum á mánuði af viðlagagjaldi, en í þessari áætlun er reiknað með 55 m.kr. á mánuði.

Nd. 131. Frumvarp til laga [108. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 frá 23. apríl 1968.

Flm.: Friðjón Þórðarson, Jóhannes Árnason.

1. gr.

80. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn lögum þessum eða reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 500 000 kr., varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári. Sektir samkvæmt lögum þessum renna til ríkissjóðs.

Ef brot gegn lögum þessum eða reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, er framið eftir fyrirmælum eða með vitund og vilja bifreiðareigandans eða stjórnanda í starfi, skal honum einnig refsað fyrir brotið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir þeirri breytingu á refsiákvæði (80. gr.) umferðarlaga, nr. 40/1968, að niður verði felld ákvæði 2. og 3. mgr. greinarinnar, en samkvæmt þeim varða eftirtalin brot eigi vægari refsingu en varðhaldi: Brot gegn 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. (ölvun við akstur, ef vinandamagn í blóði nemur 1.20‰ eða meira), notkun skráningarmerkis á annað ökutæki en ætlast er til,

akstur vélknúins ökutækis, er ökumaður hefur verið sviptur ökuleyfi eða rétti til þess, svo og ítrekuð brot gegn 1. og 2. sbr. 3. og 6. mgr. 25. gr. og 2. og 5. mgr. 24. gr. umferðarlaga. Frumvarpið gerir þannig ráð fyrir að dómstólar hafi frjálsar hendur um það, hvort þeir beiti sektum eða refsivist fyrir nefnd brot.

Rétt þykir að rekja í aðalatriðum hvernig refsað hefur verið fyrir þessi brot síðan bifreiðar komu til sögunnar.

Samkvæmt lögum þeim, sem giltu um notkun bifreiða fram til 1941 (l. 21/1914, l. 88/1917, l. 56/1926 og l. 70/1931), vörðuðu brot gegn lögunum sektarefsingu, nema þyngri refsing lægi við broti samkvæmt öðrum lögum. Á þessu tímabili var refsað fyrir ölvun við bifreiðarstjórn með sekt, auk þess sem ökumaður skyldi þá einnig sviptur ökuleyfi sínu um takmarkaðan tíma eða ævilangt.

Með 38. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, var það tekið í lög að manni skyldi eigi refsað með vægari refsingu en varðhaldi ef hann var undir áhrifum áfengis við bifreiðarstjórn, ef hann ók bifreið eftir að hann hafði verið sviptur ökuleyfi eða rétti til þess, ef hann misnotaði neyðarmerki á bifreið eða skrásetningarmerki. Fyrstu árin eftir að þessi breyting var gerð voru þeir, sem dæmdir voru í varðhaldsrefsingu fyrir nefnd brot, látnir taka refsingu sína út. Fljótlega kom þó að því að refsiframkvæmd að þessu leyti tók að fara úr skorðum, og mun þar einkum hafa komið til að rými í fangelsum reyndist með öllu ónógt til þess að fullnusta dómanna gæti farið skipulega fram. Á árinu 1948, er mikill fjöldi ófullnægðra varðhaldsdóma hafði safnast fyrir, var brugðið á það ráð að veita öllum dómþolum náðun gegn því að þeir greiddu tiltekna sekt til ríkissjóðs. Munu flestallir hafa notfært sér náðun þessa.

Ekki var látið staðar numið við þessa náðun, heldur var næstu árin haldið áfram að náða dómþola af varðhaldsrefsingum með sams konar skilmálum.

Með lögum nr. 6/1951 var sú breyting gerð á 38. gr. bifreiðalaganna, að eigi var skylt að beita refsivist við áðurnefndum brotum, nema um ítrekað brot væri að ræða. Mun nú hafa verið ætlast til að varðhaldsrefsingar, sem dæmdar væru fyrir ítrekuð brot, skyldu framkvæmdar. Fljótlega kom þó að því að tekið var að veita á ný náðanir af þessum stuttu varðhaldsrefsingum og enn með þeim skilyrðum að sekt væri greidd.

Með umferðarlögum nr. 26/1958, sem gilda að stofni til enn í dag (endurútgefin sem l. 40/1968), voru bifreiðalögin frá 1941 numin úr gildi. Í 25. gr. laganna eru ákvæði um ölvun við bifreiðastjórn o. fl. Er þar gerður greinarmunur á því hvort alkóhólmagn í blóði ökumanns er frá 0.50‰ til 1.20‰ (3. mgr.) eða þar yfir (4. mgr.). Í 80. gr. laganna er ákveðið að brot gegn 4. mgr. 25. gr. laganna og nokkur önnur brot gegn lögunum skuli varða varðhaldi eða fangelsi, þ. e. fyrir þessi brot verða sektir ekki dæmdar. Sama gildir um ítrekuð brot gegn 1. og 2. sbr. 3. og 6. mgr. 25. gr. og 2. og 5. mgr. 24. gr. laganna.

Samkvæmt ákvæðum þessum hefur geysilegur fjöldi varðhaldsdóma verið kveðinn upp við dómstóla landsins síðastliðin 17 ár. Um framkvæmd dóma þessara er það hins vegar skemmst að segja, að þeim hefur ekki verið fullnægt eftir hljóðan sinni, heldur hefur hverjum einasta dómþola, sem sótt hefur um náðun af slíkum refsingum, verið veitt hún. Varðhaldsdómarnir hafa þannig ekki verið framkvæmdir nema þeir örfáu, þar sem dómþolar hafa ekki hirt um eða kært sig um að sækja um náðun, og svo nokkrir, þar sem dómþolar hafa ekki fullnægt skilyrðum náðunar um greiðslu sektar.

Lögum (stjórnarskrá) og venju samkvæmt er heimilt að fella niður refsingu eða hluta hennar með náðun. Er hér um stjórnvaldsathöfn að ræða. Telja verður eðlilegt að náðun sé eigi beitt nema sérstakar aðstæður séu fyrir hendi. Það verður að teljast óeðlilegt og varhugavert og tæpast í fullu samræmi við það ákvæði stjórnarskrár, að löggjafarvald sé í höndum Alþingis og forseta og dómsvald í höndum dómenda, að náðun sé beitt kerfisbundið við alla refsidóma í tilteknum flokki mála og meira að segja stærsta flokki refsimála sem dæmdur er af íslenskum dómstólum. Ef nauðsyn þykir að halda núgildandi refsiákvæðum umferðarlaga er jafnnauðsynlegt að skapa skilyrði til þess að dómum samkvæmt þeim verði fullnægt eftir hljóðan

sinni. Til þess yrði nú þegar að reisa varðhaldsfangahús er tæki a. m. k. 25—30 manns eða stækka núverandi fangahús sem því svarar. Slíkt mundi kosta mikið fé, að ekki sé talað um þann aukna rekstrarkostnað er af slíkri stækkun mundi leiða. Hlýtur að vakna sú spurning, hvort því fé væri ekki varið betur á annan hátt. Þá er einnig ástæða til þess að draga í efa að eðlilegt sé frá sakfræðilegu eða refsipólitísku sjónarmiði að beita stuttum varðhaldsrefsingum, svo sem núgildandi refsiákvæði umferðarlaga gera ráð fyrir. Slíkt er naumast í samræmi við nýrri stefnur í refsilöggjöf, heldur er einmitt stefnt að því að láta sektarrefsingar koma í auknum mæli í stað refsivistar, og einnig einkennir það réttarþróunina síðari ár að auka svigrúm dómara til mats og ákvörðunar í refsimálum. (Sjá: Jónatan Þórmundsson: Nýjar stefnur í refsilöggjöf. Tímarit lögfræðinga 2. h. 1975, bls. 74.)

Frumvarp það, sem hér er um að ræða, gerir einmitt ráð fyrir að dómari hafi svigrúm til þess að velja milli sektar og refsivistar er hann dæmir í málum út af ölvun við akstur og öðrum þeim málum er um hefur verið rætt hér að framan.

Í frumvarpinu er lagt til að hámark sekta samkvæmt lögunum verði hækkað mjög, en nú fylgja sektir skv. umferðarlögum sektamörkum almennra hegningarlaga.

Ef frumvarp þetta verður að lögum má draga saman í stuttu máli áhrif breytingarinnar á þessa leið:

1) Ætla verður að dómstólar muni framvegis beita sektarrefsingu í málum út af ölvun við akstur og öðrum þeim málum út af umferðarlagabrotum þar sem varðhaldsrefsingu er nú beitt, en dæma refsivist því aðeins að um grófari brot sé að ræða.
2) Þar sem hámark sekta er hækkað, má einnig ætla að sektir fyrir umrædd brot muni verða hærri en sektir þær sem nú eru settar sem skilyrði fyrir veitingu náðunar af varðhaldsrefsingu.
3) Talsverðan hluta málanna ætti að mega afgreiða með dómsátt. Slíkur afgreiðsluháttur er miklu fljótvirkari, ódýrari og einfaldari en málshöfðun og dómur. Breytingin horfir þannig til hraðari afgreiðslu mála og léttis á álagi á dómstólana og starfsfólk þeirra.
4) Refsiframkvæmdin yrði mun fljótvirkari og einfaldari en nú er.

Frumvarpið stefnir þannig ekki að því að draga úr viðurlögum fyrir ölvun við akstur og önnur þau brot sem hér er um að ræða, heldur einmitt að því að gera refsivörslu í þessum efnum virkari í reynd.

Sþ. 132. Tillaga til þingsályktunar [109. mál]

um heildarlöggjöf varðandi málefni vangefinna.

Flm.: Helgi F. Seljan, Karvel Pálmason, Sverrir Bergmann, Sigurlaug Bjarnadóttir, Bragi Sigurjónsson, Jónas Árnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta undirbúa og leggja fram frumvarp til laga um heildarskipulag varðandi öll málefni vangefinna.

Löggjöfin taki mið af þessum meginatriðum:

1. Stefnt skal að því að koma á heildarkerfi, framtíðarskipan í samræmi við þau viðhorf sem ríkja í þessum málum og þær þjóðir byggja á sem lengst eru á veg komnar.
2. Löggjöfin spanni þannig yfir heilsugæslu, kennslu og þjálfun og félagslega þjónustu hvers konar og samræmi alla þessa þætti undir einni heildarstjórn.

Greinargerð.

Þegar litið er til málefna vangefinna hérlendis í heild má segja að tvennt sé þar mest áberandi:

Heildarlöggjöf, sem varðar alla helstu þætti í vanda þessa fólks, skortir. Til eru aðeins lög um fávitastofnanir frá árinu 1967, sem eru hvort tveggja of þröng og um margt úrelt í ljósi nýrra viðhorfa. Þetta blasir við á flestum sviðum og þó einkum í vissri vanrækslu samfélagsins hvað snertir þroskun og þjálfun þessa fólks. Ber þó síst að vanmeta það sem vel hefur verið gert.

Hitt einkennið er í raun bein afleiðing af því fyrra, þ. e. að framkvæmd þessara mála er frábrugðin því sem gerist annars staðar, þar sem heildarlöggjöf er skýr og samfélagið gengur á undan í öllum aðgerðum og samræmingu hinna ýmsu þátta. Hérlendis hefur áhugastarfið verið meira áberandi og um margt ágætt, en hvort tveggja leiðir þó um of til fálmkenndra vinnubragða.

Höfuðatriðin, sem ganga verður út frá í málefnum vangefinna, eru: Jafnrétti til þeirra samfélagslegu gæða, sem aðrir njóta, og aðhæfing þessa fólks að þjóðfélaginu í eins ríkum mæli og mögulegt er með skipulegum aðgerðum. Í hvoru tveggja varðar það mestu að starfið sé hafið sem fyrst, því meiri eru möguleikarnir til sem eðlilegastra lifnaðarhátta, því meiri eru þroskamögleikarnir almennt.

Um tvennt er að ræða fyrir löggjafann: endurskoðun núgildandi laga eða nýja heildarlöggjöf.

Sé litið til Norðurlandanna fer ekki milli mála hvor leiðin er réttari. Löggjöfin þar getur varðað okkar veg, en því aðeins að um heildarlöggjöf verði að ræða. Má í því sambandi minna á löggjöf svía, norðmanna og dana, sem allar hafa leitt af sér miklar breytingar til bóta, einkum hvað snertir menntunarþáttinn og starfsmöguleikana. Þar hafa heilbrigðis-, mennta- og félagslegu þættirnir verið samræmdir og skipulega verið að því unnið að t. d. menntakerfið væri sem minnst frábrugðið hinu almenna menntakerfi: dagheimili, forskóli, grunnskóli, starfsnám. Hér eigum við mikið verk óunnið. Að vísu má benda á ítarlegt uppkast að reglugerð um sérkennslumál sem liggur nú í menntamálaráðuneytinu og er beinlínis við þetta miðuð.

Okkur skortir heildarstjórn — ábyrgan aðila í stjórnkerfinu, t. d. í félagsmálaráðuneytinu svo sem er hjá dönum, sem hefur heildaryfirsýn yfir öll þessi mál og sér um samræmingu þeirra og um leið að ekkert þeirra verði útundan. Með samstarfsnefnd þeirra aðila, sem með þessi mál ættu að fara í framkvæmd, mætti ráða hér á nokkra bót, og þó að heildarstjórn væri í ákveðnu ráðuneyti þyrfti það engan veginn að hindra þetta fyrirkomulag, heldur þvert á móti auðvelda samstarfið.

En ábyrgur aðili í stjórnkerfinu er nauðsyn. Sér til ráðuneytis gæti sá aðili haft ráðgjafarnefnd, svo sem er á hinum Norðurlöndunum.

Ráðgjafarþjónusta — ráðgjafar- og greiningarstöð fyrir vangefna — þarf að komast á sem fyrst, því að hvert glatað ár hins vangefna er honum dýrt.

Norðmenn hafa t. d. í einstökum fylkjum skipulagt slíka þjónustu og um leið kynnt fólki alla möguleika sem fyrir hendi eru. Þá möguleika er suma ekki að finna í dag hjá okkur. Reykjavík er komin nokkuð á veg, en landsbyggðin á fárra eða engra kosta völ enn þá.

Í nýrri heildarlöggjöf kæmi því vel til greina að skipta landinu í nokkur svæði með tiltölulega rúmri heimastjórn í málefnum vangefinna, en undir stjórn ráðgjafarmiðstöðvar og ráðuneytis hér í Reykjavík. Allt eru þetta hugmyndir sem nánar munu raktar í framsögu ásamt fleiru, en mikið má af nágrönnum okkar læra, enda mun löggjöf þeirra gerð nánari skil.

Í heildarlöggjöf sem slíkri þarf margs að gæta: Heilsugæsla vangefinna er t. d. mun þýðingarmeiri og viðameiri en annarra, svo sem auðskilið er. Jafnrétti til fyllsta þroska, til starfsmöguleika úti í þjóðfélaginu eða á vernduðum vinnustöðum hlýtur að vera sjálfsagt markmið. Menntunarþáttinn þarf að stórbæta, og eru þegar uppi tillögur í þeim efnum sem eru ærið verkefni ef framkvæmdar yrðu. Sá þáttur er auðvitað í nánum tengslum við atvinnuþáttinn, þ. e. á hvern hátt megi nýta sem

best starfskrafta vangefinna í þágu þeirra sjálfra og þjóðarheildar. Menntunarþátturinn, sem að leiðbeinendum og ráðgjöfum snýr, er skammt á veg kominn enn, en hlýtur þó að teljast frumforsenda þess að þjálfun og þroska vangefinna verði sem best sinnt. Ráðgjöf til aðstandenda þarf og að stóraukast, tryggt þarf að vera að hinir vangefnu njóti fyllsta réttar í tryggingakerfi okkar og þar verði enginn útundan.

Sú heildarlöggjöf, sem tillaga þessi beinist að, á að vera rúm og af víðsýni gerð. Hún þarf að tryggja rétt hins vangefna, jafnrétti við aðra þegna, og hún á að beinast að því að koma hverjum og einum sem lengst á þroskabraut — með námi og þjálfun — svo hinn vangefni megi verða sem hlutgengastur í samfélaginu, eigi þar sína fyllstu möguleika. Án samræmds, skipulegs átaks verður þessu marki seint eða ekki náð. Því er tillaga þessi flutt.

Nd. 133. Nefndarálit [48. mál]

um frv. til laga um vísitölu byggingarkostnaðar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin flutti frumvarpið að beiðni hagstofustjóra og eftir að hafa skoðað frv. nánar og leitað umsagna mælir nefndin með samþykkt þess, með einni minni háttar breytingu.

Núgildandi vísitala byggingarkostnaðar er grundvölluð á lögum nr. 25/1957. Í janúar 1970 samþykkti Alþingi ályktun, þar sem skorað var á ríkisstjórnina að láta endurskoða lögin og Hagstofu Íslands og Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins falið að reikna út nýjan grundvöll byggingarvísitölu.

Breytingin sem frv. felur í sér, er fyrst og fremst sú, að hér verða reiknaðir út og birtir ákveðnir verkþættir byggingargjalda og fyrir einstök byggingarstig. Enn fremur verður hún reiknuð út fjórum sinnum á ári í stað þrisvar.

Breytingin, sem nefndin leggur til, er sú, að því sé slegið föstu að fram fari athugun, eigi sjaldnar en á fimm ára fresti, hvort ástæða sé til að endurskoða grundvöll vísitölunnar.

Alþingi, 9. des. 1975.

Ellert B. Schram, form., frsm.	Gunnlaugur Finnsson, fundaskr.	Ingólfur Jónsson.
Svava Jakobsdóttir.	Páll Pétursson.	Sighvatur Björgvinsson.
	Friðjón Þórðarson.	

Nd. 134. Breytingartillaga [48. mál]

við frv. til laga um vísitölu byggingarkostnaðar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 7. gr. Í stað orðanna „á nokkurra ára fresti“ komi: eigi sjaldnar en á 5 ára fresti.

Ed. 135. Frumvarp til laga [110. mál]

um aukatekjur ríkissjóðs.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

I. KAFLI
Dómsmálagjöld í einkamálum.

1. gr.

Eftirtalin dómsmálagjöld skulu greidd samkvæmt reglugerð er dómsmálaráðherra setur:

1. Gjald fyrir áritun eða útgáfu stefnu.
2. Gjald fyrir þingfestingu.
3. Gjald fyrir vitnaleiðslu.
4. Gjald fyrir úrskurð undir rekstri máls.
5. Gjald fyrir dómkvaðningu.
6. Gjald fyrir staðfestingu dómsgerða.
7. Kærugjald (fyrir kæru til Hæstaréttar).
8. Gjald fyrir sjóferðapróf.
9. Útivistargjald (fyrir Hæstarétti).

Í barnsfaðernismálum, málum um innheimtu vinnulauna og kjörskrármálum skal engin réttargjöld greiða. Í gjafsóknarmálum skal gjafsóknarhafi engin réttargjöld greiða.

II. KAFLI
Gjöld fyrir fógetagerðir.

2. gr.

Fyrir fjárnáms-, lögtaks-, löggeymslu- og kyrrsetningargerð, svo og lögbann, sem fram fer á fjármunum — en til fjármuna telst eigi aðeins lausafé og fasteignir heldur og skuldakröfur á hendur öðrum mönnum og önnur þau fjárréttindi sem greinir í 3. kafla laga frá 4. nóv. 1887, um aðför — skal greiða:

Þegar fjárhæðin er 50 000 kr. eða minni 1 000 kr. og síðan 100 kr. í viðbót fyrir hver tíu þúsund eða brot úr þeirri fjárhæð sem fram yfir er.

3. gr.

Fyrir aðrar fógetagerðir skal greiða gjald er dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð. Fyrir lausnargerðir skal þó greiða gjald eftir 2. gr. þegar fé er með henni laust látið.

4. gr.

Nú er aðfarar beiðst hjá einum og sama manni eftir fleiri dómum en einum, sáttum eða þinglýstum veðbréfum og skal þá gjaldið greitt fyrir hverja þeirra um sig.

Þegar fjárnáms er beiðst eftir sama dómi, sátt eða veðbréfi hjá fleirum en einum skal gerð fara fram hjá hverjum þeirra og greiða gjald fyrir hverja gerð. Þetta gildir þó eigi ef hlutaðeigendur eiga muni í sameiningu, er fjárnám er gert í. Eigi skal heimta hærra gjald þótt munir þeir, sem fjárnámi eru teknir, séu eigi allir á sama stað né í sama lögsagnarumdæmi.

5. gr.

Ef hægt er að ákveða gjaldið fyrirfram skal greiða fógeta það áður en hann byrjar gerðina, þá er hann krefst þess. Gjaldið er eigi afturkræft þótt gerðarbeiðnin sé kölluð aftur eða fógeti synji um framgang gerðarinnar, nema svo sé, að hærra gjald hafi verið greitt fyrirfram fyrir gerðina en greiða hefði átt er hún var leidd til lykta.

6. gr.

Í gjafsóknarmálum og fyrirskipuðum málum, svo og þegar sá beiðist fjárnáms er dæmdar hafa verið bætur í opinberu máli, og þegar tekinn er fjárnámi eða lögtaki framfærslueyrir, er manni ber að greiða með barni sínu skilgetnu eða óskilgetnu, með stjúpbarni, foreldri sínu eða maka, er hann hefur slitið samvistum við eða skilið að borði og sæng eða að fullu og öllu, skal því aðeins greiða réttargjald að það náist hjá þeim er fyrir fjárnámi eða lögtaki verður, enda sé kröfu gerðarbeiðanda áður fullnægt.

Fyrir að fullnægja dómum í sakamálum, eftir ráðstöfun hins opinbera, skal engin gjöld greiða.

III. KAFLI
Skiptagjöld.

7. gr.

Í öllum þeim búum, sem skiptaráðandi eða skiptaforstjóri án dómsvalds fer með, skal greiða skiptagjald 3% af öllum eignum búsins — þar með talin búshelft maka — án tillits til skulda er á því hvíla.

Ekkert gjald skal þó greiða í þeim búum þar sem eigurnar nema minna en 50 000 kr., að frádregnum útfararkostnaði í dánarbúum.

8. gr.

Nú tekur skiptaráðandi bú til skiptameðferðar, en framselur það á fyrsta skiptafundi erfingjum eða öðrum er hlut eiga að máli, og skal þá greiða helming gjalds þess er um ræðir í 7. gr.

9. gr.

Þá er skiptaráðendur eða skiptaforstjórar lúka skiptum í búum kemur gjaldið í gjalddaga við skiptalok og bera þeir, hver um sig, ábyrgð á greiðslu gjaldsins og á því að það sé rétt talið.

Þegar bú er framselt til erfingjaskipta skal gjaldið greitt um leið og búið er afhent erfingjum.

10. gr.

Fyrir að gefa út innköllun til skuldheimtumanna skal greiða gjald er dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð.

IV. KAFLI
Gjöld fyrir uppboðsgerðir.

11. gr.

Þegar seld eru við opinbert uppboð fasteignir, skip og flugvélar, svo og önnur fasteignaréttindi, samkvæmt II. kafla laga um nauðungaruppboð nr. 57 25. maí 1949, skal greiða uppboðslaun sem hér segir:

Af fyrstu 500 000 kr.	3%
Af fjárhæð yfir 500 000 kr. allt að 2 500 000 kr.	2%
Af fjárhæð hærri en 2 500 000 kr.	1%

12. gr.

Þegar seld eru við opinbert uppboð önnur verðmæti en í II. kafla uppboðslaganna greinir skal greiða 6%.

13. gr.

Gjöld fyrir að semja og gefa út auglýsingu um uppboð, gjöld fyrir árangurslaus uppboð og gjöld vegna uppboðsbeiðna, sem afturkallaðar eru, skulu ákveðin af dómsmálaráðherra með reglugerð. Á sama hátt skulu ákveðin gjöld fyrir útgáfu afsalsbréfs fyrir fasteign, er seld hefur verið á uppboði, svo og gjöld fyrir undirboðsþing. Fyrir uppboð á óskilafénaði í réttum skal ekkert gjald greiða.

V. KAFLI
Gjöld fyrir notarialgerðir.

14. gr.

Fyrir víxilafsögn, sem notarius framkvæmir, skal greiða 600 kr. sé fjárhæð 10 000 kr. eða lægri og síðan 50 kr. til viðbótar fyrir hver tíu þúsund eða brot af þeirri fjárhæð. Þó skal gjald fyrir víxilafsögn aldrei vera hærra en 1 500 kr.

15. gr.

Fyrir aðrar notarialgerðir skal greiða gjald er dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð.

VI. KAFLI
Gjöld fyrir þinglýsingar o. fl.

16. gr.

Fyrir að þinglýsa skjölum, sem eru eignarheimild fyrir eða leggja haft á fasteignir, skip eða lausafé, skal gjalda í hlutfalli við fjárhæð þá, er skjalið hljóðar um, eins og hér segir: Þegar fjárhæðin er 100 000 kr. eða minni 2 000 kr. og síðan 500 kr. fyrir hver hundrað þúsund eða brot úr þeirri fjárhæð sem umfram er. Af afsölum fyrir fasteignum skal gjaldið þó vera 150 kr. af hverjum hundrað þúsundum og broti af þeirri fjárhæð umfram fyrstu 100 000 kr. Sama gildir um skráningargjald fyrir kaupmála. Fyrir þinglýsingu skjala með veði í framleiðsluvörum sjávarútvegs, landbúnaðar eða iðnaðar skal þó eigi greiða nema 240 kr. fyrir hver hundrað þúsund eða brot af þeirri fjárhæð umfram fyrstu 100 000 kr.

Þegar fjárhæð sú, sem skjalið greinir um, er óákveðin og eigi er hægt að ákveða verðmætið skal gjalda 2 000 kr. Þegar veð er sett fyrir skuldum, er síðar verða stofnaðar, skal ákveðið gjald eftir hæstu fjárhæðinni, sem veðið á að gilda fyrir, og skal taka hana fram í skjalinu.

Nú er fjárhæðin ákveðin í öðru en peningum og skal þá meta verðmætið til peningaverðs.

Nú er árlegt afgjald áskilið um óákveðinn tíma og skal þá gjalda sem fyrir 25 sinnum hærri fjárhæð. Sé ártal tiltekið skal afgjaldið talið saman fyrir öll árin, en þó skal aldrei gjalda af meiru en af afgjaldinu 25-földu.

Nú er eign seld af hendi án þess að fyrir hana sé greitt andvirði eða henni makaskipt gegn annarri eign og verður þá að tiltaka verð hennar í skjalinu eða rita það á skjalið svo að ákveða megi eftir því þinglýsingargjaldið.

Nú hefur embættismaður ákveðið stimpilskylda fjárhæð kaupsamnings eða afsals og skal þá greiða þinglýsingargjald af þeirri upphæð.

17. gr.

Fyrir að þinglýsa skjölum, sem hljóða um efni sem eigi verður metið til ákveðins verðs, eða skjölum sem ekki eru afsöl eða haft á fasteignum eða lausafé, skal greiða

gjald er dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð. Á sama hátt skulu ákveðin gjöld fyrir áritun um heimildarbrest o. fl. skv. 9. gr. laga nr. 30 7. maí 1928.

18. gr.

Fyrir skjöl sem þinglýst er í fleiri en einu lögsagnarumdæmi skal greiða fullt gjald við fyrstu þinglýsingu en síðan hálft gjald.

19. gr.

Fyrir þinglýsingu á skjali þar sem ríkissjóði er sett veð fyrir innheimtu á tekjum hans skal ekkert greiða. Eigi greiðist heldur gjald fyrir þinglýsingu úrskurða um sviptingu sjálfræðis eða fjárræðis né fyrir aflýsingu slíkra úrskurða.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

20. gr.

Fjármálaráðherra skal með reglugerð ákveða gjöld fyrir hvers konar leyfisbréf, skírteini og skráningar.

Á sama hátt skal fjármálaráðherra ákveða eftirtalin gjöld:

1. Gjöld fyrir afgreiðslu vöru- og mannflutningaskipa, er koma frá útlöndum, svo og gjöld fyrir að afgreiða útlend fiskiskip.
2. Gjöld fyrir löggildingu manna til starfa sem veitt eru samkvæmt heimild í lögum eða reglugerðum.
3. Gjöld fyrir borgaralega hjónavígslu.
4. Gjöld fyrir löggildingu verslunarbóka.
5. Gjöld fyrir löggildingu leiðarbóka eða véladagbóka.
6. Gjöld fyrir útnefningu matsmanna.
7. Gjöld fyrir embættisvottorð.
8. Gjöld fyrir lögskráningu skipshafna.
9. Ritlaun fyrir endurrit eða ljósrit er gefin eru út úr embættisbókum og skjalasöfnum.

21. gr.

Innheimtu gjalda samkvæmt lögum þessum hafa á hendi sýslumenn og bæjarfógetar og hliðstæðir embættismenn, svo og fjármálaráðuneytið.

22. gr.

Þegar innheimtumaður afgreiðir skjal, sem gjald er fyrir að gefa út eða rita á, ber honum að rita hið greidda gjald á skjalið.

Gjald fyrir embættisgerð skal skrá í gerðabók er gerð lýkur.

Ef gjald fyrir eða samkvæmt embættisgerð er eigi skráð í aukatekjubók samtímis og gerðin fer fram skal innheimtumaður skrá í gerðarbókina hvenær gjaldið er innfært í aukatekjubók.

23. gr.

Það varðar sektum að gefa rangar skýrslur um þau atriði er máli skipta við ákvörðun gjalds samkvæmt lögum þessum enda liggi ekki þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

24. gr.

Fjármálaráðuneytið ákveður hvort ríkissjóður skuli greiða gjald samkvæmt lögum þessum af gerðum og skjölum er hann varða.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976. Jafnframt eru úr gildi numin þessi lagaákvæði:

Lög um aukatekjur ríkissjóðs nr. 104/1965 sbr. lög nr. 23/1971.
36. gr. laga nr. 42/1903.
60. gr. laga nr. 77/1921.
7. gr. laga nr. 12/1923.
Orðin „1 kr.“ í 2. málsgr. 83. gr. og 3. málsl. 3. málsgr. 83. gr. laga nr. 20/1923.
44. gr. laga nr. 46/1937.
2. málsl. 1. málsgr. 9. gr. laga nr. 47/1938.
2. málsgr. 4. gr. laga nr. 89/1953.
1. málsgr. 22. gr. laga nr. 53/1963.
31. gr. laga nr. 21/1966.
14. gr. laga nr. 41/1968.
3. málsl. 6. málsgr. 12. gr. laga nr. 82/1969.
1. málsgr. 26. gr. laga nr. 79/1971.
Svo eru og úr gildi numin önnur þau lagafyrirmæli er koma í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á þeim áratug sem liðinn er frá gildistöku núgildandi laga um aukatekjur ríkissjóðs hafa orðið mjög stórfelldar breytingar á verðlagi og kaupgjaldi hér á landi. Þessar breytingar hafa leitt til þess að verulegt misræmi hefur skapast í gjaldtöku hinna einstöku gjalda samkvæmt lögunum um aukatekjur ríkissjóðs. Þau gjöld, er miðast við fjárhæð tiltekinna skjala eða eru á annan hátt tengd fjárhæðum tiltekinna lögskipta, hafa hækkað í samræmi við almenna verðlagsþróun. Á hinn bóginn hafa gjöld, er bundin eru við tiltekna fjárhæð, í reynd lækkað stórkostlega og standa nú flest þeirra engan veginn undir þeim kostnaði sem leiðir af þeim dóms- eða stjórnsýsluathöfnum sem þau eru tengd. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir nær óbreyttum tekjum ríkissjóðs af þinglýsingum skjala og af skipta- og uppboðsgerðum en þessir tekjustofnar eru lang þýðingarmestir tekjustofna aukatekjulaganna. Hins vegar er frumvarpinu ætlað að skapa svigrúm til að tryggja að ríkissjóður fái jafnan eðlilega greiðslu fyrir þá vinnu og annan kostnað sem leggja verður í í tengslum við dómsmál, gerð og frágang skírteina og skjala og ýmiss konar eftirlitsstörf sem þeim eru tengd.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með grein þessari er lagt til að dómsmálagjöld í einkamálum, bæði fyrir héraðsdómi og Hæstarétti, verði framvegis ákveðin af dómsmálaráðherra með reglugerð. Núgildandi ákvæði um þetta efni eru í I. kafla laga nr. 104/1965 og eru dómsmálagjöldin mjög lág eða frá 30 kr. fyrir útgáfu eða áritun stefnu og upp í 600 kr. fyrir sjóferðapróf. Við setningu reglugerðar yrðu gjöld þessi væntanlega hækkuð eitthvað, a. m. k. að því marki að þau standi undir kostnaði við útgáfu á kvittunum og bókhaldi því er þeim fylgir.

Önnur málsgrein er efnislega samhljóða 2. mgr. 2. gr. laga nr. 104/1965.

Um 2. gr.

Grein þessi er samhljóða 3. gr. laga nr. 104/1965 að öðru leyti en því, að lágmarksfjárhæðin í 2. mgr. er hækkuð þannig að 1 000 kr. greiðast af fyrstu 50 000 kr. í stað 120 kr. af fyrstu 1 000 kr. áður. Þá er einnig lagt til að lágmarksfjárhæðin hækki um 100 kr. fyrir hver tíu þúsund, sem umfram eru, í stað 10 kr. hækkunar fyrir hvert þúsund áður.

Um 3. gr.

Samkvæmt lögum nr. 104/1965 er gjald fyrir allar þær gerðir, sem hér um ræðir, 300 kr. Lagt er til að dómsmálaráðherra verði framvegis heimilað að ákveða gjöld fyrir gerðir þessar með reglugerð. Síðari málsliður greinarinnar er samhljóða fyrri hluta 5. gr. laga nr. 104/1965.

Um 4., 5. og 6. gr.

Greinar þessar eru efnislega samhljóða 6.—8. gr. laga nr. 104/1965 og þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Greinin er samhljóða 9. gr. laga nr. 104/1965 að öðru leyti en því, að ekkert gjald skal greiða af búum þar sem eigurnar nema minna en 50 000 kr. í stað 1 000 kr. áður.

Um 8. og 9. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 10. og 11. gr. laga nr. 104/1965.

Um 10. gr.

Lagt er til að gjald fyrir að gefa út innköllun til skuldheimtumanns verði framvegis ákveðið af dómsmálaráðherra með reglugerð.

Um 11. gr.

Lagt er til að fjárhæðirnar í gjaldþrepunum verði fimmfaldaðar frá því sem er í 13. gr. laga nr. 104/1965. Að öðru leyti er greinin samhljóða 13. gr. laga nr. 104/1965.

Um 12. gr.

Greinin er samhljóða 14. gr. laga nr. 104/1965.

Um 13. gr.

Lagt er til að í stað lögákveðinna gjaldfjárhæða fyrir hér umræddar athafnir komi gjöld er dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð. Er breyting þessi í samræmi við þá meginstefnu frumvarps þessa að heimila ráðherra að ákveða fjárhæðir minni háttar gjalda með reglugerð. Lokamálsliður greinarinnar um gjaldfrelsi uppboða á óskilafénaði í réttum er í samræmi við 20. gr. laga nr. 104/1965.

Um 14. gr.

Grein þessi er að mestu efnislega samhljóða 21. gr. laga nr. 104/1965. Breytingar á hámarks- og lágmarksgjaldi er u. þ. b. í réttu hlutfalli við breytingar á gjaldstofnum.

Um 15. gr.

Lagt er til að gjöld fyrir ýmsar aðrar notarialgerðir, t. d. drátt í happdrætti, útdrátt skuldabréfa og stefnubirtingar, verði ákveðin með reglugerð.

Um 16. gr.

Grein þessi er að mestu samhljóða 23. gr. laga nr. 104/1965, sbr. 1. gr. laga nr. 23/1971, að öðru leyti en því, að fjárhæðir eru hækkaðar til samræmis við breytt verðlag. Samkvæmt núgildandi lögum ber að greiða 100 kr. vegna fjárhæðar allt að 5 000 kr. en síðan 5 kr. fyrir hvert þúsund til viðbótar. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að 2 000 kr. séu greiddar af fyrstu 100 000 kr. en síðan 500 kr. fyrir hver hundrað þúsund úr því. Þá er fjárhæð, sem gjalda skal af skjölum er eigi er hægt að ákveða verðmæti á, hækkuð úr 200 kr. í 2 000 kr.

Um 17. gr.

Í 24. og 25. gr. núgildandi laga um aukatekjur ríkissjóðs eru gjöld fyrir þinglýsingu á yfirlýsingum og áritun um heimildarbrest lögákveðin og eru 50 kr. Lagt er til að gjöld þessi verði framvegis ákveðin af dómsmálaráðherra með reglugerð.

Um 18. gr.

Grein þessi er samhljóða 27. gr. laga nr. 104/1965, sbr. 2. gr. laga nr. 23/1971.

Um 19. gr.

Grein þessi er samhljóða 28. gr. laga nr. 104/1965.

Um 20. gr.

Lagt er til að ráðherra ákveði með reglugerð gjöld þau sem nú eru ákveðin í VII.—IX. kafla laga nr. 104/1965. Þessi gjöld eru nú lægst 4 kr. fyrir lögskráningu hvers manns í skipshöfn og hæst 20 000 kr. fyrir leyfisbréf til heildsölu. Langflest gjaldanna eru nú 800 kr. eða lægri. 7. tl. 2. mgr. nær m. a. til gjalds fyrir útgáfu veðbókarvottorða, sakavottorða og vöruvottorða.

Um 21., 22., 23. og 24. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 38.—41. gr. laga nr. 104/1965 með þeirri undantekningu að felld er niður lágmarksfjárhæð sektar í 23. gr. og tekið fram að þetta tæmi ekki sök gagnvart öðrum ákvæðum er mæla fyrir um refsingu fyrir ranga upplýsingagjöf.

Um 25. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 136. Fyrirspurn [111. mál]

til iðnaðarráðherra um sjóefnaverksmiðju á Reykjanesi.

Frá Jóni Skaftasyni.

Hvað líður rannsóknum um byggingu og rekstur sjóefnaverksmiðju á Reykjanesi, og hvenær má vænta ákvörðunar um hvort og með hvaða hætti verksmiðjan verður byggð?

Nd. 137. Frumvarp til laga [112. mál]

um Lánasjóð dagvistunarheimila.

Flm.: Svava Jakobsdóttir, Lúðvík Jósepsson, Vilborg Harðardóttir.

1. gr.

Stofna skal sjóð er nefnist Lánasjóður dagvistunarheimila.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að því með lánveitingum að byggð verði dagvistunarheimili fyrir börn.

Dagvistunarheimili samkvæmt lögum þessum eru: 1. Dagheimili fyrir börn frá þriggja mánaða til skólaskyldualdurs, þar sem börn geta dvalist a.m.k. 5 st. á dag. 2. Skóladagheimili fyrir börn á skólaskyldualdri. 3. Leikskólar fyrir börn frá tveggja ára til skólaskyldualdurs, þar sem börn geta dvalist a.m.k. 3 st. á dag.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru: 1. 0.25% almennur launaskattur af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum er launagreiðendur greiða skv. reglum laga nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt. 2. Vaxtatekjur. 3. Önnur framlög og tekjur, sem til kunna að falla.

4. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn sjóðsins. Sjóðurinn skal vera í vörslu veðdeildar Landsbanka Íslands sem annast afgreiðslu lána og innheimtu afborgana og vaxta.

5. gr.

Lán úr sjóðnum má veita sveitarfélögum er hlotið hafa styrk úr ríkissjóði eða fengið hafa samþykki fyrir slíkum styrk til að reisa dagvistunarheimili samkvæmt l. nr. 29 21. apríl 1973, um dagvistunarheimili, og uppfylla öll skilyrði þeirra laga um undirbúning og framkvæmd slíkra mála.

6. gr.

Lán, sem veitt eru úr sjóðnum, mega nema allt að 30% áætlaðs stofnkostnaðar fullbúins húsnæðis fyrir dagvistunarheimili og skulu þau tryggð með veði í því.

Heimilt er að veita lánin á eftir eða samhliða veðlánum annars staðar frá, er nemi allt að 50% af kostnaðarverði húsnæðis.

7. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um lánstíma og lánskjör.

8. gr.

1. gr. laga nr. 95 23. desember 1974, um breyting á lögum nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt, orðist svo:

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt að fjárhæð 3.75% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum öðrum en tekjum sjómanna á íslenskum fiskiskipum, þar með töldum tekjum hlutarráðinna landmanna, sem aflað er í tengslum við úthald skipanna til fiskveiða, og tekjum af landbúnaði, svo sem ákveðið er í lögum þessum.

Skattur þessi skiptist þannig, að 2% renna í Byggingarsjóð ríkisins sem stofnframlag, 1.50% renna í ríkissjóð og 0.25% renna til Lánasjóðs dagvistunarheimila.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 29 21. apríl 1973, um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila, var stigið stórt spor í framfaraátt í dagvistunarmálum.

Þróun þessara mála síðan 1973 sýnir að fjárframlög ríkisins hafa verið sveitarfélögum mikil hvatning til að koma dagvistunarmálum í betra horf en áður var,

enda þörfin mikil. Þótt stutt sé síðan lögin komu til framkvæmda má þegar greina, hver lyftistöng lögin hafa verið sveitarfélögum. Þetta sést á eftirfarandi samanburði:

Árið 1973 voru dagheimili í 10 sveitarfélögum og leikskólar í 25 sveitarfélögum, en í 7 þeirra starfaði leikskóli aðeins hluta af árinu. Það ár greiddi ríkið 10 millj. í stofnkostnað.

Árið 1974 var greitt upp í stofnkostnað 19 heimila í 11 sveitarfélögum. Fjárframlag ríkisins til stofnkostnaðar það ár var 40 millj.

Árið 1975 eru á fjárlögum 60.1 millj., sem renna eiga til 39 heimila í 18 sveitarfélögum.

Vegna fjárlaga 1976 liggja nú fyrir umsóknir vegna byggingar 10 nýrra heimila. Verði þeim umsóknum sinnt, eru heimilin orðin 49 í 25 sveitarfélögum. Á fjárlögum 1976 er áætlað að verja 68.4 millj. til stofnkostnaðar dagvistunarheimila, en tillaga menntamálaráðuneytisins hjóðar hins vegar upp á 164.468 millj. kr.

Það er því ljóst að þörfin á uppbyggingu dagvistunarheimila í landinu er mjög brýn og frekari fjármögnunar þörf. Því er þetta frumvarp flutt.

Hér er lagt til að stofnaður verði sjóður í því skyni að stuðla að því með lánveitingum að byggð verði dagvistunarheimili fyrir börn. Er gert ráð fyrir að sjóðurinn verði fjármagnaður með 0.25% almennum launaskatti af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum er launagreiðendur greiða skv. reglum laga nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt, og megi veita sveitarfélögum lán til byggingar dagvistunarheimila sem nemi allt að 30% áætlaðs stofnkostnaðar. Sú hlutfallsaukning á launaskatti sem flm. leggja til í þessu skyni, mun skila tæpum 220 millj. kr. á næsta ári.

Breytt viðhorf og breyttir þjóðfélagshættir valda því að æ fleiri konur stunda störf utan heimilis. Því verður ekki neitað að vinnuframlag þeirra er atvinnulífi þjóðarinnar nauðsyn. Fjárframlag launaskattsgreiðenda til uppbyggingar dagvistunarheimila er því að dómi flm. í fyllsta máta eðlilegt. Það er sjálfsögð og sanngjörn krafa að börnum séu tryggð góð uppeldisskilyrði á dagvistunarheimilum meðan foreldrar þeirra stunda vinnu sína.

Nd. 138. Frumvarp til laga [113. mál]

um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

1. gr.

Með lögum þessum staðfestist samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Limited. dags. 10. desember 1975, um viðauka við aðalsamning milli sömu aðila, dags. 28. mars 1966 (áður breyttan með viðauka dags. 28. október 1969), um byggingu og rekstur álbræðslu við Straumsvík, í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með lögum þessum, á íslensku og ensku.

2. gr.

Ákvæði viðaukasamnings þess, sem um ræðir í 1. gr., skulu hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

ANNAR VIÐAUKI
VIÐ AÐALSAMNING MILLI RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS OG SWISS ALUMINIUM LIMITED

SAMNINGUR gerður hinn 10. dag desembermánaðar 1975

MILLI

RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS (hér á eftir nefnd „ríkisstjórnin“)

ANNARS VEGAR

OG

SWISS ALUMINIUM LIMITED (hér á eftir nefnt „Alusuisse“), sem er hlutafélag stofnað að svissneskum lögum

HINS VEGAR

RÍKISSTJÓRNIN OG ALUSUISSE hafa gert með sér aðalsamning dags. 28. mars 1966, er staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 76 13. maí 1966 og gekk í gildi hinn 20. september 1966 (hér á eftir nefndur „aðalsamningurinn“). Samningur þessi fjallar, meðal annars, um byggingu og rekstur álbræðslu með tilheyrandi búnaði (hér á eftir nefnd „bræðslan“) við Straumsvík á Suðvesturlandi, eign Íslenska Álfélagsins hf. (hér á eftir nefnt „ISAL“). Bræðslan notar rafmagn frá orkuverum Landsvirkjunar (hér á eftir nefnd „Landsvirkjun“) og hefur aðgang að hafnarmannvirkjum í Straumsvík í eigu Hafnarfjarðarkaupstaðar (sem hér á eftir er nefndur „kaupstaðurinn“).

RÍKISSTJÓRNIN OG ALUSUISSE hafa ennfremur samþykkt sín á milli fyrsta viðauka við aðalsamninginn, dags. 28. október 1969, er staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 19 6. apríl 1970 og gekk í gildi hinn 16. apríl 1970 (hér eftir nefndur „fyrsti viðauki við aðalsamninginn“), og fjallar hann, meðal annars, um að sameina og flýta fyrstu og annarri stækkun bræðslunnar, eins og þær voru upphaflega skilgreindar í aðalsamningnum (með 60 megawatta málraun samanlagt), og að bæta við nýrri stækkun (með 20 megawatta málraun), þannig að samanlögð málraun bræðslunnar í heild ykist úr 120 í 140 megawött.

ISAL hefur lokið við að byggja fyrstu stækkun bræðslunnar (sem aðallega fólst í lengingu á fyrsta kerskála) og aðra stækkun bræðslunnar (sem aðallega fólst í byggingu á öðrum kerskála), og annar og þriðji afhendingardagur rafmagns (AR I og AR II) urðu eins og um var samið hinn 1. júní 1970 og 1. september 1972, í samræmi við 9. gr. aðalsamningsins.

LANDSVIRKJUN hefur lokið við byggingu Búrfellsvirkjunar í Þjórsá og síðan komið upp meiriháttar miðlunarvirkjum við Þórisvatn, og er hún nú að byggja nýja vatnsaflsvirkjun í Tungnaá við Sigöldu.

Frá fyrsta afhendingardegi rafmagns (AR I) voru 6 ár liðin hinn 1. október 1975, en þá áttu að gerast tilteknar breytingar á framleiðslugjaldi því, er ISAL greiðir, og verði fyrir samningsbundið rafmagn til bræðslunnar, eins og nánar var mælt um í aðalsamningnum og í rafmagnssamningi milli Landsvirkjunar og ISAL, dags. 28. júní 1966 og breyttum 28. október 1969 (hér á eftir nefndur „rafmagnssamningurinn“).

RÍKISSTJÓRNIN OG ALUSUISSE óska að gera verulegar breytingar á framleiðslugjaldi ISALs og greiðsluháttum þeim, er um það gilda, í ljósi þeirrar þróunar, sem orðið hefur í áliðnaði og á efnahagsástandi í heiminum síðan aðalsamningurinn var gerður, og til að halda því markmiði að tryggja reglulegar skattgreiðslur úr hendi ISALs, en sneiða hjá sveiflum á þeim, er bersýnilega séu úr samhengi við raunverulega efnahagsstöðu fyrirtækisins.

LANDSVIRKJUN OG ISAL óska að gera verulegar breytingar á verði fyrir samningsbundið rafmagn til bræðslunnar, með samþykki ríkisstjórnarinnar og Alusuisse, í ljósi þeirrar þróunar, sem orðið hefur í orkumálum og á efnahagsástandi í heiminum síðan rafmagnssamningurinn var gerður, og til þess að veita kost á aðlögun að síðari þróun með hæfilegri stigbreytingu á verðinu.

ALUSUISSE er reiðubúið til að láta ISAL stækka bræðsluna fram yfir þá 140 megawatta heildarmálraun, sem nú er kveðið á um í aðalsamningnum, með því að bæta við hana mannvirkjum með 20 megawatta málraun.

LANDSVIRKJUN er reiðubúin til að gera tiltækt það rafmagn, sem til þarf vegna þessarar stækkunar á bræðslunni, með skilmálum þeim, er gilda um samningsbundið rafmagn, en þó þannig, að hluti af því rafmagni verði látinn í té í formi afgangsorku.

RÍKISSTJÓRNIN er reiðubúin til að láta kjör þau og skilmála, sem nú gilda samkvæmt aðalsamningnum og fylgisamningunum, gilda einnig um ofangreinda viðbótarstækkun bræðslunnar.

RÍKISSTJÓRNIN OG ALUSUISSE óska að breyta aðalsamningnum svo sem kveðið er á hér á eftir, til framkvæmdar ofanrituðu og til að koma þar við nokkrum öðrum breytingum.

MEÐ SKÍRSKOTUN TIL ÞESSA ER HÉR MEÐ GERÐUR EFTIRFARANDI SAMNINGUR:

1. gr.

Heiti samnings þessa og skýringar á orðum, sem notuð eru í honum.

1.01. Samning þennan ber að nefna annan viðauka við aðalsamninginn.

1.02. Eftirtalin orð, sem notuð eru í samningi þessum og fylgiviðaukunum, skulu þar hafa sömu merkingu og þeim er gefin í eftirtöldum málsgreinum 1. gr. aðalsamningsins (eins og honum hefur verið breytt með fyrsta viðauka við aðalsamninginn og samningi þessum), nema annars gerist þörf vegna samhengis:

„Ríkisstjórnin“	málsgr.	1.01 (a)
„Alusuisse“	—	1.01 (b)
„Landsvirkjun“	—	1.01 (c)
„Kaupstaðurinn“	—	1.01 (d)
„ISAL“	—	1.01 (e)
„Fylgiskjöl“	—	1.02
„Fylgisamningar“	—	1.02
„Ál“	—	1.03 (a)
„Bræðsla“	—	1.03 (b)
„Fyrsti áfangi bræðslunnar“	—	1.03 (e)
„Annar áfangi bræðslunnar“	—	1.03 (f)
„Þriðji áfangi bræðslunnar“	—	1.03 (g)
„Fjórði áfangi bræðslunnar“	—	1.04 (a)

„Fyrsta stækkun bræðslunnar“	—	1.03 (h)
„Önnur stækkun bræðslunnar“	—	1.03 (i)
„Þriðja stækkun bræðslunnar“	—	1.04 (b)
„Búrfellsvirkjun“	—	1.03 (j)
„Sigölduvirkjun“	—	1.04 (d)
„Þórisvatnsmiðlun“	—	1.04 (e)
„AR I“	—	1.03 (o)
„AR II“	—	1.03 (p)
„AR III“	—	1.03 (q)
„AR IV“	—	1.04 (c)
„Samningsbundið rafmagn“	—	1.03 (r)
„Lágmarksrafmagn“	—	1.03 (t)
„Valdagur“	—	1.03 (v)

1.03. „Fylgiviðaukarnir“ merkja skjöl þau, er hér eru viðfest sem fylgiskjöl A til C, þ.e.:

(a) Annar viðauki við rafmagnssamninginn (fylgiskjal A) milli Landsvirkjunar og ISALs;

(b) Annar viðauki við hafnar- og lóðarsamninginn (fylgiskjal B) milli kaupstaðarins og ISALs;

(c) Aðrir viðaukar við aðstoðarsamningana (fylgiskjöl C1, C2 og C3) milli ISALs og Alusuisse.

1.04. Eftirtalin orð, sem notuð eru í samningi þessum og fylgiviðaukunum, hafa þar eftirtalda merkingu, nema annars gerist þörf vegna samhengis:

(a) „Gildistökudagur“ samnings þessa merkir dag þann, sem ákvæðinn er samkvæmt málsgrein 8.02 í samningi þessum;

(b) „Staðfestingarlög“ merkja lög þau frá Alþingi, sem veita samningi þessum lagagildi á Íslandi samkvæmt ákvæðum málsgreinar 8.02 í samningi þessum.

2. gr.
Breytingar á skýrgreiningum, sem notaðar eru í aðalsamningnum og fylgiskjölunum.

2.01. Upphafsákvæði málsgreinar 1.03 í aðalsamningnum breytist þannig, að orðin „eftirtaldar merkingar“ í niðurlagi þess falli brott, en í þeirra stað komi orðin „þá merkingu, sem segir í þessari málsgrein og málsgr. 1.04“.

2.02. Upphafsákvæði stafliðs b) í málsgrein 1.03 í aðalsamningnum breytist þannig, að orðin „140 megawatta málraun fyrir þriðja áfanga“ í þriðju línu hans falli brott en orðin „160 megawatta málraun fyrir fjórða áfanga“ komi í þeirra stað.

2.03. Stafliðirnir h) og i) í málsgrein 1.03 í aðalsamningnum orðist þannig:

(a) „h) „Fyrsta stækkun bræðslunnar“ merkir þann hluta bræðslunnar, sem hefur 20 megawatta málraun fram yfir málraun fyrsta áfanga bræðslunnar.“

(b) „i) „Önnur stækkun bræðslunnar“ merkir þann hluta bræðslunnar, sem hefur 60 megawatta málraun fram yfir málraun annars áfanga bræðslunnar“. Jafnframt breytist „fyrri“ í „fyrstu“ og „síðari“ í „aðra“ hvarvetna þar, sem vísað er til fyrri heita úr þessum stafliðum í aðalsamningnum og fylgisamningunum.

2.04. Við 1. grein aðalsamningsins bætist ný málsgrein, 1.04, er hljóði svo:

„1.04. Gerist annars ekki þörf vegna samhengis, skulu eftirtalin orðatiltæki, sem notuð eru í samningi þessum og fylgiskjölum, hafa þá merkingu, sem hér segir:

(a) „Fjórði áfangi bræðslunnar“ merkir bræðsluna eins og hún er að gerð og búnaði með 160 megawatta málraun.

(b) „Þriðja stækkun bræðslunnar“ merkir þann hluta bræðslunnar, sem hefur 20 megawatta málraun umfram málraun þriðja áfanga bræðslunnar.

(c) „Fjórði afhendingardagur rafmagns“ („AR IV“) merkir dag þann, sem skilgreindur er og ákveðinn samkvæmt ákvæðum 9. gr. samnings þessa.

(d) „Sigölduvirkjun“ merkir vatnsaflsvirkjun þá, eins og hún er að gerð og búnaði á hverjum tíma, þar með talin farvegsbreytingar — og inntaksmannvirki, rennslisskurðir, þrýstivatnspípur, stöðvarhús, spennistöð og tengivirki, sem staðsett er að Sigöldu við Tungnaá á Suðurlandi og hefur í upphafi 50 megawatta málraun, en að lokum 150 megawatta málraun, og er í upphafi tengd með einni 220 kílóvolta háspennilínu við spennistöð hjá Búrfellsstöð.

(e) „Þórisvatnsmiðlun“ merkir vatnsmiðlunarmannvirki þau, sem Landsvirkjun hefur byggt við Þórisós og Vatnsfell við Þórisvatn, eins og þau eru að gerð og búnaði á hverjum tíma, og veita geymslurými sem svarar um 1000 gigalítrum, til notkunar fyrir Sigölduvirkjun og Búrfellsvirkjun.“

3. gr.
Breytingar á ákvæðum aðalsamningsins varðandi byggingu mannvirkja og skyld efni.

3.01. Fyrirsögn III. kafla A í aðalsamningnum verði á þessa leið: „A. Orkumannvirki“.

3.02. Fyrirsögn 4. greinar aðalsamningsins verði á þessa leið: „4. gr. Bygging orkumannvirkja“.

3.03. Núverandi texti 4. greinar aðalsamningsins verði málsgrein 4.01, og við greinina bætist ný málsgrein, 4.02, er hljóði svo:

„4.02. Auk þess að ljúka byggingu Búrfellsvirkjunar hefur Landsvirkjun komið upp Þórisvatnsmiðlun og mun framkvæma frekari stækkun á hinu samtengda orkukerfi sínu með því að byggja og setja upp Sigölduvirkjun.“

3.04. 5. grein aðalsamningsins, breytist þannig, að orðin „og AR III“ í annarri línu falli brott, en orðin „AR III og AR IV“ komi í þeirra stað.

3.05. 6. grein aðalsamnings breytist þannig, í fyrsta lagi, að orðin „og síðari stækkun bræðslunnar“ í annarri línu falli brott, en orðin „önnur stækkun bræðslunnar og þriðja stækkun bræðslunnar“ komi í þeirra stað, og í öðru lagi þannig, að orðin „og AR III“ í þriðju línu falli niður, en orðin „AR III og AR IV“ komi í þeirra stað. Texti 6. greinar svo breyttur verður málsgrein 6.01, og við greinina bætist ný málsgrein, 6.02, er hljóði svo:

„6.02. Alusuisse tekst á hendur að sjá um, að ISAL byggi og útbúi þriðju stækkun bræðslunnar, þannig að hún verði fullgerð og fullbúin til starfrækslu eigi fyrr en 1. apríl 1978 og eigi síðar en 31. desember 1979, að því tilskildu samkvæmt áliti Alusuisse, að þessi þriðja stækkun bræðslunnar feli í sér efnahagslega verjandi viðbót við þá verksmiðju, sem fyrir er, þannig að ISAL fái eðlilegan afrakstur af fjárfestingunni. ISAL ber að tilkynna Landsvirkjun með eigi minna en árs fyrirvara, hvenær áætlað sé að byrja starfrækslu á þriðju stækkun bræðslunnar.“

3.06. 7. grein aðalsamningsins breytist þannig, að orðin „og AR III“ í annarri og þriðju línu hennar falli brott, en orðin „AR III og AR IV“ komi í þeirra stað.

3.07. Fyrirsögn 9. greinar aðalsamningsins breytist þannig, að „AR IV“ bætist þar við.

3.08. Málsgrein 9.01 í aðalsamningnum breytist þannig, í fyrsta lagi, að orðin „og þriðji afhendingardagur rafmagns“ í fyrstu línu falli brott, en orðin „þriðji og fjórði afhendingardagur rafmagns“ komi í þeirra stað, í öðru lagi, að orðin „og AR III“ í annarri línu falli brott, en orðin „AR III og AR IV“ komi í þeirra stað, í þriðja lagi, að orðin „og þriðja áfanga“ í fjórðu línu falli brott, en orðin „þriðja og fjórða áfanga“ komi í þeirra stað, í fjórða lagi þannig, að orðin „og AR III“ í níundu línu falli brott, en orðin „AR III og AR IV“ komi í þeirra stað, og loks þannig, að orðin „eða 9.07“ í niðurlagi hennar falli brott, en orðin „9.07 eða 9.10“ komi í þeirra stað.

3.09. Við 9. grein aðalsamningsins bætist ný málsgrein, 9.09, er hljóði svo:

„9.09. AR IV skal vera sá dagur, sem ákveðinn er með samkomulagi milli Landsvirkjunar og ISAL, og skal hann eigi vera fyrr en 1. apríl 1978 og eigi síðar en 31. desember 1979 (með fyrirvara um frestun samkvæmt ákvæðum málsgr. 9.10). Ef ekki er ljóst fyrir 31. desember 1978, að þriðja stækkun bræðslunnar sé efnahagslega verjandi eins og vísað er til í málsgr. 6.02, munu Landsvirkjun og ISAL reyna að koma sér saman um annan tíma til ákvörðunar um AR IV.“

3.10. Við 9. grein aðalsamningsins bætist ný málsgrein, 9.10, er hljóði svo.

„9.10. Fari svo einhverntíma innan tólf mánaða fyrir þá dagsetningu AR IV, sem ákveðin er með samkomulagi milli Landsvirkjunar og ISALs, að framkvæmdir við Sigölduvirkjun eða við þriðju stækkun bræðslunnar verði fyrir töfum af völdum óviðráðanlegra afla (force majeure), og Landsvirkjun eða ISAL, eftir því sem við á, geti ekki samkvæmt bestu fyrirhyggju komið í veg fyrir slíkar tafir með öllum ráðum, sem eðlileg mega teljast, þá skal ríkisstjórninni eða Alusuisse, hvort sem í hlut á, vera heimilt að lýsa yfir frestun á AR IV í samræmi við ákvæði málsgr. 9.08, til þess dags, sem tilgreindur er í slíkri yfirlýsingu, en þó þannig, að frestunin fari eigi fram úr þeim tímatöfum, sem hin óviðráðanlegu öfl (force majeure) hafa valdið.“

4. gr.
Breyting á ákvæðum aðalsamningsins um rekstur bræðslunnar.

4.01. Málsgrein 10.01 í aðalsamningnum breytist þannig, að orðin „og þriðja áfanga“ í þriðju línu falli niður, en orðin „þriðja og fjórða áfanga“ komi í þeirra stað. Jafnframt bætist við talan „77 000“ fyrir aftan töluna „70 000“ í fjórðu línu.

4.02. Málsgrein 10.03 í aðalsamningnum orðist þannig:

„10.03. Ef Landsvirkjun hefur ekki á einhverju ári tiltækt samningsbundið rafmagn í því orkumagni, sem tiltekið er í málsgr. 7.01 í rafmagnssamningnum fyrir fyrsta, annan og þriðja áfanga bræðslunnar, eða sem nemur 1360 GWst fyrir fjórða áfanga bræðslunnar, skal lágmarksframleiðsla minnka í hlutfalli við það á því ári.“

5. gr.
Breytingar á ákvæðum aðalsamningsins um framleiðslugjald.

5.01. 25. grein aðalsamningsins orðist þannig:

„25. gr.
Framleiðslugjald.

„25.01. Með þeim undantekningum, er greinir í 31. gr., og í stað allra skatta nú eða síðar, venjulegra eða sérstakra, sem greiða ber skilyrðislaust

eða í sérstökum tilgangi, samkvæmt íslenskum lögum, skal leggja á ISAL og ISAL skylt að greiða eitt framleiðslugjald, er lagt sé á og greitt af hverri smálest áls, sem afskipað er frá bræðslunni (eða telst sem umframbirgðir samkvæmt 28. gr.) og eins og það reiknast samkvæmt 26. gr. og 27. gr. („framleiðslugjald").“

„25.02. Frá upphafi rekstrar fram til sjötta árdags AR I (þ. e. 1. október 1975) hefur framleiðslugjald á smálest verið og verður tólf og hálfur Bandaríkjadollar (US $ 12.50), að tilskildum ákvæðum aðalsamningsins eins og hann var að upphaflegri gerð og honum síðar breytt með fyrsta viðauka við aðalsamninginn (þar á meðal ákvæðum málsgr. 25.03, 26. gr. og 27. gr.). Framleiðslugjald vegna þessa tímabils og álagning þess og greiðsla ræðst að öllu leyti af þessum ákvæðum og sætir ekki breytingum vegna annars viðauka eða síðari viðauka við aðalsamninginn.“

„25.03. Frá sjötta árdegi AR I (þ.e. 1. október 1975) verður framleiðslugjald á smálest tuttugu Bandaríkjadollarar (US $ 20.00) („grunntaxti"), að tilskildum ákvæðum 26. gr. og 27. gr. Þessi grunntaxti gildir, háður þessum ákvæðum, þar til að því kemur, að framleiðslugjaldið verði endurskoðað miðað við valdag samkvæmt 30. gr., eða, ef framleiðslugjaldið er ekki endurskoðað þannig, þar til samningur þessi gengur úr gildi.“

„25.04. Ef framleiðslugjaldið er endurskoðað miðað við valdag samkvæmt 30. gr., skal framleiðslugjaldið gilda eins og það verður þannig endurskoðað frá endurskoðunardegi og þar til kemur að síðari valdegi, eða þar til samningur þessi gengur úr gildi, eftir því sem við á.“

„25.05. Fari svo á einhverju almanaksári eftir AR I, AR II, AR III eða AR IV, að Landsvirkjun geti af einhverjum ástæðum, þar með talin óviðráðanleg öfl (force majeure) (að undanteknum takmörkunum skv. málsgr. 12.05 eða 12.06 í rafmagnssamningnum og takmörkunum á afgangsorku samkvæmt orkuáætlun fjórða áfanga), eigi séð bræðslunni fyrir samningsbundnu rafmagni í því orkumagni, sem svarar lágmarksmagni, skal hverjum þeirra daga, sem tilgreindir eru í málsgr. 25.03 og málsgr. 25.04 sem valdagur, og verður eftir að slíkur misbrestur á sér stað, frestað um þann hluta úr almanaksári, er svarar þeim hundraðshluta, sem hið afhenta orkumagn á árinu er minna en lágmarksmagn (í beinu hlutfalli við hvern hluta úr almanaksári).“

5.02. 26. grein aðalsamningsins orðist þannig:

„26. gr.
Leiðréttingar á grunntaxta.

„26.01. Upphæð framleiðslugjaldsins í Bandaríkjadollurum á smálest af áli skal leiðrétt til hækkunar frá grunntaxta hvenær sem heimsmarkaðsverð áls er hærra en fjörutíu Bandaríkjacent (US $ 0.40) á enskt pund, með tilliti til sérhverrar breytingar (í centum eða broti úr centi) á heimsmarkaðsverðinu yfir því viðmiðunarverði. Leiðréttingu þessa skal gera með því að hækka grunntaxtann sem svarar tilteknum hundraðshluta af hlutfallinu milli hækkunar heimsmarkaðsverðsins á hverju því bili, sem að neðan greinir, og viðmiðunarverðsins, sem hér segir:

(a) Að því leyti sem heimsmarkaðsverðið er yfir 40 centum en ekki hærra en 50 cent, skal leiðrétta grunntaxtann sem svarar 90% af hlutfalli hækkunarfjárhæðarinnar á þessu bili.

(b) Að því leyti sem heimsmarkaðsverðið er yfir 50 centum en ekki hærra en 60 cent, skal leiðrétta grunntaxtann sem svarar 80% af hlutfalli hækkunarfjárhæðarinnar á þessu bili.

(c) Að því leyti sem heimsmarkaðsverðið er yfir 60 centum en ekki hærra en 70 cent, skal leiðrétta grunntaxtann sem svarar 70% af hlutfalli hækkunarfjárhæðarinnar á þessu bili.
(d) Að því leyti sem heimsmarkaðsverðið er yfir 70 centum, skal leiðrétta grunntaxtann sem svarar 60% af hlutfalli hækkunarfjárhæðarinnar á bilinu yfir 70 centum.

Sérhver taxti fyrir framleiðslugjaldið, sem þannig er fundinn („leiðréttur taxti") skal gilda fyrir allt ál, sem skipað er út frá bræðslunni (eða fært til umframbirgða) meðan sá leiðrétti taxti er við lýði."

„26.02. Að því er varðar leiðréttingar á framleiðslugjaldinu samkvæmt málsgr. 26.01 reiknast heimsmarkaðsverð áls sem verð á hráálshleifum að lágmarkshreinleika 99.50% eins og það er auglýst tvisvar í viku í „Metal Bulletin", London, á grundvelli tilkynninga á hverjum tíma frá Aluminium Limited, Montreal, Kanada, sem útflutningsverð fyrir Evrópumarkað uppgefið í Bandaríkjacentum á enskt pund, eða eins og auglýst er í hverju því riti, sem hverju sinni kynni að koma í stað „Metal Bulletin", London, í alþjóðaáliðnaðinum. Ef svo fer að dómi annarshvors samningsaðila, að verð það, sem þannig er auglýst, gefi ekki lengur til kynna raunhæfa stöðu á markaðnum, skulu aðilarnir taka upp samningsumleitanir í því skyni að reyna að ná samkomulagi um sanngjarnari mælikvarða til ákvörðunar um hið rétta markaðsverð, en í því tilviki skal verð það, sem fundið er eftir þeim mælikvarða, gilda sem heimsmarkaðsverð í merkingu þessarar málsgreinar meðan umrætt ástand varir."

5.03. 27. grein aðalsamningsins orðist þannig:

„27. gr.
Lágmarks- og hámarksákvæði.

„27.01. Framleiðslugjald það, sem gjaldskylt verður í heild af hálfu ISALs fyrir hvert einstakt almanaksár, skal aldrei verða lægra en eftirfarandi, hvort sem hærra er:
(a) Sú fjárhæð í Bandaríkjadollurum, sem jafngildir framleiðslugjaldi á þær smálestir áls, sem skipað hefur verið út frá bræðslunni (eða færðar til umframbirgða) á því ári, þegar það er reiknað á grunntaxta.
(b) Sú fjárhæð í Bandaríkjadollurum, sem jafngildir 35% af nettóhagnaði ISALs fyrir það ár."

„27.02. Þrátt fyrir ákvæði 26. gr. skal framleiðslugjald það, sem gjaldskylt verður í heild af hálfu ISALs fyrir hvert einstakt almanaksár, aldrei verða hærra fyrir þá sök, að leiðréttum taxta hafi verið beitt, en sú fjárhæð í Bandaríkjadollurum, sem jafngildir 55% af nettóhagnaði ISALs fyrir það ár."
„27.03. Útreikning nettóhagnaðar ISALs vegna VI. kafla samnings þessa ber að grundvalla á viðurkenndum bókhaldsreglum, sem eiga við um iðnaðarfyrirtæki af sams konar stærð og tegund og ISAL, og samkvæmt hlutlægum mælikvarða á viðskiptaháttum milli óskyldra aðila, að því er varðar öll viðskipti ISALs, og skal hann fylgja eftirtöldum reglum:
(a) Verksmiðjukostnaður fyrsta áfanga bræðslunnar, fyrstu stækkunar bræðslunnar, annarrar stækkunar bræðslunnar og þriðju stækkunar bræðslunnar afskrifaður með jöfnum ársafskriftum á 15 ára tímabili frá AR I, AR II, AR III og AR IV að telja, eftir því sem við á.
(b) Einkaleyfisgjöld, leyfisgjöld, verkfræði- og sérfræðiþóknun, svo og sölu-

laun, reiknist samkvæmt ákvæðum aðstoðarsamninganna (fylgiskjöl C1, C2 og C3).

(c) Vaxtakjör í samræmi við fyrsta flokks lánstraust og eðlilegur fjárútvegunarkostnaður og skuldagreiðsluáætlanir af hálfu ISALs.

(d) Framlag á allt að 20% af hagnaði ISALs, eins og hann reiknast í samræmi við framanrituð ákvæði þessarar málsgreinar, í sérstakan varasjóð. Varasjóð þennan má nota hjá ISAL til að standa undir fjárfestingu í föstum og lausum eignum, en eigi ráðstafa til annars en að mæta rekstrarhalla. Fari svo, að varasjóðurinn verði nýttur til annars en um getur í undanfarandi málslið, ber að telja þær fjárhæðir, sem þar er um að tefla, með nettóhagnaði ISALs fyrir það ár, er nýtingin á sér stað.

Nettóhagnað ISALs skal reikna út að frádregnum rekstrarkostnaði og -útgjöldum, þar með taldir skattar þeir og álögur, sem um ræðir í 31. gr., og án frádráttar vegna greiðslna á framleiðslugjaldi, arði og varasjóðsframlögum, öðrum en þeim, sem um getur í staflið d) hér að ofan.“

5.04. 28. grein aðalsamningsins hljóðar svo:

„28. gr.
Söfnun á umframbirgðum.

„28.01. Fari svo að ISAL safni birgðum af áli, sem framleitt hefur verið í bræðslunni, að því magni og á þeim tímabilum, sem hér segir:

(a) Frá AR I til AR II af áli umfram 10 000 smálestir;
(b) Frá AR II til AR III af áli umfram 13 500 smálestir;
(c) Frá AR III til AR IV af áli umfram 23 500 smálestir; og
(d) Frá AR IV og síðan þar til samningur þessi gengur úr gildi, af áli umfram 27 000 smálestir,

þá ber ISAL að greiða framleiðslugjaldið á þann umfram smálestafjölda af áli („umframbirgðir“) eins og útskipun hefði þá farið fram. ISAL skal mánaðarlega leggja fyrir ríkisstjórnina skýrslur um birgðasöfnun af áli hjá bræðslunni.“

„28.02. Framleiðslugjaldið, sem ISAL ber að greiða af umframbirgðum, verður gjaldskylt, þegar ríkisstjórnin tilkynnir, og skal greiða það eigi síðar en hinn fimmtánda dag næsta almanaksmánaðar eftir þann mánuð, er tilkynning var gefin, og eins og frekar er á kveðið í 29. gr.

Hinsvegar skal framleiðslugjaldið eigi lagt á ISAL vegna áls við útskipun, ef gjaldið hefur þegar verið lagt á það ál sem umframbirgðir.“

5.05. 29. grein aðalsamningsins orðist þannig:

„29. gr.
Greiðslu- og uppgjörshættir.

„29.01. Framleiðslugjaldið verður gjaldskylt við sérhverja útskipun áls úr bræðslunni, nema ISAL sýni fram á, að framleiðslugjaldið hafi verið lagt á alla slíka uppskipun eða hluta hennar sem umframbirgðir samkvæmt ákvæðum málsgr. 28.02. Hin gjaldskylda upphæð í hverju tilviki skal reiknuð á grundvelli farmskírteina eða annarra flutningsskjala, sem út eru gefin vegna álsins, og samkvæmt bókum ISALs, og er háð eðlilegum aðgerðum varðandi sannprófun og eftirlit.“

„29.02. Framleiðslugjald það, sem gjaldskylt verður við útskipun, að því leyti, sem það er reiknað eftir grunntaxta, skal greitt af hálfu ISALs eigi síðan en hinn fimmtánda dag næsta almanaksmánaðar eftir þann mánuð, er útskipunin átti sér stað. Í þessu sambandi verður útskipun talin hafa átt sér stað við afgreiðslu flutningaskipsins, þegar um er að ræða ál, sem út er flutt með

skipi, eða við afgreiðslu landflutningatækja, þegar um er að ræða ál, sem flutt er landveg. Að því leyti sem framleiðslugjaldið er reiknað eftir leiðréttum taxta skal greiðsla fara fram eins og á er kveðið í næstu málsgreinum hér á eftir.“

„29.03. Fyrir hvert almanaksár eftir 1. október 1975 (og þá í öndverðu fyrir tímabilið frá 1. október til 31. desember 1975) skal ISAL afhenda ríkisstjórninni árlega skýrslu um framleiðslugjaldið („framleiðslugjaldsskýrslu“), þar sem eftirfarandi komi fram:

(a) Heildaryfirlit um framleiðslu og útskipun áls á árinu, sundurliðað eftir mánuðum, og um álbirgðir í ársbyrjun og árslok.

(b) Heildarmagn það af útskipuðu áli (eða áli færðu til umframbirgða), sem skylt hefur orðið að greiða af framleiðslugjald á árinu, sundurliðað eftir mánuðum, ásamt framleiðslugjaldi því, sem gjaldskylt er vegna þessa magns, reiknuðu eftir grunntaxta eða leiðréttum taxta, eftir því sem í gildi var á útskipunartíma.

(c) Heildarfjárhæð þess framleiðslugjalds, sem greitt hefur verið á árinu samkvæmt útreikningi eftir grunntaxta, sundurliðað eftir mánuðum.

Framleiðslugjaldsskýrslan skal lögð fram eigi síðar en hinn 1. febrúar næsta árs á eftir, og skal hún háð eðlilegum aðgerðum til sannprófunar og eftirlits, sem lokið skal án tafar. Sérhver mismunur, sem umfram er milli heildarfjárhæðar framleiðslugjaldsins, eins og hún er sýnd samkvæmt staflið (b), og heildarfjárhæðar greiðslna samkvæmt staflið (c), og til er kominn vegna leiðrétts taxta, fellur í gjalddaga við tímanlega framlagningu framleiðslugjaldsskýrslunnar, og ber að greiða hann að fullu eigi síðar en hinn 1. maí sama ár, að því tilskildu, sem á er kveðið í eftirfarandi málsgreinum.“

„29.04. Fyrir hvert almanaksár eftir 1. október 1975 (og þá í öndverðu fyrir tímabilið frá 1. október til 31. desember 1975) skal ISAL ennfremur leggja fram við ríkisstjórnina, eigi síðar en hinn 1. apríl næsta árs á eftir, efnahagsreikning og rekstursreikning byggða á reikningum ISALs fyrir árið.“

„29.05. Fari svo að áliti Alusuisse, að framleiðslugjald það, sem ISAL hafi greitt og beri að greiða fyrir eitthvert almanaksár, verði umfram 55% af nettóhagnaði ISALs fyrir það ár, vegna þess að leiðréttur taxti hafi verið í gildi, er Alusuisse heimilt að krefjast endurreiknings á þessu framleiðslugjaldi með vísan til nettóhagnaðar, með tilkynningu til ríkisstjórnarinnar í þá átt. Fari svo að áliti ríkisstjórnarinnar, að framleiðslugjald fyrir eitthvert ár verði minna en 35% af nettóhagnaði ISALs fyrir það ár, er ríkisstjórninni heimilt að krefjast endurreiknings á sama hátt, með tilkynningu til Alusuisse í þá átt. Tilkynningin skal í báðum tilvikum gefin út eigi síðar en hinn 1. maí næsta árs á eftir, þó þannig, að hafi annar aðilinn gefið út tilkynningu fyrir þann tíma, verður tilkynning óhörf frá hinum. Ef hvorugur aðili gefur út tilkynningu vegna einhvers árs, skal framleiðslugjaldið fyrir það ár talið endanlega ákvarðað með framleiðslugjaldsskýrslunni fyrir árið, eins og hún liggur fyrir sannprófuð.“

„29.06. Ef farið er fram á endurreikning framleiðslugjaldsins fyrir eitthvert almanaksár samkvæmt málsgr. 29.05. hefur Alusuisse byrðina um að sanna nettóhagnað ISALs fyrir það ár, með endurskoðuðum reikningum, er leggja ber fram við ríkisstjórnina ásamt skýrslu um endurreikninginn („endurreikningsskýrslu“). Þessa endurskoðuðu reikninga (svo og hina endurskoðuðu reikninga, sem krafist er samkvæmt málsgr. 30.03) ber að leggja fyrir ríkisstjórnina á grundvelli ársreikninga ISALs fyrir viðkomandi ár og séu þeir samdir af óháðum löggiltum endurskoðendum, sem Alusuisse velur. Ríkisstjórnin hefur rétt til að skipa á sinn kostnað alþjóðafyrirtæki óháðra löggiltra endurskoðenda til að yfirfara og sannprófa slíka reikninga og árs-

reikninga ISALs fyrir hvaða ár sem er, og heimilast endurskoðendum þessum að framkvæma þá athugun á bókum og skjölum ISALs, sem þeir kunna að telja nauðsynlega, í samræmi við alþjóðlegar venjur og íslensk lög."

„29.07. Endurreikningsskýrslu fyrir hvaða ár sem er ber ISAL að afhenda ríkisstjórninni eigi síðar en hinn 1. júní næsta árs á eftir, ásamt greiðslu að fullu á þeirri fjárhæð framleiðslugjalds, sem gjaldskyld er, eftir því sem endurreikningsskýrslan sýnir, umfram þær fjárhæðir, er greiddar hafa verið þegar á skattárinu samkvæmt málsgr. 29.02 og sýndar eru í e-lið viðkomandi framleiðslugjaldsskýrslu. Endurskoðun endurreikningsskýrslunnar, sem ríkisstjórnin lætur fram fara, skal lokið og niðurstöður hennar tilkynntar ISAL eigi síðar en hinn 1. september á endurreikningsárinu."

„29.08. ISAL skal greiða framleiðslugjaldið í Bandaríkjadollurum eða öðrum gjaldeyri, sem ríkisstjórnin og Alusuisse koma sér saman um, og í bankareikning, sem ríkisstjórnin tilgreinir í því skyni."

„29.09. Ríkisstjórnin skal færa ISAL til eignar miðað við 30. september 1975 fjárhæðina 4 400 000 Bandaríkjadollara, er svarar til skattinneignar ISALs á þeim degi samkvæmt málsgr. 27.05 í aðalsamningnum, eins og sú málsgrein átti við áður en honum var breytt með öðrum viðauka við aðalsamninginn. Fjárhæð þessi flyst með ársvöxtum, er séu jafnháir forvöxtum Seðlabanka Bandaríkja Norður-Ameríku, eins og þeir eru birtir á hverjum tíma, og ber að nota hana til greiðslu með skuldajöfnuði á framleiðslugjaldsskuldbindingum ISALs vegna almanaksára eftir 30. september 1975, að því levti sem þær skuldbindingar eru umfram heildarfjárhæð framleiðslugjalds fyrir viðkomandi ár þegar gjaldið er reiknað á grunntaxta. Sérhverjar eftirstöðvar fjárhæðarinnar, sem ekki er unnt að nota með þessum hætti, skulu endurgreiddar ISAL þegar samningur þessi rennur út eða honum er slitið."

5.06. 30. grein aðalsamningsins breytist þannig:

(a) Tilvísun til „málsgr. 27.04" í stafliðum a) og b) í málsgr. 30.03 og í málsgr. 30.10 fellur niður, en tilvísun til „málsgr. 27.03" kemur í hennar stað.

(b) Tilvísun til „málsgr. 27.03" í staflið a) í málsgr. 30.03 og í málsgr. 30.10 fellur niður, en tilvísun til málsgr. „27.06" kemur í hennar stað.

6. gr.
Breytingar á almennum skatta- og gjaldaákvæðum aðalsamningsins

6.01. Við málsgr. 31.01 í aðalsamningnum bætist nýr stafliður (n), svohljóðandi:

„(n) Byggingarleyfisgjald og gatnagerðargjald til kaupstaðarins vegna þriðju stækkunar bræðslunnar, að fjárhæð sjöhundruð og áttatíu þúsund krónur (kr. 780 000) hið fyrra og ein milljón átta hundruð og tuttugu þúsund krónur (1 820 000) hið síðara, er greiðast sex mánuðum fyrir AR IV, ef þann dag ber að. Fjárhæð gjaldanna er ákveðin með hliðsjón af íslensku byggingarvísitölunni hinn 1. nóvember 1975, og ber að leiðrétta hana í réttu hlutfalli við muninn á stigatölu vísitölunnar þann dag og þeirri stigatölu, sem í gildi verður á gjalddaga þeirra."

6.02. Við 32. grein aðalsamningsins bætist eftirfarandi málsliður:

„Þótt erlendir viðskiptamenn ISALs geymi ál á Íslandi, skulu þeir eigi taldir hafa fasta starfsstöð á Íslandi þessa vegna."

7. gr.
Tengsl við breytingar á fylgisamningunum

7.01. Samtímis því, að samningur þessi er undirritaður, skulu aðilar að fylgivið-

aukunum undirrita þá í því formi, sem þeir eru á fylgiskjölum A til C með samningi þessum. Ríkisstjórnin og Alusuisse staðfesta samþykki sitt við hverjum fylgiviðaukanna með undirskrift sinni.

7.02. Fylgiviðaukarnir skulu hver um sig verða beinn hluti af viðkomandi fylgiskjali og fylgisamningi, og sérhver tilvísun til fylgiskjalanna eða fylgisamninganna, eða einhvers þeirra, sem gerð er í aðalsamningnum (svo sem honum er breytt með samningi þessum) eða annars er gerð framvegis, skal talin gerð til fylgiskjalanna eða fylgisamninganna eins og þeim er breytt með fylgiviðaukunum og fyrri fylgiviðaukum, nema samhengið geri ráð fyrir öðru.

8. gr.
Gildi samnings þessa og gildistökudagur

8.01. Samningur þessi er gerður sem viðbótarsamningur við aðalsamninginn samkvæmt ákvæðum 51. greinar hans og skal talinn beinn hluti af aðalsamningnum, svo sem væri hann felldur inn í meginmál hans. Ákvæði aðalsamningsins (með fyrri breytingum) taka ekki öðrum breytingum en þeim, sem gerðar eru í samningi þessum eða með honum, og halda að öðru leyti fullu gildi. Geri samhengið ekki ráð fyrir öðru, skal sérhver tilvísun til aðalsamningsins, sem gerð er í fylgiskjölunum eða fylgisamningunum, eða einhverjum þeirra, eða annars er gerð framvegis, talin gerð til aðalsamningsins svo sem honum er breytt með samningi þessum og fyrsta viðauka við aðalsamninginn.

8.02. Þegar samningur þessi og fylgiviðaukarnir hafa verið undirritaðir af aðilum og tilkynning verið gefin út svo sem mælt er í 51. gr. aðalsamningsins, skal samningur þessi, með viðfestum endurritum af fylgiviðaukunum, ásamt lagafrumvarpi þar að lútandi, lagður fyrir Alþingi til staðfestingar og samþykktar. Að lokinni staðfestingu og löglegri meðferð skal samningur þessi öðlast gildi („gildistökudagur“) og hafa lagagildi á Íslandi svo sem kveðið verður á um í staðfestingarlögunum.

ÞESSU TIL STAÐFESTU er samningur þessi undirritaður af hálfu ríkisstjórnarinnar og Alusuisse miðað við þann dag, er í upphafi greinir.

Fyrir RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS

Gunnar Thoroddsen
iðnaðarráðherra

Fyrir SVISS ALUMINIUM LIMITED

dr. Paul H. Müller
aðalframkvæmdastjóri

dr. Willi Hämmerli
framkvæmdastjóri

SECOND AMENDMENT
TO THE MASTER AGREEMENT BETWEEN THE GOVERNMENT OF ICELAND AND SWISS ALUMINIUM LIMITED

AGREEMENT made as of the 10th day of December, 1975

BETWEEN

THE GOVERNMENT OF ICELAND (hereinafter referred to as the „Government")

OF THE FIRST PART

AND

SWISS ALUMINIUM LIMITED (hereinafter referred to as „Alusuisse"), a company organized under the laws of Switzerland

OF THE SECOND PART

c. Ef eingöngu er litið á hækkun á greiðslum fyrir raforku, kemur í ljós, að þær hækka mjög verulega í öllum tilvikum. Í dæmi A nemur hækkunin fyrstu 5 árin tæplega 64%, en miðað við allt samningstímabilið um 94%. Á sama hátt er hækkun orkutekna miðað við dæmi B, án stækkunar bræðslu 73% fyrstu 5 árin, en tæplega 130% miðað við allt samningstímabilið. Áður hefur verið vakin athygli á því, að tekjur af orkusölu eru ekki háðar afkomu ÍSAL og eru þær því mun öruggari tekjustofn. Varðandi hækkun á orkutekjum er og rétt að vekja athygli á því, að veruleg hækkun á tekjum Landsvirkjunar frá ÍSAL þýðir í reynd lægra orkuverð til annarra kaupenda á orku (almennings) en ella hefði verið nauðsynlegt.

d. Loks er rétt að vekja athygli á þeirri tekjuaukningu bæði hvað snertir greiðslur fyrir raforku og skattgreiðslur, sem fólgin er í mögulegri stækkun álbræðslunnar sem svarar 20 MW.

4. Niðurstöður.

Þær breytingar, sem samkomulagið gerir ráð fyrir á framleiðslugjaldsgreiðslum og orkugreiðslum ÍSAL, virðast ótvírætt leiða til meiri og öruggari tekna fyrir Íslendinga. Kemur hér einkum þrennt til greina.

Í fyrsta lagi sýna þeir útreikningar, sem gerðir hafa verið til samanburðar á núgildandi kerfi og hinu nýja samkomulagi án stækkunar, að um verulega tekjuaukningu verður að ræða í heild. Fyrstu 5 árin hækka tekjurnar, að teknu tilliti til framleiðslugjaldsinneignar, um 75%, ef miðað er við meðaltal þeirra tveggja megin dæma, sem stuðst hefur verið við. Sé áhrifunum af framleiðslugjaldsinneign sleppt, er hækkunin 19%. Sömu tölur fyrir 19 ára tímabilið, þ. e. a. s. til loka samningstímans, eru 50% og 19%.

Í öðru lagi fylgja tekjur, bæði af orku og framleiðslugjaldi, nú breytingu á álverði að meiri hluta en áður, og verður því að telja meira öryggi fyrir því, að þær skili sér svo sem áætlað er. Tilflutningur tekna frá framleiðslugjaldi til raforku hefur þann kost frá þessu sjónarmiði, að raforkugreiðslurnar eru óháðar afkomu ÍSAL, en framleiðslugjaldstekjurnar ekki, einkum samkvæmt núgildandi kerfi. Er erfiðleikum háð í ýmsu tilliti að hafa nægilegt eftirlit með þeirri afkomu, auk þess sem hún er komin undir sveiflum á álmörkuðum, sem t. d. hafa verið mun meiri undanfarin ár en fyrirfram var við búist.

Í þriðja lagi verður nýja kerfið að ýmsu leyti einfaldara í framkvæmd, og minni hætta er á því, að miklar sveiflur verði á tekjum milli ára. Einnig eru væntanlega minni tilefni til deilna milli aðila, þar sem greiðslur verða að langmestu leyti miðaðar við hlutlægan mælikvarða, þar sem er heimsmarkaðsverð á áli.

Tafla 1. Greiðslur ÍSAL vegna orku og skatta — Dæmi A.

Forsendur: Dæmi A gerir ráð fyrir svipaðri verðþróun á áli og undanfarna tvo áratugi, en dæmi B gerir ráð fyrir mun örari verðhækkunum á áli eða um 5% á ári að meðaltali í dollurum. Einnig gerir dæmi B ráð fyrir mun meiri hagnaði.

Í millj. $ 1.—5. ár:	greiðslur fyrir raforku	skatt-greiðslur	skattinneign (÷) í lok tímabils	samtals
Núgildandi reglur	14.1	10.6	÷ 12.0	12.7
Nýjar reglur án stækkunar	23.1	7.5	÷ 5.8	24.8
Nýjar reglur með 20 MW stækkun	24.8	8.0	÷ 5.8	27.0

1.—10. ár:	greiðslur fyrir raforku	skatt-greiðslur	skattinneign (÷) í lok tímabils	samtals
Núgildandi reglur	28.1	18.1	÷ 15.8	30.4
Nýjar reglur án stækkunar	50.0	15.0	÷ 7.6	57.4
Nýjar reglur með 20 MW stækkun	55.6	16.6	÷ 7.6	64.6
1.—19. ár:				
Núgildandi reglur	53.4	37.1	÷ 17.9	62.6
Nýjar reglur án stækkunar	103.4	28.5	÷ 12.4	119.5
Nýjar reglur með 20 MW stækkun	116.7	32.0	÷ 12.4	136.3

Tafla 2. Greiðslur ÍSAL vegna orku og skatta — Dæmi B.

Forsendur: Sjá aths. um Dæmi A.

Í millj. $ 1.—5. ár:	greiðslur fyrir raforku	skatt-greiðslur	skattinneign (÷) í lok tímabils	samtals
Núgildandi reglur	14.1	13.8	÷ 11.8	16.0
Nýjar reglur án stækkunar	24.4	7.5	÷ 5.8	26.1
Nýjar reglur með 20 MW stækkun	26.3	8.0	÷ 5.8	28.5
1.—10. ár:				
Núgildandi reglur	28.1	35.8	÷ 18.3	45.6
Nýjar reglur án stækkunar	55.2	15.0	÷ 6.5	63.7
Nýjar reglur með 20 MW stækkun	70.5	16.6	÷ 6.3	80.8
1.—19. ár:				
Núgildandi reglur	53.4	103.1	÷ 33.5	123.0
Nýjar reglur án stækkunar	122.5	31.2	—	153.7
Nýjar reglur með 20 MW stækkun	147.5	36.7	—	184.2

Tafla 3. Hækkun framleiðslugjalds með hækkandi álverði.

	Álverð cent/pund		$/tonn
Ef álverð er	39	þá er framleiðslugjald	20.00
—	40	—	20.00
	41		20.45
	42		20.90
	43		21.35
	44		21.80
	45		22.25
	46		22.70
	47		23.15
	48		23.60
	49		24.05
	50		24.50
	60		28.50
	70		32.00
	80		35.00
	90		38.00
	100		41.00

Tafla 4. Orkuverðsbreytingar með hækkandi álverði.

	Álverð cent/pund		Orkuverð mills/kwst.
Ef álverð verður	39	þá er samsvarandi orkuverð	3.90
—	40	—	4.00
	41		4.085
	42		4.17
	43		4.255
	44		4.34
	45		4.425
	46		4.51
	47		4.595
	48		4.68
	49		4.765
	50		4.85
	51		4.93
	52		5.00
	53		5.07
	54		5.14
	55		5.21
	56		5.28
	57		5.35
	58		5.42
	59		5.49
	60		5.56
	61		5.615
	62		5.67
	63		5.725
	64		5.78
	65		5.835
	66		5.890
	67		5.945
	68		6.0
	69		6.055
	70		6.11
	75		6.31
	80		6.51
	85		6.71
	90		6.91
	95		7.11
	100		7.31
	150		9.31
	200		11.31

Um annan viðauka við aðalsamninginn.

Í inngangsorðum er gerð grein fyrir aðdraganda samningsins og í 1. gr. hans er fjallað um skýrgreiningar, sem í honum eru notaðar. Er hvorttveggja með svipuðu sniði og áður hefur verið fylgt.

Í 2. gr. eru gerðar breytingar á skýrgreiningum í I. kafla aðalsamningsins sjálfs, þ. e. aðallega þannig, að bætt er inn nýjum skýrgreiningum vegna fyrirhugaðrar lengingar annars kerskála. Heildarmálraun bræðslunnar hækkar úr 140 í 160 megawött, við tilkomu svonefnds fjórða áfanga bræðslunnar, sem felst í svonefndri þriðju stækkun hennar (málsgr. 2.02 og 2.04 í viðaukanum). Jafnframt er tekið tillit til þess, að það er bygging Sigölduvirkjunar, sem gera mun kleift að láta í té hina auknu orku til bræðslunnar. Sala orkunnar hefst, svo bindandi sé, á svonefndum fjórða afhendingardegi rafmagns (AR IV).

Í 3. gr. er ákvæðum III. kafla aðalsamnings um byggingu mannvirkja breytt til samræmis við ráðagerðir um þriðju stækkun bræðslunnar. Skiptir þar mestu máli hin nýja málsgr. 6.02, þar sem fram kemur, að skuldbinding ÍSALs um að framkvæma stækkunina er háð fyrirvara um fjárhagslegt bolmagn fyrirtækisins til að rísa undir henni. Er sá fyrirvari til kominn vegna þeirra erfiðleika, sem gætir á álmörkuðum um þessar mundir. En jafnframt verður réttur fyrirtækisins til að ráðast í stækkunina háður samsvarandi fyrirvara, þannig að stækkunarheimildin rennur út, ef ekki er tilkynnt um notkun hennar fyrir árslok 1978, nema á annað verði fallist á þeim tíma, sbr. hina nýju málsgr. 9.09.

Í 4. gr. viðaukans er gerð breyting á ákvæðum 10. gr. aðalsamningsins um skyldu ÍSAL til að halda uppi lágmarksframleiðslu í bræðslunni, í réttu hlutfalli við orkumagn fjórða áfanga. Er þar tekið tillit til þess, að hluti af viðbótarorkunni verður rjúfanleg afgangsorka.

Í 5. gr. viðaukans eru síðan hin nýju ákvæði VI. kafla A í aðalsamningnum, sem fjalla eiga um framleiðslugjald ÍSALs, þ. e. 25.—29. gr.

Í 25. gr. fjallar málsgr. 25.01 um gildissvið framleiðslugjaldsins, og er hún efnislega óbreytt frá því sem var. Málsgr. 25.02 fjallar um taxta gjaldsins til 1. okt. 1975, sem að sjálfsögðu fer eftir fyrri samningum. Í málsgr. 25.03 eru ákvæði um hinn nýja grunntaxta (U.S. $20.00), sem gilda á til loka 25 ára samningstíma með leiðréttingum samkv. 26. gr. Málsgr. 25.04 vísar svo til þess, sem við tekur að loknum þeim tíma, ef samningurinn verður þá framlengdur. Er þar byggt á fyrri ákvæðum samningsins (30. gr.), sem gerðu ráð fyrir endurskoðun framleiðslugjaldsins, og haldast þau efnislega óbreytt. Málsgr. 25.05 varðar hugsanlega frestun þeirrar endurskoðunar vegna vanhalda á orkuafhendingu og er efnislega samhljóða málsgr. 25.03 í gildandi samningi.

Í 26. gr. verða hinar nýju reglur um leiðréttingar á taxta framleiðslugjaldsins eftir álverði (málsgr. 26.01), sem koma í stað eldri reglna sömu greinar um það efni. Skilgreining samningsins á heimsmarkaðsverði (málsgr. 26.02) er hin sama og var í 26. gr. upphaflega samningsins. Til viðbótar er nú gert ráð fyrir þeim möguleika, að nota megi annað verð, ef hið skráða verð Alcan er í áberandi ósamræmi við ástand á markaðnum, þ. e. til muna hærra eða lægra en raunhæft verð. Yrði slíkt þá háð gagnkvæmu samkomulagi aðila.

Í 27. gr. er því í fyrsta lagi slegið föstu (í málsgr. 27.01), að hinn nýi grunntaxti samkv. málsgr. 25.03 skuli jafnframt vera lágmarksskattur á hverju ári, en það lágmark skuli þó hækkað upp í þá fjárhæð, sem jafngildir 35% af nettóhagnaði ÍSALs á viðkomandi ári, ef hún er hærri en samanlagt framleiðslugjald fyrir árið (samkvæmt grunntaxta og leiðréttum taxta, eftir því sem við á). Er þannig séð fyrir tvöföldu lágmarki á gjaldinu, og er í báðum tilfellum um mikilvægt nýmæli að ræða.

Í öðru lagi er gerður sá fyrirvari, að framleiðslugjald ÍSALs á einstöku ári megi ekki fara fram úr 55% af nettóhagnaði ÍSALs fyrir árið, þ. e. ef gjaldið er

umfram grunntaxta (málsgr. 27.02). Svipuð regla var fyrir í málsgr. 27.02 í núverandi samningi, en hundraðstalan var þá 50% og hafði áhrif á allt framleiðslugjald nema lágmarksskattinn $ 235 000.

Í málsgr. 27.03 eru reglurnar um útreikning á nettóhagnaði ÍSALs í ofangreindu sambandi. Eru þær óbreyttar frá því sem er í málsgr. 27.04 í fyrri samningi, og reglurnar þannig mun þrengri í ýmsum atriðum en vera mundi samkvæmt íslenskum tekjuskattslögum. Þó er því nýmæli bætt við, að ÍSAL skuli mega leggja til hliðar allt að 20% af nettóhagnaði samkv. málsgreininni í skattfrjálsan varasjóð, þ. e. eftir sömu sjónarmiðum og hér gilda almennt samkv. tekjuskattslögum (framlagsmark er þar þó hærra, 25%). Verði sjóð þessum ráðstafað til annars en að mæta rekstrarhalla, verður hann skattskyldur á því ári, sem ráðstöfunin er gerð. Er það sama regla og regla tekjuskattslaganna, nema sleppt er því álagi á skattinn, sem greiða ber samkv. henni.

Síðastnefndar þrjár málsgreinar koma í stað allrar 27. gr. gildandi samnings, þannig að ákvæði núv. málsgr. 27.05 um skattinneign falla niður.

Í 28. gr. er því lýst, hvenær birgðastofnun hjá ÍSAL geti valdið skattskyldu, og er greinin óbreytt að kalla frá fyrri samningi.

Hin nýja 29. gr. aðalsamnings fjallar um greiðsluhætti á framleiðslugjaldinu. Sem sjá má verður framleiðslugjald á grunntaxta greitt á skattárinu sjálfu, mánaðarlega eftir útskipunum, og er það óendurkræft. Eftir árslok ber síðan að framkvæma endanlegt uppgjör á gjaldinu, þannig að skilað sé viðbótargjaldi vegna leiðrétts taxta og tekið tillit til hámarks og lágmarks vegna nettóhagnaðar. Er til þess ætlast, að ÍSAL skili fullri skattgreiðslu samkvæmt þessum reglum eigi síðar en 1. júní næsta ár, en síðan geti ríkisstjórnin látið endurskoða reikninga félagsins á tímabilinu fram til 1. september, ef þeir skipta máli um skatthæðina. Ákvæðin um endurskoðunina sjálfa eru óbreytt að kalla frá fyrri samningi.

Í málsgr. 29.09 eru síðan sérákvæði um skattinneign ÍSALs samkv. gildandi samningi, þ. e. útistandandi eftirstöðvum pr. 30. sept. 1975. Er fjárhæð inneignarinnar umsamin á grundvelli afkomu ÍSALs á árinu 1975, sem er neikvæð, og með hliðsjón af þeim upplýsingum, sem fengist hafa við endurskoðun reikninga ÍSALs árin 1973 og 1974, sem ríkisstjórnin hefur látið fram fara. Þessi inneign á að endurgreiðast af framleiðslugjaldi umfram lágmark samkv. grunntaxta. Um myndun nýrrar skattinneignar verður ekki að ræða, sem fyrr segir.

Málsgr. 5.06 í viðaukanum fjallar um breytingar, sem gera þarf vegna samræmis á ákvæðum 30. gr. gildandi samnings, er fjallar um endurskoðun framleiðslugjaldsins við framlengingu eftir 25 ára samningstíma. Sú grein á að haldast óbreytt að meginefni til.

Í málsgr. 6.01 í viðaukanum er gert ráð fyrir gatnagerðar- og byggingaleyfisgjaldi til Hafnarfjarðar vegna viðbótarstækkunar bræðslunnar. Er fjárhæð gjaldanna á hliðstæðum grundvelli og í hlutfalli við það, ákvæðin sem um samdist við fyrri byggingarframkvæmdir hjá ISAL.

Í málsgr. 6.02 er aukið við ákvæði 32. gr. aðalsamningsins um tvísköttun, með því að taka fram, að erlendir viðskiptamenn ISALs, sem geyma ál á Íslandi, skuli ekki taldir eiga hér fasta starfsstöð vegna birgða sinna. Þessi regla er í samræmi við algeng tvísköttunarsjónarmið og þær venjur, sem fylgt hefur verið til þessa gagnvart ISAL. Hinsvegar hafa viðskipti félagsins við aðila, sem kaupa ál án þess að selja það eða nota jafnóðum, verið svo mikilvægur þáttur í rekstri þess undanfarin ár, að eðlilegt þótti að geta um þau hér.

Í 7. og 8. gr. viðaukans er fjallað um tengsl hans við hina viðaukana og þá fylgisamninga aðalsamningsins, sem þeir breyta, svo og tengslin við gildandi aðalsamning. Í málsgr. 8.92 er svo fjallað um gildistöku viðaukans, í samræmi við þau sjónarmið, sem lýst var í upphafi greinargerðarinnar.

Um annan viðauka við rafmagnssamninginn.

Formi samnings þessa og ákvæðum hans um skýrgreiningar (1. gr.), tengsl við hina viðaukana og aðalsamninginn (7. gr.) og gildistöku (8. gr.) er fyrir komið á sama grundvelli og þeim, sem byggt var á við gerð annars viðauka við aðalsamninginn. Jafnframt er gætt gildandi fyrirmæla rafmagnssamningsins sjálfs um breytingar á honum, sem áskilja m.a. samþykki ríkisstjórnarinnar og Alusuisse til breytinganna.

Í 2. gr. viðaukans er breytt skýrgreiningum á sama hátt og í aðalviðaukanum, og í 3. gr. ákvæðum um byggingu mannvirkja, hvort tveggja eingöngu vegna hinnar nýju stækkunar bræðslunnar.

Í 4. gr. eru síðan breytingar á ákvæðum III. kafla rafmagnssamningsins um afhendingu samningsbundins rafmagns. Er þar eingöngu um að ræða hlutfallslegar viðbætur við gildandi afl- og orkumagntölur vegna væntanlegs fjórða áfanga (þriðju stækkunar) bræðslunnar.

Af viðbótarorkunni til fjórða áfanga eru 60% afgangsorka, sem er frábrugðin hinni venjulegu föstu orku bræðslunnar að því er afhendingarskilyrði varðar. Með tilliti til þessa hafa hin nánari ákvæði um gæði hennar og afhendingarskilyrði verið sett fram í sérstakri bókun, er verður fylgiskjal A með rafmagnssamningnum (svonefnd orkuáætlun fjórða áfanga). Eru skilmálar bókunarinnar um afgangsorkuna hliðstæðir því, sem sett var í rafmagnssamningi Landsvirkjunar við Íslenska járnblendifélagið hf. á s.l. vori.

Í 5. gr. viðaukans er að finna hin mikilvægu nýmæli um orkuverð til álbræðslunnar, sem verða 13. og 14. gr. rafmagnssamningsins, en núverandi ákvæði þeirra greina falla brott. Mun málsgr. 13.01 geyma reglurnar um taxta orkuverðsins og gildistímabil þeirra, en í málsgr. 14.01 verður reglan um stigbreytingu verðsins frá 1. jan. 1978 til loka 25 ára samningstíma. Á orkuverðið þá að fylgja heimsmarkaðsverði áls í þargreindum hlutföllum, þannig að orkugjaldið á kWst verði 1% af heimsmarkaðsverðinu í centum á pund meðan hið síðara er 40 cent (= 4.0 mill) eða minna, þó aldrei lægra en 3.5 mill, sbr. 14.02. Yfir 40 centum bætast síðan við 0.85% af þeim centum, sem umfram eru, og svo koll af kolli á 10 centa bili upp í 70 cent og síðan ótakmarkað, eftir hinum tilgreindu hundraðstölum.

Sem sjá má af málsgr. 5.03 í viðaukanum er hins vegar ekki gert ráð fyrir grundvallarbreytingum á 15. gr. rafmagnssamningsins, sem fjallar um orkuverð eftir 25 ára samningstíma. Er eftir sem áður gert ráð fyrir því, að orkuverð sé þar endurskoðað með hliðsjón af rafmagnsverði í Noregi og álverði á þeim tíma, ef samningurinn verður framlengdur. Þó má hið endurákvarðaða orkuverð aldrei vera lægra en verða mundi eftir hinni nýju stigbreytingarreglu í 13. gr., sbr. málsgr. 5.04 í viðaukanum.

Loks er í 6. gr. viðaukans gerð breyting á mörkum þess lágmarksmagns raforku, sem ISAL er skylt að greiða fyrir hvort sem það notar orkuna eða ekki, vegna tilkomu fjórða áfanga bræðslunnar.

Um aðra fylgiviðauka.

Aðstoðarsamningar ISALs og Alusuisse um álbræðsluna í Straumsvík fjalla í aðalatriðum um verkfræðiþjónustu við hönnun og byggingu bræðslunnar, tæknilega aðstoð við rekstur hennar og umboðsmennsku við sölu á málmi, er Alusuisse innir af hendi við ISAL gegn gjöldum, sem tiltekin eru í samningunum. Á samningum þessum verður engin breyting önnur en sú, að þeir verða látnir taka til hinnar nýju viðbótarstækkunar bræðslunnar á sama hátt og þeirra áfanga, sem fyrir eru. Eru viðaukarnir við þá gerðir þessu til staðfestingar, og felst breytingin í viðurkenningu á hinum nýju skýrgreiningum um bræðsluna, sem teknar verða upp í aðalsamninginn. Jafnframt er skotið inn tilvísun til fjórða áfanga og þriðju stækkunar bræðslunnar, þar sem við á.

Um hafnar- og lóðarsamning ISALs og Hafnarfjarðarkaupstaðar gildir hið sama, að á honum verður engin breyting, og þarf ekki að gera þar neina sérstaka tilvísun til fjórða áfanga.

Fylgiskjal I.

Umsögn Landsvirkjunar um breyttan raforkusölusamning við ÍSAL

Fyrir liggur nú endanlegt uppkast að breyttum raforkusölusamningi milli Landsvirkjunar og ÍSAL og eru megin niðurstöður þess eftirtalið:

1. Verð á raforku til ÍSAL hækkar mjög verulega frá núverandi samningi. Þannig er gert ráð fyrir því í uppkastinu, að núverandi verð 2,5 mills/kWh hækki þegar í stað í 3 mills/kWh eða 20% og strax í byrjun næsta árs upp í 3,5 mills/kWh, sem jafnframt verður lágmarksverð á raforku það sem eftir er samningstímans, og síðan á miðju ári 1976 hækki verðið upp í 4,0 mills/kWh og nemur þá hækkunin frá núverandi samningi 60%.
   Á árinu 1977 er gert ráð fyrir verði sem er ákveðið hlutfall af heimsmarkaðsverði á áli, en þó ekki minna en 4,0 mills/kWh. Frá og með 1. janúar 1978, mun raforkuverðið verða tengt heimsmarkaðsverði á áli eftir ákveðnum reglum, en þó aldrei lægra en áðurnefnt lágmark, 3,5 mills/kWh.
   Líklegt þykir, að heimsmarkaðsverð á áli hækki á bilinu 2,5—5% á ári yfir samningstímabilið og er því mjög mikilvægt að fá þetta ákvæði inn í samninginn, þar sem öll líkindi eru á því að það leiði af sér verulegar hækkanir á raforkuverðinu í framtíðinni. Þetta er mikil bót á núverandi samningi sem ekki hefur teljandi verðhækkunarákvæði á raforku.
   Til þess að lýsa betur áhrifum hins breytta samnings, hefur hjálagt línurit verið gert (sjá fylgiskjal 1). Má ljóslega sjá á línuritinu að hækki álverð eins og nú er fastlega búist við, hækka orkusölutekjur Landsvirkjunar um 50—70 milljón dollara yfir samningstímabilið miðað við núverandi samning.
2. Tekjuaukning sú, sem um er að ræða samkvæmt hinum breytta samningi, mun hafa mikil jákvæð áhrif á fjárhag Landsvirkjunar og auka til muna svigrúm fyrirtækisins til að mæta hækkuðum reksturskostnaði og til hæfilegrar eiginfjármögnunar nýrra framkvæmda. Þannig er þess að vænta, að þörf Landsvirkjunar til hækkana á orkuverði til almenningsrafveitna á hverjum tíma muni verða mun minni en ella, og t. d. ekki reiknað með að orkuverð til almenningsveitna verði hækkað nú um áramót.
3. Samningsuppkastið gerir ráð fyrir lengingu seinni kerskála ÍSAL til jafns við þann fyrri. Þessi lenging gerir það að verkum, að Landsvirkjun getur selt sem svarar 20 MW af afli í viðbót við þau 140 MW, sem núverandi samningur gerir ráð fyrir. Af þessum 20 MW verður hægt að selja 60% af samsvarandi orku sem afgangsorku með sömu skilmálum og í samningnum við járnblendiverksmiðjuna. Þessi aukna orkusala er Landsvirkjun mjög hagstæð. Forgangsorkuverð í ofangreindri viðbótarsölu samsvarar rúmum 10 mills/kWh, sem er hlíðstætt eða betra en það verð, sem samdist um til járnblendiverksmiðjunnar. Orkusala þessi þýðir auknar tekjur sem svara til 13—16 milljónum dollara reiknað yfir samningstímabilið, ef álverð á heimsmarkaði hækkar eins og línuritið sýnir. Þá má taka fram, að því fyrr sem orkusala þessi hefst, því hagstæðara fyrir Landsvirkjun. Gert er ráð fyrir nú, að stækkunin geti verið komin í gagnið vorið 1978.


Að lokum skal tekið fram, að tæknilega eru ekki vandamál hjá Landsvirkjun samfara áðurnefndri söluaukningu til ÍSAL. Þessi aukna orkusala skerðir heldur ekki öryggi orkuafhendingar til almenningsveitna.

E. Briem
framkvæmdastjóri

LANDSVIRKJUN

ORKUSALA LANDSVIRKJUNAR TIL ISAL

MIÐAÐ VIÐ 75,000 TONNA ÁRSFRAMLEIÐSLU



Viðræðunefnd um orkufrekan iðnað.

Fylgiskjal II

Yfirlit um núgildandi samninga um orkuverð og skattgreiðslur.

Reglur álsamninganna frá 1966 (og 1969) um orkuverð eru settar fram í 13.—15. gr. rafmagnssamningsins milli Landsvirkjunar og ÍSAL. Er verðið miðað við orkunotkun í kílóvattstundum í álbræðslunni (sem er h. u. b. 15 kwst. á hvert kílógram af áli) og ákvarðað í Bandaríkjadollurum (mill/kwst.) í aðalatriðum sem hér segir:

a) Á 1.—6. starfsári (þ. e. frá byrjun starfrækslu sumarið 1969 til 1. október 1975) er verðið 3.0 mill/kwst.
b) Á 7.—15. starfsári (til 1. október 1984) er verðið 2.5 mill/kwst.
c) Á 16.—25. starfsári (til 1. október 1994) er verðið 2.5 mill/kwst. að viðbættri leiðréttingu (hækkun) vegna breytinga á breytilegum kostnaði Búrfellsvirkjunar og skyldra varavirkja (rekstrarkostnaði, þ. e. vinnulaunum og viðhaldskostnaði) á liðnum samningstíma. Er leiðréttingin fyrst gerð í byrjun 16. starfsárs og síðan aftur í byrjun 21. starfsárs, þ. e. með 5 ára millibili.

Verði samningar framlengdir eftir 25. starfsár, á að gilda endurskoðað verð, sem fundið yrði með því að hækka samningsverðið 2.5 mill/kwst. sem svarar hlutfallslegri hækkun á rafmagnsverði til álbræðslunnar í Husnes í Noregi (þ. e. almennu verði á orku til stóriðju frá norsku ríkisrafveitunum, eftir því sem það snertir þessa verksmiðju) á þeim 25 árum, sem liðin eru frá 1. október 1969 til leiðréttingardags. Verði útkoman sú, að hið breytta verð fari fram úr 1% af heimsmarkaðsverði fyrir pund af áli á þeim tíma (þ. e. meðalverðinu síðustu 3 árin fyrir endurskoðunardag), skal hið síðarnefnda þó gilda sem rafmagnsverð til ÍSAL. Við samningsgerð 1966 var 1% af heimsmarkaðsverðinu 2.45 mill, hinn 1. október 1969 var það 2.7 mill, og í dag er það 3.9 mill.

Reglur álsamninganna um skatta ÍSAL er aðallega að finna í 25.—30. gr. aðalsamningsins milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse, en samkvæmt þeim greiðir ÍSAL sérstakt framleiðslugjald í stað venjulegra skatta hér á landi, þ. e. aðallega hinna almennu beinu skatta, sem nú eru tekjuskattur, eignaskattur, aðstöðugjald, iðnlánasjóðsgjald og fasteignaskattur. Er gjaldið lagt beint á framleiðsluvöru félagsins (útskipað tonn af áli, eða tonn af umframbirgðum, ef um óvenjulega birgðamyndun er að ræða), og er óháð ágóða eða tapi hjá félaginu að stofni til. Þó sætir gjaldið takmörkun þannig, að skattinneign myndast við áramót, ef greiðslur gjaldsins á hinu liðna ári hafa sannanlega orðið umfram 50% af nettótekjum félagsins eftir það ár. Má þá nota inneignina til greiðslu á framleiðslugjaldi síðari ára, með þeim takmörkunum, sem nánar greinir í málsgr. 27.05 í samningnum. Þessi 50%-regla hefur að miklu leyti ráðið raunhæfum skattgreiðslum ISAL síðustu árin.

Reglurnar um framleiðslugjaldið hafa í aðalatriðum verið þannig:

a) Gjaldið er ákveðið í Bandaríkjadollurum (dollarar á tonn af áli), og greiðist í þeirri eða annarri mynt, sem aðilar koma sér saman um.
b) Taxti gjaldsins er ákveðinn í málsgr. 25.02 í samningnum, þannig:

Á 1.—6. starfsári (til 1. október 1975) er hann $ 12.50 á tonn.
Á 7.—15. starfsári (til 1. október 1984) er hann $ 20.00 á tonn.
Á 16.—18. starfsári (frá 1. okt. 1984 til 1. sept. 1987) hækkar taxtinn í 3 áföngum upp í $ 35.00 á tonn, með tilliti til þess, að þá eigi að vera lokið að afskrifa hina 3 byggingaráfanga álbræðslunnar, en afskriftartími var ákveðinn 15 ár fyrir hvern áfanga. Frá 1. sept. 1987 til loka 25. starfsárs (þ.e. til 1. október 1994) yrði taxtinn svo áfram $ 35.00 á tonn.

Verði samningar framlengdir eftir 25. starfsár, á að gilda endurskoðað framleiðslugjald, sem aðilar kæmu sér saman um á grundvelli leiðbeininga-

reglna í 30. gr. aðalsamningsins. Má ætla að upphæð hins endurskoðaða framleiðslugjalds yrði að miklu leyti samkomulagsatriði.

c) Taxti framleiðslugjaldsins á að breytast til hækkunar samkv. 26. gr. aðalsamningsins, ef álverð á heimsmarkaði fer upp fyrir 27 cent á enskt pund (þ.e. hreyfist um meira en 10% frá því verði, sem ríkti þegar samningurinn var gerður, 24.5 cent). Er taxtahækkunin 7 dollarar á tonn fyrir hvert cent umfram þetta verð. Taxtinn lækkar á sama hátt, ef hið skráða verð færi niður fyrir 22 cent á pund. Þessi regla leiðir til mjög örrar hækkunar á gjaldinu, ef álverð hækkar til muna, án tillits til þess, hvort hagnaður aukist að sama skapi.

d) Framleiðslugjaldið hefur verið háð þeirri takmörkun, sem fyrr segir, að ISAL getur eignast rétt til endurgreiðslu á því, ef greiðslur gjaldsins á einhverju ári fara fram úr 50% af nettóhagnaði félagsins eftir það ár. Myndar umframfjárhæðin þá skattinneign á móti síðari skattgreiðslum, og ber að greiða hana niður með jöfnuði við þær jafnskjótt og aðstæður leyfa.

e) Um þessa notkun skattinneignarinnar gildir þó sú veigamikla takmörkun, að ekki má nota til jöfnunar á henni þann hluta framleiðslugjaldsins, sem svarar til upphaflegs taxta ($ 12.50 og síðan $ 20.00), heldur aðeins það andvirði þess, sem stafar af hækkunum taxtans eftir 15. starfsár eða taxtahækkunum vegna breytinga á heimsmarkaðsverði.

Um það hefur verið deilt, hver réttur ISALs kunni að vera vegna skattinneignar, sem nýtist ekki til skuldajafnaðar á samningstímanum. Telur Alusuisse, að sú inneign mundi þá eiga að endurgreiðast, en lögfræðingar Viðræðunefndar telja, að hún mundi eiga að falla niður.

f) Um útreikning á nettóhagnaði ISAL, er orðið geti grundvöllur skattinneignar, fer eftir reglum í málsgr. 27.04 í aðalsamningnum. Í aðalatriðum er þar á því byggt, að hagnaðurinn verði reiknaður eftir viðurkenndum bókhaldsreglum og að viðskipti félagsins verði metin samkvæmt hlutlægum mælikvarða, eftir því sem við eigi um skipti milli innbyrðis óskyldra aðila (arm's length dealings). Jafnframt eru gefnar ákveðnar forsendur varðandi afskriftir, þóknanir fyrir tækni- og söluaðstoð og vaxtakostnað. Frádráttur vegna tilfærslna, sem tilheyra ráðstöfun ágóða (arðgreiðslur, varasjóðstillög o.s.frv.), er ekki leyfður. Þetta gildir einnig um ráðstöfun til jöfnunar við tap frá fyrri árum, þannig að tap er ekki flutt milli ára, heldur er afkoma hvers árs reiknuð fyrir sig.

g) Um sönnun á rétti til skattinneignar eru ákvæði í málsgr. 27.03, en samkvæmt þeim má Alusuisse gera ríkisstjórninni viðvart, ef það telur skattgreiðslur ISAL hafa farið fram úr 50% af nettóhagnaði. Beri því að sanna þá staðhæfingu með endurskoðuðum reikningum, er samdir séu á grundvelli ársreikninga ISAL af óháðum endurskoðendum, sem Alusuisse velur. Ríkisstjórnin hefur svo fyrir sitt leyti rétt til að láta yfirfara og sannprófa þessa reikninga, og skal þá fela það alþjóðlegu og óháðu endurskoðendafirma.

Á ákvæði þessi hefur reynt undanfarin 4 ár, og hefur Alusuisse byggt kröfu sína um skattinneign á reikningum frá endurskoðunarskrifstofu Eyjólfs K. Sigurjónssonar, endurskoðanda ISALs, en ríkisstjórnin hefur leitað til endurskoðendafirmans Coopers & Lybrand, þ.e. skrifstofu þess í London.

h) Um framleiðslugjaldið er þess loks að geta, að ISAL á að skila tilteknum lágmarksskatti á ári hverju, sbr. málsgr. 27.01 í aðalsamningnum. Er hann $ 235 000 fyrir áfanga bræðslunnar samanlagða. Þessi skattur er tiltölulega lágur miðað við taxta framleiðslugjaldsins, enda þannig hugsaður, að á hann mundi aðallega reyna, ef stöðvun yrði á framleiðslu hjá ISAL. Þessi hluti gjaldsins getur og ekki valdið myndun á skattinneign.

Fylgiskjal A

ANNAR VIÐAUKI
VIÐ RAFMAGNSSAMNING MILLI LANDSVIRKJUNAR OG ÍSLENSKA ÁLFÉLAGSINS HF.

SAMNINGUR gerður hinn 10. dag desembermánaðar 1975

MILLI

LANDSVIRKJUNAR (The National Power Company, hér á eftir nefnd „Landsvirkjun")

ANNARS VEGAR

OG

ÍSLENSKA ÁLFÉLAGSINS HF. (Icelandic Aluminium Company Limited, hér á eftir nefnt „ISAL")

HINS VEGAR

RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS (hér á eftir nefnd „ríkisstjórnin") og Swiss Aluminium Limited (hér á eftir nefnt „Alusuisse") hafa gert með sér aðalsamning dags. 28. mars 1966, er staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 76 13. maí 1966 og gekk í gildi hinn 20. september 1966 (hér á eftir nefndur „aðalsamningurinn"). Samningur þessi fjallar, meðal annars, um byggingu og rekstur álbræðslu með tilheyrandi búnaði (hér á eftir nefnd „bræðslan") af hálfu ISALs og byggingu vatnsaflsvirkjunar í Þjórsá við Búrfell af hálfu Landsvirkjunar.

RÍKISSTJÓRNIN OG ALUSUISSE hafa einnig samþykkt sín á milli fyrsta viðauka við aðalsamninginn, dags. 28. október 1969, sem staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 19, 6. apríl 1970 og gekk í gildi 16. apríl 1970 (hér á eftir nefndur „fyrsti viðauki við aðalsamninginn"), en hann fjallaði, meðal annars, um aukningu á samanlagðri málraun bræðslunnar ásamt breytingu á málraun fyrstu og annarrar stækkunar bræðslunnar, eins og þær voru upphaflega skilgreindar í aðalsamningnum.

RÍKISSTJÓRNIN OG ALUSUISSE hafa ennfremur samþykkt sín á milli annan viðauka, dags. í dag, við aðalsamninginn (hér á eftir nefndur „annar viðauki við aðalsamninginn"), sem fjallar, meðal annars, um fyrirhugaða stækkun bræðslunnar umfram þá 140 megawatta heildamálraun, sem nú er kveðið á um í aðalsamningnum, með því að bæta við hana mannvirkjum með 20 megawatta málraun.

LANDSVIRKJUN OG ISAL hafa gert með sér rafmagnssamning, er fylgir aðalsamningnum sem fylgiskjal A. Samningur þessi er dagsettur 28. júní 1966 og gekk í gildi hinn 20. september 1966 (hér á eftir nefndur „rafmagnssamningurinn"), og fjallar hann, meðal annars, um afhendingu á rafmagni frá Landsvirkjun til rekstrar bræðslunnar.

LANDSVIRKJUN OG ISAL hafa ennfremur samþykkt sín á milli fyrsta viðauka við rafmagnssamninginn, sem dagsettur er 28. október 1969 og gekk í gildi 16. apríl 1970 (hér á eftir nefndur „fyrsti viðauki við rafmagnssamninginn"), og fjallaði hann, meðal annars, um afhendingu á rafmagni til rekstrar bræðslunnar eins og hún var stækkuð samkvæmt fyrsta viðauka við rafmagnssamninginn.

LANDSVIRKJUN OG ISAL óska að gera verulegar breytingar á verði fyrir samningsbundið rafmagn til bræðslunnar eins og vísað er til í öðrum viðauka við aðalsamninginn.

LANDSVIRKJUN OG ISAL hafa samþykkt að takast á hendur að efna þær skuldbindingar, sem á þau eru lögð hvort um sig með öðrum viðaukanum við aðalsamninginn, og óska að breyta rafmagnssamningnum til staðfestu á því og framanrituðu svo sem kveðið er á hér á eftir.

MEÐ SKÍRSKOTUN TIL ÞESSA ER HÉR MEÐ GERÐUR EFTIRFARANDI SAMNINGUR:

1. gr.

Heiti samnings þessa og skýringar á orðum, sem notuð eru í honum.

1.01. Samning þennan ber að nefna annan viðauka við rafmagnssamninginn.

1.02. Eftirtalin orð, sem notuð eru í samningi þessum eða í rafmagnssamningnum, skulu þar hafa sömu merkingu og þeim er gefin í eftirtöldum málsgreinum 1. greinar aðalsamningsins (með áorðnum breytingum), nema annars gerist þörf vegna samhengis:

„Ríkisstjórnin“	málsgr.	1.01 (a)
„Alusuisse“	—	1.01 (b)
„Landsvirkjun“	—	1.01 (c)
„ISAL“	—	1.01 (e)
„Fylgiskjöl“	—	1.02
„Fylgisamningar“	—	1.02
„Bræðsla“	—	1.03 (b)
„Fyrsti áfangi bræðslunnar“	—	1.03 (e)
„Annar áfangi bræðslunnar“	—	1.03 (f)
„Þriðji áfangi bræðslunnar“	—	1.03 (g)
„Fjórði áfangi bræðslunnar“	—	1.04 (a)
„Fyrsta stækkun bræðslunnar“	—	1.03 (h)
„Önnur stækkun bræðslunnar“	—	1.03 (i)
„Þriðja stækkun bræðslunnar“	—	1.04 (b)
„AR I“	—	1.03 (o)
„AR II“	—	1.03 (p)
„AR III“	—	1.03 (q)
„AR IV“	—	1.04 (c)
„Valdagur“	—	1.03 (v)

1.03. Eftirtalin orð, sem notuð eru í samhengi þessum, hafa þar sömu merkingu og þeim er gefin í eftirtöldum málsgreinum 1. greinar fyrsta viðauka við aðalsamninginn, nema annars gerist þörf vegna samhengis:

„Fylgiviðaukar“	málsgr.	1.03
„Gildistökudagur“	—	1.04 (a)

1.04. Eftirtalin orð, sem notuð eru í samningi þessum, hafa þar sömu merkingu og þeim er gefin í eftirtöldum málsgreinum 1. greinar rafmagnssamningsins (eins og honum er breytt með fyrsta viðauka við rafmagnssamninginn og með samningi þessum), nema annars gerist þörf vegna samhengis:

„Búrfellsvirkjun“	málsgr.	1.02 (a)
„Varavirki“	—	1.02 (b)
„Búrfellsstöð“	—	1.02 (c)
„Samningsbundið rafmagn“	—	1.02 (f)
„Samningsbundið verð“	—	1.02 (k)
„Sigölduvirkjun“	—	1.03 (a)
„Sigöldustöð“	—	1.03 (b)
„Þórisvatnsmiðlun“	—	1.03 (c)
„Orkuáætlun fjórða áfanga“	—	1.03 (d)

„Afgangsrafmagn“ ..... — 1.03 (e)
„Afgangsafl“ ..... — 1.03 (f)
„Afgangsorka“ ..... — 1.03 (g)

2. gr.

Breytingar á skilgreiningum, sem notaðar eru í rafmagnssamningnum.

2.01. Eftirfarandi bætist í hóp þeirra skilgreininga, sem taldar eru í málsgr. 1.01 í rafmagnssamningnum:

„Fjórði áfangi bræðslunnar“ ..... málsgr. 1.04 (a)
„Þriðja stækkun bræðslunnar“ ..... — 1.04 (b)
„AR IV“ ..... — 1.04 (c)

2.02. Ákvæði stafliðar l) í málsgr. 1.02 í rafmagnssamningnum, er vörðuðu leiðréttingu á samningsverði, falla brott.

2.03. Við 1. grein rafmagnssamningsins bætist ný málsgrein 1.03, er hljóði svo:

„1.03. Eftirtalin orð, sem fyrir koma í samningi þessum, skulu þar hafa þá merkingu, sem hér segir, nema annars gerist þörf vegna samhengis:

(a) „Sigölduvirkjun“ merkir vatnsaflsvirkjun þá, eins og hún er að gerð og búnaði á hverjum tíma, þar með talin farvegsbreytingar- og inntaksmannvirki, rennslisskurðir, þrýstivatnspípur, stöðvarhús, spennistöð og tengivirki, sem staðsett er að Sigöldu við Tungnaá á Suðurlandi og hefur í upphafi 50 megawatta málraun, en að lokum 150 megawatta málraun, og er í upphafi tengd með einni 220 kílóvolta háspennulínu við spennistöð hjá Búrfellsstöð.

(b) „Sigöldustöð“ merkir aflstöðina að Sigöldu við Tungnaá, sem er hluti af Sigölduvirkjun.

(c) „Þórisvatnsmiðlun“ merkir vatnsmiðlunarmannvirki þau, sem Landsvirkjun hefur byggt við Þórisós og Vatnsfell við Þórisvatn, eins og þau eru að gerð og búnaði á hverjum tíma, og veita geymslurými sem svarar um 1000 gígalítrum, til notkunar fyrir Sigölduvirkjun og Búrfellsvirkjun.“

(d) „Orkuáætlun fjórða áfanga“ merkir bókun þá, er fylgir samningi þessum sem fylgiskjal A, og fjallar um hið aukna samningsbundna rafmagn, er Landsvirkjun láti í té vegna fjórða áfanga bræðslunnar.

(e) „Afgangsrafmagn“ hefur þá merkingu, sem orðinu er gefin í 1. málsgrein orkuáætlunar fjórða áfanga.

(f) „Afgangsafl“ hefur þá merkingu, sem orðinu er gefin í 1. málsgrein orkuáætlunar fjórða áfanga.

(g) „Afgangsorka“ hefur þá merkingu, sem orðinu er gefin í 1. málsgrein orkuáætlunar fjórða áfanga.“

3. gr.

Breytingar á ákvæðum rafmagnssamningsins um byggingu mannvirkja.

3.01. Fyrirsögn 2. greinar rafmagnssamningsins breytist á þessa leið: „Virki varðandi samningsbundið rafmagn“.

3.02. Núverandi texti 2. greinar rafmagnssamningsins verði málsgrein 2.01., og við greinina bætist ný málsgrein, 2.02, er hljóði svo:

„2.02. Auk þess að ljúka byggingu Búrfellsvirkjunar hefur Landsvirkjun komið upp Þórisvatnsmiðlun og mun framkvæma frekari stækkun á hinu samtengda orkukerfi sínu með því að byggja og setja upp Sigölduvirkjun.“

3.03. Stafliður b) í 6. grein rafmagnssamningsins breytist þannig, að orðið „Sigölduvirkjunar“ bætist inn á eftir orðinu „varavirkjanna“ í fjórðu línu hans.

4. gr.

Breytingar á ákvæðum rafmagnssamningsins um rafmagnsafhendingu.

4.01. Málsgrein 7.01. í rafmagnssamningnum orðist þannig:

„7.01. Með þeim skilmálum og skilyrðum, er segir í þessari grein, 8. gr., 9. gr. og 12. gr., og orkuáætlun fjórða áfanga, skal Landsvirkjun sjá bræðslunni fyrir orku á eða fyrir AR I, AR II, AR III eða AR IV, eftir því sem við á, og síðan, sem nemur eftirtöldu magni á hverju almanaksári fyrir fyrsta, annan, þriðja og fjórða áfanga bræðslunnar, hvern um sig.

Áfangi bræðslunnar	Fyrsti	Annar	Þriðji	Fjórði
Málraun	60 MW	80 MW	140 MW	160 MW
Orka fyrir hvert almanaksár:	530 GWst	707 GWst	1237 GWst	1413 GWst

ISAL skal neyta þessarar orku með því afli, sem hér segir, með þeim fyrirvara, sem leiðir af ákvæðum málsgr. 7.02, 7.03 og 7.04 og orkuáætlun fjórða áfanga:

Áfangi bræðslunnar	Fyrsti	Annar	Þriðji	Fjórði
Afl:				
(meðaltal á klst.)	60 MW	80 MW	140 MW	160 MW
(augnabliksgildi)	65 MW	87 MW	152 MW	174 MW

Rafmagn þetta („samningsbundið rafmagn") verður látið í té frá Búrfellsstöð og Sigöldustöð eða öðrum aflstöðvum, sem samtengdar eru Búrfellsvirkjun, sem þrífasa riðstraumur með sem næst 50 riðum á sekúndu og 220 kV málspennu. Sveiflur í spennu skulu ekki fara fram úr plús fimm af hundraði (5%) eða mínus níu af hundraði (9%) við venjulegar rekstraraðstæður."

4.02. Í málsgrein 7.02 í rafmagnssamningnum bætast við orðin „og orkuáætlun fjórða áfanga" á eftir orðunum „málsgr. 7.04" framan við svigann í þriðju línu.

4.03. Við málsgrein 7.03 í rafmagnssamningnum bætist eftirfarandi í niðurlagi hennar, í svigum: „(að frátöldu afgangsafli, sem kann að sæta takmörkun á þeim tíma samkvæmt orkuáætlun fjórða áfanga)".

4.04. Í málsgrein 7.04 í rafmagnssamningnum bætast við orðin „og að tilskildum ákvæðum orkuáætlunar fjórða áfanga" á eftir orðunum „málsgr. 7.03" í fyrstu línu. Jafnframt skal tafla sú, er greinir í niðurlagi málsgreinar 7.04, og fjallar um hámarksneyslu á dag, breytast og hljóða svo:

Áfangi bræðslunnar	Fyrsti	Annar	Þriðji	Fjórði
Dagleg hámarksneysla	1 452 GWst	1 936 GWst	3 388 GWst	3 871 GWst

4.05. Upphafsmálsliður málsgreinar 8.01 í rafmagnssamningnum breytist þannig, að orðin „og þriðji" í annarri línu falli brott, en orðin „þriðji og fjórði" komi í þeirra stað. Jafnframt breytist tafla sú, er greinir í lok þessa málsliðar og fjallar um lágmarksaflgildi, og hljóði svo:

Áfangi bræðslunnar	Fyrsti	Annar	Þriðji	Fjórði
Lágmarksafl (meðaltal á klst.)	28 MW	37 MW	65 MW	70 MW

4.06. Í málsgrein 8.02 í rafmagnssamningnum bætast við, í svigum, orðin „(að frátöldu afgangsafli og/eða afgangsorku, sem kann að sæta takmörkun á þeim tíma samkvæmt orkuáætlun fjórða áfanga)" á eftir orðunum „eftir því sem við á" í sjöundu línu hennar.

4.07. Málsgrein 9.02 í rafmagnssamningnum breytist þannig, í fyrsta lagi, að orðin „og AR III" í fimmtu línu falli niður, en orðin „AR III og AR IV" komi í þeirra stað, og í öðru lagi, að orðin „og annarrar stækkunar" í sjöttu línu falli brott, en orðin „annarrar og þriðju stækkunar" komi í þeirra stað.

5. gr.
Breytingar á ákvæðum rafmagnssamningsins um rafmagnsverð.

5.01. 13. grein rafmagnssamningsins orðist þannig:

„13. gr.
Samningsbundið verð.

„13.01. ISAL skal greiða fyrir allt samningsbundið rafmagn, sem afhent er til bræðslunnar, það verð, sem í gildi er samkvæmt neðanskráðu á hverju því tímabili, er hér greinir („samningsbundið verð"):

(a) Frá gangsetningardegi fyrsta áfanga bræðslunnar og til 31. desember 1975 er verðið 3.0 Bandaríkjamill á kWst.

(b) Frá 1. janúar 1976 og til 30. júní 1976 er verðið 3.5 Bandaríkjamill á kWst.

(c) Frá 1. júlí 1976 og til 30. júní 1977 er verðið 4.0 Bandaríkjamill á kWst.

(d) Frá 1. júlí 1977 til 31. desember 1977 er verðið 4.5 Bandaríkjamill eða það verð, sem kveðið er á í 14. gr., hvort sem lægra er, en þó eigi lægra en 4.0 Bandaríkjamill á kWst.

(e) Frá 1. janúar 1978 þar til kemur að valdegi, þegar endurskoðað samningsbundið verð er ákveðið, eða þar til gildistími samnings þessa er útrunninn, ef endurskoðað samningsbundið verð er eigi ákveðið, skal verðið vera eins og kveðið er á í 14. gr.

(f) Frá valdegi, ef endurskoðað samningsverð er ákveðið á þeim degi eða frá honum að telja, og til síðari valdags, eða þar til gildistími samnings þessa er útrunninn, gildir endurskoðað samningsbundið verð fyrir hverja kWst eins og kveðið er á í 15. gr. (að tilskildum ákvæðum þeirrar greinar)."

„13.02. Fari svo á einhverju almanaksári eftir AR I AR II, AR III eða AR IV, að Landsvirkjun geti af einhverjum ástæðum, þar með talin óviðráðanleg öfl (force majeure) (að undanteknum takmörkunum skv. málsgr. 12.05 eða 12.06 og takmörkunum á afgangsorku samkvæmt orkuáætlun fjórða áfanga), eigi séð bræðslunni fyrir samningsbundnu rafmagni í því orkumagni, sem svarar lágmarksrafmagni, skal hverjum þeirra daga, sem tilgreindir eru í stafliðum (e) og (f) í málsgr. 13.01 sem valdagur, og verða eftir að slíkur misbrestur á sér stað, frestað um þann hluta úr almanaksári, er svarar þeim hundraðshluta, sem hið afhenta orkumagn á árinu er minna en lágmarksmagn (í beinu hlutfalli við hvern hluta úr almanaksári)."

5.02. 14. grein rafmagnssamningsins orðist þannig:

„14. gr.
Stigbreyting samningsbundins verðs.

„14.01. Á því tímabili, sem tilgreint er í staflið (e) í málsgr. 13.01, skal hið samningsbundna verð ákvarðað sem hundraðshluti af heimsmarkaðsverði áls (tilteknu í Bandaríkjacentum á enskt pund eins og kveðið er á í 26. gr. aðalsamningsins), sem hér segir:

(a) Að því leyti sem heimsmarkaðsverð áls er 40 cent eða minna, skal hið samningsbundna verð vera það verð í Bandaríkjamillum á kWst, sem er jafnt einum hundraðshluta (1%) af heimsmarkaðsverðinu.

(b) Að því leyti sem heimsmarkaðsverðið er yfir 40 centum en ekki hærra en 50 cent, skal hið samningsbundna verð hækkað sem svarar 0.85% af fjárhæðinni umfram 40 cent upp að 50 centum.

(c) Að því leyti sem heimsmarkaðsverðið er yfir 50 centum en ekki hærra en 60 cent, skal hið samningsbundna verð hækkað sem svarar 0.70% af fjárhæðinni umfram 50 cent upp að 60 centum.

(d) Að því leyti sem heimsmarkaðsverðið er yfir 60 centum en ekki hærra en 70 cent, skal hið samningsbundna verð hækkað sem svarar 0.55% af fjárhæðinni umfram 60 cent upp að 70 centum.

(e) Að því leyti sem heimsmarkaðsverðið er yfir 70 centum, skal hið samningsbundna verð hækkað sem svarar 0.40% af fjárhæðinni umfram 70 cent.“

„14.02. Þrátt fyrir ákvæði málsgr. 14.01 skal hið samningsbundna verð aldrei vera lægra en verðið 3.5 Bandaríkjamill á kWst á því tímabili, sem hún fjallar um.“

„14.03. Verð það, sem ákvarðast samkvæmt ákvæðum málsgr. 14.01, skal einnig gilda á því tímabili, sem um ræðir í staflið (d) í málsgr. 13.01, ef það er lægra en 4.5 og hærra en 4.0 Bandaríkjamill á kWst.“

5.03. Málsgrein 15.01 í rafmagnssamningnum breytist þannig, í fyrsta lagi, að orðin „leiðrétt samningsbundið verð“ í annarri línu falli niður, en orðin „hið samningsbundna verð“ komi í þeirra stað, og í öðru lagi, að orðin „hið leiðrétta samningsbundna verð“ í tíundu og elleftu línu falli niður, en orðin „hið samningsbundna verð samkvæmt 14. gr.“ komi í þeirra stað.

5.04. Síðustu tveir málsliðirnir í málsgrein 15.02 í rafmagnssamningnum falla brott. og kemur eftirfarandi í þeirra stað:

„Hið endurskoðaða samningsbundna verð, sem ákveðið er samkvæmt þessari málsgrein, skal aldrei vera lægra en hið samningsbundna verð samkvæmt 14. gr., sem í gildi er á viðkomandi valdegi eða mundi verða í gildi þar á eftir, ef endurskoðað samningsbundið verð hefði eigi verið ákvarðað. Að öðru en þessu skal hið endurskoðaða samningsbundna verð eigi vera háð stigbreytingum samkvæmt 14. gr.“

6. gr.

Breytingar á ákvæðum rafmagnssamningsins um lágmarksmagn.

6.01. Upphafsmálsliður málsgr. 20.01 í rafmagnssamningnum breytist þannig, í fyrsta lagi, að orðin „og AR III“ í fyrstu línu falli brott, en orðin „AR III og AR IV“ komi í þeirra stað, og í öðru lagi, að orðin „fyrsta stækkun bræðslunnar og síðari stækkun hennar“ í annarri línu falli brott, en orðin „eða fyrsta, önnur eða þriðja stækkun bræðslunnar“ komi í þeirra stað. Jafnframt breytist tafla sú, er fylgir á eftir málslið þessum og fjallar um lágmarksorkumagn, og hljóði svo:

	AR I	AR II	AR III	AR IV
Lágmarksorka á hverju almanaksári	450 GWst	600 GWst	1050 GWst	1110 GWst

6.02. Í málsgr. 20.02 í rafmagnssamningnum bætast inn orðin „né ákvæðum orkuáætlunar fjórða áfanga“ á eftir orðunum „eða 12.06“ í sviganum í fjórðu línu.

7. gr.

Tengsl við breytingar á aðalsamningnum og hinum fylgisamningunum.

7.01. Aðilar samnings þessa samþykkja hvor um sig í þágu hins og í þágu ríkisstjórnarinnar og Alusuisse að takast á hendur og efna skuldbindingar þær, sem lagðar eru á hvorn um sig með ákvæðum annars viðauka við aðalsamninginn. Sérhver tilvísun til aðalsamningsins, sem gerð er í rafmagnssamningnum (svo sem honum er breytt með samningi þessum) eða annars er gerð framvegis, skal talin gerð til aðalsamningsins svo sem honum er breytt með fyrsta og öðrum viðauka við aðalsamninginn, nema samhengið geri ráð fyrir öðru, og aðalsamningurinn svo breyttur skal áfram ráða í skiptum aðila samnings þessa samkvæmt rafmagnssamningnum, í öllum efnum, sem við á.

7.02. Sérhver tilvísun til hinna fylgiskjalanna eða hinna fylgisamninganna, eða einhvers þeirra, sem gerð er í rafmagnssamningnum (svo sem honum er breytt

með samningi þessum) eða annars er gerð framvegis, skal talin gerð til viðkomandi fylgiskjala eða fylgisamninga eins og þeim er breytt með fylgiviðaukunum og fyrri fylgiviðaukum, nema samhengið geri ráð fyrir öðru.

8. gr.
Gildi samnings þessa og gildistökudagur.

8.01. Samningur þessi er gerður sem viðbótarsamningur við rafmagnssamninginn samkvæmt ákvæðum 28. greinar hans og skal talinn beinn hluti af rafmagnssamningnum, svo sem væri hann felldur inn í meginmál hans. Ákvæði rafmagnssamningsins (með fyrri breytingum) taka ekki öðrum breytingum en þeim, sem gerðar eru í samningi þessum eða með honum, og halda að öðru leyti fullu gildi.

8.02. Samningur þessi skal öðlast gildi á gildistökudegi annars viðauka við aðalsamninginn, enda hafi samþykki ríkisstjórnarinnar og Alusuisse verið staðfest svo sem ráðgert er hér að neðan og tilkynning samkvæmt 28. gr. rafmagnssamningsins verið gefin.

ÞESSU TIL STAÐFESTU er samningur þessi undirritaður af hálfu Landsvirkjunar og ISALs miðað við þann dag, er í upphafi greinir.

Fyrir LANDSVIRKJUN

Fyrir ÍSLENZKA ÁLFÉLAGIÐ

Samþykki ríkisstjórnarinnar og Alusuisse við framanrituðum samningi staðfestist hér með.

Fyrir RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS

Fyrir SWISS ALUMINIUM LIMITED

Fylgiskjal A.

ORKUÁÆTLUN FJÓRÐA ÁFANGA

1. málsgr. Ákvæði bókunar þessarar gilda um hið aukna samningsbundna rafmagn, sem Landsvirkjun gerir tiltækt samkvæmt málsgr. 7.01 í rafmagnssamningnum vegna fjórða áfanga bræðslunnar. Þetta aukalega samningsbundna rafmagn verður látið í té sumpart sem fastbundið rafmagn eins og annað samningsbundið rafmagn, en sumpart sem rjúfanlegt rafmagn eftir því sem mælt er um í eftirfarandi málsgreinum þessarar bókunar (og er hið síðarnefnda hér nefnt „afgangsrafmagn", „afgangsafl" eða „afgangsorka", eftir því sem við á), sem hér segir (sett fram á sama grundvelli og töflurnar í málsgr. 7.01 í rafmagnssamningnum):

	Fastbundið	Afgangsrafmagn	Samtals
Orka á almanaksári:	70 GWst	106 GWst	176 GWst
Afl:			
(meðaltal á klst.)	8 MW	12 MW	20 MW
(augnabliksgildi)	8.8 MW	13.2 MW	22 MW

2. málsgr. Að áskildu því, sem mælt er í neðanskráðum ákvæðum þessarar bókunar, skal Landsvirkjun heimilt hvenær sem er og á hverjum tíma að skerða eða rjúfa algerlega afhendingu afgangsrafmagns, svo fremi, að sú skerðing eða rof minnki eigi þá afgangsorku, sem tiltæk verði í heild á neinu einu almanaksári, niður fyrir 50% þeirrar árlegu afgangsorku, sem tilgreind er í 1. málsgr. bókunar þessarar, að afgangsorka sú, sem tiltæk verði í heild á hverju samfelldu fjögurra ára tímabili, sé eigi minni að magni en 254 GWst, og að afgangsorka sú, sem tiltæk verði í heild á fyrstu tuttugu árunum eftir AR IV, sé eigi minni að magni en 1696 GWst.

3. málsgr. Landsvirkjun mun yfirleitt eigi beita skerðingu eða rofi samkvæmt 2. málsgr. nema um sé að ræða (a) vatnsskort við orkuver hennar eða (b) truflanir í hinu samtengda veitukerfi hennar og óviðráðanleg öfl (force majeure). Landsvirkjun mun veita ISAL aðvörun um það með þeim fyrirvara, sem við verður komið hverju sinni, hvenær ætla má, að skerðing eða rof sé yfirvofandi, og hvað ætla megi um, hversu víðtækt og langvinnt það ástand verði. Ef vatnsskortur (a) veldur, skal fyrirvarinn eigi vera skemmri en 1 mánuður, en í öðrum tilvikum (b) skal hann eigi skemmri en 1 klukkustund, ef mögulegt er. Eftir að lokatilkynning um skerðingu eða rof hefur verið gefin skal ISAL minnka álag hjá sér þegar í stað, og ber að telja upphaf skerðingar- eða roftíma afgangsrafmagnsins frá þeim tíma. Skerðingar- eða roftímabili skal talið lokið strax og lokatilkynning hefur verið gefin þar að lútandi. Lokatilkynningar samkvæmt framanskráðu má gefa munnlega, enda séu þær síðan staðfestar skriflega.

4. málsgr. Takmörkun á afhendingu afgangsrafmagns vegna skerðinga eða rofs skal eigi vera meiri en hlutfallsleg takmörkun afhendingar á samskonar rjúfanlegu rafmagni til annarra kaupenda en ISALs.

5. málsgr. Sé skerðingu eða rofi beitt vegna vatnsskorts við orkuver Landsvirkjunar, er aðilum heimilt að óska þess, að afhendingu og notkun þeirrar föstu orku, sem áformað er að afhenda á skerðingartímanum, verði komið fyrir með þeim hætti, sem veitir bræðslunni hagstæðust rekstursskilyrði. Slíkt fyrirkomulag er háð gagnkvæmu samþykki.

Fylgiskjal B.

ANNAR VIÐAUKI
VIÐ HAFNAR- OG LÓÐARSAMNING MILLI HAFNARFJARÐARKAUPSTAÐAR OG ÍSLENSKA ÁLFÉLAGSINS HF.

SAMNINGUR gerður hinn 10. dag desembermánaðar 1975

MILLI

HAFNARFJARÐARKAUPSTAÐAR (hér á eftir nefndur „kaupstaðurinn")

ANNARS VEGAR

OG

ÍSLENSKA ÁLFÉLAGSINS HF. (Icelandic Aluminium Company Limited, hér á eftir nefnt „ISAL")

HINS VEGAR

RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS (hér á eftir nefnd „ríkisstjórnin") og Swiss Aluminium Limited (hér á eftir nefnt „Alusuisse") hafa gert með sér aðalsamning dags. 28. mars 1966, er staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 76 13. maí 1966 og gekk í gildi hinn 20. september 1966 (hér á eftir nefndur „aðalsamningurinn"). Samningur þessi fjallar, meðal annars, um byggingu og rekstur álbræðslu með tilheyrandi búnaði (hér á eftir nefnd „bræðslan") af hálfu ISALs við Straumsvík í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins.

RÍKISSTJÓRNIN OG ALUSUISSE hafa einnig samþykkt sín í milli fyrsta viðauka við aðalsamninginn, dags. 28. október 1969, sem staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 19 6. apríl 1970 og gekk í gildi 16. apríl 1970 (hér á eftir nefndur „fyrsti viðauki við aðalsamninginn"), og fjallaði hann, meðal annars, um aukningu á samanlagðri málraun bræðslunnar ásamt breytingu á málraun fyrstu og annarrar stækkunar bræðslunnar, eins og þær voru upphaflega skilgreindar í aðalsamningnum.

RÍKISSTJÓRNIN OG ALUSUISSE hafa enn fremur samþykkt sín í milli annan viðauka, dags. í dag, við aðalsamninginn (hér á eftir nefndur „annar viðauki við aðalsamninginn"), sem fjallar, meðal annars, um fyrirhugaða stækkun bræðslunnar umfram þá 140 megawatta heildarmálraun, sem nú er kveðið á um í aðalsamningnum, með því að bæta við hana mannvirkjum með 20 megawatta málraun.

KAUPSTAÐURINN OG ISAL hafa gert með sér hafnar- og lóðarsamning, er fylgir aðalsamningnum sem fylgiskjal B. Samningur þessi er dagsettur 28. júní 1966 og gekk í gildi hinn 20. september 1966 (hér á eftir nefndur „hafnar- og lóðarsamningurinn"), og fjallar hann, meðal annars, um leigu til ISAL á lóð fyrir bræðsluna og um byggingu og viðhald hafnarmannvirkja (hér á eftir nefnd „hafnarmannvirkin") í Straumsvík af hálfu kaupstaðarins og um greiðslu af hálfu ISALs á fastagjaldi, sem miðað er við byggingarkostnað hafnarmannvirkjanna, ásamt öðrum greiðslum.

KAUPSTAÐURINN OG ISAL hafa enn fremur samþykkt sín á milli fyrsta viðauka við hafnar- og lóðarsamninginn, sem dagsettur er 28. október 1969 og gekk í gildi 16. apríl 1970 (hér á eftir nefndur „fyrsti viðauki við hafnar- og lóðarsamninginn"), og fjallaði hann, meðal annars, um breytingu á tilteknum ákvæðum varðandi greiðslu á fyrrnefndu fastagjaldi.

KAUPSTAÐURINN OG ISAL hafa samþykkt að takast á hendur og efna þær skuldbindingar, sem á þau eru lögð hvort um sig með öðrum viðaukanum við aðalsamninginn, og óska að staðfesta það með viðauka við hafnar- og lóðarsamninginn, svo sem kveðið er á hér á eftir

MEÐ SKÍRSKOTUN TIL ÞESSA ER HÉR MEÐ GERÐUR EFTIRFARANDI SAMNINGUR:

1. gr.

Heiti samnings þessa og skýringar á orðum, sem notuð eru í honum.

1.01. Samning þennan ber að nefna annan viðauka við hafnar- og lóðarsamninginn.

1.02. Eftirtalin orð, sem notuð eru í samningi þessum, hafa þar sömu merkingu og þeim er gefin í eftirtöldum málsgreinum 1. greinar aðalsamningsins (með breytingum samkvæmt fyrsta og öðrum viðauka við aðalsamninginn) nema annars gerist þörf vegna samhengis:

„Ríkisstjórnin“	málsgr.	1.01 (a)
„Alusuisse“	—	1.01 (b)
„Kaupstaðurinn“	—	1.01 (d)
„ISAL“	—	1.01 (e)
„Fylgiskjöl“	—	1.02
„Fylgisamningar“	—	1.02
„Bræðsla“	—	1.03 (b)
„Hafnarmannvirki“	—	1.03 (n)

1.03. Eftirtalin orð, sem notuð eru í samningi þessum, hafa þar sömu merkingu og þeim er gefin í eftirtöldum málsgreinum 1. greinar annars viðauka við aðalsamninginn, nema annars gerist þörf vegna samhengis:

„Fylgiviðaukar“	málsgr.	1.03
„Gildistökudagur“	—	1.04 (a)

2. gr.

Tengsl við breytingar á aðalsamningnum og hinum fylgisamningunum.

2.01. Aðilar samnings þessa samþykkja hvor um sig í þágu hins og í þágu ríkisstjórnarinnar og Alusuisse að efna og takast á hendur skuldbindingar þær, sem lagðar eru á hvorn um sig með ákvæðum annars viðauka við aðalsamninginn. Sérhver tilvísun til aðalsamningsins, sem gerð er í hafnar- og lóðarsamningnum (svo sem honum er breytt með samningi þessum) eða annars er gerð framvegis, skal talin gerð til aðalsamningsins svo sem honum er breytt með fyrsta og öðrum viðauka við aðalsamninginn, nema samhengið geri ráð fyrir öðru, og aðalsamningurinn svo breyttur skal ráða áfram í skiptum aðila samnings þessa samkvæmt hafnar- og lóðarsamningnum, í öllum efnum, sem við á.

2.02. Sérhver tilvísun til hinna fylgiskjalanna eða hinna fylgisamninganna, eða einhvers þeirra, sem gerð er í hafnar- og lóðarsamningnum (svo sem honum er breytt með samningi þessum) eða annars er gerð framvegis, skal talin gerð til viðkomandi fylgiskjala eða fylgisamninga eins og þeim er breytt með fylgiviðaukunum og fyrri fylgiviðaukum, nema samhengið geri ráð fyrir öðru.

3. gr.
Gildi samnings þessa og gildistökudagur.

3.01. Samningur þessi er gerður sem viðbótarsamningur við hafnar- og lóðarsamninginn samkvæmt ákvæðum 21. greinar hans og skal talinn hluti af hafnar- og lóðarsamningnum, svo sem væri hann felldur inn í meginmál hans. Ákvæði **hafnar- og lóðarsamningsins** (með fyrri breytingum) taka ekki öðrum breytingum en þeim, sem gerðar eru með samningi þessum og halda að öðru leyti fullu gildi.

3.02. Samningur þessi skal öðlast gildi á gildistökudegi annars viðauka við aðalsamninginn, enda hafi samþykki ríkisstjórnarinnar og Alusuisse verið staðfest svo sem ráðgert er hér að neðan og tilkynning samkvæmt 21. gr. hafnar- og lóðarsamningsins verið út gefin.

ÞESSU TIL STAÐFESTU er samningur þessi undirritaður af hálfu kaupstaðarins og ISALs miðað við þann dag, er í upphafi greinir.

Fyrir HAFNARFJARÐARKAUPSTAÐ

Fyrir ÍSLENSKA ÁLFÉLAGIÐ HF.

Samþykki ríkisstjórnarinnar og Alusuisse við framanrituðum samningi staðfestist hér með.

Fyrir RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS

Fyrir SWISS ALUMINIUM LIMITED

Fylgiskjal C 1.

ANNAR VIÐAUKI
VIÐ AÐSTOÐARSAMNING — HÖNNUN OG BYGGINGU
MILLI
ÍSLENSKA ÁLFÉLAGSINS HF.
OG
SWISS ALUMINIUM LIMITED

SAMNINGUR gerður hinn 10. dag desembermánaðar 1975
MILLI

ÍSLENSKA ÁLFÉLAGSINS HF. (Icelandic Aluminium Company Limited, hér á eftir nefnt „ISAL“)

ANNARS VEGAR

OG

SWISS ALUMINIUM LIMITED (hér á eftir nefnt „Alusuisse“), sem er hlutafélag stofnað að svissneskum lögum

HINS VEGAR

RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS (hér á eftir nefnd „ríkisstjórnin“) og Alusuisse hafa gert með sér aðalsamning dags. 28. mars 1966, er staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 76 13. maí 1966 og gekk í gildi hinn 20. september 1966 (hér á eftir nefndur „aðalsamningurinn“), en samningur þessi fjallar, meðal annars, um byggingu og rekstur álbræðslu með tilheyrandi búnaði (hér á eftir nefnd „bræðslan“) af hálfu ISALs.

RÍKISSTJÓRNIN OG ALUSUISSE hafa einnig samþykkt sín í milli fyrsta viðauka við aðalsamninginn, dags. 28. október 1969, sem staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 19, 6. apríl 1970 og gekk í gildi 16. apríl 1970 (hér á eftir nefndur „fyrsti viðauki við aðalsamninginn“), og fjallaði, meðal annars, um aukningu á samanlagðri málraun bræðslunnar ásamt breytingu á málraun fyrstu og annarrar stækkunar bræðslunnar, eins og þær voru upphaflega skilgreindar í aðalsamningnum.

RÍKISSTJÓRNIN OG ALUSUISSE hafa ennfremur samþykkt sín í milli annan viðauka, dags. í dag, við aðalsamninginn (hér á eftir nefndur „annar viðauki við aðalsamninginn“), sem fjallar, meðal annars, um fyrirhugaða stækkun bræðslunnar umfram þá 140 megawatta heildarmálraun, sem nú er kveðið á um í aðalsamningnum, með því að bæta við hana mannvirkjum með 20 megawatta málraun.

ISAL OG ALUSUISSE hafa gert með sér aðstoðarsamning — hönnun og byggingu, er fylgir aðalsamningnum sem fylgiskjal C 1. Samningur þessi er dagsettur 28. júní 1966 og gekk í gildi hinn 20. september 1966 (hér á eftir nefndur „aðstoðarsamningur — hönnun og bygging“), og fjallar hann, meðal annars, um hönnunar- og verkfræðiþjónustu, er Alusuisse láti ISAL í té við byggingu bræðslunnar.

ISAL OG ALUSUISSE hafa ennfremur samþykkt sín í milli fyrsta viðauka við aðstoðarsamninginn — hönnun og byggingu, sem dagsettur er 28. október 1969 og gekk í gildi 16. apríl 1970 (hér á eftir nefndur „fyrsti viðauki við aðstoðarsamning — hönnun og byggingu“), og varðaði hann stækkun bræðslunnar samkvæmt fyrsta viðauka við aðalsamninginn.

ISAL OG ALUSUISSE óska, með samþykki ríkisstjórnarinnar, að láta aðstoðarsamninginn — hönnun og byggingu — taka til bræðslunnar svo sem hún er skýrgreind að nýju með ákvæðum annars viðauka við aðalsamninginn, og staðfesta það með ákvæðum, er verði beinn hluti af aðstoðarsamningnum — hönnun og byggingu, svo sem mælt er hér á eftir.

MEÐ SKÍRSKOTUN TIL ÞESSA ER HÉR MEÐ GERÐUR EFTIRFARANDI SAMNINGUR:

1. gr.

Heiti samnings þessa og skýringar á orðum, sem notuð eru í honum.

1.01. Samning þennan ber að nefna annan viðauka við aðstoðarsamninginn — hönnun og byggingu.

1.02. Eftirtalin orð, sem notuð eru í samningi þessum, skulu þar hafa sömu merkingu og þeim er gefin í eftirtöldum málsgreinum 1. greinar aðalsamningsins (með áorðnum breytingum), nema annars gerist þörf vegna samhengis:

„Ríkisstjórnin“	málsgr.	1.01 (a)
„Alusuisse“	—	1.01 (b)
„ISAL“	—	1.01 (e)
„Fylgiskjöl“	—	1.02
„Fylgisamningar“	—	1.02
„Bræðsla“	—	1.03 (b)
„Önnur stækkun bræðslunnar“	—	1.03 (i)
„Þriðja stækkun bræðslunnar“	—	1.04 (b)

1.03. Eftirtalin orð, sem notuð eru í samningi þessum, hafa þar sömu merkingu og þeim er gefin í eftirtöldum málsgreinum 1. greinar annars viðauka við aðalsamninginn, nema annars gerist þörf vegna samhengis:

„Fylgiviðaukar“	málsgr.	1.03
„Gildistökudagur“	—	1.04 (a)

2. gr.

Breytingar á ákvæðum í aðstoðarsamningnum — hönnun og byggingu.

2.01. Í fyrstu málsgrein formálans að aðstoðarsamningnum hönnun og byggingu — er orðinu „þremur“ breytt í „fjórum“.

2.02. Eftirfarandi bætist í hóp þeirra skilgreininga, sem taldar eru í málsgr. 1.01 í aðstoðarsamningnum — hönnun og byggingu:

„Þriðja stækkun bræðslunnar“ ..... málsgr. 1.04 (b)

2.03. Málsgrein 4.01 í aðstoðarsamningnum — hönnun og byggingu — breytist þannig, í fyrsta lagi, að orðið „fjórum“ komi í stað orðsins „þremur“ í sjöundu línu, og í öðru lagi þannig, að orðin „síðari stækkun bræðslunnar“ í níundu línu falli niður, en orðin „aðra stækkun bræðslunnar og þriðju stækkun bræðslunnar“ komi í þeirra stað.

2.04. Í málsgrein 4.02 í aðstoðarsamningnum — hönnun og byggingu — bætist inn nýr stafliður (d), svohljóðandi:

(d) Fyrir þriðju stækkun bræðslunnar:

(i) Einn fjórði hluti (¼), þegar ISAL veitir Alusuisse heimild til þess að hefja hönnun og byggingu þriðju stækkunar bræðslunnar;

(ii) Einn fjórði hluti (¼), þegar þjónusta sú, sem tilgreind er í málsgr. 2.01, liðunum a) til g), að báðum meðtöldum, að því er tekur til þriðju stækkunar bræðslunnar, hefur verið innt af hendi;

(iii) Einn fjórði hluti (¼) á gangsetningardegi þriðju stækkunar bræðslunnar; og
(iv) Einn fjórði hluti (¼) sex mánuðum eftir gangsetningu þriðju stækkunar bræðslunnar.

2.05. Málsgrein 10.03 í aðstoðarsamningnum — hönnun og byggingu — breytist þannig, að orðin „þriðju stækkun bræðslunnar“ komi í stað orðanna „síðari stækkun bræðslunnar“ í annarri línu hennar.

3. gr.
Tengsl við breytingar á aðalsamningnum og hinum fylgisamningunum.

3.01. Sérhver tilvísun til aðalsamningsins, sem gerð er í aðstoðarsamningnum — hönnun og byggingu (svo sem honum er breytt með samningi þessum) eða annars er gerð framvegis, skal talin gerð til aðalsamningsins svo sem honum er breytt með fyrsta og öðrum viðauka við aðalsamninginn, nema annars gerist þörf vegna samhengis, og aðalsamningurinn svo breyttur skal áfram ráða í skiptum aðila samnings þessa samkvæmt aðstoðarsamningnum — hönnun og byggingu — í öllum efnum, sem við á.

3.02. Sérhver tilvísun til hinna fylgiskjalanna eða hinna fylgisamninganna, eða einhvers þeirra, sem gerð er í aðstoðarsamningnum — hönnun og byggingu (svo sem honum er breytt með samningi þessum) eða annars er gerð framvegis, skal talin gerð til viðkomandi fylgiskjala eða fylgisamninga eins og þeim er breytt með fylgiviðaukunum og fyrri fylgiviðaukum, nema annars gerist þörf vegna samhengis.

4. gr.
Gildi samnings þessa og gildistökudagur.

4.01. Samningur þessi er gerður sem viðbótarsamningur við aðstoðarsamninginn — hönnun og byggingu — samkvæmt ákvæðum málsgr. 10.02 í honum og skal talinn beinn hluti af aðstoðarsamningnum — hönnun og byggingu — svo sem væri hann felldur inn í meginmál hans. Ákvæði aðstoðarsamningsins — hönnunar og byggingar (með fyrri breytingum) taka ekki öðrum breytingum en þeim, sem gerðar eru í samningi þessum eða með honum, og halda að öðru leyti fullu gildi.

4.02. Samningur þessi skal öðlast gildi á gildistökudegi fyrsta viðauka við aðalsamninginn, enda hafi samþykki ríkisstjórnarinnar verið staðfest svo sem sýnt er hér að neðan og tilkynning samkvæmt málsgr. 10.02 í aðstoðarsamningnum — hönnun og byggingu — verið gefin.

ÞESSU TIL STAÐFESTU er samningur þessi undirritaður af hálfu ISALs og Alusuisse á þeim degi, sem í upphafi greinir.

Fyrir ÍSLENSKA ÁLFÉLAGIÐ HF.

Fyrir SWISS ALUMINIUM LIMITED

Samþykki ríkisstjórnarinnar við framanrituðum samningi staðfestist hér með.

Fyrir RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS

Fylgiskjal C 2.

ANNAR VIÐAUKI
VIÐ AÐSTOÐARSAMNING — REKSTUR
MILLI
ÍSLENSKA ÁLFÉLAGSINS HF.
OG
SWISS ALUMINIUM LIMITED

SAMNINGUR gerður hinn 10. dag desembermánaðar 1975
MILLI

ÍSLENSKA ÁLFÉLAGSINS HF. (Icelandic Aluminium Conpany Limited, hér á eftir nefnt „ISAL")

ANNARS VEGAR

OG

SWISS ALUMINIUM LIMITED (hér á eftir nefnt „Alusuisse"), sem er hlutafélag stofnað að svissneskum lögum

HINS VEGAR

RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS (hér á eftir nefnd „ríkisstjórnin") og Alusuisse hafa gert með sér aðalsamning dags. 28. mars 1966, er staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 76 13. maí 1966 og gekk í gildi hinn 20. september 1966 (hér á eftir nefndur „aðalsamningurinn"), en samningur þessi fjallar, meðal annars, um byggingu og rekstur álbræðslu með tilheyrandi búnaði (hér á eftir nefnd „bræðslan") af hálfu ISALs.

RÍKISSTJÓRNIN og ALUSUISSE hafa einnig samþykkt sín í milli fyrsta viðauka við aðalsamninginn, dags. 28. október 1969, sem staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 19, 6. apríl 1970 og gekk í gildi 16. apríl 1970 (hér á eftir nefndur „fyrsti viðauki við aðalsamninginn"), og fjallaði, meðal annars, um aukningu á samanlagðri málraun bræðslunnar ásamt breytingu á málraun fyrstu og annarrar stækkunar bræðslunnar, eins og þær voru upphaflega skilgreindar í aðalsamningnum.

RÍKISSTJÓRNIN og ALUSUISSE hafa ennfremur samþykkt sín í milli annan viðauka, dags. í dag, við aðalsamninginn (hér á eftir nefndur „annar viðauki við aðalsamninginn"), sem fjallar, meðal annars, um fyrirhugaða stækkun bræðslunnar umfram þá 140 megawatta heildarmálraun, sem nú er kveðið á um í aðalsamningnum, með því að bæta við hana mannvirkjum með 20 megawatta málraun.

ISAL og ALUSUISSE hafa gert með sér aðstoðarsamning - rekstur, er fylgir aðalsamningnum sem fylgiskjal C 2. Samningur þessi er dagsettur 28. júní 1966 og gekk í gildi hinn 20. september 1966 (hér á eftir nefndur „aðstoðarsamningur - rekstur"), og fjallar hann, meðal annars, um tæknilega aðstoð, er Alusuisse láti ISAL í té við rekstur bræðslunnar.

ISAL og ALUSUISSE hafa ennfremur samþykkt sín í milli fyrsta viðauka við aðstoðarsamninginn - rekstur, sem dagsettur er 28. október 1969 og gekk í gildi 16. apríl 1970 (hér á eftir nefndur „fyrsti viðauki við aðstoðarsamning - rekstur"), og varðaði hann stækkun bræðslunnar samkvæmt fyrsta viðauka við aðalsamninginn.

ISAL og ALUSUISSE óska, með samþykki ríkisstjórnarinnar, að láta aðstoðarsamninginn - rekstur - taka til bræðslunnar svo sem hún er skýrgreind að nýju

með ákvæðum annars viðauka við aðalsamninginn, og staðfesta það með ákvæðum, er verði beinn hluti af aðstoðarsamningnum - rekstri, svo sem mælt er hér á eftir.

MEÐ SKÍRSKOTUN TIL ÞESSA ER HÉR MEÐ GERÐUR EFTIRFARANDI SAMNINGUR:

1. gr.

Heiti samnings þessa og skýringar á orðum, sem notuð eru í honum.

1.01. Samning þennan ber að nefna annan viðauka við aðstoðarsamninginn - rekstur.

1.02. Eftirtalin orð, sem notuð eru í samningi þessum, skulu þar hafa sömu merkingu og þeim er gefin í eftirtöldum málsgreinum 1. greinar aðalsamningsins (með áorðnum breytingum), nema annars gerist þörf vegna samhengis:

„Ríkisstjórnin“	málsgr.	1.01 (a)
„Alusuisse“	—	1.01 (b)
„ISAL“	—	1.01 (e)
„Fylgiskjöl“	—	1.02
„Fylgisamningar“	—	1.02
„Bræðsla“	—	1.03 (b)
„Önnur stækkun bræðslunnar“	—	1.03 (i)
„Þriðja stækkun bræðslunnar“	—	1.04 (b)

1.03. Eftirtalin orð, sem notuð eru í samningi þessum, hafa þar sömu merkingu og þeim er gefin í eftirtöldum málsgreinum 1. greinar annars viðauka við aðalsamninginn, nema annars gerist þörf vegna samhengis:

„Fylgiviðaukar“	málsgr.	1.03
„Gildistökudagur“	—	1.04 (a)

2. gr.

Breytingar á ákvæðum í aðstoðarsamningnum — rekstri.

2.01. Í fyrstu málsgrein formálans að aðstoðarsamningnum - rekstri - breytist orðið „þremur“ í „fjórum“.

2.02. Eftirfarandi bætist í hóp þeirra skilgreininga, sem taldar eru í málsgr. 1.01 í aðstoðarsamningnum - rekstri:

„Þriðja stækkun bræðslunnar“	—	1.04 (b)

2.03. Málsgr. 7.03 í aðstoðarsamningnum - rekstri breytist þannig, að orðin „og síðari stækkun bræðslunnar“ í þriðju línu hennar falli niður, en orðin „önnur stækkun bræðslunnar og þriðja stækkun bræðslunnar“ komi í þeirra stað.

3. gr.

Tengsl við breytingar á aðalsamningnum og hinum fylgisamningunum.

3.01. Sérhver tilvísun til aðalsamningsins, sem gerð er í aðstoðarsamningnum - rekstri (svo sem honum er breytt með samningi þessum) eða annars er gerð framvegis, skal talin gerð til aðalsamningsins svo sem honum er breytt með fyrsta og öðrum viðauka við aðalsamninginn, nema annars gerist þörf vegna samhengis og aðalsamningurinn svo breyttur skal áfram ráða í skiptum aðila samnings þessa samkvæmt aðstoðarsamningnum - rekstri - í öllum efnum, sem við á.

3.02. Sérhver tilvísun til hinna fylgiskjalanna eða hinna fylgisamninganna, eða einhvers þeirra, sem gerð er í aðstoðarsamningnum - rekstri (svo sem honum er breytt með samningi þessum) eða annars er gerð framvegis, skal talin

gerð til viðkomandi fylgiskjala eða fylgisamninga eins og þeim er breytt með fylgiviðaukunum og fyrri fylgiviðaukum, nema annars gerist þörf vegna samhengis.

4. gr.
Gildi samnings þessa og gildistökudagur.

4.01. Samningur þessi er gerður sem viðbótarsamningur við aðstoðarsamninginn - rekstur - samkvæmt ákvæðum málsgr. 10.02 í honum og skal talinn beinn hluti af aðstoðarsamningnum - rekstri - svo sem væri hann felldur inn í meginmál hans. Ákvæði aðstoðarsamningsins - rekstrar (með fyrri breytingum) taka ekki öðrum breytingum en þeim, sem gerðar eru í samningi þessum eða með honum, og halda að öðru leyti fullu gildi.

4.02. Samningur þessi skal öðlast gildi á gildistökudegi annars viðauka við aðalsamninginn, enda hafi samþykki ríkisstjórnarinnar verið staðfest svo sem sýnt er hér að neðan og tilkynning samkvæmt málsgr. 10.02 í aðstoðarsamningnum - rekstri - verið gefin.

ÞESSU TIL STAÐFESTU er samningur þessi undirritaður af hálfu ISALs og Alusuisse á þeim degi, sem í upphafi greinir.

Fyrir ÍSLENSKA ÁLFÉLAGIÐ HF.

Fyrir SWISS ALUMINIUM LIMITED

Samþykki ríkisstjórnarinnar við framanrituðum samningi staðfestist hér með.

Fyrir RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS

Fylgiskjal C 3.

ANNAR VIÐAUKI
VIÐ AÐSTOÐARSAMNING — SÖLU
MILLI
ÍSLENSKA ÁLFÉLAGSINS HF.
OG
SWISS ALUMINIUM LIMITED

SAMNINGUR gerður hinn 10. dag desembermánaðar 1975
MILLI

ÍSLENSKA ÁLFÉLAGSINS HF. (Icelandic Aluminium Company Limited, hér á eftir nefnt „ISAL")

ANNARS VEGAR

OG

SWISS ALUMINIUM LIMITED (hér á eftir nefnt „Alusuisse"), sem er hlutafélag stofnað að svissneskum lögum

HINS VEGAR

RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS (hér á eftir nefnd „ríkisstjórnin") og Alusuisse hafa gert með sér aðalsamning dags. 28. mars 1966, er staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 76 13. maí 1966 og gekk í gildi hinn 20. september 1966 (hér á eftir nefndur „aðalsamningurinn"), en samningur þessi fjallar, meðal annars, um byggingu og rekstur álbræðslu með tilheyrandi búnaði (hér á eftir nefnd „bræðslan") af hálfu ISALs.

RÍKISSTJÓRNIN OG ALUSUISSE hafa einnig samþykkt sín í milli fyrsta viðauka við aðalsamninginn, dags. 28. október 1969, sem staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 19, 6. apríl 1970 og gekk í gildi 16. apríl 1970 (hér á eftir nefndur „fyrsti viðauki við aðalsamninginn"), og fjallaði, meðal annars, um aukningu á samanlagðri málraun bræðslunnar og breytingu á málraun fyrstu og annarrar stækkunar bræðslunnar, eins og þær voru upphaflega skilgreindar í aðalsamningnum.

RÍKISSTJÓRNIN OG ALUSUISSE hafa ennfremur samþykkt sín í milli annan viðauka, dags. í dag, við aðalsamninginn (hér á eftir nefndur „annar viðauki við aðalsamninginn"), sem fjallar, meðal annars, um fyrirhugaða stækkun bræðslunnar umfram þá 140 megawatta heildarmálraun, sem nú er kveðið á um í aðalsamningnum, með því að bæta við hana mannvirkjum með 20 megawatta málraun.

ISAL OG ALUSUISSE hafa gert með sér aðstoðarsamning — sölu, er fylgir aðalsamningnum sem fylgiskjal C 3. Samningur þessi er dagsettur 28. júní 1966 og gekk í gildi hinn 20. september 1966 (hér á eftir nefndur „aðstoðarsamningur — sala"), og fjallar hann, meðal annars, um þjónustu við sölu á framleiðsluvörum bræðslunnar, er Alusuisse láti ISAL í té.

ISAL OG ALUSUISSE hafa ennfremur samþykkt sín í milli fyrsta viðauka við aðstoðarsamninginn — sölu, sem dagsettur er 28. október 1969 og gekk í gildi 16. apríl 1970 (hér á eftir nefndur „fyrsti viðauki við aðstoðarsamning — sölu"),

og varðaði hann stækkun bræðslunnar samkvæmt fyrsta viðauka við aðalsamninginn.

ISAL OG ALUSUISSE óska, með samþykki ríkisstjórnarinnar, að láta aðstoðarsamninginn — sölu — taka til bræðslunnar svo sem hún er skýrgreind að nýju með ákvæðum annars viðauka við aðalsamninginn, og staðfesta það með ákvæðum, er verði beinn hluti af aðstoðarsamningnum — sölu —, svo sem mælt er hér á eftir.

MEÐ SKÍRSKOTUN TIL ÞESSA ER HÉR MEÐ GERÐUR EFTIRFARANDI SAMNINGUR:

1. gr.

Heiti samnings þessa og skýringar á orðum, sem notuð eru í honum.

1.01. Samning þennan ber að nefna annan viðauka við aðstoðarsamninginn — sölu.

1.02. Eftirtalin orð, sem notuð eru í samningi þessum, skulu þar hafa sömu merkingu og þeim er gefin í eftirtöldum málsgreinum 1. greinar aðalsamningsins (með áorðnum breytingum), nema annars gerist þörf vegna samhengis:

„Ríkisstjórnin“	málsgr.	1.01 (a)
„Alusuisse“	—	1.01 (b)
„ISAL“	—	1.01 (e)
„Fylgiskjöl“	—	1.02
„Fylgisamningar“	—	1.02
„Bræðsla“	—	1.03 (b)

1.03. Eftirtalin orð, sem notuð eru í samningi þessum, hafa þar sömu merkingu og þeim er gefin í eftirtöldum málsgreinum 1. greinar annars viðauka við aðalsamninginn, nema annars gerist þörf vegna samhengis:

„Fylgiviðaukar“	málsgr.	1.03
„Gildistökudagur“	—	1.04 (a)

2. gr.

Tengsl við breytingar á aðalsamningnum og hinum fylgisamningunum.

2.01. Sérhver tilvísun til aðalsamningsins, sem gerð er í aðstoðarsamningnum - sölu (svo sem honum er breytt með samningi þessum) eða annars er gerð framvegis, skal talin gerð til aðalsamningsins svo sem honum er breytt með fyrsta og öðrum viðauka við aðalsamninginn, nema annars gerist þörf vegna samhengis, og aðalsamningurinn svo breyttur skal áfram ráða í skiptum aðila samnings þessa samkvæmt aðstoðarsamningnum - sölu - í öllum efnum, sem við á.

2.02. Sérhver tilvísun til hinna fylgiskjalanna eða hinna fylgisamninganna, eða einhvers þeirra, sem gerð er í aðstoðarsamningnum - sölu (svo sem honum er breytt með samningi þessum) eða annars er gerð framvegis, skal talin gerð til viðkomandi fylgiskjala eða fylgisamninga eins og þeim er breytt með fylgisviðaukunum og fyrri fylgisviðaukum, nema annars gerist þörf vegna samhengis.

3. gr.

Gildi samnings þessa og gildistökudagur.

3.01. Samningur þessi er gerður sem viðbótarsamningur við aðstoðarsamninginn - sölu - samkvæmt ákvæðum málsgr. 10.02 í honum og skal talinn beinn hluti af aðstoðarsamningnum - sölu - svo sem væri hann felldur inn í meginmál

hans. Ákvæði aðstoðarsamningsins - sölu (með fyrri breytingum) taka ekki öðrum breytingum en þeim, sem gerðar eru með samningi þessum, og halda að öðru leyti fullu gildi.

3.02. Samningur þessi skal öðlast gildi á gildistökudegi annars viðauka við aðalsamninginn, enda hafi samþykki ríkisstjórnarinnar verið staðfest svo sem sýnt er hér að neðan og tilkynning samkvæmt málsgr. 10.02 í aðstoðarsamningnum - sölu - verið gefin.

ÞESSU TIL STAÐFESTU er samningur þessi undirritaður af hálfu ISALs og Alusuisse á þeim degi, sem í upphafi greinir.

Fyrir ÍSLENSKA ÁLFÉLAGIÐ HF.

Fyrir SWISS ALUMINIUM LIMITED

Samþykki ríkisstjórnarinnar við framanrituðum samningi staðfestist hér með.

Fyrir RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS

Sþ. 139. Tillaga til þingsályktunar [114. mál]

um sjónvarp á sveitabæi með aðstoð Byggðasjóðs.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson, Pétur Sigurðsson, Pálmi Jónsson, Steinþór Gestsson, Eyjólfur K. Jónsson, Sigurlaug Bjarnadóttir, Lárus Jónsson, Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að Ríkisútvarpið komi upp endurvarpsstöðvum fyrir þá sveitabæi, sem nú njóta óncthæfra eða engra sjónvarpsskilyrða. Í þessu skyni skal leita til Byggðasjóðs um óafturkræft framlag.

Greinargerð.

Á löggjafarþingi 1972—1973 var flutt tillaga til þingsályktunar um sjónvarp á sveitabæi, sem var þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að Ríkisútvarpið komi upp endurvarpsstöðvum fyrir þá sveitabæi, sem nú njóta ónothæfra eða engra sjónvarpsskilyrða. Ríkisstjórnin afli sérstaks fjármagns í þessu skyni og stefnt verði að því að ljúka framkvæmd þessari innan tveggja ára.“

Tillaga þessi hlaut ekki afgreiðslu.

Á næsta þingi var þessi tillaga til þingsályktunar endurflutt. Enn fór á sömu leið og hlaut tillagan ekki afgreiðslu.

Á síðasta þingi var svo tillaga þessi borin fram í hið þriðja sinn og fór nú enn sem fyrr, að tillagan hlaut ekki afgreiðslu.

Saga þessi er ekki góð til afspurnar. Þó er þess að geta, að tillagan fékk ekki slæmar móttökur á þingi. Í umræðum tjáðu allir sig henni meðmæltir. Fjárveitinganefnd sýndi skilning á málinu. En allt kom fyrir ekki. Málið hefur ekki náð fram að ganga.

Með skírskotun til þess, sem áður hefur gerst, er þess nú freistað að bera fram tillögu þessa til þingsályktunar í hið fjórða sinn. Í þetta skipti eru gerðar tvær breytingar á tillögunni. Annars vegar er fellt niður það tímatakmark, að stefnt verði að því að ljúka framkvæmd þeirri, sem um ræðir, innan tveggja ára. Hins vegar er nú bent á Byggðasjóð til fjáröflunar í þessu skyni, en áður höfðu ríkisstjórninni engin ráð verið gefin í þessu efni. Þetta er gert í trausti þess, að breytingarnar ráði baggamuninn, svo að tillaga þessi geti orðið samþykkt sem ályktun Alþingis að þessu sinni.

Með tillögunni hefur jafnan fylgt greinargerð, sem skýrir mál þetta. Tölur þær, sem þar er að finna, eru ekki nákvæmar miðað við daginn í dag. En þær eru nógu nákvæmar til að gefa hugmynd um umtak þess verkefnis, sem nú er við að fást, þó að sveitabæirnir séu nokkru færri en kostnaður meiri við hvern bæ heldur en áður var. Greinargerð þessi ásamt fylgiskjali er sem hér segir:

Óþarft er að fara orðum um mikilvægi sjónvarpsins og menningarlegt hlutverk þess í þjóðlífinu. En ekki er víst, að allir geri sér grein fyrir, að svo þýðingarmikið sem sjónvarpið er þéttbýlinu, er þjónustuhlutverk þess hvergi mikilvægara en í strjálbýlinu. Þar sem fásinni og einangrun er mest, hefur sjónvarpið mestu hlutverki að gegna. Af þessu leiðir, að sjónvarpið er eitt hið þýðingarmesta tæki til að stuðla að byggðajafnvægi. Hins vegar hefur það hinar alvarlegustu afleiðingar, ef sum byggðarlög eru afskipt sjónvarpinu. Svo er einmitt ástatt í dag í mesta strjálbýlinu. Þannig hefur tilkoma sjónvarpsins ekki orðið þessum byggðarlögum lyftistöng, en þvert á móti aukið á jafnvægisleysið milli þeirra og þéttbýlisins. Við svo búið má ekki standa.

Þar sem skórinn kreppir nú að í þessum efnum, eru þeir sveitabæir víðs vegar um landið, sem dreifikerfi sjónvarpsins nær ekki til. Samkvæmt yfirliti, sem Landssíminn hefur gert, voru í febrúar s. l. 472 sveitabæir, sem nutu ónothæfra eða engra sjónvarpsskilyrða. Þessum sveitabæjum var raðað saman til að sýna, hverjir þeirra gætu hugsanlega verið saman um endurvarpsstöð. Út frá þessari röðun má gera sér nokkra grein fyrir þeim fjölda endurvarpsstöðva, sem þarf til að koma þessum sveitabæjum í sjónvarpssamband og þar með ljúka sjónvarpsvæðingu landsins. Gerði Landssíminn eftirfarandi töflu um þetta efni:

Fjöldi sveitabæja pr. endurvarpsstöð	Fjöldi stöðva (svæða)	Fjöldi sveitabæja samtals	Eftirstöðvar Fjöldi sveitabæja
16	1	16	456
14	3	42	414
13	1	13	401
11	2	22	379
9	2	18	361
8	4	32	329
7	7	49	280
6	4	24	256
5	7	35	221
4	16	64	157
3	9	27	130
2	35	70	60
1	60	60	0
	151	472	

Tafla þessi sýnir niðurstöður af athugunum Landssímans, en samkvæmt henni mun þurfa um 150 endurvarpsstöðvar, til þess að allir sveitabæir í landinu verði í sjónvarpssambandi og þessi þjónusta nái til allra landsmanna. Síðan þetta yfirlit var gert, hafa nokkrir sveitabæir komist í sjónvarpssamband. Samt sem áður má hafa niðurstöður þessarar athugunar til hliðsjónar, þegar metið er, hve umfangsmikið það verkefni er að búa þeim sveitabæjum sjónvarpsaðstöðu, sem nú njóta ónothæfra eða engra sjónvarpsskilyrða. Í þessu sambandi ber og að hafa í huga, að í bréfi til Ríkisútvarpsins hefur Landssíminn látið þess getið um þá áætlun sína, að um 150 endurvarpsstöðvar þurfi, að „að líkindum yrði þessi tala nokkuð hærri í raun, þar eð sumar endurvarpsstöðvarnar mundu verða að staðsetjast þar, sem sjónvarpsmerki eru ekki fyrir hendi, og þyrfti því tengistöð til viðbótar."

Þegar framangreind athugun Landssímans var gerð, var gert ráð fyrir, að hver endurvarpsstöð mundi kosta að meðaltali um 1 millj. kr., eða heildarkostnaður þessa verks verði um 150 millj. kr. Þó að hér sé um grófa áætlun að ræða og síðan hafi til komið tvær gengislækkanir, gefur þetta samt til kynna umfang þess verkefnis, sem hér er um að ræða.

Þess er enginn kostur, að Ríkisútvarpið geti ráðið við framkvæmd þessa, nema sérstakt fjármagn komi til. Ríkisútvarpinu er ætlað að standa undir stofnkostnaði dreifikerfis sjónvarpsins með tolltekjum af sjónvarpstækjum. Þessar tolltekjur eru áætlaðar fyrir árið 1973 20 millj. kr. Á þessu ári þarf 35—40 millj. kr. í afborganir og vexti af skuldum, sem stofnað hefur verið til vegna dreifikerfis sjónvarpsins og nema nú rúmum 100 millj. kr. Augljóst er, að núverandi tekjustofn kemur ekki að haldi við að sjónvarpsvæða þá sveitabæi, sem enn liggja óbættir hjá garði.

Ekki hefur Ríkisútvarpið aðra sjóði til að grípa til í þessu skyni. Þannig er nú séð fyrir þörfum þessarar menningarstofnunar þjóðarinnar. Er skemmst að minnast meðferðarinnar á Ríkisútvarpinu við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1973. Sú afgreiðsla þýddi um 110 millj. kr. rekstrarhalla Ríkisútvarpsins á þessu ári, ef ekki verður úr bætt, auk þess sem stofnunin situr með um 20 millj. kr. rekstrarhalla frá árinu 1972 og kostnaðarauka af síðustu gengislækkun.

Það er heldur engin leið í þessu efni að ætla Ríkisútvarpinu að taka lán til þeirra framkvæmda, sem hér um ræðir. Raunar er hér svo háttað, að engum venjulegum arðsemissjónarmiðum verður komið við. Ef gengið er út frá áætlunum þeim, sem áður greinir, má gera ráð fyrir, að það kosti að minnsta kosti 320 þús. kr. að meðaltali að koma sjónvarpinu á hvern bæ. Tekjur sjónvarpsins af hverjum bæ nema um 10 þús. kr. í tolltekjur af einu sjónvarpstæki, og afnotagjaldið er nú 3 100 kr. Af þessum tekjum verður ekki staðið undir stofnkostnaði við að koma þeim bæjum í sjónvarpssamband, er ekki njóta þess nú. Af þessum tekjum þarf auk þess að standa undir rekstrarkostnaði endurvarpsstöðvanna, sem til þessa þurfa, og hafa verður í huga, að tæki þessara stöðva verður að afskrifa á 10 árum.

Með skírskotun til framanritaðs er hér lagt til, að sérstaks fjármagns, er verði óafturkræft framlag, verði aflað til að standa undir stofnkostnaði þeirrar framkvæmdar að koma í nothæft sjónvarpssamband innan tveggja ára öllum sveitabæjum, er ekki njóta þess nú. Hér er um að ræða verkefni sérstaks eðlis, sem varðar jafnvægi í byggð landsins.

Ekki mun af veita, þótt aflað sé fjármagns sérstaklega til þessara hluta, þar sem Ríkisútvarpsins bíður nú mikið átak við að koma upp örbylgjukerfi fyrir flutning dagskrár til aðalstöðva í sjónvarpskerfinu í stað endurvarpskerfisins, sem nú er. Auk þess má nefna það brýna verkefni við dreifikerfið að bæta sjónvarpsskilyrði á fiskimiðunum umhverfis landið.

Til frekari skýringar er hér fylgiskjal, sem sýnir skiptingu eftir kjördæmum á því verkefni að sjónvarpsvæða þá sveitabæi, er ekki njóta nú stjórnvarpsskilyrða. Er þetta yfirlit gert af framkvæmdastjóra fjármáladeildar Ríkisútvarpsins.

Fylgiskjal.

YFIRLIT

yfir:

1) **Skiptingu þeirra sveitabæja eftir landshlutum, sem enn hafa ekki skilyrði til sjónvarpsmóttöku.**
2) **Fjölda sjónvarpsstöðva, sem þarf til að koma sjónvarpi til þessara bæja, ásamt upplýsingum um, hversu mörgum hver þeirra þjónar.**

	Bæir með ófullnægjandi skilyrði			Tala stöðva, sem hver um sig koma sjónvarpi á													
	Engin	Ónothæf	Alls	1 bæ	2 bæi	3 bæi	4 bæi	5 bæi	6 bæi	7 bæi	8 bæi	9 bæi	11 bæi	13 bæi	14 bæi	16 bæi	Stöðv. alls
Reykjanes	3	–	3	3	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	3
Vesturland	17	22	39	10	7	1	3	–	–	–	–	–	–	–	–	–	21
Vestfirðir	27	82	109	17	11	4	3	2	1	2	2	–	–	–	–	–	42
Norðurland vestra	19	94	113	11	4	2	3	1	2	2	2	2	1	–	–	–	30
Norðurland eystra	14	52	66	3	4	–	4	2	–	–	–	–	1	–	1	–	16
Austfirðir	42	73	115	10	7	2	2	–	2	2	1	–	–	1	1	1	29
Suðurland	8	17	25	4	2	–	–	2	–	1	–	–	–	–	–	–	9
	130	340	470	58	35	9	16	7	5	7	5	2	2	1	2	1	150

Nd. 140. Frumvarp til laga [115. mál]

um íslenzka stafsetningu.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Sverrir Hermannsson, Þórarinn Þórarinsson, Jónas Árnason, Gunnlaugur Finnsson, Ellert B. Schram.

1. gr.

Ein skal vera stafsetning íslenzkrar nútímatungu:

1. sem kennd er í öllum skólum ríkisins og þeim, er styrks njóta af almannafé,
2. sem höfð er á öllum textum, sem ríkið eða ríkisstofnanir gefa út, svo sem lögum, dómum, skýrslum, auglýsingum, tilkynningum og öðru áþekku,
3. sem höfð er á öllum kennslubókum, sem notaðar eru í skólum ríkisins, svo og þeim sem styrks njóta af almannafé.

2. gr.

Um stafsetningu skulu gilda eftirfarandi meginreglur:

I. Rita skal með stórum upphafsstaf sérnöfn, þjóða- og þjóðflokkaheiti og nöfn á íbúum landa, landshluta, héraða, borga og bæja, t. d. **Reykjavík, Íslendingar, Germanar, Norðmaður, Sunnlendingur, Þingeyingur, Seyðfirðingur, Borgnesingur.**

II. Rita skal **y, ý, ey** í samræmi við uppruna (hljóðvarp) og fornan framburð, t. d. **synda** (sund), **lýsa** (ljós), **hreysti** (hraustur).

III. Rita skal z fyrir upprunalegt **ds, ðs, ts,** bæði í stofni og endingum, þar sem tannstafurinn (**d, ð** eða **t**) er fallinn burt í skýrum framburði, t. d. **hanzki** (handski), **lenzka** (lendska), **gæzka** (gæðska); — þið (þér) **kallizt** (kallið-st), **berjizt** (berjið-st), **setjizt** (setjið-st); — hefur (hafði) **kallazt** (kallað-st), **barizt** (barið-st), **snúizt** (snúið-st); **flutzt** (flutt-st), **breytzt** (breytt-st), **hitzt** (hitt-st), **rætzt** (rætt-st, sbr. hins vegar **ræst** af sagnorðinu ræsa), **þeytzt** (þeytt-st, sbr. hins vegar **þeyst** af sagnorðinu þeysa), **stytzt**ur (stytt-stur); — hann **sezt** (set-st), **brýzt** (brýt-st), **flyzt** (flyt-st).

Rita skal lýsingarhátt þátíðar sagnorðs í miðmynd með miðmyndarendingunni **st**, þótt lýsingarháttur þátíðar í germynd endi á **st** eða **sst**, t. d. **lýstst** (lýsast), **hresstst** (hressast).

IV. Rita skal tvöfaldan samhljóða á undan samhljóða, þar sem stofn vísar til, t. d. **byggð** (byggja), **styggð** (stygg-ur), **felldi** (fella), **kenndi** (kenna), **grynnka** (grunn-ur), **bögglar** (böggull), **krypplingur** (kryppa), **allra, alls, allt** (all-ur), **manns, menntir** (mann), **nokkrir** (nokk-ur), **rökkri** (rökk-ur).

Aftur á móti skal rita einfaldan samhljóða, þar sem uppruni sýnir, t. d. **sagði** (segja, saga), **dugði** (duga), **heild** (heil-ir), **reynd** (reyna), **þöglir** (þögull), **stöplar** (stöpull), **depla** (depill), **opna** (opinn), **eins** (einir), **hans** (stofn: han, sbr. honum, hana), **hins** (hin-ir), **als** (alur), **heilt** (heil-ir), **seint** (sein-ir).

V. Í nafnorðum með viðskeyttum greini skulu vera jafnmörg **n** og í lausum greini, t. d. **maðurinn, konan, börnin.**

Karlkynsnafnorð mynduð með viðskeytunum **-an, -in, -un** skal rita með **nn** í nf. et., en **n** í öðrum föllum, t. d. **aftann, aftan, himinn, himin, morgunn, morgun.**

Kvenkynsnafnorð mynduð af sagnorðum með viðskeytinu **-un** eða **-an** skal rita með **n**, t. d. **skemmtun, skipan.**

Lýsingarorð og lýsingarhætti þátíðar, sem mynduð eru með viðskeytinu **-in**, skal rita með **nn** í nf. og þf. et. kk., þgf. og ef. et. kvk. og ef. ft. í öllum kynjum, í öðrum föllum skal ritað **n**, t. d. **hygginn** (nf. og þf. et. kk.), hyggin (nf. et. kvk. og nf. ft. hk.).

VI. Á undan **ng** og **nk** skal rita **a** í stað **á** í framburði, **e** í stað **ei, i** í stað **í, u** í stað **ú, y** í stað **ý, ö** í stað **au**, t. d. **langur, banki, lengi, fingur, þungur, yngri, föng.**

Í samsettum eða afleiddum orðum, þar sem **n** og **g** eða **n** og **k** lenda saman og fyrri hluti endar á **n**, ræður uppruni fyrri hlutans aftur á móti rithætti, t. d. **túngarður, einkum.**

VII. Á eftir **ý, æ, ey**, skal rita **j**, ef **a** eða **u** fer næst á eftir, t. d. **nýja, nýjum, bæja, bæjum, heyja, heyjum.**

Ef um samsett orð er að ræða og síðari liðurinn hefst á **a** eða **u**, skal þó ekki rita **j**, t. d. **heyannir, Sæunn.**

VIII. Rita skal yfirleitt **é**, þar sem svo er fram borið (þó aldrei á eftir **g** og **k**, hvort sem þar er um að ræða fornt **é** eða fornt **e**, sem lengzt hefur), t. d. **léð, vér, vél, stél, fé, hérað, hélt, féll.**

Þó skal rita **je** í fleirtölu af lýsingarhætti nútíðar með nafnorðsbeygingu, þar sem nafnháttur endar á **ja**, enda skiptast atkvæði á milli **j** og **e**, t. d. **kveðjendur, seljendur, þiggjendur, sækjendur.**

Í upphafi nafna af erlendum uppruna skal og rita **je**, t. d. **Jens, Jerúsalem, Jesús.**

IX. Í öðrum atriðum en talin eru að framan skal einnig miða stafsetningu orða að jafnaði við uppruna þeirra og skyldleika við önnur orð, þótt í bága fari við almennan eða svæðisbundinn framburð, t. d. **bagi** (baga), **vegir** (vegur), **seigir** (seigur), **lögin** (lög), **bægsli** (bógur), **loks** (lok), **akstur** (aka), **dýpt** (djúp), **skipti** (skipa), **sleppti** (sleppa), **hvar, hvítur, nefnd** (nefna), **sigldi** (sigla), **harðna** (harður), **stærstur** (stór), **margt** (margur).

3. gr.

Að öðru leyti skal um stafsetningu fylgt þeim meginreglum, sem farið var eftir á tímabilinu 1929—1973.

4. gr.

Heimilt skal menntamálaráðherra að kveða svo á, að þess skuli ekki krafizt í 1.—6. bekk grunnskóla, að kennt sé að nota **z**, heldur megi í þess stað nota **s** í bekkjum þessum, og í stað **tzt** megi nota **st**, t. d. rita **styst, stystur, flust, breyst** o. s. frv.

5. gr.

Úr gildi skal falla auglýsing menntamálaráðuneytisins nr. 132 frá 3. maí 1974.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Rétt áður en Alþingi lauk störfum á síðast liðnu vori fluttu fimm þingmenn tillögu til þingsályktunar um löggjöf um íslenzka stafsetningu. Var ríkisstjórninni þar falið að undirbúa löggjöf um það efni, en þangað til slík lög yrðu sett, skyldi fylgja þeirri stafsetningu, sem í gildi var, áður en menntamálaráðuneytið gaf út auglýsingar sínar nr. 272 frá 4. september 1973 og nr. 132 frá 3. maí 1974. Áður hafði einn flutningsmanna tillögunnar flutt frumvarp til laga um íslenzka stafsetningu. Þingsályktunartillagan var samþykkt í því formi, að ríkisstjórninni var falið að undirbúa löggjöf um íslenzka stafsetningu, en hins vegar varð samkomulag um að fella niður það ákvæði, að þangað til slík lög yrðu sett skyldi fylgja fyrri stafsetningu. Við umræður um tillöguna lýsti menntamálaráðherra yfir, að hann teldi skynsamlegt, að sett yrði löggjöf um íslenzka stafsetningu. Eftir að hann gaf þá yfirlýsingu, undirrituðu 33 alþingismenn áskorun á ráðherrann, að hann gerði ráðstafanir til, að „stafsetning sú, sem gildi tók 1929, verði notuð við prentun þeirra skólabóka, sem nú er verið að undirbúa og nota á næsta vetur". Kom þar fram vilji meiri hluta alþingismanna til að halda fast við þá stafsetningu, sem gilt hafði áður en fyrr nefndar auglýsingar voru gefnar út 1973 og 1974 og breyttu nær hálfrar aldar hefð varðandi opinbera stafsetningu íslenzkrar tungu.

Sérhverri menningarþjóð er mikilvægt, að sem mest festa sé í stafsetningu tungu hennar. Gefur auga leið, hvert hagræði er að samræmdri stafsetningu í bókagerð, stjórnsýslu, safnstörfum og kennslu. Má t. d. benda á, að með nútíma ljósprentunartækni má spara stórfé við endurútgáfu hvers kyns rita, svo sem dýrra handbóka, orðabóka og annarra uppsláttarrita, en þá er mikilvægt, að ekki sé hringlað með stafsetningu, til þess að eldri útgáfur haldi gildi sínu og komizt verði hjá þeim gífurlega aukakostnaði, sem hlýzt af stafsetningarbreytingu. Hér er um að ræða brýnt hagsmunamál fjölmargra aðila í landinu, bókaútgefenda, rithöfunda og annarra. Má og öllum vera það ljóst á þeirri tölvutækniöld, sem við lifum, hve mikils virði festa í stafsetningu er við alla skýrslugerð, gerð skráa, sem raðað er í stafrófsröð, svo sem spjaldskráa í söfnum o. s. frv.

Eftir að dóms- og kirkjumálaráðuneytið gaf út reglugerð um íslenzka stafsetningu 25. febrúar 1929, var unnið að því ósleitilega á fimmta tug ára að festa í sessi lögboðna stafsetningu í skólakerfi landsins og íslenzkri bóka- og blaðaútgáfu með þeim árangri, að heita má, að viðhlítandi festa hafi verið orðin í stafsetningu íslenzkrar tungu. Á þessari tæpu hálfu öld hefur séð dagsins ljós meginhluti alls prentaðs máls, sem gefið hefur verið út á Íslandi.

Með auglýsingu frá menntamálaráðuneytinu nr. 272/1973 um afnám z úr íslenzku ritmáli og auglýsingu um íslenzka stafsetningu 3. maí 1974, nr. 132/1974, var horfið frá hinni lögboðnu stafsetningu í nokkrum veigamiklum atriðum, og hefur síðan ríkt alger glundroði í stafsetningu, svo sem sjá má í blöðum og bókum. Er fyrirsjáanlegt, að ringulreið þessi mun standa lengi, ef ekki verður að gert, enda hafa tvær kynslóðir Íslendinga tamið sér þá stafsetningu, sem kennd hefur verið hér undanfarna tæpa hálfa öld, og eiga erfitt með að sætta sig við stafsetningu, sem þeir telja óskilmerkilegri og óheppilegri.

Tekið skal fram, að í frumvarpi þessu felast engar breytingar frá þeirri stafsetningu, sem kveðið var á um í reglugerðinni frá 1929, kennd hefur verið í íslenzkum skólum í fjóra til fimm áratugi og unnið hafði sér fastan sess.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin á að taka til þeirra texta, sem ríkið eða ríkisstofnanir gefa út, svo og þeirra, sem notaðir eru í skólum. Ekki verður þó talið, að unnt sé að banna með öllu notkun texta með annarri stafsetningu, ef sérstaklega stendur á. Þó er megintilgangur þessa ákvæðis sá, að lestrarefni í skólum verði sem mest með hinni lögboðnu stafsetningu, enda hætt við glundroða ella.

Um 2. gr.

Hér er aðeins kveðið á um þær meginreglur, sem einkum hefur þótt leika vafi á eða valdið hafa ágreiningi.

Um 3. gr.

Á því tímabili, sem tiltekið er í greininni, hefur verið mikil festa í stafsetningu, og er hér kveðið svo á, að fylgt skuli þeim meginreglum, sem farið var eftir á þessu tímabili. Greinin girðir þó ekki fyrir, að veitt sé eitthvert frjálsræði, þar sem ekki teljast vera fyrir hendi fastar venjur um stafsetningu.

Um 4. gr.

Hér er gert ráð fyrir sams konar heimild til menntamálaráðherra varðandi stafsetningarkennslu barna og veitt var 1934.

Um 5.—6. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Hér á eftir er birt sem fylgiskjal áskorun eitt hundrað Íslendinga til menntamálaráðherra um að taka upp aftur hina hefðbundnu íslenzku stafsetningu, sem gilt hafði um áratugi.

Fylgiskjal.

Við undirrituð skorum hér með á yður, herra menntamálaráðherra, að nema úr gildi þá breytingu á íslenzkri stafsetningu, sem birt var í Stjórnartíðindum með „Auglýsingu nr. 132/1974 um íslenska stafsetningu".

Höfuðástæður okkar fyrir þessari áskorun eru sem hér segir:

Í fyrsta lagi teljum við z-stafsetningu þá, sem gilti á tímabilinu 1929—1974, hafa ýmsa ótvíræða og mikilvæga kosti umfram hina nýju stafsetningu, þar sem er meiri skýrleiki og gleggri vísbending um uppruna, sem í mörgum tilvikum léttir skilning og eykur málþekkingu. Sérstaklega viljum við benda á ókosti þess, að samkvæmt hinum nýju reglum falla einatt saman í ritmáli germynd og miðmynd sömu sagnar, svo og germynd einnar sagnar og miðmynd annarrar, svo að rita skal t. d. hefur **leyst**, hvort sem er af **leysa** eða **leysast**, hefur **ræst**, hvort sem er af **ræsa** eða **rætast**, hefur **þeyst**, hvort sem er af **þeysa** eða **þeytast**. Getur þessi ritháttur valdið misskilningi, ekki sízt í stuttu máli, sem þarf að vera hnitmiðað, svo sem í fyrirsögnum blaða, auglýsingum og sjónvarpstextum. Enn fremur þykir okkur eftirsjá að því að hætta að rita z í stofni í orðum eins og **gæzla, tízka, verzlun** vegna þekkingar á orðsifjum, sem beirri stafsetningu fylgir.

Í öðru lagi teljum við hinar nýju reglur um stóran staf og lítinn stórum óhentugri og flóknari en fyrri reglur, t. d. að rita skal **oddaverjar** með litlum staf, en **Sturlungar** með stórum, **hólsfjallamaður** með litlum staf, en **Hólsfjallahangikjöt** með stórum, **bandaríkjamaður** með litlum staf, en **Bandaríkjaforseti** með stórum.

Í þriðja lagi teljum við, að valfrelsi um ritun margra orða, sem hafa löngum verið rituð á einn veg, sé til þess eins fallið að valda ruglingi, sem m. a. getur orðið mjög bagalegur í stafrófsröðun, t. d. að rita skuli hvort heldur er **(ár)niður** eða **(ár)nyður, tékki** eða **tjekki** o. s. frv.

Í fjórða lagi teljum við, að sú festa í íslenzkri stafsetningu, sem tókst að koma á undanfarna tæpa hálfa öld, sé til ómetanlegs hagræðis á mörgum sviðum, svo sem í bókagerð, stjórnsýslu, safnstörfum og kennslu, en breyting að sama skapi til þess fallin að valda glundroða og tjóni. Má og ekki gleyma því, að tveimur kynslóðum Íslendinga er töm sú stafsetning, sem kennd hefur verið undanfarna áratugi, og eiga margir bágt með að sætta sig við stafsetningu, sem þeir telja óskilmerkilegri og óhentugri.

Andrés Björnsson útvarpsstjóri
Ármann Kr. Einarsson rithöfundur
Arnbjörn Kristinsson bókaútgefandi
Arngrímur Ísberg kennari
Árni Þórðarson fv. skólastjóri
Ásgeir Magnússon framkvæmdastjóri
Axel Kristjónsson kennari
Baldvin Þ. Kristjánsson félagsmálafulltrúi
Baldvin Tryggvason framkvæmdastjóri
Bjarni Sigbjörnsson menntaskólakennari
Bjarni Vilhjálmsson þjóðskjalavörður
Björn Jónsson, forseti Alþýðusambands Íslands
Björn Teitsson sagnfræðingur
Egill J. Stardal verzlunarskólakennari
Eiður Guðnason fréttamaður
Einar Sigurðsson háskólabókavörður
Eiríkur Hreinn Finnbogason borgarbókavörður
Elín Pálmadóttir blaðamaður
Finnbogi Guðmundsson landsbókavörður
Finnur Guðmundsson fuglafræðingur
Gaukur Jörundsson prófessor
Georg Sigurðsson cand. mag.
Gestur Guðfinnsson blaðamaður
Gestur Magnússon cand. mag.
Gísli Blöndal hagsýslustjóri
Guðlaug Guðsteinsdóttir kennari
Guðmundur G. Hagalín rithöfundur
Guðmundur E. Sigvaldason jarðfræðingur
Guðni Guðmundsson rektor
Guðrún P. Helgadóttir skólastjóri
Gunnar Guðröðarson skólastjóri
Gunnar Gunnarsson rithöfundur
Gunnar Stefánsson dagskrárstjóri
Halldór Kristjánsson frá Kirkjubóli
Halldór Pálsson búnaðarmálastjóri
Hannes Pétursson skáld
Haraldur Ólafsson lektor
Haraldur Sigurðsson bókavörður
Heimir Þorleifsson menntaskólakennari
Helga S. Einarsdóttir kennari
Helgi Hálfdanarson rithöfundur
Helgi Skúli Kjartansson stud. mag.
Helgi Þorláksson skólastjóri
Hjalti Jónasson skólastjóri
Indriði G. Þorsteinsson rithöfundur
Ívar Björnsson verzlunarskólakennari
Jóhannes Halldórsson cand. mag.
Jóhannes Nordal seðlabankastjóri
Jón Dan rithöfundur
Jón Gíslason skólastjóri
Jón Rafn Guðmundsson framkvæmdastjóri
Jón S. Guðmundsson menntaskólakennari
Jón Guðnason lektor
Jón B. Hannibalsson skólameistari
Jón Helgason ritstjóri
Jón Aðalsteinn Jónsson orðabókarritstjóri
Jón Sigurðsson B. A.
Jón Sigurðsson, forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar
Jón Þórarinsson dagskrárstjóri
Jónas Kristjánsson, forstöðumaður Árnastofnunar
Jónas Kristjánsson ritstjóri
Kjartan Jóhannsson verkfræðingur
Lúðvík Kristjánsson rithöfundur
Lýður Björnsson verzlunarskólakennari
Magnús Bjarnfreðsson fulltrúi
Magnús Finnbogason mag. art.
Magnús Guðmundsson menntaskólakennari
Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður
Matthías Johannessen ritstjóri
Ólafur Haukur Árnason áfengisvarnaráðunautur
Ólafur Björnsson prófessor
Ólafur Hansson prófessor
Ólafur Oddsson menntaskólakennari
Ólafur M. Ólafsson menntaskólakennari
Ólafur Pálmason bókavörður
Ólafur Jóhann Sigurðsson rithöfundur
Oliver Steinn Jóhannesson bókaútgefandi
Páll Líndal borgarlögmaður
Pétur Sæmundsson bankastjóri
Sigfús Daðason ritstjóri
Sigurbjörn Einarsson biskup
Sigurður Líndal prófessor
Sigurður Skúlason mag. art.
Sigurður Þórarinsson jarðfræðingur
Simon Jóh. Ágústsson prófessor
Stefán Sörensson háskólaritari
Steinar Þorfinnsson kennari
Sturla Friðriksson erfðafræðingur
Styrmir Gunnarsson ritstjóri
Tómas Guðmundsson skáld
Vigdís Finnbogadóttir leikhússtjóri
Þórður Jörundsson yfirkennari
Þórhallur Tryggvason skrifstofustjóri
Þórhallur Vilmundarson, forstöðumaður Örnefnastofnunar.
Þórir Stephensen dómkirkjuprestur
Þorleifur Einarsson jarðfræðingur
Þorsteinn frá Hamri skáld
Þorsteinn Gylfason lektor
Þorsteinn Valdimarsson skáld
Þráinn Guðmundsson yfirkennari

Nd. 141. Frumvarp til laga [48. mál]

um vísitölu byggingarkostnaðar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 10. des.)

Samhljóða þskj. 52 með þessari breytingu:

7. gr. hljóðar svo:
Hagstofa Íslands skal, eigi sjaldnar en á 5 ára fresti, láta fara fram athugun á því, hvort byggingarhættir hafi breyst svo, að ástæða sé til að endurskoða grundvöll vísitölu byggingarkostnaðar.

Ed. 142. Nefndarálit [33. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1973.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 11. des. 1975.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Jón Helgason, fundaskr.	Jón Árm. Héðinsson.
Axel Jónsson.	Ragnar Arnalds.	Albert Guðmundsson.
	Jón G. Sólnes.	

Ed. 143. Nefndarálit [57. mál]

um frv. til l. um eignarnámsheimild fyrir Neskaupstað á hluta jarðarinnar Nes í Norðfirði með hjáleigunum Bakka og Naustahvammi.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir einróma með samþykkt þess eins og það er á þskj. 108.
Fjarverandi afgreiðslu málsins var Steingrímur Hermannsson.

Alþingi, 11. des. 1975.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form.	Steinþór Gestsson, fundaskr.	Helgi F. Seljan, frsm.
Jón Helgason.	Axel Jónsson.	Bragi Sigurjónsson.

Ed. 144. Nefndarálit [71. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 11. des. 1975.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Jón Helgason, fundaskr.	Jón Árm. Héðinsson.
Axel Jónsson.	Ragnar Arnalds.	Albert Guðmundsson.
	Jón G. Sólnes.	

Ed. 145. Nefndarálit [106. mál]

um frv. til l. um breyting á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins, nr. 30 12. maí 1970.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.
Fjarverandi afgreiðslu málsins var Steingrímur Hermannsson.

Alþingi, 11. des. 1975.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form.	Steinþór Gestsson, fundaskr.	Jón Helgason, frsm.
Helgi F. Seljan, með fyrirvara.	Axel Jónsson.	Bragi Sigurjónsson.

Ed. 146. Nefndarálit [61. mál]

um frv. til laga um kaupstaðarréttindi til handa Garðahreppi.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur tekið frv. til meðferðar og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.
Fjarstaddur afgreiðslu málsins var Steingrímur Hermannsson.

Alþingi, 11. des. 1975.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form.	Steinþór Gestsson, fundaskr.	Axel Jónsson, frsm.
Jón Helgason.	Helgi F. Seljan.	Bragi Sigurjónsson.

Ed. 147. Nefndarálit [97. mál]

um frv. til laga um kaupstaðarréttindi til handa Njarðvíkurhreppi.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur tekið frv. til meðferðar og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Steingrímur Hermannsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. des. 1975.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form.	Steinþór Gestsson, fundaskr.	Axel Jónsson, frsm.
Jón Helgason.	Helgi F. Seljan.	Bragi Sigurjónsson.

Ed. 148. Frumvarp til laga [116. mál]

um fjáröflun til vegagerðar.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.29. Gjald þetta skal nema 16 kr. af hverjum lítra.

2. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — gúmmígjald — af hjólbörðum, notuðum og nýjum, og gúmmíslöngum á bifreiðar og bifhjól og skal gjaldið nema 45 kr. af hverju kg. Gjald þetta tekur einnig til hjólbarða og gúmmíslangna sem fylgja bifreiðum sem fluttar eru til landsins.

3. gr.

Gjöld skv. ákvæðum 1. og 2. gr. skulu innheimt til ríkissjóðs. Tekjum samkvæmt lögum þessum skal einungis varið til vegagerðar samkvæmt vegáætlun.

4. gr.

Heimilt er að ákveða með reglugerð að innflytjendur fái gjaldfrest á greiðslu innflutningsgjalds af bensíni og miðist gjaldfresturinn við sölu birgða. Sömuleiðis má með reglugerð setja ákvæði um endurgreiðslu á innflutningsgjaldi af bensíni, er sönnur eru færðar á að hafi ekki verið notað eða verði ekki notað til bifreiða. Má í reglugerðinni setja ákvæði er takmarki endurgreiðslu við ársnotkun sem nemi að minnsta kosti 250 lítrum hjá hverjum notanda, svo og aðrar takmarkanir er nauðsynlegar þykja til að tryggja að heimildin til endurgreiðslu gjaldsins nái réttum tilgangi.

5. gr.

Af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en bensín, skal frá og með árinu 1976 greiða þungaskatt til ríkissjóðs svo sem hér segir:

a) Af bifreiðum, sem eru allt að 3 700 kg að leyfðri heildarþyngd og sendibifreiðum í leiguakstri er taka gjald fyrir akstur samkvæmt löggiltum mælum,

skal greiða árlegan þungaskatt til ríkissjóðs er að vali eiganda eða umráðamanns bifreiðar nemi föstu árgjaldi — 126 000 kr. — eða gjaldi fyrir hvern ekinn kílómetra, sbr. þó 1. mgr. 7. gr.

b) Af bifreiðum 3 700 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd skal greiða gjald fyrir hvern ekinn kílómetra, sbr. þó a-lið þessarar greinar og ákvæði 7. gr.

6. gr.

Bifreið, sem í bifreiðaskrá er talin nota annað eldsneyti en bensín, skal talin vera slík, hvað skatti viðvíkur, þangað til eigandi eða umráðamaður sannar fyrir lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti) að hún noti þar eftir bensín fyrir eldsneyti.

Eigandi eða umráðamaður bensínbifreiðar, sem setur í bifreið sína hreyfil er notar annað eldsneyti en bensín, skal tilkynna lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti) breytinguna jafnskjótt og hún kemur til framkvæmda.

Nú kemur í ljós að bifreið notar annað eldsneyti en bensín, en hún hefur ekki verið skráð sem slík, og skal þá, hvað skattinn snertir, telja að hún hafi verið þannig frá síðustu aðalskoðun nema eigandi eða umráðamaður sanni að svo hafi ekki verið.

7. gr.

Ökumælar skulu settir á kostnað eigenda í bifreiðar þær sem þungaskatt ber að greiða af fyrir hvern ekinn kílómetra, sbr. 5. gr. Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð fjárhæð gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli og má gjaldið vera lægra fyrir fólksflutningabifreiðar en aðrar bifreiðar. Þrátt fyrir ákvæði a-liðs 5. gr. er ráðherra heimilt að ákveða að ökumælar skuli settir í bifreiðar til ákveðinna nota enda þótt þær séu undir 3 700 kg að leyfðri heildarþyngd.

Í reglugerð getur ráðherra ákveðið allt að fjóra gjalddaga árlega fyrir þungaskatt samkvæmt ökumælum svo og kveðið á um tegundir mæla, ísetningu þeirra, innsiglun og viðgerðir. Þá getur ráðherra með reglugerð kveðið á um áætlun á þungaskatti sé ökumælir óvirkur, innsigli rofið eða ekki komið með bifreið til álesturs á tilskildum tíma. Á sama hátt getur hann heimilað að bifreið sé tekin úr umferð sé mælir ekki settur í hana á tilskildum tíma eða ekki komið með bifreiðina til álesturs á tilskildum tíma.

Ráðherra er ennfremur heimilt að ákveða að þungaskattur, sem greiða skal fyrir hvern ekinn kílómetra, skuli endurgreiddur að vissu marki fyrir tímabilið frá 1. nóvember til 30. apríl ef um er að ræða sérleyfisbifreiðar til mannflutninga, sem ekið er samkvæmt áætlun í leiðabók, enda fari meðalsætanýting á þessu tímabili ekki fram úr 20 af hundraði.

Ákveða má í reglugerð að ökumælar skuli settir á kostnað eigenda í festi- og tengivagna. Í reglugerðinni getur ráðherra ákveðið að skyldu til að hafa ökumæla megi takmarka við vagna af ákveðinni þyngd (leyfðri heildarþyngd eða eigin þyngd). Á sama hátt er ráðherra heimilt að ákveða að tiltekinn þungaskatt skuli greiða fyrir hvern kílómetra sem þessum festi- og tengivögnum er ekið, kveða á um gerð og frágang mæla, viðgerðir þeirra og eftirlit, gjalddaga, innheimtu og áætlun þungaskatts. Þá getur ráðherra ákveðið með reglugerð að heimilt sé að taka festi- og tengivagna úr umferð sé mælir ekki settur í þá á tilskildum tíma eða ekki komið með þá til álesturs á tilskildum tíma.

Ráðherra er heimilt að ákveða að endurgreiða skuli allt að 15% þungaskatts samkvæmt ökumæli, sem til fellur umfram 30 000 km akstur á ári og að 45 000 km, en 25% umfram 45 000 km akstur á ári.

Verði ágreiningur um gerð bifreiðar sker ráðherra úr.

Sé ökumælir misnotaður, innsigli á honum rofið eða önnur brot framin gegn reglugerð, sem ráðherra kann að setja samkvæmt þessari grein, varðar það sektum allt að 500 000 kr. nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

8. gr.

Gjalddagar árgjalds skv. a-lið 5. gr. eru tveir. Gjaldfellur hálft árgjaldið 1. janúar ár hvert en hinn helmingurinn 1. apríl. Eindagi er tveimur mánuðum eftir gjalddaga. Sé fyrri helmingur gjaldsins eindagaður vegna vanskila fellur allt gjaldið í eindaga. Árgjald skal innheimt fyrir hvert ár þar sem bifreið er skráð í ársbyrjun. Skattskyldan telst frá afhendingu skráningarmerkis, ef um nýskráða bifreið er að ræða, ella frá 1. janúar það ár sem skattur er greiddur. Skatturinn telst fyrir heila mánuði þannig að 15 dagar eða fleiri teljast heill mánuður en færri dögum skal sleppt.

Ákveði eigandi eða umráðamaður bifreiðar, sem greitt hefur skatt fyrir hvern ekinn kílómetra, að greiða fast árgjald skal hann láta lesa á ökumæli bifreiðarinnar, greiða gjöld í samræmi við álestur að fullu og láta eftirlitsmann með mælunum rjúfa innsigli á ökumæli. Fyrir hvern mánuð, sem þá er eftir gjaldárs, skal greiða 1/12 árgjalds.

Skattinn skal sá greiða, sem er skráður eigandi á gjalddaga eða síðast var það, ef bifreið er afskráð sem ónýt. Hafi bifreið skipt um eiganda án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda.

Lækka skal eða endurgreiða þungaskatt að réttri tiltölu hafi skattskyld bifreið verið afskráð sem ónýt eða skráningarmerki bifreiðar verið afhent lögreglustjóra í skráningarumdæmi hennar til geymslu í a.m.k. 30 daga samfellt.

Velji eigendur jeppabifreiða að greiða fast árgjald skv. a-lið 5. gr. eiga þeir rétt á endurgreiðslu á helmingi árgjalds skv. 5. gr., sanni þeir með vottorðum frá hlutaðeigandi skattstjóra að þeir hafi haft meiri hluta atvinnutekna sinna næstliðið ár, að frádregnum kostnaði við öflun þeirra, af búrekstri, svo og lýsi því yfir að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við landbúnaðarstörf.

9. gr.

Innheimtu bensíngjalds, gúmmígjalds og þungaskatts annast lögreglustjórar, en í Reykjavík tollstjóri, og fer um reikningsskil eftir því sem ráðherra skipar fyrir. Bensíngjald og gúmmígjald skulu innheimt með aðflutningsgjöldum og njóta sömu lögverndar og þau.

10. gr.

Við aðalskoðun ökutækis ár hvert skal eigandi þess eða umráðamaður færa sönnur á að greiddur hafi verið af því allur sá þungaskattur sem gjaldfallinn er á skoðunardegi. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á ökutækinu, taka af því skráningarmerki og afhenda lögreglustjóra. Lögreglustjóri skal ekki afhenda skráningarmerki aftur fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu fyrrnefndra gjalda.

Skráning og/eða umskráning ökutækis skal ekki fara fram nema árgjald af ökutækinu skv. a-lið 5. gr. sé greitt til næsta gjalddaga, en til umskráningardags sé um að ræða þungaskatt samkvæmt ökumæli.

Sé ekki komið með ökutæki til skoðunar eða gjöld af því ekki greidd á réttum gjalddaga skal lögreglustjóri, eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns, stöðva ökutækið hvar sem til þess næst og taka merki þess til geymslu svo sem að framan segir.

Þungaskattur hefur lögtaksrétt og skal ökutækið vera að veði fyrir gjöldum þessum. Skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

11. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að greiða skuli sérstakt umferðargjald til ríkissjóðs af bifreiðum sem fara um tiltekna vegi eða brýr.

12. gr.

Til greiðslu kostnaðar samkvæmt vegalögum skal auk þeirra tekna sem aflað verður samkvæmt ákvæðum laga þessara veita árlega sérstakt framlag á fjárlögum.

Eftir því sem ákveðið er í fjárlögum ár hvert skal ríkissjóður gefa út happdrættisskuldabréf í því skyni að afla fjár til hringvegar um landið. Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þessi með því að binda endurgreiðslu höfuðstóls vísitölu. Um framtals- og skattfrelsi þessara bréfa fer eftir ákvæðum laga nr. 7/1974, sbr. lög nr. 99/1971.

13. gr.

Með gildistöku laga þessara eru felld úr gildi lög nr. 79 6. september 1974.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við gerð vegáætlunar 1975 var gert ráð fyrir að árlegar tekjur vegasjóðs ykjust um 175 milljónir króna. Þessum tekjum skyldi náð með því að setja gjaldmæla í allar dísilbifreiðar, sem væru 4 000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, svo og festi- og tengivagna. Einnig skyldu settir ökumælar til gjaldákvörðunar í dísilknúnar leigubifreiðar til fólksflutninga. Nú þegar hafa verið settir mælar í flestar þær bifreiðar og vagna sem eru yfir hinum tilskildu mörkum en frestur var þó veittur á ísetningu mæla í leigubifreiðar til fólksflutninga og sendibifreiðar.

Við athugun á bifreiðaskrá hefur komið í ljós að nokkrar sendibifreiðar, sem nota annað eldsneyti en bensín, ná ekki 4 000 kg leyfðri heildarþyngd og er þungi þeirra á bilinu 3 700—4 000 kg. Ekki þykja efni til að mismunandi reglur gildi um dísilsendibifreiðar að öðru leyti en því sem a-liður 5. gr. frumvarpsins kveður á um. Eru því þyngdarmörkin færð úr 4 000 kg í 3 700 kg.

Að höfðu samráði við samtök leigubílstjóra þótti sanngjarnt að verða við þeim tilmælum að eigendur dísilbifreiða, er væru minni en 3 700 kg að leyfðri heildarþyngd svo og eigendur dísilsendibifreiða í leiguakstri, gætu átt um það val hvort þeir greiddu tiltölulega hátt fast árgjald eða gjald fyrir hvern ekinn kílómetra. Gildir sú skipan reyndar fyrir alla eigendur dísilbifreiða séu bifreiðar þeirra undir áðurnefndum þyngdarmörkum. Gert er þó ráð fyrir að heimild ráðherra til að ákveða aðra skipan mála verði þó haldið, sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins. Breytingar sem með frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði á núgildandi lögum um fjáröflun til vegagerðar hafa að líkindum í för með sér tekjuauka er nemur 160 milljónum króna en talið er að skattlagning festi- og tengivagna hafi haft í för með sér 20 milljón króna tekjuauka.

Frumvarp þetta er í reynd frumvarp um breyting á lögum nr. 79/1974 og felur í sér efnisbreytingu á 5. gr. þeirra laga. Þar sem víða í lögum þeim er vitnað til ákvæða 5. gr. og breyta þurfti þeim tilvitnunum var horfið frá að flytja frumvarpið sem breytingartillögu, enda hefði hvort sem er þurft að fella breytingarnar inn í meginmál laga nr. 79/1974.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1., 2., 3. og 4. gr.

Greinarnar eru efnislega óbreyttar frá lögum nr. 79 6. sept. 1974.

Um 5. gr.

Skv. a-lið greinarinnar er gert ráð fyrir hækkun á árlegum þungaskatti dísilbifreiða, sem eru minna en 3 700 kg að leyfðri heildarþyngd, úr 42 000 kr. í 126 000 kr.

Þessi hækkun miðar að því að draga nokkuð úr þeim mikla mismun sem er á skattlagninu eldsneytis á bifreiðar, eftir því hvort um er að ræða bensín eða dísilolíu. Skattar sem lagðir eru á hvern bensínlítra nema nú 34,04 kr., þar af 16 kr. í vegasjóð, en einungis 6,91 kr. á hvern lítra dísilolíu og rennur ekkert af þeirri upphæð í vega-

sjóð. Greinin veitir þó eigendum bifreiða, er greiða eiga fast gjald, heimild til að óska eftir að greiða ákveðið gjald fyrir hvern ekinn kílómetra, í stað hins fasta árgjalds, á sama hátt og um væri að ræða bifreið sem er 3 700 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd.

Um 6. gr.

Greinin er óbreytt frá lögum nr. 79 6. september 1974.

Um 7. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því er lýtur að breytingum samfara breytingum á 5. gr.

Um 8. gr.

Gjalddagi þungaskatts hefur til þessa verið einn, þ. e. 1. janúar ár hvert. Með hækkun þungaskatts er gjalddögum fjölgað í tvo, þ. e. 1. janúar og 1. apríl. Þá eru í greininni ákvæði um hvernig hagað skuli skattheimtu ef eigandi eða umráðamaður bifreiðar kýs að breyta um gjaldstofn eftir að gjaldár er hafið.

Þá er einfremur í greininni ákvæði um að bændur eigi rétt á endurgreiðslu á helmingi fastagjaldsins. Er það svo sem áður hefur verið. Rétt er þó að benda á að bændur geta óskað eftir að greiða gjald fyrir hvern ekinn kílómetra sem aðrir, í stað hins fasta árgjalds.

Um 9. gr.

Greinin er óbreytt frá lögum nr. 79/1974.

Um 10. gr.

Greinin er að efni til óbreytt frá lögum nr. 79/1974 nema í stað orðsins „bifreið“ kemur orðið „ökutæki.“

Um 11. og 12. gr.

Greinarnar eru óbreyttar frá lögum nr. 79/1974.

Um 13. og 14. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Nd. 149. Nefndarálit [19. mál]

um frv. til l. um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Þórarinn Þórarinsson.

Alþingi, 11. des. 1975.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm.	Lárus Jónsson, fundaskr.	Ey. Kon. Jónsson.
Lúðvík Jósepsson.	Gylfi Þ. Gíslason.	Tómas Árnason.

Nd. 150. Nefndarálit [89. mál]

um frv. til l. um sérstakt tímabundið vörugjald.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frv. þetta er flutt til staðfestingar á bráðabirgðalögum, sem sett voru í júlímánuði s. l. Undirritaðir nefndarmenn mæla með að frumvarpið verði samþykkt. Minni hlutinn, Lúðvík Jósepsson og Gylfi Þ. Gíslason, skilar sérálitum. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Þórarinn Þórarinsson.

Alþingi, 11. des. 1975.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm. Lárus Jónsson, fundaskr. Ey. Kon. Jónsson.
Tómas Árnason.

Nd. 151. Nefndarálit [105. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, sbr. l. nr. 7/1963, l. nr. 76/1967, l. nr. 10/1974 og l. nr. 85/1974.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Undirritaðir nefndarmenn mæla með samþykkt frumvarpsins. Minni hlutinn, Lúðvík Jósepsson og Gylfi Þ. Gíslason, skilar sérálitum. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Þórarinn Þórarinsson.

Alþingi, 11. des. 1975.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm. Lárus Jónsson, fundaskr. Ey. Kon. Jónsson.
Tómas Árnason.

Nd. 152. Nefndarálit [107. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 5 28. febr. 1975, um ráðstafanir vegna snjóflóða í Norðfirði og fjáröflun til Viðlagasjóðs.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess.

Nefndin vísar til yfirlýsinga hv. forsætisráðherra um að staðið verði við allar skuldbindingar stjórnvalda um aðstoð og fyrirgreiðslu vegna eldgossins í Vestmannaeyjum og snjóflóðanna í Neskaupstað.

Gylfi Þ. Gíslason tekur fram, að hann geri ráð fyrir því, að sömu reglur gildi um bótagreiðslur í Neskaupstað og gilt hafa í Vestmannaeyjum.

Alþingi, 11. des. 1975.

Ólafur G. Einarsson, form. Tómas Árnason, frsm. Lárus Jónsson, fundaskr.
Gylfi Þ. Gíslason. Þórarinn Þórarinsson. Ey. Kon. Jónsson.
Lúðvík Jósepsson.

Sþ. 153. Nefndarálit [69. mál]

um till til þál. um aðgerðir til þess að draga úr tóbaksreykingum Íslendinga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin telur tillögu þessa þarfa og tímabæra. Fjölmargir aðilar, félagasamtök, nefndir og stofnanir, beita sér gegn tóbaksneyslu. Nauðsynlegt er að samræma það varnaðarstarf.

Eðlilegt er að heilbrigðisráðuneytið skipi nefnd sem geri tillögur um samhæfðar aðgerðir.

Allsherjarnefnd mælir með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 11. des. 1975.

Ellert B. Schram, form., frsm.	Jón Helgason, fundaskr.	Jónas Árnason.
Magnús T. Ólafsson.	Ólafur G. Einarsson.	Lárus Jónsson.
	Jón Skaftason.	

Nd. 154. Nefndarálit [89. mál]

um frv. til l. um sérstakt tímabundið vörugjald.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta er flutt til staðfestingar á bráðabirgðalögum, sem út voru gefin 16. júlí 1975, um 12% vörugjald af tilteknum vöruflokkum, sem innheimta skyldi til ársloka.

Nokkru áður en þessi bráðabirgðalög voru gefin út hafði ríkisstjórnin, í sambandi við samningagerð launþegasamtaka og samtaka vinnuveitenda, lýst því yfir að skattar yrðu lækkaðir um 2000 millj. kr. Við þetta fyrirheit var að sjálfsögðu staðið. En skömmu síðar voru annars konar byrðar lagðar á almenning, þ. e. 12% vörugjaldið, sem gerði launþegum að greiða miklu hærri fjárhæð í ríkissjóð í formi hækkaðs vöruverðs en nam beinu skattalækkuninni. Launþegasamtökin hlutu auðvitað að líta á þessa ráðstöfun sem brigð á því samkomulagi, sem þau höfðu gert við ríkisstjórnina, og andmæltu því bráðabirgðalögunum harðlega, enda hafði alls ekkert samráð verið við þau haft fyrir setningu þeirra, þótt skömmu áður hafi verið gert samkomulag um fyrrnefnda skattalækkun.

Þingflokkur Alþýðuflokksins lítur svo á, að útgáfa þessara bráðabirgðalaga hafi verið óeðlileg ráðstöfun og gerð á mjög óheppilegum tíma, með hliðsjón af nýgerðum kjarasamningum. Hann mun því greiða atkvæði gegn staðfestingu bráðabirgðalaganna.

Alþingi, 11. des. 1975.

Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. **155. Nefndarálit** [105. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, sbr. lög nr. 7/1963, lög nr. 76/1967, lög nr. 10/1974 og lög nr. 85/1974.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Meginefni þessa frv. er, að haldið skuli áfram að innheimta þau tvö söluskattsstig, sem runnið hafa í Viðlagasjóð, en falla áttu niður um næstu áramót, og skuli tekjurnar framvegis renna í ríkissjóð.

Þingflokkur Alþýðuflokksins hefur markað þá stefnu, að gagnger breyting sé orðin nauðsynleg og tímabær í skattheimtu ríkissjóðs. Hafa þingmenn flokksins flutt tillögu til þingsályktunar, þar sem þeirri stefnubreytingu, sem flokkurinn telur nauðsynlega, er lýst ítarlega og hún rökstudd. Kjarni hinnar nýju stefnu er sá, að ríkissjóður hætti að innheimta tekjuskatt af launatekjum. Rökin fyrir því eru fyrst og fremst þau, að tekjuskattur, í því formi sem hann er nú innheimtur, er í reynd orðinn að skatti á launamenn. Svo gróft félagslegt misrétti siglir nú í kjölfar tekjuskattsheimtunnar, að óviðunandi er. Allar tilraunir, sem gerðar hafa verið á undanförnum árum til þess að eyða þessu misrétti með breytingum á tekjuskattslöggjöfinni, hafa mistekist. Þingflokkur Alþýðuflokksins telur því, að eina leiðin til þess að koma í veg fyrir ranglæti það, sem launþegar hafa orðið fyrir í sambandi við tekjuskattsheimtuna, sé að afnema tekjuskatt af launatekjum algjörlega. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að áfram verði greiddur tekjuskattur af atvinnurekstri og jafnframt gerðar ýmsar breytingar á þeirri tekjuskattheimtu, í því skyni að tryggt verði, að tekjuskattsgreiðsla af atvinnurekstri verði réttlátari en hún hefur verið.

Verði tekjuskattur af launatekjum felldur niður, þarf að sjálfsögðu að bæta ríkissjóði þann tekjumissi, sem það hefði í för með sér, auk þess sem gera verði nokkrar breytingar á almannatryggingakerfinu og annarri þjónustu hins opinbera við láglaunafólk til þess að tryggja að skattkerfisbreytingin yrði ekki til þess að draga úr tekjuöflun í þjóðfélaginu, heldur öllu fremur til þess að auka hana. Meginskerfurinn til þess að bæta ríkissjóði tekjumissinn ætti að vera fólginn í því að halda áfram að innheimta þau tvö söluskattsstig, sem hingað til hafa runnið í Viðlagasjóð. Þegar fært þykir að hætta að innheimta það eina söluskattsstig, sem nú gengur til þess að draga úr áhrifum verðhækkunar á olíu, mætti einnig halda innheimtu þess áfram, þannig að söluskattur héldist 20%, eins og nú er. Að svo miklu leyti sem tekjur af þeim söluskattsstigum, sem nú eru tímabundin, nægði ekki til þess að bæta ríkissjóði tekjumissinn og til þess að standa straum af nokkurri aukinni þjónustu við láglaunafólk, hefur þingflokkur Alþýðuflokksins í greinargerð sinni fyrir þingsályktunartillögunni um afnám tekjuskatts af launatekjum gert grein fyrir því, hvernig afla mætti ríkissjóði nauðsynlegra tekna.

Þar eð þetta frv. gerir ráð fyrir því, að þau tvö söluskattsstig, sem undanfarið hafa gengið til Viðlagasjóðs, skuli framvegis renna í ríkissjóð til þess að mæta almennum útgjöldum hans, geta þingmenn Alþýðuflokksins ekki á það fallist og munu greiða atkvæði gegn því. Hins vegar eru þeir samþykkir því ákvæði frv., sem felst í 2. málsgr. 1. gr., að eðlilegt sé að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fái 8% —átta af hundraði — af innheimtum söluskatti.

Alþingi, 11. des. 1975.

Gylfi Þ. Gíslason.

Ed. 156. Nefndarálit [98. mál]

um frv. til l. um lækkun lögbundinna framlaga á fjárlögum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt. Minni hlutinn skilar séráliti.

Alþingi, 11. des. 1975.

Halldór Ásgrímsson, form. Jón G. Sólnes, frsm. Jón Helgason, fundaskr.
Albert Guðmundsson. Axel Jónsson.

Ed. 157. Nefndarálit [110. mál]

um aukatekjur ríkissjóðs.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 11. des. 1975.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Jón Helgason, fundaskr. Albert Guðmundsson.
Jón G. Sólnes. Ragnar Arnalds. Axel Jónsson.
Jón Árm. Héðinsson.

Ed. 158. Nefndarálit [100. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7/1972, lög nr. 60/1973, lög nr. 10/1974 og lög nr. 11/1975.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á tveim fundum.

Ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytis og fulltrúi Þjóðhagsstofnunar komu á fundi nefndarinnar og skýrðu ýmis atriði.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins, en minni hluti nefndarinnar skilar séráliti.

Alþingi, 11. des. 1975.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Jón Helgason, fundaskr. Axel Jónsson.
Jón G. Sólnes.

Ed. 159. Nefndarálit [100. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7/1972, lög nr. 60/1973, lög nr. 10/1974 og lög nr. 11/1975.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þar sem ég tel eignarskatt óréttlátan skatt til tekjuöflunar ríkissjóðs mæli ég gegn hækkun þeirri, sem nú er fyrirhuguð, og tel að stefna beri að því að leggja eignarskatta niður.

Gjaldþol fólks þolir ekki íþyngjandi álögur eins og málum er nú komið.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir hækkun tekna til ríkissjóðs af eignarskatti af einstaklingum og félögum frá fjárlögum 1975 úr 443 millj. kr. í 952 millj. kr. Er hér um að ræða 509 millj. kr. viðbótarálag á umræddа skattgreiðendur, sem ég met sem lið í eignaupptöku og leyfi mér að vara við.

Ungum og öldnum, sem lagt hafa afrakstur erfiðis síns til eignasköpunar í þjóðfélaginu, er hegnt með sihækkandi eignarsköttum. Þessu vil ég leggjast gegn og mun því mótmæla þessum hækkunum með því að greiða atkvæði gegn ofangreindu ákvæði til bráðabirgða sem felst í frumvarpi til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Alþingi, 11. des. 1975.

Albert Guðmundsson.

Ed. 160. Nefndarálit [98. mál]

um frv. til l. um lækkun lögbundinna framlaga á fjárlögum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Við erum andvígir þessu frumvarpi, enda eru flest þessi framlög nauðsynleg og óhjákvæmileg og mestar líkur á, að í reynd verði samþykkt þessa frumvarps sýndarmennska.

Alþingi, 11. des. 1975.

Ragnar Arnalds, frsm. Jón Árm. Héðinsson.

Ed. 161. Nefndarálit [100. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7/1972, lög nr. 60/1973, lög nr. 10/1974 og lög nr. 11/1975.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta stefnir að hækkun á matsverði fasteigna til eignarskattsálagningar, og er matið 2.7-faldað. Ekki er óeðlilegt, að matið sé hækkað, en sjálfsagt virðist, að lágmarksupphæðir, sem skatturinn er miðaður við, séu hækkaðar að sama

skapi. Þetta er þó ekki gert í frumvarpinu, og er lágmarksupphæðin, sem áður var ein milljón kr., hækkuð í tvær milljónir kr. í stað þess að hækka hana í 2.7 milljónir kr., eins og eðlilegast væri. Afleiðingin verður sú, að skattaálögur aukast verulega á nettóeign sem í dag hlýtur að teljast smáeign. Þetta er þeim mun ósanngjarnara, þar sem eignarskatturinn kemur til viðbótar fasteignaskatti til sveitarfélaga, sem er brúttóskattur og leggst því af fullum þunga á smáar fasteignir.

Undirritaðir nefndarmenn geta ekki fallist á þessa niðurstöðu af hækkun fasteignamatsins, og berum við því fram svofellda

BREYTINGATILLÖGU:

2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða orðist svo:

Fjárhæðir í skattstiga í 1. tl. 26. gr. l. nr. 68/1971, sbr. 12. gr. l. nr. 7/1972, hækki þannig að af fyrstu 2 700 000 kr. skattgjaldseign greiðist enginn skattur, af næstu 2 700 000 kr. skattgjaldseign greiðist 0.6% og af þeirri skattgjaldseign, sem þar er fram yfir, greiðist 1%.

Alþingi, 11. des. 1975.

Ragnar Arnalds, frsm. Jón Árm. Héðinsson.

Nd. 162. Nefndarálit [89. mál]

um frv. til l. um sérstakt tímabundið vörugjald.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarpið er flutt til staðfestingar á bráðabirgðalögum ríkisstjórnarinnar frá 16. júlí s. l. sumar.

Efni frv. er um sérstakt 12% innflutningsgjald sem lagt var á tiltekna vöruflokka. Þegar lögin voru sett var ráðgert að gjald samkv. þeim mundi nema um 1850 millj. kr. á 5 mánuðum, eða til ársloka 1975.

Ríkisstjórnin hefur lýst því yfir, að gjald þetta muni verða fellt niður um áramót, en þó mun hún nú hafa einhverja eftirþanka út af þessari yfirlýsingu. Kannske verður niðurstaðan sú, að gjaldið verði enn framlengt þrátt fyrir allar fyrri yfirlýsingar um annað.

Þegar gjald þetta var lagt á, kom það mjög þvert á loforð ríkisstjórnarinnar, sem gefið var launþegasamtökunum í sambandi við lausn síðustu kjarasamninga. Þá var beinlínis samið um lækkun skatta, sem framkvæmd var að vísu í formi tekjuskatts, en tekin aftur með þessari sérstöku skattlagningu. Ég er af þessum ástæðum andvígur frumvarpinu og legg til að það verði fellt.

Alþingi, 11. des. 1975.

Lúðvík Jósepsson.

Nd. 163. Nefndarálit [105. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, sbr. lög nr. 7/1963, lög nr. 76/1967, lög nr. 10/1974 og lög nr. 85/1974.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í nefndinni vildu samþykkja frv. óbreytt, en ég og Gylfi Þ. Gíslason vildum fella frumvarpið.

Aðalefni frv. er um hækkun á söluskatti um 2 prósentustig til ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir að tvö söluskattsstig til Viðlagasjóðs falli niður nú í lok desembermánaðar, og er þá ætlun ríkisstjórnarinnar að færa þá skattheimtu yfir til ríkissjóðs.

Tvö söluskattsstig nema á ári um 2500 milljóna króna, og er því hér um að ræða aukna skattheimtu ríkissjóðs sem þeirri fjárhæð nemur. Það er skoðun okkar Alþýðubandalagsmanna að nú hefði átt að nota tækifærið og lækka heildar-söluskattsinnheimtuna sem þessum 2 stigum nemur, fyrst upplýst er að ekki sé nauðsynlegt að halda áfram þessari tekjuöflun Viðlagasjóðs. Augljóst er að ríkissjóður hefði getað aflað sér tekna á annan hátt en þennan, m. a. með sjálfsögðum breytingum á tekjuskattslögum, þannig að fyrirtæki greiði miklu hærri gjöld en þau gera nú.

Þá hefði einnig verið réttmætt að falla frá fyrirhugaðri lækkun á tollum á vörum frá Efnahagsbandalagslöndum, en skv. fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir 800 milljón króna lækkun á tollatekjum ríkissjóðs á næsta ári vegna slíkrar tollalækkunar.

Lækkun á söluskatti um tvö prósentustig hefði vissulega komið sér vel eins og nú standa sakir í verðlagsmálum. En það er eins og jafnan áður, þegar á reynir, þá hefur ríkisstjórnin lítinn áhuga á lækkun verðlags, þó að hún tali mikið um hættulegar afleiðingar verðbólgu.

Ég legg til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 11. des. 1975.

Lúðvík Jósepsson.

Sþ. 164. Tillaga til þingsályktunar [117. mál]

um könnun á vissum þáttum heilbrigðisþjónustunnar með tilliti til hugsanlegs sparnaðar og enn betri þjónustu með breyttu starfs- og rekstrarskipulagi.

Flm.: Sverrir Bergmann, Oddur Ólafsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um að fram fari könnun á skipulagi eftirgreindra þátta heilbrigðisþjónustunnar:

1) heimilislækningum,
2) sérfræðilæknisþjónustu,
3) þjónustu við sérstaka sjúklingahópa og
4) rekstri sjúkrahúsa með tilliti til þess, hvort hægt sé með skipulagsbreytingu að stuðla í senn að:
   a) enn bættri heilbrigðisþjónustu og
   b) umtalsverðum sparnaði.

Í könnun þessari skulu eftirfarandi atriði sérstaklega tekin til athugunar:

A) að greiðsla til heimilislækna eftir gildandi númerakerfi verði lögð niður, en þess í stað teknar upp greiðslur fyrir beint unnin læknisstörf eingöngu,

B) að sérfræðileg læknisþjónusta verði í áföngum eingöngu unnin á sjúkrahúsum, jafnt fyrir þá sjúklinga, er þar liggja, sem og hina, er slíkrar þjónustu þarfnast án innlagningar á sjúkrahús,
C) að sérfræðileg læknisþjónusta við sérstaka sjúklingahópa verði fastur liður í starfsemi einstakra sérdeilda við sjúkrahúsin og
D) að samanburður verði gerður á ólíku rekstrarfyrirkomulagi sjúkrahúsa hérlendis sem erlendis með tilliti til þess, af hverju rekstrarfyrirkomulagi megi vænta bestrar og hagkvæmastrar nýtingar tækja, aðstöðu og vinnuafls miðað við íslenskar aðstæður.

Athugun þessi fari fram í sambandi við yfirstandandi endurskoðun á lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum um almannatryggingar.

Greinargerð.

Ástæður til flutnings þessarar þingsályktunartillögu eru margar, en þessar helstar:

1) Heilbrigðisþjónusta er dýr. Það er staðreynd, sem ekki er hægt að loka augunum fyrir. Nær 35% af útgjöldum ríkissjóðs ganga til heilbrigðis- og tryggingamála. Þetta er vafalaust ekki mjög óeðlilegt. Góð heilbrigðisþjónusta krefst mikils og vel menntaðs mannafla, dýrra tækja og góðs rýmis og nægjanlegs. Framfarir á sviði heilbrigðismála eru örar og krefjast stöðugt aukinnar þekkingar starfsliðs ásamt með aukningu og endurnýjun tækja og aðstöðu. Ekkert menningarþjóðfélag afsalar sér góðri heilbrigðisþjónustu eða hættir á að dragast aftur úr í framþróun á þessu sviði, enda er þetta einn af hornsteinum þess að um menningar- og velferðarþjóðfélag verði talað. Hins vegar er mikilvægt að meðferð mikilla fjármuna sé vel skipulögð, þannig að engu sé á glæ kastað, og því er áríðandi að kanna, hvort breytt skipulag ýmissa starfsþátta heilbrigðisþjónustunnar leiði til bættrar þjónustu án kostnaðarauka og jafnvel með beinum sparnaði.

2) Kerfi það, sem nú er við lýði, viðkomandi þeim þáttum heilbrigðisþjónustunnar, sem í tillögunni er getið, er að nokkru byggt á laga- og reglugerðarákvæðum, en að öðru leyti til orðið vegna atvikaþróunar. Það hefur í mörgu reynst vel, en í öðru miður. Enda þótt nú sýnist um sinn næsta óhjákvæmilegt að nokkur töf verði á framkvæmdum á sviði heilbrigðismála liggja þó fyrir áætlanir um byggingu sjúkrahúsa eða stækkun þeirra ásamt með byggingu sérstofnana fyrir einstaka sjúklingahópa sem og fyrir aldraða. Þessu til viðbótar rísa svo upp heilsugæslustöðvar. Má augljóst vera að brýna nauðsyn ber til að hönnun allra þessara stofnana sé með þeim hætti að þar verði við komið því skipulagi á fyrrgreindum þáttum heilbrigðisþjónustunnar, er könnun leiði í ljós að best sé: í fyrsta lagi með tilliti til gæða þjónustunnar og í öðru lagi með tilliti til hagkvæmni. Æskilegast er auðvitað, að þetta hvort tveggja geti jafnan farið saman, en ella má ekki fórna hinu fyrr talda vegna hins síðar nefnda.

3) Á sviði heilbrigðisþjónustu er starfsskipulag, sem tryggir bestu nýtni þekkingar, tækja og aðstöðu, í senn forsenda góðrar og í raun ódýrastrar þjónustu. Nauðsyn slíks skipulags er auðsæ í ljósi þeirra miklu fjármuna, sem óhjákvæmilega hljóta að renna til heilbrigðisstarfseminnar. Ekkert kerfi stendur til eilífðar, jafnvel ekki með lagfæringum, þótt góðar kunni að vera hver um sig. Tímarnir breytast og aðstæður allar og nauðsyn á könnun nýskipunar er reglubundið fyrir hendi.

Þetta eru þau meginsjónarmið er liggja til þess að þessi þingsályktunartillaga er flutt og nefndrar könnunar óskað.

Um þá einstöku þætti, sem sérstaklega er óskað athugunar á, verður ekki fjallað nákvæmlega í þessari greinargerð, enda nánast óviðeigandi og ekki ætlunin að gefa sér neina niðurstöðu fyrir fram. Könnunin verður að skera úr um það, hvort nýskipan eins og upp á er stungið leiðir til meiri hagkvæmni og betri þjónustu heldur en það kerfi, sem við nú búum við. Í framsögu með þessari tillögu verða þó þessir einstöku þættir nánar skýrðir sem og það hversu ætla má að þeir hafi áhrif. Nauð-

synlegt er hins vegar að vekja athygli á því að leiði þessi könnun til jákvæðrar niðurstöðu og verði starfsskipulagi breytt í samræmi við það getur slíkt aðeins gerst í áföngum og með fullu samþykki og í náinni samvinnu við þá aðila alla sem hér hafa hagsmuna að gæta með ýmsu móti, enda væri annað ósanngjarnt. Raunar getur þetta einnig aðeins gerst í áföngum, vegna þess að uppbygging sjúkrastofnana, sem þegar eru, er að mestu með þeim hætti að nýrri starfsskipan verður ekki við komið nema með breytingum, sem óhjákvæmilega taka nokkurn tíma, enda þótt haga megi hönnun nýrra stofnana með slíkt nýtt starfsfyrirkomulag fyrir augum.

Þá er einnig rétt að vekja athygli á því, að allir þessir þættir eru nátengdir. Nýskipan sú, sem lagt er til að könnuð verði, mundi í raun þýða tilfærslu á umsvifum og hugsanlega verulega aukningu þeirra og horfir það til bættrar þjónustu, en um leið væri nokkur ástæða til þess að ætla, að heildarkostnaður yrði lægri, því þótt verulega hækkaði hjá einum greiðsluaðila kæmi á móti enn meiri lækkun hjá öðrum. Í heild gæti því orðið um útgjaldalækkun að ræða og skapaðist þá svigrúm til annaðhvort sparnaðar á opinberu fé eða þá til enn frekari uppbyggingar á sviði heilbrigðismála.

Nd. 165. Lög [19. mál]

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

(Afgreidd frá Nd. 12. des.)

Samhljóða þskj. 22.

Ed. 166. Lög [33. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1973.

(Afgreidd frá Ed. 12. des.)

Samhljóða þskj. 36.

Ed. 167. Lög [57. mál]

um eignarnámsheimild fyrir Neskaupstað á hluta jarðarinnar Nes í Norðfirði með hjáleigunum Bakka og Naustahvammi.

(Afgreidd frá Ed. 12. des.)

Samhljóða þskj. 158.

Ed. 168. Lög [61. mál]

um kaupstaðarréttindi til handa Garðahreppi.

(Afgreidd frá Ed. 12. des.)

Samhljóða þskj. 65.

Sþ. **169. Breytingartillögur** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1976.

Frá fjárveitinganefnd.

		Þús. kr.
1.	Við 4. gr. 1 02 203 Raunvísindastofnun háskólans.	
	a. Við 0 10 Laun.	
	Fyrir „58 356“ kemur	59 021
	b. Við 1 00 Tekjur.	
	Fyrir „24 964“ kemur	17 964
2.	Við 4. gr. 1 02 205 Stofnun Árna Magnússonar.	
	a. Við 0 10 Laun.	
	Fyrir „19 670“ kemur	20 170
	b. Við 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
	Fyrir „13 870“ kemur	13 370
3.	Við 4. gr. 1 02 232 Rannsóknaráð ríkisins. Nýr liður:	
	04 Ylræktarverkefni í Hveragerði	3 000
4.	Við 4. gr. 1 02 276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna.	
	Fyrir „48 728“ kemur	52 590
5.	Við 4. gr. 1 02 431 Iðnfræðsluráð.	
	0 10 Laun.	
	Fyrir „11 820“ kemur	14 820
6.	Við 4. gr. 1 02 501 Tækniskóli Íslands 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
	Fyrir „28 500“ kemur	36 000
7.	Við 4. gr. 1 02 516 Iðnskólar 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
	Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:	

Iðnskólar (02 516 080).

1.	Reykjavík	9 500
2.	Hafnarfjörður	3 300
3.	Keflavík	1 000
4.	Akranes	2 000
5.	Ísafjörður	2 000
6.	Sauðárkrókur	1 000
7.	Akureyri	9 000
8.	Neskaupstaður	500
9.	Vestmannaeyjar	4 000
		32 300

8.	Við 4. gr. 1 02 518 Fiskvinnsluskólinn 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
	Fyrir „3 800“ kemur	5 800
9.	Við 4. gr. 1 02 553 Hússtjórnarskólar 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
	Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:	

Hússtjórnarskólar (02 553 080).

1.	Laugarvatn	4 700
2.	Laugar	1 000
		5 700

Þús. kr.

10. Við 4. gr. 1 02 561 Myndlista- og handíðaskólinn 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.
Fyrir „827“ kemur 1 327

11. Við 4. gr. 1 02 571 Sjómannaskólahúsið.
0 27 Viðhald.
Fyrir „7 600“ kemur 14 000

12. Við 4. gr. 1 02 608 Héraðsskólar 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.
Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Héraðsskólar (02 608 080).

1. Reykholt	17 000	
2. Núpur	8 500	
3. Reykjanes	8 650	
4. Reykir	38 000	
5. Laugar	31 000	
6. Eiðar	9 500	
7. Skógar	5 000	
8. Laugarvatn	3 000	
		120 650

13. Við 4. gr. 1 02. Nýr liður:

621 Skálholtsskóli:

0 90 Yfirfærslur:		
0 94 Til einstaklinga, heimila og samtaka	5 000	
Gjöld samtals		5 000

14. Við 4. gr. 1 02 762 Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra.
a. Fyrir „1 019 164“ kemur 1 022 236
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra (02 762).

1. Réttarholtsskóli	227
2. Fossvogsskóli, 1. áf.	5 492
3. Fossvogsskóli, 2. áf.	20 000
4. Árbæjarskóli, 2. áf.	640
5. Árbæjarskóli, 3. áf.	10 667
6. Hvassaleiti, 2. áf.	1 229
7. Fellaskóli, 1. áf.	13 000
8. Hólabrekkuskóli, 1. áf.	20 000
9. Hagaskóli, íþróttahús	9 765
10. Öskjuhlíðarskóli, 1. áf.	15 000
11. Kvennaskólinn	12 000
12. Ölduselsskóli	21 700
13. Vogaskólinn og Langholtsskólinn	55 000
14. Fjölbrautaskólinn, 1. áf.	23 000
15. Fjölbrautaskólinn, verkstæðishús	20 000
16. Fjölbrautaskólinn, 2. áf.	18 000
17. Akranes, gagnfræðaskóli	6 515
18. Akranes, íþróttahús	17 000
19. Hvanneyri, íbúð	3 000
20. Kleppjárnsreykir	118
21. Varmaland, íbúð	112

		Þús. kr.
22.	Varmaland, íþróttahús (vatnsveita)	12 500
23.	Borgarnes, íþróttahús	11 000
24.	Laugargerði, lausar stofur	5 000
25.	Hellissandur, íþróttahús	10 000
26.	Ólafsvík, lausar stofur	5 000
27.	Grundarfjörður	3 711
28.	Stykkishólmur	3 376
29.	Búðardalur	4 145
30.	Laugar	7 482
31.	Hellissandur	1 000
32.	Bolungarvík	12 690
33.	Barðaströnd	7 640
34.	Mýrahreppur	8 910
35.	Súðavík	2 955
36.	Fells- og Óspakseyrarhr.	6 865
37.	Bæjarhreppur	6 625
38.	Þingeyri	3 000
39.	Flateyri	3 000
40.	Sauðárkrókur, gagnfræðaskóli	3 000
41.	Sauðárkrókur, dag- og heimavist	13 000
42.	Staðarhreppur, skóli, íbúð	4 000
43.	Laugarbakki, skóli, 1. áf.	2 603
44.	Laugarbakki, skóli, 2. áf.	18 000
45.	Þverárhreppur	2 847
46.	Húnavellir	20 000
47.	Varmahlíð	36 000
48.	Lýtingsstaðahreppur	3 000
49.	Hólahreppur	8 000
50.	Hofsós, 1. áf.	800
51.	Hofsós, 2. áf.	6 400
52.	Hofsós, íbúð	5 000
53.	Haganeshreppur	798
54.	Skagaströnd, skóli	1 000
55.	Akureyri, Glerárskóli, 1. áf.	6 351
56.	Akureyri, Glerárskóli, 2. áf., íþróttahús	15 000
57.	Akureyri, Lundarskóli, 1. áf.	6 000
58.	Akureyri, Oddeyrarskóli	2 000
59.	Akureyri, Lundarskóli, 2. áf.	2 000
60.	Húsavík, gagnfræðaskóli	4 875
61.	Ólafsfjörður	2 313
62.	Svarfaðardalur, skóli	736
63.	Svarfaðardalur, mötuneyti	1 600
64.	Dalvík, heimavist	10 000
65.	Þelamörk	1 359
66.	Hrafnagilsskóli, 2. áf.	6 826
67.	Hrafnagilsskóli, jarðboranir	4 500
68.	Stórutjarnir, skóli	10 500
69.	Stórutjarnir, sundlaug	2 250
70.	Hafralækur, skóli	3 700
71.	Hafralækur, íþróttahús	14 000
72.	Skúlagarður, íbúð	3 600
73.	Lundur	14 290

		Þús. kr.
74.	Reykdælahreppur	500
75.	Þórshöfn	2 000
76.	Seyðisfjörður, sundlaug	2 000
77.	Seyðisfjörður, skóli, Herðubr.	8 000
78.	Neskaupstaður, skóli	1 776
79.	Eskifjörður, skóli	12 000
80.	Hlíðarhreppur, skóli	8 000
81.	Borgarfjarðarhreppur, íbúð	1 450
82.	Hallormsstaður, skóli	463
83.	Egilsstaðir, skóli, 2. áf.	12 000
84.	Reyðarfjarðarhr., íþróttahús	8 350
85.	Búðahreppur, skóli	5 000
86.	Djúpivogur, skóli	6 000
87.	Nesjahreppur, 1. og 2. áf.	6 080
88.	Nesjahreppur, mötuneyti	2 000
89.	Vestmannaeyjar, íþróttahús	20 000
90.	Kirkjubæjarklaustur, skóli	5 397
91.	Kirkjubæjarklaustur, íbúðir, sundlaug	4 148
92.	Vík, skóli	10 900
93.	Laugalandsskóli	1 000
94.	Rangárvallahr., íbúð	2 282
95.	Selfoss, gagnfræðaskóli	23 000
96.	Selfoss, verknámshús	9 000
97.	Selfoss, lausar stofur	5 000
98.	Hraungerðishreppur, skóli	1 057
99.	Skeiðahreppur, sundlaug	6 000
100.	Gnúpverjahreppur, íbúð	627
101.	Hrunamannahreppur	3 500
102.	Biskupstungnahreppur, íbúð	239
103.	Biskupstungnahreppur, sundlaug	5 500
104.	Grímsnes, sundlaug	5 657
105.	Hveragerði, íþróttahús, 1. áf.	7 094
106.	Þorlákshöfn	640
107.	Kópavogur, Þinghólsskóli, 2. áf.	13 000
108.	Kópavogur, Kópavogsskóli, 3. áf.	14 000
109.	Kópavogur, Digranesskóli	22 000
110.	Kópavogur, Snælandsskóli	10 000
111.	Hafnarfjörður, Víðistaðaskóli	10 000
112.	Hafnarfjörður, Flensborgarskóli	16 000
113.	Hafnarfjörður, lausar stofur	2 000
114.	Keflavík, gagnfræðaskóli	12 000
115.	Krýsuvík	18 000
116.	Grindavík, íbúð	567
117.	Grindavík, lausar stofur	2 000
118.	Njarðvík, íþróttahús	6 007
119.	Njarðvík, skóli	7 000
120.	Garðakaupstaður, gagnfræðaskóli	30 000
121.	Garðakaupstaður, barnaskóli	5 445
122.	Bessastaðahreppur, skóli	3 000
123.	Seltjarnarnes, skóli	10 760
124.	Mosfellshreppur, gagnfræðaskóli	2 702

		Þús. kr.
125. Mosfellshreppur, íþróttahús	11 973	
126. Mosfellshreppur, barnaskóli	1 210	
127. Kjósarhreppur	1 000	
128. Vatnsleysustrandarhr., skóli	2 000	
129. Sandgerði	1 000	
		1 012 036

Til undirbúnings að framkvæmdum við skólabyggingar:

1. Laugalækjarskóli	300	
2. Seljaskóli	300	
3. Borgarnes	300	
4. Ólafsvík	300	
5. Grundarfjörður	300	
6. Bíldudalur	300	
7. Súðavík	300	
8. Hvammstangi	300	
9. Haganeshreppur	300	
10. Dalvík	300	
11. Þelamörk, íþróttahús	300	
12. Hrafnagil, íþróttahús	300	
13. Grenivík, skóli	300	
14. Hafralækur, íbúð	300	
15. Reykdælahreppur	300	
16. Skútustaðahreppur	300	
17. Kópasker	300	
18. Raufarhöfn	300	
19. Vopnafjörður	300	
20. Hallormsstaður	300	
21. Breiðdalshreppur	300	
22. A.-Landeyjar	300	
23. V.-Landeyjar	300	
24. Hvolhreppur	300	
25. Rangárvallahreppur	300	
26. Eyrarbakki	300	
27. Stokkseyri, sundlaug	300	
28. Þorlákshöfn, skóli	300	
29. Geithellnahreppur	300	
30. Höfn, Hornafirði	300	
31. Laugardalshreppur	300	
32. Seltjarnarneskaupstaður	300	
33. Hafnarfjörður, Hvaleyrarholtsskóli	300	
34. Nesjahreppur, sundlaug	300	
		10 200
		1 022 236

15. Við 4. gr. 1 02 882 Styrkur til myndlistarskóla 02 Reykjavík.
Fyrir „840“ kemur 1 200

16. Við 4. gr. 1 02 982 05 Til Leikfélags Reykjavíkur.
Fyrir „6 700“ kemur 7 500

17. Við 4. gr. 1 02 982 08 Leiklistarstarfsemi.
Fyrir „7 200“ kemur 8 200

18. Við 4. gr. 1 02 982. Nýr liður:
24 Tónlistarskóli Garðakaupstaðar, byggingarstyrkur 500

Þús. kr.

19. Við 4. gr. 1 02 986 Íþróttasjóður 03 Rekstrarstyrkir o. fl.
Fyrir „8 550“ kemur 10 500

20. Við 4. gr. 1 02 986 04 Til byggingar íþróttamannvirkja.
a. Fyrir „67 450“ kemur 67 742
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Til byggingar íþróttamannvirkja (02 986 04).

a. Þriðja greiðsla af fjórum til íþróttamannvirkja samþykktra í fjárlögum 1973:

	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Fimleikafélag Hafnarfjarðar, íþróttavöllur	647	
2. Kópavogur, leikvangur, I. áf.	7 003	
3. Reykjavík, Árbæjarvöllur	336	
4. Reykjavík, Bláfjöll, skíðamannvirki	2 206	
5. Reykjavík, Laugardalsframkv., II. áf.	7 225	
6. Reykjavík, Sundl. Vesturbæjar, II. áf.	5 000	
7. Knattspyrnufél. Fram, Rvík, vallarhús	1 816	
8. Glímufél. Ármann, íþróttahús	4 047	
9. Knattspyrnufél. Valur, Rvík, grasvöllur	517	
10. Knattspyrnufél. Rvíkur, Rvík, íþróttahús	924	
11. Ísafjörður, gras- og malarvöllur	667	
12. Ólafsfjörður, malarvöllur	285	
13. Knattspyrnufél. Þór, Akureyri, malarvöllur	331	
14. Húsavík, grasvöllur	1 000	
15. Vestmannaeyjar, stækkun grasvallar	1 963	
16. Umf. Víðir, Gerðahreppi, malarvöllur	233	
17. Umf. Þróttur, Vatnsleysustrandarhr., malarvöllur	288	
18. Umf. Afturelding, Mosfellssveit, malarvöllur ..	216	
19. Borgarnes, malarvöllur	422	
20. Ums. Borgarfjarðar, íþróttav. að Varmalandi	85	
21. Eyrarsveit, malarvöllur	268	
22. Stykkishólmur, malarvöllur	286	
23. Patreksfjörður, malarvöllur	192	
24. Þingeyri, malarvöllur	341	
25. Bolungarvík, malarvöllur	286	
26. Skagaströnd, Höfðahreppur, malarvöllur	331	
27. Þórshöfn, sundlaug	348	
28. Egilsstaðahreppur, malarvöllur	281	
29. Hvammshreppur (Vík í Mýrdal), malarvöllur ..	292	
30. Selfoss, íþróttasvæði	514	
		38 350

b. Önnur greiðsla af fjórum til íþróttamannvirkja samþykktra í fjárlögum 1974:

1. Knattspyrnufél. Haukar, Hafnarf., íþróttahús ..	1 300
2. Golfklúbburinn Keilir, Hafnarf., golfv. og hús ..	1 150
3. Kópavogur, malarvöllur og vallarhús	160
4. Tennis- og badmintonfél. Rvíkur, íþróttahús ..	3 400
5. Knattspyrnufél. Rvíkur, Rvík, grasvöllur og þakl.	800
6. Knattspyrnufél. Víkingur, Rvík, skíðaskáli	207
7. Ungtemplarafél. Hrönn, Rvík, skíðaskáli	214
8. Knattspyrnufél. Víkingur, Rvík, völlur	36
9. Knattspyrnufél. Fram, Rvík, grasvöllur	430

		Þús. kr.	Þús. kr.
10.	Reykjavík, vallarhús í Árbæjarhverfi	940	
11.	Reykjavík, skautasvell	920	
12.	Akranes, hlaupabraut	1 000	
13.	Golfklúbburinn Leynir, Akranesi, golfvöllur	200	
14.	Sauðárkrókur, framhald vallar	204	
15.	Golfkl. Siglufjarðar, golfvöllur	127	
16.	Skíðafél. Siglufjarðar Skíðaborg, stökkbraut	300	
17.	Íþróttabandalag Siglufj., íþróttamiðst. Hóli	300	
18.	Ólafsfjörður, golfvöllur	100	
19.	Akureyri, togbraut og skíðatroðari	500	
20.	Akureyri, skíðastökkbraut	200	
21.	Knattspyrnufél. Akureyrar, íþróttavöllur	385	
22.	Sjóróðrafél. Akureyrar, bátar	22	
23.	Húsavík, skíðatogbraut	200	
24.	Neskaupstaður, íþróttavöllur	200	
25.	Vestmannaeyjar, malarvöllur	300	
26.	Miðneshreppur, malarvöllur	200	
27.	Njarðvíkurhreppur, malarvöllur	100	
28.	Grindavík, malarvöllur	45	
29.	Umf. Íslendingur, Andakílshr., sundlaug	100	
30.	Umf. Dagrenning, Lundarreykjad., íþróttavöllur	99	
31.	Umf. Bardastrandar, sundlaug	112	
32.	Flateyrarhreppur, íþróttavöllur	150	
33.	Suðureyrarhreppur, íþróttavöllur	300	
34.	Hólmavíkurhreppur, íþróttavöllur	50	
35.	Umf. Kirkjubólshrepps, íþróttavöllur	42	
36.	Umf. Kormákur, Hvammstanga, íþróttavöllur	300	
37.	Umf. Öxndæla, íþróttavöllur	21	
38.	Umf. Geislinn, Aðaldalshr., íþróttavöllur	150	
39.	Reykjahreppur, íþróttavöllur	70	
40.	Skútustaðahreppur, íþróttavöllur	413	
41.	Umf. Bjarmi, Hálshreppi, íþróttavöllur	21	
42.	Umf. Borgarfjarðar, N.-Múl., íþróttavöllur	99	
43.	Eskifjörður, íþróttavöllur	700	
44.	Umf. Hrafnkell Freysgoði, Breiðdalshr., íþróttav.	30	
45.	Umf. Máni, Nesjahreppi, íþróttavöllur	200	
46.	Hafnarhreppur, A.-Skaft., íþróttavöllur	800	
47.	Hveragerði, böð við sundlaug	100	
			17 697

c. Fyrsta greiðsla af fjórum til íþróttamannvirkja samþykktra á fjárlögum 1975:

1.	Golfklúbbur Suðurnesja, golfvöllur	151
2.	Seltjarnarnes, íþróttavöllur	315
3.	Fimleikafél. Hafnarfj., grasvöllur	105
4.	Garðakaupstaður, tæki, íþróttav. og flutn. sundl.	153
5.	Reykjavík, íþróttavöllur í Fossvogi	1 600
6.	Rvík, Breiðholt III., grasv., hlaupabr., malarv.	1 600
7.	Knattspyrnufél. Rvíkur (skíðad.), skíðalyfta	325
8.	Íþróttafélag Rvíkur, skáli í Bláfjöllum	54
9.	Knattspyrnufél. Þróttur, Rvík, vallarh. og grasv.	506
10.	Ólafsvíkurhreppur, grasvöllur	15
11.	Íþróttabandalag Akraness, tæki	55
12.	Stykkishólmur, sundlaug, 2. áf.	104

		Þús. kr.	Þús. kr.
13.	Golfklúbbur Borganess, golfvöllur	75	
14.	Héraðsfélagsh. og íþrh. að Varmalandi, Mýr., íþróttaaðstaða	134	
15.	Íþróttafél. Grettir, Flateyri, skíðalyfta	35	
16.	Bæjarsjóður Siglufj., ljúka malarv. og vallarhúsi	207	
17.	Skíðafél. Siglufj. Skíðaborg, skíðalyfta (nr. 2)	130	
18.	Skíðafélag Fljótamanna, Skag., skíðaaðstaða	8	
19.	Raufarhafnarhr., íþróttavöllur	164	
20.	Umf. Reynir, Árskógsströnd, sundlaug	70	
21.	Umf. Mývetningur, Skútustaðahr., vallarhús	129	
22.	Héraðssamb. S.-Þing., stækkun vallar að Laugum	70	
23.	Golfklúbbur Húsavíkur, golfvöllur	76	
24.	Skútustaðahreppur, S-Þing., vallarh. og sundl.	184	
25.	Þórshöfn, N.-Þing., íþróttavöllur	164	
26.	Golfklúbbur Hafnarhrepps, A.-Skaft., golfvöllur og tæki	76	
27.	Búðakauptún, S.-Múl., íþróttavöllur	209	
28.	Umf. Hrunamanna, Árn., lúkning laugarhúss	104	
29.	Umf. Skeiðamanna, Árn., búningsklefar við völl	216	
30.	Ölfushreppur, Árn., íþróttav. Þorlákshöfn	42	
31.	Selfosshreppur, Árn., stækkun vallarhúss	324	
			7 400
d.	Til nýrra íþróttamannvirkja:		
1.	Grindavík, grasvöllur	35	
2.	Íþróttafélagið Gerpla, Kóp., fimleikatæki	45	
3.	Mosfellshreppur, setlaug	35	
4.	Fimleikafél. Hafnarfj., áhorfendasvæði, hand- og körfuknattleiksvöllur	100	
5.	Kópav., endurb. á sundlaug vegna hitaveitu	69	
6.	Keflavík og Grindavík, júdódýna	250	
7.	Kópav., 2. áf., áhorfendasv. ásamt búningsklefum, böðum og girðingu	100	
8.	Umf. Breiðablik, Kóp., skíðalyfta	35	
9.	Garðakaupstaður, tæki	24	
10.	Hafnarfjörður, setlaugar	35	
11.	Breiðholt II, II. áf., malarvöllur	50	
12.	Laugarhús við Sundl. Rvíkur	100	
13.	Laugardalsvöllur, III. áf., gerviefni á hlaupabr. (eystri völlur) og gras á sama völl, böð og búningsherbergi	130	
14.	Árbæjarvöllur, II. áf. grasvallar	75	
15.	Bláfjöll, II. áf., lýsing í brekkur, skíðalyfta, snjótroðari og þjónustuhús	130	
16.	Stór íþróttatæki; júdódýna og mishá tvíslá (Reykjavíkurborg)	295	
17.	K. R. (skíðad.), skáli og lýsing í brekkur	35	
18.	Glímufél. Ármann (skíðadeild), skáli í Bláfjöllum og endurbætur í Jósefsdal	35	
19.	Knattspyrnufélagið Víkingur, skíðalyfta, lyftuhús, lýsing í brekkur og snjógrindur (skíðad.)	50	
20.	Knattspyrnufélagið Víkingur, grasvöllur	70	
21.	Golfkl. Rvíkur, lokaframkvæmdir við golfvöll og golfskála	100	

		Þús. kr.	Þús. kr.
22.	Knattspyrnufél. Valur, II. áf. grasvallar	70	
23.	K. R., stækkun vallarsvæðis	100	
24.	Íþróttafél. Rvíkur, endurbygging skíðask. í Hamragili	50	
25.	Akranes, tæki á íþrvöll og íþróttahús	83	
26.	Bjarnalaug, Akranesi	70	
27.	Staðarsveit, Snæf., íþróttavöllur	20	
28.	Laxárdalshr. (Búðardalur), Dal., sundlaug ..	75	
29.	Umf. Dagrenning, Lundarreykjadal, framhaldsframkv. sundlaugar	20	
30.	Súðavíkurhr., N.-Ís., íþróttavöllur	30	
31.	Suðureyrarhreppur, V.-Ís., skíðalyfta	35	
32.	Íþróttabandalag Ísafj., skíðamannvirki	100	
33.	Ísafj., endurb. sundlaugar og íþróttahúss, hita- og hreinsitæki	80	
34.	Bolungarvík, grasvöllur	30	
35.	Bolungarvík, hlutdeild í sundlaug	100	
36.	Höfðahreppur A-Hún., skíðalyfta	40	
37.	Höfðahreppur, A-Hún., hreinsitæki í sundl. ..	40	
38.	Umf. Tindastóll, Sauðárkróki, skíðalyfta	35	
39.	Seyluhreppur, Skag., íþróttavöllur	30	
40.	Hofsóshreppur, Skag., íþróttavöllur	30	
41.	Íþróttabandalag Siglufjarðar, skíðalyfta	40	
42.	Reykjahreppur, S-Þing., sundlaug	35	
43.	Húsavík, hreinsitæki við sundlaug	40	
44.	Húsavík, yfirbygging sundlaugar	100	
45.	Ólafsfjörður, grasvöllur	70	
46.	Akureyri, endurbætur á sundlaug	39	
47.	Akureyri, lýsing skíðabrauta	70	
48.	Akureyri, áhaldahús	50	
49.	Golfkl. Akureyrar, golfvöllur	100	
50.	Golfkl. Akureyrar, golfskáli	80	
51.	Knattspyrnufél. Akureyrar, vallarh. og girð. ..	100	
52.	Knattspyrnufél. Þór, Akureyri, grasvöllur	50	
53.	Dalvík, grasvöllur og hlaupabraut	100	
54.	Dalvík, hand- og körfuknattleiksvöllur	50	
55.	Dalvík, áhorfendasvæði og bílasvæði	30	
56.	Seyðisfjörður, baðstofa	30	
57.	Seyðisfjörður, endurnýjun tækja í sundh.	50	
58.	Reyðarfjarðarhr., S-Múl., íþróttavöllur	100	
59.	Íþróttafél. Þróttur, Nesk., skíðalyfta	35	
60.	Búlandshreppur, sundlaug	80	
61.	Golfklúbbur Selfoss, Árn., golfvöllur	40	
62.	Selfosshreppur, útilaug við sundhöll	40	
63.	Umf. Selfoss, Selfossi, þjálfunartæki	130	
			4 295
			67 742

21. Við 4. gr. 1 02 988 02 Æskulýðsráð ríkisins.
Fyrir „2 800“ kemur 2 400

22. Við 4. gr. 1 02 988. Nýr liður:
03 Æskulýðssamband Íslands 400

Þús. kr.

23. Við 4. gr. 1 02 989 10 Til Ólympiunefndar.
Fyrir „1 000“ kemur 2 500
24. Við 4. gr. 1 02 999 61 Til sumarnámskeiða í Leirárskóla.
Fyrir „700“ kemur 1 200
25. Við 4. gr. 1 02 999 65 Sædýrasafnið í Hafnarfirði vegna stofnkostnaðar.
Fyrir „1 600“ kemur 2 000
26. Við 4. gr. 1 04 206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins 14 Landgræðsluáætlun.
Fyrir „20 389“ kemur 21 389
27. Við 4. gr. 1 04 231 Skógrækt ríkisins 11 Landgræðsluáætlun.
Fyrir „43 247“ kemur 50 547
28. Við 4. gr. 1 04 235 Landgræðsla.
a. Við 0 20 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „29 381“ kemur 31 881
b. Við 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.
Fyrir „222 475“ kemur 235 875
29. Við 4. gr. 1 04 241 Landnám ríkisins 02 Til byggingar íbúðarhúsa.
Fyrir „14 250“ kemur 17 250
30. Við 4. gr. 1 04 247 Embætti yfirdýralæknis. Nýr liður:
0 27 Viðhald 2 000
31. Við 4. gr. 1 04 286 03 Fyrirhleðslur.
Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Fyrirhleðslur (04 286 03).

a. Til fyrirhleðslna, skuldagreiðslur:

1. Landmannalaugar	160	
2. Jökulsá á Dal	7 830	
3. Kelduá	20	
4. Kolgríma	90	
		8 100

b. Til fyrirhleðslna gegn ⅛ kostnaðar annars staðar frá, skuldagreiðslur:

1. Djúpá hjá Maríubakka	130	
2. Kúðafljót	4 270	
3. Skálm hjá Skálmarbæ	200	
4. Þjórsá hjá Þrándarholti	130	
5. Kaldakvísl við Tjaldanes	200	
6. Hvítá í Hvítársíðu	30	
7. Súluá og Grjótá í Svínadal	120	
8. Hrafnsá og Slýá	130	
9. Húsadalsá	100	
10. Húseyjarkvísl hjá Víðimel	200	
11. Svartá hjá Starrastöðum	60	
12. Hvammsá hjá Flugumýrarhvammi	150	
13. Skiðadalsá hjá Másstöðum	270	
14. Tungná í Fáskrúðsfirði	50	
15. Hoffellsá	10	
		6 050

c. Til fyrirhleðslna gegn ⅛ kostnaðar annars staðar frá, viðhald, skiptist af matsnefndum:

1. Suðurlandskjördæmi	4 400
2. Reykjaneskjördæmi	200
3. Vesturlandskjördæmi	600

Þús. kr.

4.	Norðurlandskjördæmi vestra	1 500	
5.	Norðurlandskjördæmi eystra	300	
6.	Austurlandskjördæmi	2 790	
			9 790
			23 940

32. Við 4. gr. 1 04 286 04 Landþurrkun.
Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Landþurrkun (04 286 04).

1.	Leiðvallarhreppur	150	
2.	Holtsós	150	
3.	Austur-Landeyjar	75	
4.	Vestur-Landeyjar	100	
			475

33. Við 4. gr. 1 04 286 09 Jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir.
Fyrir „3 325“ kemur ... 4 000

34. Við 4. gr. 1 04 299 07 Landgræðsluáætlun.
Fyrir „14 516“ kemur ... 16 316

35. Við 4. gr. 1 04 299. Nýr liður:
16 Til heykökuverksmiðju á Svalbarðseyri ... 650

36. Við 4. gr. 1 04 501 Bændaskólinn á Hvanneyri 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.
Fyrir „33 950“ kemur ... 36 950

37. Við 4. gr. 1 04 502 Bændaskólinn á Hólum 0 10 Laun.
Fyrir „14 125“ kemur ... 15 145

38. Við 4. gr. 1 05 299. Nýr liður:
01 Sjóvinnunámskeið ... 2 500

39. Við 4. gr. 1 05 901 Skrifstofa Rannsóknastofnana atvinnuveganna 0 20 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „21 447“ kemur ... 23 376

40. Við 4. gr. 1 06 244 Fangelsi í Síðumúla 0 20 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „6 532“ kemur ... 7 532

41. Við 4. gr. 1 06 252 Bifreiðaeftirlit 0 20 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „37 943“ kemur ... 41 543

42. Við 4. gr. 1 07 999 13 Slysavarnafélag Íslands.
Fyrir „12 962“ kemur ... 13 962

43. Við 4. gr. 1 08 381 03 Bygging sjúkrahúsa o. fl.
Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Bygging sjúkrahúsa, sjúkraskýla, læknamiðstöðva, elliheimila og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa (08 381 03).

a. Sjúkrahús o. fl.:

1.	Rvík, skuldagr.	6 300
2.	Rvík, þjónustudeild Borgarspítalans	40 000
3.	Rvík, B-álma Borgarspítalans	10 000
4.	Rvík, Arnarholt	20 000
5.	Rvík, heilsugæslustöð Árbæ	22 500
6.	Akranes, sjúkrahús	37 200
7.	Borgarnes H 2	16 000
8.	Búðardalur H 2	20 000
9.	Patreksfjörður	45 000
10.	Þingeyri H 1	1 000
11.	Bolungarvík H 1	17 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
12.	Ísafjörður, sjúkrahús	60 000	
13.	Súðavík	9 000	
14.	Hvammstangi, vararafstöð	2 000	
15.	Blönduós, sjúkrahús	10 000	
16.	Sauðárkrókur	10 000	
17.	Hofsós, læknamóttaka, breyting	500	
18.	Ólafsfjörður, heilsugæslustöð H 1	24 000	
19.	Dalvík, heilsugæslustöð H 2	24 000	
20.	Akureyri, sjúkrahús	75 000	
21.	Akureyri, heilsugæslustöð	5 000	
22.	Vopnafjörður, heilsugæslustöð H 1	11 800	
23.	Egilsstaðir H 2	6 900	
24.	Seyðisfjörður, heilsugæslustöð	4 000	
25.	Neskaupstaður, sjúkrahús	43 000	
26.	Fáskrúðsfjörður, heilsugæslustöð	1 000	
27.	Stöðvarfjörður, læknamóttaka	6 400	
28.	Breiðdalsvík	5 400	
29.	Vík í Mýrdal H 1	21 000	
30.	Höfn, Hornafirði H 2	25 400	
31.	Kirkjubæjarklaustur, heilsugæslustöð	17 000	
32.	Vestmannaeyjar, skuldagr.	20 000	
33.	Selfoss, sjúkrahús	50 000	
34.	Laugarás, skuldagr.	500	
35.	Hvolsvöllur, tækjakaup	1 600	
36.	Hella, tækjakaup	2 000	
37.	Keflavík, sjúkrahús	37 000	
38.	Hafnarfjörður, Sólvangur	4 000	
39.	Seltjarnarnes, heilsugæslustöð	2 000	
40.	Álafoss, heilsugæslustöð	1 000	
41.	Keflavík, heilsugæslustöð	2 000	
			717 000
b.	Elliheimili		50 790
c.	Læknisbústaðir:		
1.	Ólafsvík	3 500	
2.	Stykkishólmur	3 500	
3.	Búðardalur	2 000	
4.	Hólmavík	5 000	
5.	Hvammstangi	5 000	
6.	Húsavík v/ sjúkrah.	3 000	
7.	Húsavík v/ heilsugæslust.	1 500	
8.	Seyðisfjörður	335	
9.	Fáskrúðsfjörður	3 000	
10.	Hveragerði	1 000	
			27 835
			795 625

Þús. kr.

44. Við 4. gr. 1 09 383 Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn.
    a. Fyrir „17 788“ kemur 17 627
    b. Sundurliðun í sérstöku yfirliti breytist þannig:
        1. Niður falla þessir liðir:
            a. Guðlaugur Sigmundsson, fyrrv. póstur.
            b. Kristján Jónsson frá Garðsstöðum.
            c. Torfi Hermannsson, fyrrv. starfsm. Kleppsspítala.
            d. Óráðstafað.
        2. Við bætist í stafrófsröð:
            a. Bergþóra Sigurðardóttir, fyrrv. ljósmóðir 54 933
            b. Bjarni Sigurðsson, fyrrv. hreppstjóri 79 665
            c. Finnbogi Lárusson, ... 41 198
            d. Friðrik Þorvaldsson, fyrrv. póstafgreiðslumaður 69 709
            e. Guðmundur Þórðarson, fyrrv. fiskmatsmaður 69 709
            f. Guðríður Einarsdóttir, fyrrv. ljósmóðir 54 933
            g. Hinrik Guðmundsson, fyrrv. fiskmatsmaður 69 709
            h. Jóhann J. E. Kúld, fyrrv. fiskmatsmaður 69 709
            i. Jón Þorkelsson, fyrrv. síldarmatsmaður 69 709
45. Við 4. gr. 1 09 384 Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur.
    a. Fyrir „12 269“ kemur 12 539
    b. Sundurliðun í sérstöku yfirliti breytist þannig:
        1. Niður falla þessir liðir:
            a. Ingibjörg Björnsdóttir.
            b. Óráðstafað.
        2. Við bætast í stafrófsröð:
            a. Arnbjörg Halldórsdóttir 101 493
            b. Jófríður Guðmundsdóttir 69 709
            c. Kristbjörg Hafberg 69 709
            d. Nanna Guðmundsdóttir 81 822
            e. Rut Hermanns Hansen 101 493
46. Við 4. gr. 1 10 333 03 Hafnarmannvirki og lendingarbætur.
    a. Fyrir „684 600“ kemur 675 000
    b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Hafnarmannvirki og lendingarbætur (10 333 03).

1.	Akranes	51 200
2.	Borgarnes	1 100
3.	Arnarstapi	2 000
4.	Ólafsvík	12 000
5.	Grundarfjörður	28 200
6.	Stykkishólmur	5 500
7.	Patreksfjörður	4 100
8.	Bíldudalur	11 400
9.	Þingeyri	22 600
10.	Súgandafjörður	3 000
11.	Bolungarvík	37 500
12.	Ísafjörður	16 400
13.	Súðavík	15 000
14.	Hvammstangi	17 800
15.	Blönduós	2 300
16.	Skagaströnd	22 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
17.	Sauðárkrókur	36 800	
18.	Siglufjörður	20 600	
19.	Ólafsfjörður	33 300	
20.	Dalvík	2 600	
21.	Hrísey	5 000	
22.	Akureyri	50 100	
23.	Húsavík	9 000	
24.	Raufarhöfn	10 000	
25.	Vopnafjörður	22 500	
26.	Borgarfjörður eystri	1 400	
27.	Seyðisfjörður	7 000	
28.	Neskaupstaður	64 000	
29.	Reyðarfjörður	2 300	
30.	Fáskrúðsfjörður	6 700	
31.	Breiðdalsvík	20 100	
32.	Djúpivogur	6 000	
33.	Vestmannaeyjar	22 800	
34.	Stokkseyri	17 800	
35.	Eyrarbakki	9 400	
36.	Hafnir	4 000	
37.	Sandgerði	47 800	
38.	Gerðar	7 400	
39.	Hafnarfjörður	15 800	
			675 000

47. Við 4. gr. 1 10 471 Flugmálastjórn.
Fyrir „616 129“ kemur 621 268
Í B-hluta hækkar liðurinn Alþjóðlegt flugsamstarf um 15 millj. 139 þús. kr. og liðurinn Seldar vörur og þjónusta hækkar um 10 millj. kr.

48. Við 4. gr. 1 10 652 Veðurstofan. Nýr liður:
13 Til rannsókna á brennisteins- og sýrumagni í andrúmslofti 280

49. Við 4. gr. 1 11 207. Heiti liðarins verður:
Til þjálfunar og eftirmenntunar í rafiðnaði.

50. Við 4. gr. 1 11 221 Lánasjóðir iðnaðarins.
a. Við 02 Iðnlánasjóður.
Fyrir „47 500“ kemur 50 000
b. Við 03 Iðnrekstrarsjóður.
Fyrir „47 500“ kemur 50 000

51. Við 4. gr. 1 11 235 05 Iðnaðarbanki Íslands, hlutafjáraukning.
Fyrir „1 600“ kemur 2 400

52. Við 4. gr. 1 11 299. Nýr liður:
07 Hagræðingarverkefni skipasmíðastöðva 6 000

53. Við 4. gr. 1 11 299. Nýr liður:
10 Iðnkynning 2 500

54. Við 4. gr. 1 13 102 Þjóðskráin 0 10 Laun.
Fyrir „11 211“ kemur 11 461

Sþ. 170. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1976.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fjárlagagerð fyrir árið 1976 fer nú fram við næsta óvenjulegar aðstæður í þjóðarbúskap íslendinga. Meiri og sneggri efnahagsáföll hafa dunið yfir þjóðina en gerst hefur fyrr, síðan lýðveldið var stofnað. Benda má á, að á erfiðleikaárunum 1967 og 1968, þegar saman fór síldarbrestur og verðfall sjávarafurða, minnkuðu þjóðartekjur á mann milli ára um 8%, en nú er gert ráð fyrir 9% lækkun þjóðartekna á mann á þessu ári. Þessu veldur að mestu stórfelld skerðing viðskiptakjara eða yfir 30% á skömmum tíma, þ. e. a. s. gífurleg hækkun á verðlagi innfluttra nauðsynja í erlendri mynt samtímis verulegri lækkun á útflutningsverðlagi á íslenskum afurðum. Þessi áföll hafa átt drýgstan þátt í því að verulegur viðskiptahalli hefur verið við útlönd að undanförnu, gjaldeyrisvarasjóður er þorrinn. Grípa þurfti til gengisbreytinga á árunum 1974 og 1975 til þess að tryggja afkomu útflutningsatvinnuveganna og draga úr óhóflegri eftirspurn eftir gjaldeyri.

Þessi efnahagsáföll og ráðstafanir gegn þeim hafa óhjákvæmilega bitnað hart á afkomu ríkissjóðs. Dregið hefur verulega úr innflutningi, sérstaklega á hátollavöru, m. a. bifreiðum, og hefur í för með sér hlutfallslega lækkun tekna ríkissjóðs af aðflutningsgjöldum. Afleiðingin hefur orðið sú, að mikill greiðsluhalli hefur orðið á ríkissjóði árin 1974 og 1975, þrátt fyrir margvíslegar ráðstafanir til þess að draga úr þeim halla.

Við framangreindar aðstæður ber brýna nauðsyn til þess að ná jöfnuði í ríkisbúskapnum með því að draga svo sem unnt er úr ríkisútgjöldum og fjárfestingu sem ekki stuðlar að aukinni framleiðslu. Slík stefna er nú þjóðarnauðsyn.

Meiri óvissa ríkir um efnahagslega afkomu þjóðarinnar í náinni framtíð en oftast áður. Eins og alkunnugt er valda versnandi aflahorfur þar mestu.

Þessi alvarlega staða efnahagsmála íslensku þjóðarinnar hefur sett svip sinn á gerð frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1976 og einnig á störf fjárveitinganefndar. Í fjárlagafrv. var fylgt þeirri stefnu að draga stórlega úr áformum ráðuneyta og stofnana um rekstrarútgjöld og minnka magn fjárfestingar á vegum hins opinbera, þegar frá eru skilin orkumál. Meiri hl. fjárveitinganefndar hefur haldið fast við þessa stefnu. Þetta kemur m. a. fram í því, að fjárveitingar til stærstu liða fjárfestingar í landinu eru ekki hækkaðar í breytingartillögum nefndarinnar, en slíkt mun næsta fátítt. Þessi aðhaldsstefna meiri hl. fjárveitinganefndar kemur einnig fram í því, að n. hefur ekki séð sér fært að taka upp við 2. umr. nema sárafáar breytingartillögur til hækkunar á frv., en í því sambandi er skylt að geta þess, að óvenjumörg atriði, sem n. þarf að athuga, bíða 3. umr. eins og síðar verður að vikið.

Fjárveitinganefnd hóf athugun sína á frv. til fjárlaga fyrir árið 1976 þegar í þingbyrjun og hefur rætt það á 38 fundum. Mikill tími hefur farið í viðtöl við forstöðumenn ráðuneyta og stofnana og hefur þar glöggt komið í ljós, hversu mikils aðhalds og niðurskurðar rekstrarútgjalda hefur gætt við gerð frumvarpsins. Ljóst er, að yfirleitt hefur verið dregið úr rekstrarútgjöldum svo sem framast er kostur.

Nefndin hefur sem fyrr skipt með sér verkum og hafa einstakir nefndarmenn haft til athugunar sérstaka málaflokka frumvarpsins. Hefur sú athugun einkum beinst að þeim málaflokkum, sem fjalla um fjárveitingar til verklegra framkvæmda, svo sem nýbyggingar skóla, íþróttamannvirkja, hafnarframkvæmda, byggingar sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Þá hefur n. átt góða samvinnu við fjárlaga- og hagsýslustofnunina og starfsmenn hennar svo og forstöðumenn ráðuneyta og stofnana, sem hafa veitt nefndinni mikilsverðar upplýsingar og aðstoð.

Svo sem jafnan áður hafa n. borist fjölmörg erindi frá stofnunum, einstaklingum og samtökum, sem flest hafa falið í sér beiðni um fjárhagslegan stuðning eða

fyrirgreiðslu svo og leiðréttingar sem valda hækkun á útgjöldum fjárlaga. Nefndin hefur reynt að kynna sér þessi erindi eftir föngum, en hefur að þessu sinni einungis getað sinnt örfáum þeirra. Nefndinni er að sjálfsögðu ljóst, að í fjölmörgum tilfellum hefur orðið að synja fjárbeiðnum til málefna, sem vissulega verðskulda fjárhagslegan stuðning hins opinbera, en verða að bíða betri tíma.

Nefndinni hefur ekki enn unnist tími til að ljúka afgreiðslu allmargra liða fjárlagafrumvarpsins. Má þar nefna til dæmis fjárframlög til leiklistarskóla, jöfnunar námsaðstöðu, ferjubryggja, vegagerðar, framleiðslueftirlits sjávarafurða, kaupa og rekstrar skips til landhelgisgæslu, Byggingarsjóðs verkamanna, almannatrygginga, starfsliðs ríkisspítala, löggæslu, Orkustofnunar og Rafmagnsveitna ríkisins. Bíður afgreiðsla þessara mála til 3. umræðu.

Ekki náðist í nefndinni samkomulag um afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins. Minni hl. mun því skila séráliti. Nefndin stendur þó sameiginlega að flutningi breytingartillagna á þingskjali 149, en minni hl. óskar eftir að taka fram, að hann hefur óbundnar hendur um afstöðu til einstakra tillagna og áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Eins og tekið er fram í athugasemdum við fjárlagafrv., er það miðað við kauplag og verðlag í október 1975. Tekjuáætlun frumvarpsins hefur nú verið endurskoðuð með tilliti til betri vitneskju um líðandi ár, auk þess sem nú er miðað við kauplag og verðlag í desember. Ekki liggja þó fyrir að fullu niðurstöður þessara athugana og bíða því þær breytingartillögur, sem væntanlega verða gerðar á tekjuhlið frumvarpsins af þessum sökum, til 3. umræðu.

Fjárveitinganefnd tekur fram, að þótt samþykkt verði tillaga nefndarinnar um fjárveitingu til nýrra íþróttamannvirkja, telur hún að ekki felist í því skuldbinding um það á hve löngum tíma hluti ríkisins í þeim framkvæmdum greiðist.

Á síðasta fundi fjárveitinganefndar fyrir afgreiðslu fjárlagafrv. til 2. umræðu mætti fulltrúi frá Þjóðhagsstofnuninni. Veitti hann nefndinni margvíslegar upplýsingar um þróun efnahagsmála á yfirstandandi ári og horfur í náinni framtíð.

Meiri hl. nefndarinnar vill taka fram, að brtt. þær, sem hann mun flytja við 3. umræðu fjárlaga, verða að sjálfsögðu við það miðaðar, að takast megi að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög fyrir árið 1976.

Verður nú í stuttu máli gerð grein fyrir brtt. nefndarinnar við gjaldabálk frumvarpsins.

Menntamálaráðuneytið 1 02.

203 Raunvísindastofnun háskólans: Lagt er til, að staða sérfræðings í reiknistofu hækki um 665 þús. kr., sem eru ½ laun Ketils Ingólfssonar. Tekjur lækka um 7 000 þús. kr., mismunur verður 78 052 þús. kr.

205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi: Launaliður hækki um 500 þús. í 20 170 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður lækki um 500 þús. og verði 13 370 þús. kr.

232 Rannsóknaráð ríkisins: Nýr liður: Ylræktarverkefni í Hveragerði í tengslum við F. A. O. 3 000 þús. kr.

276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna til leiðréttingar á vaxtalið. Hækkun 3 862 þús. kr.

431 Iðnfræðsluráð: Til námsskrárgerðar á verkfræðslustigi hækkar framlag um 3 000 þús. kr.

501 Tækniskóli Íslands: Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 7 500 þús. kr.

518 Fiskvinnsluskólinn: Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 2 000 þús. kr.

561 Myndlista- og handíðaskólinn: Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 500 þús. kr.

571 Sjómannaskólahúsið: 0 27 Viðhald hækki um 6 400 þús. kr. og verður 14 000 þús. kr.

621 Nýr liður: Skálholtsskóli, framlag vegna stofnkostnaðar 5 000 þús. kr.

762 Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra: Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 3 072 þús. og verður 1 022 236 þús. kr.
882 Styrkur til myndlistarskóla: Reykjavík hækkar um 360 þús. kr. í 1 200 þús. kr.
982 Listir, framlög: Til einstaklinga, heimila og samtaka hækkar um 2 300 þús. kr. og verður þannig: Til Leikfélags Reykjavíkur hækkar um 800 þús. kr. Leiklistarstarfsemi hækkar um 1 000 þús. kr. og verður 8 200 þús. kr., þar af til Leikfélags Akureyrar 4 000 þús. kr. Nýr liður: Tónlistarskóli Garðakaupstaðar, byggingarstyrkur 500 þús. kr.
986 Íþróttasjóður: Rekstrarstyrkir o. fl. hækka um 1 950 þús. Til byggingar íþróttamannvirkja hækkar um 292 þús. kr. Gjöld samtals verða 94 842 þús. kr.
988 Æskulýðsmál: Framlag til Æskulýðsráðs lækki um 400 þús. kr.
Inn komi nýr liður: Æskulýðssamband Íslands 400 þús. kr.
989 Framlag til Ólympíunefndar hækkar um 1 500 þús. kr. og verður 2 500 þús. kr.
999 Til sumarnámskeiða í Leirárskóla hækki um 500 þús. kr. og verði 1 200 þús. kr. Sædýrasafnið í Hafnarfirði vegna stofnkostnaðar hækki um 400 þús. kr. og verði 2 000 þús. kr.

Landbúnaðarráðuneytið 1 04.

206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins: Lagt er til að 0 20 Önnur rekstrargjöld, liður 14 Landgræðsluáætlun hækki um 1 000 þús. kr. vegna verðtryggingarákvæða.
231 Skógrækt ríkisins. Gjaldfærður stofnkostnaður, liður 11 Landgræðsluáætlun hækki um 7 300 þús. kr. vegna verðtryggingarákvæða.
235 Lagt er til, að framlög til Landgræðslu ríkisins hækki um 15 900 þús. kr., sem greinist þannig að liðurinn Önnur rekstrargjöld hækki um 2 500 þús. kr. og Gjaldfærður stofnkostnaður um 13 400 þús. kr., þar af vegna verðtryggingarákvæða landgræðslu- og gróðurverndaráætlunar um 10 900 þús. kr.
241 Landnám ríkisins: Lagt er til, að framlög til byggingar íbúðarhúsa hækki um 3 000 þús. kr.
247 Við embætti yfirdýralæknis er lagt til að tekinn verði upp nýr liður: Dýralæknabústaðir, viðhald 2 000 þús. kr.
286 Lagt er til að liðurinn 09 Jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir hækki um 675 þús. kr.
299 Gjaldfærður stofnkostnaður, liður 07 Landgræðsluáætlun hækki um 1 800 þús. kr. vegna verðtryggingarákvæða, og tekinn verði upp nýr liður: Til heykökuverksmiðju á Svalbarðsströnd 650 þús. kr.
501 Lagt er til, að gjaldfærður stofnkostnaður við Bændaskólann á Hvanneyri hækki um 3 000 þús. kr. vegna byggingar skólastjórabústaðar.
502 Lagt er til, að launaliður Bændaskólans á Hólum hækki um 1 020 þús. kr. vegna ráðningar nýs kennara, sem skólinn hefur rétt á samkv. lögum.

Sjávarútvegsráðuneytið 1 05.

299 Tekinn er upp nýr liður, til sjóvinnunámskeiða, að upphæð 2 500 þús. kr.
901 Lagt er til, að liðurinn Önnur rekstrargjöld á Skrifstofu Rannsóknastofnana atvinnuveganna hækki um 1 929 þús. kr., verði 23 376 þús. kr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið 1 06.

244 Lagt er til, að liðurinn Fangelsi í Síðumúla, önnur rekstrargjöld, hækki um 1 millj. kr. og verði 7 532 þús. kr.
252 Bifreiðaeftirlit, önnur rekstrargjöld, hækki um 3 600 þús. kr. vegna áætlaðrar hækkunar á húsaleigu, ljósi og hita.

Félagsmálaráðuneytið 1 07.

999 Lagt er til, að styrkur til Slysavarnafélags Íslands vegna tilkynningarskyldu fiskiskipa hækki um 1 millj. kr.

Samgönguráðuneytið 1 10.

471 Liðurinn alþjóðlegt flugsamstarf hækki um 15 139 þús. kr. og verði 50 139 þús. kr., en liðurinn Seldar vörur og þjónusta flugmálastjórnar hækki um 10 millj. kr.

652 Veðurstofan: Inn komi nýr liður: Til rannsókna á brennisteins- og sýrumagni í andrúmslofti 280 þús. kr.

Iðnaðarráðuneytið 1 11.

207 Lagt er til að nafn liðarins orðist svo: Til þjálfunar og eftirmenntunar í rafiðnaði.

221 Liðurinn Lánasjóðir iðnaðarins hækki um 5 millj. kr., 2.5 millj. kr. til Iðnlánasjóðs og 2.5 millj. kr. til Iðnrekstrarsjóðs.

235 Fyrirtæki og stofnanir, framlög: Liðurinn Iðnaðarbanki Íslands, hlutafjáraukning, hækki um 800 þús. kr. og verði 2.4 millj. kr.

299 Iðja og iðnaður framlög: Teknir verði upp tveir nýir liðir: Hagræðingarverkefni skipasmíðastöðva 6 millj. kr. og til iðnkynningar 2.5 millj. kr.

Hagstofa Íslands 1 13.

102 Launaliður hjá Hagstofu Íslands hækki um 250 þús. kr. vegna aðstoðarstarfa við Þjóðskrá.

Alþingi, 13. des. 1975.

Jón Árnason, form., frsm. Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr. Ingi Tryggvason.
Gunnlaugur Finnsson. Pálmi Jónsson. Lárus Jónsson.
Steinþór Gestsson.

Sþ. 171. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1976.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

2. umræða um fjárlagafrv. fyrir árið 1976 mun að þessu sinni ekki fara fram fyrr en þann dag, sem síðastur kemur til greina til umræðunnar, ef afgreiða á fjárlög fyrir áramót. Bíða þó mörg veigamikil mál 3. umræðu, en sá tími sem fjvn. gefst til starfs milli umræðnanna verður styttri en nokkru sinni hefur áður þekkst. Meðal þeirra mála, sem nefndin hefur ekki tekið afstöðu til, eru: tekjuhlið, lánsfjáráætlun, almannatryggingar, Lánasjóður ísl. námsmanna, jöfnun á námskostnaði, heimildagrein, málefni Rafmagnsveitna ríkisins, ríkisspítala, menntaskóla og Pósts og síma og skipting fjárveitinga til fjárfestingar í flugmálum. Þessi mál og mörg fleiri þurfa nefndarmenn að ræða og taka afstöðu til á tveim dögum samhliða

öðrum þingstörfum. Jafnan áður hefur verið reynt að hafa u. þ. b. viku á milli umræðnanna þótt minna hafi verið óafgreitt eftir 2. umræðu en nú.

Nefndin flytur sameiginlega brtt. á þskj. 169, en minni hl. nefndarinnar hefur óbundnar hendur um einstakar brtt. og hefur áskilið sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma.

Minni hl. fjvn. telur, að mjög skorti á að sá tími sem nefndin hefur haft til að fjalla um fjárlagafrv., hafi verið notaður sem skyldi. Meginhluti tímans hefur farið til viðræðna við aðila, sem sýnt er að meiri hl. n. hefur fyrir fram verið ráðinn í að sinna í engu.

Þá hefur verið þannig á málum haldið að þessu sinni, að engar ráðstafanir voru gerðar til þess að skrifleg erindi, sem send voru ráðuneytum í vor, en fengu ekki úrlausn við gerð fjárlagafrv. kæmu til meðferðar fjvn. á annan hátt en þann, að greint var frá þeim 12. des. án þess að þau væru lesin. Verður þó að telja að þeir, sem senda umsóknir sínar í tíma, eigi ekki síðri rétt en aðrir til þess að þær komi til eðlilegrar umfjöllunar hjá fjvn.

Samtímis þeirri stefnu stjórnarflokkanna að skera sem mest niður fjárveitingar til hvers kyns framkvæmda hefur algerlega verið lögð á hilluna sú viðleitni, sem áður var höfð uppi til könnunar á úrræðum til sparnaðar í ríkisrekstrinum með störfum undirnefndar fjvn., og engum hagsýsluverkefnum verið sinnt. Jafnframt hefur mjög verið dregið úr samskiptum nefndarinnar og fjárlaga- og hagsýslustofnunar við umfjöllun fjárlagafrv. og hefur nánast verið undantekning að fulltrúi þeirrar stofnunar hafi setið fundi nefndarinnar, en það var regla áður. Hefur ekki orðið sú bót á starfsemi nefndarinnar frá því í fyrra, sem minni hl. fjvn. vænti, en án efa mun fyrsta fjárlagaafgreiðsla núv. ríkisstjórnar lengi í minnum höfð, með slíkum eindæmum var að henni staðið. 2. umræða um fjárlög fór þá ekki fram fyrr en 16. des. og handagangurinn þá orðinn slíkur í störfum fjvn., að tíðum var ekki vitað með vissu hvort einstakar tillögur höfðu verið afgreiddar eða ekki. Þar ríkti nánast upplausn á stundum. Undirbúningur fjárlagafrv. var með þeim hætti að samræmi var ekki í forsendum útgjalda- og teknahliðar. Eftir afgreiðslu fjárlaga uppgötvaðist skekkja af þessum sökum er nam 1 200 millj. kr. Kom þá í ljós að fjárlög höfðu verið afgreidd með 1070 millj. kr. reikningslegum greiðsluhalla, sem varð þó miklu meiri í reynd, þegar í ljós kom hversu tekjuáætlun var með öllu óraunhæf.

Við afgreiðslu fjárlaga þessa árs voru útgjöld á rekstrarliðnum þanin langt umfram verðlagshækkun og fjárlagaútgjöld í heild hækkuð meir en nokkru sinni hafði áður þekkst, þótt fjármálaráðherra hefði nokkrum mánuðum áður í stjórnarandstöðu talið auðvelt að lækka ríkisútgjöld um þúsundir milljóna króna.

Til þess að ná endum saman voru lántökur stórauknar og tekjuhlið áætluð af algeru óraunsæi og auðsærri óskhyggju. Var ljóst, að ekkert samhengi var milli kjaraskerðingarstefnu ríkisstjórnarinnar og áætlunar um tekjur af neyslusköttum. Hinar gífurlegu hækkanir rekstrarútgjalda og stórauknar lántökur gengu þvert gegn því loforði ríkisstjórnarinnar að hamla gegn verðbólguþróun og að styrkja fjárhag ríkissjóðs. Það var ljóst, að ætti að takast að afla ríkissjóði tekna til að standa undir risahækkun fjárlaga ársins 1975 varð ríkisstjórnin í raun að kynda undir verðbólgu. Það var líka óspart gert, þegar í ljós kom að með óbreyttum tekjustofnum gátu tekjur ekki skilað sér í þeim mæli sem gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga.

Þegar eftir síðustu áramót kom í ljós að spilaborg fjárlagaafgreiðslunnar var hrunin, og öllum er kunnugt um til hverra ráða var þá gripið: gengislækkun, hækkun innflutningsgjalda á bifreiðum, hækkun verðs á tóbaki og áfengi, lögfesting 12% vörugjalds. Þessar ráðstafanir byggðust á því að láta hverja einingu seldrar vöru skila hærri fjárhæð en áður í neysluskatta til ríkissjóðs, þegar reynslan sýndi að veltan hafði verið stórlega ofmetin. T. d. var við afgreiðslu fjárl. gert ráð fyrir

innflutningi 6 þús. bifreiða eða ríflega 70% meira magni en verður í reynd. Þessar aðgerðir til að þína inn í ríkissjóð tekjur til að standa undir risahækkun útgjalda á fjárlögum þessa árs kyntu stórlega undir verðbólgunni og rýrðu enn kjör launþega, en þær dugðu þó ekki til þess að tryggja hallalausan rekstur ríkissjóðs. Þrátt fyrir niðurskurð á útgjöldum ríkissjóðs um 2 000 millj. kr., að langmestu leyti framlögum til verklegra framkvæmda og sjóða, mun greiðsluhalli ríkissjóðs á þessu ári nema allt að 4 000 millj. kr. Þessi upphæð er um 5 sinnum hærri en spáð er í fjárlagafrv., sem lagt var fram í okt., og sýnir það með öðru hæfni þeirra, sem bera ábyrgð á fjármálum ríkisins. Algert stjórnleysi í innflutnings- og gjaldeyrismálum veldur á þessu ári ríflega 20 þús. millj. kr. viðskiptahalla og stórfelldri skuldaaukningu erlendis. Fám dögum eftir að stjórnvöld lýsa yfir því, að skuldasöfnunin sé orðin svo blöskrunarleg, að ekki sé unnt að ganga lengra í því efni, er skýrt frá stærstu erlendri lántöku í sögu þjóðarinnar, 7 000 millj. kr. erlendu neysluláni, sem tekið er til þess að unnt sé að halda áfram algeru stjórnleysi í notkun erlends gjaldeyris.

Í fjárhagsáætlunum fyrir næsta ár er síðan gert ráð fyrir því, að afleiðingar þessarar stefnu verði 14—16 þús. millj. kr. viðskiptahalli á næsta ári, og í skýrslu Þjóðhagsstofnunar 28. nóv. s. l. segir, að viðskiptahallinn verði „svo mikill að gera verður ráð fyrir mjög miklu innstreymi erlends lánsfjár á næsta ári".

Þetta eru afleiðingarnar af stefnu hægri stjórnarinnar, sem hefur við stefnumótun látið hagsmuni innflytjenda og annarra gróðaafla ráða ferðinni algerlega.

Við afgreiðslu fyrstu fjárlaga hægri stjórnarinnar var áætluð skattheimta ríkissjóðs hækkuð um 63.2% frá fjárlögum ársins 1974 eða 50% meira en nam verðlagsbreytingum á undanfarandi ári. Útgjöld hækkuðu í heild um 60.5%, einstakir þættir þó enn meir, t. d. hækkuðu liðirnir önnur rekstrargjöld um 86.2%. Til viðbótar þessari stórfelldu hækkun er í fjárlagafrv. fyrir árið 1976 gert ráð fyrir ríflega fimmtungshækkun heildarútgjalda til viðbótar, þannig að fjárlög næsta árs verða 100% hærri en fjárlög ársins 1974.

Breytingar á einstökum þáttum í fjárlagafrv. eru í sömu átt og við síðustu fjárlagaafgreiðslu: rekstrarliðirnir hækka hlutfallslega meir en heildarútgjöldin. Liðirnir önnur rekstrargjöld í A- og B-hluta hækka um 37% og vextir um 66% og nema vextir á næsta ári 4 080 millj. kr. Á hinn bóginn lækkar enn raungildi verklegra framkvæmda, og nú er sérstaklega stefnt að því einnig að draga úr félagslegum réttindum almennings með niðurskurði á fjárveitingum til almannatrygginga.

Þrátt fyrir þessar aðgerðir, lækkun raungildis fjárveitinga til verklegra framkvæmda og tryggingarmála, minnkar ekki hluti ríkisútgjalda í heild miðað við þjóðarframleiðslu. Vegna útþenslu rekstrarliða minnkar ekki þáttur heildarútgjalda ríkisins og skattheimtu þess í þjóðarbúskapnum. Þetta er beinlínis viðurkennt í grg. fjárlagafrv., þar sem segir á bls. 164, að fjárlagafrv. feli í sér „svipað magn ríkisútgjalda eða óbreytt ríkisútgjöld á föstu verðlagi milli áranna 1975 og 1976".

Þrátt fyrir óbreytt heildarútgjöld á föstu verðlagi skera stjórnarflokkarnir stórlega niður mikilvægustu framkvæmdaliði og félagslega þjónustu vegna þess, hversu rekstrarliðirnir hafa þanist út í stjórnartíð þeirra.

Aðaleinkenni fjárlagaafgreiðslu hægri stjórnarinnar eru því þau, að ríkisútgjöld í heild verða fyllilega sama hlutfall þjóðarframleiðslu og áður, en verulegar breytingar verða milli einstakra þátta, þar sem jákvæðustu þættirnir eru skornir niður til að mæta útþenslunni á rekstrarliðunum. Sú útþensla stafar ekki síst af stefnu ríkisstjórnarinnar: gengislækkunum, söluskattshækkunum, vaxtahækkunum og álagningu vörugjalds, en þær neikvæðu ráðstafanir hafa haft sömu áhrif á verðbólguna og olía á eld.

Þrátt fyrir að hlutfallslega minna fé sé nú varið til verklegra framkvæmda en áður, eru þær í ríkara mæli en nokkru sinni fyrr fjármagnaðar með lánsfé, eða sem

svarar 56.8 hundraðshlutum, og erlendar lántökur skv. fjárlagafrv. eru áætlaðar 12 sinnum hærri en árið 1974.

Í nál. er naumast rúm til að rekja hver þróun hefur orðið í fjárveitingum til einstakra málaflokka í fjárlögum eftir tilkomu núv. ríkisstjórnar, höfuðeinkennin: stóraukning rekstrarliða, en minnkun raungildis fjárveitinga til verklegra framkvæmda hafa verið dregin fram. Ástæða er til að geta þess, að einungis ríflega 500 millj. kr. verður varið til nýrra framkvæmda í öðrum höfnum en landshöfnum, en fjárveiting hefði þurft að vera um 1 300 millj. kr. á næsta ári til þess að framkvæmdir væru í árslok orðnar í samræmi við þá 4 ára áætlun um hafnargerðir, sem lögð var fyrir Alþingi s. l. vor. Á sama tíma og þessi stórfelldi niðurskurður hefur átt sér stað tvö ár í röð, hafa þarfirnar á sérstöku átaki í hafnarframkvæmdum orðið brýnni en nokkru sinni fyrr vegna tilkomu nýs flota skuttogara, sem dreifst hefur á mjög margar hafnir á landinu.

Við skiptingu fjár til byggingar grunnskóla er við það miðað, að enginn aðili, sem hefur á fyrri fjárlögum haft fjárveitingu til undirbúnings, megi hefja framkvæmdir á næsta ári, og svo til hið sama gildir um fjárveitingar til framkvæmda í heilbrigðismálum.

Með þeim fjárveitingum, sem fyrirhugaðar eru til byggingar íþróttamannvirkja, er algerlega sett úr skorðum sú áætlun sem í gildi hefur verið síðan 1973 um framkvæmdir í þessum málaflokki. Vanskilaskuldir ríkissjóðs við sveitarfélög og íþróttasamtök munu því hlaðast upp að nýju, og fáist ekki hækkuð framlög til þessara framkvæmda mun skuld ríkissjóðs við fyrrgreinda aðila vegna íþróttamannvirkja nema um 76 millj. kr. þegar á næsta ári.

Með stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum málum, svo stórfelldum niðurskurði nauðsynlegustu framkvæmdaþátta, er enginn vandi leystur, heldur er honum safnað upp og hann mun knýja á af vaxandi þunga á næstu árum.

Getuleysi ríkisstjórnarinnar að rækja það hlutverk stjórnvalda að tryggja framgang brýnustu samfélagslegu framkvæmda á rætur í verðbólgustefnu hennar. Neikvæðar ráðstafanir í efnahagsmálum hafa valdið slíkri útþenslu rekstrarliða, að þeir gleypa það fjármagn sem ríkissjóður er látinn innheimta af landsmönnum. Auðsæja möguleika til að afla meira fjár til nauðsynlegustu framkvæmda með skattlagningu á gróðafyrirtæki, sem engan tekjuskatt borga, fæst ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknar hins vegar ekki til að nota.

Gróðaöflin í þjóðfélaginu heimta frjálsa ráðstöfun gjaldeyrisins, forgang einkaaðila til fjárfestingar og til vinnuafls í landinu og sem mest frelsi undan skattgreiðslum til ríkisins í sameiginlegar þarfir landsmanna. Sýnt hefur verið fram á, að hundruð gróðafyrirtækja í Reykjavík, sem hafa í veltu þúsundir milljóna króna, greiða alls enga tekjuskatta. Í stað þess að láta þessa aðila greiða skatta til ríkisins a. m. k. til jafns við aðra, grípur hægri stjórnin til ráða sem eru henni geðþekkari.

Þegar stjórnleysið í efnahagsmálum og einkum í fjármálum ríkisins kreppir að ríkisstjórnarflokkunum við fjárlagagerð og afleiðingar óstjórnarinnar koma fram í stórfelldri útþenslu rekstrarliða í ríkisbúskapnum, grípa stjórnarflokkarnir til ráða sem eru hægri flokkum nærtæk:

1. Niðurskurðar nauðsynlegustu samfélagslegra framkvæmda, sem hvað mest bitnar á almenningi úti á landsbyggðinni.
2. Skerðingar á bótum almannatrygginga.
3. Lækkunar á niðurgreiðslum á verði brýnustu matvara, en sú ráðstöfun bitnar harðast á lífeyrisþegum og barnafjölskyldum.

Þetta eru dæmigerðar aðgerðir hægri flokka og koma í kjölfar vaxandi krafna svæsnustu hægri sinna í landinu um að dregið verði úr þætti ríkisins í framkvæmdum og uppbyggingu og í félagsmálum á þann hátt, sem gert hefur verið í tíð núv. ríkisstjórnar. Það fer ekki milli mála hverjir ráða ferðinni. Víst er, að þeir aðilar

í Sjálfstæðisflokknum og Framsóknarflokknum, sem best ná saman um þá hægri stefnu, sem nú er fylgt, miða engan veginn við það, að hér verði einungis um tímabundin úrræði að ræða, heldur varanlegar aðgerðir meðan hægri stjórnin hefur völdin. Þess vegna er það brýnasta hagsmunamál launafólks í landinu að völdum núv. ríkisstjórnar verði hnekkt sem fyrst.

Alþingi, 13. des. 1975.

Geir Gunnarsson, frsm. Karvel Pálmason. Jón Árm. Héðinsson.

Ed. 172. Frumvarp til laga [118. mál]

um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

1. gr.

Til að draga úr áhrifum verðhækkunar á olíu til hitunar íbúðarhúsnæðis skal á tímabilinu 1. mars 1976 til 28. febrúar 1977 leggja 1% gjald á söluskattsstofn allra sömu aðila og lög nr. 10/1960, um söluskatt, taka til. Gilda ákvæði laga nr. 10/1960, um söluskatt, með áorðnum breytingum, svo og ákvæði reglugerða, settra samkvæmt þeim, að fullu um álagningu og innheimtu þessa gjalds svo og um aðra framkvæmd. Hækkun sú á útsöluverði vöru og þjónustu, sem hlýst af álagningu þessa gjalds, skal ekki valda hækkun á kaupgreiðsluvísitölu. Kauplagsnefnd skal meta hverju sinni, hve miklu þessi hækkun nemur.

2. gr.

Tekjum af gjaldi því, sem um ræðir í 1. gr., skal varið:

a) Til að styrkja þá aðila, sem nota olíu til hitunar íbúða sinna, og greiðist á hvern íbúa, sem býr við olíuupphitun, kr. 8 200 á því tímabili, sem um ræðir í 1. gr. Þó skulu lífeyrisþegar, sem njóta bóta samkv. 19. gr. laga um almannatryggingar, og aðrir lífeyrisþegar, sem hafa svipaðar heildartekjur, fá greiddan styrk, sem nemur 1½ styrk einstaklings. Olíustyrkur greiðist hverjum framteljanda til skatts og einnig vegna maka og barna, sem eru á framfæri hans og eigi eru sjálfstæðir framteljendur. Skal hann ekki talinn til tekna við álagningu tekjuskatts og útsvars. Styrkur þessi skal ekki greiddur til þeirra, sem eiga kost á að tengja íbúðir sínar við hitaveitu á þeim ársfjórðungi, sem styrkur gildir fyrir.
b) Til að styrkja rafveitur að því marki, sem þær nota olíu sem orkugjafa til framleiðslu rafmagns til hitunar íbúða á sölusvæði sínu, þannig að upphitun með rafmagni verði ekki að jafnaði óhagkvæmari en olíukynding.
c) Til Orkusjóðs til að hraða hitaveitu- og raforkuframkvæmdum vegna hitunar íbúða, að því leyti sem tekjunum er ekki ráðstafað samkv. a- og b-lið þessarar greinar.

3. gr.

Þeim hluta tekna af gjaldi því, sem innheimt er samkvæmt lögum þessum og ráðstafað er til einstaklinga, sbr. a)-lið 2. gr., skal úthlutað fyrir milligöngu bæjar- og sveitarfélaga.

4. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1976. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 6 28. febrúar 1975, um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir framlengingu olíustyrksins í eitt ár, þ. e. frá 1. mars 1976 til 28. febrúar 1977.

Efnislega er það samhljóða lögum nr. 6/1975, um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl. Þó er sú breyting á niðurlagi a-liðar 2. gr. að í stað „sem styrkur kemur til greiðslu“ komi „sem styrkur gildir fyrir“.

Gert er ráð fyrir, að tekjur í þessu sambandi á tímabilinu 1. mars 1975 til 29. febrúar 1976 nemi um kr. 1120 millj., sem skiptist þannig:

Til einstaklinga	kr. 750	millj.
Til rafveitna	— 55	—
Til Orkusjóðs	— 315	—

Nd. 173. Frumvarp til laga [119. mál]

um breyting á lögum nr. 55 25. apríl 1973, um breyting á lögum nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

1. gr.

C-liður 1. gr. laganna orðist svo: 1% af fob-verði útfluttra sjávarafurða (annarra en þeirra sem koma frá hvalveiðum, selveiðum og hrognkelsaveiðum). Skal gjald þetta reiknað á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 55 25. apríl 1973, um breyting á lögum nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands, sbr. lög nr. 33/1970, var sú breyting gerð á 4. gr. laga um Fiskveiðasjóð, að bætt var inn í nýjum tekjustofni, sem er 1% útflutningsgjald af fob-verði útfluttra sjávarafurða, annarra en þeirra, sem koma frá hvalveiðum, selveiðum og hrognkelsaveiðum. Hins vegar var ráð fyrir því gert, að gjald þetta næði aðeins til sjávarafurða, sem framleiddar væru á tímabilinu frá 1. júlí 1973 til 31. desember 1975.

Með frumvarpi þessu er lagt til að felld verði niður ofangreind tímamörk.

Þegar gjald þetta var lagt á með lögum nr. 55/1973, var jafnframt ákveðið að jafnhátt framlag úr ríkissjóði yrði veitt til Fiskveiðasjóðs. Rétt þykir að þessi framlagsskylda ríkissjóðs haldist áfram óbreytt á meðan útflutningsgjald þetta er innheimt af útfluttum sjávarafurðum.

Nd. **174. Frumvarp til laga** [120. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968.

Flm.: Sigurlaug Bjarnadóttir, Ellert B. Schram.

1. gr.

Við 26. gr. laganna bætist 4. og 5. mgr., svo hljóðandi:

Ef, samkv. 2. mgr. 5. gr. þessara laga, öryggisbelti eru í framsætum bifreiða, skulu ökumenn og farþegar nota þau. Ekki er skylt að nota öryggisbeltin, þegar ekið er aftur á bak eða í akstri á bifreiðastæðum, bensínstöðvum, umhverfi bifreiðaverkstæða eða undir viðlíka kringumstæðum. Þeim, sem eru undir 15 ára aldri, eða eru að líkamsstærð undir 150 cm, er ekki skylt að nota öryggisbelti. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um það, á hvern hátt annan veittar eru undanþágur frá því að nota öryggisbelti. Dómsmálaráðherra getur enn fremur sett nánari reglur, sem veita undanþágur frá notkun öryggisbelta við vissar akstursaðstæður.

Ökumenn bifhjóla eða bifhjóla með hliðarvagni og sérhver farþegi, sem náð hefur 15 ára aldri, skulu í akstri nota öryggishjálm, viðurkenndan af Bifreiðaeftirliti ríkisins. Sama gildir um ökumenn léttra bifhjóla. Ekki er skylt að nota öryggishjálm í akstri á bifreiðastæðum, bensínstöðvum, svæðum við bifreiðaverkstæði eða undir viðlíka kringumstæðum. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um undantekningar frá því að nota öryggishjálm.

Ákvæði þetta tekur gildi 1. júlí 1976.

2. gr.

Á 6. mgr. 27. gr. laganna verði gerð svo hljóðandi breyting:

Í stað orðanna „og gildir í eitt ár frá útgáfudegi“ komi: og gildir í tvö ár frá útgáfudegi.

3. gr.

Í stað málsliðarins „Heimilt er að ákveða, að hlutaðeigandi“ o. s. frv. í 6. mgr. 27. gr. laganna komi: Áður en ökuskírteini er endurnýjað, skal umsækjandi standast skriflegt próf í umferðarlöggjöf. Skal prófi þannig hagað, að próftaki merki við rétt svör á prófverkefnablöðum, er dómsmálaráðuneytið leggur til.“

4. gr.

Aftan við 27. gr. laganna bætist nýtt ákvæði:

Við embætti lögreglustjórans í Reykjavík skal færð skrá í spjaldskrárformi yfir ökuferil handhafa ökuskírteina í öllum lögsagnarumdæmum landsins. Á skrána skulu færð brot, er varða öryggisreglur í umferð, svo sem ölvun við akstur, of hraðan akstur, brot á biðskyldu, stöðvunarskyldu eða almennum umferðarrétti, brot á reglum um umferðarljós o. s. frv. Í skrána skal enn fremur færð aðild ökumanna að umferðarslysum og óhöppum, sem lögregluskýrslur eru gefnar um, hvort sem aðili er talinn í sök eða ekki. Lögreglustjórar og dómarar tilkynni til ökuferilsskrár afgreiðslu á framangreindum brotum svo og aðild ökumanna að umferðarslysum eða óhöppum. Dómsmálaráðherra setji nánari reglur um hvaða brot skuli færð á ökuferilsskrá og hvernig haga skuli upplýsingaskiptum milli ökuferilsskrár og einstakra lögsagnarumdæma. Komi í ljós að ökumaður eigi ítrekað sök á umferðarslysi eða gerist ítrekað brotlegur gegn öryggisreglum í umferð verði það tilkynnt lögreglustjóra í viðkomandi umdæmi. Skal þá beitt ökuleyfissviptingu til bráðabirgða. Ríkissaksóknari gefi út leiðbeiningar um vægi einstakra brota og tímalengd í ökuferilsskrá, svo og um framkvæmd bráðabirgðaökuleyfissviptingar.

5. gr.

Upphaf 31. gr. laganna orðist svo:

Kennslu í akstri og meðferð bifreiða og bifhjóla mega löggiltir ökuskólar einir annast. Dómsmálaráðherra löggildir ökuskóla og forstöðumenn þeirra og setur reglur um starfsemi þeirra og tækjabúnað. Rétt til að stunda kennslu við ökuskóla hafa þeir einir, sem hlotið hafa til þess löggildingu dómsmálaráðherra, en hann ákveður gjald fyrir hana og framlengingu hennar. Engum má veita slíka löggildingu o. s. frv.

6. gr.

Við 3. mgr. 67. gr. laganna bætist:

Vanræksla á notkun þess öryggisbúnaðar, sem getið er um í 26. gr. (4. og 5. mgr.), getur þó aldrei leitt til lækkunar eða niðurfellingar fébóta.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lagafrumvarpi þessu er ætlunin að koma fram ýmsum umbótum á íslenskri umferðarlöggjöf, auka öryggi í umferðinni, bæta umferðarmenningu landsmanna og hvetja almenning til aukinnar ábyrgðar í samvinnu við þá aðila, sem að umferðarmálum vinna. Lög og reglur koma lítt að gagni, sé ekki fyrir hendi skilningur almennings á réttmæti þeirra og nauðsyn. Hin óvenjumikla tíðni slysa og dauðsfalla í umferðinni hér á landi á yfirstandandi ári hefur vakið fólk til alvarlegrar umhugsunar um, að þörf sé ákveðinna aðgerða til úrbóta. Fyrstu 11 mánuði ársins hafa 29 manns látist í umferðarslysum á Íslandi, 655 slasast, þar af 247 sem hlotið hafa meiri háttar meiðsli. 457 hafa verið lagðir inn á sjúkrahús vegna meiðsla, sem þeir hlutu í umferðarslysum.

Þetta eru staðreyndir, sem slegið hafa alla þjóðina skelfingu og valdið miklum fjölda einstaklinga harmi og þjáningu, sem orð ná skammt til að lýsa. Það er réttilega bent á, að hér dugi ekkert eitt ráð til bóta, heldur þurfi að koma til margar samræmdar aðgerðir — öflugt og samstillt átak allra þeirra aðila, sem að umferðarmálum vinna: aukin fræðsla og leiðbeiningarstarfsemi, virkari framkvæmd löggjafar- og dómsvalds, aukin löggæsla og, síðast en ekki síst, breytt viðhorf, aukin ábyrgðartilfinning almennings í landinu.

1. gr. þessa frumvarps fjallar um öryggisbelti og hjálma, en síðan 1. jan. 1969 hafa verið í gildi hér á landi lög þess efnis, að í öllum fólksbifreiðum (8 farþega og færri) og sendiferðabifreiðum, sem skráðar eru fyrir allt að 1000 kg farm og eru skráðar í fyrsta skipti eftir 1. jan. 1969, skuli vera öryggisbelti fyrir ökumenn og farþega í framsæti. Þrátt fyrir verulegt fræðslustarf um gildi öryggisbelta er notkun þeirra enn lítil. Má gera ráð fyrir, að hún sé innan við 5% í akstri í þéttbýli. Notkunin er þó mun meiri á þjóðvegunum, en er hins vegar bundin við mjög takmarkaðan tíma, þ. e. yfir sumarmánuðina. Í þessu sambandi ber að hafa í huga, að samkvæmt skýrslu Umferðarráðs um skráningu umferðarslysa verða um það bil 85% allra óhappa í umferð í þéttbýli, en 15% í dreifbýli. Á árunum 1971—73 létust 65 manns í umferðarslysum á Íslandi. Af þeim voru 30 ökumenn og farþegar í framsæti. Þrátt fyrir mjög takmarkaða notkun bílbelta hér á landi hafa þau þegar bjargað mörgum frá alvarlegum meiðslum og dauða. Niðurstöður af rannsóknum á þessum þætti umferðarmála sýna, að notkun bílbelta nái tilgangi sínum í a. m. k. 70% umferðarslysa. Hér er því annars vegar mikið slysavarnamál, sem þjóðir um allan heim veita vaxandi athygli. Í Svíþjóð var notkun bílbelta lögfest 1. jan. árið 1975. Síðan

hefur meiri háttar meiðslum fækkað um 33%. Í Finnlandi voru öryggisbelti lögfest 1. júní 1975, í Noregi 1. sept. 1975 og í Danmörku munu þau verða lögfest 1. jan. 1976. Önnur lönd, sem tekið hafa upp lögleiðingu bílbelta, eru Ástralía, Nýja-Sjáland, Ísrael, Frakkland, Lúxembourg, Holland og Belgía.

Fyrirhugað lagaákvæði um skyldunotkun öryggishjálma samkv. 2. mgr. 1. gr. þessa lagafrumvarps, er byggt á samnorrænni tillögu útgefinni af Nordisk Trafiksikkerhedsråd og birtist í skýrslu, sem gefin var út í okt. 1974. Skýrsla þessi var byggð m. a. á norskum rannsóknum, sem leiddu í ljós, að öryggishjálmurinn dró úr meiðslum hjá 82.5% þeirra, er notuðu hann og bjargaði lífi ökumanna í 15% af tilfellum.

Í 2. gr. frv. er kveðið svo á, að gildistími bráðabirgðaökuskírteina skuli lengdur úr einu í tvö ár. Skýrslur um umferðarslys sýna, að slysatíðni er mjög há hjá ungum ökumönnum, sérstaklega þó 2—3 fyrstu árin. Eftir að ökumaður hefur haft bráðabirgðaskírteini í eitt ár fær hann samkv.. núgildandi lögum fullnaðarskírteini, sem gildir í 10 ár frá útgáfudegi. Getur þetta m. a. leitt til þess, að ökuleyfishafi telji sér alla vegi færa með fullnaðarskírteini upp á vasann. Rannsóknir hafa leitt í ljós, að fyrstu 5 ökumannsárin eru hættulegust. Lögleiðing bráðabirgðaskírteinis var nýmæli og skref fram á við, en til að slík ráðstöfun hafi enn meiri áhrif er nauðsynlegt að lengja þennan tíma í tvö ár að minnsta kosti. Ísland eitt Norðurlanda hefur lágmarksaldur til ökuprófs 17 ár. Á hinum Norðurlöndunum öllum er hann 18 ár og er svo víða annars staðar í Evrópu. Það kann að vera fullróttæk ráðstöfun að hækka lágmarksaldurinn. Þess í stað er mælt með því að gildistími bráðabirgðaskírteinis sé lengdur í tvö ár.

Samkv. 6. mgr. 27. gr. umferðarlaga er heimilt að ákveða, að við endurnýjun fullnaðarskírteinis skuli hlutaðeigandi ganga undir skriflegt próf í umferðarlöggjöf. Þessari heimild hefur ekki verið beitt. Því er lagt til í 3. gr. þessa frv., að nú verði slíkt próf gert að skyldu. Hér er ekki átt við skriflegt próf sambærilegt því, sem fram fer við ökuprófið sjálft, heldur eingöngu könnun til upprifjunar á helstu umferðarreglum (t. d. 10—20 spurningar, sem svara verður á 15 mínútum). Þetta leiðir til þess, að flestir þeir. sem endurnýja ökuskírteini sitt, munu rifja upp umferðarreglurnar, enda nauðsynlegt, m. a. vegna breytinga, sem á þeim verða, lögleiðingar nýrra umferðarmerkja o. s. frv.

Mistakakerfið eða punktakerfið eins og það er stundum nefnt, er í dag talin ein árangursríkasta slysavörnin. Athygli manna víða um heim hefur í vaxandi mæli beinst að þessu kerfi. Hér er um að ræða aðferð til þess að auðvelda þeim, sem gefa eiga út ökuleyfi, að fylgjast með ökuferli manna og leggja mat á það hverjir þurfi endurhæfingar við og hvenær. Samkvæmt mistakakerfinu hafa brot á umferðarlögum og reglugerðarfyrirmælum mismunandi gildi eftir því hversu alvarleg þau eru. Mistakakerfið er fyrst tekið upp í Connecticut í Bandaríkjunum 1947. Síðan hefur það verið tekið upp í öllum ríkjum Bandaríkjanna og víða í Evrópu. Má nefna sem dæmi Frakkland, Þýskaland, Svíþjóð, Sviss og að nokkru í Englandi. Í Sovétríkjunum er reynt mistakakerfið, þótt það sé nokkuð frábrugðið því kerfi sem almennt tíðkast. Ráðherranefnd Evrópuráðsins hefur mælt eindregið með því að punktakerfið verði tekið upp í öllum löndum sem aðild eiga að ráðinu. Í nær öllum löndum eru reglur sem takmarka rétt manna til aksturs. Reglur þessar hafa fyrst og fremst byggst á læknisfræðilegum atriðum, svo sem að maður hefur skerta sjón eða að hann hafi orðið fyrir einhverjum veikindum sem gera hann óhæfan til aksturs. Í vaxandi mæli þarf að takmarka ökuréttindi vegna umferðarbrota. Þjóðfélagið verður að hindra, að óhæfur ökumaður sé á ferli í umferðinni. Réttindamissir getur undir mörgum kringumstæðum reynst árangursrík slysavarnaaðgerð, bæði frá sjónarmiði einstaklingsins og almennings. Viss fjöldi mistaka (punkta) veldur ökuskírteinissviptingu í ákveðinn tíma. Ökuleyfissvipting í fyrsta sinn er yfirleitt stutt eða tveir til þrír mánuðir og þá miðað við það, að viðkomandi fari á námskeið

til þess að rifja upp helstu umferðarreglur. Forsenda þess, að unnt sé að koma upp slíku kerfi hér á landi, er að haldin sé ökuferilsskrá yfir alla ökumenn á einum stað. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að ökuferilsskráin verði færð við embætti lögreglustjórans í Reykjavík, enda gefa lögreglumenn í Reykjavík yfir helming allra lögregluskýrslna um umferðarslys og umferðarbrot. Við embætti lögreglustjórans í Reykjavík hefur verið færð ökuferilsskrá um 10 ára skeið. Ljóst er að starf þetta hefur borið góðan árangur, og fyrir tveimur árum var tekin upp sú nýbreytni að boða þá ökumenn, sem höfðu slæman feril, til könnunar á akstursþekkingu. **Tillagan, sem í 4. gr. frv. felst, miðar að því að renna styrkari stoðum undir þetta starf og beita ökuleyfissviptingu í vaxandi mæli.** Það kemur einnig til greina, að ökuferilsskrá verði færð hjá embætti ríkissaksóknara, sem hefur með höndum sakaskrá ríkisins, eða hjá Umferðarráði, sem hefur með höndum skráningu umferðarslysa.

Hér á landi hefur nokkuð á annað þúsund manns rétt til að hafa á hendi ökukennslu. Flestir þessara aðila hafa ökukennslu að aukastarfi og margir hverjir kenna aðeins 1—2 nemendum á ári. 5. gr. frv. felur í sér þá meginbreytingu, að í stað þess að einstakir ökukennarar verði ábyrgir fyrir ökukennslunni, þá verði ökuskólar og forstöðumenn þeirra ábyrgir, en ökukennarar verði starfsmenn ökuskóla. Gert er ráð fyrir að ökuskólar verði reknir af einstaklingum eða samtökum þeirra og forstöðumenn ökuskóla hljóti sérstaka löggildingu dómsmálaráðherra, sem jafnframt setur reglur um starfsemi ökuskóla, bæði hvað varðar húsnæði og tækjabúnað. Það er skoðun flutningsmanna, að með tilkomu ökuskóla verði ökukennslan betur samræmd og tækifæri gefist til að auka verulega frá því sem nú er hinn fræðilega hluta ökunámsins. Á því er mikil nauðsyn, enda er fræðileg kennsla undir ökupróf mun skemmri hér en í flestum nágrannalöndum okkar. Þá þykir og nauðsynlegt að nota margs konar dýran tækjabúnað auk bifreiða til ökukennslu. Slíkt er einstaklingi algjörlega ofviða. Frv. gerir ekki ráð fyrir að skerða réttindi þeirra manna, sem hafa löggildingu til ökukennslu í dag. Þeir verði starfsmenn (og eigendur) ökuskóla, en forstöðumenn ökuskóla gefi eftirleiðis út kennsluvottorð. Hins vegar er ljóst að herða verður kröfur til menntunar ökukennara og gera það að skilyrði, að þeir, sem leggja ætla stund á ökukennslu í framtíðinni, sæki námskeið og hljóti starfsreynslu, áður en þeir fái löggildingu. Má sem dæmi nefna, að í Noregi verða ökukennaranemar að sitja á skólabekk í eitt ár áður en þeir gangast undir ökukennarapróf.

Ef frumvarp þetta verður að lögum verða því allir þeir, sem taka ætla almennt bifreiðastjórapróf, að sækja nám í ökuskóla. Rétt þykir að minna á það lofsverða framtak Ökukennarafélags Íslands, sem starfrækt hefur fræðslumiðstöð fyrir ökunema um árabil í Reykjavík. Ökunemar eru hins vegar ekki skyldugir til að sækja nám í fræðslumiðstöðinni, en þeir, sem sótt hafa fræðslu þangað, hafa átt kost á 4—5 kennslustunda umferðarfræðslu.

Í 6. gr. frv. er gert ráð fyrir viðbótarmálsgr. við 67. gr. núgildandi umferðarlaga um fébótaábyrgð og vátryggingu. Ef vanræksla á notkun þess öryggisbúnaðar (þ. e. öryggisbelta og hjálma, sem þessi grein vísar til) leiðir til þess, að viðkomandi þess vegna hljóti meiðsli í umferðarslysi, þá vaknar sú spurning, hvort vanrækslan skuli höfð til hliðsjónar, þegar metin er eigin sök, og hvort hún ætti þá að leiða til lækkunar fébóta. Nordisk Trafiksikkerhedsråd komst að þeirri niðurstöðu í skýrslu sinni, að slíkt skyldi ekki vera. Það væri ósanngjörn afleiðing lagasetningar, sem fyrst og fremst er ætlað að tryggja öryggi vegfarenda í umferðinni. Rétt þótti, að sama viðhorf gilti í íslenskum lögum um þetta efni.

Það er von flutningsmanna, að þetta lagafrumvarp, sem og þau önnur þingmál, sem nú liggja fyrir Alþingi og miða í sömu átt, fái jákvæða og skjóta afgreiðslu þingsins, þannig að þær umbætur á íslenskri umferðarlöggjöf, sem þau fela í sér, komist sem fyrst til framkvæmda.

Ed. **175. Frumvarp til laga** [121. mál]

um breytingar á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, sbr. lög nr. 112/1972 og 62/1974.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

1. gr.

43. grein breytist svo:

1. Liður b. orðist svo:
„Nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir, eftir tilvísun samlagslæknis hjá sérfræðingum, þó þannig að samlagsmaður greiði kr. 600.00 fyrir hverja komu til sérfræðings."
2. Liður c. orðist svo:
„Lyf, sem samlagsmanni er brýn nauðsyn að nota að staðaldri. Af öðrum nauðsynlegum lyfjakostnaði greiðir samlagsmaður ávallt fyrstu 300 kr. samkvæmt Lyfjaverðskrá I og fyrstu 600 kr. samkv. Lyfjaverðskrá II, en sjúkrasamlag það sem á vantar fullt verð. Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt eða lægra en þessi mörk, greiðir samlagsmaður það."
3. Liður d. orðist svo:
„Röntgengreiningu og geislameðferð samkvæmt gjaldskrá, sem daggjaldanefnd setur, þó þannig að samlagsmaður greiði ávallt 600 kr. fyrir hverja röntgengreiningu."
4. 12. málsgrein orðist svo:
„Ráðherra er með reglugerð heimilt að breyta greiðslum samlagsmanna samkvæmt þessari grein, svo og að ákveða með reglugerð hámark eininga lyfjaávísana."

2. gr.

49. grein breytist svo:
Síðasta málsgrein greinarinnar orðist svo:
„Framlög sveitarfélaga greiðast til sjúkrasamlaga mánaðarlega miðað við fjárhagsáætlun."

3. gr.

Á árinu 1976 skulu sveitarfélög innheimta 1% álag á gjaldstofn útsvara og skulu standa sjúkrasamlögum skil á fyrirframgreiðslu eða hlutfallslegri innheimtu þess mánaðarlega.
Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga samkvæmt 49. gr. skal taka tillit til þessa framlags til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.

Greinargerð.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1976, bls. 190—191, er gert ráð fyrir 2000 millj. kr. lækkun útgjalda ríkissjóðs á útgjöldum til almannatrygginga. Strax við endurskoðun fjárhagsáætlunar Tryggingastofnunarinnar var talið að áætlun lífeyristrygginga væri of há vegna of hárrar áætlunar tekjutryggingar á árið 1976 og var þá stuðst við reynslu ársins 1975 sem ekki var fyrir hendi þegar fjárhagsáætlun var gerð fyrr á árinu.
Útgjaldaáætlun lífeyristrygginga hefur því verið lækkuð úr 9446 millj. í 7715 millj.

Á hinn bóginn verður hækkun á áætlun sjúkratrygginga vegna hækkunar daggjalda 1. okt. s. l. úr 10 329 millj. í 11 629 millj. Hækkun á ársreksturskostnaði sjúkratrygginga er þannig áætluð 1050 millj., þar af hluti ríkissjóðs um 950 millj.

Þegar tekið hefur verið tillit til þeirra breytinga, sem hér hafa verið raktar, þarf útgjaldalækkun tryggingakerfisins í heild að nema 1667 millj. í stað 2000 millj. sem upphaflega var áætlað og er hér eingöngu um að ræða breytingar á sjúkratryggingum í raun með tilvísun til þess sem fyrr sagði um ofáætlun lífeyristrygginga.

Kostnaður við lífeyristryggingar og sjúkratryggingar hefur breyst þannig á árunum 1972—76.

Á árunum 1972—1974 er um uppgjör Tryggingastofnunar ríkisins að ræða. Fyrir árið 1975 er um fjárlagatölu að ræða, en fyrir árið 1976 fjárlagaáætlun endurskoðaða.

	Lífeyristryggingar	Sjúkratryggingar
1972	3 178	2 887
1973	4 431	3 693
1974	5 540	6 433
1975	6 967	7 665
1976	7 715	11 629

Af hálfu ríkisstjórnarinnar hefur farið fram gaumgæfileg athugun á því hvernig lækka mætti útgjöld ríkisins í kostnaði almannatrygginga.

Þeir valkostir verða ekki raktir hér en eingöngu rætt um þær leiðir sem valdar hafa verið og fram koma í því frumvarpi, sem hér liggur fyrir. Þær leiðir, sem valdar hafa verið eru:

1. Hækkun á greiðsluhluta sjúklinga í kostnaði vegna sérfræðiþjónustu, rannsókna og lyfja utan sjúkrahúsa.
2. Innheimta 1% álags á gjaldstofn útsvara, sem renni til sjúkrasamlaga.

Endurskoðun almannatryggingalaga hefur staðið yfir á þessu ári. Guðjón Hansen, tryggingafræðingur, hefur unnið að slíkri endurskoðun síðustu mánuði og í október var skipuð ný endurskoðunarnefnd undir forystu formanns tryggingaráðs Gunnars Möller og eiga sæti í henni fulltrúar þingflokka ásamt nokkrum sérfræðingum. Gert er ráð fyrir að nefndin skili heildarniðurstöðum sínum áður en þing kemur saman haustið 1976.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með þeirri breytingu sem hér er gerð er gert ráð fyrir að viðtal hjá sérfræðingi hækki úr kr. 300 í kr. 600. Athugun hefur leitt í ljós að núverandi greiðsla er 15—20% af sérfræðikostnaði að meðaltali hjá sjúkrasamlögum og verður því 30—40% eftir þessa hækkun.

Þá er gert ráð fyrir að greiðslur fyrir röntgengreiningu og meðferð hækki úr kr. 250 í kr. 600. Athugun hefur sýnt að núverandi greiðsla er um 7% af meðaltalskostnaði við röntgenskoðanir utan sjúkrahúsa. Við breytinguna hækkar þetta hlutfall í um 17%.

Gert er ráð fyrir að greiðslur vegna lyfja hækki úr kr. 200 í kr. 300 fyrir lyf í Lyfjaverðskrá I og úr kr. 400 í kr. 600 fyrir lyf í Lyfjaverðskrá II.

Í fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir að greiðslur sjúkratrygginga fyrir lyf verði 1 100 millj. á árinu 1976 og er sú áætlun mjög nærri lagi miðað við verðkönnun í október 1975.

Á það ber hins vegar að minna að á undanförnum árum er vaxandi fjöldi sjúklinga sem fær lyf ókeypis og á því verður ekki breyting með þessari lagabreytingu.

Hér er fyrst og fremst að ræða sjúklinga með lítt læknandi eða langvarandi sjúkdóma og má þar nefna asmasjúklinga, glákusjúklinga, berklasjúklinga, floga-

veikisjúklinga, hjartasjúklinga á sumum stigum, og sjúklinga með efnaskiptasjúkdóma og krabbamein.

Aðrir sjúklingar fé lyf ókeypis að ráði læknis síns og með samþykki trúnaðarlæknis sjúkrasamlags svo sem geðsjúklingar, Parkinsonssjúklingar og sjúklingar með psoriasis eða exem.

Samtals er gert ráð fyrir að breytingar á lyfjagreiðslum lækki útgjöld sjúkratrygginga um 280 millj. en breytingar á greiðslum fyrir sérfræðilæknishjálp og rannsóknir um 200 millj.

Um 2. gr.

Hér er eingöngu um það að ræða að flýta greiðslum sveitarfélaga til sjúkrasamlaga og auðvelda þeim að standa við skuldbindingar sínar.

Um 3. gr.

Hér er um að ræða að sveitarfélög taki á árinu 1976 meiri þátt í kostnaði sjúkratrygginga en nú er.

Kostnaður við rekstur sjúkrastofnana er veigamesti kostnaður sjúkratrygginga.

Sveitarfélög og einkaðilar reka nú um 60% sjúkrahúsa miðað við legudagafjölda en ríkissjóður 40%. Minnkandi þátttaka sveitarsjóða í kostnaði sjúkratrygginga er ekki til þess fallin að auka aðhald í sjúkrahúsarekstri þeirra.

Hér er því gerð tillaga um að kostnaðarhlutfall sveitarfélaga verði aukið að nýju í heildarkostnaði sjúkratryggingarinnar. Á móti þessu er gert ráð fyrir að þau innheimti 1% álag á gjaldstofn útsvara, sem renni til sjúkrasamlaga.

Þessar auknu greiðslur sveitarfélaganna eru taldar nægja ásamt þeim 480 millj. er fyrr getur til þess að ná upp þeim 1 667 millj., sem fyrr var um rætt en auk þess er gert ráð fyrir að koma á auknu aðhaldi og eftirliti í Tryggingastofnun ríkisins bæði hvað snertir greiðslur lífeyristryggingadeildar og sjúkratryggingadeildar.

Í sambandi við rekstur sjúkrahúsa er það vilji ríkisstjórnarinnar að teknir verði upp nýir starfshættir við ákvarðanir útgjalda sjúkrahúsa þannig að áætlun sé gerð um rekstur hvers sjúkrahúss í sambandi við gerð fjárlaga eins og nú er um ríkissjúkrahúsin. Skili sjúkrahús ekki slíkri rekstursáætlun gerir daggjaldanefnd áætlun, sem lögð er til grundvallar útgjaldaáætlun.

Daggjaldanefnd ákveði síðan kostnaðarflokkun sjúkrahúsa í samráði við heilbrigðisráðherra og útgjaldaáætlun miðist við þá flokkun.

Með þessu móti er gert ráð fyrir að rekstursrammi sjúkrahúsa, bæði ríkissjúkrahúsa og sjúkrahúsa sveitarfélaga og einstaklinga sé ákveðinn í ársbyrjun og síðan verði kappkostað að starfa innan þess ramma og þær einar breytingar á rekstri komi til á fjárhagsári, sem leiðir af kaupgjalds- eða verðlagshækkunum.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Ed. 176. Nefndarálit [107. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 5 28. febr. 1975, um ráðstafanir vegna snjóflóða í Norðfirði og fjáröflun til Viðlagasjóðs.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess.

Jón Árm. Héðinsson tekur fram, að hann geri ráð fyrir því, að sömu reglur gildi um bótagreiðslur í Neskaupstað og gilt hafa í Vestmannaeyjum.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Axel Jónsson og Jón G. Sólnes.

Alþingi, 15. des. 1975.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Jón Helgason, fundaskr. Jón Árm. Héðinsson.
Albert Guðmundsson. Ragnar Arnalds.

Ed. 177. Nefndarálit [101. mál]

um frv. til l. um verðjöfnunargjald raforku.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og mælir meiri hluti nefndarinnar með samþykkt þess.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Jón G. Sólnes og Stefán Jónsson.

Alþingi, 15. des. 1975.

Steingrímur Hermannsson, form., frsm. Ingi Tryggvason, fundaskr. Bragi Sigurjónsson.
Þorv. Garðar Kristjánsson.

Sþ. 178. Tillaga til þingsályktunar [122. mál]

um hönnun bygginga á vegum ríkisins.

Flm.: Páll Pétursson, Gunnlaugur Finnsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga hvort ekki væri hagkvæmt að koma á fót teiknistofu ríkisins. Teiknistofu þessari yrði falin hönnun bygginga á vegum ríkisins, svo sem sjúkrahúsa, skólamannvirkja, íþróttamannvirkja og hvers konar annarra þeirra mannvirkja, er ríkið kostar að miklum hluta.

Greinargerð.

Þegar fjárlög eru sett hverju sinni eru ákvarðaðar upphæðir til einstakra þátta í framkvæmdum á vegum ríkisins. Þörfin er alltaf brýn fyrir mikið fjármagn, en það takmarkast af getu hverju sinni. Það er eðlilegt að íhuga hvernig fjármagnið nýtist sem best við hvert verkefni. Einn af fjárfrekum þáttum eru opinberar byggingar, svo sem skólamannvirki og sjúkrahús. Það vekur athygli þegar kostnaðaráætlanir þessara framkvæmda eru athugaðar, hve hönnunarkostnaður er geysilegur þáttur í heildarkostnaði. Ekki bætir það úr skák að hönnunarkostnaður er reiknaður sem ákveðinn hundraðshluti af heildarkostnaði mannvirkis. Sú aðferð virðist illa til þess fallin að ítrustu hagsýni sé gætt við hönnunina, þannig að byggingarnar séu gerðar sem ódýrastar.

Flestar þessar opinberu byggingar eru nú hannaðar af einkaaðilum. Við íslendingar eigum marga listfenga arkitekta, hugvitssama verkfræðinga og hæfa tæknifræðinga, en sú þjónusta, sem ríkið kaupir af þeim, er greidd með miklu fé. Þess vegna er eðlilegt að leitað sé leiða til þess að lækka hönnunarkostnaðinn.

Teiknistofnun landbúnaðarins (áður Teiknistofa landbúnaðarins) hefur verið rekin um langan aldur. Stofnunin hefur hannað langflestar byggingar í sveitum landsins og er óhætt að fullyrða, að hún hafi í megindráttum gegnt hlutverki sínu mjög vel og sparað bændum marga milljónatugi með því að láta þeim í té góðar teikningar gegn vægu gjaldi. Vegna þess, hve sú stofnun er öflug, er mjög fátítt að bændur leiti til annarra aðila um hönnun mannvirkja.

Húsnæðismálastofnun hefur lengi rekið teiknistofu, hún heitir nú tæknideild. Um þá starfsemi gildir hið sama og um Teiknistofnun landbúnaðarins, að hún hefur gegnt hlutverki sínu með prýði og fjöldi húsbyggjenda hefur fengið þar ódýrar og góðar teikningar sér til mikilla hagsbóta.

Fyrr á árum var stofnsett embætti húsameistara ríkisins. Húsameistari ríkisins mun um langt skeið hafa hannað mestan hluta opinberra bygginga, mjög margar þeirra með hinni mestu prýði, og mun þáttur þeirrar stofnunar hafa haft mjög verulega þýðingu við það að nýta takmarkað fjármagn vel. Á síðari árum og með fjölgandi verkefnum á vegum ríkisins hefur embætti húsameistara, en það starfar nú samkv. reglugerð nr. 259/1973, haft með höndum minni hluta af hönnun opinberra bygginga en áður var, og hefur þó stofnunin talsverðu starfsliði á að skipa. Jafnframt hefur hluti hönnunar í heildarkostnaði opinberra bygginga aukist mjög.

Þess vegna telja flm. nauðsynlegt að athugað verði, hvort myndun nýrrar teiknistofu, hugsanlega í einhverjum tengslum við embætti húsameistara ríkisins, væri ekki tímabær, — öflugrar stofnunar er gæti annað hliðstæðu hlutverki og Teiknistofnun landbúnaðarins og tæknideild Húsnæðismálastofnunar.

Sþ. 179. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1976 og við brtt. á þskj. 169.

	Þús. kr.
I. Frá *Gils Guðmundssyni.*	
1. Við 4. gr. 1 02 976 Menningarsjóður.	
Fyrir „12 654“ kemur	18 000
2. Við 4. gr. 1 02 981 Almenningsbókasöfn.	
a. Við 02 Til bæjar- og héraðsbókasafna.	
Fyrir „5 700“ kemur	20 000
b. Við 03 Til sveitarbókasafna og lestrarfélaga.	
Fyrir „1 425“ kemur	6 000
c. Við 04 Til bókasafna í stofnunum.	
Fyrir „400“ kemur	2 000
d. Við 05 Til húsabóta.	
Fyrir „950“ kemur	20 000
e. Við 06 Til Rithöfundasjóðs Íslands.	
Fyrir „1 660“ kemur	6 000
II. Frá *Helga F. Seljan* og *Jónasi Árnasyni.*	
1. Við 4. gr. 1 02 982 06 Til Bandalags íslenskra leikfélaga.	
Fyrir „1 000“ kemur	1 300
2. Við brtt. 169, 17. — Við 4. gr. 1 02 982 08 Leiklistarstarfsemi.	
Fyrir „8 200“ kemur	10 000
Þar af til Leikfélags Akureyrar 4 300 þús. kr.	

III. Frá *Gils Guðmundssyni.* Þús. kr.

Við 4. gr. 1 03 399 Ýmis utanríkismál.

a. Við 01 Aðstoð við þróunarlöndin.
Fyrir „12 500“ kemur 25 000

b. Við 02 Til Flóttamannaráðs Íslands.
Fyrir „800“ kemur 1 600

IV. Frá *Helga F. Seljan* og *Karvel Pálmasyni.*

Við 4. gr. 1 07 975 Styrktarsjóður vangefinna.
Fyrir „31 825“ kemur 35 000

Nd. 180. Nefndarálit [119. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 55 25. apríl 1973, um breyt. á lögum nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur tekið málið til afgreiðslu og leggur hún til, að það verði samþykkt óbreytt.

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Sighvatur Björgvinsson og Garðar Sigurðsson.

Alþingi, 16. des. 1975.

Pétur Sigurðsson, form., frsm. Sverrir Hermannsson, fundaskr. Jón Skaftason.
Guðl. Gíslason. Tómas Árnason.

Sþ. 181. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1976.

Þús. kr.

I. Frá *Stefáni Jónssyni.*

1. Við 4. gr. 1 04 241. Nýr liður:
09 Grasкögglaverksmiðja, Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu (fjárfestingar) 15 000

2. Við 4. gr. 1 07 981 15 Kaupmannasamtökin vegna hagræðingarstarfsemi.
Liðurinn fellur niður.

II. Frá *Jónasi Árnasyni* og *Stefáni Jónssyni.*

Við 4. gr. 1 11 235 06 Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, eigin fjárframlag.
Liðurinn fellur niður.

Sþ. 182. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1976 og við brtt. á þskj. 169.

I. Frá *Svövu Jakobsdóttur, Eðvarð Sigurðssyni* og *Vilborgu Harðardóttur.*
Við 4. gr. 1 02 514 Iðnskólinn í Reykjavík 0 20 Önnur rekstrargjöld. Þús. kr.
Fyrir „646“ kemur 4 000

II. Frá *Gils Guðmundssyni, Helga F. Seljan* og *Ragnari Arnalds.*
Við 4. gr. 1 02 516 Iðnskólar 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.
Fyrir „32 300“ kemur 75 000

III. Frá *Svövu Jakobsdóttur, Eðvarð Sigurðssyni* og *Vilborgu Harðardóttur.*
Við brtt. 169, 7.1. Reykjavík. — Við 4. gr. 1 02 516 Iðnskólar.
Fyrir „9 500“ kemur 30 000

IV. Frá *Svövu Jakobsdóttur* og *Helga F. Seljan.*
Við 4. gr. 1 02 763 Bygging skóla fyrir þroskahömluð börn.
Fyrir „4 750“ kemur 30 000

V. Frá *Svövu Jakobsdóttur.*
1. Við 4. gr. 1 02 999. Nýr liður:
34 Kvennasögusafn Íslands 500
2. Við 4. gr. 1 07 981 05 Jafnlaunaráð.
Fyrir „590“ kemur 1 400
3. Við brtt. 169, 43. a. 4. Rvík, Arnarholt. — við 4. gr. 1 08 381 30 Bygging sjúkrahúsa o. fl.
Fyrir „20 000“ kemur 37 000

Ed. 183. Frumvarp til laga [123. mál]

um breytingar á lögum vegna nokkurra verkefna sveitarfélaga og kostnaðar við þau.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

I. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum.

1. gr.

7. gr. laganna fellur niður.

II. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 52 9. apríl 1956 um vinnumiðlun.

2. gr.

8. gr. orðist svo:

Kostnaður, sem leiðir af ákvæðum 6. gr., greiðist úr ríkissjóði. Að öðru leyti greiðist kostnaður vegna vinnumiðlunar skv. lögum þessum úr hlutaðeigandi sveitarsjóði.

III. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 53 29. maí 1972 um orlof húsmæðra.

3. gr.

5. gr. 1. tl. orðist svo:

1. Sveitarsjóður greiði árlega upphæð, sem svarar minnst kr. 150 fyrir hverja húsmóður í landinu.
2. tl. falli niður.

4. gr.

Orðin „ríkis og“ í 7. gr. falli niður.

IV. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 28 18. apríl 1973 um dvalarheimili aldraðra.

5. gr.

7. gr. orðist svo:

Ef aðrir aðilar en sveitarfélög byggja eða hefja rekstur dvalarheimilis, er sveitarsjóði heimilt að greiða allt að ⅓ hluta kostnaðar við byggingu og kaup nauðsynlegra tækja og búnaðar.

V. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 63 21. maí 1974 um grunnskóla.

6. gr.

1. mgr. 79. gr. orðist svo:

Viðhaldskostnaður húsa og lóða, viðhald og endurnýjun tækja og búnaðar greiðist af sveitarfélögunum, en húsaleiga greiðist af ríkissjóði í því hlutfalli, sem stofnkostnaður húsnæðis til sömu nota mundi greiddur.

Stofnbúnað skólabókasafns greiðir ríkissjóður að hálfu á móti sveitarfélögum. Skal bókastofn skólabókasafns miðaður við 10 eintök bóka á nemanda og kostnaðarþátttöku ríkissjóðs skipt á allt að 10 ára tímabil. Viðhald og endurnýjun bókasafna greiða sveitarfélög.

7. gr.

80. gr. 2. mgr. orðist svo:

Tekjur af eignum skóla renna til sveitarsjóða.

8. gr.

4. mgr., 5. mgr. og 6. mgr. 83. gr. falli niður.

VI. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 29 21. apríl 1973 um hlutdeild ríkissjóðs í byggingu og rekstri dagvistunarheimila.

9. gr.

2. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 3. gr. breytast á þann veg að orðin „og rekstrar“ falli niður.

10. gr.

8. og 9. gr. falli niður.

11. gr.

1. mgr. og 2. mgr. 10. gr. breytast á þann veg, að orðin „og/eða reka“ falli niður. Síðasta mgr. 10. gr. falli niður.

VII. kafli.

Um breyting á lögum nr. 22 26. apríl 1963 um almenningsbókasöfn.

12. gr.

Síðari hluti 2. mgr. 4. gr. svohljóðandi: „Skulu söfnin njóta sakir þessarar skyldu árlegs aukastyrks úr ríkissjóði samkvæmt nánari ákvörðun í fjárlögum“ falli niður.

13. gr.

6. gr. orðist svo:

Bæir og sýslur skulu sjá söfnunum fyrir viðunandi húsnæði og leggja söfnunum rekstrarfé samkvæmt lögum þessum. Hlutaðeigandi bæjarstjórnir, sýslunefndir og hreppsnefndir skulu og úrskurða reikninga safnanna.

14. gr.

4. mgr. og 8. mgr. 7. gr. falli niður.

15. gr.

Úr 13. gr. falli niður orðin: „og ríkissjóðs“.

16. gr.

Úr 2. mgr. 14. gr. falli niður orðin: „og skal greidd jafnhá fjárhæð á móti úr ríkissjóði“.

3. mgr. 14. gr. falli niður.

17. gr.

Úr 16. gr. falli niður orðin: „og ríkissjóði“.

18. gr.

24. gr., 25. gr., 26. gr. og 27. gr. falli niður.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í athugasemdum með frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1976 kemur fram að ríkisstjórnin telji æskilegt að auka hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í söluskatti. Er nú ráðgert að sjóðurinn fái 8% af 18% söluskatti, en hann fær nú 8% af 13% söluskatti. Er þá jafnframt gert ráð fyrir, að nokkrir útgjaldaliðir ríkissjóðs færist yfir á sveitarsjóði, en þeir eru þessir:

	Fjárlagafrv. 1976 m.kr.	Endurmetnar fjárhæðir m.kr.
Viðhald skólamannvirkja	190	220
Dagvistunarheimili, rekstur	117	120
Elliheimili, stofnkostnaður	50	60
Almenningsbókasöfn	8	20
Heimilishjálp	15	25
Vinnumiðlun	4	5
Húsmæðraorlof	8	8
	392	458

Nd. 184. Nefndarálit [98. mál]

um frv. til l. um lækkun lögbundinna framlaga á fjárlögum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Við erum andvígir frumvarpinu og leggjum til að það verði fellt, enda teljum við flest þau framlög, sem lagt er til með frv. að lækka, nauðsynleg, og litlar líkur til að í reynd verði þau felld niður og frumvarpið því fyrst og fremst sýndarmennska.

Alþingi, 16. des. 1975.

Lúðvík Jósepsson, frsm. Gylfi Þ. Gíslason.

Fylgiskjal.

Skerðing lögbundinna fjárveitinga um 5%.	Þús. kr.
Framkvæmd sundskyldu í skólum	1 905
Launasjóður rithöfunda	1 085
Húsfriðunarsjóður	217
Stofnlánadeild landbúnaðarins	15 450
Jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir	175
Til búfjárræktar skv. l. nr. 31/1973	1 602
Aflatryggingasjóður	5 984
Fiskveiðasjóður	20 000
Bygging ríkisfangelsa og vinnuhæla	750
Kirkjubyggingasjóður	5
Kristnisjóður	315
Byggingarsjóður verkamanna	5 000
Skipulagsstjóri	1 752
Lánasjóður sveitarfélaga	2 750
Landakaup kaupstaða og kauptúna	500
Bjargráðasjóður	1 600
Atvinnuleysistryggingasjóður	31 000
Lífeyrissjóður bænda	2 500
Lífeyrissjóður verkalýðsfélaga	2 600
Vegagerð	175 000
Iðnlánasjóður	2 500
Iðnrekstrarsjóður	2 500
Sölustofnun lagmetisiðnaðarins	1 250
	276 440

Markaðir tekjustofnar, sem eru undanþegnir 5% skerðingu.

Aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum til Ríkisútvarpsins.
Hluti vindlingagjalds til Landgræðslusjóðs.
Erfðafjárskattur til Erfðafjársjóðs.
Hluti eignarskatts, hluti launaskatts og byggingarsjóðsgjöld til byggingarsjóðs ríkisins.
Hluti vindlingagjalds og gjald af heillaskeytum til Krabbameinsfélagsins.
Samúðarskeyti Landsímans til Minningarsjóðs Landspítalans.
Sérleyfisgjald til sérleyfissjóðs.
Rafmagnseftirlitsgjald til Rafmagnseftirlits ríkisins.
Verðjöfnunargjald til Orkusjóðs.

Nd. 185. Nefndarálit [100. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7/1972, lög nr. 60/1973, lög nr. 10/1974 og lög nr. 11/1975.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Með frumvarpi þessu er lagt til að 2.7-falda núgildandi matsverð á fasteignum til eignarskattsálagningar. Jafnframt er lagt til að hækka þá fjárhæð, sem nú er skattfrjáls við eignaskattsálagningu, úr 1 millj. króna í 2 millj. króna, og nokkur breyting gerð á eignarskattsstiga. Við teljum ekki óeðlilegt að núgildandi matsverð á fasteignum sé hækkað til eignarskattsálagningar, en teljum hins vegar að jafnframt beri að hækka tilsvarandi þá fjárhæð sem telja skal skattfrjálsa. Af þeim ástæðum berum við fram svohljóðandi

BREYTINGARTILLÖGU:

2. mgr. ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Fjárhæðir í skattstiga í 1. tl. 26. gr. l. nr. 68/1971, sbr. 12. gr. l. nr. 7/1972, hækki þannig að af fyrstu 2 700 000 kr. skattgjaldseign greiðist enginn skattur, af næstu 2 700 000 kr. skattgjaldseign greiðist 0.6% og af þeirri skattgjaldseign, sem þar er fram yfir, greiðist 1%.

Alþingi, 16. des. 1975.

Lúðvík Jósepsson, frsm. Gylfi Þ. Gíslason.

Sþ. 186. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1976 og við brtt. á þskj. 169.

I. Frá *Ragnari Arnalds.* Þús. kr.

Við brtt. 169, 14. — Við 4. gr. 1 02 762.
Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra.

a. Við 44. lið. Nýr liður:
Hvammstangi, sundlaug 3 000

b. Við 54. Skagaströnd, skóli.
Fyrir „1 000“ kemur 3 000

c. Við 54. Nýr liður:
Haganeshreppur, skóli 5 000

d. Við 8. Hvammstangi, sundlaug.
Til undirbúnings framkvæmdum.
Liðurinn fellur niður.

e. Við 9. Haganeshreppur, skóli. Til undirbúnings framkvæmdum.
Liðurinn fellur niður.

II. Frá *Garðari Sigurðssyni.*

1. Við 4. gr. 1 03 102. Varnarmáladeild.
Liðurinn fellur niður.

2. Við 4. gr. 1 03 201 03. Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli.
Fyrir „63 743“ kemur 33 743

3. Við 4. gr. 1 03 303. Sendiráðið í London.
Liðurinn fellur niður.

Þús. kr.

4. Við 4. gr. 1 03 311. Sendiráð Íslands í Brüssel og fastanefnd Íslands hjá NATO.
   Liðurinn fellur niður.
5. Við 4. gr. 1 03 401 32. Tillag til Atlantshafsbandalagsins.
   Liðurinn fellur niður.

III. Frá *Ragnari Arnalds.*

Við 4. gr. 1 04 241. Nýr liður:
10 Grænfóðurverksmiðja í Hólminum í Skagafirði (fjárfestingar) 15 000

IV. Frá *Ragnari Arnalds* og *Lúðvík Jósepssyni.*

Við 4. gr. 1 06 251. Landhelgisgæsla. Nýr liður:
Rekstrarkostnaður þriggja skipa, sem tekin verði á leigu til gæslustarfa 350 000

V. Frá *Ragnari Arnalds.*

1. Við brtt. 169, 43. — Við 4. gr. 1 08 381 03. Bygging sjúkrahúsa o. fl.
   a. Við a. 15. Blönduós, sjúkrahús.
      Fyrir „10 000“ kemur 25 000
   b. Við a. 16. Sauðárkrókur.
      Fyrir „10 000“ kemur 25 000
2. Við 4. gr. 1 11. Nýr liður:
   2 34 **Lagmetisiðjan Siglósíld:**
   0 90 Yfirfærslur:
   0 91 Til fyrirtækja í B-hluta 10 000
   Gjöld samtals 10 000

Sþ. 187. Tillaga til þingsályktunar [124. mál]

um rannsóknir og hagnýtingu á sjávargróðrinum við Ísland.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson, Pétur Sigurðsson, Jón Árnason, Guðlaugur Gíslason, Sverrir Hermannsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa 5 manna nefnd til að gera tillögu um aðgerðir til að efla rannsóknir á sjávargróðrinum við Ísland annars vegar með tilliti til uppeldisstöðva nytjafiska og hins vegar með hagnýtingu sæþörunga fyrir augum. Skulu þrír nefndarmanna skipaðir samkvæmt tilnefningu, þannig að Hafrannsóknastofnunin, Háskóli Íslands og Iðnþróunarstofnun Íslands tilnefni einn mann hver aðili. En tveir nefndarmanna skulu skipaðir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar.

Nefndin skal ljúka störfum fyrir næsta þing.

Kostnaður við nefndarstörf greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Í sjó við strendur Íslands vaxa þörungar á breiðu belti, sem nær frá flæðarmáli niður á um það bil 20 faðma dýpi. Landsmenn hafa frá alda öðli haft mikil not af þessum gróðri, enda er mikið um hann við strendur landsins. Þang og þari var mikið notað til fóðurs, áburðar og eldsneytis, en fjörugrös og söl til manneldis.

Fyrr á öldum var margt skrifað um nytsemi þessa sjávargróðurs. En fyrstu tilraunir til vísindalegrar þekkingar á íslenskum sjóþörungum er ekki að finna fyrr en seint á 18. öld. Meiri háttar athuganir á íslensku sæflórunni hefjast svo á síðari hluta 19. aldar. Var þá stærsta skrefið stigið, þegar dr. Helgi Jónsson byrjar sínar rannsóknir á sjávargróðrinum við Ísland árið 1894. Hann hefur mest rannsakað íslenska þörunga og skrifaði fjölda ritgerða um þetta efni, og voru aðalverk hans gefin út á fyrsta og öðrum áratug þessarar aldar.

Eftir þetta verður um hálfrar aldar hlé á rannsóknum sjávargróðursins við Ísland.

Sumarið 1963 hóf dr. Sigurður Jónsson rannsóknir á íslenskum sjóþörungum í sumarleyfum frá háskólanum í París, þar sem hann starfar sem einn fremsti vísindamaður í sjávargróðri, sem nú er uppi. Rannsóknir þessar voru gerðar á eigin vegum, en að nokkru leyti með styrk, sem Alþingi veitti. Voru þær í beinu framhaldi af rannsóknum dr. Helga. Þær stefndu að könnun afskekktra og áður órannsakaðra fjörusvæða í eyjum og á annesjum víða kringum landið. Árið 1971 fékkst styrkveiting frá Atlantshafsbandalaginu til rannsókna á sæflóru Íslands bæði frá fræðilegu og hagnýtu sjónarmiði. Var þá gerður út 8 manna fransk-íslenskur leiðangur kringum landið undir stjórn dr. Sigurðar Jónssonar og Sigurðar V. Hallssonar efnaverkfræðings. Megináhersla var lögð á könnun djúpgróðursins, dýptardreifingu hans, tegundasamsetningu og efnismagn. Mikilsverðar upplýsingar fengust um sæflóruna í þessum leiðangri og margar tegundir sjóþörunga fundust, sem ekki var vitað um áður að yxu við strendur landsins. Á sama tíma hefur dr. Sigurður fylgst með þróun sjávargróðursins, sem er að vaxa upp í Surtsey, og gert samanburðarkönnun á sjógróðri í Vestmannaeyjum.

Loks ber að minnast á hagnýtar rannsóknir, sem Sigurður V. Hallsson hefur unnið að alla tíð síðan árið 1957. Hefur hann unnið mest að þessum rannsóknarstörfum fyrir eigið frumkvæði og á eigin vegum, en stundum notið styrks opinberra aðila. Þessar rannsóknir Sigurðar V. Hallssonar hafa einkum snúist um tekju, vinnslu, efnainnihald og uppskerumöguleika á vissum nytjaþörunugum. Með þessum rannsóknum sínum, tilraunum með vinnsluaðferðir og markaðsathugunum tókst honum að leggja grundvöll að nýjum atvinnurekstri, þar sem er þörungavinnslan að Reykhólum.

Þekking manna á íslensku sæflórunni hefur vissulega aukist á síðari árum. Hins er þó að gæta, að rannsóknir á sjávargróðrinum hafa mest verið framkvæmdar fyrir framtak einstakra manna, sem sáu nauðsyn á áframhaldandi rannsóknum. En í dag er hvergi unnið skipulega að rannsókn hinna botnlægu sjóþörunga við íslenskar rannsóknarstofnanir. Mörg verkefni eru því enn óleyst. Þau krefjast ýmist frumathugana eða endurmats í ljósi nýrra aðferða og breyttra viðhorfa.

Rannsóknir á sjávargróðrinum stefna að heildarsamantekt um íslensku sæflóruna. Það hefur grundvallarþýðingu fyrir aukna þekkingu á lífríki sjávarins við Ísland. En það varðar annars vegar uppeldisstöðvar nytjafiska, viðgang fiskstofnanna og þar með framtíð sjávarútvegsins í landinu, og hins vegar varðar þetta hagnýtingu sjávargróðurs sem hráefnis til iðnaðarframleiðslu.

Hér er því um að ræða eitt hið mikilvægasta mál sem hugsast getur. Íslendingar hafa ekki efni á að láta reka á reiðanum í þessu máli. Við eigum líka á að skipa hæfustu mönnum og stofnunum sem til þarf. En taka verður upp heildarstjórn og gera samræmdar aðgerðir, svo að nútíma vísindi og tækni verði hagnýtt sem best á svo mikilvægum vettvangi sem hér um ræðir fyrir atvinnuvegi og lífsbaráttu þjóðarinnar. Þess vegna er tillaga þessi til þingsályktunar lögð fram.

Ed. 188. Nefndarálit [94. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 41 frá 28. apríl 1967, um bátaábyrgðarfélög.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 16. des. 1975.

Oddur Ólafsson, form., frsm.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr.	Bragi Sigurjónsson.
Steinþór Gestsson.	Helgi F. Seljan.	Ásgeir Bjarnason.

Ed. 189. Nefndarálit [95. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 47 28. apríl 1967, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 16. des. 1975.

Oddur Ólafsson, form., frsm.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr.	Bragi Sigurjónsson.
Steinþór Gestsson.	Helgi F. Seljan.	Ásgeir Bjarnason.
	Albert Guðmundsson.	

Nd. 190. Nefndarálit [71. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 16. des. 1975.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm.	Ey. Kon. Jónsson, fundaskr.	Lárus Jónsson.
Lúðvík Jósepsson.	Gylfi Þ. Gíslason.	Tómas Árnason.
	Þórarinn Þórarinsson.	

Nd. 191. Nefndarálit [98. mál]

um frv. til l. um lækkun lögbundinna framlaga á fjárlögum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hluti nefndarinnar, undirritaðir nefndarmenn, leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Minni hlutinn skilar sérálíti.

Alþingi, 16. des. 1975.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm. Ey. Kon. Jónsson, fundaskr. Tómas Árnason.

Lárus Jónsson. Þórarinn Þórarinsson.

Nd. 192. Nefndarálit [100. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. l. nr. 7/1972, l. nr. 60/1973, l. nr. 10/1974 og l. nr. 11/1975.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið til fundar við sig ráðuneytisstjórann í fjármálaráðuneytinu.

Meiri hluti nefndarinnar, undirritaðir nefndarmenn, leggur til að frv. verði samþykkt.

Minni hluti nefndarinnar skilar sérálíti.

Alþingi, 16. des. 1975.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm. Ey. Kon. Jónsson, fundaskr. Tómas Árnason.

Lárus Jónsson. Þórarinn Þórarinsson.

Ed. 193. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67 1971, sbr. l. nr. 112/1972 og 62/1974 um almannatryggingar.

Frá 1. minni hl. heilbrigðis- og tryggínganefndar.

Frv. þetta er lagt fram á síðustu dögum þings fyrir jólaleyfi, svo borin von er að náin skoðun fáist á efnisþáttum þess og réttmæti þeirra.

Frv. hefur heldur nær enga athugun fengið í nefnd og engar nýjar upplýsingar fengist af hálfu þeirra, sem um frv. fjölluðu. Hér er um að ræða frv. til að standa við yfirlýsingar í fjárlagafrv. um niðurskurð almannatrygginga til að minnka ríkisumsvif. Það er athyglisvert, hverjir sérstaklega eru valdir til þess að taka þessa skerðingu á sig, þ. e. það fólk, sem sérstaklega þarf á sérfræðiþjónustu að halda

eða beinlínis notar mikið af lyfjum að læknisráði, án þess að vera haldið þeim sjúkdómum sem losa fólk undan gjaldskyldu af þessu tagi.

Hér er um að ræða 480 millj. kr. eða sem svarar yfir 2000 kr. á hvert mannsbarn í landinu eða 10 þús. kr. rúmar á 5 manna fjölskyldu, svo augljóst er að hér eru þungar álögur lagðar á þá, sem mest þurfa á lyfjum og sérfræðiaðstoð að halda. Hér er um að ræða skref aftur á bak, sem brýtur í bág við meginhugsunina að baki almannatryggingalaganna. Gegn þessu ber því að snúast.

En meira þurfti til, því þótt alvarleg skekkja væri í fjárlagafrv., sem bjargaði ríkisstjórninni um nær 400 millj. kr., þegar allar leiðréttingar voru fram komnar ýmist til lækkunar og hækkunar, þá þurfti niðurskurðurinn að vera 1667 millj. svo að endar næðu saman og hefur þó ekki fengist fullnægjandi skýring á þessari tölu.

Meginefni frv. um sparnað og niðurskurð felast hins vegar í nýju skattlagningarformi, sem á að líta svo út sem opinber umsvif séu dregin saman.

3. gr. frv. fjallar um það að innheimta tekjur til sjúkratrygginga í gegnum sveitarfélögin með því að leggja 1% ofan á áætlaðan gjaldstofn útsvara. Þannig á að fela nær 1200 millj., sem ríkisstjórnin hyggst svo láta líta út sem minnkandi ríkisútgjöld, þótt hér sé um það eitt að ræða að sveitarfélögin gerast ákveðinn innheimtuaðili fyrir ríkið.

Með því að velja þessa leið er fyrir því séð, að atvinnureksturinn er undanþeginn þessum álögum, en jafnframt leggjast álögurnar af auknum þunga á almenna útsvarsgreiðendur og ná auk þess til enn lægri tekna en annars hefði verið. Fyrir liggur, að um þessa leið var ekki minnsta samráð haft við þann aðila, sem innheimtuna á að annast, þ. e. sveitarfélögin eða heildarsamtök þeirra, Samband ísl. sveitarfélaga.

Framkvæmdastjóri þeirra samtaka lýsti frv. eins og kaldri gusu framan í sveitarfélögin á fundi í heilbr.- og trn. Þessi aðferð brýtur sömuleiðis gjörsamlega í bága við yfirlýsta stefnu ríkisstjórnarinnar um hreinni verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Alþýðubandalagið er andvígt hvoru tveggja, hinni sérstöku hækkun lyfja og sérfræðiþjónustu og sömuleiðis því nýja skattlagningarformi, sem farið er inn á eftir krókaleiðum. Ég legg til, að frv. þetta verði fellt.

Alþingi, 16. des. 1975.

Helgi F. Seljan.

Ed. 194. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, sbr. lög nr. 112/1972 og 62/1974.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og tryggingarnefndar.

Ég tel þá stefnumörkun þessa frumvarps vel álitsverða, að einstaklingum sé gert í aðhaldsskyni að taka aukinn þátt í læknis- og meðalakostnaði. Sömuleiðis að auka kostnaðar- og ábyrgðarþátt sveitarfélaga í rekstri sjúkrahúsa. Hins vegar tel ég tíma til þessarar stefnubreytingar rangt valinn og hún m. a. af þeim sökum ekki koma til greina.

Svo sem allir vita, er kaupgeta og greiðsluþol almennings nú þverrandi og byrjandi atvinnuskortur á sumum sviðum. Boðuð útgjaldahækkun þessa frumvarps getur því komið mjög illa við fjölda fólks og að sjálfsögðu sums staðar helst þar sem síst skyldi.

Þá tel ég fráleitt að ætla sveitarfélögum að ná auknum kostnaði sínum við sjúkratryggingar með 1% álagi á gjaldstofn útsvara, svo firna ranglátur sem sá gjaldstofn er orðinn í reynd og nánast að meginmagni launþegaálögur, en atvinnurekstur og atvinnurekendur bera minnstan bagga af og oft engan.

Loks verður hér að benda á, að frumvarp þetta, ef að lögum verður, gerir ráð fyrir um 1.7 milljarða útgjaldahækkun á almenning, þvert ofan í yfirlýsta stefnu a. m. k. annars stjórnarflokksins, Sjálfstæðisflokksins, sem hlaut efalítið sigur í síðustu þingkosningum ekki síst vegna loforða um aðhaldsemi í fjármálum ríkis og loforða um hófsemi í álögum á almenning. Og þó að þau leikbrögð virðist vinsæl hjá hæstv. núverandi ríkisstjórn að taka með annarri hendinni það, sem gefið er með hinni, — sbr. lofaða skattalækkun s. l. vor í samningum við launþegasamtökin, tekna til baka með 12% vörugjaldinu, og nú millifærslu útgjalda ríkis til almannatrygginga yfir á bak einstaklinga og sveitarfélaga, — þá skyldi enginn ætla almenning svo sjóndapran, að hann sjái ekki gegnum þennan skollaleik.

Á meðan ríkisvaldið þannig gerir enga alvarlega tilraun sjálft til að spara í rekstri sínum, heldur veður áfram í óspilunarsemi sinni, svo að blöskrun veldur, sbr. t. d. eyðslur viðskiptaráðuneytis og iðnaðarráðuneytis fram yfir fjárlög s. l. ár, þá er þess alls ekki að vænta, að almenningi þyki nokkur sanngirni í, að á hann séu lagðar nýjar stórfelldar álögur.

Að öllu framansögðu athuguðu legg ég til, að frumvarp þetta verði fellt.

Alþingi, 16. des. 1975.

Bragi Sigurjónsson.

Ed. 195. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, sbr. lög nr. 112/1972 og 62/1974.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og tryggingarnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið, kallað til sín sérfræðinga, er hafa skýrt vissa þætti þess og látið í ljós álit sitt.

Nefndin varð ekki á eitt sátt um afgreiðslu málsins og munu þeir Helgi F. Seljan og Bragi Sigurjónsson skila séráliti, en Albert Guðmundsson sat hjá við afgreiðslu málsins.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. des. 1975.

Oddur Ólafsson, form., frsm.
Halldór Ásgrímsson, fundaskr.
Steinþór Gestsson.
Ásgeir Bjarnason.

Sþ. **196. Breytingartillaga** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1976.

Frá Steingrími Hermannssyni.

Við 6. gr. bætist nýr liður, svo hljóðandi:

Ríkissjóði er heimilt að tryggja Hafnabótasjóði fé með lántöku til þess að bæta tjón það sem varð vegna fárviðris á hafnarmannvirkjum á Suðureyri við Súgandafjörð 13.—14. des. s. l.

Nd. **197. Breytingartillögur** [7. mál]

við frv. til laga um almenningsbókasöfn.

Frá menntamálaráðherra.

1. 8. gr. orðist svo:

Lágmarksfjárframlög sveitarfélaga til rekstrar almenningsbókasafna skulu vera sem hér segir:

a. Til bæjarbókasafns greiðir bæjarsjóður 1300 kr. á hvern íbúa kaupstaðarins.
b. Til bæjar- og héraðsbókasafns greiðir bæjarsjóður 1300 kr. á hvern íbúa kaupstaðarins. Önnur sveitarfélög í umdæminu greiða 130 kr. á hvern íbúa og stendur sýslusjóður skil á þessari greiðslu.
c. Til héraðsbókasafns greiðir sveitarsjóður þar sem safnið er 1300 kr. á hvern íbúa hreppsfélagsins. Önnur sveitarfélög í umdæminu greiða til safnsins 130 kr. á hvern íbúa og stendur sýslusjóður skil á þessari greiðslu.
d. Til hreppsbókasafns greiðir viðkomandi hreppssjóður (hreppssjóðir) 1000 kr. á hvern íbúa hreppsins (hreppanna).

Þessi lágmarksfjárframlög sveitarfélaganna skulu endurskoðuð árlega og færð til samræmis við verðlag í landinu skv. útreikningum Hagstofu Íslands.

2. 9. gr. falli niður.

3. 10. gr. orðist svo:

Sveitarfélög skulu reisa bókhlöður og búa þær nauðsynlegum húsbúnaði og tækjum. Heimilt er að kaupa eða leigja húsnæði fyrir söfnin.

Leita skal samþykkis menntamálaráðuneytis um bókhlöðuteikningar samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

4. 11. gr. orðist svo:

Menntamálaráðuneytið hefur yfirumsjón með almenningsbókasöfnum. Sérstakur starfsmaður í ráðuneyti annast málefni safnanna, safnar skýrslum um starfsemi þeirra, leggur á ráð um samstarf og sameign skólabókasafna og almenningsbókasafna o. s. frv., samkvæmt nánari ákvæðum í erindisbréfi. Til ráðgjafar um málefni safnanna skulu vera tveir fulltrúar, annar tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og hinn af Bókavarðafélagi Íslands.

Nd. 198. Breytingartillögur [89. mál]

við frv. til laga um sérstakt tímabundið vörugjald.

Frá fjármálaráðherra.

1. Við 1. gr. 1. málsliður greinarinnar orðist svo:
   Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald, skal gjaldið vera 12% á tímabilinu 17. júlí 1975 til 31. desember 1975, 10% á tímabilinu 1. janúar 1976 til 31. ágúst 1976 og 6% á tímabilinu 1. september 1976 til 31. desember 1976 og greiðast af eftirgreindum vöruflokkum.
2. Við 3. gr. Á eftir 1. málslið 1. málsgr. greinarinnar komi nýr málsliður er orðist svo:
   Skulu lækkanir á gjaldinu hinn 1. janúar 1976 og 1. september 1976 á sama hátt miðaðar við sölu frá og með greindum dagsetningum ef um innlenda framleiðslu er að ræða og töku til tollmeðferðar frá og með greindum dagsetningum sé um innfluttar vörur að ræða.
3. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1976.

Nd. 199. Breytingartillaga [105. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, sbr. lög nr. 7/1963, lög nr. 76/1967, lög nr. 10/1974 og lög nr. 85/1974.

Frá fjármálaráðherra.

1. Við 1. gr. Við greinina bætist ný mgr. er orðist svo:
   Auk skatts þess, sem um ræðir í 1. mgr., skal greiða í ríkissjóð söluskattsauka og gilda ákvæði II. og IV. kafla laga þessara um söluskattsaukann.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Af andvirði seldrar vöru og verðmæta, endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu, úttekt til eigin nota og innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda skal greiða 18% — átján af hundraði — söluskatt og auk þess 1% — einn af hundraði — söluskattsauka eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

Sþ. 200. Tillaga til þingsályktunar [125. mál]

um fæðingarorlof bændakvenna.

Flm.: Sigurlaug Bjarnadóttir, Ragnhildur Helgadóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta kanna möguleika á því, að Lífeyrissjóður bænda greiði bændakonum allt að þriggja mánaða fæðingarorlof við barnsfæðingu. Skal í því skyni leitað samráðs við Búnaðarfélag Íslands, Stéttarsamband bænda og Lífeyrissjóð bænda. Álit og niðurstöður frá þessum aðilum skulu liggja fyrir, áður en Alþingi kemur saman haustið 1976.

Greinargerð.

Hinn 16. maí s.l. voru samþykkt á Alþingi lög um breyting á lögum nr. 57 27. apríl 1973, um atvinnuleysistryggingar. Lagabreyting þessi fól það í sér, að þær konur innan Alþýðusambands Íslands, sem forfallast frá vinnu vegna barnsburðar, njóti atvinnuleysisbóta í 90 daga samtals. Var kveðið svo á, að lög þessi skyldu taka gildi 1. jan. 1976. Í ákvæði til bráðabirgða var svo fyrir lagt, að ríkisstjórnin skyldi fyrir þann tíma láta kanna á hvern hátt megi veita öllum konum í landinu sambærilegt fæðingarorlof og tryggja tekjustofn í því skyni. Flutningsmönnum er kunnugt um, að sú könnun hefur enn ekki borið þann árangur, sem til var ætlast, og því eðlilegt að bent sé á hugsanlegar leiðir til að málið nái fram að ganga.

Til Lífeyrissjóðs bænda var stofnað árið 1970 með sérstakri löggjöf. Tekjur sjóðsins eru iðgjöld bænda, sem eru sjóðfélagar, og eru innheimtar af búvöruverði sem ákveðinn hundraðshluti þess. Á móti iðgjöldum sjóðfélaga kemur og sérstakt gjald, sem lagt er á allar búvörur og nemur ákveðnum hundraðshluta ár hvert þannig, að hann samsvari 6% framlagi af reiknuðum heildarlaunum allra bænda, er þeim ber að greiða iðgjald af samkvæmt lögunum. Sjóðfélagar eiga rétt á greiðslu ellilífeyris við 67 ára aldur samkvæmt ákveðnum reglum, svo og örorkubótum, ef til kemur orkutap til langframa eftir læknismati.

Þá er og ákvæði í lögunum um, að Stofnlánadeild landbúnaðarins eigi rétt á lánum, er nemi 25% af árlegum iðgjöldum og framlögum í sjóðinn fyrstu 15 starfsár hans. Sjóðsstjórn er einnig heimilt að veita lán til íbúðabygginga fyrir sjóðfélaga gegn veðrétti í fasteigninni og enn fremur, í samráði við Stofnlánadeild landbúnaðarins, til vinnslustöðva landbúnaðarins, gróðurhúsa og fleiri stofnana, er starfa á vegum sjóðfélaga.

Allt eru þetta þörf og verðug verkefni, sem síst er ástæða til að gera lítið úr. En það er álit flutningsmanna, að konur til sveita, er fæða bændum sínum börn og taka jafnframt virkan þátt í framleiðslu búsins, væru ekki síður vel komnar að stuðningi frá sjóðnum í sambandi við barnsburð, sem óhjákvæmilega og eðlilega leggur á þær mikið aukaerfiði og útgjöld.

Nú er það vitað mál, að enda þótt sú ákvörðun yrði tekin, í anda þessarar tillögu, að bændakonur yrðu í framtíðinni aðnjótandi fæðingarorlofs úr lífeyrissjóði sínum, þá yrði enn allstór hópur kvenna, heimavinnandi húsmæðra, afskiptur í þessu tilliti. Ber að sjálfsögðu að vinna áfram að því, að allar íslenskar konur sitji hér við sama borð. Væri eðlilegt, að við þá endurskoðun lífeyrissjóðakerfis landsmanna, er nú stendur yfir, væri þetta mál tekið til sérstakrar skoðunar.

Flutningsmönnum þykir eðlilegt, að ákvörðun í þessu máli, er í tillögunni felst, verði tekin í samráði við samtök bænda og forráðamenn lífeyrissjóðs þeirra. Lengd fæðingarorlofs, upphæð og tilhögun orlofsgreiðslna eru þar meginatriði, sem athugunar þurfa við.

Nd. 201. Nefndarálit [102. mál]

um frv. til l. um heimild til erlendrar lántöku vegna opinberra framkvæmda á árinu 1976.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hluti nefndarinnar, undirritaðir nefndarmenn, leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu, að fjárhæðin hækki úr 3580 millj. kr. í 4610 millj. kr.

Minni hlutinn skilar séráliti.

Fjárupphæð sú, sem hér er óskað eftir heimild til að taka að láni, er aðeins nokkur hluti þess, sem ríkisstjórnin gerir ráð fyrir að taka að láni á næsta ári. Upplýst er að áformað sé að taka lán á næsta ári, vegna ríkisframkvæmda 9770 millj. kr. og þar að auki 3470 millj. kr. vegna framkvæmda Landsvirkjunar. Samtals nema þessar lántökur því 13 240 millj. kr.

Samkvæmt upplýsingum, sem fram koma í Skýrslu ríkisstjórnarinnar um lánsfjáráætlun 1976, er áætlað að erlend langtímalán verði sem hér segir í árslok 1976:

Erlend langtímalán:		
Í árslok 1974	41 442	millj. kr.
Nettó-aukning 1975	13 140	— —
Nettó-aukning 1976	10 145	— —
Áætluð erlend langtímalán í árslok 1976	64 727	millj. kr.

Við, sem skipum minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar, teljum að þær gífurlegu lántökur, innlendar og erlendar, og þó fyrst og fremst erlendar, sem átt hafa sér stað í tíð núverandi ríkisstjórnar, beri glöggt vitni um það stjórnleysi sem nú

einkennir alla fjármálastjórn í landinu. Við erum ekki andvígir lántökum til sumra þeirra framkvæmda, sem ráðgerðar eru, en hins vegar mótfallnir öðrum lántökum.
Við styðjum því ekki þá lántökuheimild, sem sótt er um með frumvarpinu.

Alþingi, 17. des. 1975.

Lúðvík Jósepsson, frsm. Gylfi Þ. Gíslason.

Ed. 215. Breytingartillögur [121. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, sbr. lög nr. 112/1972 og 62/1974.

Frá Helga F. Seljan og Geir Gunnarssyni.

Við 1. gr.

a. Við 1. tölulið bætist:
Undanskildir þessum greiðslum skulu þeir, sem njóta tekjutryggingar almannatrygginga.

b. Við 2. tölulið bætist:
Undanskildir þessum greiðslum skulu þeir, sem njóta tekjutryggingar almannatrygginga.

c. Við 3. tölulið bætist:
Undanskildir þessum greiðslum skulu þeir, sem njóta tekjutryggingar almannatrygginga.

Ed. 216. Breytingartillaga [121. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, sbr. lög nr. 112/1972 og 62/1974.

Frá Helga F. Seljan og Geir Gunnarssyni.

Við 1. gr. Við tölul. 1, 2 og 3 bætist:
Þeir, sem njóta tekjutryggingar hjá almannatryggingum, greiði þó aðeins ½ gjald.

Ed. 217. Breytingartillaga [121. mál]

við frv. til l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, sbr. l. nr. 112/1972 og 62/1974.

Frá Ragnari Arnalds.

Við 3. gr. Aftan við fyrri málsgr. bætist:
Gjaldið skal þó ekki lagt á útsvarsskyldar tekjur undir 400 000 kr.

Ed. 218. Nefndarálit [126. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 79 frá 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, og mælir meiri hluti nefndarinnar með samþykkt þess.
Minni hluti nefndarinnar skilar séráliti.

Alþingi, 17. des. 1975.

Halldór Ásgrímsson, form. Jón Helgason, fundaskr., frsm. Albert Guðmundsson.
Axel Jónsson. Jón G. Sólnes.

Ed. 219. Nefndarálit [119. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 55 25. apríl 1973, um breyt. á lögum nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur tekið málið til afgreiðslu og leggur hún til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. des. 1975.

Steingr. Hermannsson, form., frsm. Halldór Ásgrímsson, fundaskr. Jón Árm. Héðinsson.
Stefán Jónsson. Oddur Ólafsson. Jón G. Sólnes.
Jón Árnason.

Sþ. 220. Tillaga til þingsályktunar [128. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Frá forsætisráðherra.

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess, að fundum þingsins verði frestað frá 20. desember 1975 eða síðar, ef henta þykir, enda verði það kvatt saman á ný eigi síðar en 26. janúar 1976.

Ed. 221. Nefndarálit [123. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum vegna nokkurra verkefna sveitarfélaga og kostnaðar við þau.

Frá minni hl. félagsmálanefndar.

Sú stefna, sem felst í hreinni verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, er um margt eðlileg, ef þar er rétt að staðið, t. d. varðandi fullnægjandi tekjur fyrir sveitar-

félögin vegna nýrra verkefna. Þar þarf hins vegar að móta heildarstefnu og gera þar á skil til frambúðar.

Þetta frv. er hins vegar bráðabirgðaframkvæmd, sem engan vanda leysir, að fáum liðum vikið og þeir ekki nægilega undirbúnir.

Um fáeina þeirra má e. t. v. segja að um eðlilega ráðstöfun sé að ræða, enda er þar eingöngu um smærri liði að ræða.

En stærstu liðirnir eru um margt verðir miklu nánari athugunar, einkum þó varðandi dvalarheimili aldraðra og dagvistunarstofnanirnar. Þar er verið að umbylta tiltölulega nýrri löggjöf, sem eining var um á sínum tíma og hefur í báðum tilfellum reynst mjög vel, orðið beinn hvati aukinna verkefna á þessum sviðum. Hér er og um verkefni að ræða, sem hiklaust má telja eðlilegast, að samfélagið, ríkið, taki þátt í.

Varðandi viðhald skólamannvirkja þykir okkur ekki nægilega séð fyrir vanda heimavistarskólanna, þó það verkefni eigi rétt á sér í þessum flokki. Þá er það skilyrði sveitarstjórnarmanna um það, að séð verði fyrir tekjum til fræðsluskrifstofa, — skilyrði fyrir fylgi við slíkt frv., — en í þessu frv. bólar ekkert á lausn þess.

Hér til viðbótar kemur svo fyrirvari um það, að um jöfn skipti sé að ræða, annars vegar á tekjutilfærslu og hins vegar á kostnaði við þau verkefni, sem yfirfærð eru á sveitarfélögin. Um það liggja ekki nógu ljósar upplýsingar fyrir, alveg sérstaklega miðað við framtíðina. Allt er þetta fálmkennt, svo ekki sé meira sagt, og sum verkefni þess eðlis, að það er ekki við það unandi, að ríkið hætti þar þátttöku í kostnaði. Eins liggur ljóst fyrir að Samband ísl. sveitarfélaga hefur ekki lýst yfir samþykki sínu við frv. í núverandi mynd. Því leggjum við til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 18. des. 1975.

Helgi F. Seljan, frsm. Bragi Sigurjónsson.

Nd. 222. Nefndarálit [101. mál]

um frv. til l. um verðjöfnunargjald raforku.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt um málið, og mælir meiri hluti nefndarinnar með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. des. 1975.

Ingólfur Jónsson, form., frsm. Lárus Jónsson, fundaskr. Ingvar Gíslason.

Pétur Sigurðsson. Þórarinn Þórarinsson. Ben. Gröndal.

Sþ. 223. Skýrsla

ríkisstjórnarinnar um lánsfjáráætlun 1976.

(Lögð fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

I
Inngangur

Á sl. sumri ákvað ríkisstjórnin, að fjármálaráðuneytið hafi frumkvæði að samráði opinberra stofnana á sviði fjármála, peninga- og lánamála og efnahagsmála, til þess að undirbúa árlegar lánsfjáráætlanir, þ. e. heildaryfirlit yfir þróun lánamarkaðarins innanlands og heildarlántökur erlendis. Lánsfjáráætlun þessi skal lögð fyrir ríkisstjórnina og Alþingi fyrir lok fjárlagaafgreiðslu ár hvert, þannig að yfirsýn fáist með skipulegum hætti yfir alla lánastarfsemi í landinu á sama tíma og fjárlagaákvarðanir eru teknar. Til þessa samráðs voru kvaddir eftirtaldir aðilar auk stofnana fjármálaráðuneytis: Seðlabanki Íslands, Framkvæmdastofnun ríkisins, Samband íslenskra viðskiptabanka, félagsmálaráðuneyti og Húsnæðismálastofnun ríkisins, Þjóðhagsstofnun, viðskiptaráðuneyti.

Skýrsla sú, sem hér birtist, er fyrsta heillega áætlunin um lánsfjármarkaðinn, sem gerð er hér á landi. Undirbúningur skýrslunnar er að meginhluta unninn í Seðlabankanum, þ. e. allt efni, sem tekur til lánamála bankanna, fjárfestingarlánasjóða, lífeyrissjóða og erlendra lána. Efni varðandi opinberar framkvæmdir og fjáröflun til þeirra er unnið í fjárlaga- og hagsýslustofnun. Áætlunin er í samræmi við spá Þjóðhagsstofnunar, frá 28. nóvember 1975, um þjóðarframleiðslu, fjárfestingu, neyslu og viðskiptajöfnuð og spá Seðlabanka um þróun greiðslujafnaðar 1976. Lánsfjáráætlunin sýnir uppruna og ráðstöfun lánsfjár á árinu 1976 og skiptingu þess eftir lántakendum.

II
Þjóðhagsleg markmið

Helstu markmið ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum á næstunni eru, eins og fram kom í stefnuræðu forsætisráðherra:

1) Að draga verulega úr viðskiptahallanum við útlönd strax á næsta ári.
2) Að hægja mikið á verðbólguhraðanum frá því, sem verið hefur á þessu ári.
3) Að tryggja fulla atvinnu.

Í samræmi við þessi markmið og núverandi stöðu í efnahagsmálum er að því stefnt, að viðskiptahallinn við útlönd verði um 7 000 m.kr. minni árið 1976 en árið 1975, eða sem svarar til 6—7% af áætlaðri þjóðarframleiðslu, borið saman við 11—12% halla árin 1974 og 1975. Til þess að svo megi verða, þarf magn þjóðarútgjalda að minnka um 3—4%. Í þjóðhagsspá er gert ráð fyrir, að einkaneysla og samneysla haldist nær óbreytt að magni frá árinu 1975, sem er í samræmi við útgjaldatillögur fjárlagafrumvarps. Þetta felur í sér, að samdráttur þjóðarútgjalda fellur eingöngu á fjárfestingu, sem verður að dragast saman um 9—10% að magni. Fjárfesting 1976 yrði þá á svipuðu stigi, í hlutfalli við þjóðarframleiðslu, og hún var á árinu 1973 og að meðaltali á undanförnum 10 árum, eða í kringum 30%. Á árunum 1974 og 1975 var fjárfestingarhlutfallið hins vegar kringum 35%, sem er óvenju hátt, enda var um mikla fjárfestingu að ræða í skipum, vélum og tækjum á þessum árum.

Ríkisstjórnin telur nauðsynlegt að stefna að því, að verðbreytingar frá byrjun til loka ársins 1976 verði ekki meiri en 12—15%, samanborið við um 40% 1975 og um 54% 1974. Í þjóðhagsspá fyrir árið 1976 er miðað við þetta mark, en það felur í sér um 24—25% meðalverðhækkun frá árinu 1975.

Þessi markmið krefjast þess, að lánsfjárframboð verði takmarkað við nauðsynlegustu framkvæmdir og brýnustu rekstrarfjárþörf atvinnuveganna, og að dregið verði úr lánveitingum til þeirra hluta, sem hvetja til innflutnings eða umframeftirspurnar, eftir því sem við verður komið. Sérstaklega er nauðsynlegt að draga úr peningaútstreymi úr Seðlabankanum og lántökum erlendis, því að framboð lánsfjár verður að byggjast á innlendum sparnaði í ríkari mæli en verið hefur.

Eins og fram kemur í töflu I verður nettóaukning lána 16,5% minni árið 1976 en á árinu 1975. Þessi lækkun kemur öll fram í minni lánum til opinberra aðila, þar sem áætlað er, að skuldir ríkisins aukist um 7 600 m.kr. árið 1976 miðað við um 12 000 m.kr. aukningu árið 1975. Lánsfjáráætlunin felur þannig í sér, að sparnaður ríkisins árið 1976 tvöfaldist frá árinu 1975 (sjá töflu XVI), og er það í samræmi við þá stefnu að afgreiða fjárlög ársins 1976 án greiðsluhalla, þegar tekið hefur verið tillit til afborgana af lánum vegna greiðsluhalla fyrri ára.

Lán til íbúðabygginga hækka um 16,5%, en lán til atvinnufyrirtækja lækka lítillega frá yfirstandandi ári, enda er nú áætlað, að fjárfesting atvinnufyrirtækja, einkum í skipum, vélum og tækjum hvers konar, verði mun minni á næsta ári, en verið hefur um skeið. Í næstu köflum verður fjallað um niðurstöður áætlunarinnar varðandi bankakerfið, fjárfestingarlánasjóði, erlendar lántökur, lánsfjármagnaðar ríkisframkvæmdir og fjármunamyndun og fjáröflun.

III
Bankakerfið

Í áætlun bankakerfisins (sjá töflu V) er stefnt að tveimur megin markmiðum. Í fyrsta lagi er stefnt að bættri gjaldeyrisstöðu með mjög aðhaldssamri stefnu í peningamálum, einkum að því er varðar viðskipti ríkissjóðs við Seðlabankann. Gert er ráð fyrir, að ríkissjóður endurgreiði Seðlabankanum 800 m.kr. af lánum fyrri ára, og a. m. k. 600 m.kr. vegna lána á yfirstandandi ári, þ. e. vegna áætlaðra yfirdráttarskulda í árslok, og skuldar ríkissjóðs vegna gengistryggingar Verðjöfnunarsjóðs. Auk þess þarf ríkissjóður að greiða afborganir af erlendu lánsfé, sem Seðlabankinn hefur endurlánað í ár og á undanförnum árum. Gert er ráð fyrir óbreyttum endurkaupareglum og nokkurri lækkun á innstæðum sjóða í opinberri vörslu, en það ásamt hagstæðum greiðslujöfnuði leiðir af sér peningaútstreymi úr Seðlabankanum. Á móti kemur innstreymi vegna ofangreinds bata í ríkisfjármálum og vegna innlánsbindingar. Í heild er stefnt að því, að útstreymi úr Seðlabankanum verði mun minna en verið hefur undanfarin ár (sjá lið 3 í töflu VI), en það er þýðingarmikið skilyrði þess, að hægt sé að ná þeim bata í greiðslujöfnuði, sem að er stefnt.

Í öðru lagi er að því stefnt, að lausafjárstaða innlánsstofnana gagnvart Seðlabankanum versni ekki á árinu. Þetta felur í sér, að takmarka verður útlán við innlánsaukningu og þá fyrirgreiðslu Seðlabankans, sem felst í endurkaupum afurðalána umfram það, er greiða ber inn á bundna reikninga vegna almennrar bindiskyldu. Niðurstaðan er sú, að með 24,5% aukningu endurkaupa og 12% aukningu útlána án endurkaupa myndi nást jafnvægi í lausafjárstöðunni. Útlán myndu þannig aukast alls um 14,5%, sbr. töflu VII.

Áætlun bankakerfisins sýnir, að verulega muni draga úr aukningu peningamagns og sparifjár á næsta ári (sjá töflu V) eins og jafnan gerist, þegar peningaútstreymi úr Seðlabankanum er takmarkað. Verði aukning innstæðna meiri en hér er gert ráð fyrir vegna aukningar á sparnaði, getur orðið ástæða til að endurskoða stefnuna í útlána- og peningamálum með hliðsjón af atvinnuástandi og stöðu atvinnuveganna.

IV

Fjárfestingarlánasjóðir

Eins og áður segir verður að halda útlánum fjárfestingarlánasjóða innan ákveðinna marka, til þess að ná þjóðhagslegum markmiðum vegna viðskiptahalla og verðlagsþróunar. Undanfarin ár hefur verið mikil þensla í útlánum sjóðanna, og ber brýna nauðsyn til þess, að hægt verði á þeirri þróun. Útlán sjóðanna árið 1974 urðu 25% hærri en árið 1973, en á þessu ári er áætlað að útlán verði rúmum 60% hærri en árið 1974. Með tilliti til magnminnkunar fjárfestingar í spá fyrir árið 1976 verður að teljast æskilegt, að útlán fjárfestingarlánasjóða hækki ekki meira en um 13% frá áætluðum útlánum þessa árs. Þar sem gert er ráð fyrir meiri samdrætti í fjárfestingu atvinnuvega en í íbúðabyggingum, er áætlað, að útlán fjárfestingarlánasjóða aukist nokkru meira en útlán atvinnuvegasjóða (sjá töflu VIII).

Óskir einstakra fjárfestingarlánasjóða um útlán 1976 fela í sér svipaða þenslu og verið hefur undanfarin ár. Meðfylgjandi yfirlit sýnir í stórum dráttum samanburð á útlánum eins og þau yrðu, ef óskir einstakra sjóða réðu ferðinni og þeim útlánum, sem gert er ráð fyrir í áætlunum Framkvæmdastofnunar og Húsnæðismálastofnunar og lánsfjáráætlunin byggir á:

Útlán 1976

	Óskir sjóða		Lánsfjáráætlun	
		Breyting f. f. ári		Breyting f. f. ári
	M.kr.	%	M.kr.	%
Fjárfestingarlánasjóðir, alls	17 150	44	13 424	13
Íbúðalánasjóðir	5 360	46	4 520	23
Þar af Byggingarsjóður ríkisins	4 920	47	4 080	22
Atvinnuvegasjóðir	11 790	44	8 904	9

Þrátt fyrir þennan niðurskurð á útlánaáformum fjárfestingarlánasjóða er fyrirsjáanlegur töluverður lánsfjárskortur hjá fjárfestingarlánasjóðum á næsta ári. Eins og undanfarin ár verður að afla þeim erlendra lána, þótt svigrúm til þess sé þröngt vegna mikillar skuldasöfnunar erlendis. Fjármögnunarleiðir fjárfestingarlánasjóða verða því með sama hætti og undanfarin ár, þannig að rúmlega helmingur útlána fjármagnast með lánsfé en tæpur helmingur með eigin fjármagni, framlögum og mörkuðum tekjustofnum.

Hlutfallsleg skipting fjármögnunar (%)

	1974	Áætlun 1975	Lánsfjáráætlun 1976
Eigið fé	0,6	6,5	6,4
Framlög og markaðir tekjustofnar	45,9	39,6	40,6
Lántökur	53,5	53,9	50,0
Innlend lán	38,4	33,7	37,8
Lífeyrissjóðir	11,4	10,5	16,9
Bankakerfið	10,6	6,4	6,7
Skyldusparnaður	12,4	9,3	11,2
Atvinnuleysistryggingasjóður	4,0	1,6	3,0
Annað innlent	—	5,9	—
Erlend lán	15,1	20,2	15,2
Alls	100,0	100,0	100,0

Í yfirlitinu hér að ofan sést, að gert er ráð fyrir hlutfallslega hærri lántökum fjárfestingarlánasjóða innanlands á næsta ári en í ár. Á það sérstaklega við lán úr lífeyrissjóðakerfinu, þar sem stefnt er að því, að um 30% af ráðstöfunarfé þess árið 1976 verði lánað fjárfestingarlánasjóðum í stað um 20% árið 1975. Skipting lánsfjárins úr lífeyrissjóðum milli Byggingarsjóðs ríkisins og Framkvæmdasjóðs Íslands ákvarðar útlánagetu íbúðalánasjóða annars vegar og atvinnuvegasjóða hins vegar. Verður því að stjórna þessum lánum lífeyrissjóðanna og skiptingu þeirra, þannig, að útlán til íbúðabygginga og atvinnuvega verði í samræmi við lánsfjáráætlunina (sjá töflu IX).

Lánveitingar Framkvæmdasjóðs til annarra atvinnuvegasjóða ráða miklu um skiptingu lánsfjár sjóðanna til einstakra atvinnugreina. Landbúnaðarsjóðir búa við svipaða fyrirgreiðslu af hálfu Framkvæmdasjóðs 1976 og 1975. Framkvæmdir og vélvæðing í landbúnaði hefur verið nokkuð mikil undanfarin ár og er gert ráð fyrir, að úr hvoru tveggja megi draga á næsta ári. Sama á við í sjávarútvegi, en þar sem gert er ráð fyrir, að Fiskveiðasjóður fái eingöngu lánsfé frá Framkvæmdasjóði árið 1976, þarf það fé að hækka verulega frá árinu 1975. Sjóðir, sem lána til verslunar, fá að nokkru hærra lánsfé úr Framkvæmdasjóði en undanfarin ár, enda má telja, að þeir hafi búið við skertan hlut undanfarið. Af þeim fjórum sjóðum, sem lána til iðnaðar, er aðeins Iðnlánasjóður, sem fær lánsfé úr Framkvæmdasjóði. Er ætlunin að rúmlega tvöfalda það lánsfé árið 1976 frá árinu 1975, en samt sem áður hefur mikill niðurskurður átt sér stað frá útlánaóskum sjóðsins. Sama á við um Lánasjóð sveitarfélaga og er þá ljóst, að hann annar ekki eftirspurn eftir lánsfé til hinna ýmsu hitaveituframkvæmda, sem á döfinni eru.

Svo sem áður greindi er gert ráð fyrir að beina fjármagni úr lífeyrissjóðum í mun meira mæli til fjárfestingarlánasjóða, og þá sérstaklega til atvinnuvegasjóða með milligöngu Framkvæmdasjóðs. Er gert ráð fyrir, að þessi lán verði verðtryggð eins og undanfarin ár, og verða því auknar lánveitingar af þessu tagi til þess, að lífeyrissjóðum verði auðveldað að tryggja verðgildi þess fjár, sem þeim er ætlað að geyma og ávaxta fyrir félaga sína.

V

Erlendar lántökur

Stefnt er að því að draga úr lántökum erlendis eftir því sem við verður komið. Á undanförnum árum hefur fjárfesting, bæði á vegum opinberra aðila og atvinnuveganna, byggst í vaxandi mæli á fjármagni erlendis frá. Greiðslubyrði erlendra lána er nú þegar orðin það þung, að gæta verður hófs í þessum málum, eigi lánstraust þjóðarbúsins að haldast óskert út á við.

Áætlað er, að innkomin löng erlend lán nemi 18 725 m.kr. á árinu 1976, en afborganir af eldri lánum verða samtals um 8 580 m.kr., þannig að nettóaukning erlendra lána verður um 10 145 m.kr., samanborið við 13 140 m.kr. nettóaukningu á árinu 1975. Eins og fram kemur í töflu XIII verða lántökur ríkisfyrirtækja nokkru meiri en á yfirstandandi ári, sem stafar nær eingöngu af miklum virkjunarframkvæmdum. Í heild er áætlað, að nettólántökur opinberra aðila verði 1 065 m.kr. lægri en á yfirstandandi ári, enda hækka afborganir verulega, eða úr 1 780 m.kr. í 3 190 m.kr.

Nettólántaka atvinnuveganna er áætluð 1 855 m.kr. lægri en árið 1975, sem stafar einkum af minni skipainnflutningi, auk þess sem afborganir hækka verulega.

Eins og fram kemur í kaflanum hér á undan, munu fjárfestingarlánasjóðir byggja fjáröflun sína hlutfallslega meira á innlendu fjármagni á næsta ári en verið hefur. Erlendar lántökur fjárfestingarlánasjóða árið 1976 eru áætlaðar 2 045 m.kr. en 2 250 m.kr. árið 1975.

VI
Lánsfjármagnaðar ríkisframkvæmdir

Eftir athugun á tillögum stofnana og ráðuneyta um framkvæmdir 1976, sem ráðgert er að fjármagna með lánum, er niðurstaðan sú, að lánsfjárþörf verði í heild 9 770 m.kr. á því ári. Eru þá meðtalin öll vörukaupalán og sérstök erlend lánsfjáröflun bundin ákveðnum verkefnum. Í áætlunum um fjárþörf til einstakra framkvæmda hefur verið tekið tillit til fjármagnsútgjalda, þ. e. endurgreiðslu lána á framkvæmdatímabilinu, þegar ekki er séð fyrir þessum greiðslum annars staðar, svo sem í rekstri stofnana eða fjárveitingum á fjárlögum. Þá er gert ráð fyrir því í einu tilviki, þ. e. hjá RARIK, að fyrirsjáanlegur rekstrarhalli 1975 verði fjármagnaður með lántöku á árinu 1976. Heildaryfirlit yfir fyrirhugaðar framkvæmdir er sýnt á 1. töflu þessa kafla hér á eftir, en að öðru leyti skal hér gerð nánari grein fyrir fjárþörf til einstakra framkvæmdaverkefna.

A-hluti fjárlaga

Vegagerð. Lánsfjáröflun til vegagerðar, 1 050 m.kr., er í samræmi við vegáætlun áranna 1974—1977, sem samþykkt var á Alþingi í maí sl. Af þessari fjárhæð skal skv. áætluninni verja 500 m.kr. til norður- og austurvegar og 550 m.kr. til annarra vegaframkvæmda.

Landshafnir. Hér er um að ræða áframhald framkvæmda, sem staðið hafa yfir við landshafnirnar í Rifi, Njarðvík og Þorlákshöfn. Til Rifs er ætlað að verja 35 m.kr., til Njarðvíkur 50 m.kr. og til Þorlákshafnar 225 m.kr., eða samtals 310 m.kr. Lánsfjár vegna framkvæmdanna í Þorlákshöfn er sérstaklega aflað hjá Alþjóðabankanum í Washington, en 40% framkvæmdakostnaðar þarf skv. samningum við bankann að koma frá ríkinu. Er þess vegna gert ráð fyrir 150 m.kr. beinni fjárveitingu í fjárlagafrumvarpi 1976, þannig að heildarframkvæmdir í Þorlákshöfn verða samkvæmt því 375 m.kr. á árinu.

Hafnargerð við Grundartanga. Talið er nauðsynlegt að hefja undirbúning að hafnargerð við Grundartanga í sambandi við fyrirhugaða járnblendiverksmiðju. Eru ætlaðar 50 m.kr. til áætlunargerðar, þ. m. t. teiknivinna, og til fyrstu greiðslu til væntanlegs verktaka. Þessi áætlun miðast við það, að framkvæmdir geti hafist snemma árs 1977 og að þeim ljúki á því ári. Heildarkostnaðaráætlun nemur um 600 m.kr.

Þangverksmiðja. Fjáröflunarþörf vegna þangverksmiðjunnar á Reykhólum er talin vera 80 m.kr. á árinu 1976. Er þá gert ráð fyrir, að til framhaldsframkvæmda við hafnargerð verði varið 50 m.kr., þar af til endurgreiðslu bráðabirgðaláns vegna hafnargerðar 21 m.kr., til borunar viðbótarholu til orkuöflunar 15 m.kr. og til aukningar eiginfjár ríkissjóðs í fyrirtækinu 15 m.kr.

Orkustofnun v/jarðhitarannsókna. Þeirri 34 m.kr. lánsfjáröflun, sem hér um ræðir, er ætlað að verja til hitasegulborana, 30 m.kr., og til varmaskiptatilrauna, 4 m.kr.

B-hluti fjárlaga

RARIK, almennar framkvæmdir o. fl. Á 2. töflu þessa kafla er sýnd skipting á því 1 740 m.kr. lánsfjármagni, sem talið er að afla þurfi á árinu 1976. Samkvæmt því verður 1 457 m.kr. varið til framkvæmda og 212 m.kr. til endurgreiðslu bráðabirgðalána, eða samtals 1 669 m.kr., en gert er ráð fyrir tekjum af heimtaugargjöldum samtals 34 m.kr., þannig að fjáröflunarþörf vegna framkvæmdanna er 1 635 m.kr. Þar við bætist áætlaður rekstrarhalli á árinu 1975 að fjárhæð 105 m.kr., og er því lánsfjárþörf í heild 1 740 m.k. Tilboð um erlend vörukaupalán, sem eru í samræmi við fyrirhugaðar framkvæmdir á árinu, nema 132 m.kr., og er því önnur fjáröflunarþörf 1 608 m.kr.

Sveitarafvæðing. Hér er gert ráð fyrir, að 150 m.kr. verði aflað til rafvæðingar í sveitum, en það er 30 m.kr. aukning lánsfjáröflunar frá árinu 1975. Það ár var auk þess um að ræða 50 m.kr. fjárveitingu á fjárlögum til Orkusjóðs vegna þessa verkefnis.

Norðurlína. Gert er ráð fyrir 343 m.kr. framkvæmdum og 235 m.kr. greiðslu bráðabirgðalána, eða samtals 578 m.kr. Þessi framkvæmdaáætlun er byggð á því, að Norðurlína verði rekin á 132 kV spennu og línulagningu til Varmahlíðar verði lokið á árinu 1976. Auk þess verði komið upp bráðabirgðaaðveitustöðvum við Vatnshamra, Laxárvatn og Akureyri. Tenging kerfa Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar er auðveld, jafnvel þótt notast verði við núverandi 66 kV flutningskerfi frá Elliðaám að Vatnshömrum. Unnt er að flytja með þessum hætti til Laxárvatns og Akureyrar allt það afl (8—10 MW), sem núverandi kerfi getur látið í té við Vatnshamra. Raunar yrði flutningsgetan meiri, eða allt að 15 MW. Kostnaður og fjáröflun eru nánar sundurliðuð á 3. töflu þessa kafla.

Kröfluvirkjun. Hér er við það miðað, að orkuframleiðsla geti hafist í árslok 1976, en uppsetning síðari vélasamstæðu frestist til ársins 1977. Fjárþörf er samtals 4 163 m.kr. á árinu 1976, þar af 2 778 m.kr. vegna byggingar stöðvarhúss og vélbúnaðar, 730 m.kr. vegna borhola og aðveitukerfa og 655 m.kr. vegna línulagnar frá Kröflu til Akureyrar ásamt aðveitustöð á Akureyri. Í kostnaðaráætlun stöðvarhúss og vélbúnaðar eru meðtalin fjármagnsútgjöld að fjárhæð 238 m.kr., og í kostnaðaráætlun borhola og aðveitukerfa eru fjármagnsútgjöld áætluð 50 m.kr. Gert er ráð fyrir, að af heildarfjárþörfinni fáist 1 298 m.kr. í formi erlendra vörukaupalána, og önnur fjáröflun nemi 2 865 m.kr. Nánari sundurliðun er að finna á 4. töflu þessa kafla.

Jarðboranir ríkisins. Lánsfjárþörf vegna jarðborananna er 40 m.kr., þar af 18 m.kr. til kaupa á mælitækjum, 10 m.kr. til kaupa á álagsstöngum vegna nýja stórvirka borsins og 12 m.kr. til kaupa á kjarnatökutæki.

Járnblendiverksmiðja. Áætluð lánsfjáröflun vegna járnblendiverksmiðju á Grundartanga er 975 m.kr., þar af 800 m.kr. eiginfjárframlag ríkisins og 175 m.kr. fjármagnsútgjöld, þ. e. afborganir og vextir af lánum. Eiginfjárframlag ríkisins, sem er 55%, er áætlað samtals 2 150 m.kr., og hafa 445 m.kr. verið greiddar á árinu 1975. Með ráðgerðu framlagi 1976 yrðu því eftir 905 m.kr., er kæmu til greiðslu á árinu 1977, ef áætlanir standast.

Landhelgisgæsla v/flugvélakaupa. Sú 600 m.kr. fjáröflun, sem hér er ráðgerð, á að standa undir kostnaði vegna kaupa á Fokker-flugvél fyrir Landhelgisgæsluna, en þessi kaup voru ákveðin sl. sumar.

Fjáröflun

Á 5. töflu þessa kafla kemur fram, hvernig ætlunin er að afla fjár til þeirra framkvæmda og annarra þarfa, sem fram koma á 1. töflu, eða samtals allt að 9 770 m.kr. Samkvæmt því er ráðgert að afla innanlands samtals 2 920 m.kr., þar af 1 520 m.kr. í formi endurgreiðslu af endurlánuðu spariskírteinafé og 1 400 m.kr. með útgáfu verðbréfa. Heimild til verðbréfaútgáfu byggist annars vegar á tölulið XXXV í 6. gr. fjárlagafrumvarps fyrir árið 1976, og raunar á lögum nr. 36/1975 um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs, eftir því hvernig fjáröfluninni yrði skipt. Erlend fjáröflun er áætluð samtals 6 850 m.kr. Erlend lántaka vegna landshafnar í Þorlákshöfn, 225 m.kr., byggist á 3. gr. laga nr. 91/1973 og lántaka vegna eiginfjárframlags ríkisins til járnblendiverksmiðju á Grundartanga, 975 m.kr., á lögum nr. 10/1975. Vörukaupalán, samtals 2 030 m.k., byggjast í fyrsta lagi á bráðabirgðalögum vegna flugvélakaupa Landhelgisgæslu, en við frumvarp til staðfestingar á þeim lögum þarf að bæta 150 m.kr. lánsheimild (450+150 = 600). Í öðru lagi byggjast vörukaupalán vegna Kröfluvirkjunar, 1 084 m.kr., að hluta á lögum nr. 21/1974, þ.e. 440 m.kr., sem ónotaðar eru af þeirri lagaheimild, en leita þarf sérstakrar laga-

heimildar til þess sem eftir er, 644 m.kr., svo og til annarra vörukaupalána, þ. e. vegna almennra framkvæmda RARIK 132 m.kr., til línulagnar Krafla-Akureyri 84 m.kr. og til Orkustofnunar vegna aðveitukerfa við Kröflu 130 m.kr., eða samtals 990 m.kr. Loks þarf að leita lagaheimildar til annarrar erlendrar lántöku (sbr. 5. töflu þessa kafla) að fjárhæð 3 620 m.kr.

Í frumvarpi til laga um heimild til erlendrar lántöku vegna opinberra framkvæmda á árinu 1976, sem liggur fyrir þinginu, er gert ráð fyrir, að lagaheimildir skorti fyrir 3 580 m.kr. lántöku, og er þá byggt á tölum fjárlagafrumvarps. Samkvæmt framangreindu þarf sú fjárhæð að vera 4 610 m.kr., eða hækka um 1 030 m.kr.

1. tafla Lánsfjármagnaðar ríkisframkvæmdir 1976 [1])

Í millj. kr.

	Heildar-lánsfjárþörf	Erlend vörukaupalán	Sérstök erl. fjáröflun	Önnur lánsfjáröflun	Samtals
A-hluti fjárlaga:					
Vegagerð	1 050	–	–	1 050	1 050
Landshafnir	310	–	225	85	310
Hafnargerð við Grundartanga	50	–	–	50	50
Þangverksmiðja	80	–	–	80	80
Orkustofnun vegna jarðhitarannsókna	34	–	–	34	34
	1 524	–	225	1 299	1 524
B-hluti fjárlaga:					
RARIK, almennar framkvæmdir o. fl.	1 740	132	–	1 608	1 740
Sveitarafvæðing	150	–	–	150	150
Norðurlína	578	–	–	578	578
Kröfluvirkjun:					
a. Stöðvarhús og vélar	2 778	1 084	–	1 694	2 778
b. Borholur og aðveitukerfi	730	130	–	600	730
c. Lína Krafla-Akureyri og aðveitustöð	655	84	–	571	655
Jarðboranir ríkisins	40	–	–	40	40
Járnblendiverksmiðja	975	–	975	–	975
Landhelgisgæsla vegna flugvélakaupa	600	600	–	–	600
	8 246	2 030	975	5 241	8 246
Samtals A- og B-hluti	9 770	2 030	1 200	6 540	9 770

1) Í þessum tölum eru ekki taldar framkvæmdir á vegum Landsvirkjunar, sem áætlaðar eru 4 070 m. kr. á árinu 1976, en heildarlánsfjárþörf þeirra vegna er talin 3 470 m. kr., sem aflað verður með sérstöku erlendu láni.

2. tafla Almennar framkvæmdir RARIK 1976

Í millj. kr.

Virkjanir:	
Lagarfoss	158
Mjólká	87
Hofsárveita	148
	393
Stofnlínur:	
Mjólká — Breiðidalur	110
Breiðidalur — Bolungarvík	3
Sæstrengur, Eyjafjörður	34
Stöðvarfjörður — Breiðdalsvík	10
Húsavíkurlína, flutningur	5
Sæstrengur til Vestmannaeyja, endurbætur	18
Línur að Vatnshömrum, Borgarfirði	9
Búðardalur — Saurbær	35
	224
Aðveitustöðvar:	
Akranes	5
Stykkishólmur	90
Saurbær, Gilsfjörður	4
Ólafsvík	11
Króksfjarðarnes	5
Patreksfjörður	67
Gemlufall	36
Laxárvatn	11
Sauðárkrókur	22
Aðaldalur	15
Eskifjörður	1
Fáskrúðsfjörður	1
Stöðvarfjörður	64
Seyðisfjörður	1
Kópasker	5
Raufarhöfn	5
Brúarland, Þistilfjörður	5
Smyrlabjargaárvirkjun	5
Höfn í Hornafirði	8
Vík í Mýrdal	8
Hvolsvöllur	39
Stokkseyri	2
Þorlákshöfn	1
Selfoss	1
Njarðvík	29
Korpa	25
	466
Innanbæjarkerfi	250
Dísilstöðvar	24
Vélar og tæki	50
Meiriháttar viðhaldsverk	50
Endurgreiðsla bráðabirgðalána	212
	1 669
Heimtaugargjöld	34
	1 635
Rekstrarhalli 1975	105
	1 740
Erlend vörukaupalán	132
Önnur fjárþörf	1 608

3. tafla Norðurlína

Í millj. kr.

Línur:		
Grundartangi — Andakíll, mæling	10	
Andakíll — Hrútafjörður, lúkning	14	
Hrútafjörður — Laxárvatn, lúkning	114	
Laxárvatn — Varmahlíð	185	323
Aðveitustöðvar:		
Vatnshamrar, Borgarfirði	5	
Laxárvatnsvirkjun	5	
Akureyri	10	20
		343
Endurgreiðsla bráðabirgðalána		235
		578

4. tafla Kröfluvirkjun

Í millj. kr.

I Stöðvarhús og vélar:	
Heildarkostnaðaráætlun	4 350
Hækkun fjármagnsútgjalda frá þeirri áætlun	94
Samtals	4 444
Framkvæmdir árið 1975, áætlað	1 060
	3 384
Flutt til ársins 1977	606
Fjárþörf árið 1976	2 778
Þar af framkvæmdir	2 540
Þar af fjármagnsútgjöld	238
	2 778
Erlend vörukaupalán	1 084
Önnur fjárþörf	1 694
II Borholur og aðveitukerfi:	
Borholur	180
Fóðurrör	100
Aðveitukerfi	400
Fjármagnsútgjöld ca.	50
	730
Erlent vörukaupalán ca.	130
Önnur fjárþörf	600
III Lína Krafla — Akureyri:	
Lína	515
Aðveitustöð á Akureyri	140
	655
Erlent vörukaupalán	84
Önnur fjárþörf	571
IV Samtals:	
Framkvæmdir	3 875
Fjármagnsútgjöld	288
	4 163
Erlend vörukaupalán	1 298
Önnur fjáröflun	2 865
	4 163

5. tafla Fjáröflun

Í millj. kr.

		Þegar heimilað [1]
Innlend lán:		
Innheimt af endurlánuðu spariskírteinafé	1 520	1 520
Útgáfa spariskírteina og happdrættisskuldabréfa	1 400	1 400
	2 920	2 920
Erlend lán:		
IBRD-lán vegna landshafnar í Þorlákshöfn	225	225
Vörukaupalán	2 030	1 040
Lán vegna hlutafjárframlags ríkissjóðs til járnblendiverksmiðju	975	975
Önnur erlend lán	3 620	–
	6 850	2 240
Samtals	9 770	5 160

1) Hér eru talin bæði þau lán, sem þegar hafa verið heimiluð með lögum og leitað mun heimilda fyrir sérstaklega (t.d. lánum vegna Landhelgisgæslu). Leitað verður í einu lagi almennrar heimildar til þess að taka að láni þær 4 610 m.kr. sem á heimildir skortir (þ.e. 9 770 - 5 160).

VII
Fjármunamyndun og fjáröflun

Fjármunamyndun

Samkvæmt frumdrögum þjóðhagsspár er reiknað með, að fjármunamyndun í heild nemi um 68,5 milljörðum króna á árinu 1976. Í þessari tölu er reiknað með um 20—22% hækkun byggingarkostnaðar frá ársmeðaltali 1975. Í heild er reiknað með 9—10% samdrætti fjármunamyndunar 1976. Þó er búist við nálægt þriðjungsaukningu framkvæmda við stórframkvæmdir, þ. e. við Sigöldu- og Kröfluvirkjanir og járnblendiverksmiðju að Grundartanga, en á árinu 1976 eru samtímis í gangi miklar raforkuframkvæmdir víða um land. Þó mun leitast við að dreifa þessum framkvæmdum yfir svo langan tíma sem fært þykir, með tilliti til orkueftirspurnar. Innflutningur til þessara framkvæmda (sjá töflu XIV) er talinn geta numið um 6 200 m.kr. f.o.b., sem deilist jafnt á þessa aðila, en annar framkvæmdakostnaður er í heild talinn geta numið svipaðri fjárhæð. Þessi spá er einkar óviss hvað varðar járnblendiverksmiðjuna, en eftir þá frestun framkvæmda við hana, sem ákveðin hefur verið, er heildarfjárhæð þeirrar fjárfestingar sett 4 000 m.kr. Þessi tala er þó sennilega frekar of há en of lág. Innflutningur skipa og flugvéla 1976 er talinn munu dragast saman um ⅔ frá árinu 1975 (sjá töflur XIV og XXIII) og verða um 2 900 m.kr. Þessi spá er byggð á vitneskju um gerða samninga og veittar lántökuheimildir og hefur þá jafnframt verið miðað við nýsettar reglur um þrengingu lántökuheimilda og ríkisábyrgða til skipakaupa.

Fjármunamyndun, önnur en í sérstökum framkvæmdum og skipum og flugvélum, er talin dragast saman um 7% á næsta ári. Fjármunamyndun á vegum atvinnuveganna er í heild talin dragast saman um 14% frá 1975, einkum vegna minni skipakaupa og minni innflutnings flutningatækja en í ár, en reiknað er með samdrætti í hverri grein atvinnuvegafjárfestingar að járnblendiverksmiðjunni undanskilinni. Þá er reiknað með um 8% samdrætti íbúðabygginga 1976. Opinber fjárfesting er loks talin munu dragast saman um 5% á árinu 1976.

Þessar spár um fjármunamyndun eru, eftir því sem föng eru á, samræmdar fjárveitingatillögum fjárlagafrumvarps og lánsfjáráætlun þessari. Af þeim tillögum og ákvörðunum um opinberar framkvæmdir, sem þar koma fram, fæst sú niðurstaða, að hreinar ríkisframkvæmdir dragist saman um 7% á árinu 1976 og svipuðu máli gegni um sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga. Af hreinum ríkisframkvæmdum er reiknað með, að raforkuframkvæmdir verði um 6% minni að magni 1976 en í ár, en verði þó — eins og á þessu ári — um ⅔ heildarframkvæmda ríkisins sjálfs. Er þá gert ráð fyrir rúmlega þriðjungsminnkun framkvæmda við Sigölduvirkjun, en talsvert meira en tvöföldun umsvifa við Kröfluvirkjun. Hreinar framkvæmdir sveitarfélaga eru loks taldar munu aukast nokkuð á næsta ári, e. t. v. um 5%. Spárnar um opinberar framkvæmdir eru settar fram í töflum XXIV og XXV.

Á undanförnum árum hefur verið mikið þensluástand í fjárfestingarathöfnum og hvers konar byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð. Árin 1971—1974 er talið að umsvif í þessum greinum hafi vaxið um 11% á ári að jafnaði. Þessu ástandi hefur fylgt rík tilhneiging til verð- og launahækkunar í greininni, þar sem jafnan hefur ríkt umframeftirspurn. Á árinu 1976 er reiknað með, að umsvif í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð verði svipuð eða e. t. v. heldur minni en 1974, og á næsta ári gæti orðið um nokkurn samdrátt verkefna að ræða, eða um 4—5%. Með tilliti til aðstæðna á vinnumarkaði að undanförnu ætti hætta á atvinnuleysi ekki að fylgja þessu, en hins vegar verður e. t. v. tiltöluleg færsla vinnuafls frá þessum greinum til annarra.

Fjáröflun

Forsenda fjármunamyndunar er ávallt sparnaður. Sé innlendur sparnaður minni en fjárfesting, er óhjákvæmilegt, að halli sé á viðskiptajöfnuði. Nokkur undangengin ár, einkum 1974 og 1975, hefur innlendur sparnaður verið mun minni en fjárfesting, sem glöggt hefur komið fram í þróun viðskiptahallans við útlönd.

Í töflum XV—XX hér á eftir eru sýnd yfirlit áætlaðrar fjármögnunar þeirrar fjárfestingar, sem reiknað er með í spá Þjóðhagsstofnunar. Tafla XV sýnir fasta fjármunamyndun og birgðabreytingu samkvæmt spá Þjóðhagsstofnunar, svo og áætlaðan innlendan sparnað og viðskiptahalla við útlönd á árinu 1976. Tölurnar sýna, að áætlaður viðskiptahalli felur í sér, að innlendur sparnaður aukist úr 70% í 80% af fyrirhugaðri fjármunamyndun. Þetta virðist nokkuð raunhæft þegar það er haft í huga, að gert er ráð fyrir verulegum samdrætti í fjárfestingu, auk þess sem ætlað er að mjög dragi úr verðhækkunum. Töflur XVI, XVII og XVIII sýna yfirlit yfir ráðstöfun og uppruna fjármagns hjá ríki, sveitarfélögum og einkaaðilum. Töflur XIX og XX sýna loks heildaryfirlit greiðsluflæðis lánastofnana og greiðsluflæðis við útlönd, sem í lánsfjáráætlun þessari felst.

Á það skal bent, að skilgreiningar á geirum þjóðfélagsins eru í samræmi við hugtakanotkun Þjóðhagsstofnunar við úrvinnslu þjóðhagsreikninga og eru því sambærilegar við þjóðhagsstærðir. Hér á eftir fer nánari skilgreining ýmissa hugtaka til þess að auðvelda notkun.

Með **ríkinu** er átt við ríkissjóð (A-hluta fjárlaga) og nokkrar ríkisstofnanir í B-hluta, sem hér greinir: Landsvirkjun, Laxárvirkjun, Kröflu, Rafmagnsveitur ríkisins, Jarðboranir og Jarðvarmaveitur ríkisins, Póst og síma og Ríkisútvarp (hljóðvarp-sjónvarp), auk atvinnuleysistrygginga og Tryggingastofnunar ríkisins, svo og Ríkisábyrgðasjóð, Hafnabótasjóð og Viðlagasjóð.

Með **fyrirtækjum sveitarfélaga** (tafla XVII) er fyrst og fremst átt við hita- og rafveitur.

Með **einkaaðilum** (tafla XVIII) teljast atvinnufyrirtæki, þar með talið Sementsverksmiðja, Áburðarverksmiðja, Kísiliðjan, Skipaútgerð ríkisins og Landssmiðjan, svo og einstaklingar og félagasamtök.

Sérstaklega skal á það bent, að sparnaður er að öðru jöfnu fundinn sem mismunur rekstrartekna og rekstrargjalda, sem er sami mismunur og er á samtölu fjármunamyndunar, veittum lánum, fjármagnstilfærslum til annarra og sjóðshækkunum að frádregnum fengnum lánum og fjármagnstilfærslum frá öðrum, svo og sjóðslækkunum. Vegna ónógra upplýsinga var sparnaður, eins og hann er sýndur í töflum XV—XVIII, fundinn út með síðari aðferðinni, þ. e. a. s. sem mismunur á innkomnu og útgreiddu fjármagni.

TÖFLUYFIRLIT

Tafla	I	Lánsfjáráætlun: Yfirlit 1974, 1975 og 1976
—	II	Lánsfjáráætlun: Markmið 1976
—	III	Lánsfjáráætlun: Áætlun 1975
—	IV	Lánsfjáráætlun: Bráðabirgðatölur 1974
—	V	Peningamálaáætlun 1975 og markmið 1976: Bankakerfið
—	VI	Peningamálaáætlun 1975 og markmið 1976: Seðlabankinn
—	VII	Peningamálaáætlun 1975 og markmið 1976: Innlánsstofnanir
—	VIII	Útlán fjárfestingarlánasjóða 1974—1976
—	IX	Áætlun um fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða 1976
—	X	Greiðsluáætlun um fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða 1975
—	XI	Greiðsluyfirlit um fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða 1974
—	XII	Ráðstöfunarfé lífeyrissjóða 1974—1976
—	XIII	Löng erlend lán flokkuð eftir notendum 1974—1976
—	XIV	Greiðslujöfnuður við útlönd
—	XV	Fjárfesting og fjármögnun alls 1974—1976
—	XVI	Fjárfesting og fjármögnun 1974—1976: Ríkið
—	XVII	Fjárfesting og fjármögnun 1974—1976: Sveitarfélög
—	XVIII	Fjárfesting og fjármögnun 1974—1976: Einkaaðilar
—	XIX	Greiðsluflæði lánastofnana
—	XX	Greiðsluflæði við útlönd
—	XXI	Fjármagnstilfærslur 1974, 1975 og 1976
—	XXII	Lánsfjármagnaðar opinberar framkvæmdir
—	XXIII	Fjármunamyndun 1974—1976
—	XXIV	Byggingar og mannvirki hins opinbera 1974—1976
—	XXV	Framkvæmdir á vegum sveitarfélaga og sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga 1974—1976

Tafla I Lánsfjáráætlun: Yfirlit 1974, 1975 og 1976

Nettó hreyfingar í millj. kr.

		Bráðabirgða-tölur 1974	Áætlun 1975	Lánsfjár-áætlun 1976
Lánþegar:				
1	Opinberir aðilar, alls	9 568	14 419	8 357
11	Ríkissjóður og ríkisstofnanir	5 778	5 686	20
12	Ríkisfyrirtæki	1 355	6 265	7 590
13	Sveitarfélög	1 193	968	647
14	Fyrirtæki sveitarfélaga	1 242	1 500	100
2	Einkaaðilar, alls	23 537	25 784	25 213
21	Atvinnufyrirtæki	17 667	17 969	16 363
22	Íbúðalán	5 252	7 315	8 520
23	Aðrir einkaaðilar	618	500	330
3	Lán alls (1+2 = 4+5)	33 105	40 203	33 570
Lánveitendur:				
4	Innlend lán, alls	26 722	29 283	22 175
41	Lánastofnanir	25 771	28 167	20 610
411	Bankakerfið	18 018	15 190	6 260
412	Fjárfestingarlánasjóðir	5 578	9 767	10 380
413	Lífeyrissjóðir	2 175	3 210	3 970
42	Ríkið	71	191	165
43	Einkaaðilar	880	925	1 400
5	Erlend lán, alls	6 383	10 920	11 395
51	Löng erlend lán	7 653	11 700	8 780
52	Stutt erlend lán	—1 270	—780	2 615

Tafla II Lánsfjáráætlun: Markmið 1976

Innlend og erlend lán flokkuð eftir endanlegum lánþegum

Hreyfingar í millj. kr.

Lánveitendur / Lánþegar	Ríkissjóður og ríkisstofnanir	Ríkisfyrirtæki	Sveitarfélög	Fyrirtæki sveitarfélaga	Opinberir aðilar alls	Atvinnufyrirtæki	Íbúðalán	Aðrir einkaaðilar	Einkaaðilar alls	Samtals (5)+(9)	Lánastofnanir
	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)	(10)	(11)
1 Innlend lán, alls	50	—30	647	–	667	12 658	8 520	330	21 508	22 175	1 030
11 Lánastofnanir	—1 350	—30	490	–	—890	12 650	8 520	330	21 500	20 610	.
111 Bankakerfið	—1 400	–	–	–	—1 400	6 880	450	330	7 660	6 260	.
1111 Seðlabankinn	—1 400	–	–	–	—1 400	–	–	–	–	—1 400	.
1112 Innlánsstofnanir	–	–	–	–	–	6 880	450	330	7 660	7 660	.
112 Fjárfestingarlánasjóðir	50	—30	490	–	510	5 760	4 110	–	9 870	10 380	.
113 Lífeyrissjóðir	–	–	–	–	–	10	3 960	–	3 970	3 970	.
12 Ríkið	.	.	157	–	157	8	–	–	8	165	360
(þar af Atvinnuleysistryggingasj.)	.	.	(20)	–	(20)	(45)	–	–	(45)	(65)	(360)
13 Einkaaðilar	1 400	–	–	–	1 400	.	.	.	.	1 400	670
2 Erlend lán, alls	—30	7 620	–	100	7 690	3 705	–	–	3 705	11 395	565
21 Löng erlend lán	—30	7 620	–	100	7 690	1 090	–	–	1 090	8 780	1 365
22 Stutt erlend lán	–	–	–	–	–	2 615	–	–	2 615	2 615	—800
3 Samtals (1+2)	20	7 590	647	100	8 357	16 363	8 520	330	25 213	33 570	1 595

Tafla III Lánsfjáráætlun: Áætlun 1975
Innlend og erlend lán flokkuð eftir endanlegum lánþegum
Hreyfingar í millj. kr.

Lánveitendur / Lánþegar	Ríkissjóður og ríkisstofnanir	Ríkisfyrirtæki	Sveitarfélög	Fyrirtæki sveitarfélaga	Opinberir aðilar alls	Atvinnufyrirtæki	Íbúðalán	Aðrir einkaaðilar	Einkaaðilar alls	Samtals (5)+(9)	Lánastofnanir
	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)	(10)	(11)
1 Innlend lán, alls	5 031	—35	668	–	5 664	15 804	7 315	500	23 619	29 283	1 400
11 Lánastofnanir	4 106	—35	465	–	4 536	15 816	7 315	500	23 631	28 167	.
111 Bankakerfið	4 200	–	100	–	4 300	9 640	750	500	10 890	15 190	.
1111 Seðlabankinn	4 200	–	–	–	4 200	–	–	–	–	4 200	.
1112 Innlánsstofnanir	–	–	100	–	100	9 640	750	500	10 890	10 990	.
112 Fjárfestingarlánasjóðir	—94	—35	365	–	236	6 156	3 375	–	9 531	9 767	.
113 Lífeyrissjóðir	–	–	–	–	–	20	3 190	–	3 210	3 210	.
12 Ríkið	.	.	203	–	203	—12	–	–	—12	191	160
(þar af Atvinnuleysistryggingasj.)	.	.	(15)	–	(15)	(35)	–	–	(35)	(50)	(160)
13 Einkaaðilar	925	–	–	–	925	.	.	.	.	925	1 240
2 Erlend lán, alls	655	6 300	300	1 500	8 755	2 165	–	–	2 165	10 920	5 440
21 Löng erlend lán	655	6 300	300	1 500	8 755	2 945	–	–	2 945	11 700	1 440
22 Stutt erlend lán	–	–	–	–	–	—780	–	–	—780	—780	4 000
3 Samtals (1+2)	5 686	6 265	968	1 500	14 419	17 969	7 315	500	25 784	40 203	6 840

Tafla IV Lánsfjáráætlun: Bráðabirgðatölur 1974
Innlend og erlend lán flokkuð eftir endanlegum lánþegum
Hreyfingar í millj. kr.

Lánveitendur / Lánþegar	Ríkissjóður og ríkisstofnanir	Ríkisfyrirtæki	Sveitarfélög	Fyrirtæki sveitarfélaga	Opinberir aðilar alls	Atvinnufyrirtæki	Íbúðalán	Aðrir einkaaðilar	Einkaaðilar alls	Samtals (5)+(9)	Lánastofnanir
	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)	(10)	(11)
1 Innlend lán, alls	4 487	—35	1 208	2	5 662	15 190	5 252	618	21 060	26 722	561
11 Lánastofnanir	3 607	—35	1 151	2	4 725	15 176	5 252	618	21 046	25 771	.
111 Bankakerfið	3 582	–	1 056	2	4 640	11 916	844	618	13 378	18 018	.
1111 Seðlabankinn	3 412	–	–	2	3 414	26	–	–	26	3 440	.
1112 Innlánsstofnanir	170	–	1 056	–	1 226	11 890	844	618	13 352	14 578	.
112 Fjárfestingarlánasjóðir	20	—35	95	–	80	3 250	2 248	–	5 498	5 578	.
113 Lífeyrissjóðir	5	–	–	–	5	10	2 160	–	2 170	2 175	.
12 Ríkið	.	.	57	–	57	14	–	–	14	71	141
(þar af Atvinnuleysistryggingasj.)	.	.	(8)	–	(8)	(24)	–	–	(24)	(32)	(262)
13 Einkaaðilar	880	–	–	–	880	.	.	.	.	880	420
2 Erlend lán, alls	1 291	1 390	—15	1 240	3 906	24 77	–	–	2 477	6 383	7 192
21 Löng erlend lán	1 291	1 390	—15	1 240	3 906	3 747	–	–	3 747	7 653	1 347
22 Stutt erlend lán	–	–	–	–	–	—1 270	–	–	—1 270	—1 270	5 845
3 Samtals (1+2)	5 778	1 355	1 193	1 242	9 568	17 667	5 252	618	2 3537	33105	7753

Tafla V Peningamálaáætlun 1975 og markmið 1976: Bankakerfið

		Staða 31/12/74 M. kr.	Hreyfingar í millj. kr. 1974	Áætlun 1975	Lánsfjáráætlun 1976
1	Erlendar eignir til skamms tíma, nettó	2 100	—5 846	—4 000	800
2	Innlendir liðir, nettó	43 037	15 681	16 600	7 000
21	Lán bankakerfisins	53 214	18 980	15 800	7 000
211	Seðlabanki	6 852	3 773	4 200	—14 00
212	Innlánsstofnanir	46 362	15 207	11 600	8 400
22	Sjóðir í opinberri vörslu	—4 138	—1 903	2 200	500
23	Annað, nettó	—6 039	—1 396	—1 400	—500
3	Peningamagn og sparifé	45 137	9 835	12 600	7 800
			Hreyfingar í %		
	Innlendir liðir, nettó		57,3	38,6	11,7
	Lán bankakerfisins		55,4	29,7	10,1
	Lán Seðlabanka		122,5	61,3	—12,7
	Lán innlánsstofnana		48,8	25,0	14,5
	Peningamagn og sparifé		27,9	27,9	13,5

Tafla VI Peningamálaáætlun 1975 og markmið 1976: Seðlabankinn

		Staða 31/12/74 M. kr.	Hreyfingar í millj. kr. 1974	Áætlun 1975	Lánsfjáráætlun 1976
1	Erlendar eignir til skamms tíma, nettó	1 512	—6 802	—4 000	800
2	Innlendir liðir, nettó	13 211	9 986	7 900	1 100
21	Kröfur á aðra en innlánsstofnanir	6 852	3 773	4 200	—1 400
211	Ríkissjóður og ríkisstofnanir, nettó	5 352	3 912	4 200	—1 400
212	Fjárfestingarlánasjóðir	1 327	—167	–	–
213	Aðrir aðilar	172	28	–	–
22	Innlánsstofnanir	15 195	9 377	2 400	2 300
221	Endurkaup	8 226	4 247	3 200	2 800
222	Aðrar skuldir	6 969	5 130	—800	—500
23	Sjóðir í opinberri vörslu (innstæðuaukning = —)	—4 138	—1 903	2 200	500
24	Erlend lán til langs tíma	—1 435	—1 179	—300	–
25	Annað, nettó	—3 263	—82	—600	—300
3	Grunnfé	14 723	3 184	3 900	1 900
31	Innlánsstofnanir	9 978	2 073	3 100	1 900
311	Bundnar innstæður	8 594	1 782	3 000	1 800
312	Veltufjármunir	1 384	291	100	100
32	Seðlar og mynt í umferð	3 358	740	1 000	600
33	Innstæður fjárfestingarlánasjóða	1 388	371	—200	—600
			Hreyfingar í %		
	Grunnfé		27,5	26,5	10,2
	Seðlar og mynt í umferð		28,3	29,8	13,8
	Bundnar innstæður		26,2	34,9	15,5

Tafla VII Peningamálaáætlun 1975 og markmið 1976: Innlánsstofnanir

	Staða 31/12/74 M. kr.	Hreyfingar í millj. kr. 1974	Áætlun 1975	Lánsfjáráætlun 1976
1 Lausafjárstaða gagnvart Seðlabanka	—323	319	840	40
11 Veltufjármunir	1 389	292	100	100
12 Skuldir	—1 712	26	740	—60
2 Lausafjárstaða gagnvart útlöndum	588	957	–	–
3 Bundnar innstæður	8 594	1 782	3 000	1 800
4 Útlán	46 362	15 207	11 600	8 400
(útlán án endurkaupa)	(38 136)	(10 959)	(8 400)	(5 600)
5 Eignir = skuldir	55 221	18 265	15 440	10 240
6 Heildarinnstæður	40 390	8 723	11 800	7 800
7 Endurkaup	8 226	4 250	3 200	2 800
8 Verðbréf	5 262	5 158	—60	—560
9 Eigið fé og annað, nettó	1 343	134	500	200
		Hreyfingar í %		
Útlán		48,8	25,0	14,5
Útlán án endurkaupa		40,3	22,0	12,0
Heildarinnstæður		27,5	29,2	14,9
Endurkaup		106,9	38,9	24,5

Tafla VIII Útlán fjárfestingarlánasjóða 1974—1976

	1974		Áætluð útlánageta 1975		Lánsfjáráætlun 1976	
	Breyting frá fyrra ári M.kr.	%	Breyting frá fyrra ári M.kr.	%	Breyting frá fyrra ári M.kr.	%
1 Fjárfestingarlánasjóðir, alls	7 325	25,2	11 880	62,2	13 424	13
2 Íbúðalánasjóðir	2 344	51,7	3 680	57,0	4 520	23
21 Byggingasjóður ríkisins	1 972	36,9	3 350	70,0	4 080	
22 Veðdeild Landsbanka Íslands	30	–	30	–	40	
23 Byggingasjóður verkamanna	342	356,0	300	—12,3	400	
3 Atvinnuvegasjóðir	4 981	15,7	8 200	64,6	8 904	9
31 Atvinnuvegasjóðir sem fá lán frá Framkvæmdasjóði	3 724	6,7	5 980	60,6	6 654	11
311 Stofnlánadeild landbúnaðarins	1 050	106,3	1 165	11,0	...	
312 Veðdeild Búnaðarbanka Íslands	26	—45,8	45	73,1	...	
313 Fiskveiðasjóður	1 996	—17,6	3 788	89,8	...	
314 Verslunarlánasjóður	77	51,0	90	16,9	...	
315 Stofnlánadeild samvinnufélaga	19	18,8	35	84,2	...	
316 Iðnlánasjóður	341	33,2	510	49,6	...	
317 Ferðamálasjóður	25	31,6	40	60,0	...	
318 Lánasjóður sveitarfélaga	190	12,4	307	61,6	...	
32 Framkvæmdasjóður, bein lán	163	117,3	110	—32,5	345	
(Framkvæmdasjóður, lán til sjóða)	(2 040)	(17,3)	(3 230)	(58,3)	(4 190)	(30)
33 Byggðasjóður	627	38,7	1 400	123,3	1 260	—10
34 Aðrir atvinnuvegasjóðir	467	61,6	710	52,0	645	—9
241 Framleiðnisjóður landbúnaðarins	8	—17,4	10	25,0	10	
342 Veðdeild Iðnaðarbankans	20	53,8	35	75,0	50	
343 Iðnþróunarsjóður	401	64,3	600	49,6	500	
344 Iðnrekstrarsjóður	38	850,0	65	71,1	85	

Tafla IX Áætlun um fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða 1976

Í millj. kr.

		Eigin fjármagn nettó	Framlög og markaðir tekjustofnar	Lántökur							Lánsfjáráætlun (1)+(2)+(9)
				Framkvæmdasjóður	Lífeyrissjóðir	Bankakerfið	Skyldusparnaður	Atvinnuleysistryggingasjóður	Erlend lán	Alls	
		(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)	(10)
1	Fjárfestingarlánasjóðir, alls	861	5 445	–	2 273	900	1 500	400	2 045	7 118	13 424
2	Íbúðalánasjóðir	—135	2 395	–	560	–	1 300	400	–	2 260	4 520
21	Byggingarsjóður ríkisins	—205	2 025	–	560	–	1 300	400	–	2 260	4 080
22	Veðdeild Landsbanka Íslands	40	–	–	–	–	–	–	–	–	40
23	Byggingarsjóður verkamanna	30	370	–	–	–	–	–	–	–	400
3	Atvinnuvegasjóðir	996	3 050	–	1 713	900	200	–	2 045	4 858	8 904
31	Atvinnuvegasjóðir, sem fá lán frá Framkvæmdasjóði	184	1 847	(4 190)	233	–	200	–	–	4 623	6 654
311	Stofnlánadeild landbúnaðarins	—543	525	...	68	–	200	–	–	...	...
312	Veðdeild Búnaðarbanka Íslands	—55	7	...	50	–	–	–	–	...	...
313	Fiskveiðasjóður Íslands	510	880	...	–	–	–	–	–	...	...
314	Verslunarlánasjóður	16	–	...	95	–	–	–	–	...	...
315	Stofnlánadeild samvinnufélaga	5	5	...	20	–	–	–	–	...	...
316	Iðnlánasjóður	165	258	...	–	–	–	–	–	...	...
317	Ferðamálasjóður	—15	15	...	–	–	–	–	–	...	...
318	Lánasjóður sveitarfélaga	101	157	...	–	–	–	–	–	...	...
32	Framkvæmdasjóður, samtals	150	–	–	1 440	900	–	–	2 045	4 385	4 535
	a) vegna beinna útlána	150	–	–	–	30	–	–	165	195	345
	b) vegna lána til annarra fjárfestingarlánasjóða	–	–	–	1 440	870	–	–	1 880	4 190	(4 190)
33	Byggðasjóður	137	1 123	–	–	–	–	–	–	–	1 260
34	Aðrir atvinnuvegasjóðir	525	80	–	40	–	–	–	–	40	645
341	Framleiðnisjóður landbúnaðarins	—20	30	–	–	–	–	–	–	–	10
342	Veðdeild Iðnaðarbanka Íslands	10	–	–	40	–	–	–	–	40	50
343	Iðnþróunarsjóður	500	–	–	–	–	–	–	–	–	500
344	Iðnrekstrarsjóður	35	50	–	–	–	–	–	–	–	85

Tafla X Greiðsluáætlun um fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða 1975

Í millj. kr.

		Eigin fjármagn nettó	Framlög og markaðir tekjustofnar	Lántökur: Framkvæmdasjóður	Lífeyrissjóðir	Bankakerfið	Skyldusparnaður	Atvinnutryggingasjóður	Verðhreikningur	Erlend lán	Alls	Áætluð útlánageta (1)+(2)+(10)
		(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)	(10)	(11)
1	Fjárfestingarlánasjóðir, alls	776	4 708	–	1 246	760	1 100	190	700	2 400	6 396	11 880
2	Íbúðalánasjóðir	—60	1 820	–	780	–	950	190	–	–	1 920	3 680
21	Byggingarsjóður ríkisins	—90	1 520	–	780	–	950	190	–	–	1 920	3 350
22	Veðdeild Landsbanka Íslands	30	–	–	–	–	–	–	–	–	–	30
23	Byggingarsjóður verkamanna	–	300	–	–	–	–	–	–	–	–	300
3	Atvinnuvegasjóðir	836	2 888	–	466	760	150	–	700	2 400	4 476	8 200
31	Atvinnuvegasjóðir, sem fá lán frá Framkvæmdasjóði	—144	2 008	(3 070)	246	–	150	–	400	250	4 116	5 980
311	Stofnlánadeild landbúnaðarins	—546	393	1 015	153	–	150	–	–	–	1 318	1 165
312	Veðdeild Búnaðarbanka Íslands	—12	7	15	35	–	–	–	–	–	50	45
313	Fiskveiðasjóður Íslands	126	1 274	1 738	–	–	–	–	400	250	2 388	3 788
314	Verslunarlánasjóður	7	–	25	58	–	–	–	–	–	83	90
315	Stofnlánadeild samvinnufélaga	5	5	25	–	–	–	–	–	–	25	35
316	Iðnlánasjóður	211	189	110	–	–	–	–	–	–	110	510
317	Ferðamálasjóður	5	10	25	–	–	–	–	–	–	25	40
318	Lánasjóður sveitarfélaga	60	130	117	–	–	–	–	–	–	117	307
32	Framkvæmdasjóður, samtals	230	–	–	200	760	–	–	–	2 150	3 110	3 340
3. Landssímasambönd:		
Jarðsíma- og loftlínuleiðir:		
a. Selfoss — Aratunga	8 000	
b. Selfoss — Hveragerði	5 000	
c. Húsavík, Máná (Húsavíkurfj. o. fl.)	9 000	
d. Þingeyri, Önundarfjörður	30 000	
e. Þingeyri, Bíldudalur	10 000	
		62 000
Radíóleiðir:		
a. Álftanes, Stykkishólmur 960 rásir	6 000	
b. Björg, Vaðlaheiði, 300 rásir	3 000	
c. Bráðabirgða VHF sambönd	5 000	
d. Reykjavík, Hvolsvöllur/Vestm. 960/300 rásir	45 000	
e. Reykjavík — Akureyri	23 000	
		82 000
Fjölsímaleiðir:		
1. Húsavík, Raufarhöfn 24 rásir, Húsavík, Kópasker 12 rásir	16 000	
2. Rvík og Breiðholt, osc statif, GK filter og GDF statif	22 000	
3. Reykjavík, Vestmannaeyjar, 120 rásir, Reykjavík, Hvolsvöllur 1 × 60 grúppa Vík, Hvolsvöllur 60 rásir	35 000	
		73 000
4. Símatalfæri	30 000	
		30 000
5. Hús:		
a. Stöðvarfjörður	20 000	
b. Breiðdalsvík	20 000	
c. Djúpivogur	20 000	
d. Bolungarvík	7 000	
e. Hólmavík	7 000	
f. Hellisandur	7 000	
		81 000
6. Bifreiðar og vinnuvélar	10 000	
		10 000

60. Við 5. gr. 2 10 471 Flugmálastjórn 3 30 Fjárfestingar.
Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Fjárfestingar í flugmálum (210 471 330).	
Reykjavík til malbikunar og ljósabúnaðar	35 000
Akureyri til fjarlægðarmælitækis á Vaðlaheiði og flugvélarstæða	30 000
Egilsstaðir til fjarlægðarmælitækis og fjölstefnuvita	40 000
Ísafjörður til malbikunar og vararafstöðvar	32 000
Sauðárkrókur til ýmissa tækja	40 000
Grímsey til viðgerða á flugbraut	10 000

		Þús. kr.
Hornafjörður	5 000	
Vestmannaeyjar	10 000	
Sjúkraflugvellir	18 000	
Til annarra flugvalla, viðhalds og tækjakaupa	32 000	
		252 000

61. Við 6. gr. XI. Aftan við liðinn bætist:
Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

62. Við 6. gr. XXXIV. Nýir liðir:
a. Að fella niður eða endurgreiða söluskatt og aðflutningsgjöld af sérsmíðuðu hljóðfæri, sem er minningargjöf merkt Akureyrarkirkju.
b. Að veita Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins lán til að tryggja greiðslugetu sína síðasta ársfjórðung ársins 1975.
c. Að kaupa Hótel Hvanneyri á Siglufirði til skólahalds í bænum og taka lán í því skyni.
d. Að taka þátt í kaupum á jörðinni Reykjum á Reykjabraut, Austur-Húnavatnssýslu, ásamt aðildarhreppum Húnavallaskóla og taka lán í því skyni.
e. Að selja íbúðarhús á jörðinni Stekkjarmel í Rauðasandshreppi.
f. Að endurgreiða Snorra Hanssyni aðflutningsgjöld af tækjum til kasettugerðar.
g. Að fella niður eða endurgreiða söluskatt og aðflutningsgjöld af snjóbíl fyrir Flateyrarhrepp.
h. Að endurgreiða þinglýsingargjöld vegna afsals skuttogarans Haralds Böðvarssonar.
i. Að endurgreiða söluskatt og aðflutningsgjöld af sjúkrabifreið Húsavíkurdeildar Rauða kross Íslands.
j. Að endurgreiða söluskatt og aðflutningsgjöld af snjóbifreið Rauðakrossdeildar Sauðárkróks og bifreið Hjálparsveitar skáta í Hafnarfirði til leitar og sjúkraflutninga.
k. Að láta í makaskiptum 6 584 m² af landi Fitjakots á Kjalarnesi í Kjósarsýslu.
l. Að selja íbúð Pósts og síma í húsinu nr. 24 við Heiðarbraut á Akranesi.
m. Að verja söluandvirði Vestmannaeyjaskipsins Herjólfs til nauðsynlegra endurbóta á afgreiðsluaðstöðu Skipaútgerðar ríkisins í Reykjavík.
n. Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af nýjum jarðborum fyrir Jarðboranir ríkisins.
o. Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af efni til dísilstöðvar, aðveitustöðvar og orkuflutningsveitu fyrir Vestmannaeyjakaupstað.
p. Að taka lán til að kaupa hafskipabryggju á Eyri í Ingólfsfirði.
r. Að lækka toll í 15% og fella niður innflutningsgjald af bifreiðum sérstaklega útbúnum til sjúkraflutninga, sem hjálpar- og björgunarsveitir festa kaup á. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
s. Að taka lán til kaupa á húsnæði fyrir varamenn sendiherra í Kaupmannahöfn, London og New York, ef hagstæð þykja. Endanleg ákvörðun verði tekin í samráði við fjárveitinganefnd Alþingis.
t. Að taka lán til kaupa á húsnæði fyrir bústað og skrifstofur bæjarfógetans og sýslumannsins á Eskifirði.
u. Að endurgreiða þinglýsingargjald vegna afsals b/v Snæfells EA 740.
v. Að láta af hendi við Seyðisfjarðarkaupstað án endurgjalds gamla símstöðvarhúsið, nr. 44 við Hafnargötu á Seyðisfirði, ásamt tilheyrandi eignarlóð gegn því að húsið verði notað fyrir safn muna og minja úr sögu Seyðisfjarðar.
x. Að semja um greiðslu yfirdráttarskuldar við Seðlabanka Íslands, eins og hún verður um áramót 1975—1976 og um lánskjör.

y. Að selja fasteignina Brú við Markarfljót í landi Eyvindarholts og gamalt áhaldahús á Hvammstanga.
z. Að ábyrgjast fyrir Skúla Pálsson fiskræktarbónda allt að 15 millj. kr. lán vegna byggingar fiskeldisstöðvar í landi jarðarinnar Þóroddsstaða II í Ölfushreppi, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar (endurveiting).
þ. Að ábyrgjast fyrir St. Jósefsspítala í Hafnarfirði allt að 10 millj. kr. lán gegn tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.
æ. Að lækka tolla af ökumælum til þungaskattsákvörðunar úr 25% í 7%.
ö. Að ábyrgjast allt að 15 millj. kr. lán vegna flóabátanna v/b Baldurs og v/b Fagraness.
aa. Að taka lán að upphæð allt að 25 millj. kr. til að byggja ferjuaðstöðu í Þorlákshöfn fyrir Vestmannaeyjaferju.
bb. Að ábyrgjast fyrir Hafnabótasjóð allt að 10 millj. kr. lán til endurbóta á Suðureyri við Súgandafjörð vegna sjóskaða.

Sþ. 243. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1976.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

	Þús. kr.
1. Við 1. gr. 4 Lánahreyfingar inn.	
Fyrir liðinn Önnur erlend lántaka kemur:	
Erlend lán vegna hlutafjárframlags til járnblendiverksmiðju	975 000
Erlend vörukaupalán	2 030 000
Önnur erlend lántaka	3 620 000
2. Við 1. gr. 3 Lánahreyfingar út. Liðurinn orðist svo:	
Rafmagnsveitur ríkisins, framkvæmdir o. fl.	1 740 000
Sveitarafvæðing	150 000
Norðurlína	578 000
Kröfluvirkjun:	
a) Stöðvarhús og vélar	2 778 000
b) Borholur og aðveitukerfi	730 000
c) Lína Krafla—Akureyri og aðveitustöð	655 000
Jarðboranir ríkisins	40 000
Járnblendiverksmiðja	975 000
Landhelgisgæsla vegna flugvélakaupa	600 000
Verðjöfnunarsjóður ábyrgð á greiðslugetu vegna 4. ársfj. 1975	150 000
Afborganir almennra lána ríkissjóðs	2 523 548
3. Við 3. gr. Tekjur.	
a. Við 1 13 01 Persónuafsláttur til greiðslu útsvars og greiddar barnabætur	
Fyrir „1 600 000“ kemur	1 500 000
b. Við 1 13 03 Tekjuskattur félaga.	
Fyrir „990 000“ kemur	1 070 000
c. Við 1 13 04 Byggingasjóðsgjald af tekjuskatti félaga.	
Fyrir „9 900“ kemur	10 700
d. Við 1 15 01 Aðflutningsgjöld.	
Fyrir „10 540 000“ kemur	11 060 000
e. Við 1 15 01 Til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.	
Fyrir „527 000“ kemur	553 000

		Þús. kr.
f.	Við 1 15 02 Aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum.	
	Fyrir „33 000“ kemur	45 000
g.	Við 1 15 03 Byggingariðnaðarsjóðsgjald.	
	Fyrir „21 500“ kemur	19 000
h.	Við 1 15 05 Byggingasjóðsgjald af innflutningi.	
	Fyrir „52 700“ kemur	55 300
i.	Við 1 15 11 Innflutningsgjald af bensíni.	
	Fyrir „1 934 000“ kemur	1 690 000
j.	Við 1 15 12 Gúmmígjald.	
	Fyrir „99 000“ kemur	77 000
k.	Við 1 15 21 Innflutningsgjald af bifreiðum.	
	Fyrir „800 000“ kemur	770 000
l.	Við 1 16 01 Vörugjald.	
	Fyrir „158 000“ kemur	160 000
m.	Við 1 16 04 Álgjald.	
	Fyrir „141 000“ kemur	139 000
n.	Nýr liður:	
	1 16 05 Sérstakt vörugjald	2 330 000
o.	Við 1 17 01 Söluskattur.	
	Fyrir „22 785 000“ kemur	23 280 000
p.	Við 1 17 01 Til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.	
	Fyrir „1 225 000“ kemur	1 850 000
r.	Við 1 17 11 Miðagjald til Menningarsjóðs.	
	Fyrir „10 000“ kemur	11 800
s.	Við 1 17 12 Skemmtanaskattur.	
	Fyrir „59 000“ kemur	73 000
t.	Við 1 17 21 Launaskattur.	
	Fyrir „3 050 000“ kemur	3 072 000
u.	Við 1 17 31 Rekstrarhagnaður Á.T.V.R.	
	Fyrir „5 900 000“ kemur	6 000 000
v.	Við 1 17 33 Gjald af seldum eldspýtum.	
	Fyrir „2 000“ kemur	1 440
x.	Við 1 17 34 Gjald af einkasöluvörum.	
	Fyrir „1 550“ kemur	5 000
y.	Við 1 17 51 Síldargjald.	
	Fyrir „1 500“ kemur	1 800
z.	Við 1 17 52 Ferskfiskmatsgjald.	
	Fyrir „59 000“ kemur	37 000
þ.	Við 1 17 53 Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum.	
	Fyrir „25 000“ kemur	23 000
æ.	Við 1 17 54 Síldarmatsgjald.	
	Fyrir „45“ kemur	40
ö.	Við 1 17 55 Síldarsölugjald.	
	Fyrir „15 000“ kemur	18 000
aa.	Við 1 17 91 Iðnaðargjald.	
	Fyrir „22 000“ kemur	21 000
bb.	Við 1 19 01 Stimpilgjald.	
	Fyrir „590 000“ kemur	626 000
cc.	Við 1 19 02 Aukatekjur.	
	Fyrir „57 000“ kemur	59 000
dd.	Við 1 19 03 Þinglýsingar.	
	Fyrir „240 000“ kemur	268 000
ee.	Við 1 19 11 Bifreiðaskattur.	
	Fyrir „537 000“ kemur	539 000

		Þús. kr.
ff.	Við 1 19 13 Skrásetningargjald bifreiða.	
	Fyrir „9 500“ kemur	8 700
gg.	Við 1 19 14 Skoðunargjald bifreiða.	
	Fyrir „17 500“ kemur	17 400
hh.	Við 1 19 21 Lestagjald.	
	Fyrir „1 600“ kemur	1 500
ii.	Við 1 19 22 Vitagjald.	
	Fyrir „19 000“ kemur	16 500
jj.	Við 1 19 32 Hluti af umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna.	
	Fyrir „395 000“ kemur	424 000
kk.	Við 1 19 91 Áhættugjald vegna ríkisábyrgða.	
	Fyrir „10 000“ kemur	20 000
ll.	Við 1 19 92 Skipulagsgjald.	
	Fyrir „32 000“ kemur	53 000
mm.	Við 1 19 95 Prófgjald bifreiðastjóra.	
	Fyrir „1 420“ kemur	1 250
nn.	Við 1 19 96 Prófgjald iðnnema.	
	Fyrir „950“ kemur	2 000
oo.	Við 1 31 01 Vextir.	
	Fyrir „280 000“ kemur	376 000
pp.	Við 1 31 02 Arður af hlutabréfum.	
	Fyrir „2 350“ kemur	2 440
rr.	Við 1 39 06 Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs.	
	Fyrir „70 000“ kemur	80 000
4.	Við 4. gr. 1 02 761 03 Viðhaldskostnaður skólafasteigna.	
	Liðurinn fellur niður.	
5.	Við 4. gr. 1 02 803 Dagvistunarheimili.	
	Fyrir „187 150“ kemur	68 400
6.	Við 4. gr. 1 02 981 Almenningsbókasöfn 0 92 Til sveitarfélaga.	
	Liðurinn fellur niður.	
7.	Við 4. gr. 1 07 399 06 Heimilishjálp.	
	Liðurinn fellur niður.	
8.	Við 4. gr. 1 07 399 07 Vinnumiðlun.	
	Liðurinn fellur niður.	
9.	Við 4. gr. 1 07 999 22 Orlofssjóður húsmæðra.	
	Liðurinn fellur niður.	
10.	Við 4. gr. 1 08 381 03 Bygging sjúkrahúsa o. fl.	
	Fyrir „795 625“ kemur	744 835
	Liðurinn Elliheimili fellur niður.	
11.	Við 5. gr. 2 08 271 Tryggingastofnun ríkisins.	
	a. Lífeyristryggingar 1 80 Framlög úr ríkissjóði.	
	Fyrir „7 124 000“ kemur	6 635 000
	b. Sjúkratryggingar 1 80 Framlög úr ríkissjóði.	
	Fyrir „8 192 000“ kemur	8 681 000
12.	Við 5. gr. 2 11 321 Rafmagnsveitur ríkisins.	
	Sundurliðun fjárfestinga kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:	
	Framkvæmdir Rafmagnsveitna ríkisins 1976 (2 11 321).	
	Virkjanir:	
	1. Lagarfoss 150 000	
	2. Mjólká 87 000	
	3. Hofsárveita 146 000	
		393 000

		Þús. kr.
Stofnlínur:		
1. Mjólká — Breiðidalur	110 000	
2. Breiðidalur — Bolungarvík	3 000	
3. Grímsá — Reyðarfjörður	64 000	
4. Sæstrengur, Eyjafjörður	34 000	
5. Stöðvarfjörður — Breiðdalsvík	10 000	
6. Húsavíkurlína, flutningur	5 000	
7. Sæstrengur til Vestmannaeyja, endurbætur	18 000	
8. Línur að Vatnshamri, Borgarfjörður	9 000	
9. Búðardalur — Saurbær	35 000	
		288 000
Aðveitustöðvar:		
1. Akranes	5 000	
2. Stykkishólmur	90 000	
3. Saurbær, Gilsfjörður	4 000	
4. Ólafsvík	11 000	
5. Króksfjarðarnes	5 000	
6. Patreksfjörður	67 000	
7. Gemlufall	36 000	
8. Laxárvatn	11 000	
9. Sauðárkrókur	22 000	
10. Aðaldalur	15 000	
11. Eskifjörður	1 000	
12. Fáskrúðsfjörður	1 000	
13. Seyðisfjörður	1 000	
14. Kópasker	5 000	
15. Raufarhöfn	5 000	
16. Brúarland, Þistilfjörður	5 000	
17. Smyrlabjargarárvirkjun	5 000	
18. Höfn í Hornafirði	8 000	
19. Vík í Mýrdal	8 000	
20. Hvolsvöllur	39 000	
21. Stokkseyri	2 000	
22. Þorlákshöfn	1 000	
23. Selfoss	1 000	
24. Njarðvík	29 000	
25. Korpa	25 000	
		402 000
1. Innanbæjarkerfi		250 000
2. Dísilstöðvar		24 000
3. Vélar og tæki		50 000
4. Meiri háttar viðhaldsverk		50 000
5. Endurgreiðsla bráðabirgðalána		212 000
		1 669 000
Heimtaugargjöld		34 000
		1 635 000
Rekstrarhalli 1975		105 000
		1 740 000
Erlend vörukaupalán		132 000
Önnur fjárþörf		1 608 000

		Þús. kr.
Norðurlína:		
Línur:		
Grundartangi — Andakíll, mæling	10 000	
Andakíll — Hrútafjörður, lúkning	14 000	
Hrútafjörður — Laxárvatn, lúkning	114 000	
Laxárvatn — Varmahlíð	185 000	
		323 000
Aðveitustöðvar:		
Vatnshamar, Borgarfirði	5 000	
Laxárvirkjun	5 000	
Akureyri	10 000	
		20 000
		343 000
Endurgreiðsla bráðabirgðalána		235 000
		578 000

13. Við 5. gr. 2 11 371 Orkusjóður.
a. Nýr liður:
1 90 Annað (hluti sölugjalds) 600 000
b. Fjármunahreyfingar verða á þessa leið:
Út:
3 10 Afborgun lána 301 315
3 20 Veitt lán 619 500
Inn:
4 10 Innheimtar afborganir 267 887
4 20 Tekin lán 150 000
4 50 Ráðstöfun eigin fjár 502 928

14. Við 6. gr. XXXIV. Nýr liður:
Að stofna til tímabundins yfirdráttar á aðalviðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum á árinu 1976 vegna árstíðabundinna sveiflna í fjármálum ríkisins.

Sþ. 244. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1976 og við brtt. á þskj. 242.

	Þús. kr.
I. Frá *Helga F. Seljan, Sighvati Björgvinssyni* og *Karvel Pálmasyni.*	
Við brtt. 242, 12. — Við 4. gr. 1 02 884 Til jöfnunar á námskostnaði.	
Fyrir „130 000“ kemur	180 000
Til vara:	
Fyrir „130 000“ kemur	150 000
II. Frá *Helga F. Seljan* og *Jónasi Árnasyni.*	
1. Við 4. gr. 1 02 982 06 Til Bandalags íslenskra leikfélaga.	
Fyrir „1 000“ kemur	1 300
2. Við 4. gr. 1 02 982 08 Leiklistarstarfsemi.	
Fyrir „8 200“ kemur	10 000
Þar af til Leikfélags Akureyrar 4 300 þús. kr.	

Þús. kr.

III. Frá *Garðari Sigurðssyni.*

1. Við 4. gr. 1 03 102 Varnarmáladeild.
   Liðurinn fellur niður.
2. Við 4. gr. 1 03 201 03 Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli.
   Fyrir „63 743“ kemur 33 743
3. Við 4. gr. 1 03 303 Sendiráðið í London.
   Liðurinn fellur niður.
4. Við 4. gr. 1 03 311 Sendiráð Íslands í Brüssel og fastanefnd Íslands hjá NATO.
   Liðurinn fellur niður.
5. Við 4. gr. 1 03 401 32 Tillag til Atlantshafsbandalagsins.
   Liðurinn fellur niður.

IV. Frá *Helga F. Seljan* og *Karvel Pálmasyni.*

Við 4. gr. 1 07 975 Styrktarsjóður vangefinna.
Fyrir „31 825“ kemur 35 000

Sþ. 245. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1976.

Frá: Axel Jónssyni, Ingvari Gíslasyni, Ragnari Arnalds, Magnúsi T. Ólafssyni, Sigurlaugu Bjarnadóttur, Eyjólfi K. Jónssyni, Gunnlaugi Finnssyni, Inga Tryggvasyni, Steinþór Gestssyni, Steingrími Hermannssyni, Ellert B. Schram, Þorv. Garðari Kristjánssyni og Svövu Jakobsdóttur.

Við 4. gr. 1 02 982 17 Heiðurslaun listamanna skv. ákvörðun Alþingis.
Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:
Heiðurslaun listamanna skv. ákvörðun Alþingis (02 982 17).

		Þús. kr.	
1.	Ásmundur Sveinsson	350	
2.	Finnur Jónsson	350	
3.	Guðmundur Daníelsson	350	
4.	Guðmundur G. Hagalín	350	
5.	Halldór Laxness	350	
6.	Indriði G. Þorsteinsson	350	
7.	Kristmann Guðmundsson	350	
8.	Ríkarður Jónsson	350	
9.	Snorri Hjartarson	350	
10.	Tómas Guðmundsson	350	
11.	Valur Gíslason	350	
12.	Þorvaldur Skúlason	350	
			4 200

Nd. 246. Frumvarp til laga [110. mál]

um aukatekjur ríkissjóðs.

(Eftir 2. umr. í Nd., 18. des.)

Samhljóða þskj. 135 með þessari breytingu:
20. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra skal með reglugerð ákveða gjöld fyrir hvers konar leyfisbréf, skírteini og skráningar, enda sé ákvörðun þess eigi falin öðrum ráðherra með lögum.

Á sama hátt skal fjármálaráðherra ákveða eftirtalin gjöld:

1. Gjöld fyrir afgreiðslu vöru- og mannflutningaskipa, er koma frá útlöndum, svo og gjöld fyrir að afgreiða útlend fiskiskip.
2. Gjöld fyrir löggildingu manna til starfa sem veitt eru samkvæmt heimild í lögum eða reglugerðum.
3. Gjöld fyrir borgaralega hjónavígslu.
4. Gjöld fyrir löggildingu verslunarbóka.
5. Gjöld fyrir löggildingu leiðarbóka eða véladagbóka.
6. Gjöld fyrir útnefningu matsmanna.
7. Gjöld fyrir embættisvottorð.
8. Gjöld fyrir lögskráningu skipshafna.
9. Ritlaun fyrir endurrit eða ljósrit er gefin eru út úr embættisbókum og skjalasöfnum.

Ed. 247. Frumvarp til laga [102. mál]

um heimild til erlendrar lántöku vegna opinberra framkvæmda á árinu 1976.

(Eftir 3. umr. í Nd., 18. des.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent lán að fjárhæð allt að 6 655 millj. kr., sem varið skal til framkvæmda í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1976.

2. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að endurlána Framkvæmdasjóði allt að 2 045 millj. kr. á árinu af lánsfé skv. 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 248. Nefndarálit [1. mál]

um framlög til flóabáta og fólks- og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samvinnunefnd samgöngumála hefur að venju fjallað um tillögur og umsóknir um ríkisframlög til flóabáta og vöruflutninga. Forstjóri Skipaútgerðar ríkisins hefur komið á fund nefndarinnar og veitt ýmsar upplýsingar. Hefur hann athugað rekstur og áætlanir flóabátanna á svipaðan hátt og undanfarin ár. Ársreikningar bátanna sýna, að rekstur þeirra gengur yfirleitt erfiðlega. Útgerðarkostnaður þeirra fer vaxandi við erfið skilyrði. S. l. vetur var óvenju snjóþungur. Segir það fljótt til sín í auknum útgjöldum og lakari rekstri. En þjónusta flóabátanna er mikilvæg og má ekki niður falla.

Allmargar umsóknir hafa borist til nefndarinnar, þar sem sótt er um fjárframlög til vetrarflutninga í snjóþungum byggðum. Nokkrir nýir aðilar hafa bæst í hópinn. Víða háttar svo til, að háir fjallvegir um heiðar og brattlendi eru einu landleiðirnar, sem um er að ræða milli afskekktra byggða og akvegakerfis landsins. Eftir slíkum leiðum er ekki farandi nema á traustum ökutækjum. Úthaldskostnaður þeirra er mikill. Ferðum er haldið uppi í hvaða veðri og færð sem er,

þegar aðkallandi vanda ber að höndum, svo sem slys eða veikindi. Þetta eru því hin mikilvægustu þjónustu- og öryggistæki í viðkomandi byggð.

Sannleikurinn er sá, að hin ýmsu farartæki á sjó og landi, sem keypt eru og notuð í framangreindu augnamiði, til bættrar þjónustu og aukins öryggis í hinum dreifðu byggðum landsins, berjast yfirleitt í bökkum fjárhagslega. Sum eiga við svo mikla erfiðleika að etja, að þau eru að þrotum komin. Nefndin hefur reynt að hlaupa undir bagga, þar sem brýnast er að hennar dómi. Æskilegt hefði verið að geta látið hærri fjárveitingar af hendi rakna í þessu skyni. Eins og nú horfir verður þó að sýna sérstakt aðhald og varfærni í meðferð ríkisfjár. Mun því mörgum umsækjanda þykja smátt skammtað af hálfu nefndarinnar að þessu sinni.

Norðurlandssamgöngur.

Norðurlandsbáturinn Drangur heldur uppi ferðum frá Akureyri til Eyjafjarðarhafna og Grímseyjar með svipuðu sniði og undanfarin ár. Hann flytur mjólk til Ólafsfjarðar og Siglufjarðar og fer reglubundnar ferðir til Hríseyjar og Grímseyjar. Hann virðist hafa haft næg verkefni að undanförnu. Skilmerkileg greinargerð hefur borist um starfsemi hans, svo og ársreikningar og áætlanir, svo sem vera ber. Lagt er til, að framlag til bátsins hækki um 1 millj. kr. — Lagt er til, að Hríseyjarbátur, sem fer milli Dalvíkur og Hríseyjar, fái nokkru hærri rekstrarstyrk en verið hefur, og auk þess stofnstyrk, jafnháan og á þessu ári. — Grímseyjarflug hlýtur styrk að fjárhæð 500 000 kr. — svo sem verið hefur. Veittur er styrkur til nokkurra snjóbifreiða í Norðlendingafjórðungi.

Austfjarðasamgöngur.

Nefndin leggur til, að Mjóafjarðarbátur fái nokkra hækkun, en það er eini báturinn, sem sækir um flóabátastyrk frá Austfjörðum. Á hinn bóginn eru allmargar snjóbifreiðar, sem annast vetrarferðir og flutninga eystra og veita gagnlega þjónustu. Þeim er yfirleitt veittur svipaður styrkur og verið hefur. Þó hefur sérstök áhersla verið lögð á að styrkja þá aðila, sem halda uppi ferðum um Fjarðarheiði, þar sem þeir hafa sýnt fram á mikinn hallarekstur, sem þeir telja sig ekki fá risið undir öllu lengur. Styrkur til þeirra var hækkaður verulega, enda talið, að Fjarðarheiði sé með allra erfiðustu fjallvegum landsins, en þó fjölfarin.

Suðurlandssamgöngur.

Vöruflutningar til hinna hafnlausu byggða í Vestur-Skaftafellssýslu eru styrktir á svipaðan hátt og verið hefur undanfarin ár.

Faxaflóasamgöngur.

Flóabáturinn Akraborg heldur uppi ferðum á hinni fjölförnu leið milli Akraness og Reykjavíkur. Hún er rekin af hf. Skallagrími. Frá því að hafnaraðstaða á Akranesi og í Reykjavík var bætt fyrir ferjuskipið, svo að hægt er að aka bifreiðum beint að og frá borði, hefur notagildi skipsins stóraukist. Verkefni þess voru oft mikil á því ári, sem nú er að líða. Stundum var ekki hægt að anna flutningsþörfinni, því að ýmsir kjósa heldur að láta flytja bifreið sína á skammri stundu milli Reykjavíkur og Akraness en að aka fyrir Hvalfjörð. Ekki er þó enn séð, hvernig rekstur þessi kemur út á ársgrundvelli. Leggur nefndin því til, að styrkur til hf. Skallagríms verði óbreyttur að sinni.

Breiðafjarðarsamgöngur.

Flóabáturinn Baldur á heimili og varnarþing í Stykkishólmi. Hann annast ferðir og flutninga á Breiðafjarðarhafnir. Fastar áætlunarferðir eru frá Stykkishólmi um

Flatey á Breiðafirði til Brjánslækjar á Barðaströnd. Farið er um Vestur-eyjar, Gilsfjörð og Hvammsfjörð. Þá heldur báturinn uppi ferðum til Reykjavíkur að staðaldri. Hagur bátsins er þröngur. Nefndin mælir með hækkaðri styrkveitingu til bátsins og leggur jafnframt til, að ráðstafanir verði gerðar til að greiða götu hans, svo að rekstri hans verði borgið í framtíðinni.

Vestfjarðasamgöngur.

Djúpbáturinn Fagranes annast ferðir um Ísafjarðardjúp og til kauptúna og kaupstaða í Ísafjarðarsýslum. Hann annast mjólkurflutninga á sínu farsvæði, m. a. úr Dýrafirði. Rekstur bátsins gengur mjög erfiðlega. Lagt er til, að styrkur til hans verði hækkaður, en auk þess gerðar ráðstafanir af opinberri hálfu til að bæta hag hans og rekstrargrundvöll. — Nokkrir styrkir eru veittir til snjóbifreiða og vetrarflutninga á Vestfjörðum.

Almenn ályktun.

Samvinnunefnd samgöngumála ítrekar ályktun sína frá fyrra ári um skjótari og nánari skilagrein frá umsækjendum til nefndarinnar. Telja nefndarmenn æskilegt og nauðsynlegt að láta kanna rekstur hinna ýmsu báta og farartækja nánar en nú var unnt að gera. Svofelld tillaga var samþykkt samhljóða:

„Samvinnunefnd samgöngumála ályktar að fara þess á leit við Framkvæmdastofnun ríkisins, að hún láti áætlanadeild sína athuga og gagnrýna reikninga flóabátanna, sérstaklega hvað varðar launagreiðslur og annan útgerðarkostnað. Enn fremur verði gerður samanburður á fargjöldum og farmgjöldum. Telur nefndin, að óviðunandi sé að taka ákvarðanir um svo háar fjárveitingar oftar án þess að glögglega sé gengið úr skugga um það, að þessu fé sé skynsamlega varið og að fjárveitingar séu bráðnauðsynlegar vegna viðkomandi byggðarlaga."

Að venju er það skilyrði sett fyrir því, að styrkur verði veittur og greiddur, að rekstri flóabátanna og annarra þeirra, er styrki hljóta, verði hagað þannig í samráði við ráðuneytið, að þjónustan við landsbyggðina verði í senn hagkvæm og örugg.

Einn eða fleiri nefndarmanna munu væntanlega undirrita þetta nefndarálit með fyrirvara, þar sem erfitt er að samræma skoðanir manna til fulls í þessum efnum. En heildartillaga nefndarinnar með hliðsjón af framansögðu er sú, að fjárveiting til flóabáta, snjóbifreiða, fólks- og vöruflutninga á árinu 1976 verði 82 830 000 kr. og skiptist sú fjárhæð eins og fram kemur á þskj. 265.

Alþingi, 18. des. 1975.

Friðjón Þórðarson, form. Nd.-nefndar, frsm.	Jón Helgason, form Ed.-nefndar.
Sigurlaug Bjarnadóttir, fundaskr., Nd.-nefndar.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr. Ed.-nefndar.
Sverrir Hermannsson.	Jón G. Sólnes.
Stefán Valgeirsson.	Bragi Sigurjónsson.
Garðar Sigurðsson.	Páll Pétursson.
	Stefán Jónsson.
	Steinþór Gestsson.
	Karvel Pálmason, með fyrirvara.

Nd. 249. Lög [94. mál]

um breyting á lögum nr. 41 frá 28. apríl 1967, um bátaábyrgðarfélög.

(Afgreidd frá Nd. 18. des.)

Samhljóða þskj. 110.

Nd. 250. Nefndarálit [126. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 79 frá 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt eins og það er komið frá Ed.
Gylfi Þ. Gíslason var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. des. 1975.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm.	Lárus Jónsson, fundaskr.	Tómas Árnason.
Þórarinn Þórarinsson.	Lúðvík Jósepsson, með fyrirvara.	Ey. Kon. Jónsson.

Nd. 251. Lög [95. mál]

um breyting á lögum nr. 47 frá 28. apríl 1967 um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

(Afgreidd frá Nd. 18. des.)

Samhljóða þskj. 111.

Nd. 252. Lög [130. mál]

um verðjöfnunargjald raforku.

(Afgreidd frá Nd. 18. des.)

Samhljóða þskj. 123.

Nd. 253. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, sbr. lög nr. 112/1972 og 62/1974.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og tryggingarnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og meiri hlutinn leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Minni hlutinn skilar séráliti.

Alþingi, 19. des. 1975.

Jón Skaftason, form.	Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr.	Ragnhildur Helgadóttir, frsm.

Guðmundur H. Garðarsson.

Nd. 254. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, sbr. lög nr. 112/1972 og 62/1974.

Frá minni hl. heilbrigðis- og tryggingarnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á einum stuttum fundi, og enginn tími hefur því gefist til nákvæmrar skoðunar á málinu. Meginstefna frv. er þó ljós, það er hækkun lyfja og sérfræðiþjónustu og ný skattlagning, sem farið er inn á eftir krókaleiðum. Hvorri tveggja þessara leiða erum við andvíg og leggjum því til að frv. verði fellt.

Alþingi, 19. des. 1975.

Vilborg Harðardóttir, frsm. Karvel Pálmason.

Nd. 255. Breytingartillögur [121. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, sbr. lög nr. 112/1972 og 62/1974.

Frá Vilborgu Harðardóttur, Karvel Pálmasyni, Gylfa Þ. Gíslasyni og Svövu Jakobsdóttur.

Við 1. gr.

a. Við 1. tölulið bætist:
Undanskildir þessum greiðslum skulu þeir, sem njóta tekjutryggingar almannatrygginga.

b. Við 2. tölulið bætist:
Undanskildir þessum greiðslum skulu þeir, sem njóta tekjutryggingar almannatrygginga.

c. Við 3. tölulið bætist:
Undanskildir þessum greiðslum skulu þeir, sem njóta tekjutryggingar almannatrygginga.

Ed. 256. Frumvarp til laga [123. mál]

um breyt. á lögum vegna nokkurra verkefna sveitarfélaga og kostnaðar við þau.

(Eftir 2. umr. í Ed., 18. des.)

Samhljóða þskj. 183 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:

5. gr. breytist þannig:

1. 1. tl. orðist svo:
Sveitarsjóður greiði árlega upphæð, sem svarar minnst kr. 150 fyrir hverja húsmóður í viðkomandi sveitarfélagi.

2. 2. tl. falli niður.

Ed. 257. Frumvarp til laga [105. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, sbr. lög nr. 7/1963, lög nr. 76/1967, lög nr. 10/1974 og lög nr. 85/1974.

(Eftir 3. umr. í Nd., 18. apríl.)

1. gr.

1. gr. laganna (sbr. 7. gr. laga nr. 10/1974) orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð söluskatt af innlendum viðskiptum og innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda eins og nánar er mælt fyrir um í lögum þessum.

Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði sveitarfélaga 8% — átta af hundaði — skatts þess sem um ræðir í 1. mgr.

Auk skatts þess, sem um ræðir í 1. mgr., skal greiða í ríkissjóð söluskattsauka og gilda ákvæði II. og IV. kafla laga þessara um söluskattsaukann.

2. gr.

Af andvirði seldrar vöru og verðmæta, endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu, úttekt til eigin nota og innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda skal greiða 18% — átján af hundraði — söluskatt og auk þess 1% — einn af hundraði — söluskattsauka eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.

Ed. 258. Breytingartillaga [89. mál]

við frv. til laga um sérstakt tímabundið vörugjald.

Frá Braga Sigurjónssyni og Ragnari Arnalds.

Aftan við 1. mgr. 4. gr. komi ný mgr., er hljóði svo:

Einnig er óheimilt að leggja heildsölu- og smásöluálagningu á hið sérstaka vörugjald.

Ed. 259. Nefndarálit [102. mál]

um frv. til l. um heimild til erlendrar lántöku vegna opinberra framkvæmda á árinu 1976.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þegar Alþingi fjallar um heimildir til erlendrar lántöku er óviðeigandi, að þingmönnum sé ætlað að taka afstöðu til málsins á grundvelli einnar samlagningartölu, án þess að prentaður sé á sérstöku fylgiskjali listi yfir þær framkvæmdir, sem um er að ræða. Í þessu tilviki verða þingmenn, sem vilja kynna sér, hvað hér er um að ræða, að grafa nauðsynlegar upplýsingar upp úr skýrslu ríkisstjórnarinnar um lánsfjáráætlun 1976 og tína þær til úr ýmsum áttum. Eru þetta óeðlileg vinnubrögð. Þær framkvæmdir, sem hin erlendu lán eru ætluð til, munu vera þessar (í millj. kr.):

Sveitarafvæðing	150	
Norðurlína	578	
Kröfluvirkjun:		
a. Stöðvarhús og vélar	1 694	
b. Borholur og aðveitukerfi	600	
c. Lína til Akureyrar og aðveitustöð	571	
Jarðboranir ríkisins	40	
		3 633
÷ 13 millj. af innlendu fé		13
		3 620

Vörukaupalán:		
a. Kröfluvirkjun	644	
b. Lína til Akureyrar	84	
c. Aðveitustöð á Akureyri	130	
d. Rafmagnsveitur ríkisins	132	
		990
Vegna lána Framkvæmdasjóðs til fjárfestingarsjóða atvinnuveganna		2 045
	Samtals	6 655

Eins og hér kemur fram, er megnið af þessum lánum ætlað til Framkvæmdasjóðs (2045 millj.) og Kröfluvirkjunar (4301 millj.), eða alls 6346 millj. kr.

Í tíð vinstri stjórnarinnar höfðu talsmenn Sjálfstæðisflokksins uppi mikil hróp að stjórninni vegna erlendrar lántöku. Töldu þeir, að miklar erlendar lántökur væru forkastanlegar, en því var svarað með því að benda á, að um væri að ræða framkvæmdir, sem ekki þyldu bið og ættu eftir að skila þjóðinni miklum arði.

Í árslok 1974 námu löng erlend lán 57.6 milljörðum króna miðað við gengið $ = 164.5. Á árinu 1975 er nettóaukning lána 13.1 milljarðar kr. og nú er ráðgert, m. a. með þessari lántökuheimild, að nettóaukning erlendra lána nemi 10.1 milljarði kr. á næsta ári. Á aðeins tveimur árum er því ætlunin að auka löng erlend lán um 40% undir stjórnarforustu Sjálfstæðisflokksins. Fátt afhjúpar betur skrum og áróðursblekkingar Sjálfstæðisflokksins í stjórnarandstöðu.

Í þessu frumvarpi er farið fram á heimild til erlendrar lántöku, sem nemur 6 655 millj. kr. Þótt hér sé um háa fjárhæð að ræða, virðist mér, að aðeins sé um að ræða nauðsynlegar og óhjákvæmilegar framkvæmdir. Þetta eru nær eingöngu raforkuframkvæmdir og lánveitingar til fjárfestingarsjóða atvinnuveganna, en lánsfjáröflun til Járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði, sem ég er eindregið andvígur, er hér ekki meðtalin. Að þessu athuguðu mun ég **ekki** standa gegn samþykkt þessa frumvarps.

Alþingi, 19. des. 1975.

Ragnar Arnalds.

Ed. 260. Lög [89. mál]

um sérstakt tímabundið vörugjald.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.)

Samhljóða þskj. 229 (sbr. 101).

Ed. 261. Lög [110. mál]

um aukatekjur ríkissjóðs.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.)

Samhljóða þskj. 246 (sbr. 135).

Ed. 262. Nefndarálit [105. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, sbr. l. nr. 7/1963, l. nr. 76/1967, l. nr. 10/1974 og l. nr. 85/1974.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Undirritaðir nefndarmenn mæla með samþykkt frumvarpsins. Minni hlutinn, Jón Árm. Héðinsson og Ragnar Arnalds, skila sérálitum. Albert Guðmundsson tekur ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. des. 1975.

Halldór Ásgrímsson, form. Jón Helgason, fundaskr. Axel Jónsson, frsm.

Jón G. Sólnes.

Ed. 263. Nefndarálit [105. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, sbr. lög nr. 7/1963, lög nr. 76/1967, lög nr. 10/1974 og lög nr. 85/1974.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Aðalefni frv. er hækkun á söluskatti, sem nemur 2 prósentustigum. Gert er ráð fyrir að tvö söluskattsstig til Viðlagasjóðs falli niður nú í lok desembermánaðar, og er þá ætlun ríkisstjórnarinnar að færa þá skattheimtu yfir til ríkissjóðs.

Tvö söluskattsstig nema á ári um 2500 millj. króna, og er því hér um að ræða aukna skattheimtu ríkissjóðs sem þeirri fjárhæð nemur. Það er skoðun okkar Alþýðubandalagsmanna, að nú hefði átt að nota tækifærið og lækka heildar-söluskattsinnheimtuna sem þessum 2 stigum nemur, fyrst upplýst er að ekki sé nauðsynlegt að halda áfram þessari tekjuöflun Viðlagasjóðs. Augljóst er að ríkissjóður hefði getað aflað sér tekna á annan hátt en þennan, m. a. með sjálfsögðum breytingum á tekjuskattslögum, þannig að fyrirtæki greiði miklu hærri gjöld en þau gera nú.

Þá hefði einnig verið réttmætt að falla frá fyrirhugaðri lækkun á tollum á vörum frá Efnahagsbandalagslöndum, en skv. fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir 800 milljón króna lækkun á tollatekjum ríkissjóðs á næsta ári vegna slíkrar tollalækkunar.

Lækkun á söluskatti um tvö prósentustig hefði vissulega komið sér vel eins og nú standa sakir í verðlagsmálum. En það er eins og jafnan áður, þegar á reynir, þá hefur ríkisstjórnin lítinn áhuga á lækkun verðlags, þó að hún tali mikið um hættulegar afleiðingar verðbólgu.

Ég mæli gegn því, að frv. þetta verði samþykkt.

Alþingi, 19. des. 1975.

Ragnar Arnalds.

Ed. 264. Nefndarálit [105. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, sbr. lög nr. 7/1963, lög nr. 76/1967, lög nr. 10/1974 og lög nr. 85/1974.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Meginefni þessa frv. er, að haldið skuli áfram að innheimta þau tvö söluskattsstig, sem runnið hafa í Viðlagasjóð, en falla áttu niður um næstu áramót, og skuli tekjurnar framvegis renna í ríkissjóð.

Þingflokkur Alþýðuflokksins hefur markað þá stefnu, að gagnger breyting sé orðin nauðsynleg og tímabær í skattheimtu ríkissjóðs. Hafa þingmenn flokksins flutt tillögu til þingsályktunar, þar sem þeirri stefnubreytingu, sem flokkurinn telur nauðsynlega, er lýst ítarlega og hún rökstudd. Kjarni hinnar nýju stefnu er sá, að ríkissjóður hætti að innheimta tekjuskatt af launatekjum. Rökin fyrir því eru fyrst og fremst þau, að tekjuskattur, í því formi sem hann er nú innheimtur, er í reynd orðinn að skatti á launamenn. Svo gróft félagslegt misrétti siglir nú í kjölfar tekjuskattsheimtunnar, að óviðunandi er. Allar tilraunir, sem gerðar hafa verið á undanförnum árum til þess að eyða þessu misrétti með breytingum á tekjuskattslöggjöfinni, hafa mistekist. Þingflokkur Alþýðuflokksins telur því, að eina leiðin til þess að koma í veg fyrir ranglæti það, sem launþegar hafa orðið fyrir í sambandi við tekjuskattsheimtuna, sé að afnema tekjuskatt af launatekjum algjörlega. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að áfram verði greiddur tekjuskattur af atvinnurekstri og jafnframt gerðar ýmsar breytingar á þeirri tekjuskattheimtu, í því skyni að tryggt verði, að tekjuskattsgreiðsla af atvinnurekstri verði réttlátari en hún hefur verið.

Verði tekjuskattur af launatekjum felldur niður, þarf að sjálfsögðu að bæta ríkissjóði þann tekjumissi, sem það hefði í för með sér, auk þess sem gera verði nokkrar breytingar á almannatryggingakerfinu og annarri þjónustu hins opinbera við láglaunafólk til þess að tryggja að skattkerfisbreytingin yrði ekki til þess að draga úr tekjuöflun í þjóðfélaginu, heldur öllu fremur til þess að auka hana. Meginskerfurinn til þess að bæta ríkissjóði tekjumissinn ætti að vera fólgin í því að halda áfram að innheimta þau tvö söluskattsstig, sem hingað til hafa runnið í Viðlagasjóð. Þegar fært þykir að hætta að innheimta það eina söluskattsstig, sem nú gengur til þess að draga úr áhrifum verðhækkunar á olíu, mætti einnig halda innheimtu þess áfram, þannig að söluskattur héldist 20%, eins og nú er. Að svo miklu leyti sem tekjur af þeim söluskattsstigum, sem nú eru tímabundin, nægði ekki til þess að bæta ríkissjóði tekjumissinn o gtil þess að standa straum af nokkurri aukinni þjónustu við láglaunafólk, hefur þingflokkur Alþýðuflokksins í greinargerð sinni fyrir þingsályktunartillögunni um afnám tekjuskatts af launatekjum gert grein fyrir því, hvernig afla mætti ríkissjóði nauðsynlegra tekna.

Þar eð þetta frv. gerir ráð fyrir því, að þau tvö söluskattsstig, sem undanfarið hafa gengið til Viðlagasjóðs, skuli framvegis renna í ríkissjóð til þess að mæta almennum útgjöldum hans, geta þingmenn Alþýðuflokksins **ekki** á það fallist og munu greiða atkvæði gegn því. Hins vegar eru þeir samþykkir því ákvæði frv., sem felst í 2. málsgr. 1. gr., að eðlilegt sé að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fái 8% — átta af hundraði — af innheimtum söluskatti.

Alþingi, 19. des. 1975.

Jón Árm. Héðinsson.

Sþ. **265. Breytingartillaga** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1976.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

		Þús. kr.
Við 4. gr. 1 10 321 03 Flóabátar og vöruflutningar.		
a. Fyrir „67 536“ kemur		82 830
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:		
Flóabátar og vöruflutningar (10 321 03).		
1. Norðurlandsbáturinn Drangur	13 200	
2. Til vetrarsamgangna í Árneshreppi	180	
3. Hríseyjarbátur	700	
Sami, stofnkostnaður	200	
4. Grímsey vegna flugferða	500	
5. Til snjóbifreiða í Dalvíkurlæknishéraði	200	
6. Mjóafjarðarbátur	900	
Sami, stofnkostnaður	50	
7. Snjóbifreið í Vopnafirði	200	
8. Snjóbifreið á Fjarðarheiði	2 500	
Sami, stofnkostnaður	500	
9. Snjóbifreið á Fagradal	270	
Sami, stofnstyrkur	250	
10. Snjóbifreið á Oddsskarði	900	
Sami, stofnkostnaður	200	
11. Snjóbifreið á Fljótsdalshéraði	170	
12. Snjóbifreið í Borgarfirði eystra	300	
13. Snjóbifreið í Stöðvarfirði, Egilsstaðaflugvöllur	250	
14. Til vöruflutninga á Suðurlandi	2 000	
15. Vestmannaeyjar v/mjólkurflutninga	1 300	
16. H. f. Skallagrímur	15 000	
17. Mýrabátur	30	
18. Til vetrarflutninga í Breiðavíkurhreppi	120	
19. Stykkishólmsbáturinn Baldur	21 000	
20. Langeyjarnesbátur	250	
21. Snjóbifreið í A.-Barðastrandarsýslu	180	
22. Til vetrarflutninga í V.-Barðastrandarsýslu	650	
23. Dýrafjarðarbátur	150	
24. Snjóbifreið um Botnsheiði	370	
25. Djúpbáturinn h. f. Fagranes	17 000	
Sami, v/mjólkurflutninga úr Dýrafirði	200	
26. Snjóbifreið í Þórshafnarhéraði	200	
27. Snjóbifreiðar á Akureyri	300	
Sami, stofnstyrkur	150	
28. Vetrarflutningar um Lónsheiði	400	
29. Snjóbifreið Axarfjörður — Kópasker	300	
30. Snjóbifreið á Hólmavík	220	
31. Snjóbifreið í Hálsahreppi, S.-Þing.	220	
32. Vetrarflutningar Skarðshr., Dölum	80	
33. Vetrarsamgöngur í Reykhóla- og Gufudalshr.	300	
34. Snjóbifreið, A.-Hún.	100	
35. Egilsstaðir, Seyðisfj. v/mjólkurflutninga	200	
36. Póst- og vöruflutningar á Jökuldal	100	
37. Vetrarferðir í Víkurumdæmi	100	
38. Vetrarferðir í Haukadal	60	

		Þús. kr.	
39.	Flugbjörgunarsveitin Akureyri	250	
40.	Snjóbifreið í Önundarfirði	100	
41.	Svínafell í Nesjum	30	
			82 830

Nd. 266. Breytingartillaga [121. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, sbr. lög nr. 112/1972 og 62/1974.

Frá Vilborgu Harðardóttur, Karvel Pálmasyni, Gylfa Þ. Gíslasyni og Svövu Jakobsdóttur.

Við 1. gr. Við tölulið 1, 2 og 3 bætist:

Þeir, sem njóta tekjutryggingar hjá almannatryggingum, greiði þó aðeins hálft gjald.

Nd. 267. Lög [126. mál]

um breyting á lögum nr. 79 frá 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar.

(Afgreidd frá Nd. 19. des.)

Samhljóða þskj. 204.

Nd. 268. Lög [121. mál]

um breytingar á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, sbr. lög nr. 112/1972 og 62/1974.

(Afgreidd frá Nd. 19. des.)

Samhljóða þskj. 175.

Ed. 269. Nefndarálit [102. mál]

um frv. til l. um heimild til erlendrar lántöku vegna opinberra framkvæmda á árinu 1976.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Meiri hluti nefndarinnar, undirritaðir nefndarmenn, leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Minni hlutinn skilar sérálíti.

Alþingi, 19. des. 1975.

Halldór Ásgrímsson, form. Jón Helgason, fundaskr. Jón G. Sólnes, frsm.

Albert Guðmundsson. Axel Jónsson.

Sþ. 270. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1976.

Frá Stefáni Jónssyni.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 1 02 232 04 Ylræktarverkefni í Hveragerði. Fyrir „3 000“ kemur	6 000
2. Við 4. gr. 1 07 981 15 Kaupmannasamtökin vegna hagræðingarstarfsemi. Liðurinn fellur niður.	

Nd. 271. Nefndarálit [97. mál]

um frv. til l. um kaupstaðarréttindi til handa Njarðvíkurhreppi.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir einróma með samþykkt þess.

Alþingi, 19. des. 1975.

Gunnlaugur Finnsson, form., frsm.	Ellert B. Schram, fundaskr.	Ólafur G. Einarsson.
Eðvarð Sigurðsson.	Magnús T. Ólafsson.	Stefán Valgeirsson.

Nd. 272. Nefndarálit [123. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum vegna nokkurra verkefna sveitarfélaga og kostnaðar við þau.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Til fundar við nefndina kom framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga og veitti ýmsar upplýsingar. Við meðferð málsins hefur félagsmálaráðherra lýst yfir að einstökum sveitarfélögum, sem kynnu að bíða fjárhagslegt tjón af ákvæðum þessara lagabreytinga, verði veitt aukaframlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, að fengnum tillögum stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga. Nefndin leggur áherslu á að reglur um úthlutun aukaframlaga úr Jöfnunarsjóði verði endurskoðaðar á yfirstandandi þingi.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við frv. bætist ný grein, er verði 19. gr., svo hljóðandi:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.

Alþingi, 19. des. 1975.

Gunnlaugur Finnsson, form., frsm.	Ellert B. Schram, fundaskr.	Ólafur G. Einarsson.
	Stefán Valgeirsson, með fyrirvara.	

Nd. 273. Nefndarálit [123. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum vegna nokkurra verkefna sveitarfélaga og kostnaðar við þau.

Frá minni hl. félagsmálanefndar.

Tilfærsla verkefna frá ríki til sveitarfélaga ásamt tekjustofnum til að standa undir þeim er flókið og vandasamt verkefni og þarf að vanda þar sérstaklega til undirbúnings ef vel á að fara.

Þetta frumvarp kemur fram rétt fyrir þinghlé og er knúið áfram með slíkum hraða að mjög skortir á að viðunandi tími gefist til athugunar á þeim atriðum sem þar er fjallað um. Þó hefur komið ótvírætt í ljós að á því eru svo miklir vankantar, að undirritaður minni hluti félagsmálanefndar telur sig verða að leggjast gegn því.

Varhugaverðast er að ekki er á nokkurn hátt tryggt að tekjutilfærslan, sem gert er ráð fyrir, skili sér þannig til sveitarfélaganna að fjármunirnir, sem um er að ræða, komi að gagni þeim verkefnum sem tiltekin eru. Að óbreyttum lögum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga er ljóst að ýmsum sveitarfélögum verða með samþykkt frumvarpsins bundnir baggar sem þau fá með engu móti risið undir.

Þar að auki er með frv. gert ráð fyrir að umturna nýlegri lagabreytingu um dagvistunarstofnanir og dvalarheimili aldraðra, sem orðið hefur til að auka mjög framkvæmdir á þessum sviðum, en nú er grundvelli framkvæmda eða rekstrar raskað í miðjum klíðum.

Viðhald skólamannvirkja er verkefni sem vel kemur til greina að fela sveitarstjórnum, en það leggst svo misjafnt á eftir því um hvaða skólagerð er að ræða og eftir aldri mannvirkja að óhugsandi er að höfðatöluregla á úthlutun fjár í þessu skyni geti séð fyrir þörfunum af nokkurri sanngirni.

Í heild er málið flaustурslega undirbúið og býður af þeim sökum heim meiri vanda en það getur leyst í núverandi mynd. Leggjum við því til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 19. des. 1975.

Magnús T. Ólafsson, frsm. Eðvarð Sigurðsson.

Sþ. 274. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1976 og við brtt. á þskj. 242 og 265.

		Þús. kr.
I.	Frá *Karvel Pálmasyni* og *Sighvati Björgvinssyni.* Við 4. gr. 1 02 306 Menntaskólinn á Ísafirði. Nýr liður: 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	20 000
II.	Frá *Helga F. Seljan* og *Lúðvík Jósepssyni.* Við brtt. 242, 10. — Við 4. gr. 1 02 803 Dagvistunarheimili. Nýr liður: Egilsstaðir	2 000
III.	Frá *Gils Guðmundssyni.* Við brtt. 242, 15. — Við 4. gr. 1 02 976 Menningarsjóður. Fyrir „14 154“ kemur	18 000
IV.	Frá *Karvel Pálmasyni* og *Sighvati Björgvinssyni.* Við 4. gr. 1 08 399 27 Sjúkraflug. Fyrir „2 500“ kemur	5 000

V. Frá *Karvel Pálmasyni* og *Sighvati Björgvinssyni.*
Við brtt. 265. — Við 4. gr. 1 10 321 03 Flóabátar og vöruflutningar 25. Djúpbáturinn hf. Fagranes.
Fyrir „17 000“ kemur 21 000

VI. Frá *Lúðvík Jósepssyni* og *Helga F. Seljan.*
Við brtt. 242, 60. — Við 5. gr. 2 10 471 Flugmálastjórn 330 Fjárfestingar.
a. Nýir liðir:
1. Vopnafjörður 5 000
2. Djúpivogur 3 000
b. Til annarra flugvalla, viðhalds og tækjakaupa.
Fyrir „32 000“ kemur 24 000

VII. Frá *Karvel Pálmasyni, Geir Gunnarssyni* og *Jóni Árm. Héðinssyni.*
Við 6. gr. XXXIV. Nýr liður:
Að heimila Hafnabótasjóði að taka lán allt að 50 millj. kr. til að létta greiðslubyrði hafnarsjóða af lánum samkvæmt reglum sjóðsins. Ráðherra skal gera tillögu til fjárveitinganefndar um skiptingu fjárins, og skal við skiptinguna hafa hliðsjón af tekjum og gjöldum hafnarsjóðs, framlagi sveitarfélags til hafnarsjóðs, fólksfjölda og öðrum þeim atriðum sem hafa áhrif á greiðslugetu hafnarsjóðsins.

VIII. Frá *Gils Guðmundssyni.*
Við 6. gr. XXXIV. Nýr liður:
Að greiða Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna jafnháa upphæð og íslendingar hafa þegið frá þeirri stofnun árið 1975.

Sþ. 275. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1976.

Þús. kr.

I. Frá *Benedikt Gröndal* og *Jóni Árm. Héðinssyni.*
Við 4. gr. 1 06 251 Landhelgisgæsla. Nýr liður:
10 Til sérstakrar frétta- og upplýsingaþjónustu í sambandi við útfærslu landhelginnar og baráttu við landhelgisbrjóta 15 000

II. Frá *Jóni Árm. Héðinssyni* og *Sighvati Björgvinssyni.*
Við 4. gr. 1 06 255 Umferðarráð. Nýr liður:
Til umferðarfræðslu fyrir aldrað fólk 1 000

III. Frá *Sighvati Björgvinssyni* og *Benedikt Gröndal.*
Við 4. gr. 1 07 999 Ýmis framlög.
1. Við 02 Barnaheimilið Sólheimar í Grímsnesi. Fyrir „65“ kemur .. 300
2. Við 03 Fávitahælið í Skálatúni. Fyrir „65“ kemur 300
3. Við 05 Geðverndarfélag Íslands. Fyrir „75“ kemur 350
4. Við 06 Tjaldanesheimilið. Fyrir „200“ kemur 400
5. Við 11 Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra. Fyrir „50“ kemur .. 100
6. Við 15 Styrktarfélag vangefinna. Fyrir „100“ kemur 300
7. Við 16 Styrktarfélag vangefinna, dagheimili. Fyrir „25“ kemur .. 100
8. Við 18 Til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra vegna sérnáms í stjórn og kennslu við leikskóla. Fyrir „50“ kemur 250
9. Við 21 Neytendasamtökin. Fyrir „450“ kemur 750

10. Við 28 Til umbúðasmíði vegna fatlaðra. Fyrir „80“ kemur 200
11. Við 29 Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra. Fyrir „200“ kemur 500
12. Við 37 Foreldrafélag fjölfatlaðra barna. Fyrir „300“ kemur 400

IV. Frá *Benedikt Gröndal* og *Sighvati Björgvinssyni.*
Við 6. gr. XXXIV. Nýir liðir:
1. Að lækka um allt að 10%, að fengnu samþykki fjárveitinganefndar, liðina „Önnur rekstrargjöld“ hjá aðilum, sem fjárlög fjalla um.
2. Að ákveða hærra birtingargjald fyrir auglýsingar í sjónvarpi, ef þær hafa að meginstofni verið framleiddar erlendis.
3. Að afla lánsfjár til þess að búa a. m. k. alla áætlunarflugvelli á landinu þeim tækjum, sem atvinnuflugmenn telja nauðsynleg fyrir öryggi farþegaflugs.
4. Að greiða 1‰ af rekstrarhagnaði Á.T.V.R. í sérstakan sjóð til að vinna gegn áfengisbölinu með nútíma áróðurstækni, undir stjórn þriggja manna, er ríkisstjórnin velur.
5. Að heimila Ríkisútvarpinu að taka upp í fjáröflunarskyni hljóðvarps- eða sjónvarpsbingó samkvæmt reglugerð, er menntamálaráðuneytið setur.
6. Að sameina heimildir, fjárveitingar og styrki ríkisstofnana til kvikmyndagerðar undir eina stjórn til að tryggja sem hagkvæmasta notkun fjármuna, og vinni slík stjórn að tillögugerð um íslenska kvikmyndastofnun.

Sþ. 276. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1976.

Þús. kr.

I. Frá *Svövu Jakobsdóttur, Gylfa Þ. Gíslasyni* og *Magnúsi T. Ólafssyni.*
Við 4. gr. 1 02 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.
Fyrir „807 500“ kemur 1 050 000

II. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 4. gr. 1 06 253 Almannavarnir.
0 20 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „2 214“ kemur 3 714
2. Við 4. gr. 1 08 399 27 Sjúkraflug.
Fyrir „2 500“ kemur 3 500
3. Við 6. gr. XXXIV. Nýir liðir:
a. Að ábyrgjast allt að 120 millj. kr. lán fyrir Dvalarheimili aldraðra sjómanna í Reykjavík.
b. Að ábyrgjast allt að 600 millj. kr. lán fyrir Lánasjóð námsmanna.

Nd. 277. Frumvarp til laga [123. mál]

um breyt. á lögum vegna nokkurra verkefna sveitarfélaga og kostnaðar við þau.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. des.)

Samhljóða þskj. 183 með þessari breytingu:
3. gr. hljóðar svo:

5. gr. breytist þannig:

1. 1. tl. orðist svo:
   Sveitarsjóður greiði árlega upphæð, sem svarar minnst kr. 150 fyrir hverja húsmóður í viðkomandi sveitarfélagi.
2. 2. tl. falli niður.

Ný gr. á eftir 18. gr., verður 19. gr., hljóðar svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.

Sþ. 278. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1976.

	Þús. kr.
I. Frá *Lúðvík Jósepssyni.*	
1. Við 4. gr. 1 02 516 Iðnskólar 8.	
Neskaupstaður.	
Fyrir „500“ kemur	5 000
2. Við 4. gr. 1 02 972 Ríkisútvarp, sjónvarp, aðflutningsgjöld.	
Fyrir „33 000“ kemur	63 000
Í B-hluta orðist liðurinn fjárfesting svo:	
Fjárfesting	60 000
þar af til umbóta á dreifikerfi 50 millj. kr. Fjárveitinganefnd skipti fjárhæðinni milli einstakra framkvæmda.	
II. Frá *Sighvati Björgvinssyni* og *Helga F. Seljan.*	
Við 4. gr. 1 07 999. Nýr liður:	
40 Íslenska bindindisfélagið vegna námskeiðahalds fyrir reykingamenn	1 000
III. Frá *Lúðvík Jósepssyni.*	
Við 4. gr. 1 08 381 03 Bygging sjúkrahúsa o. fl. Nýr liður (læknisbústaður):	
Neskaupstaður	4 000
IV. Frá *Sighvati Björgvinssyni* og *Karvel Pálmasyni.*	
Við 4. gr. 1 10 333 04 Ferjubryggjur.	
a. Fyrir „9 500“ kemur	12 000
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:	
1. Flatey á Breiðafirði 7 000	
2. Vigur 2 000	
3. Svefneyjar 1 000	
4. Brjánslækur á Barðaströnd 2 000	
	12 000
V. Frá *Sighvati Björgvinssyni, Karvel Pálmasyni, Steingrimi Hermannssyni* og *Sigurlaugu Bjarnadóttur.*	
Við 6. gr. XXXIV. Nýr liður:	
Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af snjótroðara fyrir Íþróttabandalag Ísfirðinga.	

Nd. 279. Nefndarálit [53. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins, nr. 30 12. maí 1970.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir einróma með samþykkt þess. Jóhann Hafstein var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. des. 1975.

Gunnlaugur Finnsson, form., frsm.	Ellert B. Schram, fundaskr.	Ólafur G. Einarsson.
Eðvarð Sigurðsson.	Stefán Valgeirsson.	Magnús T. Ólafsson.

Nd. 280. Nefndarálit [106. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins, nr. 30 12. maí 1970.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt. Fjarstaddir voru Magnús T. Ólafsson, Eðvarð Sigurðsson og Jóhann Hafstein.

Alþingi, 19. des. 1975.

Gunnlaugur Finnsson, form., frsm.	Ellert B. Schram, fundaskr.	Ólafur G. Einarsson.
	Stefán Valgeirsson.	

Ed. 281. Lög [130. mál]

Styrelsens og revisorernes beretninger skal senest den 1. oktober året efter virksomhedsåret/regnskabsåret afgives til Ministerrådet og til Nordisk Råd. Beslutning om godkendelse af regnskabet og om bevilling af ansvarsfrihed for styrelsen træffes af Nordisk Råd.

Lokaákvæði.

17. gr.

Samning þennan skal fullgilda og senda fullgildingarskjöl hið fyrsta til varðveislu í utanríkisráðuneyti Danmerkur.

Samningurinn tekur gildi fyrsta dag þess mánaðar, sem næstur hefst eftir þann dag, er fullgildingarskjöl allra samningsaðila hafa borist.

18. gr.

Vilji einhver samningsaðila segja samningnum upp, skal skrifleg tilkynning um það send dönsku ríkisstjórninni, er þegar í stað skal tilkynna þetta hinum samningsaðilunum og hvaða dag uppsagnartilkynningin hafi borist.

Samningurinn fellur úr gildi frá og með byrjun þess almanaksárs, sem næst hefst eftir uppsögnina, hafi uppsagnartilkynningin borist dönsku ríkisstjórninni eigi síðar en 30. júní, en að öðrum kosti frá byrjun næsta almanaksárs þar á eftir.

Þegar samningurinn er fallinn úr gildi, skal skipta eignum sjóðsins og skuldum milli samningsaðila í samræmi við þá skiptireglu, sem gildir um framlög til hinnar norrænu fjárhagsáætlunar um samstarf á sviði menningarmála.

Samningurinn skal varðveittur í utanríkisráðuneyti Danmerkur, og danska utanríkisráðuneytið skal senda hverjum samningsaðila staðfest afrit.

Til staðfestingar þessu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess höfðu umboð, undirritað þennan samning.

Gert í Stokkhólmi hinn tólfta júní nítján hundruð sjötíu og fimm í einu eintaki á dönsku.

Ritt Bjerregaard
Marjatta Väänänen.
Birgir Thorlacius.
Bertil Zachrisson.
Bjartmar Gjerde.

Slutbestemmelser.

Artikel 17

Denne overenskomst skal ratificeres og ratifikationsinstrumenterne skal snarest muligt deponeres i udenrigsministeriet i Danmark.

Overenskomsten træder i kraft den første i den måned, som begynder nærmest efter den dag, da samtlige parters ratifikationsinstrumenter er deponeret.

Artikel 18

Ønsker nogen af de kontraherende parter at opsige overenskomsten, skal skriftlig meddelse herom tilstilles den danske regering, som umiddelbart herefter skal underrette de øvrige kontraherende parter herom. samt om datoen for meddelelsens modtagelse.

Overenskomsten ophører at gælde fra og med den første dag i det kalenderår, som følger efter opsigelsen, såfremt meddelelse om opsigelsen er indgået til den danske regering senest den 30. juni og ellers fra den første dag i det næstfølgende kalenderår.

Når overenskomsten er ophørt at gælde, skal fondens aktiver og passiver fordeles mellem de kontraherende parter i overensstemmelse med den fordelingsnøgle, som gælder for finansieringen af det nordiske kulturbudget.

Overenskomsten skal være deponeret i udenrigsministeriet i Danmark, og bekræftede afskrifter skal af det danske udenrigsministerium tilstilles hver af de konstraherende parter.

Til bekræftelse heraf har undertegnede befuldmægtigede repræsentanter undertegnet denne overenskomst.

Udfærdiget i Stockholm i ét eksemplar på dansk, den tolvte juni nittenhundrede og femoghalvfjerds.

Ritt Bjerregaard.
Marjatta Väänänen.
Birgir Thorlacius.
Bertil Zachrisson.
Bjartmar Gjerde.

Sþ. 294. Tillaga til þingsályktunar [134. mál]

um endurvinnsluiðnað.

Flm.: Ingólfur Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara ítarlega athugun á því, hvort endurvinnsluiðnaður í ýmsum greinum gæti orðið arðvænlegur hér á landi, dregið úr gjaldeyriseyðslu og veitt mörgum örugga atvinnu.

Greinargerð.

Með tillögu þessari er leitast við að vekja athygli á mikilsverðu atriði í þjóðlífinu sem gæti haft efnahagslega þýðingu hér á landi ekki síður en í öðrum þjóðlöndum.

Íslendingar ættu að þekkja sögu þjóðarinnar frá þeim tíma þegar skortur var á brýnustu nauðsynjum, þegar menn höfðu ekki pappír til þess að skrifa á og járn fékkst ekki í öngla eða snæri í færi. Þá lá oft við hallæri í landinu. Um það leyti voru íslendingar hirðusamir og nýtnir á þau verðmæti sem hugsanlega voru nokkurs virði. Eftir að þjóðin komst úr fátækt til bjargálna hefur minna verið lagt upp úr þessum fornu dyggðum. Miklum verðmætum er kastað á hauga í byggðum og óbyggðum til óprýði og leiðinda fyrir alla sem hafa augu opin og kunna að meta snyrtilega og góða umgengni.

Hér á landi fellur mikið til af afgöngum og alls konar úrgangi sem mætti nýta. Í heiminum er að verða skortur á ýmsum undirstöðuefnum. Í kjölfar þess hefur komið ört hækkandi verðlag sem valdið hefur mikilli röskun og erfiðleikum. Augu manna í mörgum löndum hafa opnast fyrir nauðsyn þess að nýta hvers konar úrgang sem til fellur, svo sem brotajárn, pappír, við, gúm, plast og ýmis önnur gerviefni. Um leið og endurvinnsla úrgangsefna getur orðið mikilsvert fjárhags- og atvinnumál er það einnig þýðingarmikið náttúruverndar- og umhverfismál. Í landi allsnægtanna, Svíþjóð, og víðar er margs konar endurvinnsluiðnaður kominn á hátt stig. Má m. a. nefna pappír, brotajárn, gúm o. fl. Það virðist vera sjálfsagt að íslendingar tileinki sér þessa stefnu sem hefur rutt sér til rúms hjá öðrum menningarþjóðum.

Íslendingar eru fátækir af hráefnum til iðnaðar. Það liggur í augum uppi, að hér á landi muni endurvinnsluiðnaður gegna margþættu hlutverki, m. a. spara erlendan gjaldeyri, auka atvinnumöguleika fjölda fólks og hreinsa umhverfið og náttúruna af hvers konar rusli og drasli, úrgangs- og afgangsefnum.

Þótt markaður sé ekki stór hér á landi er líklegt að endurvinnsla úrgangsefna gæti borgað sig beinlínis, auk þess óbeina hagræðis sem af endurvinnslunni leiðir. Hér fellur mikið til af pappír, svo sem dagblöð o. fl., brotajárn, gúm, gler og í seinni tíð allmikið af plasti o. fl. gerviefnum. Úrgangsefni skipta mörg hundruð tonnum árlega. Verði endurvinnsluiðnaður upp tekinn hérlendis gæti það e. t. v. talist til stóriðnaðar á íslenskan mælikvarða. Öll þessi efni eru upphaflega flutt inn í landið fyrir dýrmætan gjaldeyri. Íslendingar ættu því fremur en aðrar þjóðir, sem hafa efnin í landinu, að leggja kapp á fullvinnslu úrgangsefna til iðnaðar.

Nauðsynlegt er að rannsaka til hlítar það sem hér hefur verið drepið á. Safna þarf skýrslum um það sem árlega fellur til af þeim efnum sem helst koma til greina í endurvinnslu. Gera þarf áætlun um stofn- og rekstrarkostnað fyrir endurvinnsluverksmiðjur og gera sér fulla grein fyrir því, hvaða vonir má binda við þennan nýja iðnað.

Með tillögu þeirri til þingsályktunar, sem hér um ræðir, er lagt til að ríkisstjórnin láti fram fara ítarlega athugun á því, hvort tiltækilegt sé að hefja endurvinnsluiðnað hér á landi. Virðist vera eðlilegast að fela Iðnþróunarstofnun Íslands að framkvæma umrædda athugun, fremur en að skipa sérstaka nefnd í því skyni.

Nánar verður gerð grein fyrir tillögunni í framsögu.

Sþ. **295. Tillaga til þingsályktunar** [135. mál]

um fiskileit og tilraunaveiðar.

Flm.: Tómas Árnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að hún beiti sér fyrir því, að skipuleg leit verði gerð á kolmunna og spærlingi á þessu ári. Veiðiskip verði tekið á leigu í þessu skyni og hefji það jafnframt tilraunaveiðar. Enn fremur verði hert á leit og tilraunaveiðum á loðnu síðari hluta sumars og næsta haust.

Greinargerð.

Miklar umræður fara nú fram um nýtingu íslenskra fiskstofna, stærð fiskiflotans og hvernig hagkvæmast sé að beita honum til veiða. Það er því tímabært að huga meira en gert hefur verið að fisktegundum, sem ekki eru fullnýttar.

Loðnuveiðar íslendinga hófust ekki að ráði fyrr en um og eftir 1965. Það var raunar ekki fyrr en skipuleg loðnuleit hófst sem veiðarnar jukust til mikilla muna. Síðast liðin tvö ár hefur loðnuaflinn verið á fimmta hundrað þús. tonn. Hins vegar er talið að stofninn þoli a. m. k. 600—800 þús. tonna afla. Á skammri loðnuvertíð hefur afkastageta í landi hamlað meiri veiðum. Talið er mögulegt að lengja loðnuúthaldið með veiðum síðla sumars og fram á haust.

Spærlingur hefur nokkuð verið veiddur hér við land, en þó alls ekki í þeim mæli sem talið er að stofninn þoli, sem mun vera 60—70 þús. tonn á ári hverju.

Spærlingurinn, sem er mjög smár fiskur, er eingöngu veiddur til bræðslu. Þess er þó að vænta, að unnt muni reynast að hagnýta hann til manneldis.

Kolmunninn er þorskfiskur á stærð við síld og einn stærsti fiskstofn í Norður-Atlantshafi.

Hrygningarstöðvar kolmunnans eru einkum við djúpkantinn vestur af Íslands- og Skotlandsströndum. Þó er talið hugsanlegt að hluti stofnsins hrygni nær Íslandi og þá sennilega út af suðaustur- og suðurströndinni. Veiðar þessa fisks hafa farið vaxandi á seinni árum og er þegar hafin vélflökun á kolmunna og framleiddur úr honum frystur marningur. Íslendingar hafa veitt svolítið af kolmunna, en alls ekki leitað nægilega að honum né gert nægar tilraunir til veiða. Talið er líklegt að bjóða megi stofninum hér í grennd við landið a. m. k. 100 þús. tonna veiðar á ári. Þó vita menn hvergi nærri nóg um þennan fisk. Svo er raunar um fleiri fiska.

Á þessari loðnuvertíð er talið að allt að 120 skipum verði haldið til veiða. Ætla má að meðalaldur þeirra sé eitthvað yfir 10 ár.

Það er ástæða til að ætla að möguleikar væru á að beita þessari gerð skipa til nóta- og vörpuveiða allt árið um kring.

Þau hefja loðnuveiðar upp úr áramótum og fram á vor. Síðan koma til síldveiðar í Norðursjó, spærlingsveiðar við austur- og suðurströndina og e. t. v. suðaustur í hafi. Enn fremur kolmunnaveiðar á svipuðum slóðum. Þá loðnuveiðar síðla sumars og fram á haust. Og svo að lokum síldveiðar við suðurströndina.

Sþ. 296. Fyrirspurn [136. mál]

til samgönguráðherra um símaþjónustu o. fl.

Frá Eyjólfi K. Jónssyni.

1. Hvernig verður símaþjónustu í strjálbýlinu háttað við áframhaldandi dreifingu sjálfvirka kerfisins?
2. Hvenær verður neyðarþjónustu síma komið á í Skagafirði?
3. Hvenær má gera ráð fyrir stækkun sjálfvirku stöðvanna á Siglufirði og Sauðárkróki?
4. Hvenær má vænta úrbóta hlustunarskilyrða útvarps í Skagafirði?

Sþ. 297. Tillaga til þingsályktunar [137. mál]

um sykurhreinsunarstöð í Hveragerði.

Flm.: Þórarinn Sigurjónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara könnun á hagnýtu gildi þeirra hugmynda sem upp hafa komið um sykurhreinsunarstöð í Hveragerði.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en ekki vannst tími til að ræða hana þá. Er hún því endurflutt nú.

Nú eins og oft áður hefur verið mikið rætt um sykurkaup landsmanna, sem ekki er óeðlilegt, því að þau hafa verið mjög mikil, eða sem næst 50 kg á ári að meðaltali á hvern íbúa landsins.

Allt þetta magn er flutt til landsins fullhreinsað frá öðrum löndum og greitt með verðmætum gjaldeyri. En heildarmagnið, sem til landsins er flutt, mun vera 10 til 11 þúsund tonn árlega.

Á undanförnum árum hefur Hinrik Guðmundsson verkfræðingur gert athuganir á hagkvæmni þess að reisa og reka sykurhreinsunarstöð hér á landi, t. d. í Hveragerði. Reiknar hann með, að stofnkostnaður stöðvar fyrir innlenda neyslu mundi á núgildandi verðlagi nema rúmum 1000 millj. kr. og að gjaldeyrissparnaður við að flytja sykurinn inn í landið óhreinsaðan mundi nema um 150 millj. kr. á ári.

Gert er ráð fyrir að flytja hrásykurinn með skipum lausan í lest til landsins og hreinsa hann með gufu frá jarðvarma. Mun þurfa um 35 þús. tonn af jarðgufu á ári til þess að hreinsa þetta magn, en af henni er nóg til í Hveragerði. Það ásamt fleiru bendir til, að Hveragerði sé heppilegur staður fyrir slíka verksmiðju.

Gert er ráð fyrir, að 60 manns vinni við slíkt fyrirtæki, og líkur eru til samkvæmt athugunum, að sparnaður af rekstri slíkrar stöðvar, miðað við verðlag á sykri fluttum inn hreinsuðum, gæti orðið 90 til 100 millj. kr. á ári.

En til þess að svo geti orðið þarf sykurhreinsunarstöðin að njóta innanlandsmarkaðarins.

Telja verður eðlilegt, að nú þegar verði gaumgæfilega athugað, hvort ekki sé hagkvæmt að reisa slíka stöð hér á landi.

Nd. 298. Frumvarp til laga [138. mál]

um breyting á lögum nr. 46/1973 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—1976.)

1. gr.

Frestur sá, sem um ræðir í 16. gr. laga nr. 46/1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. 1. gr. laga nr. 90/1975, um breyting á þeim lögum, breytist þannig, að Kjaradómur hafi lokið dómsorði á ágreiningsefni eigi síðar en 15. mars 1976.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er ríkissáttasemjara heimilt, ef annar hvor aðili óskar þess, að leita sátta milli aðila allt til 7. mars 1976.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er leitað eftir heimild Alþingis til að framlengja frest skv. 16. gr. laga nr. 46/1973, sbr. 1. gr. laga nr. 90/1975, enn um einn mánuð, til þess að betri tími gefist til þess að ná samkomulagi í yfirstandandi deilumálum milli fjármálaráðherra og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Jafnframt er ríkissáttasemjara veitt heimild til að leita sátta milli aðila til 7. mars 1976, ef annar hvor aðili óskar þess.

Með lögum nr. 90/1975 var þágildandi frestur framlengdur um einn mánuð. Ástæðan fyrir frestunarbeiðni þessari nú er sú, að aðilar eru sammála um að reyna til þrautar að ná samkomulagi, en sá tími, sem nú er eftir til ráðstöfunar af gildandi fresti, er fyrirsjáanlega of skammur.

Sþ. 299. Tillaga til þingsályktunar [139. mál]

um sérstaka athugun á eflingu iðnaðar í tengslum við framkvæmdaáætlun fyrir Norðurlandskjördæmi vestra.

Flm.: Pálmi Jónsson, Eyjólfur K. Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að í tengslum við framkvæmdaáætlun Norðurlandskjördæmis vestra verði sérstaklega gerð ítarleg athugun á þróunarmöguleikum iðnaðarins í ljósi nýrra viðhorfa í orkumálum kjördæmisins.

Athugun þessi, sem gangi fyrir öðrum þáttum áætlunarinnar, verði unnin af Framkvæmdastofnun ríkisins í nánu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og stofnanir iðnaðarins. Skýrsla um niðurstöður verði birt þegar að athugun lokinni. Skal þar m. a. koma fram:

1. Ástand og framþróunarmöguleikar hinna ýmsu iðnfyrirtækja sem nú eru starfandi, þ. á m. fiskiðnaðarins.
2. Uppbygging nýrra fyrirtækja, þ. á m. fyrir orkufrekan iðnað af heppilegri stærð við hæfi heimamanna.
3. Fjármögnunarleiðir.

Greinargerð.

Hinn 2. maí 1972 var samþykkt á Alþingi þingsályktun um sérstaka framkvæmdaáætlun fyrir Norðurlandskjördæmi vestra. Á þeim tíma, sem síðan er liðinn, hefur heldur lítið um þessa áætlun heyrst. Þó hefur verið unnið að undirbúningi hennar af og til af hálfu Framkvæmdastofnunar ríkisins, og nú að undanförnu hefur sérstakur starfsmaður þeirrar stofnunar sinnt nokkuð þessu verki. Mun nú vera í burðarliðnum fyrsti hluti áætlunarinnar, sem er eins konar skýrsla um atvinnuhætti, afkomu fólksins og búsetuþróun í kjördæminu. Verður þar vafalaust margvíslegan fróðleik að finna, bæði í sögulegum efnum og að því er tekur til nútíðar.

Sú tillaga, sem hér er flutt, gerir ráð fyrir því, að nú verði hafin í tengslum við framkvæmdaáætlun fyrir Norðurlandskjördæmi vestra sérstök og ítarleg athugun á iðnaði og iðnþróunarmöguleikum í kjördæminu. Að sumu leyti má telja að hér sé um að ræða eins konar röðun verkefna innan þess ramma sem ályktun Alþingis frá 2. maí 1972 markar. Það er ekki óeðlilegt, þar sem sá rammi er ákaflega víður og rúmar framkvæmdir á vegum einstaklinga, fyrirtækja og opinberra aðila, auk starfsemi atvinnuvega, félagslegra málefna og samgangna. Fyrsti kapítulinn innan þessa ramma verði því iðnþróunaráætlun.

Tilefni þessarar þingsályktunartillögu er þó mun skýrara og mikilvægara en hér hefur verið rakið. Með yfirlýsingu iðnaðarráðherra um, að hann hyggist beita sér fyrir setningu laga um heimild til virkjunar Blöndu og síðan að í framkvæmdir verði ráðist, hafa opnast gjörsamlega ný viðhorf í orkumálum kjördæmisins.

Allir vita að iðnfyrirtæki spretta ekki upp án orku, og telja verður að orkuskorturinn hafi á undanförnum árum haft mjög lamandi áhrif á uppbyggingu iðnaðar í kjördæminu, auk þess sem allar stórbreytingar í þeim efnum hafa í raun verið útilokaðar. Með 135 MW virkjun Blöndu, sem vonandi tekur til starfa á fyrri hluta næsta áratugs, er öllum orkuskorti vitaskuld rutt úr vegi, bæði að því er snertir atvinnurekstur og daglegt líf fólksins í þessum landshluta, og meira en það, mikinn undirbúning og forsjálni þarf að viðhafa svo þessari miklu orku verði komið í lóg. Þeim viðhorfum þarf því að mæta tímanlega og á réttan hátt.

Á fjölmennum fundi áhugamanna um virkjun Blöndu, sem haldinn var á Blönduósi 17. jan. s. l., kom glöggt fram hinn sterki áhugi fundarmanna úr báðum Húnavatnssýslum fyrir því að nýta orku frá Blönduvirkjun svo sem kostur er í þágu kjördæmisins og þá fyrst og fremst til iðnaðaruppbyggingar. Í ályktun fundarins segir m. a. á þessa lund:

„Fundurinn leggur á það höfuðáherslu, að orka Blönduvirkjunar verði notuð til alhliða iðnaðaruppbyggingar smærri og stærri þéttbýlisstaða Norðurlands vestra, og skorar á sveitarstjórnir þeirra að hefja nú þegar samstarf til þess að koma upp orkufrekum iðnaði af viðráðanlegri stærð í þessum sveitarfélögum, í samvinnu og samráði við þingmenn kjördæmisins, Framkvæmdastofnun ríkisins og stofnanir iðnaðarins."

Ályktanir í svipuðum anda hafa borist frá nokkrum sveitarstjórnum í kjördæminu.

Höfuðatriði er að hefja þegar undirbúning að því, að atvinnurekstur í kjördæminu sjálfu geti nýtt sem allra mest af þeirri orku sem verður á boðstólum þegar virkjunin tekur til starfa. Það gerist ekki án þess að hugsað sé fyrir því í tíma, og það er meginorsök þess að þessi þingsályktunartillaga er flutt.

Í Norðurlandskjördæmi vestra er þegar um verulegan iðnað að ræða. Fiskiðnaðurinn hefur farið vaxandi á undanförnum árum og byggingariðnaður og þjónustuiðnaður ýmiss konar hefur dafnað sæmilega. Margt er þó ógert í sambandi við þessa þætti iðnaðarins. Á hinn bóginn er framleiðsluiðnaður miklu minni og veikari en efni standa til. Á sú staðreynd vafalaust drýgsta þáttinn í því, að íbúatala kjör-

dæmisins hefur staðið nálega óbreytt í 35 ár og sem svarar eðlilegri fólksfjölgun hefur flust brott til annarra landshluta. Án efa eru verkefnin nærtækust í stóreflingu framleiðsluiðnaðar ýmiss konar, og um leið eru þar mestir möguleikar til nýtingar á mikilli orku, enda þótt tillagan geri ráð fyrir sérstakri athugun allra þátta iðnaðarins. Af framleiðslugreinum má t. d. nefna stórfellda aukningu matvælaiðnaðarins, sem sýnist vera brýnt verkefni, auk þess sem gefa þarf sérstakan gaum að ýmiss konar orkufrekum iðnaði af þeirri stærð sem hentað gæti heimamönnum sem víðast í landshlutanum.

Hin nýju viðhorf í orkumálum Norðurlands vestra hafa stóraukið bjartsýni fólksins þar um slóðir. Þessari bjartsýni þarf að mæta með stuðningi hins opinbera við að undirbúa það, að höndluð verði þau stórkostlegu tækifæri sem bjóðast með virkjun Blöndu. Þáttur í þeim stuðningi er sá undirbúningur iðnþróunar sem tillaga þessi greinir.

Ed. 300. Lög [138. mál]

um breyting á lögum nr. 46/1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

(Afgreidd frá Ed. 28. jan.)

Samhljóða þskj. 298.

Nd. 301. Frumvarp til laga [140. mál]

um Lífeyrissjóð Íslands.

Flm.: Guðmundur H. Garðarsson.

I. KAFLI
Skipulag og stjórn.

1. gr.

Lífeyrissjóður Íslands er sameiginlegur tryggingarsjóður landsmanna. Hlutverk hans er að annast lífeyristryggingar samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Stjórn Lífeyrissjóðs Íslands skipa níu manns og jafnmargir til vara. Skal stjórnin kosin á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar.

Ráðherra skipar formann og varaformann stjórnar. Stjórnin kýs sér ritara.

3. gr.

Stjórnin ræður forstjóra, tryggingarlækni, tryggingarfræðing og aðra sérhæfða starfsmenn í samræmi við þarfir sjóðsins.

4. gr.

Stjórnin skal hafa eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi sjóðsins og gæta þess, að hann starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma.

Rísi ágreiningur um bætur, úrskurðar stjórnin í málinu. Heimilt er að áfrýja úrskurði til tryggingardóms.

Stjórnin skal leita samþykkis tryggingarráðs, skv. 5. gr., fyrir eftirfarandi:

a) Ákvörðun um iðgjaldaprósentu.
b) Árlegri fjárhagsáætlun sjóðsins.
c) Ársreikningum.
d) Öðrum atriðum er varða framkvæmd þessara laga.

Ákvarðanir tryggingarráðs ber að leggja fyrir tryggingarráðherra til staðfestingar.

Rísi upp alvarlegur ágreiningur innan tryggingarráðs um iðgjaldaprósentu ber að vísa þeim ágreiningi þegar í stað til ráðherra, er hefur endanlegt úrskurðarvald í þessum efnum.

5. gr.

Sérstakt tryggingarráð skipað 27 manns skal starfa við hlið stjórnar Lífeyrissjóðs Íslands. Skal ráðið vera stjórn sjóðsins til ráðuneytis í þeim þáttum tryggingarmála, er lög þessi ná til, sbr. ákvæði 4. gr. þessara laga.

6. gr.

Tryggingarráð skal skipað sem hér segir:

a) Stjórn Lífeyrissjóðs Íslands.
b) Fulltrúum eftirfarandi samtaka samkvæmt tilnefningu þeirra að fenginni staðfestingu tryggingarráðherra:

Alþýðusamband Íslands	4	fulltr.
Bandalag starfsmanna ríkis og bæja	2	—
Bandalag háskólamanna	1	—
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands	1	—
Stéttarsamband bænda	1	—
Vinnuveitendasamband Íslands	4	—
Vinnumálasamband samvinnufélaganna	1	—
Kjararáð verslunarinnar	1	—
Fjármálaráðuneytið	2	—
Öryrkjabandalag Íslands	1	—

Tryggingarráð skal hið minnsta koma saman tvisvar á ári.

Formaður stjórnar Lífeyrissjóðs Íslands skal jafnframt vera formaður tryggingarráðs.

7. gr.

Tryggingarráðherra ákveður þóknun stjórnar og tryggingarráðs til eins árs í senn.

8. gr.

Aðsetur Lífeyrissjóðs Íslands skal vera í Reykjavík. Skal haft samráð og samvinna við Tryggingastofnun ríkisins um rekstur umboðsskrifstofa.

9. gr.

Reikningar Lífeyrissjóðs Íslands fyrir síðastliðið ár skulu jafnan fullgerðir og endurskoðaðir eigi síðar en 1. júlí ár hvert. Þeir skulu birtir í Lögbirtingablaðinu.

Lífeyrissjóður Íslands skal veita félagsmönnum sínum glöggar upplýsingar og fræðslu um réttindi þeirra. Skal stefnt að því að veita hverjum einstaklingi upplýsingar um áunnin réttindi einu sinni á ári.

II. KAFLI
Lífeyristryggingar.

A. Almenn ákvæði.

10. gr.

Lífeyrissjóður Íslands skal veita ellilífeyri, örorkulífeyri og barnalífeyri á grundvelli ævitekjuhlutfalls. Þá skal hann og greiða fæðingarlaun.

11. gr.

Aðilar að Lífeyrissjóði Íslands, hér nefndir félagsmenn, eru allir einstaklingar sem lögheimili eiga á Íslandi.

12. gr.

Elli-, örorku- og barnalífeyrisgreiðslur ákvarðast af tekjuhlutfalli, ævitekjuhlutfalli og vísitekjum.

B. Tekjuhlutfall.

13. gr.

Tekjuhlutfall einstaklings ákveðið almanaksár eftir 1920 skal vera hlutfall brúttótekna hans það ár samkvæmt skattframtali og meðalbrúttótekna þeirra, sem orðnir voru 17 ára, en ekki 67 ára í lok ársins, það sama ár, sbr. 40. gr.

Tekjuhlutfall einstaklings til og með 1920 skal vera 1.0.

14. gr.

Leiðrétt tekjuhlutfall einstaklings ákveðið almanaksár skal vera tekjuhlutfall hans það ár, hækkað í 0.5 eða lækkað í 3.0, ef það er lægra en 0.5 eða hærra en 3.0.

Hafi einstaklingur ekki talið fram umrætt ár, skal hann hljóta **leiðrétt tekjuhlutfall** 0.5 það ár.

Hafi skattframtal einstaklings umrætt ár glatast hjá skattstofu, skal hann hljóta **leiðrétt tekjuhlutfall** 1.0 það ár.

Hafi félagsmaður ekki átt lögheimili á Íslandi allt umrætt almanaksár, skal leiðrétt tekjuhlutfall hans það ár skv. ofangreindu skerðast hlutfallslega.

Hafi einstaklingur verið í sambúð umrætt almanaksár og talið fram sameiginlega með maka sínum, skal hann hljóta meðaltal leiðréttra tekjuhlutfalla síns og maka síns sem **leiðrétt tekjuhlutfall** það ár.

C. Ævitekjuhlutfall.

15. gr.

Ævitekjuhlutfall einstaklings, sem orðinn er 67 ára gamall, skal vera meðaltal leiðréttra tekjuhlutfalla hans síðustu fimmtíu almanaksárin fyrir sextugasta og sjöunda afmælisdag hans.

16. gr.

Væntanlegt ævitekjuhlutfall einstaklings, sem ekki er orðinn 67 ára gamall, skal vera meðaltal leiðréttra tekjuhlutfalla hans þau almanaksár, sem liðin eru frá sextánda afmælisdegi hans.

D. Vísitekjur.

17. gr.

Vísitekjur. Fyrir 1. júlí ár hvert skal Hagstofa Íslands reikna meðalbrúttótekjur þeirra, sem orðnir voru 17 ára, en ekki 67 ára um síðustu áramót á undan. Skal miðað við brúttótekjur ársins á undan skv. skattframtölum. **Vísitekjur** eru þessar meðalbrúttótekjur hækkaðar 1. júlí, 1. október, 1. janúar næsta ár og 1. apríl næsta ár í hlutfalli við hækkun vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. júlí árið áður.

18. gr.

Verðtrygging lífeyris. Mánaðarlífeyrir samkvæmt lögum þessum skal veittur sem lífeyrisprósenta af vísitekjum á hverjum tíma deilt með tólf.

III. KAFLI
Ellilífeyrir.

19. gr.

Rétt til ellilífeyris hafa þeir, sem eru 67 ára eða eldri og hafa átt lögheimili á Íslandi í að minnsta kosti þrjú almanaksár frá 16 ára aldri til 67 ára aldurs.

20. gr.

Þegar félagsmaður í Lífeyrissjóði Íslands verður 67 ára gamall, skal Lífeyrissjóður Íslands reikna ellilífeyrisprósentu hans.

Ellilífeyrisprósenta skal vera ævitekjuhlutfall félagsmannsins margfaldað með sextíu.

21. gr.

Félagsmanni í Lífeyrissjóði Íslands er heimilt að fresta töku ellilífeyris í allt að fimm ár og skal ellilífeyrisprósenta hans hækka vegna frestunarinnar í samræmi við lækkun núgildis ellilífeyris hans, reiknað án vaxta.

Umsókn um frestun á töku ellilífeyris skal berast Lífeyrissjóði Íslands eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir 67 ára afmæli viðkomandi einstaklings.

22. gr.

Ellilífeyri skal greiða frá og með næsta mánuði eftir 67 ára afmæli viðkomandi einstaklings eða seinna, ef um frestun á töku ellilífeyrisins skv. 21. gr. er að ræða.

Ellilífeyri skal greiða til og með næsta mánuði eftir lát ellilífeyrisþega.

23. gr.

Tryggingarfræðingur Lífeyrissjóðs Íslands skal reglulega reikna þá hækkun ellilífeyris, sem um getur í 21. gr. Skulu þær upplýsingar birtar félagsmönnum Lífeyrissjóðs Íslands.

IV. KAFLI
Örorkulífeyrir.

24. gr.

Rétt til örorkulífeyris hafa þeir einstaklingar, sem lögheimili eiga á Íslandi og eru orðnir 16 ára, en ekki orðnir 67 ára gamlir og:

a. hafa átt lögheimili á Íslandi a. m. k. þrjú síðustu árin, áður en umsókn um örorkulífeyri er lögð fram, eða haft óskerta starfsorku, er þeir tóku hér lögheimili;
b. eru öryrkjar til langframa á svo háu stigi, að þeir eru ekki færir um að vinna sér inn helming þess, sem andlega og líkamlega heilir menn eru vanir að vinna sér inn í því sama héraði við störf, sem hæfa líkamskröftum þeirra og verkkunnáttu og sanngjarnt er að ætlast til af þeim, með hliðsjón af uppeldi og undanfarandi starfa.

25. gr.

Þeir, sem telja sig eiga rétt á örorkulífeyri, skulu sækja um hann til Lífeyrissjóðs Íslands.

Umsókn um örorkulífeyri skal endurnýja að minnsta kosti á fimm ára fresti.

Tryggingarlæknir Lífeyrissjóðs Íslands skal meta örorkuprósentu þeirra, sem sækja um örorkulífeyri eða endurnýja fyrri umsóknir.

Úrskurð Lífeyrissjóðsins um það, hvort örorkulífeyrir verði veittur, skal tilkynna umsækjanda innan tveggja mánaða frá því að umsókn barst. Ef úrskurðurinn er jákvæður, skal greiða lífeyrinn frá og með næsta mánuði eftir að umsókn barst.

26. gr.

Þegar umsókn um örorkulífeyri hefur verið samþykkt, skal Lífeyrissjóður Íslands reikna væntanlegt ævitekjuhlutfall viðkomandi einstaklings miðað við daginn, sem umsókn barst.

Örorkulífeyrisprósenta skal vera væntanlegt ævitekjuhlutfall viðkomandi margfaldað með örorkustuðli hans.

Örorkustuðull einstaklings skal vera 60, ef örorkuprósenta hans er hærri eða sama sem 75%. Fyrir hvert stig, sem mann vantar í 75% örorku, skal skerða örorkustuðulinn um 1.2.

V. KAFLI
Barnalífeyrir.

27. gr.

Rétt til barnalífeyris hafa þeir félagsmenn, sem ekki eru orðnir 19 ára, ef annað hvort foreldra þeirra er látið, er ellilífeyrisþegi eða örorkulífeyrisþegi, enda hafi það átt lögheimili á Íslandi síðustu þrjú árin.

Foreldri í skilningi þessara laga er kynforeldri, fósturforeldri eða stjúpforeldri, enda annist það barnið að mestu leyti eða hafi annast barnið að mestu leyti fyrir lát sitt. Þó skal ekki veita barnalífeyri vegna stjúpföður eða stjúpmóður, ef barnið á framfærsluskyldan föður eða móður á lífi. Ættleiðing veitir ekki rétt til barnalífeyris, nema hún hafi staðið í tvö ár eða sannað sé, að hún standi ekki í sambandi við réttindi til barnalífeyris.

28. gr.

Barnalífeyrisprósentan fyrir fyrsta barn látins foreldris skal vera einn fjórði af þeirri fullu örorkulífeyrisprósentu, sem foreldrið hefði fengið á dánardegi. Þó skal þessi barnalífeyrisprósenta ekki vera lægri en 13.0%.

Barnalífeyrisprósenta fyrsta barns foreldris, sem er elli- eða örorkulífeyrisþegi, skal vera einn fjórði af elli- eða örorkulífeyrisprósentu foreldrisins.

Barnalífeyrisprósenta annars, þriðja eða fjórða barns skal vera 4/5, 3/5 eða 2/5 af barnalífeyrisprósentu fyrsta barns.

Barnalífeyrisprósenta barns umfram fjórða barn foreldris skal vera 1/5 af barnalífeyrisprósentu fyrsta barns.

Hér er átt við börn foreldris, sem eru á lífi.

29. gr.

Ef báðir foreldrar barns eru látnir, elli- eða örorkulífeyrisþegar, skal barnið hljóta barnalífeyri eftir þá báða samkvæmt lögum þessum.

30. gr.

Barnalífeyri skal veita frá og með þeim mánuði, sem foreldri deyr, hlýtur ellilífeyri eða örorkulífeyri.

Fullan barnalífeyri samkvæmt lögum þessum skal veita til og með þeim mánuði, sem barnið verður 16 ára, og greiðist hann þeim, sem annast framfærslu barnsins að mestu leyti. Hálfan barnalífeyri samkvæmt lögum þessum hljóta þeir, sem orðnir eru 16 ára, til og með þeim mánuði, sem þeir verða 19 ára.

Barnalífeyrir greiðist þeim, sem annast framfærslu barnsins að fullu.

VI. KAFLI
Fæðingarlaun.

31. gr.

Rétt til fæðingarlauna hafa þær konur, sem fæða barn og eiga lögheimili á Íslandi, enda hafi þær átt lögheimili á Íslandi síðustu þrjú árin fyrir fæðinguna og fá ekki laun annars staðar áætlaðan fæðingarmánuð og næstu tvo mánuði á eftir.

32. gr.

Fæðingarlaun á mánuði skulu nema meðalmánaðarlaunum konunnar síðustu 36 mánuðina fyrir fæðinguna. Skulu mánaðarlaunin færð fram til fæðingardagsins miðað við hækkun vísitölu framfærslukostnaðar, áður en meðalmánaðarlaun eru reiknuð.

Fæðingarlaun á mánuði skulu ekki vera lægri en 20% af vísitekjum deildum með tólf.

33. gr.

Fæðingarlaun skal greiða í þrjá mánuði, fyrir fleirburafæðingar í fjóra mánuði, og skal fyrsta greiðslan fara fram í byrjun áætlaðs fæðingarmánaðar, enda liggi fyrir umsókn með nauðsynlegum upplýsingum frá móðurinni sex vikum fyrir væntanlega fæðingu.

34. gr.

Lífeyrissjóður Íslands skal fylgjast með fæðingum hér á landi og minna þær konur á að sækja um fæðingarlaun, sem átt hafa barn hér á landi og ekki hafa sótt um fæðingarlaun tveimur mánuðum eftir fæðinguna.

Fæðingarlaun skal greiða allt að tveimur árum aftur í tímann.

VII. KAFLI
Tekjur.

35. gr.

Tekjur Lífeyrissjóðs Íslands skulu vera iðgjöld þeirra, sem orðnir eru 16 ára, en ekki orðnir 67 ára, og lögheimili eiga á Íslandi.

36. gr.

Iðgjöld skulu greidd sem prósenta (iðgjaldsprósenta) af öllum tekjum þess er í hlut á, nema lífeyristekjum frá Lífeyrissjóði Íslands.

37. gr.

Iðgjald af launatekjum skal launagreiðandi greiða til Lífeyrissjóðs Íslands eigi síðar en tveimur vikum eftir greiðslu launa.

Þeir, sem hafa aðrar tekjur en launatekjur, skulu greiða iðgjald af þeim tekjum til Lífeyrissjóðs Íslands eigi síðar en 1. maí árið eftir að teknanna var aflað. Skal iðgjaldið hækka miðað við hækkun vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. maí árið sem teknanna var aflað til greiðsludags.

38. gr.

Tryggingarfræðingur Lífeyrissjóðs Íslands skal fyrir 1. júlí ár hvert meta iðgjaldaprósentu, sem greiða ber frá og með 1. ágúst sama ár. Skal hann miða við að Lífeyrissjóður Íslands hafi ávallt í sjóði fjármagn til að standa straum af lífeyri og fæðingarlaunum næstu 120 daga.

VIII. KAFLI
Önnur ákvæði.

39. gr.

Tekjuhlutfall, leiðrétt tekjuhlutfall, ævitekjuhlutfall og væntanlegt ævitekjuhlutfall skal reikna með fjórum aukastöfum. Lífeyrisprósentu skal reikna með tveimur aukastöfum. Beitt skal venjulegum reglum um upphækkun síðasta aukastafs.

40. gr.

Hagstofa Íslands skal reikna eða áætla meðalbrúttótekjur þeirra, sem orðnir voru 16 ára, en ekki orðnir 67 ára í lok ársins, fyrir öll almanaksár frá og með árinu 1921. Skal miðað við framtöl umræddra ára.

Með reglugerð skal kveða á um, hvað séu brúttótekjur hin ýmsu ár.

Ákvæði til bráðabirgða.

41. gr.

Breyta skal þeim lífeyrissjóðum, sem starfa við gildistöku laga þessara, í lánasjóði. Skal breytingin fara fram 1. júní 1977. Hætta þar með lífeyrissjóðirnir öllum lífeyrisgreiðslum.

42. gr.

Lánasjóðirnir skulu vera í eigu lífeyrissjóðsfélaga við stofnun Lífeyrisstjós Íslands og þeirra ábyrgðaraðila annarra, er staðið hafa að myndun sjóðanna á grundvelli staðfestra reglugerða lífeyrissjóðanna. Sjóðirnir eru opnir meðlimum viðkomandi stéttarfélaga á sama grundvelli og réttur til aðildar skapar hjá núverandi lífeyrissjóðum. Þátttaka í sjóðunum skal vera frjáls. Nýir sjóðfélagar öðlast réttindi í sjóðnum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Reglugerðir fyrir lánasjóðina skulu hljóta samþykki fjármálaráðuneytisins. Skal þar tekið fram, hverjir eigi rétt á þátttöku í lánasjóðnum, hverjar séu reglur um úthlutun lána úr sjóðnum, hver lánskjör séu, hvert sé iðgjald til sjóðsins og hvernig stjórn skuli kosin. Þá skal einnig koma fram, að stjórn sjóðsins er skylt að tilkynna meðlimum sjóðsins, þegar þeir eiga rétt á láni, og einnig skal tilkynna öllum sjóðsmeðlimum, hverjir hlotið hafa lán.

43. gr.

Þeir lífeyrissjóðir, sem starfa við gildistöku laga þessara, skulu greiða til Lífeyrissjóðs Íslands sem svarar iðgjaldatekjum þeirra síðustu fimm mánuðina fyrir breytinguna í lánasjóði samkvæmt 41. gr. Skal greiðsla þessi innt af höndum innan tveggja vikna frá breytingunni að telja.

44. gr

Lífeyrissjóður Íslands skal hefja lífeyrisgreiðslur frá og með 1. júní 1977.

Þeir, sem eru lífeyrisþegar hinn 1. júní 1977, skulu hljóta þann lífeyri, sem þeir hljóta samtals í júní 1977, verðtryggðan með vísitölu framfærslukostnaðar, frá Lífeyrissjóði Íslands, uns Lífeyrissjóðurinn hefur reiknað lífeyrisprósentu þeirra. Skal þeim, sem hlotið hafa of lágan lífeyri til þess tíma, er lífeyrisprósenta þeirra er reiknuð, bættur mismunurinn auk venjulegra innlánsvaxta. Þeir, sem hlotið hafa of háan lífeyri, skulu endurgreiða Lífeyrissjóði Íslands mismuninn auk innlánsvaxta með allt að 15% af mánaðarlegum lífeyri sínum.

Lífeyrissjóður Íslands skal reikna lífeyrisprósentu þeirra, sem eru lífeyrisþegar hinn 1. júní 1977, eftir aldursröð og byrja á þeim sem elstir eru. Skal miða við að ljúka þessu verki fyrir 1. júlí 1978.

45. gr.

Laun þeirra, sem eru í lífeyrissjóði hinn 1. júní 1977, skulu hækka sem nemur greiðslum atvinnurekenda til lífeyrissjóðs frá og með 1. júní 1977.

46. gr.

Með samþykkt þessara laga falla niður ákvæði laga um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971, með áorðnum breytingum síðar, er lúta að ellilífeyris-, örorku- og barnalífeyristryggingum og ákvæði laga nr. 56 1975 um fæðingarorlof.

47. gr.

Tryggingarráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessara laga.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu um Lífeyrissjóð Íslands er lagt til að grundvallarbreyting verði gerð á lífeyristryggingarkerfi þjóðarinnar. Markmið breytingarinnar er, að allir hafi sama rétt til fullnægjandi ellilífeyristrygginga á grundvelli ævitekna, jafnframt því sem tryggt er að allir njóti ákveðins lágmarksellilífeyris, er sé í samræmi við framfærslukostnað og verðlagsþróun á hverjum tíma. Þá er það veigamikið atriði í þessu frumvarpi, að það tryggir öllum konum jafnan rétt til ellilífeyris á við karla, óháð því hvert er starf þeirra eða staða í þjóðfélaginu. Þar með er öllum húsmæðrum tryggður fullur réttur til ellilífeyris á við annað vinnandi fólk og lífsstarfi húsmæðra þar með gefið ákveðið verðmætisgildi.

Með frv. er í fyrsta skipti gerð tillaga um, að fæðingarlaun séu felld inn í lífeyristryggingarkerfið með eðlilegum hætti.

Flutningsmaður gerir sér grein fyrir, að hér er um viðamikið mál að ræða, er krefst nákvæmrar umræðu og samráðs við mikinn fjölda aðila. En með því frumvarpi til laga um Lífeyrissjóð Íslands, sem hér er lagt fram, eru lögð drög að nýrri uppbyggingu þessara mikilvægu trygginga fyrir alla landsmenn. Hljóti frv. hljómgrunn og skilning hjá hv. Alþingi, er þess að vænta, að það taki þeim breytingum í meðförum Alþingis, er nauðsynlegar kunna að teljast til þess að lögin geti komið til framkvæmda 1. júní 1977, svo sem ráð er fyrir gert í frumvarpinu.

Flutningsmaður telur mikilvægt, að eigi sé lengur látið dragast að koma lífeyrissjóðsmálum íslendinga í viðunandi horf, og væntir þess, að með þessu frv. verði samþykkt lög á Alþingi, er tryggi þjóðinni heilbrigðar og viðunandi ellilífeyris-, örorku- og barnalífeyristryggingar, auk fæðingarlauna.

Frumvarpið felur í sér þá grundvallarbreytingu frá núverandi trygginga- og lífeyrissjóðakerfi, að í stað svonefnds upnsöfnunarkerfis, er fellst í tugum smárra og stórra sjóða, er tekið upp einfalt, en árangursríkt gegnumstreymiskerfi, er byggist á iðgjöldum, sem ákveðin eru á hverjum tíma í samræmi við tryggingarþörf og verðlag, er greiðslur eiga sér stað.

Eins og nú háttar safnast upp milljarðar króna í um 100 smáum og stórum lífeyrissjóðum. Verðbólguþróun undangenginna ára og grundvallaratriði í reglugerðum sjóðanna varðandi lengri tíma sjóðmyndun útiloka, að hinir svonefndu óverðtryggðu sjóðir geti innt af hendi fullnægjandi lífeyrisgreiðslu. Þrátt fyrir hugmyndir um verðtryggingu á útlánum sjóðanna er fyrirsjáanlegt, að það eitt út af fyrir sig mun ekki nægja til að greiða viðunandi ellilífeyri hjá fjölda sjóða. Fé lífeyrissjóðanna brennur því stöðugt í báli verðbólgunnar, en aldrað fólk komið á ellilífeyrisaldur situr eftir með sárt enni. Er þetta gjörsamlega óviðunandi ástand.

Af umræðum, sem fram hafa farið á undanförnum árum, er sýnilegt, ef Alþingi hefur ekki forustu um að beina þróun þessara mála inn á heilbrigðari og betri brautir,

að þjóðin mun innan tíðar sitja uppi með gjaldþrota lífeyrissjóði og mikinn fjölda lífeyrisþega, er munu búa við mjög kröpp kjör.

Því var það, að flutningsmaður ásamt Oddi Ólafssyni alþingismanni, Pétri H. Blöndal tryggingarfræðingi og með stuðningi Verslunarmannafélags Reykjavíkur réðust í það verk að skoða lífeyristryggingarmálin frá öðru sjónarhorni en gert hefur verið til þessa. Niðurstaða þessa verks er framlagt frumvarp.

Skal hér gerð nánari grein fyrir einstökum þáttum þessa máls og einstökum greinum frumvarpsins.

A. Athugasemdir við lagafrumvarpið.

1. Almennt.

Núverandi lífeyristryggingar á Íslandi hvíla einkum á tveim meginstofnum. Annars vegar er um að ræða greiðslur ellilífeyrisgreiðslna úr lífeyristryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins, en hins vegar greiðslur úr nær eitt hundrað lífeyrissjóðum, sem eru í eigu ýmissa samtaka og félaga.

Lífeyrir Tryggingastofnunarinnar er almennur lífeyrir, sem allir landsmenn eiga rétt á samkvæmt gildandi lögum. Er um að ræða ákveðinn grunnlífeyri, sem frá 1. júlí 1975 hefur verið 16 139 kr. á mánuði. Að auki er sérhverjum elli- og örorkulífeyrisþega veitt ákveðin tekjutrygging til viðbótar við ellilífeyri, ef aðrar tekjur ellilífeyrisþega fara ekki fram úr ákveðinni upphæð á ári. Frá 1. júlí 1975 hefur óskert tekjutrygging verið 13 084 kr. á mánuði. Ellilífeyrir og óskert tekjutrygging eru nú 29 223 kr. á mánuði fyrir einstakling og kr. 52 601.40 fyrir hjón, eða 90% af tvöföldum lífeyri einstaklings. Þessar tölur hafa þó hækkað lítillega frá því að greinargerð þessi var samin.

Lífeyrisgreiðslur úr hinum einstöku lífeyrissjóðum eru mjög mismunandi. Sameiginlegt einkenni lífeyrissjóðanna er, að lífeyrisgreiðslur eru háðar tekjum lífeyrisþega fyrir töku lífeyris og starfsaldri. Með hvaða hætti lífeyrir er háður tekjum er afar mismunandi eftir sjóðum. Sumir lífeyrissjóðir greiða ákveðinn hundraðshluta af meðaltekjum síðasta starfsárs, aðrir af meðaltekjum síðustu 5 starfsára og enn aðrir taka tekjur yfir lengra tímabil inn í dæmið.

Lífeyrissjóðunum má skipta í tvo meginflokka eftir því, hvort lífeyrisgreiðslur eru verðtryggðar eða ekki. Meginþorri allra landsmanna er í óverðtryggðum sjóðum, en opinberir starfsmenn, bankamenn og nokkrir aðrir starfshópar í sambærilegri aðstöðu njóta verðtryggðs lífeyris. Gífurlegur aðstöðumunur er á milli lífeyrisþega, er njóta verðtryggðs lífeyris, annars vegar og þeirra, er taka greiðslur úr óverðtryggðum sjóðum, hins vegar. Eftir því sem verðbólgan er meiri eykst þessi munur í lífeyrisgreiðslum, og er nú svo komið að í þessu fyrirkomulagi felst gífurlega mikið þjóðfélagslegt ranglæti gagnvart sjóðfélögum óverðtryggðu sjóðanna.

Fjárhagsleg uppbygging hinna einstöku lífeyrissjóða í núverandi kerfi grundvallast á þeirri meginreglu, að sérhver sjóðfélagi inni af hendi iðgjaldagreiðslur, sem í lengri tíma uppsöfnun og ávöxtun, venjulegast á 30 árum, nægi til að standa undir væntanlegum lífeyrisgreiðslum til viðkomandi lífeyrissjóðsfélaga. Er því hér um að ræða söfnunarkerfi.

Í sambandi við ellilífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins á sér ekki stað nein uppsöfnun fjármagns. Árlegar tekjur í formi skatta eru látnar mæta áætluðum útgjöldum vegna þessara þarfa. Hér er því um að ræða gegnumstreymiskerfi, sem allir skattgreiðendur standa að baki á hverjum tíma.

2. Gallar núverandi lífeyrissjóðakerfis.

Óhagstæð verðlagsþróun og mikil verðbólga síðustu árin hefur leitt í ljós vangetu lífeyrissjóða í núverandi mynd til þess að standa við skuldbindingar sínar, auk þess sem óréttlæti vegna mismunandi réttinda, sem þeir veita, kemur stöðugt skýrar fram.

Iðgjöld til lífeyrissjóðanna eru yfirleitt um 10% af dagvinnutekjum félagsmanna. Iðgjaldatími er yfirleitt um 30 ár. Þegar til fullrar lífeyrisgreiðslu kemur við 67 ára aldur hafa sjóðfélagar almennt greitt sem svarar þremur árslaunum í iðgjaldagreiðslum til lífeyrissjóðs. Við 67 ára aldur nú er ólifuð meðalævi um 14 ár. Vegna ákvæða núverandi reglugerða lífeyrissjóðanna, sem gera ráð fyrir að sjóðfélagar fái ellilífeyrisgreiðslur á grundvelli launa síðasta starfsárs eða síðustu starfsára fyrir töku lífeyris, er dæmið mjög alvarlegt í reynd. Ávöxtunarmöguleikar sjóðanna eru bundnir við hæstu leyfilega vexti, sem undanfarin 30—40 ár hafa verið mun lægri en vöxtur verðbólgunnar. Um jákvæða ávöxtun á iðgjöldum hefur því ekki verið að ræða. Eftir því sem næst verður komist nægja iðgjöld lífeyrissjóðsfélaga, sem hefur töku lífeyris núna, varla til að greiða lífeyri hans í 12 mánuði, þrátt fyrir hæstu leyfilega vexti.

Lífeyrissjóðirnir í núverandi mynd geta því ekki staðið við skuldbindingar sínar og veita lífeyrissjóðsfélögunum ófullnægjandi lífeyri. Kemur þetta skýrar í ljós eftir því sem sjóðurinn er eldri og ellilífeyrisþegum fjölgar í viðkomandi lífeyrissjóði.

Verðtryggðir sjóðir hins opinbera vernda sjóðfélaga sína gegn verðbólgunni. Hið sama gildir ekki um sjóðfélaga hinna óverðtryggðu sjóða. Auk hins mikla misréttis, sem þetta hefur í för með sér, getur þetta tvöfalda kerfi misréttis í ellilífeyrisgreiðslum haft afar óæskileg áhrif á eðlilegt streymi fólks milli starfsgreina. Hlýtur núverandi fyrirkomulag að verka eins og hvati á fólk að leita eftir atvinnu hjá hinu opinbera, sem veitir hið mikla afkomuöryggi í ellinni sem verðtryggður lífeyrir er. Lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga verðtryggðu lífeyrissjóðanna taka hlutfallslegum breytingum í samræmi við umsamdar launabreytingar á þeim launaflokki, sem viðkomandi bjó við, þegar taka ellilífeyris hófst.

Í óverðtryggðu sjóðunum fær lífeyrisþegi ákveðna krónutölu á grundvelli áunninna réttinda. Tekur þessi krónutöluupphæð engum breytingum síðar, hvað sem líður verðlagsþróun eða kaupgjaldsbreytingum. Með tilliti til þessa eru lífeyrisþegar óverðtryggðu sjóðanna afkomulega mjög háðir ákvörðunum Alþingis á hverjum tíma varðandi heildarupphæð ellilífeyris. Við núverandi aðstæður ráða greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins algjörlega úrslitum fyrir þetta fólk. Þrátt fyrir mikla uppsöfnun fjár í óverðtryggðu sjóðunum greiða þeir óverulegan ellilífeyri. Sem dæmi mætti taka ellilífeyrisþega óverðtryggðs lífeyrissjóðs, sem hóf töku ellilífeyris árið 1970. Almennur láglaunamaður hefði þá getað fengið 7 200 kr. á mánuði úr lífeyrissjóði sínum á grundvelli þáverandi kaupgjalds og miðað við 60% réttindi. Nú, 5 árum síðar, fengi hann enn óbreytta krónutölu úr sjóðnum, 7 200 kr. að viðbættum 16 139 kr. sem grunnlífeyri og 11 150 kr. í tekjutryggingu, eða samtals 34 489 kr. Þetta þýðir, að viðkomandi ellilífeyrisþegi fær 27 289 kr. á mánuði í ellilífeyri frá Tryggingastofnunni eða yfir 79% ellilífeyrisins. Þetta hlutfall og þar með almannatryggingakerfisins hækkar eftir því sem lengra líður frá töku lífeyris. Í reynd er það því Tryggingastofnun ríkisins, sem tekur að sér meginmagn allra ellilífeyrisgreiðslna annarra en til þeirra, sem fá greiðslur úr verðtryggðu sjóðunum. Til þess að mæta þessum greiðslum þarf árlega að skattleggja landsmenn sérstaklega. Við aukna verðbólgu og fjölgun ellilífeyrisþega verður slík skattlagning jafnt og þétt erfiðari, jafnframt því sem 10% af svo til öllum launagreiðslum í landinu fara í uppsöfnun fjármagns í lífeyrissjóðunum. Tiltölulega lítill hluti þessa fjármagns fer í ellilífeyrisgreiðslur. Íslenskar aðstæður þola ekki þetta tvöfalda álag vegna tryggingarmála né það gífurlega ósamræmi sem þarna á sér stað í tilflutningi fjármagns.

Er tímaspursmál, hvenær það hrynur til grunna af peningalegum og félagslegum ástæðum.

Hinar peningalegu ástæður eru þær, að þeir, sem eiga og bera ábyrgð á fjármagni lífeyrissjóðanna, geta ekki horft upp á það, að þessi mikli sparnaður verði að engu í báli mikillar verðbólgu. Hugsanlegar verðtryggingar á fjármagni sjóðanna í formi útlána og kaupum á verðtryggðum skuldabréfum mundu hvergi nægja til að tryggja stöðu sjóðanna, auk þess sem mjög ber að draga í efa, að íslenskir lántakendur, hvort sem um er að ræða launafólk eða atvinnufyrirtæki, geti staðið undir þeirri miklu verðtryggingu, sem mikil verðbólga hefur í för með sér.

Félagslegar og stjórnmálalegar afleiðingar þessarar þróunar eru augljósar hverjum manni, sem þekkir eitthvað til afkomu alþýðu manna. Það er gjörsamlega óviðunandi að skylda fólk til mikilis sparnaðar, lána því svo eigið fé með háum vöxtum og greiða síðan að lokum ófullnægjandi ellilífeyri til lífeyrissjóðsfélaga. Slíkt kerfi stenst ekki. Því ber hið fyrsta að hverfa frá núverandi söfnunarkerfi og taka upp nýtt lífeyrisgreiðslukerfi, sem mætir þörfum tryggingarþega miðað við hinar hröðu og óvissu breytingar, sem hafa verið og eru í efnahagslífi þjóðarinnar. Jafnframt þurfa allir landsmenn að njóta sama réttar til ellilífeyris á grundvelli ævitekna og tekjuhlutfalls, óháð því hvar þeir starfa. Þá eiga allar konur að njóta fulls og sama réttar til ellilífeyrisgreiðslna án tillits til stöðu, en í fullu samræmi við ævitekjur, sem geta verið annað tveggja til orðnar vegna vinnu utan heimilis eða innan þess. Sú kerfisbreyting í lífeyrismálum þjóðarinnar, sem hér er gerð tillaga um, tryggir konum, er vinna heimilisstörf, ellilífeyri á grundvelli tekna heimilisins. Felur það í sér mikla og sjálfsagða réttarbót og því misrétti útrýmt, sem ríkt hefur í þessum efnum.

Með tilliti til þess að álagningargrundvöllur þess kerfis, sem hér um ræðir — gegnumstreymikerfis, byggist á tekjum manna á hverjum tíma, er sjálfsagt og eðlilegt, að ellilífeyrir miðist við ævitekjur. Hins vegar er nauðsynlegt, að hið nýja lífeyriskerfi sé þannig uppbyggt, að tekjulitlu eða tekjulausu fólki verði tryggður ákveðinn lágmarksellilífeyrir. Er það gert í þessu frumvarpi.

3. Markmið frumvarpsins.

Markmið frv. þessa um Lífeyrissjóð Íslands er m. a.:

1. Að tryggja öllum, sem eru komnir á ellilífeyrisaldur, að lokinni starfsævi viðunandi og mannsæmandi lífsviðurværi.
2. Að veita örorkulífeyrisþegum öryggi og viðunandi tryggingarbætur.
3. Að auka barnalífeyri og bæta aðstöðu þeirra, sem verr eru settir í þjóðfélaginu.
4. Að tryggja konum fæðingarlaun.
5. Að einfalda lífeyriskerfi þjóðarinnar og útrýma misrétti.

Við framkvæmd frv. sem þessa vakna upp margar spurningar. Hvað telst vera starfsævi og hvenær er henni lokið? Hvað er viðunandi lífsviðurværi? Hvernig er unnt að meta vinnuframlag einstaklings og hvernig á að tengja lífeyri þessu framlagi o. s. frv.? Afbrigði hljóta að vera mjög mörg, en meginreglan hlýtur að vera sú, að viðmiðanir byggist á því er lýtur að meðaleinstaklingi.

Almennt hlýtur að mega líta svo á, að starfsævi einstaklings hefjist við 16 ára aldur, hvort sem starfið er fólgið í námi eða annarri vinnu. Samkvæmt reglugerðum flestra lífeyrissjóða hefjast iðgjaldagreiðslur við 16 ára aldur. Hvenær starfsævi lýkur hlýtur ávallt að vera mjög einstaklingsbundið. Sumir halda starfsþreki til sextugs eða skemur, ef veikindi eða slys ber að höndum, en aðrir allt til áttræðs. Hin almenna regla í reglugerðum lífeyrissjóðanna er nú að miða við það, að taka ellilífeyris hefjist við 67 ára aldur. Hins vegar er gert ráð fyrir, að taka ellilífeyris geti hafist síðar, til þess að koma til móts við þarfir og óskir einstaklinga, er þannig kann að vera ástatt um, að þeir vilji gegna fullu starfi lengur og ávinna sér meiri ellilífeyrisréttindi.

Viðunandi lífsviðurværi getur verið mjög teygjanlegt hugtak og getur menn greint á um það. Ljóst er þó, að þarfir einstaklinga að lokinni starfsævi eru aðrar og minni en þess, sem er á miðri ævi. Hann þarf ekki að standa straum af kostnaði vegna atvinnu, umsvif eru minni, framfærslu barna er lokið o. s. frv. Með tilliti til þessa hefur verið talið hæfilegt að áætla, að einstaklingur þurfi um 60% af meðaltekjum sínum um ævina til viðunandi lífsviðurværis á núgildi þegar ellilífeyristaka hefst. Lífeyririnn verði verðtryggður.

Margir tæknilegir örðugleikar eru á því að meta vinnuframlag einstaklings til þjóðarbúsins og hvernig lífeyririnn skuli vera háður því. Verðbólga og hagsveiflur útiloka að unnt sé að meta vinnuframlagið beint út frá tekjum einstaklingsins á hverjum tíma. Þetta vandamál má leysa með því að tengja tekjur ákveðnum vísitölum, t. d. með því að finna hlutfall tekna einstaklingsins og meðaltekna allra landsmanna. Þá rís upp vandamál vegna tekjulausra stétta. Sérhver viðleitni til að meta vinnuframlag þessara hópa krefst flóknina reglna. Flóknar reglur fela oft í sér hættu á misnotkun. Þess vegna er í frv. þessu stuðst við reglur um upphæð lífeyris, sem eru einfaldar í framkvæmd og gefa allgóða mynd af vinnuframlagi einstaklingsins til þjóðfélagsins. Að auki hafa þessar reglur í sér fólgnar lágmarks- og hámarkslífeyrisgreiðslur. Með þessum hætti er stuðlað að sanngjarnri tekjudreifingu gagnvart ellilífeyrisþegum.

4. Lífeyrisgreiðslur og lágmarks ellilífeyrir.

Lífeyrisgreiðsla samkv. frumvarpi þessu er háð tveimur atriðum. Í fyrsta lagi byggist greiðsla á tekjum einstaklingsins um ævina og er lífeyrisprósentan mælikvarði á vinnuframlag hans. Í öðru lagi er greiðslan háð svokölluðum vísitekjum (verðtrygging).

Lífeyrisprósentan er meðaltal tekjuhlutfalla einstaklings um starfsævina, leiðréttra. Prósentan er því mælikvarði á það, hvað einstaklingurinn hefur haft að meðaltali í tekjur um ævina samanborið við samtíðarmenn sína. Leiðrétting tekjuhlutfallanna, hækkun í 0.5 eða lækkun í 3.0, ef þau eru undir 0.5 eða yfir 3.0, er tilraun til að meta vinnuframlag hinna tekjulitlu eða tekjulausu og um leið stuðlar hún að tekjujöfnun, því að þeir, sem hafa mjög háar tekjur, greiða af lífeyri sínum til hinna, sem eru mjög tekjulágir. Þetta á að tryggja að enginn fái lægri lífeyri en sem nemur 30% af vísitekjum eða helming meðallífeyris.

Samkvæmt þessu frumvarpi skipta hjón með sér þeim lífeyrisréttindum, sem þau afla í sambúðinni, enda er erfitt að meta sérstaklega vinnuframlag þess, er vinnur á heimilinu, og hins aðilans, sem aflar tekna utan heimilisins. Þessi tilhögun stuðlar að frekara jafnrétti kynjanna, þar sem húsmóðirin hefur til þessa búið við skarðan hlut. Með hliðsjón af þessu er óþarft að hafa sérstök ákvæði um makalífeyri í frumvarpinu.

Á grundvelli skattaframtala er tekjuhlutfallið fundið út. Þetta fyrirkomulag hlýtur að stuðla að því að skattframtöl verði nákvæmari.

Með vísitekjum er gerð tilraun til að meta meðaltekjur á hverjum tíma, til þess að lífeyrir hækki í hlutfalli við aðrar tekjur. Lífeyrisþegar eiga með þessum hætti að vera tryggðir gegn áhrifum verðlagshækkana og verðbólgu.

Það, að lífeyrisprósentan í elli- og örorkulífeyri er ævitekjuhlutfallið margfaldað með 60, þýðir, að ellilífeyrisþeginn fær 60% af meðaltekjum sínum verðtryggðar í lífeyri. Sá, sem aldrei hefur haft neinar tekjur, fær ævitekjuhlutfallið 0.5 og þar með lífeyri, sem er 30% af meðaltekjum á hverjum tíma.

Dæmi um lífeyri.

Til þess að gefa einhverja hugmynd um, hvernig lífeyrisgreiðslur yrðu samkvæmt þessu frumvarpi, skulu tilfærð hér nokkur dæmi. Við útreikninga er stuðst við gróft mat á vísitekjum í janúar, febrúar og mars 1976. Samkvæmt upp-

lýsingum í Hagtíðindum voru heildarbrúttótekjur árið 1974 88 482 267 000 kr. Tala framteljanda var 103 274, þar af voru 42 030 kvæntir. 12 469 lífeyrisþegar og eignafólk var með heildartekjur að upphæð 4 775 627 000 kr. Samkvæmt þessu voru 127 760 manns á aldrinum 16—67 ára með samanlagðar tekjur að upphæð 83 706 640 000 kr. eða meðaltekjur 655 190 kr. Gert er ráð fyrir sama giftingarhlutfalli ellilífeyrisþega og annarra. Hækkun vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. júlí 1974 til 1. janúar 1976 nam 69.90%. Vísitölutekjur yrðu þá nálægt 1 113 000 kr. frá 1. janúar 1976 — eða 92 750 kr. á mánuði. Í samræmi við þessar forsendur um meðaltekjur skulu tekin eftirfarandi dæmi:

1. dæmi: Launamaður, einhleypur, sem vinnur frá 17 ára aldri til 67 ára aldurs.

Forsenda: Ævitekjuhlutfall er byggt á eftirfarandi reikningsgrundvelli:

Aldur ár	Tekjur sem % af meðaltekjum	Tekjuhlutfall leiðrétt
17—21	90%	0.90
22—26	120%	1.20
27—31	130%	1.30
32—36	120%	1.20
37—41	110%	1.10
42—46	100%	1.00
47—51	100%	1.00
52—56	80%	0.80
57—61	80%	0.80
62—66	70%	0.70

Ævitekjuhlutfall (= meðaltal tekjuhlutfallanna) er því 1.00.

Samkvæmt framangreindu fengi viðkomandi launamaður 55 650 kr. í ellilífeyri (60% af 92 750 kr.).

Ef launamaður, sem hefur sömu meðaltekjur, hefði orðið öryrki 42 ára að aldri, er væntanlegt ævitekjuhlutfall hans miðað við tekjurnar frá 17 til 41 árs aldur. Fæst þá tekjuhlutfallið 1.14. Hann fengi því $1.14 \times 0.6 \times 92\,750$ kr. — eða 63 441 kr. á mánuði í örorkulífeyri frá og með 1. janúar 1976.

2. dæmi: Launamaður með tekjuhlutfall samkvæmt 1. dæmi, kvænist 27 ára gamall. Eiginkonan er jafngömul, vinnur ekki úti, en annast börn og heimili.

Tekjur konunnar, sem prósenta af meðallaunum, yrðu sem hér segir:

Aldur ár	Tekjur	Tekjuhlutfall leiðrétt
17—21	80%	0.80
22—26	90%	0.90
27—31	0%	0.50
32—36	0%	0.50
37—41	0%	0.50
42—46	5%	0.50
47—51	5%	0.50
52—56	5%	0.50
57—61	5%	0.50
62—66	10%	0.50

Sameiginlegt tekjuhlutfall leiðrétt:

Ár	Karl	Kona
17—21	0.90	0.80
22—26	1.20	0.90
27—31	0.90	0.90
32—36	0.85	0.85
37—41	0.80	0.80
42—46	0.75	0.75
47—51	0.75	0.75
52—56	0.65	0.65
57—61	0.65	0.65
62—66	0.60	0.60

Ævitekjuhlutfall mannsins verður 0.805, en konunnar 0.765.

Ellilífeyrir mannsins yrði því 44 798 kr., en konunnar 42 572 kr. eða samtals hjá þeim báðum 87 370 kr. á mánuði.

Ef viðkomandi launamaður yrði öryrki (75% eða meir) við 42 ára aldur fengi hann væntanlega ævitekjuhlutfallið 0.93 (örorkulífeyrisprósenta: 60 × 0.93 = 55.8) eða 51 755 kr. á mánuði.

Ef hann ætti 5 börn undir 16 ára aldri fengi hann í barnalífeyri fyrir fyrst barn — miðað við það að barnalífeyrisprósentan er ¼ af örorkulífeyrisprósentunni 55.8 eða 13.95, svo sem frumvarpið gerir ráð fyrir — 12 939 kr., með öðru barni ⅘ eða 10 351 kr., þriðja barni ⅖ eða 7763 kr., fjórða barni ⅖ eða 5176 kr. og með fimmta barni ⅕ eða 2588 kr. Samtals næmi barnalífeyririnn 38 817 kr.

Heildargreiðslur til fjölskyldunnar yrðu samkvæmt framangreindu 90 572 á mánuði.

3. dæmi: Launamaðurinn í 1. dæmi kvænist konu, sem vinnur úti. Bæði eru 27 ára við giftingu. Eiginkonan er við heimilisstörf fyrstu 5 árin eftir giftinguna.

Tekjur konu voru sem hér segir (sem prósenta af meðallaunum):

Aldur ár	Tekjur	Tekjuhlutfall leiðrétt
17—21	80%	0.80
22—26	90%	0.90
27—31	0%	0.50
32—36	90%	0.90
37—41	100%	1.00
42—46	110%	1.10
47—51	110%	1.10
52—56	110%	1.10
57—61	100%	1.00
62—66	90%	0.90

Leiðrétt tekjuhlutfall hvors hjóna:

Aldur Ár	Karl	Kona
17—21	0.90	0.80
22—26	1.20	0.90
27—31	0.90	0.90
32—36	1.05	1.05
37—41	1.05	1.05
42—46	1.05	1.05
47—51	1.05	1.05

Aldur ár	Karl	Kona
52—56	0.95	0.95
57—61	0.90	0.90
62—66	0.80	0.80

Ævitekjuhlutfall eiginmannsins er 0.985 og eiginkonunnar 0.945.

Ellilífeyrir mannsins yrði því 54 815 kr. á mánuði og konunnar 52 589 kr. Samanlagður lífeyrir hjónanna yrði því 107 404 kr. á mánuði.

Ef dæmið yrði endurreiknað út frá þeirri forsendu, að konan hefði orðið öryrki 37 ára að aldri, þá hlýtur hún væntanlegt ævitekjuhlutfall 0.9125 og þar með örorkulífeyrisprósentuna 54.75 eða 50 781 kr. á mánuði.

Ef hjónin ættu þá þrjú börn undir 16 ára aldri, yrði barnalífeyrir sem hér segir:

Fyrir fyrsta barn: $\frac{1}{4} \times 54.75 = 13.7\%$ eða 12 695 kr.
Fyrir annað barn: $\frac{4}{5}$ af 12 695 kr. eða 10 156 kr.
Fyrir þriðja barn: $\frac{3}{5}$ af 12 695 kr. eða 7617 kr.
Samtals yrði lífeyrir konunnar og barnanna 81 249 kr. á mánuði.

4. dæmi: Einhleypur maður í vel launaðri stöðu seinni hluta ævinnar. Reiknað er með því að tekjur hans sem prósenta af meðallaunum séu:

Aldur ár	Tekjur	Tekjuhlutfall leiðrétt
17—21	30%	0.50
22—26	45%	0.50
27—31	200%	2.00
32—36	290%	2.90
37—41	350%	3.00
42—46	400%	3.00
47—51	450%	3.00
52—56	400%	3.00
57—61	400%	3.00
62—66	380%	3.00

Ævitekjuhlutfall er 2.39. Ellilífeyrisprósentan er 143.4 og ellilífeyrir er því 133 004 kr. á mánuði. Ef viðkomandi einstaklingur hefði orðið 65% öryrki við 37 ára aldur, hefði væntanlegt ævitekjuhlutfall hans orðið 1.475 og örorkulífeyrisprósentan 70.8. Samkvæmt því fengi þessi einstaklingur 65 667 kr. í örorkulífeyri.

5. dæmi: Einstaklingur með sömu kjör og segir til um í 4. dæmi. Viðkomandi kvænist konu á sama aldri, þegar hann er 22 ára. Konan var í góðri stöðu á 17—26 ára aldursskeiði.

Tekjur konu, sem prósenta af meðaltekjum á því æviskeiði þegar hún vann utan heimilis:

Aldur ár	Tekjur	Tekjuhlutfall leiðrétt
17—21	120%	1.20
22—26	140%	1.40
27—66	0%	0.50

Leiðrétt tekjuhlutfall hvors hjóna:

Aldur ár	Kona	Karl
17—21	1.20	0.50
22—26	0.95	0.95
27—31	1.25	1.25
32—36	1.70	1.70
37—41	1.75	1.75
42—46	1.75	1.75
47—51	1.75	1.75
52—56	1.75	1.75
57—61	1.75	1.75
62—66	1.75	1.75

Ævitekjuhlutfall eiginmannsins er 1.49 og konunnar 1.56. Samkvæmt því verður ellilífeyrir mannsins 82 919 kr. á mánuði og konunnar 86 814 kr. Samanlagður lífeyrir þessara hjóna yrði 169 733 kr. á mánuði.

Einstaklingur, sem aldrei hefur haft neinar tekjur um ævina né verið í hjónabandi, fær ævitekjuhlutfall 0.50 og þar með 27 825 kr. mánaðarlega í ellilífeyri eða örorkulífeyri. Yrði það lágmarkslífeyrir.

Einstaklingur, sem alltaf hefur meira en þrefaldar meðaltekjur alla ævi, fær ævitekjuhlutfallið 3.00 og þar með 166 950 kr. á mánuði í elli- eða örorkulífeyri. Yrði það hámarkslífeyrir samkvæmt þessu frumvarpi miðað við ríkjandi verðlag.

5. Fæðingarlaun.

Í frumvarpi þessu er tekið upp það nýmæli að veita konum hið minnsta þriggja mánaða fæðingarlaun, hvort sem um er að ræða konur sem vinna utan heimilis eða innan. Til þessa hafa konur búið við mjög misjöfn kjör fjárhagslega séð þegar svo hefur verið ástatt um þær sem hér um ræðir. Sumar konur njóta nú þegar þriggja mánaða fæðingarlauna, en svo eru aðrar, sem fá engar greiðslur. Til þess að leiðrétta þetta misrétti hefur verið gripið til ýmissa úrræða. M. a. hafa verið samþykkt lög frá Alþingi, sem skylda Atvinnuleysistryggingasjóð til að greiða fæðingarorlof til kvenna sem starfa úti í atvinnulífinu og eru aðilar að almennum verkalýðsfélögum. Fyrir Alþingi liggur nú tillaga til þingsályktunar um fæðingarorlof bændakvenna. Þótt þessum konum verði tryggt fæðingarorlof, er enn mikill fjöldi kvenna, sem flokkast ekki undir nein lög eða reglur, sem tryggja þeim fæðingarlaun. Með þessu frumvarpi er viðurkenndur réttur allra kvenna til fæðingarlauna. Samkvæmt frumvarpi þessu hljóta konur meðallaun síðustu þriggja ára í 3 mánuði við fæðingu, en aldrei þó lægra en 18 550 kr. á mánuði miðað við núverandi vísitekjur. — Fæðingarstyrkur verður greiddur áfram samkvæmt núgildandi lögum.

6. Iðgjaldagreiðslur.

Grundvallaratriði þessa frumvarps varðandi tekjuöflun til þess að fullnægja þeim tryggingarskuldbindingum, sem í frumvarpinu felast, er, að á hverjum tíma sé lagt á iðgjald, er mæti þeim tryggingargreiðslum, sem Lífeyrissjóður Íslands á að inna af hendi. Tryggingarfræðingum skal falið það verkefni sérstaklega að reikna út iðgjaldið á grundvelli tölfræðilegra upplýsinga þar að lútandi.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að iðgjald til Lífeyrissjóðsins verði ákveðin prósenta af heildartekjum einstaklings. Þetta verður að teljast eðlilegt, þar sem lífeyrir er einnig háður heildartekjum. Þá er sá háttur á hafður, að viðkomandi einstaklingur greiði allt iðgjaldið sjálfur, en ekki vinnuveitandi hluta eins og nú tíðkast. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að laun hækki sem nemur iðgjaldaprósentu vinnuveitandans í núverandi kerfi lífeyrissjóða. Í dag mun hin almenna regla um

greiðslu iðgjalda í lífeyrissjóðina vera sú, að vinnuveitandi greiðir 6% af launum viðkomandi starfsmanns, en starfsmaðurinn sjálfur 4%, eða báðir samtals 10%.

Þessi háttur á iðgjaldagreiðslu er eðlilegri en sá að hafa iðgjaldagreiðsluna tvískipta, auk þess sem hann gefur viðkomandi manni betra tækifæri til að fylgjast með þróun þessara mála og hugsanlegum breytingum. Þá mundi iðgjaldið verða að fullu frádráttarbært til skatts hjá viðkomandi einstaklingi.

7. Iðgjaldaprósenta.

Varðandi það atriði, hvernig finna skuli út og meta væntanlega iðgjaldaprósentu eru eftirfarandi skýringar gefnar:

a. **Ellilífeyrir.**

Framreikningar yfir aldursdreifingu íslendinga næstu 15 árin hafa sýnt, að fjöldi þeirra, sem eru eldri en 67 ára, er um það bil 13% af fjölda þeirra, sem eru 16—67 ára. Ef gert er ráð fyrir, að ævitekjudreifing breytist ekki verulega milli kynslóða og að ellilífeyrir sé 60% af meðaltekjum, þarf iðgjald fyrir **ellilífeyri** að vera 60×0.13 eða 7.8%. Á sérstakri mynd er aldurspýramídi íslensku þjóðarinnar 31. desember 1973 sýndur, en þar kemur aldursdreifingin skýrt fram.

b. **Örorku- og barnalífeyrir.**

Upplýsingar um tíðni og hæð örorku svo og dreifingu barnalífeyris eru af skornum skammti hér á landi. Þó má áætla samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins, að örorku- og barnalífeyrir fari ekki fram úr helmingi upphæðar ellilífeyris. Iðgjald fyrir þessar lífeyrisgreiðslur þarf því ekki að vera hærra en 3.9%.

c. **Fæðingarlaun.**

Árlegar fæðingar á Íslandi eru nú um 4 000 talsins. Ef gert er ráð fyrir, að helmingur mæðra sé með meðaltekjur, en hinar með 20%, fæst 0.65% iðgjald miðað við 93 000 iðgjaldagreiðendur.


Á grundvelli framangreindra forsendna má búast við því, að væntanlegt iðgjald vegna þeirra trygginga, sem þetta frumvarp nær til, þyrfti að vera 12.4% af heildartekjum allra einstaklinga í landinu.

Nú greiða vinnuveitendur beint 6% í hina ýmsu lífeyrissjóði vegna starfsmanna sinna og óbeint 1.5% til Tryggingastofnunarinnar. Launafólk greiðir sjálft beint í lífeyrissjóðina 4% af dagvinnutekjum. Auk þessa greiða þessir aðilar sameiginlega háar upphæðir í formi skatta til Tryggingastofnunar ríkisins til að mæta ellilífeyris-, örorku- og barnalífeyrisgreiðslum.

8. Tryggingastofnun ríkisins — upphæðir núverandi tryggingargreiðslna.

Samkvæmt reikningum Tryggingastofnunar ríkisins voru gjöld vegna lífeyristrygginga sem hér segir 1972—1974:

	1972	1973	1974
	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.
Bætur vegna elli, örorku og dauða	2 322 964	2 873 293	4 316 875
Tekjur sama tímabil voru:	1972	1973	1974
	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.
I. Iðgjöld atvinnurekenda	381 934	429 582	740 205
II. Framlag ríkissjóðs	2 756 600	4 001 400	4 799 301
III. Halli á iðgjöldum og framlögum ..	39 527		
	3 178 061	4 430 982	5 539 506



Aldurspýramídi íslensku þjóðarinnar 31. des. 1973

Ef frumvarp þetta um Lífeyrissjóð Íslands verður að lögum fellur stór hluti framangreindra iðgjaldagreiðslna niður sem og framlög ríkissjóðs, en í þess stað mætir reiknuð iðgjaldaprósenta þeim tryggingargreiðslum sem hér um ræðir.

9. Lífeyrissjóðir — iðgjöld og lífeyrisgreiðslur.

Á síðustu fimm árum hafa eignir lífeyrissjóðanna vaxið hröðum skrefum. Meginástæða hinnar miklu aukningar er stofnun almennu lífeyrissjóðanna, er hófu starfsemi sína 1. jan. 1970, á grundvelli samnings milli aðila vinnumarkaðsins frá 19. maí 1969. Við það bættust um 25 000 manns við hóp starfandi sjóðfélaga. Fyrir voru sjóðfélagar í öðrum sjóðum sem hér segir:

Í lögboðnum lífeyrissjóðum og lífeyrissjóðum bæjarfélaga	11 500	manns
Í sjóðum einstakra fyrirtækja og stéttarfélaga utan Alþýðusambands Íslands	1 500	—
Í sjóðum einstakra fyrirtækja og stéttarfélaga innan A.S.Í.	7 000	—
Samtals	20 000	manns

Fjöldi lífeyrissjóðsfélaga í ársbyrjun 1970 mun því hafa verið um 45 000 manns.

Eigi liggja nú fyrir óyggjandi tölur yfir fjölda sjóðfélaga í öllu lífeyrissjóðakerfi landsmanna. En segja má, að meginþorri þess fólks, sem er í stéttarfélögum innan A.S.Í., sé aðili að einhverjum lífeyrissjóði og sumir að mörgum. Þá er bankastarfsfólk, starfsmenn hins opinbera: ríkis, bæjar- og sveitarfélaga, aðilar að lífeyrissjóðum o. s. frv. Er óhætt að fullyrða, að meginþorri starfandi fólks, er tekur laun, sé aðili að lífeyrissjóðakerfinu.

Enn sem komið er hefur ekki verið komið á fót stofnun, sem safnar saman nákvæmum upplýsingum um þróun og starfsemi lífeyrissjóðanna. Af þeirri ástæðu er erfitt um vik að birta nýjar og haldgóðar tölfræðilegar upplýsingar um sjóðina. Á síðustu árum hefur þó Seðlabanki Íslands reynt að safna saman upplýsingum um sjóðina. Hefur bankinn síðan birt þær reglulega í Hagtölum mánaðarins. Þá vinnur samband almennra lífeyrissjóða, sem er samband flestra lífeyrissjóða aðildarfélaga A.S.Í., að upplýsingaöflun um þessa sjóði. Landssamband lífeyrissjóða, sem myndað er af flestum eldri sjóðum atvinnulífsins, sjóðum sveitarfélaga o. fl., innir af hendi hliðstætt starf fyrir aðildarsjóði sína.

Samkvæmt upplýsingum frá þessum aðilum hefur þróun lífeyrissjóðanna verið sem hér segir s. l. 5 ár:

A) Eignir

Ár	Millj. kr.
1970	3 642
1971	4 846
1972	6 584
1973	9 273
1974	13 058

B) Tekjur

Ár	Millj. kr.
1970	921
1971	1 285
1972	2 116
1973	3 215
1974	4 700

C) Iðgjöld

Ár	Millj. kr.	
1970	691	
1971	1 010	
1972	1 767	
1973	2 690	
1974	3 940	(áætlað)

D) Lífeyrisgreiðslur

Ár	Millj. kr.
1970	221
1971	325
1972	453
1973	668
1974	1 000

E) Lífeyrisgreiðslur

Ár	Sem % hluti af eignum sjóðanna	Sem % hluti af tekjum sjóðanna
1970	6.07	31.98
1971	6.70	32.18
1972	6.88	25.63
1973	7.20	24.83
1974	7.66	25.38

Af framangreindum yfirlitum sést m. a., að um ¼ hluti árlegra tekna sjóðanna er varið til lífeyrisgreiðslna, en aðeins 6—7% miðað við heildareignir þeirra. Meginhlutanum af fjármagni lífeyrissjóðanna er varið til útlána og er stór hluti lánanna óverðtryggður. Útlánavextir eru yfirleitt 17%.

Fyrrnefndar meðaltölur segja þó mjög takmarkaða sögu um raunverulegar lífeyrisgreiðslur einstakra lífeyrissjóða. Eru þær afar mismunandi og stafar af því, að áunnin réttindi eru misjafnlega mikil með tilliti til aldurs sjóðanna og mögulegrar aðildar fólks að þeim. Sem dæmi má nefna, að starfsmenn samvinnuhreyfingarinnar á Íslandi hafa notið lífeyrissjóðsréttinda allt frá árinu 1939, verslunarfólk frá árinu 1956, almennt verkafólk síðan 1970 o. s. frv. Flestallir sjóðfélagar lífeyrissjóða þeirra stéttarfélaga sem eru aðilar að A.S.Í., fá óverðtryggðan lífeyri, sem þýðir að krónutala við ellilífeyristöku helst óbreytt. Opinberir starfsmenn hafa hins vegar notið lífeyrisréttinda í áratugi og síðan 1963 hefur hann verið verðtryggður.

Vert er að vekja athygli á því, að aldursskipting milli einstakra stétta er mjög mismunandi. Í hinum svonefndu nýju stéttum, sem myndast hafa um og eftir 1940, er tiltölulega ungt fólk. Fjölgun í þeim hefur mest orðið á síðustu tveim áratugum. Hið sama má segja um ýmsa hópa menntamanna og sérfræðinga. Mikið fé safnast fyrir í þessum sjóðum og er greiðslubyrði þeirra vegna lífeyristrygginga lítil. Hins

vegar er mikill fjöldi fólks úr eldri starfsstéttum, eins og t. d. verkamenn og verkakonur, nú þegar kominn á ellilífeyrisaldur. Lífeyrissjóðir þessara stétta eru aðeins fimm ára gamlir og greiða þess vegna sáralítinn lífeyri til þessa fólks. Þar við bætist, að það fólk, sem myndar meginkjarnann í hinum almennu lífeyrissjóðum verkafólks og eldri starfsstétta, er tiltölulega fullorðið fólk. Greiðslubyrði þessara lífeyrissjóða getur því orðið mikil innan tíðar og óvíst, hvort þeir geti staðið við skuldbindingar sínar í óbreyttu formi, og enn síður, ef þeir yrðu að greiða verðtryggðan ellilífeyri.

Til þess að skýra enn betur hvað við er átt skulu eftirfarandi dæmi tilgreind:

Árið 1974 var fjöldi sjóðfélaga, sem greiddu til Lífeyrissjóðs Dagsbrúnar og Framsóknar, um 13 000 talsins. Á sama ári greiddu um 10—11 þús. manns í Lífeyrissjóð verslunarmanna.

Árið 1971 voru sett lög um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Til þess að hljóta þessi eftirlaun þurftu sjóðfélagar að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) Séu fullgildir félagar í verkalýðsfélagi sem á skylduaðild að lífeyrissjóði.
b) Séu fæddir árið 1914 eða fyrr.
c) Eigi að baki a. m. k. 10 ára réttindatíma (starfstíma) eftir árslok 1954 og eftir 55 ára aldur.
d) Hafi náð 70 ára aldri og látið af störfum. Þó skulu félagar 75 ára og eldri fá greidd eftirlaun, þótt þeir hafi eigi látið af störfum.

Umsjónarnefnd eftirlauna úrskurðar eftirlaun samkvæmt lögunum.

Um áramótin 1974—1975 nutu 2172 sjóðfélagar eftirlauna frá Umsjónarnefnd eftirlauna: Af þeim voru 1718 sjóðfélagar í lífeyrissjóðum, sem eiga aðild að Sambandi almennra lífeyrissjóða (SAL), en flestir þeirra voru stofnaðir um og eftir 1. janúar 1970. 636 sjóðfélagar tilheyrðu Lífeyrissjóði Dagsbrúnar og Framsóknar, aðeins nokkrir tugir tilheyrðu Lífeyrissjóði verslunarmanna.

Meðaltalsgreiðsla á mánuði á árinu 1975 til þessa fólks var 5000 kr.

Núverandi lífeyrissjóðakerfi er svo margbrotið, flókið og afbrigðilegt, að erfitt verður að byggja upp á því heilbrigðar og réttlátar lífeyristryggingar án þess að verulega verði gengið á rétt þess fólks, sem með fyrirhyggju og sparnaði hefur staðið að myndun margra eldri sjóða. Samkvæmt stjórnarskrá lýðveldisins Íslands er eignarrétturinn lögverndaður og þar með eign manna í lífeyrissjóðunum. Það er því ekki hægt að skylda mann með almennum lögum að afhenda eigu sína.

Þess vegna er rétt og sjálfsagt að hefja lífeyrisgreiðslur á nýjum og samræmdum grundvelli, sem tryggi öllum landsmönnum jafnan rétt með tilliti til ævitekna og vinnuframlags til þjóðarbúsins. Jafnframt því, að sjóðfélagar núverandi lífeyrissjóða haldi eign sinni, er eðlilegt, að þeir leggi fram ákveðið stofnframlag í hið nýja kerfi, sem tekur við öllum núverandi ellilífeyrisþegum sjóðanna.

10. Breyting núverandi lífeyrissjóða í lánasjóði.

Núverandi lífeyrissjóðir eru myndaðir af iðgjöldum sjóðfélaga með sameiginlegum greiðslum vinnuveitenda 6% og starfsmanna 4%, eða samtals 10% af launum. Hér er um lögverndaðan sparnað að ræða. Með stofnun Lífeyrissjóðs Íslands á gegnumstreymisgrundvelli, þar sem álögð iðgjöld mæta raunverulegri tryggingaþörf á hverjum tíma, þarf að taka afstöðu til þeirrar uppsöfnunar fjármagns, sem átt hefur sér stað í núverandi lífeyrissjóðum.

Lífeyrissjóður Íslands mun í framtíðinni greiða öllum landsmönnum lífeyri, ef lög þessi verða samþykkt, og í flestum tilfellum mun hærri lífeyri en núverandi sjóðir gera. Því þykir ekki rétt að láta sjóðina renna inn í væntanlegan lífeyrissjóð, heldur verði þeim breytt í lánasjóði í vörslu og eigu þeirra aðila, sem hafa myndað sjóðina. Núverandi lífeyrissjóðir gegna veigamiklu hlutverki í peningakerfi þjóðarinnar, auk þess sem þeir hafa haft geysimikla þýðingu í húsnæðismálum. Með því

að breyta þeim í lánasjóði geta þeir í nánustu framtíð fullnægt því hlutverki, sem þeir hafa gert á undangengnum árum. Hugsanlegt er, að aðilar komi sér saman um, að ákveðnar greiðslur, t. d. 1% af dagvinnulaunum, skuli renna í þessa sjóði og að útlánareglur þeirra verði víkkaðar þannig að lánað verði bæði til sjóðfélaga og þeirra fyrirtækja, er standa á bak við sjóðina. Mikilvægt er, að hinum nýju lánasjóðum verði af hinu opinbera settar ákveðnar reglur um starfsemi og lánveitingar o. fl. Verði það gert í samráði við viðkomandi eignaraðila. Þátttaka í lánasjóðunum verði frjáls.

11. Fjármálalegar afleiðingar frumvarpsins.

Iðgjöld til Lífeyrissjóðs Íslands verður svipað því iðgjaldi, sem greitt er til hins mikla fjölda núverandi lífeyrissjóða. En verði frumvarp þetta að lögum, má áætla, að ríkissjóður og þar með skattborgararnir losni við fjárskuldbindingar, sem eru af stærðargráðunni ⅔ af tekjusköttum eða um 6000 milljónir króna samkv. fjárlögum 1976.

Með núverandi tryggingakerfi almennra lífeyristrygginga og greiðslna í lífeyrissjóði, sem greiða mjög lítinn lífeyri miðað við uppsöfnun, er raunverulega verið að leggja á þjóðina tvöfalda skattlagningu vegna þessara mála, án þess að almenningur fái til baka sambærilegar lífeyrisgreiðslur miðað við álögur. Þá er það mikið vafamál, að íslenskir atvinnuvegir geti staðið undir þessum tvöföldu álögum vegna tryggingarmála, sem almenna tryggingarkerfið og lífeyrissjóðakerfið er. Þar við bætist stjórnlítil útlánastarfsemi á gífurlegu fjármagni, sem streymir að óverulegum hluta aftur til þeirra atvinnugreina og fyrirtækja, sem eru uppsprettur þess fjármagns, sem safnast fyrir í lífeyrissjóðunum.

Áframhaldandi þróun þessara mála til lengdar í núverandi farvegi getur gjörsamlega sporðreist fjármála- og peningakerfi þjóðarinnar og þar með gjöreyðilagt lífsgrundvöll þúsunda manna. Meðal annars af þessum ástæðum er nauðsynlegt, að mótuð verði ný og heilbrigðari stefna í lífeyrissjóðsmálum.

B. Athugasemdir við einstakar greinar.

I. kafli frumvarpsins fjallar um skipulag og stjórnun.

Um 1. gr.

Hlutverk sjóðsins er að annast lífeyristryggingar.

Um 2. gr.

Samkvæmt greininni mynda níu manns stjórn sjóðsins og skal hún kosin af Alþingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar.

Greinin þarfnast ekki frekari skýringar.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 4. gr.

Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir, að stjórn eða tryggingadómur skeri úr um ágreiningsmál. Þá skal stjórnin fjalla um iðgjaldaprósentu vegna tryggingganna.

Um 5. gr.

Samkv. þessari grein skal skipað sérstakt 27 manna tryggingarráð, er gegna skal ráðgjafahlutverki.

Um 6. gr.

Á grundvelli 5. gr. er ákveðin þátttaka fulltrúa allra helstu aðila og hagsmunasamtaka, er hagsmuna eiga að gæta fyrir hönd umbjóðenda á því sviði tryggingarmála er hér um ræðir. Allir þessir aðilar hafa samið um lífeyrisréttindi sín í milli. Er því eðlilegt, að þeir fái ásamt til þess kjörinni stjórn af hálfu Alþingis viðeigandi þátttöku í stjórn og mótun þeirrar stofnunar, er hér um ræðir.

Varðandi fjölda fulltrúa frá einstökum hagsmunaaðilum er þess að geta, að samkvæmt þessari grein er reynt að tryggja, að eðlilegt jafnvægi sé milli gagnaðila, jafnframt því sem ákveðið tillit er tekið til fjölda þess fólks, sem er í viðkomandi stéttum.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 9. gr.

Eðlilegt er, að landsmenn fái sem gleggstar upplýsingar um réttindi þau, er lífeyrissjóðurinn veitir á hverjum tíma.

II. kafli fjallar um lífeyristryggingarnar.

Um 10. gr.

Samkvæmt þessari grein takmarkast hlutverk sjóðsins við ellilífeyri, örorkulífeyri og barnalífeyri á grundvelli ævitekjuhlutfalls, sem nánar er skilgreint og skýrt í næstu greinum á eftir.

Um 11. gr.

Greinin kveður á um aðild að sjóðnum og þarfnast ekki sérstakrar skýringar. Er þessi grein í samræmi við hliðstæð ákvæði í reglugerðum flestra lífeyrissjóða, sem nú eru starfræktir.

Um 12. gr.

Í þessari grein er kveðið á um, að ellilífeyris- og örorkulífeyrisgreiðslur séu ákveðnar af ævitekjum og tekjuhlutfalli viðkomandi sjóðfélaga.

13., 14., 15. og 16. gr. skýra nánar þau hugtök, er hér um ræðir.

Um 13. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 14. gr.

Greinin felur í sér ákvæði um að gera skuli ákveðnar leiðréttingar á tekjuhlutfalli einstaklings, nái það ekki tilskildu lágmarki til þess að tryggja viðkomandi ákveðinn lágmarkslífeyri. Þannig er vinna tekjulausra þjóðfélagshópa, t. d. húsmæðra, metin til lífeyrisréttinda. Á sama hátt skal leiðrétta tekjuhlutfall hátekjumanns niður í ákveðið hámark. Þetta þýðir, að ákveðið þak er á hugsanlegum lífeyrisgreiðslum.

Greinin felur einnig í sér, að lífeyrisréttindi hjóna skiptist jafnt á milli þeirra. Í þessu ákvæði felst sami réttur maka, sem vinnur ekki úti, til ellilífeyris, á við þann aðila hjónabandsins, sem aflar skattskyldra tekna. Vísast til útreikninga í athugasemdum með frumvarpinu varðandi þetta atriði.

Um 15. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 16. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 17. gr.

Samkvæmt þessari grein skulu vísitekjur fundnar þannig út, að miðað skal við brúttótekjur ársins á undan skv. skattframtölum þeirra, sem eru á aldrinum 17—67 ára. Skulu vísitekjurnar reiknaðar út fjórum sinnum á ári. Á þennan hátt er fundin tekjuviðmiðun, sem breytist með svipuðum hætti og meðaltekjur.

Þessi grein ásamt 15. og 16. gr. tryggir, að grundvöllur ellilífeyris byggist á skattframtölum. Ætti þessi háttur að stuðla að enn betri skattframtölum en nú er.

Um 18. gr.

Samkvæmt þessari grein breytast lífeyrisgreiðslur eins og vísitekjur og fylgja þar með kaupgjaldi í landinu. Þær eru því verðtryggðar og viðkomandi sjóðfélagi því tryggður gegn afleiðingum mikillar verðbólgu.

III. kafli fjallar um ellilífeyri.

Um 19. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 20. gr.

Við 67 ára aldur öðlast sjóðfélagi rétt til ellilífeyris. Er það mjög í samræmi við ríkjandi reglur lífeyrissjóða. Enn fremur segir, að ellilífeyrisprósentan skuli vera ævitekjuhlutfall viðkomandi einstaklings margfaldað með sextíu. Þannig hljóta menn um 60% af rauntekjum sínum um ævina sem lífeyri.

Um 21. gr.

Hér er fjallað um það, að unnt sé að fresta töku ellilífeyris í allt að fimm ár og skuli ellilífeyrisprósentan þá hækka í samræmi við það. Það tíðkast æ meir að fólk vilji vinna lengur en til 67 ára aldurs. Er eðlilegt og sjálfsagt að mæta slíkum óskum og lengja starfsævi þess fólks, er þess kann að óska.

Meðalaldur þjóðarinnar hefur hækkað mikið á síðustu áratugum, og heilbrigði aldraðra er mun betri en áður fyrr. Þetta fólk á oft erfitt að sætta sig við að ljúka starfsævi of snemma.

Um 22. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 23. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

IV. kafli er um örorkulífeyri.

Um 24. gr.

Til þess að einstaklingur geti hlotið örorkubætur samkvæmt þessu lagafrumvarpi, þarf hann að hafa átt lögheimili á Íslandi í þrjú ár hið skemmsta, áður en sótt er um örorkulífeyri, eða að viðkomandi einstaklingur hafi haft óskerta starfsorku, þegar hann öðlaðist lögheimili hérlendis. Eru þetta eðlilegar og sjálfsagðar varúðarráðstafanir, þegar haft er í huga, að nú orðið tíðkast það, að erlendir menn dveljast hér í lengri eða skemri tíma og þá jafnan við einhvers konar atvinnu. Ekki er rétt, að slíkir aðilar geti hlotið þær tryggingabætur, sem hér um ræðir, án þess að þeir fullnægi skilyrðum um búsetu og lögheimili samkvæmt íslenskum lögum með þar af leiðandi réttindum og skyldum.

Um 25. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 26. gr.

Þessi grein felur í sér ákvæði um útreikninga á örorkulífeyri, sem eru í grundvallaratriðum byggðir á sömu hugsun og ellilífeyrisreikningar frumvarpsins.

Ef örorkuprósenta einstaklings er 75% eða meiri, er örorkustuðullinn 60, en fyrir hvert stig, sem vantar á 75%, skerðist stuðullinn um 1.2. Örorkulífeyrir er því að jafnaði 60% af rauntekjum mannsins til þess tíma, er hann hlaut örorkuna.

V. kafli er um barnalífeyri.

Um 27. gr.

Þessi grein felur í sér, að barnalífeyrir er greiddur til 19 ára aldurs. Samkvæmt núgildandi lögum er barnalífeyrir greiddur með börnum yngri en 17 ára. Með tilliti til breyttra þjóðfélagsaðstæðna, sem m. a. fela í sér lengra nám en áður tíðkaðist, er eðlilegt, að greiðslutímabil barnalífeyris sé lengt um tvö ár. Léttir það undir með foreldri og viðkomandi barni og er meira í samræmi við kröfur tímans um aukna samfélagshjálp til handa þeim, sem eru þess verulega þurfi.

Um 28. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er greidd árlega föst ákveðin upphæð í barnalífeyri. Samkvæmt þessu frumvarpi eru barnalífeyrisgreiðslur tengdar örorkulífeyrisprósentunni, sem foreldrið hefði fengið á dánardegi. Er þetta ákvæði í samræmi við heildaruppbyggingu frumvarpsins gagnvart öðrum tryggingagreiðslum.

Barnalífeyrisgreiðslurnar taka síðan hliðstæðum breytingum við verðlagsbreytingar og örorkulífeyrisgreiðslurnar. Með þessu er tryggt að upphæð barnalífeyrisgreiðslna dragist ekki aftur úr við mikla verðbólgu. Felur það í sér mikið öryggi fyrir foreldri og barn.

Miðað við núverandi barnalífeyrisgreiðslur felur þessi grein í sér nokkra hækkun og mun ákveðnari grundvöll til að byggja þessar greiðslur á.

Um 29. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 30. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

VI. kafli fjallar um fæðingarlaun.

Um 31. gr.

Greinin fjallar um rétt allra kvenna með lögheimili á Íslandi til fæðingarlauna.

Um 32. gr.

Samkvæmt þessari grein skal kona fá meðalmánaðarlaun sín síðustu 36 mánuði fyrir fæðingu sem fæðingarlaun. Til að vega upp á móti áhrifum verðbólgu eru launin hækkuð sem nemur hækkun framfærsluvísitölu til fæðingardags, áður en meðaltekjurnar eru reiknaðar.

Í þeim tilfellum, sem konur vinna ekki úti, eru fæðingarlaun miðuð við vísitekjur og skulu aldrei vera lægri en 20%. Ef lög þessi hefðu gilt 1. janúar 1975, hefði 20% lágmarkið jafngilt 18 550 kr. á mánuði, miðað við þáverandi verðlag.

undan greiðsluskuldbindingum sínum gagnvart þeim tryggingum, sem lögin taka til. Sú afstaða er tekin með ákvæðum þessarar greinar, að í stað þess að steypa sjóðunum saman í einn allsherjarlífeyrissjóð, skal þeim breytt í lánasjóð, en þó með þeirri kvöð, er fram kemur í 43. gr.

Um 42. gr.

Til flestra ef ekki allra lífeyrissjóða landsmanna er stofnað í frjálsum samningum milli launafólks og vinnuveitenda. Greiðir hvor aðili um sig ákveðinn hluta iðgjalds vegna sjóðfélaga. Við það að leysa sjóðina undan greiðsluskuldbindingum sínum, jafnframt því sem sjóðfélögunum er tryggður ellilífeyrir samkvæmt lagafrumvarpi þessu, þarf að taka afstöðu til þess, hvað gera skuli við það fjármagn, sem safnast hefur upp í sjóðunum.

Um 36. gr.

Samræmi er milli ákvæðis þessarar greinar um álagningargrundvöll iðgjalda og 13. gr., er fjallar um tekjuhlutfall. Er í hvoru tveggja tilfelli byggt á brúttótekjum einstaklings samkvæmt skattframtali. Iðgjaldið skal vera prósenta af öllum tekjum. Ákvæði þetta er nokkuð frábrugðið ákvæðum í reglugerðum núverandi lífeyrissjóða, sem ýmist takmarka álagninguna við dagvinnutekjur eða mánaðarlaun, og miða þar af leiðandi oft á tíðum ekki við heildartekjur í álagningu iðgjalds vegna lífeyrisgreiðslna. Með þeirri álagningarreglu, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, skapast eðlilegra samhengi milli ævitekna annars vegar og ellilífeyrisgreiðslna hins vegar, þegar kemur að töku ellilífeyris.

Um 37. gr.

1. mgr. þarfnast ekki skýringar.

Þar sem ákveðnum vandkvæðum getur verið bundið fyrir þá, sem hafa aðrar tekjur en launatekjur, að greiða iðgjöld af þeim tekjum með jafnskömmum fresti og iðgjaldagreiðslur af launatekjum skulu eiga sér stað, þykir rétt að gefa þessum aðilum lengri greiðslufrest, en þó með þeirri kvöð, að iðgjaldið skuli hækka miðað við vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. maí árið sem teknanna er aflað. Þetta fyrirkomulag felur í sér ákveðna hvatningu til þess, að greiðslur séu inntar sem fyrst af hendi, auk þess sem verðtryggingarákvæði frumvarpsins gagnvart tryggingargreiðslum gerir nauðsynlegt að tryggja sjóðinn gegn öllum meiri háttar greiðsludrætti á iðgjöldum.

Um 38. gr.

Óhjákvæmilegt er, að iðgjaldaprósentan sé reiknuð út hið minnsta einu sinni á ári, eins og þessi grein gerir ráð fyrir. Til greina kæmi að reikna hana oftar út, sérstaklega ef verðbólga geisar og ef launa- og verðlagsbreytingar eru tíðar. Þá felur þessi grein í sér, að hæð iðgjaldaprósentu skuli tryggja það á hverjum tíma, að nægilegt fé sé í sjóði til þess að mæta nauðsynlegum tryggingargreiðslum næstu 120 daga fram í tímann. Til greina kæmi að hafa þetta tímabil lengra, en reynslan verður að skera úr um, hvort þetta ákvæði er fullnægjandi eða ekki.

VIII. kafli er um önnur ákvæði.

Um 39. og 40. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Um 41. gr.

Samkvæmt þessari grein og 44. gr. er gert ráð fyrir, að lög þessi komi til framkvæmda 1. júní 1977. Við gildistöku þeirra eru allir starfandi lífeyrissjóðir leystir

Um 33. gr.

Greinin kveður á um, að fæðingarlaun skuli greiða í þrjá mánuði.

Um 34. gr.

Samkvæmt þessari grein er lögð áhersla á, að konur fái fæðingarlaun greidd. Hvílir sú skylda á lífeyrissjóðunum að gæta þess, að umræddar greiðslur eigi sér stað.

VII. kafli fjallar um tekjur Lífeyrissjóðs Íslands.

Um 35. gr.

Í reglugerðum flestra lífeyrissjóða hefjast iðgjaldagreiðslur við 16 ára aldur og lýkur við 67 ára aldur. Þessi grein er í samræmi við þessa reglu.

Samkvæmt landslögum eru lífeyrissjóðirnir ótvíræð eign þeirra, sem til þeirra hafa stofnað og myndað með framlögum sínum og samningum.

Þessi grein tekur afstöðu til framangreindra staðreynda og kveður upp úr um eignarrétt og ábyrgðarskyldu hlutaðeigandi aðila gagnvart lánasjóðunum.

Greinin kveður á um, að aðild að hinum nýju lánasjóðum skuli vera frjáls. Eldri sjóðfélagar geta haldið réttindum sínum sem þátttakendur í lánasjóðunum, sem að sjálfsögðu munu breyta um eðli og hlutverk. Stærð og geta sjóðanna, samkomulag aðila varðandi frekari iðgjaldagreiðslur, ávöxtun o. s. frv. ræður um frekari framtíð þeirra.

Greinin kveður enn fremur á um, að aðilar skuli koma sér saman um reglugerðir fyrir lánasjóðina, er þurfi að hljóta samþykki fjármálaráðuneytisins.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringar.

Um 43. gr.

Til þess að tryggja Lífeyrissjóði Íslands nauðsynlegt stofnfé og örugga framkvæmd í byrjun er óumflýjanlegt að skylda núverandi lífeyrissjóði til að inna af hendi ákveðið stofnframlag. Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir að fimm mánaða iðgjaldatekjur núverandi lífeyrissjóða mundu nægja til þess að mæta þessum þörfum. Þetta fyrirkomulag tryggir, ásamt nokkru svigrúmi í iðgjaldaprósentu fyrstu árin, að nokkurt fé sé jafnan til í sjóði.

Um 44. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 45. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 46. gr.

Samkvæmt þessari grein ber að fella niður gildandi ákvæði laga um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971, með áorðnum breytingum síðar, sem snerta þau atriði umræddra laga, sem lög um Lífeyrissjóð Íslands ná til. Einnig ber að fella niður ákvæði laga nr. 56 1975 um fæðingarorlof.

Um 47. gr.

Með tilliti til þess, að lög þessi fela í sér gjörbyltingu í ellilífeyristryggingarmálum þjóðarinnar og eru eðli sínu samkvæmt viðamikil og flókin í framkvæmd, er ráðherra heimilað samkvæmt þessari grein að gefa út ítarlega reglugerð um framkvæmd þeirra.

Sþ. 302. Tillaga til þingsályktunar [141. mál]

um staðfestingu á samkomulagi við Belgíu um heimildir til veiða innan fiskveiðilandhelgi Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1976.)

Alþingi ályktar að staðfesta samkomulag það, sem gert var við Belgíu hinn 28. nóvember 1975.

Samkomulagið er prentað sem fylgiskjal með ályktun þessari.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Tillaga sú til þingsályktunar, sem hér liggur fyrir, staðfestir, ef samþykkt verður, samkomulag það, sem ríkisstjórnin hefur gert við ríkisstjórn Belgíu, varðandi heimildir til veiða innan fiskveiðilandhelgi Íslands. Er hér um að ræða takmarkaða framlengingu á veiðiheimildum fyrra samkomulags við Belgíu, er féll úr gildi hinn 13. nóvember 1975. Eitt veiðisvæði fellur niður (áður svæði III). Sett er hámarksaflamagn, sem ekki var áður, en er nú 6500 tonn og þar af ekki meira en 1500 tonn af þorski. Áður voru 19 skip leyfð, en nú 12. Ennfremur eru ný ákvæði um verndun fiskstofna. Samkomulagið er uppsegjanlegt af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 28. nóvember 1975.

Háttvirti sendiherra,

Ríkisstjórnir Íslands og Belgíu hafa skipst á skoðunum vegna þeirra vandamála, sem upp hafa komið vegna útfærslu íslensku fiskveiðimarkanna í 200 sjómílur frá 15. október 1975. Ríkisstjórn Belgíu, sem gerir sér grein fyrir því hve óvenjulega mikla þýðingu fiskveiðarnar hafa fyrir efnahagslíf Íslendinga, hefir látið í ljós þá ósk, að reynt sé í samvinnu við ríkisstjórn Íslands að finna lausn á þessum vandamálum, sem aðgengileg sé fyrir báða aðila, án þess að áhrif séu höfð á skoðanir þeirra varðandi almennan rétt strandríkis til að ákveða víðáttu lögsögu sinnar yfir fiskveiðum.

Reykjavík, November 28, 1975.

Your Excellency,

The Governments of Iceland and Belgium have exchanged views in order to consider problems arising from the extension of the Icelandic fishery limits to 200 miles from 15 October 1975. The Government of Belgium, being aware of the exceptional importance of fisheries in the economy of Iceland, has expressed the wish to endeavour in cooperation with the Government of Iceland to find a mutually acceptable solution to these problems without prejudice to the views of either party as to the general right of a coastal state to determine the extent of its jurisdiction over fisheries.

Ég leyfi mér að staðfesta þær niðurstöður sem orðið hafa af viðræðum þessum, svo sem hér segir:

Ríkisstjórnir Íslands og Belgíu hafa komið sér saman um eftirfarandi fyrirkomulag varðandi þau vandamál sem risið hafa vegna útfærslu íslensku fiskveiðimarkanna í 200 sjómílur frá 15. október 1975:

1. Leyfi þau sem veitt verða belgískum skipum með samkomulagi þessu taka til veiða á botnlægum fisktegundum.
2. Skipum þeim, sem eru á skrá í fylgiskjali I við þetta samkomulag verða veitt leyfi til að stunda veiðar á þeim svæðum, sem lýst er í fylgiskjali II. Leyfin verða gefin út til 6 mánaða í einu. Hámarks ársafli er 6500 tonn og af því magni skal þorskafli ekki vera meiri en 1500 tonn.
3. Í því skyni að vernda svæði, þar sem mikið er af ungfiski eða hrygningarfiski á hafsvæðinu umhverfis Ísland, ábyrgist ríkisstjórn Belgíu, að belgískir togarar stundi ekki þær veiðar, sem íslenskum skipum eru bannaðar af þar til bærum stjórnvöldum. Slíkar ráðstafanir, sem skulu byggðar á hlutlægum og vísindalegum sjónarmiðum og ekki fela í sér mismunun í reynd eða að lögum, skulu tilkynntar ríkisstjórn Belgíu og þeim stjórnvöldum, sem hún tilnefnir.
4. Til frekari verndar fiskistofnum umhverfis Ísland skal ríkisstjórn Belgíu ábyrgjast eftirfarandi:
   a) Belgísk skip, er veiðar stunda á hafsvæðinu umhverfis Ísland skulu ekki veiða eða hirða fisk undir því máli eða þyngd, sem tilgreind eru í hlutaðeigandi reglum varðandi veiðar Íslendinga og tilkynntar hafa verið ríkisstjórn Belgíu eða þeim stjórnvöldum, sem hún tilnefnir.
   b) Þá skulu belgísk skip, sem veiðar stunda á hafsvæðinu umhverfis Ísland ekki nota net með smærri

I have the honour to confirm the understandings reached as a result of these discussions, as follows:

The Government of Iceland and Belgium have agreed to the following practical arrangement with regard to the problems raised by the extension of the Icelandic fishery limits to 200 miles from 15th October 1975:

1. Licences granted to Belgian vessels in accordance with this arrangement will apply to demersal fisheries.
2. The vessels listed in Annex I to the present document will be licensed by Iceland to fish in the areas referred to in Annex II. Licences will be issued for a period of 6 months at a time. The annual catch limit is 6500 metric tons of which not more than 1500 metric tons may consist of cod.
3. In order to protect concentrations of young or spawning fish within the sea area around Iceland the Government of Belgium shall ensure that Belgian trawlers abstain from such fishing operations in such areas and during such periods as will be prohibited for Icelandic fishing vessels by the competent Icelandic authorities. Such measures which shall be based on objective and scientific criteria and which shall not discriminate in fact or in law shall be duly notified to the Government of Belgium or such authorities as may be designated by the latter.
4. As further contribution to the conservation of the fish stock around Iceland, the Government of Belgium shall ensure:
   a) Belgian fishing vessels operating in the sea around Iceland will not fish or retain on board fish which are of a smaller size or weight than indicated in the relevant provisions of the regulations for Icelandic fishermen, duly notified to the Government of Belgium or such authorities as may be designated by the latter.
   b) Moreover, Belgian fishing vessels operating in the sea area around Iceland will not use, as from 16

möskvastærð en 135 mm frá 16. ágúst 1976.

c) Ef Ísland ákveður síðar að nota skuli aðra möskvastærð fyrir íslenska togara skal sú stærð einnig gilda fyrir belgíska togara, enda hafi hinar nýju stærðir verið tilkynntar þannig að gert sé ráð fyrir að minnsta kosti eins árs aðlögunartíma.

5. Ríkisstjórn Belgíu ábyrgist að staðsetning skipa, sem eru á lista samkvæmt fylgiskjali samkomulags þessa verði daglega tilkynnt íslensku landhelgisgæslunni meðan þau stunda veiðar á hafsvæðinu umhverfis Ísland.

6. Landhelgisgæsla Íslands hefur rétt til að rannsaka veiðarfæri þeirra skipa, sem leyfi hafa og óska eftir hvers konar upplýsingum varðandi veiðarnar sem hún telur nauðsynlegar.

7. Ríkisstjórn Belgíu mun hafa samvinnu um að auðvelda sölu íslenskra sjávarafurða í Belgíu.

8. Hvor aðili um sig getur sagt upp samkomulagi þessu með 6 mánaða fyrirvara.

Við móttöku orðsendingar frá yður um að ofangreind ákvæði séu samþykkt af ríkisstjórn Belgíu mun ríkisstjórn Íslands skoða orðsendingu þessa og svar yðar, sem samkomulag milli ríkisstjórnanna í þessu efni og skal það ganga í gildi við dagsetningu orðsendingar yðar.

Ég leyfi mér að votta yður, herra sendiherra, sérstaka virðingu mína.

Einar Ágústsson (Sign.)

Hr. sendiherra Belgíu
Etienne Harford,

Reykjavík.

August 1976, nets with meshes smaller than 135 mm in size.

c) If at a later stage Iceland should decide to introduce larger meshsizes for Icelandic trawlers, the same sizes shall apply for Belgian trawlers, provided that the new sizes are duly notified and an adjustment period of not less than one year is foreseen.

5. The Government of Belgium shall ensure that the position of the vessels included in the list annexed to this Agreement while fishing in the sea around Iceland will be reported on a daily basis to the Icelandic Coastal Patrol.

6. The Icelandic Coastal Patrol shall have the right to examine the fishing gear of licensed vessels and request any information concerning the fisheries which it deems necessary.

7. The Government of Belgium will cooperate in facilitating the marketing of Icelandic fishery products in Belgium.

8. This arrangement may be terminated by either party with 6 months' notice.

Upon receipt of a Note from you indicating that the foregoing provisions are acceptable to the Government of Belgium, the Government of Iceland will consider that this Note and your reply thereto constitute an arrangement between the two Governments on this subject, the arrangement to enter into force on the date of your Note in reply.

I avail myself of this opportunity to renew to Your Excellency the assurances of my highest consideration.

Einar Ágústsson (Sign.)

His Excellency
Mr. Etienne Harford,
Ambassador of Belgium,
Reykjavík.

Fylgiskjal I. — Annex I.

Skrá yfir belgíska togara.

List of Belgian trawlers.

Skip Ship		B. T. G. T.	Hö. E. P.	Smíðaár Year of construction Skip Hull	Vél Engine
0 81	John	555	1350	1952	1970
0 129	Amandine	196	510	1961	1961
0 182	Caesar	155	850	1967	1971
0 202	Pelagus	218	660	1964	1963
0 216	Henri-Jeanine	280	750	1961	1961
0 236	Henriette	156	510	1948	1964
0 282	Adronie-Kamiel	168	500	1936	1957
0 315	Jean-Hélene	203	600	1951	1971
0 316	Belgian Skipper	350	1005	1952	1968
0 317	Belgian Lady	414	1200	1959	1959
0 318	Belgian Sailor	183	600	1946	1958
0 334	De Haai	209	710	1962	1967

Fylgiskjal II. — Annex II.

Svæði og tímabil.

Areas and Periods.

Svæði I: — AREA I:

a) 64°47′7 N	13°13′2 W	
b) 64°52′0 —	13°07′0 —	
c) 64°52′0 —	12°00′0 —	
d) 64°33′0 —	12°00′0 —	Júní—júlí
e) 64°20′0 —	12°22′0 —	June—July
f) 63°58′0 —	13°17′0 —	
g) 63°58′0 —	13°43′0 —	
h) 64°26′0 —	13°43′0 —	
i) 64°28′4 —	13°38′5 —	

Svæði II: — AREA II:

a) 64°16′1 N	14°00′0 W	
b) 63°48′5 —	14°00′0 —	Mars—október
c) 63°40′0 —	14°29′0 —	March—October
d) 64°06′3 —	14°29′0 —	
e) 64°13′8 —	14°05′0 —	

Svæði III: — AREA III:

a) 63°50′7 N	15°37′0 W	
b) 63°27′0 —	15°37′0 —	
c) 63°11′0 —	17°31′5 —	
d) 63°11′0 —	18°10′0 —	
e) 63°13′0 —	18°10′0 —	Júlí—maí
f) 63°14′3 —	17°59′5 —	July—May

g) 63°20′5 —	17°36′5 —	
h) 63°31′0 —	17°17′5 —	
i) 63°34′5 —	16°27′0 —	
j) 63°44′9 —	15°51′0 —	
k) 63°49′9 —	15°40′0 —	

Svæði IV: — AREA IV:

a) 63°19′0 N	22°00′0 W	
b) 63°07′5 —	22°00′0 —	September—mai
c) 63°07′5 —	22°45′0 —	September—May
d) 63°26′2 —	22°45′0 —	


Svæði V: — AREA V:

a) 63°26′8 N	23°24′0 W	
b) 63°05′0 —	24°35′0 —	Júlí—apríl
c) 63°19′0 —	24°58′0 —	July—April
d) 64°04′2 —	24°05′0 —	
e) 63°36′6 —	23°48′0 —	

Svæði VI: — AREA VI:

a) 64°47′3 N	24°29′0 W	
b) 64°34′0 —	24°51′5 —	September—júní
c) 64°32′0 —	25°35′0 —	September—June
d) 64°50′0 —	25°45′0 —	
e) 64°50′0 —	24°31′0 —	

FYLGISKJAL — ANNEX 3



Reykjavík, 28. nóvember 1975.

Hæstvirti utanríkisráðherra,

Ég leyfi mér hér með að viðurkenna móttöku orðsendingar yðar dags. 28. nóv. 1975.

Jafnframt vil ég staðfesta við yður, að ríkisstjórn Belgíu fellst á skilmála umræddrar orðsendingar og er samþykk þeirri tillögu yðar að orðsendingin ásamt þessu svari skuli talin fela í sér samkomulag ríkisstjórnanna tveggja á umræddu sviði, er taki gildi í dag.

Ég leyfi mér á ný að votta yður, hæstvirti ráðherra, sérstaka virðingu mína.

E. Harford

Hr. utanríkisráðherra
Einar Ágústsson,
Reykjavík.

Reykjavik, November 28, 1975.

Your Excellency,

I have the honour to acknowledge receipt of your Note of November 28, 1975.

In reply, I have the honour to confirm to you that the provisions set forth in the said Note are acceptable to the Government of Belgium and that they agree with your proposal that your Note and this reply constitute an agreement between our two Governments on this subject, the arrangement to enter into force on the date of this Note.

I avail myself of this opportunity to renew to Your Excellency the assurances of my highest consideration.

E. Harford

His Excellency Mr. Einar Ágústsson,
Minister for Foreign Affairs,
Reykjavík.

Sþ. 303. Tillaga til þingsályktunar [142. mál]

um tölvutækni við söfnun upplýsinga um skoðanir manna og persónulega hagi.

Flm.: Ragnar Arnalds, Steingrímur Hermannsson, Benedikt Gröndal, Sigurlaug Bjarnadóttir, Magnús T. Ólafsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að semja frumvarp til laga um verndun einstaklinga gagnvart því að komið sé upp safni upplýsinga um skoðanir þeirra eða aðra persónulega hagi með aðstoð tölvutækni. Nefndin skal kynna sér lög þau, sem sett hafa verið eða verið er að undirbúa í nálægum löndum, bæði austan hafs og vestan, um bann við persónunjósnum með tölvutækni. Nefndin skal hafa lokið störfum áður en þing kemur saman næsta haust. Allur kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Notkun tölvutækni skapar áður óþekkta yfirsýn við söfnun hvers konar upplýsinga, og þegar þess háttar tækni er beytt til að skrásetja persónulegar skoðanir fólks eða aðrar upplýsingar um einkahagi manna, þá er alvarleg hætta á ferðum. Þetta hefur mönnum orðið ljóst á seinustu árum í flestum nálægum löndum, og þess vegna hafa víða verið gerðar ráðstafanir til að vernda friðhelgi og persónuréttindi einstaklinga gegn undramætti tölvutækninnar.

Nýlega hafa verið lögleidd í Bandaríkjunum ákvæði, sem eiga að tryggja rétt einstaklingsins til einkaleyndar og verja hann gagnvart persónuskrám sambandsríkisins: The Privacy Act of 1974, staðfest 31. des. Í Vestur-Þýskalandi hefur mikill lagabálkur um upplýsingavernd legið fyrir sambandsþinginu um tveggja ára skeið. Í Frakklandi starfar nefnd að samningu lagafrumvarps um tölvunotkun og frelsið. Í Austurríki hefur forsætisráðuneytið samið frumvarp að tölvuskrárlögum og lagt

fyrir þingið. Í Bretlandi hefur stjórnskipuð nefnd skilað áliti um persónuvernd við tölvuvinnslu hjá einkaaðilum og önnur nefnd hefur fjallað um ríkisreknar tölvuskrár. Á Norðurlöndunum öllum hefur mikið verið fjallað um þessi mál: Svíar urðu fyrstir til að setja lög um þessi efni og er nú komin nokkur reynsla á framkvæmd þessara laga. Norðmenn leggja fram lagafrumvarp á þessu ári og í Danmörku er frumvarp í undirbúningi. Ráðherranefnd Evrópuráðsins hefur gert tvær ályktanir um persónuvernd gagnvart tölvutækni og mannréttindanefnd Efnahags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna hefur sent frá sér skýrslu um hagnýtingu tölvutækni og áhrif hennar á almenn mannréttindi og þær takmarkanir, sem setja verði tölvunotkun í lýðræðisþjóðfélagi. Efnahags- og framfarastofnun Evrópu, OECD, efndi til sérstakrar ráðstefnu um tölvuvinnslu og persónuleynd og var í niðurstöðum ráðstefnunnar lögð á það þung áhersla, að sem víðast yrðu sett lög um tölvurekstur og persónuskrár, og varði brot viðurlögum að mati dómstóla.

Tillaga sú, sem hér er lögð fram, var flutt á Alþingi fyrir tæpum tveimur árum, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Nefna mætti fleiri dæmi en að framan greinir til að sýna, að í öllum nálægum löndum er nú unnið að undirbúningi löggjafar um þessi efni, og hefur þróunin verið einkar hröð á seinustu tveimur árum. Vegna fámennis þjóðarinnar er sérstaklega auðvelt á Íslandi að nota nýjustu tölvutækni til að koma upp skrám um einkahagi allra landsmanna. Að sjálfsögðu er hér ekki aðeins um að ræða pólitískar tölvuskrár; vitað er, að á vegum einkaaðila er nú unnið að gerð tölvuskrár um gjaldþrot, nauðungaruppboð og önnur fjárhagsleg mistök einstaklinga, og er þá væntanlega ætlunin, að þessar upplýsingar verði til sölu í framtíðinni. Á skal að ósi stemma og er ekki seinna vænna, að gerðar verði ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að unnt sé að hagnýta tölvutækni hér á landi í annarlegum tilgangi.

Ed. 304. Frumvarp til laga [143. mál]

um flokkun og mat ullar.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

I. KAFLI

1. gr.

Öll óþvegin ull, sem framleidd er í landinu og til sölumeðferðar kemur, skal flokkuð og metin eftir lit og gæðum samkvæmt flokkunar- og matsreglum, er ullarmatsformaður setur og landbúnaðarráðherra staðfestir.

2. gr.

Hver ullarframleiðandi er skyldugur að skila ullinni í merktum umbúum. Skylt er kaupanda að meta ullina strax við móttöku, enda hafi framleiðandi þegar flokkað ullina samkvæmt gildandi flokkunarreglum. Komi ullin óflokkuð frá framleiðanda, má matið fara fram í ullarþvottastöð, enda fái framleiðandi skýrslu um matið.

II. KAFLI

Um mat á þveginni ull.

3. gr.

Öll þvegin ull, sem til sölumeðferðar kemur, skal metin af ullarmatsmönnum, ef kaupandi eða seljandi óskar þess. Nánari reglur um útflutning ullar má setja með reglugerð.

III. KAFLI
Um skipun og störf starfsmanna við ullarmat.

4. gr.

Lögreglustjóri skipar ullarmatsmenn eftir tillögum yfirullarmatsmanna.

Landbúnaðarráðherra skipar yfirullarmatsmenn samkvæmt tilnefningu ullarmatsformanns. Skulu þeir hafa aflað sér þekkingar á ullarmati og meðferð ullar með því að hafa áður starfað að ullarmati eða á annan hátt.

Yfirullarmatsmenn skulu vera fjórir, og hafi hver þeirra ákveðið starfssvæði.

Landbúnaðarráðherra skipar ullarmatsformann, er skal vera ráðunautur ríkisstjórnarinnar í öllu því, sem að ullarframleiðslu, meðferð ullar og ullarmati lýtur. Skal hann og veita ullarmatsmönnum og yfirullarmatsmönnum fræðslu um framkvæmd ullarmatsins og flokkun ullarinnar, og er yfirullarmatsmönnum og ullarmatsmönnum skylt að haga ullarmatinu eftir fyrirmælum hans, og má leita úrskurðar hans, ef ágreiningur verður um ullarmatið.

Landbúnaðarráðuneytið tiltekur nánar starfssvið hans, eftir því sem þurfa þykir.

Nánari ákvæði um starfssvið ullarmatsmanna skal setja í reglugerð.

5. gr.

Ullarmatsformanni og yfirullarmatsmönnum skulu greidd laun úr ríkissjóði í samræmi við launakerfi opinberra starfsmanna.

Laun ullarmatsmanna greiða þeir aðilar, sem taka á móti ull frá framleiðendum.

6. gr.

Yfirullarmatsmenn skulu ferðast um umdæmi sitt árlega og líta eftir ullarmati og leiðbeina ullarmatsmönnum við störf þeirra. Þeir skulu og í ferðum sínum leiðbeina mönnum í meðferð og frágangi ullar eftir því sem við verður komið.

Ferðakostnað sinn fá þeir greiddan úr ríkissjóði eftir reikningi, sem landbúnaðarráðuneytið úrskurðar.

7. gr.

Brot á ákvæðum laga þessara sæta sektum frá 5 000 til 100 000 krónur, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Núverandi lög um ullarmat eru lög nr. 107 frá 11 ágúst 1933 með breytingum samkv. lögum nr. 118 1947. Þessi lög voru miðuð við mat á heimaþveginni ull og eru því löngu úrelt.

Reglur um flokkun og merkingu á ull til útflutnings og erindisbréf fyrir ullarmatsmenn samkvæmt lögum nr. 107/1933 voru settar 1. apríl 1935. Hinn 10. júlí 1944 voru staðfestar reglur um flokkun og mat á óþveginni ull, en þær voru felldar úr gildi 5. júlí 1950.

Ullarmatsformaður samdi reglur um mat og flokkun á óþveginni ull og merkinu eftir þvott hinn 22. okt. 1953. Þá samdi ullarmatsformaður reglur um mat á óþveginni ull í ullarþvottastöðvum hinn 15. ágúst 1961, og ennfremur reglur um móttökuflokkun á óþveginni ull í mars 1973.

Reglur þær, sem ullarmatsformaður hefur samið eftir 1950, hafa ekki hlotið staðfestingu, enda hefur skort lög til að styðjast við um flokkun og mat á óþveginni ull.

Nú kemur öll ull óþvegin á markað frá framleiðendum. Skortur á lagaákvæðum og staðfestum matsreglum hefur valdið því að ekki hefur verið hægt að fylgja því eftir, að öll innlögð ull væri flokkuð eða metin eftir gæðum. Af þessu hefur leitt að þegar milkil samkeppni hefur verið milli ullarkaupenda hefur ekki verið hægt að koma í veg fyrir, að ull væri keypt án flokkunar.

Verslun með óflokkaða ull hefur eðlilega ýtt undir þann hugsunarhátt, að mikill ullarþungi væri aðalkeppikefli framleiðandans en gæðin skiptu minna máli.

Hin síðari ári hefur ullariðnaður í landinu stóraukist, og útflutningur á iðnaðarvarningi úr ull hefur farið sívaxandi. Á sama tíma hefur meðferð og umhirðu ullarinnar hrakað frá því sem áður var. Hefur skort mikið á sum árin, að sú ull, sem vaxið hefur á fé landsmanna, hafi komið til skila til innleggs.

Samkvæmt tölum frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefur ullarmagn af hverri kind, sem rúin er á 5 ríkisbúum á 7—11 ára tímabili numið 2,2 kg að meðaltali á ári. Virðist varlega áætlað, að meðalullarmagn á kind fyrir landið í heild sé 2.0 kg.

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda vetrarfóðraðs fjár, magn óþveginnar ullar í tonnum, sem til innleggs kom og innlagt ullarmagn í kg af vetrarfóðraðri kind ásamt því ullarmagni í tonnum, sem á vantar að komi til skila í landinu, þegar miðað er við, að hver kind eigi að geta skilað 2 kg ullar á ári.

	1970	1971	1972*)
Fjöldi vetrarfóðraðs fjár	780 571	735 543	786 234
Innlagt ullarmagn, tonn	1 067.7	1 096.8	1 313.2
Innlagt ullarmagn, kg/kind	1.37	1.49	1.67
Vantar til innleggs, tonn	493.5	374.2	259.3

Ástæðan fyrir því, að ullin hefur ekki komið betur til skila, hefur fyrst og fremst verið allt of lágt ullarverð til bænda. Afleiðingin af þessu hefur verið að færst hefur í vöxt hin síðari ár, að fé væri látið ganga í ull yfir sumarið og ekki rúið fyrr en að hausti, en þá er ullin oftast einskis virði.

Ullargæðin hafa verið mjög misjöfn. Nálægt 20% ullarinnar hefur farið í það laka gæðaflokka, að erfitt eða ómögulegt hefur verið að nota hana í íslenskum iðnaði. Mikið er hægt að bæta ullarframleiðsluna og auka hana með bættri meðferð og allri umhirðu.

Sú nýjung hefur rutt sér verulega til rúms hin síðari ár að rýja fé á húsi síðari hluta vetrar, þ. e í febrúar, mars eða apríl. Vetrarrúin ull er að öllum jafnaði mun betra hráefni heldur en vorrúin ull og flokkast mun betur.

Til þess að vetrarrúningur eigi rétt á sér, þarf góð fjárhús, góða fóðrun og umhirðu og næg hey, hvernig sem árar. Sé þessum skilyrðum fullnægt, er sjálfsagt að hvetja til vetrarrúnings. Yrði hann almennur, kæmi ullarframleiðslan mun betur til skila en nú er og ullargæði ættu að batna til stórra muna.

Ullarmatið á að vera hlutlaus dómur um gæði framleiðslunnar. Nauðsynlegt er einnig, að framkvæmd laga þessara stuðli að aukinni nýtingu, bættri meðferð og bættum eðlisgæðum ullarinnar. Til þess að svo megi verða, þarf verðlagningin, bæði verið sjálft og mismunur eftir gæðaflokkum að hvetja til þessarar þróunar.

Í lagafrumvarpi þessu og reglugerð er orðið „flokkun“ notað um þá skiptingu ullar í gæðaflokka, sem framleiðandinn framkvæmi, en „mat“ um endanlegan dóm opinberra matsmanna um gæði ullarinnar. Hér á eftir koma nánari skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

*) Ekki endanlegar tölur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinargerð þessari fylgir uppkast að reglum um flokkun og mat ullar. Í þeim reglum er gert ráð fyrir, að flokkun og mat verði einfalt í meðferð og ekki vinnufrekt, en mörk milli flokka skýr.

Um 2. gr.

Í grein þessari er gert ráð fyrir, að bændur flokki ullina sjálfir heima fyrir eftir gildandi flokkunarreglum. Ull sú, sem þannig er heima flokkuð, skal metin strax við móttöku. Með þessu fyrirkomulagi vinnst tvennt. Framleiðandi vandar betur meðferð og frágang ullarinnar, þegar hann skilar henni flokkaðri, og móttökumatið verði einfaldara og ódýrara. Gera má ráð fyrir, að bændur komist fljótt upp á að flokka ullina rétt, og við þessi vinnubrögð aukist þekking þeirra og áhugi á framleiðslunni. Ef í ljós kemur, að bændur hafa ekki áhuga á að flokka ullina sjálfir og mat á óflokkaðri ull við móttöku reynist kostnaðarsamt, er gert ráð fyrir svipuðu mati og nú fer fram á sérmerktri ull í ullarþvottastöðvunum. Rétt er að taka fram, að Búnaðarþing hefur gert ákveðnar samþykktir um nauðsyn þess að koma á móttökumati á ull. Þá er nauðsynlegt að vekja athygli á, að verulegur verðmunur verður að vera á flokkaðri ull og óflokkaðri.

Um 3. gr.

Þvegin ull mun nú oftast seld eftir sýnishornum, en þó er talið rétt, að opinbert mat fari fram á henni, ef kaupandi eða seljandi óska þess.

Um 4.—6. gr.

Í greinum þessum er fjallað um starfsmenn við ullarmat. Er fyrirkomulag á ráðningu, starfstilhögun og kostnaði við störf þeirra í aðalatriðum í samræmi við ákvæði laga um kjötmat.

Um 7.—8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 305. Frumvarp til laga [144. mál]

um flokkun og mat á gærum.

(**Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.**)

I. KAFLI

Um flokkun á gærum við móttöku fjár á sláturstað.

1. gr.

Allar gærur, sem til sölumeðferðar koma, skulu flokkaðar við móttöku fjár í sláturhúsi. Flokkunin skal framkvæmd af lögskipuðum gærumatsmönnum og lögð til grundvallar við útreikning á verði gæranna til einstakra framleiðenda. Við flokkunina skal taka tillit til ástands, eðlisgæða og litar gæranna samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

II. KAFLI

Um sölumat á gærum við afhendingu.

2. gr.

Sláturleyfishöfum er skylt að hlíta fyrirmælum lögskipaðra gærumatsmanna um fláningu, kælingu, söltun, frágang og geymslu gæra. Gærumatsmaður skal yfirfara

gærurnar við afhendingu, meta ástand þeirra og gefa vottorð þar um. Í vottorðinu skal tilgreina tölu og nettó þyngd saltlausra gæra. Nánari ákvæði um framkvæmd sölumats og gerð vottorðs skal setja í reglugerð.

III. KAFLI
Um starfsmenn við gærumat.

3. gr.

Lögreglustjóri skipar gærumatsmenn einn eða fleiri hjá hverjum sláturleyfishafa, eftir tillögum yfirgærumatsmanna. Skulu þeir hafa aflað sér þekkingar á gærumati, með því að hafa starfað að því, eða á annan hátt. Landbúnaðarráðherra skipar yfirgærumatsmenn samkvæmt tilnefningu gærumatsformanns. Skulu þeir vera 4 og hafi hver þeirra ákveðið starfssvæði. Landbúnaðarráðherra skipar gærumatsformann. Skal hann vera sérfróður í öllu því, sem að framleiðslu, meðferð og geymslu gæra lýtur. Skal hann veita gærumatsmönnum og yfirgærumatsmönnum fræðslu um flokkun gæranna og framkvæmd gærumatsins. Er yfirgærumatsmönnum og gærumatsmönnum skylt að haga gærumatinu eftir fyrirmælum hans, og má leita úrskurðar hans, ef ágreiningur verður um matið.

Nánari ákvæði um starfssvið gærumatsmanna skal setja í erindisbréfi, sem landbúnaðarráðherra gefur út að fengnum tillögum gærumatsformanns.

4. gr.

Gærumatsformanni og yfirgærumatsmönnum skulu greidd laun úr ríkissjóði í samræmi við launakerfi opinberra starfsmanna.

Laun gærumatsmanna greiða þeir aðilar, sem taka á móti gærum frá framleiðendum.

5. gr.

Yfirgærumatsmenn skulu ferðast um umdæmi sitt árlega og líta eftir gærumati og leiðbeina gærumatsmönnum við störf þeirra. Þeir skulu og í ferðum sínum leiðbeina mönnum í meðferð og frágangi gæra, eftir því sem við verður komið. Ferðakostnað sinn fá þeir greiddan úr ríkissjóði eftir reikningi, sem landbúnaðarráðuneytið úrskurðar.

6. gr.

Brot á ákvæðum laga þessara sæta sektum frá 5 000 til 100 000 króna, nema þyngri viðurlög liggi við samkvæmt öðrum lögum.

7. gr.

Sláturleyfishöfum skal veittur þriggja ára aðlögunartími frá gildistöku laga þessara til framkvæmda á ákvæðum 1. greinar. Ráðherra getur að þeim tíma liðnum veitt undanþágu frá ákvæðum 1. greinar, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Núverandi lög um gærumat, lög nr. 11 frá 4. maí 1942, fjalla um meðferð á gærum við slátrun, söltun, geymslu og frágang til útflutnings. Í þeim eru engin ákvæði um flokkun á gærum við móttöku fjár frá einstökum bændum og aðeins heimildarákvæði um mat á gærum til kaupenda innanlands. Á þeim tíma, sem ofangreind lög voru sett, var meginhluti gæranna fluttur úr landi óunnin.

Hin síðari ár hefur gærusútun og skinniðnaður í landinu farið mjög í vöxt. Samtímis þessu hafa aðferðir við fláningu breyst, frágangur gæranna til sölu ein-

faldast, geymslutími á sláturstöðum lengst og kröfur kaupenda um gæði hráefnisins aukist. Þessar breyttu aðstæður valda því, að áðurnefnd lög um gærumat eru orðin úrelt.

Í ljós hefur komið, að forráðamenn gæruiðnaðar telja, að hreinni litir og betra ullarfar auki verðmæti gæranna. Jafnframt hefur komið skýrt fram, að verulegur mismunur hefur verið á meðferð gæranna í fláningu og geymslu, án þess að sláturleyfishafar hafi notið eða goldið þess í verði framleiðslunnar. Flokkun og mat gæranna, fyrst við slátrun og síðar við afhendingu til verksmiðjanna, þarf að verða virkur hvati til aukinnar vöruvöndunar á öllum stigum hráefnisframleiðslunnar.

Hér á eftir koma skýringar og rökstuðningur við einstakar greinar frumvarpsins ásamt ýmsum upplýsingum, sem fyrir liggja.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þessi grein er nýmæli. Með henni er ákveðið, að allar gærur skuli metnar við móttöku í sláturhúsi. Gert er ráð fyrir, að gærurnar verði metnar á fénu lifandi af þar til kvöddum matsmönnum. Flokkun ráðist af aldri sláturfjár, lit og eðlisgæðum ullarinnar, en auk þess verði tekið tillit til ástands gæranna, svo sem óhreininda eða annarra galla. Hvítar, óskemmdar lambagærur verði flokkaðar í ekki færri en 2 flokka eftir lit og ullarfari. Aðrar gærur t. d. gráar, svartar o. s. frv. verði flokkaðar eftir litum og litbrigðum samkvæmt nánari flokkunarreglum, sem hægt verði að breyta eftir kröfum markaðarins. Gærumatsmaður skráir fjölda gæra í hverjum flokki, en sláturleyfishafi ákveður, hvort flokkunum er haldið aðskildum eftir fláningu.

Undanfarin fjögur ár hafa hvítar lambagærur verið flokkaðar á nokkrum sláturhúsum. Hafa flokkarnir yfirleitt verið tveir, 1. fl. alhvítar gærur með góðu ullarfari og II. fl. allar aðrar hvítar gærur. Svipuð flokkun hefur farið fram á lömbum á 4 ríkisbúum á vegum Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins í meira en 10 ár. Þar hefur komið í ljós, að tiltölulega mjög auðvelt er að breyta lit og ullarfari með vali líflamba í samræmi við þessa flokkun.

Um alllangt skeið hafa gráar gærur verið flokkaðar í allt að 5 flokka, og flokkunin ýmist farið fram á fénu lifandi eða á gærum eftir slátrun. Árið 1972 voru flokkaðar rúmlega 200 000 hvítar lambagærur í sláturhúsum auk gráu gæranna eða um 30% af öllum lambagærum. Er því komin nokkur reynsla á flokkun af þessu tagi.

Nú er með lagafrumvarpi þessu gert ráð fyrir, að lögfesta gæruflokkun og samræma hana. Lögð er áhersla á, að flokkunin verði einföld og ekki vinnufrek og gefi glöggar ábendingar um eðlisgæði gæra frá hverjum framleiðanda og hverjum sláturleyfishafa. Nauðsynlegt er, að verðmismunur hinna ýmsu flokka verði hvatning til, að framleiðendur aðlagi framleiðslu sína kröfum markaðarins. Lagafrumvarpið gerir ráð fyrir, að nánari ákvæði verði sett í reglugerð.

Um 2. gr.

Með þessari grein er ákveðið, að gærur skuli metnar við afhendingu frá sláturleyfishafa. Gert er ráð fyrir, að við það mat verði tekið tillit til, hvort gærurnar hafa orðið fyrir skemmdum í fláningu, kælingu, söltun eða geymslu.

Komið hefur í ljós í viðræðum við forystumenn í sútunariðnaði, að meðferð gæra er í ýmsu ábótavant og er þar mikill munur frá einum sláturleyfishafa til annars. Þessi mismunur hefur þó ekki haft áhrif á verð til sláturleyfishafanna hingað til. Forystumenn sútunariðnaðarins telja, að með bættri meðferð megi stórauka verðmæti hráefnisins og þar með hinnar fullunnu vöru. Mat á meðferðargöllum og verðlagningu í samræmi við það mat ætti að vera virkasta aðferðin til raunhæfra úrbóta á þeim atriðum í meðferð gæranna, sem göllunum valda.

Nefndin leggur því til, að núverandi „orginal"-gærur verði flokkaðar í tvo gæðaflokka og sé útkoman úr þeirri flokkun tilgreind í vottorði gærumatsmanns.

Helstu meðferðargallar eru eftirfarandi:

1. Gallar á fláningu, svo sem röng fyrirrista, skurður á gærum eða gærurnar eru rifnar eða með blóðflekkjum.
2. Léleg kæling og söltun, sem veldur skemmdum í geymslu.
3. Ófullnægjandi hreinlæti og skortur á vandvirkni við frágang gæranna í geymslu.

Í vottorði því, sem matsmaður gefur við afhendingu gæranna á sölustað, skal getið niðurstaðna úr gæða- og litarflokkun við móttöku fjárins. Þá skal matsmaður meta og votta hversu fláning, söltun og geymsla hefur til tekist.

Um 3.—5. gr.

Í greinum þessum er fjallað um starfsmenn við gærumat. Er fyrirkomulag á ráðningu, starfstilhögun og kostnaði við starf þeirra í aðalatriðum í samræmi við ákvæði laga um kjötmat.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Nauðsynlegt er, að tími gefist til að þjálfa menn til starfa við gærumat og er því talið eðlilegt, að sláturleyfishöfum gefist nokkur frestur til að koma gærumati á.

Ed. 306. Frumvarp til laga [145. mál]

um breyting á lögum nr. 42/1969 um afréttarmálefni, fjallskil o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

1. gr.

Fyrsta mgr. 13. gr. falli niður.

2. gr.

14. gr. laganna falli niður. 15. gr. verður 14. gr.

3. gr.

III. kafli laganna orðist svo:

Um verndun beitilands og um ítölu.

15. gr.

Stjórnum fjallskiladeilda og hreppsnefndum, þegar um heimalönd er að ræða, er skylt að fylgjast með ástandi afrétta og heimalanda, og skulu þær hafa um það samráð við gróðurverndarnefnd viðkomandi sýslu og Landgræðslu ríkisins.

Berist þessum aðilum rökstuddar ábendingar um, að nýtingu afréttar eða heimalanda sé ekki hagað á skynsamlegan hátt, eða að um ofbeit sé að ræða, er þeim skylt að leita álits gróðurverndarnefndar og Landgræðslu ríkisins um málið og um aðgerðir til úrbóta.

16. gr.

Þar sem talin er þörf bættrar meðferðar afréttar og verndar á gróðri, að mati gróðurverndarnefndar og Landgræðslu ríkisins, er stjórnum fjallskiladeilda heimilt að grípa til eftirtalinna aðgerða:

a) Ákveða, að fjallgöngur á hausti skuli færðar fram, eða að smalað sé af tilteknum hlutum afréttar fyrir göngur.
b) Ákveða, hvenær fyrst megi reka hverja búfjártegund á afrétt.

c) Láta girða sérstök svæði á afréttum eða í heimalöndum fyrir hrossabeit.
d) Banna, að stóðhross séu rekin á afrétt, enda séu þau þá undanskilin fjallskilum.
e) Eiga frumkvæði að félagslegum aðgerðum til hagabóta í samráði við gróðurverndarnefnd og Landgræðslu ríkisins.
f) Eiga frumkvæði að ítölu, ákvæði 17.—25. gr.

17. gr.

Ítölu má gera í afrétti og heimalönd fyrir heilar sýslur, einstaka hreppa eða hreppshluta, að fullnægðum skilyrðum laga þessara, enda sé gætt að brjóta ekki í bága við lög um sauðfjárveikivarnir.

18. gr.

Eftirtaldir aðilar geta farið þess á leit við sýslunefndir, að athugun verði gerð á því, hvort þörf sé fyrir ítölu, og krafizt ítölu, ef niðurstaða athugunar er á þann veg, að hennar sé talin þörf:
a) Einstakir bændur, búi þeir á viðkomandi svæði eða á nærliggjandi svæði, þar sem um verulegan samgang búfjár er að ræða á milli svæðanna.
b) Hreppsnefnd viðkomandi hrepps og hreppsnefndir nágrannahreppa, ef verulegur samgangur búfjár er á milli þeirra.
c) Sýslunefndir aðliggjandi sýslna, ef verulegur samgangur búfjár er á milli þeirra.
d) Gróðurverndarnefnd viðkomandi sýslu og gróðurverndarnefnd í nágrannasýslu, ef verulegur samgangur búfjár er á milli sýslnanna.
e) Landgræðsla ríkisins.

19. gr.

Nú hefur sýslunefnd borizt ósk um, að gerð verði ítala í ákveðið landsvæði, og er þá skylt að leita álits hlutaðeigandi hreppsnefndar, gróðurverndarnefndar og Landgræðslu ríkisins á málinu. Telji einhver þessara aðila þess þörf, skal gera athugun á beitarþoli og notkun landsins og gefa um það álitsgerð.

20. gr.

Telji gróðurverndarnefnd og Landgræðsla ríkisins, eða hlutaðeigandi hreppsnefnd, aðgerða þörf, ítölu eða annarrar gróðurverndar, þá skal stjórn fjallskiladeildar, sýslunefnd, ef heil fjallskilaumdæmi eiga hlut að máli, eða hreppsnefnd, ef um heimalönd er að ræða, boða til fundar alla bændur innan þess svæðis, sem um ræðir. Ef um heilt fjallskilaumdæmi eða meira er að ræða, er heimilt að boða til fulltrúafundar, þar sem fulltrúar einstakra hreppa eða fjallskiladeilda eiga fundarsetu, kosnir af bændafundum í hlutfalli við bændafjölda hvers hrepps eða deildar. Fulltrúafundur getur því aðeins ráðið málinu til lykta, að allar deildir séu því samþykkar.

Sá telst bóndi, er hefur lögbýli til ábúðar. Í fundarboði skal geta um fundarefni. Fundur telst lögmætur, ef meira en helmingur atkvæðisbærra manna mætir. Hver maður hefur eitt atkvæði, og eigi fleiri, þótt hann nytji eða búi á tveimur eða fleiri lögbýlum. Gróðurverndarnefnd viðkomandi sýslu og fulltrúi frá Landgræðslu ríkisins eiga rétt til setu á fundinum með málfrelsi og tillögurétt. Skylt er að boða þeim slíka fundi.

Skrá skal í fundargerð, hve margir bændur eru á viðkomandi svæði, svo og hve margir hafa greitt atkvæði um fundarefnið.

Verði samþykkt með meirihluta atkvæða á lögmætum fundi að gera ítölu eða grípa til annarra aðgerða til að létta af afréttum eða heimalöndum, sbr. a—e-lið 16. gr., er sú samþykkt bindandi.

Samþykkt um ítölu í afrétti eða heimalönd skal send viðkomandi sýslunefnd, og skal hún annast um, að ítala sé gerð.

Ef aðeins er um að ræða eina fjallskiladeild, einn hrepp eða hluta hrepps, og fundur samþykkir ítölu einróma, má fela stjórn fjallskiladeildar eða hrepps-

nefnd að sjá um framkvæmd ítölu. Skylt er þó ætíð að leita aðstoðar sérfróðra manna við ítölumatið.

Fundarályktanir um aðrar aðgerðir samkvæmt heimildum í a—e-lið 16. gr. skal senda viðkomandi fjallskiladeild.

Nú er tillaga um ítölu eða aðrar aðgerðir felld við atkvæðagreiðslu, og er þeim, sem aðgerða hefur krafizt, þá heimilt að vísa málinu til landgræðslustjóra, sem fer með það, samkvæmt 23. gr. landgræðslulaga nr. 17/1965. Skylt er að hlíta þeirri ítölu, sem þannig er ákveðin.

21. gr.

Þegar sýslunefnd hefur borizt fundarályktun um ítölu samkvæmt 20. gr., annast sýslumaður um skipun 3ja manna ítölunefndar. Sýslumaður tilnefnir formann nefndarinnar, en Búnaðarfélag Íslands og Landgræðsla ríkisins sinn manninn hvort. Varamenn skulu tilnefndir af sömu aðilum.

22. gr.

Ítala skal svo ákvörðuð, að fullskipað sé í landið en ekki ofskipað miðað við beitarþol. Byggja skal á beitarþolsrannsóknum svo sem við verður komið, jafnframt skal tekið tillit til aðstæðna hverju sinni.

Búfé skal lagt í einingar með hliðsjón af tillögum sérfræðinga í fóðurfræði og beitarþolsrannsóknum. Ítölunefnd er heimilt að ákveða hlutfallstölu einstakra búfjártegunda, sé gróðurfar landsins mjög einhæft.

23. gr.

Ef innan ítöluumdæmis er kaupstaður eða kauptún, sem hefur umráðarétt jarðnæðis, er grasnyt fylgir, hefur kauptúnið sem heild beitarrétt í heimahögum og afrétti í hlutfalli við beitiland jarðarinnar, eftir sömu reglum og um getur í 22. og 24. gr. Um rétt einstaklinga innan viðkomandi kaupstaðar eða kauptúns fer eins og um venjulegt sveitarfélag sé að ræða. Nú er kauptún í landi jarðar, sem er einkaeign, og skal þá við ítölu úthluta jörðinni í heild, þar með talið kauptúnið, því, sem henni ber í hlutfalli við aðrar jarðir, en íbúar kauptúnsins semji hver fyrir sig við umráðamann jarðarinnar um beitarréttindi í heimalandi og afrétti.

24. gr.

Þegar ítölunefnd hefur ákveðið heildartölu búfjár, sem hafa má á hverju svæði, sendir hún úrskurðinn viðkomandi sýslumanni, sem birtir hann viðkomandi aðilum og Landgræðslu ríkisins. Sveitarstjórn hefur eftirlit með því, að eigi sé haft fleira í högum en ítölunefnd hefur ákveðið.

Nú er fleira búfé á ákveðnu ítölusvæði en þar má ganga samkvæmt úrskurði ítölunefndar, og má þá fela ítölunefnd að ákveða hlutdeild hvers býlis af heildarsveitarréttindum.

Nú hefur hreppsnefnd eða stjórn fjallskiladeildar gert tillögur um hlutdeild einstakra býla í ítölu, og getur þá sá, sem ekki vill una þeim, skotið málinu til ítölunefndar, sem sker úr.

Réttur hvers lögbýlis skal vera í hlutfalli við beitarþol heimalands jarðarinnar. Hafi það ekki verið metið, má leggja til grundvallar landverð jarðarinnar eftir fasteignamati að frádregnum hlunnindum og að frádregnu verðmæti þess hluta af fullræktuðu landi, sem ætla má að nota verði til heyöflunar. Taka má tillit til sérstakra búskaparhátta á jörðinni.

Heimilt er sveitarfélagi, sem ekki fyllir ítölu sína í afrétti, að leyfa öðru sveitarfélagi, sem á upprekstur í sameiginlegt afréttarland, að fylla ítöluna, enda komi gjald fyrir, sem ítölunefnd ákveður. Hafi ábúandi færra búfé í heimahögum en svarar ítölu hans, má hann taka af öðrum innan sama hrepps, en eigi utan, nema með samþykki sveitarstjórnar. Sama gildir um eyðijarðir, noti eigandi þær ekki fyrir eigin fénað. Hafi hreppsbúar ekki þörf nytjalandsins, en sveitarstjórn synjar

jarðeiganda að taka fénað utan hrepps, getur hann krafizt beitarleigu eftir mati ítölunefndar.

Nú hefur ítala verið ákveðin í afréttarland, og er þá sveitarstjórn heimilt að jafna niður fjallskilakostnaði í hlutfalli við ítölu hvers býlis.

25. gr.

Til þess að gera ítölu í land, sem er innan tveggja eða fleiri lögsagnarumdæma eða er eign fleiri en eins lögsagnarumdæmis, tilnefnir landbúnaðarráðherra einn mann í nefnd og er hann formaður, stjórn Búnaðarfélags Íslands annan og landgræðslustjóri hinn þriðja.

26. gr.

Kostnaður við störf ítölunefndar greiðist af því sveitarfélagi, sem hlut á að máli. Nú er ítala gerð í lönd tveggja eða fleiri sveitarfélaga, og skiptist þá kostnaðurinn milli þeirra eftir meðaltalstölu búpenings síðastliðin fimm ár. Rísi ágreiningur um reikning ítölunefndar eða skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga, sker Búnaðarfélag Íslands úr.

27. gr.

Sá, er ekki vill una úrskurði ítölunefndar, getur krafizt yfirítölumats innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu ítöluúrskurðar. Krafan sendist landbúnaðarráðherra, sem skipar þrjá menn í yfirítölunefnd, og sé einn þeirra formaður. Starfar nefndin samkvæmt ákvæðum 22. gr.

Kostnaður greiðist á sama hátt og segir í 26. gr., ef nefndin breytir ítölu um 10 af hundraði eða meira, ella af þeim, er krafðist endurskoðunar.

28. gr.

Nú telur einhver, að ítölu sé ekki fylgt, og getur hann þá kært málið til sýslumanns.

Nú verður sannað, að einhver bóndi hefur fleira búfé í afrétti eða heimahögum en hann hefur rétt til samkvæmt ítölu, og skal þá sýslumaður gera viðkomanda að greiða sekt til fjallskilasjóðs.

Sektarfé skal verja til gróðurbóta á viðkomandi landi.

Sekt skal vera sem samsvarar 1/10 af meðallambsverði fyrir hverja fjallskilaeiningu, sem er umfram leyfilega tölu, en tvöfalda má sekt fyrir hvert ítrekað brot. Heimilt er að láta sektir niður falla, ef sönnur verða færðar á, að um ásetning hafi ekki verið að ræða.

29. gr.

Skylt er að taka ítölu til endurmats, þegar 4 ár eru liðin frá þeim tíma, að ákvörðun um ítölu tók gildi, ef a. m. k. ¼ ábúenda, sem hlut eiga að máli, krefjast þess, eða ef landgræðslustjóri, stjórn fjallskiladeildar eða gróðurverndarnefnd telur þess þörf.

30. gr.

Nánari ákvæði um ítölu má setja í fjallskilasamþykkt.

4. gr.

Töluröð greina í kafla IV.—X. breytist í samræmi við framantaldar breytingar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Höfuðefni þeirra breytinga, sem hér er lagt til, að gerðar verði á lögum nr. 42/1969 um afréttamálefni og fjallskil o. fl., er það, að tengd eru saman í einum

kafla laganna þau ákvæði, sem miða að því að tryggja verndun og skynsamlega nýtingu afrétta og heimalanda.

Kaflinn „um ítölu“ verði því „um verndun beitilands og um ítölu“. Ítala er róttækasta ráðstöfunin, sem gripið verður til auk beinnar friðunar landsins, og má margt gera til verndar og bóta á beitilandinu, áður en henni er beitt.

Í fyrstu grein þessa kafla er lagt til að stjórnum fjallskiladeilda verði lögð sú skylda á herðar að fylgjast með ástandi afrétta og heimalanda með tilliti til beitarálags. Þær skulu hafa um þetta samráð við gróðurverndarnefnd héraðsins og Landgræðsluna. Með þessu er því slegið föstu, að hreppsnefndirnar séu ábyrgur aðili varðandi þessi mál.

Í næstu grein eru taldar þær aðgerðir, sem stjórnum fjallskiladeilda er heimilt eða skylt að grípa til, þar sem talin er þörf aukinnar gróðurverndar eða bættra aðferða við nýtingu beitilandanna.

Þessar ráðstafanir eru nefndar:

a) Að ákveða, að fjallskilum skuli flýtt að hausti, eða að ákveðnir hlutar afrétta séu smalaðir fyrir reglulegar göngur.

Með þessu er haft í huga, að beitartíminn á afréttum sé ákvarðaður eftir aðstæðum og ástandi gróðurs hverju sinni, en ekki beint eftir almanaki án tillits til árferðis og gróðurnýtingar. Það færist nú æ meir í vöxt, að fé sé sótt að afréttargirðingum fyrir venjulegar göngur.

Hér getur verið um vandasamar ákvarðanir að ræða og er því full ástæða til, að bændur eigi kost góðra ráðlegginga um þessi efni.

Á það má benda, að víða er nauðsynlegt að bæta heimahaga og gera hagagirðingar eða auka grænfóðurræktun þannig að bændur geti tekið við fénaði af fjalli fyrr en við venjuleg fjallskil.

b) Að ákveða hvenær fyrst megi reka hverja búfjártegund á afrétt. Þetta miðar að því sama og fyrra ákvæðið, að beitartími fyrir hverja búfjártegund sé ákveðinn eftir gróðri og ástandi afréttar hverju sinni.

Mikilvægt getur verið að koma í veg fyrir, að fénaður, þó einkum hross, séu rekin of snemma á afrétt, sem ekki er orðinn nægilega gróinn til að þola verulegt beitarálag.

c) Að stóðhross séu girt af á afréttum. Víða getur hagað svo til að hlutar afréttanna (mýrlendi) þoli hrossabeit betur en aðrir og notist þeim, en ekki öðru búfé.

d) Að banna með öllu, að stóðhross séu rekin á afrétt. Slík heimild er í gildandi lögum og hefur henni sums staðar verið beitt.

Hross keppa við sauðfé um beitargróðurinn. Þau geta hins vegar nýtt mýrargróður á láglendi, sem víða er meira en nægur, þó að þurrlendisgróður á afréttum sömu sveita eigi í vök að verjast.

e) Stjórnum fjallskiladeilda er ætlað að hafa frumkvæði að og forystu fyrir því, að hvaðeina sé gert, sem skynsamlegt er og hagkvæmt til að auka gróður afréttarlaga, bæta nýtingu þeirra og meðferð. Um þetta hafi þær samráð við gróðurverndarnefndir, beitarráðunaut og Landgræðsluna. Af slíkum ráðstöfunum má nefna, auk þess sem áður er talið: gerð afréttavega, uppgræðslu og gróðurbætur með áburðargjöf eða öðru þar sem það þykir henta, og útvegun sérstaks beitilands fyrir hross eða annan búpening þar sem við á.

f) Að lokum er forráðamönnum fjallskilamála skylt að standa fyrir gerð ítölu, þegar ekki nægja önnur ráð til úrbóta.

Um ítölu.

Í 17.—29. gr. frumvarpsins er fjallað um ítölu og framkvæmd hennar.

Meginbreytingarnar, sem lagt er til, að gerðar verði, felast í því að skýrar er kveðið á um það, hvar og hverjir geti farið fram á að ítala sé gerð, svo og hvernig að henni sé staðið.

Ítölu má krefjast í einstök afmörkuð landssvæði, stærri eða minni, hvort sem er í heimalönd eða afrétti.

Þeir, sem nota landið eða bera ábyrgð á meðferð þess, geta farið fram á, að athugun sé gerð á því, hvort ítölu sé þörf, og krafizt hennar, ef í ljós kemur, að ástandið sé svo alvarlegt, að rétt sé að grípa til hennar. Þeir geta krafizt ítölu í það land, sem þeir nota eða bera ábyrgð á og í aðliggjandi lönd, ef á milli þeirra er samgangur búfjár.

Í hvert skipti, sem farið er fram á, að ítala verði gerð, er skylt að leita álits bæði gróðurverndarnefndar eða nefnda og Landgræðslu ríkisins. Þessir aðilar gera athugun á beitarþoli og meðferð landsins og byggja álit sitt á niðurstöðum beitarþolsrannsókna, séu þær fyrir hendi. Þar sem svo er ekki, verður annaðhvort að flýta beitarþolsrannsóknum og gróðurkortagerð eða byggja matið á nákvæmri skoðun.

Þegar álit Landgræðslunnar og gróðurverndarnefndar liggur fyrir, skal boða til fundar alla þá bændur, er málið varðar. Ef um stór og fjölbyggð svæði, sem ná yfir fleiri hreppa, er að ræða og það er samþykkt í öllum hreppum, er heimilt að halda um þetta fulltrúafundi.

Á fundinum yrðu málin kynnt og rædd, og tillögur gerðar um, hvað gera skuli. Þó að ítölu hafi verið krafizt, er eðlilegt að fyrst verði athugað hvort ekki teljist nægilegt að grípa til þeirra ráða, sem nefnd hafa verið undir a—e-lið að framan. Fundarályktanir um slíkt yrðu bindandi og sendar viðkomandi forráðamönnum fjallskilamála.

Hafni fundur ítölu eða öðrum úrræðum, er hægt að áfrýja málinu til landgræðslustjóra, sem fer með það eftir ákvæðum landgræðslulaga, en eftir þeim getur hann komið fram ítölu, þar sem hennar er talin svo brýn þörf, að ekki verði hjá komizt, enda hafi hann ekki náð samstöðu um önnur ráð. Ákvæði um skipun ítölunefndar eru óbreytt.

Í 24. gr. er mælt fyrir um, hvernig ákveða skuli hlutdeild hverrar jarðar í beitarrétti í sameiginlegum beitilöndum og afréttum. Aðalreglan er sú, að réttur hvers býlis miðast við beitarþol heimalands jarðarinnar. Hafi það ekki verið ákvarðað fyrir einstakar jarðir og ekki eru tök á að láta mæla það, skal miða við landverð jarðanna, það er að segja, þess lands þeirra, sem raunverulega er nýtt til beitar fyrir þann búpening, sem almennt er rekinn á afrétt. Er þá átt við landverð óræktaðs lands og ræktaðs lands að svo miklu leyti sem það er notað til beitar, en ekki til heyöflunar til vetrarfóðurs. Þarna verður alltaf um veruleg matsatriði að ræða og er heimilt að taka tillit til sérstakra búskaparhátta.

Gerðar eru tillögur um, að tekin verði upp sektarákvæði þannig, að þeim, sem uppvís er að því að láta meiri búpening á ákveðið ítölusvæði en hann hefur rétt til, sé gert að greiða sektir, sem fara stighækkandi, ef um ítrekuð brot er að ræða. Sektarfé skal ganga til gróðurbóta á viðkomandi svæði.

Þá er lagt til að skylt verði að taka ítölu til endurmats eftir 4 ár, ef einhverjir þeirra, er hlut eiga að máli, krefjast þess.

Athugasemdir um einstakar greinar.

Um 1. gr.

Gr. fjallar um 13. gr. gildandi laga. Fellt er úr greininni ákvæði, sem kemur síðar í III. kafla samkvæmt frumvarpinu.

Um 2. gr.

Fjórtánda grein gildandi laga er felld niður, þar sem efni hennar kemur í III. kafla laganna samkv. frumvarpinu. Þá er tölusetningu greina breytt í samræmi við þetta.

Um 3. gr.

Þriðja gr. frumvarpsins kveður á um, að III. kafla laganna skuli breytt. Kaflinn byrjar á þeirri grein, sem yrði 15. gr. og endar á grein, sem yrði 30. gr. laganna. Tölusetning greina í IV.—X. kafla breytist í samræmi við það.

Um þá grein, sem yrði 15. gr. laganna.

Efni greinarinnar er nýmæli og hefur verið skýrt frá því í almennum athugasemdum með frumvarpinu. Í greininni er talað um stjórnir fjallskiladeilda og hreppsnefndir. Svo sem áður er skýrt frá eru þetta víðast sömu aðilar. Frá því víkur þó, þar sem fleiri en einn hreppur eru í sömu fjallskiladeild, og þar sem ekki er um nein afréttarlönd að ræða — þar mun ekki tíðkast að tala um fjallskiladeildir eða stjórnir þeirra, en það eru hreppsnefndirnar samkv. skilgreiningu laganna.

Um 16. gr.

Efni greinarinnar er skýrt ýtarlega í almennum athugasemdum. Þarna eru tekin saman í eina grein ákvæði, sem kalla mætti stjórntæki við meðferð afrétta. Nýmæli eru liðir c og e.

Um 17. gr.

Greinin er efnislega samsvarandi 16. gr. laganna. En breytingin er sú, að það eru fleiri en sýslunefndir, sem geta átt frumkvæðið að því að ítala verði gerð.

Um 18. gr.

Greinin fjallar um það, hverjir geta farið þess á leit við sýslunefndir, að þær beiti sér fyrir því að athugun sé gerð á því, hvort þörf sé að gera ítölu, og krafizt hennar, ef athugun leiðir það í ljós, að til hennar verði að grípa. Að þessu leyti samsvarar greinin 17. gr. laganna. Aðilar eru taldir upp og skýrar kveðið á um þetta. Ætlazt er til, að notendum landsins og þeim, sem falið er að fylgjast með notkun þess, sé heimilt að fara fram á athugun og krefjast ítölu.

Um 19. gr.

Greinin á ekki beina hliðstæðu í gildandi lögum. Hafi borizt ósk um ítölu er skylt að leita álits hreppsnefndar, gróðurverndarnefndar og Landgræðslu ríkisins á málinu. Ef enginn þessara aðila telur þörf á sérstakri athugun eða aðgerðum, er ekki skylt að hafast frekar að í málinu.

Um 20. gr.

Greinin fjallar um það, hvernig með skuli fara, ef ítölu eða sérstakra aðgerða hefur verið krafizt og Landgræðslan, gróðurverndarnefnd eða viðkomandi hreppsnefnd telja þess þörf. Boða skal til fundar alla hlutaðeigandi bændur þ. e. einn fyrir hvert lögbýli. Ef um stór fjölbyggð svæði er að ræða, sem ná yfir fleiri en eina fjallskiladeild, er heimilt að hafa það fulltrúafund — þó því aðeins að slíkt hafi verið samþykkt í hverri deild fyrir sig. Tilgangur með slíkum fundum er að kynna málið og kanna vilja bændanna um það, hvaða aðgerðir þeir telja æskilegastar, að fengnum upplýsingum og ráðleggingum frá gróðurverndarnefnd og Landgræðslu ríkisins. Samþykktir slíkra funda eru bindandi. Þó má vísa málinu til landgræðslustjóra, ef felldar eru tillögur um ítölu eða aðrar aðgerðir til bættrar meðferðar á viðkomandi beitilöndum.

Ályktun um ítölu skal senda sýslunefnd (sýslumanni) og beitir sýslumaður sér fyrir gerð ítölu.

Um 21. gr.

Greinin fjallar um skipun ítölunefndar og er hún óbreytt frá gildandi lögum. Sýslumanni er falið að sjá um framkvæmdina.

Um 22. gr.

Greinin er efnislega eins og 20. gr. gildandi laga og þarfnast ekki frekari skýringar.

Um 23. gr.

Greinin er eins og 21. gr. gildandi laga.

Um 24. gr.

Greinin samsvarar 22. gr. gildandi laga. Hér er um það fjallað, hvernig skipta skuli beitarrétti í sameiginleg beitilönd á milli einstakra jarða innan ítölusvæðisins. Fylgt er sömu meginreglu og gert er með gildandi lögum, en hún er sú, að réttur hvers lögbýlis til beitar í sameiginlegu löndin sé í beinu hlutfalli við beitarþol heimalands býlisins. Sé beitarþol heimalandanna ekki þekkt yfir allt ítölusvæðið, en svo er enn ekki nema í fáum tilfellum, er heimilt að leggja til grundvallar landverð jarðanna eftir fasteignamati að frádregnum verðmætum hlunninda, og að frádregnu verðmæti þess af ræktuðu landi, sem ætla má, að notað verði til heyöflunar fyrir þann bústofn, sem er á jörðinni. Í gildandi lögum er heimilt að miða við elzta fasteignamat jarðanna. Hér er ætlazt til, að hver jörð fái eftir því sem næst verður komizt hlutdeild í sameiginlegum beitilöndum í beinu hlutfalli við raunverulegt beitarþol þess af heimalandi jarðarinnar, sem raunverulega er notað til beitar. Hagabætur og notkun ræktaðs beitilands eiga þar með að koma mönnum til góða og auka rétt þeirra.

Önnur atriði greinarinnar eru efnislega óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki skýringar.

Um 25. gr.

Greinin er efnislega samsvarandi 23. gr. gildandi laga.

Um 26. gr.

Greinin er samhljóða 25. gr. gildandi laga.

Um 27. gr.

Greinin samsvarar 26. gr. gildandi laga og er óbreytt.

Um 28. gr.

Greinin er nýmæli. Kæra má meint brot á ítölu til sýslumanns. Tekin eru upp sektarákvæði. Sektir skulu renna til fjallskilasjóðs. Sekt er miðuð við 1/10 af meðallambsverði miðað við hverja fjallskilaeiningu, en tvöfaldast við hvert ítrekað brot.

Um 29. gr.

Greinin samsvarar 27. gr. Breyting er sú, að nú er skylt að taka ítölu til endurmats á fjögurra ára fresti, ef ¼ hluti bænda krefst þess, eða ef landgræðslustjóri, gróðurverndarnefnd eða stjórn fjallskiladeildar telur þess þörf. Í gildandi lögum eru þessi ákvæði veikari og reiknað með, að 5 ár líði á milli endurskoðunar.

Um 30. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

4.—5. gr. frv. þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 307. Fyrirspurn [146. mál]

til iðnaðarráðherra um virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal.

Frá Tómasi Árnasyni.

1. Hverjar eru meginniðurstöður athugana á orkuvinnslugetu Bessastaðaárvirkjunar í Fljótsdal? Hvenær verður hægt að taka ákvörðun um virkjun Bessastaðaár og hvaða stærð virkjunar mundi verða hagstæðust?
2. Hvað líður framkvæmd þingsályktunar um rannsókn á byggingu Fljótsdalsvirkjunar?

Nd. 308. Nefndarálit [113. mál]

um frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Frumvarpið var til meðferðar á þrem fundum nefndarinnar. Þar sem það er, þrátt fyrir lengd sína, óskýrt og yfirborðskennt að mati undirritaðrar lagði fulltrúi Alþýðubandalagsins á fyrsta nefndarfundinum fram nokkrar spurningar varðandi viðskipti álversins við íslenska aðila, þ. e. um orkusölu til þess, skattgjaldsgreiðslur þess og mengunarvarnir, og óskaði eftir útreikningum Þjóðhagsstofnunar. Ekki fékkst í nefndinni samþykki fyrir því að Þjóðhagsstofnun annaðist útreikninga, en þess í stað var Garðari Ingvarssyni hagfræðingi, sem unnið hefur að breytingum á álsamningnum með viðræðunefnd um orkufrekan iðnað, falið að svara spurningum sem snertu orkusölu og framleiðslugjald, en heilbrigðisráðuneytinu þeim er vörðuðu hreinsibúnað. Einnig gáfu forustumenn Náttúruverndarráðs og verkfræðingur Heilbrigðiseftirlitsins upplýsingar um mengunarvarnir eða öllu heldur skort á slíkum er þeir komu á fund nefndarinnar.

Meiri hluti nefndarinnar hefur lagt til að frv. verði samþykkt óbreytt, en undirrituð lýst sig andvíga frumvarpinu og hefur einkum eftirfarandi við það að athuga:

Framleiðslugjald.

Það er til bóta, að ekki er í samningsdrögunum tekið tillit til bókhaldslegs taps eða hagnaðar hjá fyrirtækinu ÍSAL, sem er deild í auðhringnum Alusuisse, en áður voru íslendingar hvað skattgjaldið snertir háðir geðþótta hringsins, þ. e. hvernig honum þóknaðist að hagræða afkomu deildarinnar á Íslandi. Þetta kemur glöggt í ljós á því, að á starfstíma ÍSALs hefur fyrirtækið með framleiðslugjaldsgreiðslum sínum í rauninni aðeins verið að lána íslendingum fé, þannig að eftir fyrstu 6 starfsárin nemur skattinneign þess hærri upphæð en samanlagðar framleiðslugjaldsgreiðslur fyrirtækisins allan tímann. Framleiðslugjaldsgreiðslur nema skv. upplýsingum ríkisbókhaldsins samanlagt árin 1970 til 1. nóv. 1975 rúml. 617 millj. kr., en skattinneignin 748 millj. kr. skv. gengi í árslok 1975.

Tvennt er stórlega ámælisvert varðandi framleiðslugjaldið:

Í fyrsta lagi að þessi svonefnda skattinneign skyldi ekki vera strikuð út, heldur skuli þetta fært áfram sem eins konar lántaka íslenskra opinberra aðila frá auðhringnum og endurgreiðast með tiltölulega háum vöxtum.

Í öðru lagi hvernig samið var um stighækkun framleiðslugjalds eftir álverði. Í fylgiskjali frv. kemur fram, að gert er ráð fyrir verðbólguhækkun á áli og kann það út af fyrir sig að vera raunhæft, en hins vegar á framleiðslugjaldið ekki að hækka í sama hlutfalli, heldur í sílækkandi prósentu af hlutfallslegri hækkun álverðsins.

Með þessu móti verður framleiðslugjaldið síminnkandi byrði fyrir auðhringinn eftir því sem almennt verðlag stígur, en að sama skapi minnkandi tekjur fyrir íslendinga í raunverulegum verðmætum.

Raforkuverð.

Samningsdrögin fela í sér, að í stað orkuverðsins 3.0 mill á kwst., sem gilti fyrstu 6 ár starfstímans, kemur lágmarksverðið 3.5 mill frá 1. jan. 1978 og hreyfist til hækkunar með nokkru tilliti til álverðs. En nú um tveggja ára skeið eiga að gilda sérstakar reglur.

Hér er athugavert, að hækkunin úr 3.0 í 3.5 mill er óveruleg, allt of lítil og ekki í neinu samræmi við almenna hækkun á framleiðslukostnaði orku, hvort sem litið er til heimsmarkaðar eða til ástands mála á íslenska raforkumarkaðnum. Einnig gildir hér sama röksemd og getið var í sambandi við framleiðslugjaldið, þar sem orkuverðið hækkar um sílækkandi hlutfall af hækkun álverðs.

Þá hefði verið eðlilegt að í orkusamningnum hefði verið tekið tillit til síhækkandi framleiðslukostnaðar í föstum verðmætum á rafmagni frá íslenskum orkulindum, sem stafar af því að taka verður til hagnýtingar óhagkvæmari virkjunarkosti eftir því sem tímar líða fram.

Að lokum er það ámælisvert, að ekki skuli í samningsdrögunum vera ákvæði um endurskoðun raforkuverðsins á samningstímanum.

Mengun og hreinsitæki.

Þrátt fyrir ákvæði, að vísu loðin, í fyrri samningi og þrátt fyrir samkomulag milli Álfélagsins og heilbrigðisráðuneytisins í mars 1973 hefur enn ekkert raunhæft verið gert varðandi uppsetningu hreinsitækja við verksmiðjuna og forsvarsmenn fyrirtækisins hafa ekki talið sig háða almennum íslenskum lögum í þessu efni í viðskiptum sínum við Heilbrigðiseftirlitið. Auðsjáanlega hefur fyrirtækið viljað spara sem lengst að leggja í þann kostnað sem hreinsiútbúnaður hefur í för með sér, bæði stofnkostnað við uppsetningu og árlegan rekstrarkostnað. Af reynslu er því ástæða til að efast um vilja fyrirtækisins, jafnvel þótt það segi nú að fyrirhugað sé að hafa viðbótarsmiðju þess, ef til kemur, „búna fullkomnum hreinsitækjum frá öndverðu", en þar fyrir utan hefði það átt að vera lágmarksskilyrði af hálfu Alþingis nú, er Alusuisse sækist eftir heimild til stækkunar, að fullkominn hreinsibúnaður verði kominn upp á alla verksmiðjuna áður en hafist er handa um þessa stækkun.

Lögsaga.

Álbræðslan í Straumsvík er ekki háð íslensku dómsvaldi og öllum þeim deilumálum, sem upp koma, skal skotið til alþjóðlegs dómstóls. Þetta óviðunandi ákvæði virðist eiga að standa áfram óbreytt og þarf Alþingi að koma í veg fyrir það.

Stækkunarheimild.

Samningsdrögin fela í sér heimild til stækkunar og eiga öll þau ákvæði, sem gilda um núverandi verksmiðju, einnig að gilda um þessa viðbót. Í þessu sambandi er sérstaklega athyglisvert, að viðbótarverksmiðjan á að fá raforku á sama verði og eldri verksmiðjan.

Samkvæmt fyrirliggjandi orkuáætlun svokallaðs 4. áfanga er gerður greinarmunur á fastbundnu rafmagni eða forgangsorku og rjúfanlegu rafmagni eða afgangsorku. En sé nánar skoðað kemur í ljós, að hér er raunverulega ekki um neina afgangsorku að ræða í venjulegum skilningi þess orðs, þar sem Landsvirkjun má að jafnaði ekki rjúfa afhendingu afgangsorkunnar nema um sé að ræða vatnsskort eða truflanir í veitukerfinu auk óviðráðanlegra afla.

Afhendingarskilmálar afgangsorkunnar eru því a. m. k. eins harðir og þeir skilmálar sem nú gilda um orkusölu gagnvart þeim íslensku aðilum sem mestan forgang hafa til raforku frá orkuverum. Samkvæmt þessu eru afhendingarskilmálarnir enn

harðari á forgangsorkunni til viðbótarsmiðjunnar og skilmálarnir á raforku til eldri verksmiðjunnar eru væntanlega jafnharðir. Það má sem sagt ekki rjúfa rafmagn til álversins, jafnvel þótt vatnsskortur sé við orkuver Landsvirkjunar eða truflanir í veitukerfinu. Það eru innlendir notendur sem þá eiga að bera skellinn.

Athyglisvert er, að enginn greinarmunur er gerður á verði forgangsorkunnar og afgangsorkunnar enda þótt tilraun sé gerð í fylgiskjölum til að láta líta svo út.

Afgangsorkan til viðbótarsmiðjunnar í Straumsvík er afhent með harðari skilmálum en sjálf forgangsorkan til málmblendiverksmiðjunnar samkv. samningum um hana. Þess vegna er öll raforkusala til Straumsvíkur og þar með einnig til 4. áfanga samanburðarhæf við forgangsorkusöluna til málmblendiverksmiðjunnar. Samkv. gildandi samningi um málmblendiverksmiðju er forgangsorka seld á u. þ. b. 10 mill og er það sagt vera eðlilegt heimsmarkaðsverð á raforku til nýrra iðjuvera. Sé orkan til 4. áfangans í Straumsvík reiknuð á slíku verði er niðurstaðan sú, að orkan til gömlu smiðjunnar er seld áfram á 3 mill eða óbreyttu verði frá því sem verið hefur.

Staðfestingu á þessu orkuverði, sem viðreisnarstjórnin samdi um og almennt er viðurkennt að sé hneykslanlega lág, getur Alþingi ekki samþykkt að dómi Alþýðubandalagsins.

Alþingi, 4. febr. 1976.

Vilborg Harðardóttir.

Nd. 309. Frumvarp til laga [147. mál]

um Stofnfjársjóð fiskiskipa.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Við Fiskveiðasjóð Íslands skal starfa sérstök deild, sem nefnist Stofnfjársjóður fiskiskipa.

2. gr.

Hlutverk Stofnfjársjóðs er að veita eigendum fiskiskipa aðstoð við að standa straum af stofnfjárkostnaði skipanna, og þá fyrst og fremst með því að greiða afborganir og vexti af lánum þeim, sem veitt hafa verið af Fiskveiðasjóði og tryggð með veði í skipum.

3. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn, eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða sérstakt gjald til Stofnfjársjóðs fiskiskipa, er nemi 10% fiskverðs eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur eða afhendir afla sinn öðru skipi til löndunar í innlendri höfn. Ákvæði um innheimtu þessa gjalds skulu sett með reglugerð. Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að ákveða, að ekki skuli greiða gjald til Stofnfjársjóðs, þegar afli er seldur til neyslu innanlands.

4. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í erlendri höfn, skal það greiða 16% af heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) aflans til Stofnfjársjóðs fiskiskipa. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur afla sinn öðru skipi til sölu í erlendri höfn. Þessi greiðsla kemur til frádráttar frá heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) ásamt frádráttartölu kjarasamninga við ákvörðun aflaverðlauna, aukaaflaverðlauna og hlutar samkvæmt

kjarasamningum. Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að lækka gjald þetta vegna hækkunar, er verða kann á öðrum gjöldum við sölu aflans.

5. gr.

Stofnfjársjóðsgjöld, er greiðast til Stofnfjársjóðs fiskiskipa, skv. 3. og 4. gr. skulu leggjast inn á reikning þess fiskiskips, sem aflað hefur þess hráefnis, sem gjaldið er greitt af. Hvert fiskiskip skal hafa sérreikning hjá sjóðnum. Sé innstæða á slíkum reikningi lengur en einn mánuð, skal Fiskveiðasjóður færa á reikninginn til tekna vexti, er séu ½% lægri á ári en innlánsvextir eru á almennum sparisjóðsbókum á hverjum tíma.

6. gr.

Fiskifélag Íslands skal senda Fiskveiðasjóði hálfsárslega skýrslu um afla og aflaverðmæti allra fiskiskipa, hvort sem afla þeirra er landað hérlendis eða í erlendri höfn. Stjórn Fiskveiðasjóðs setur nánari reglur um þessa skýrslugerð í samráði við Fiskifélag Íslands.

7. gr.

Þegar Fiskveiðasjóði hafa borist skýrslur þær, er um ræðir í 6. gr., skal hann láta endurskoða greiðslur stofnfjársjóðsgjalda á reikningi fiskiskipa og sannreyna, að þær greiðslur séu í samræmi við aflaverðmæti skipanna og þau stofnfjársjóðsgjöld, sem af þeim ber að greiða.

8. gr.

Ef innstæða er á reikningi skips hjá Stofnfjársjóði og eigandi þess skuldar jafnframt Fiskveiðasjóði gjaldfallnar afborganir, vexti, dráttarvexti og kostnað af lánum, sem tryggð eru með veði í skipi, skal stjórn Fiskveiðasjóðs taka fé af reikningi þessum til greiðslu hinna gjaldföllnu greiðslna, að svo miklu leyti sem það hrekkur til þess.

9. gr.

Skuldi skipseigandi eigi gjaldfallnar greiðslur til Fiskveiðasjóðs, sbr. 8. gr., né telji stjórn hans ástæðu til að ætla, að til vanskila sömu lána komi við sjóðinn á næsta gjalddaga þeirra, er stjórninni heimilt að nota innstæðu skips á reikningi hjá Stofnfjársjóði til greiðslu gjaldfallinna afborgana og vaxta af stofnlánum vegna skipsins eða til greiðslu annarra skulda vegna þess hjá öðrum opinberum sjóðum.

10. gr.

Skuldi skipseigandi eigi gjaldfallnar greiðslur til Fiskveiðasjóðs eða annarra opinberra sjóða skv. 8. og 9. gr., er stjórn Fiskveiðasjóðs heimilt að leyfa skipseigandanum að nota innstæðu skips hjá Stofnfjársjóði til greiðslu kostnaðar við skipti á vél skipsins eða við verulegar endurbætur á því, til greiðslu á eftirstöðvum af kaupverði skipsins, til greiðslu kostnaðar skipseiganda við smíði nýs skips, til greiðslu kaupverðs skips eða til greiðslu kostnaðar hans við meiri háttar framkvæmdir í sjávarútvegi.

Áður en ákvarðanir eru teknar um ráðstöfun innstæðna í Stofnfjársjóði, sbr. 9. gr. og 1. mgr. þessarar greinar, skal leita umsagnar tveggja fulltrúa, er Landssamband íslenskra útvegsmanna tilnefnir af sinni hálfu í því skyni.

11. gr.

Heimilt er stjórn Fiskveiðasjóðs að greiða skipseiganda innstæðu skips hjá Stofnfjársjóði, enda skuldi skipseigandi engar gjaldfallnar greiðslur, sbr. 8.—9. gr., og eigi er fyrirsjáanlegt, að hann hefji framkvæmdir þær, er um ræðir í 10. gr.

12. gr.

Innstæða hjá Stofnfjársjóði er undanþegin löghaldi, fjárnámi og lögtaki, enda þótt færð hafi verið til tekna á reikning skips.

Skipseiganda er óheimilt að veðsetja slíka innstæðu eða vísa á hana til greiðslu. Framsal innstæðu er aðeins heimilt sem þáttur í sölu skips, sbr. 13. gr.

13. gr.

Innstæða hjá Stofnfjársjóði og réttur til fjár úr honum fylgir skipi við frjálsa sölu og sölu á nauðungaruppboði.

Ef skip ferst eða verður dæmt ónýtt, skal innstæða hjá Stofnfjársjóði falla til skipseiganda.

14. gr.

Fiskveiðasjóður skal annast gerð sérstakra heildaryfirlita um greiðslur í Stofnfjársjóð og ráðstöfun fjár úr honum, sem birt skulu eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Yfirlit þessi skulu þannig gerð, að auðvelt sé að fá yfirsýn yfir allar greiðslur úr og í Stofnfjársjóð.

15. gr.

Sjávarútvegsráðherra skal að fenginni umsögn stjórnar Landssambands íslenskra útvegsmanna setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skal ákvæðum þeirra beitt frá 16. febrúar 1976. Ennfremur eru úr gildi numin eftirtalin lög og lagaákvæði:

a) Lög nr. 58/1968, um Stofnfjársjóð fiskiskipa.
b) 2. og 4. gr. laga nr. 79/1968, um gjald til Stofnfjársjóðs.
c) Lög nr. 8/1971, um breytingu á ákvæðum laga nr. 79/1968, er fjalla um gjald til Stofnfjársjóðs.
d) 2. og 3. gr. laga nr. 106/1974, um breytingu á ákvæðum laga nr. 79/1968, er fjalla um greiðslur í Stofnfjársjóð.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við gerð samninga um kaup og kjör sjómanna á bátaflotanum í marsmánuði 1976 óskuðu samninganefndir Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna eftir því, að ríkisstjórnin hlutaðist til um gagngera endurskoðun á gildandi lögum og reglum um sjóði sjávarútvegsins, auk þess sem samhengi sjóðanna og skiptaverðs sjávarafla og þar með aflahluta áhafna yrði tekið til rækilegrar skoðunar. Í samræmi við þessar óskir skipaði sjávarútvegsráðherra, samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar, á síðastliðnu vori nefnd manna til þessa verks og til þess að gera grein fyrir hugsanlegum, samræmdum breytingum á starfsemi sjóðanna og gildandi hlutaskiptareglum.

Skipuð var 10 manna nefnd undir forystu Þjóðhagsstofnunarinnar með aðild tveggja fulltrúa frá hverjum eftirtalinna samtaka: **Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands** og **Landssambandi ísl. útvegsmanna** og eins fulltrúa frá **Alþýðusambandi Vestfjarða, Alþýðusambandi Austfjarða** og **Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda.**

Í nefndina voru skipaðir:

Jón Sigurðsson, hagrannsóknastjóri, formaður, Óskar Vigfússon, formaður Sjómannafélags Hafnarfjarðar, Hilmar Jónsson, formaður Sjómannafélags Reykjavíkur, Kristján Ragnarsson, formaður Landssambands ísl. útvegsm., Ágúst Flygenring, framkvæmdastjóri Íshúss Hafnarfjarðar, Pétur Sigurðsson, framkv.stjóri Alþýðusambands Vestfjarða, Sigfinnur Karlsson, framkv.stjóri Alþýðusambands Austurlands,

Ingimar Einarsson, framkv.stjóri Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, Ingólfur Falsson, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Ingólfur Stefánsson, framkvæmdastjóri Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

Tillögur nefndarinnar liggja nú fyrir, ásamt ítarlegri úttekt á sjóðum sjávarútvegsins. Ein af tillögum nefndarinnar í þessu efni er sú, að gjald til Stofnfjársjóðs lækki og verði nú 10% af verðlagsráðsverði sjávarafla við heimalandanir og 16% við landanir erlendis. Einnig að öll ákvæði um sjóðinn og ráðstöfun fjár úr honum verði felld í ein lög.

Frumvarp þetta gengur í þá átt. Efnisbreyting er eingöngu sú að gjaldið lækkar um 5% frá því, sem nú gildir. Að öðru leyti vísast til greinargerðar og tillagna nefndarinnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá lögum 58/1968.

Um 3. og 4. gr.

Í lögum nr. 58/1968 um Stofnfjársjóð segir í 2. mgr. 3. gr., að um tekjur sjóðsins í framtíðinni verði ákveðið með lögum hverju sinni. Með 2. og 4. gr. laga nr. 79/1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingu á gengi íslensku krónunnar, var gjald til Stofnfjársjóðs ákveðið í fyrsta sinn. Fyrir afla, sem landað var innanlands, var gjaldið 10% fiskverðs, eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins, þó skyldi greiða 20% af verði síldar og humars. Þegar afli var seldur í erlendri höfn, var gjaldið fyrst ákveðið 22% af heildarsöluverðmæti aflans, en síðan lækkað í 16% með lögum nr. 8/1971. Með lögum nr. 106/1974, um ráðstafanir í sjávarútvegi og um ráðstöfun gengishagnaðar, 2. og 3. grein, var gjaldið vegna afla, sem landað er innanlands samræmt og hækkað í 15%, en í 21% af afla, sem seldur er erlendis.

Með 3. og 4. gr. þessa frumvarps er lagt til, að inn í lögin um Stofnfjársjóð verði sett ákvæði um tekjur sjóðsins, og eru þá öll ákvæði um sjóðinn, tekjur hans og ráðstöfun fjár úr honum felld í ein lög. Hér er lagt til að gjald vegna afla, sem seldur er í innlendri höfn verði 10% en 16% vegna afla sem seldur er í erlendri höfn.

Um 5. og 6. gr.

Greinarnar eru samhljóða 4. og 5. gr. gildandi laga.

Um 7. gr.

Greinin er samhljóða fyrri hluta 6. gr. gildandi laga. Seinni hluta 6. gr. er sleppt, en þar er ákvæði um hvernig skipta skuli framlagi ríkissjóðs á sínum tíma 1968, 124 milljónum, sem ástæðulaust er að taka með nú.

Um 8., 9., 10., 11., 12. og 13. gr.

Greinarnar eru efnislega samhljóða 7., 8., 9., 10., 11. og 12. gr. gildandi laga.

Um 14. gr.

Greinin er nýmæli og þarfnast ekki skýringa.

15. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 14. gr. gildandi laga.

16. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Nd. **310. Frumvarp til laga** [148. mál]

um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Greiða skal útflutningsgjald af íslenskum sjávarafurðum, sem fluttar eru til útlanda, eins og nánar er ákveðið í lögum þessum. — Til íslenskra afurða telst afli, sem skip, skrásett hér á landi, veiða, þótt hann sé veiddur utan landhelgi og eigi verkaður í landi.

2. gr.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum samkvæmt lögum þessum skal vera 6% af f.o.b.-verðmæti útflutnings.

3. gr.

Ef útflytjandi sannar, að hlutfall hráefniskostnaðar af f.o.b.-verði hinnar útfluttu vöru sé lægra en 30%, er sjávarútvegsráðherra heimilt að lækka útflutningsgjald skv. 2. gr. um allt að 0.3% fyrir hvert 1%, sem hlutfall hráefniskostnaðar er lægra en 30%, þó skal útflutningsgjald aldrei vera lægra en 1% af f.o.b.-verði.

Þegar íslensk fiskiskip selja gjaldskyldar sjávarafurðir í erlendri höfn, nýjar eða unnar, hvort heldur er af eigin afla eða annarra skipa, skal gjald skv. 2. gr. reiknast af heildarsöluverðmæti í erlendri höfn (brúttósöluverðmæti) að frádregnum tollum og öðrum kostnaði við löndun og sölu eftir nánari reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur. Þrátt fyrir ákvæði þessarar og 2. gr. getur sjávarútvegsráðuneytið ákveðið, að útflutningsgjald af nýrri og ísaðri síld og loðnu skuli vera allt að því eins hátt og greiða bæri við sams konar verkun hér á landi og hún fer til erlendis.

Útflutningsgjald greiðist ekki af selafurðum.

4. gr.

Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjalds skv. 2. og 3. gr. og skiptast tekjur af því sem hér segir:

		%
1.	Til Aflatryggingasjóðs	
	a) Almenn deild	22
	b) Áhafnadeild	26
2.	Til greiðslu á vátryggingarkostnaði fiskiskipa, samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	27
3.	Til Fiskveiðasjóðs Íslands og Fiskimálasjóðs	
	a) Lánastarfsemi	21
	b) Styrkveitingar Fiskimálasjóðs	0.9
4.	Til sjávarrannsókna og Framleiðslueftirlits sjávarafurða, skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	2.3
5.	Til Landssambands ísl. útvegsmanna	0.4
6.	Til samtaka sjómanna skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	0.4
	Samtals	100.0

Í þeim reglum um greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa, er um getur í 2. tl. 1. mgr. þessarar greinar, má m. a. setja það sem skilyrði fyrir greiðslu iðgjalda, að hlutaðeigandi tryggingarfélag sé aðili að endurtryggingarsamtökum félaganna og hlíti tilteknum reglum um ákvörðun iðgjaldatryggingarskilmála og

vátryggingarfjárhæða. Heimilt er að undanþiggja hvalveiðiskip þessum skilyrðum og jafnframt að endurgreiða til þeirra hlut Tryggingasjóðs fiskiskipa í útflutningsgjaldinu, sbr. 2. tl. 1. mgr. þessarar greinar, í stað greiðslu iðgjalda. Þá skal og endurgreiða hvalveiðiskipum hlut Aflatryggingasjóðs skv. 1. tl. 1. mgr. þessarar greinar, enda njóti þau ekki bóta úr sjóðnum.

5. gr.

Gjald skv. 2. og 3. gr. skal miða við söluverð afurðanna með umbúðum, fluttra um borð í skip í þeirri höfn, er þær fyrst fara frá. Ef afurðir eru seldar c.i.f. eða með enn öðrum skilmálum, skal reikna söluverð til f.o.b.-verðs eftir reglum, sem viðskiptaráðuneytið setur. — Séu afurðir sendar úr landi óseldar, skal gjaldstofn útflutningsgjalds skv. 2. og 3. gr. ákveðinn skv. lágmarksútflutningsverði eins og það er tilgreint í útflutningsleyfi fyrir þeirri vöru. — Nú sannar sendandi, áður en 6 mánuðir eru liðnir frá útgáfudegi farmskírteinis, að verð það, sem lögreglustjóri eða innheimtumaður ríkissjóðs hefur sett á útfluttar óseldar sjávarafurðir, sé hærra en hann hefur selt þær fyrir, og er þá fjármálaráðuneytinu rétt að endurgreiða tilsvarandi mismun útflutningsgjaldsins, enda liggi fyrir staðfesting viðskiptaráðuneytisins á því, að leyfi til að selja við hinu lægra verði hafi verið veitt.

6. gr.

Útflutningsgjald fellur í gjalddaga um leið og skip er afgreitt úr höfn eða áður en lagt er af stað til útlanda, ef engrar afgreiðslu er beiðst. Sjávarútvegsráðuneytið getur þó ákveðið, að útflytjendur megi greiða gjaldið, þegar gjaldeyrisskil eru gerð, enda sé tryggt, að þau fari fram fyrir milligöngu íslensks banka, og sé tollyfirvaldi fengin ávísun á væntanlegt gjaldeyrisandvirði fyrir gjaldinu.

7. gr.

Hver, sem sendir vörur þær til útlanda, sem ræðir um í lögum þessum, er skyldur til að fá hlutaðeigandi lögreglustjóra eða innheimtumanni ríkissjóðs í hendur samrit eða staðfest eftirrit af farmskírteinum eða öðrum hleðsluskírteinum, útflutningsskýrslu, vörureikningi og matsvottorði, ef með þarf, svo og útflutningsleyfum, er út hafa verið gefin um farminn, og skal það gert áður en skip er afgreitt eða leggur frá landi. Ef engin hleðsluskjöl hafa verið gefin út, kemur í þeirra stað yfirlýsing sendanda um vörumagnið gefin að viðlögðum drengskap. — Ákvæði þessarar greinar um sendanda eiga einnig við um skipstjóra, ef sendandi er fjarverandi eða gætir eigi skyldu sinnar, og hið sama er um afgreiðslumenn skipa. — Gjaldið skal talið eftir skilríkjum þeim, er um getur í þessari grein.

8. gr.

Skip og farmur eru að veði fyrir útflutningsgjöldum, eftir því sem við getur átt.

9. gr.

Lögreglustjóri, tollstjóri eða aðrir innheimtumenn ríkissjóðs skulu gera reikningsskil fyrir útflutningsgjöldum skv. lögum þessum, eftir því sem fjármálaráðuneytið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Auk þess skal sendandi, skipstjóri eða afgreiðslumaður, sem verður sannur að sök um að hafa skýrt rangt frá farmi, greiða þrefalt það útflutningsgjald, sem reynt var að draga undan. Sektir allar renna í ríkissjóð. — Ef lögreglu-

stjóri eða innheimtumaður ríkissjóðs hefur grun um, að skilríki þau, sem um getur í 7. gr., séu röng, skal hann rannsaka farm skipsins, áður en það er afgreitt eða það lætur frá landi, eða á annan hátt útvega þær skýrslur, sem með þarf í þessu efni. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, skal skipstjóri greiða, ef skilríkin reynast röng, en ella ríkissjóður.

11. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

12. gr.

Ríkisbókhaldið skal annast gerð sérstakra heildarskýrslna um ráðstöfun tekna af útflutningsgjaldi, sem birta skal eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Skýrslur þessar skulu þannig gerðar, að auðvelt sé að fá yfirsýn yfir allar greiðslur sjóða sjávarútvegsins.

13. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð frekari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu ákvæði þeirra taka til útflutnings sjávarafurða framleiddra eftir 15. febrúar 1976. Jafnframt eru úr gildi felld eftirtalin lög og lagaákvæði:

Lög nr. 19/1973 um útflutningsgjald af sjávarafurðum með síðari breytingum,

4. gr. laga nr. 106/1974 um ráðstafanir í sjávarútvegi og um ráðstöfun gengishagnaðar,

2. gr. laga nr. 55/1975 um ráðstöfun gengismunar í þágu sjávarútvegsins skv. lögum nr. 2/1975 og um ráðstafanir vegna hækkunar brennsluolíuverðs til fiskiskipa,

1. tl. 9. gr. laga nr. 80/1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins,

16. gr. laga nr. 80/1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins,

c.-liður 1. gr. laga nr. 55/1973 um Fiskveiðasjóð Íslands,

Lög nr. 99/1975 um Fiskveiðasjóð Íslands,

2. og 3. mgr. 18. gr. laga nr. 108/1974 um Framleiðslueftirlit sjávarafurða,

2. tl. 2. gr. laga nr. 89/1947 um Fiskimálasjóð,

Lög nr. 40/1966 um síldargjald.

Ákvæði til bráðabirgða.

Frá gildistöku laga nr. 108 31. desember 1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, og til 15. febrúar 1976, skal í stað orðsins „1‰“ í 18. gr. laganna koma orðið: 1.5‰.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við gerð samninga um kaup og kjör sjómanna á bátaflotanum í marsmánuði 1975 óskuðu samninganefndir Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna eftir því, að ríkisstjórnin hlutaðist til um gagngera endurskoðun á gildandi lögum og reglum um sjóði sjávarútvegsins, auk þess sem samhengi milli sjóðanna og skiptaverðs sjávarafla og þar með aflahluta áhafna yrði tekið til rækilegrar skoðunar. Í samræmi við þessar óskir skipaði sjávarútvegsráðherra, samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar á síðastliðnu vori, nefnd manna til þessa verks og til þess að gera grein fyrir hugsanlegum, samræmdum breytingum á starfsemi sjóðanna og gildandi hlutaskiptareglum.

Skipuð var 10 manna nefnd undir forystu Þjóðhagsstofnunarinnar með aðild tveggja fulltrúa frá hverjum eftirtalinna samtaka: **Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands** og **Landssambandi ísl. útvegsmanna** og eins fulltrúa frá **Alþýðusambandi Vestfjarða, Alþýðusambandi Austfjarða** og **Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda.**

Í nefndina voru skipaðir:

Jón Sigurðsson, hagrannsóknastjóri, formaður, Óskar Vigfússon, formaður Sjómannafélags Hafnarfjarðar, Hilmar Jónsson, formaður Sjómannafélags Reykjavíkur, Kristján Ragnarsson, formaður Landssambands ísl. útvegsm., Ágúst Flygenring, framkvæmdastjóri Íshúss Hafnarfjarðar, Pétur Sigurðsson, framkv.stjóri Alþýðusambands Vestfjarða, Sigfinnur Karlsson, framkv.stjóri Alþýðusambands Austurlands, Ingimar Einarsson, framkv.stjóri Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, Ingólfur Falsson, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Ingólfur Stefánsson, framkvæmdastjóri Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

Nefndin sendi frá sér mjög ítarlega skýrslu fyrir skömmu ásamt drögum að frumvörpum um útflutningsgjöld af sjávarafurðum og Stofnfjársjóð fiskiskipa.

Frumvarp þetta eru óbreytt drög nefndarinnar að viðbættu ákvæði til bráðabirgða, sem sett er til leiðréttingar á villu í lögum um Framleiðslueftirlit sjávarafurða.

Um almennar athugasemdir við frumvarp þetta vísast til skýrslna „Sjóðanefndarinnar", en tillögur hennar og ábendingar voru eftirfarandi og er frumvarp þetta flutt í samræmi við það:

1. Olíusjóður fiskiskipa verði lagður niður og niðurgreiðslu olíuverðs úr honum hætt.
2. Tekjur Tryggingasjóðs fiskiskipa af útflutningsgjöldum verði skertar um sem næst helming frá núgildandi gjaldskrá útflutningsgjalda og greiðslur iðgjaldastyrkja úr honum lækkaðar að sama skapi.
3. Fiskimálasjóður og Fiskveiðasjóður Íslands verði sameinaðir undir einni stjórn. Til styrkveitinga úr Fiskimálasjóði verði varið ákveðnum hluta af tekjum sjóðanna af útflutningsgjaldi.
4. Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins starfi áfram.
5. Aflatryggingasjóður — bæði almenn deild og áhafnadeild — starfi áfram með svipuðum heildartekjum og núgildandi lög gera ráð fyrir. Fram fari rækileg skoðun á starfsreglum Aflatryggingasjóðs, m. a. með það í huga, að hann valdi minni tilfærslum milli skipa og útgerðarstaða en nú er. Athuguð verði sú tilhögun, að fé almennu deildarinnar í sjóðnum skiptist á sérstaka svæðasjóði í stað eins sjóðs fyrir allt landið.
6. Gjald til Stofnfjársjóðs fiskiskipa lækki og verði **ekki hærra en 10% af verðlagsráðsverði sjávarafla við heimalandanir og 16% við landanir erlendis.** Öll ákvæði um Stofnfjársjóð og ráðstöfun fjár úr honum verði felld í ein lög.
7. Öll núgildandi ákvæði um útflutningsgjöld af sjávarafurðum verði numin úr lögum.

   Sett verði ein lög um útflutningsgjald af útfluttum sjávarafurðum, sem varið sé í þágu sjávarútvegsins. Gjaldið verði einfalt % gjald af f. o. b.-verði gjaldskylds útflutnings og **ekki hærra en 6%.** Gjaldskylduákvæði verði samræmd og undanþágur og ívilnanir vegna einstakra afurða yfirleitt felldar niður og í staðinn sett almenn regla um ívilnun fyrir afurðir, sem hafa óvenju mikla vinnsluviðbót hér á landi.

Í samræmi við 7. lið tillagnanna er lagt til í frumvarpi þessu, að útflutningsgjaldið verði 6%. En eins og fram kemur í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins, er að svo stöddu ekki lagt til, að lagmetisiðnaður og söltuð grásleppuhrogn falli undir lögin og verði því lög nr. 69/1974 látin halda gildi sínu enn um sinn.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er samhljóða 1. gr. gildandi laga um útflutningsgjald af sjávarafurðum nr. 19/1973.

Um 2. gr.

Í tillögum nefndarinnar er lagt til, að öll ákvæði um útflutningsgjöld af sjávarafurðum verði numin úr núgildandi lögum og felld í ein lög. Frumvarp þetta gengur út á það. Hér er lagt til, að lagt verði eitt útflutningsgjald á sjávarafurðir, 6% af f.o.b.-verði útfluttra sjávarafurða, er komi í stað allra núgildandi ákvæða um útflutningsgjöld.

Núgildandi ákvæði um útflutningsgjöld af sjávarafurðum er að finna bæði í lögum nr. 19/1973, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, með síðari breytingum, og í sérlögum hinna ýmsu sjóða sjávarútvegsins.

Samkvæmt lögum um útflutningsgjöld nr. 19/1973 og reglugerð nr. 51/1975, eru útflutningsgjöld annars vegar magngjöld frá kr. 3000.00 til kr. 5940.00 á hvert tonn, og hins vegar gjald samkvæmt hundraðshluta af f.o.b.-verði, frá 4% til 8%, mismunandi eftir tegundum afurða.

Mestur hluti tekna af útflutningsgjöldum þessum rennur til Tryggingasjóðs fiskiskipa, eða 87.8%. Að öðru leyti renna tekjur þessar til Fiskveiðsjóðs, til Fiskimálsjóðs, til smíði haf- og fiskirannsóknaskipa, byggingar í þágu rannsóknarstofnana sjávarútvegisins, til Landsambands ísl. útvegsmanna og samtaka sjómanna.

Samkvæmt sérlögum sjóða sjávarútvegsins eru enn fremur lögð á eftirfarandi útflutningsgjöld:

Til Olíusjóðs, sem nú er lagt til að lagður verði niður sbr. 4. gr. frumvarpsins, renna tekjur af útflutningsgjaldi, sem nemur frá 6% til 11.5% af f.o.b.-verði sjávarafurða, mismunandi eftir tegundum. Undanþegið er lagmeti og afurðir, sem koma frá hval-, sel- og hrognkelsaveiðum.

Til Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins renna tekjur af útflutningsgjaldi, sem nemur 1¼% af f.o.b.-verði útfluttra sjávarafurða. Og til áhafnadeildar Aflatryggingasjóðs renna tekjur af útflutningsgjaldi, sem nemur 1½% af f.o.b.-verði útfluttra sjávarafurða.

Undanskildar gjöldum þessum eru afurðir, sem koma frá hval-, sel- og hrognkelsaveiðum, sbr. lögin um Aflatryggingasjóð, og niðursoðnar og niðurlagðar sjávarafurðir skv. lögum nr. 69/1974.

Til Fiskveiðasjóðs renna, auk tekna frá almennum útflutningsgjöldum skv. lögum nr. 19/1973, tekjur af sérstöku gjaldi, sem er 1% af f.o.b.-verði útfluttra sjávarafurða, annarra en þeirra, sem koma frá hval-, sel- og hrognkelsaveiðum, sbr. lögin um Fiskveiðasjóð, og niðursoðnar og niðurlagðar sjávarafurðir skv. lögum nr. 69/1974.

Til að standa straum af kostnaði við framkvæmd ferskfiskeftirlits skal greiða útflutningsgjald af f.o.b.-verði útfluttra sjávarafurða, er nemi 1½‰. Undanþegnar eru afurðir sem koma frá hvalveiðum og selveiðum.

Samkvæmt lögum nr. 40/1966 er lagt sérstakt gjald á útflutta síld og síldarafurðir. Gjald þetta er 0.3% af f.o.b.-verði útflutts síldarmjöls og síldarlýsis, en 0.2% af f.o.b.-verði annarrar útfluttrar síldar og síldarafurða.

Um 3. gr.

Samkvæmt tillögum nefndarinnar var ráð fyrir því gert, að öll gjaldskylduákvæði yrðu samræmd og jafnframt að undanþágur og ívilnanir vegna einstakra afurða yrðu yfirleitt felldar niður og í staðinn sett ein almenn regla um ívilnun fyrir afurðir, sem hafa óvenjulega mikla vinnsluviðbót hér á landi.

Grein þessi felur í sér slíka almenna ívilnunarreglu og er hér lagt til, að hún verði með því móti, að ef útflytjandi getur sýnt fram á það hverju sinni, að hlut-

fall hráefniskostnaðar af f. o. b.-verði vörunnar sé lægra en 30%, geti sjávarútvegsráðherra lækkað 6% útflutningsgjaldið í ákveðnum hlutföllum við hlutfall hráefniskostnaðarins. Þó þannig að gjaldið fari ekki niður fyrir 1%

Selafurðir eru þó undanskildar útflutningsgjöldum.

Þær afurðir, sem einna helst koma til greina í þessu sambandi, eru niðursoðnar og niðurlagðar afurðir. Hins vegar hafa þessar afurðir verið undanþegnar almennum útflutningsgjöldum um skeið. Fyrst samkvæmt 6. gr. laga um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, en þar eru þessar afurðir ásamt söltuðum grásleppuhrognum undanþegnar almennum ákvæðum um útflutningsgjöld, í 5 ár frá árinu 1972, en renna þess í stað í sérstakan sjóð til eflingar lagmetisiðnaðinum og útflutningi hans. Með lögum nr. 69/1974, um breyting á lögum um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, er lagmetisiðnaðurinn felldur undir skilgreiningu laga um iðnrekstur og greiðir iðnlánasjóðsgjald samkvæmt lögum nr. 68/1967 með síðari breytingum.

Með þessu er lagmetisiðnaðurinn að fullu undanþeginn öllum útflutningsgjöldum af niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum og söltuðum grásleppuhrognum, sbr. lög um útflutningsgjöld af sjávarafurðum, lög um Fiskveiðasjóð Íslands og lög um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Í sambandi við þær breytingar, sem nú er verið að gera á útflutningsgjöldum sjávarafurða, telur nefndin, að ástæða sé til að taka til endurskoðunar ákvæði 6. og 7. gr. laga um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins og 1. gr. laga nr. 69/1974 um breytingu á þeim lögum.

Þótt skipan mála verði óbreytt um sinn, er undir þetta álit nefndarinnar tekið, enda hníga flest rök að því, að lagmetisiðnaður sitji við sama borð og aðrar greinar fiskiðnaðar.

Hér er því gengið út frá því, að lög nr. 69/1974 haldi óbreytt gildi sínu, þannig að niðursoðnar og niðurlagðar afurðir og söltuð grásleppuhrogn séu undanþegnar útflutningsgjaldi samkvæmt lögum þessum.

Um 4. gr.

Grein þessi er um skiptingu útflutningsgjaldsins til hinna einstöku sjóða og skýrir sig sjálf.

Kjarninn í tillögum nefndarinnar er, að færðir skuli nálægt 4 milljörðum króna úr fjárráðstöfun sjóða sjávarútvegsins yfir í fiskverðsgreiðslur til sjómanna og útvegsmanna.

Miðað við áætlun um útflutningsverðmæti sjávarafurða á ári miðað við gengi og verðlag í október 1975, er áætlað, að skipting tekna af 6% útflutningsgjaldinu verði með eftirfarandi hætti og til hliðsjónar fylgja tölur um tekjur samkvæmt núgildandi reglum:

	Frumvarpið		Núgildandi reglur	
1. Aflatryggingasjóður:	%	m.kr.	%	m.kr.
a) Almenn deild	22	500	7.7	461
b) Áhafnadeild	26	590	9.3	554
2. Tryggingasjóður fiskiskipa	27	613	19.8	1 182
3. Fiskveiðasjóður — Fiskimálasjóður			8.4	497
a) Til lánastarfsemi	21	477		
b) Til styrkveitinga til rannsókna, tilrauna og markaðseflingar	0.9	20		
4. Til sjávarrannsókna og framleiðslueftirlits sjávarafurða	2.3	53	1.0	62
5. Til samtaka sjómanna og útvegsmanna	0.8	18	0.2	13
6. Til Olíusjóðs	–	–	53.6	3 196
Samtals	100.0	2 271	100.0	5 965

Af skiptingu þeirri, sem greinin gerir ráð fyrir, sést í fyrsta lagi, að Olíusjóður er lagður niður. Sömuleiðis sérstakt síldargjald. Aflatryggingasjóður starfar áfram með svipuðum tekjum. Þá eru tekjur Tryggingasjóðs skertar um nálægt helming frá núgildandi gjaldskrá útflutningsgjalda og verða því greiðslur iðgjaldsstyrkja úr honum lækkaðar að sama skapi.

Í greininni er ráð fyrir því gert, að tekjur til Fiskveiðasjóðs og Fiskimálasjóðs verði sameinaðar.

Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

Um 5., 6., 7., 8., 9., 10. og 11. gr.

Greinarnar eru samhljóða 4., 5., 6., 7., 8., 9. og 10. gr. gildandi laga.

Um 12. gr.

Greinin er nýmæli og þarfnast ekki skýringar.

Um 13. gr.

Greinin er samhljóða 12. gr. gildandi laga.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í 18. gr. laga um Framleiðslueftirlit sjávarafurða er lagt á ákveðið gjald til að standa straum af ferskfiskeftirliti í landinu. Samkvæmt greininni er gjaldið 1‰ af f.o.b.-andvirði íslenskra sjávarafurða. Hér er um prentvillu að ræða. Gjald þetta var fyrir gildistöku laganna 1.5‰ og stóð ekki til að breyta því. Í framkvæmd hefur því eftir sem áður verið innheimt 1.5‰ gjald, og er ákvæði þessu til bráðabirgða ætlað að leiðrétta þessa villu.

Sþ. 311. Tillaga til þingsályktunar [149. mál]

um athugun á hagkvæmni brúargerðar yfir Eyjafjarðará nálægt Laugalandi.

Flm.: Lárus Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna sem fyrst hvort hagkvæmt sé að gera brú yfir Eyjafjarðará er tengi byggðina í Hrafnagils- og Öngulsstaðahreppi.

Greinargerð.

Í Eyjafirði er eitt þéttbýlasta og besta landbúnaðarhérað á landinu. Byggð hefur vaxið þar á undangengnum árum og áratugum gagnstætt því sem víða er í sveitum. Beggja vegna árinnar eru myndarlegar skólabyggingar, Hrafnagilsskóli í Hrafnagilshreppi og húsmæðraskóli að Syðra-Laugalandi. Þar er einnig sundlaug, en engin sundaðstaða er að Hrafnagili og þar skortir auk heldur heitt vatn til upphitunar.

Þótt byggð hafi sem fyrr segir vaxið í Hrafnagils- og Öngulsstaðahreppi, hefði framþróun þessara byggðarlaga vafalítið orðið miklu örari ef auðveldara væri að komast milli hreppanna beint yfir Eyjafjarðará. Það hefur því verið mikið áhugamál íbúa á þessu svæði að Eyjafjarðará yrði brúuð og byggðarlög þessi tengd saman þar sem byggðin er þéttust. Þetta mundi stytta þá leið, sem fara þarf milli hreppanna, um nálægt því 30 km, en nú þarf að fara brýrnar niður við Akureyri til þess að komast milli þessara byggðarlaga, sem kunnugt er.

Þannig er ástatt nú að húsmæðraskólinn á Laugalandi hefur ekki verið starfræktur um sinn vegna nemendaskorts. Aftur á móti skortir skólarými að Hrafna-

gili. Þar skortir einnig sundaðstöðu sem er til að Laugalandi eins og áður segir. Þessi dæmi sýna ótvírætt að unnt væri að hagnýta skólamannvirki og íþróttaaðstöðu í þessum byggðarlögum miklu betur en ella ef Eyjafjarðará yrði brúuð. Önnur félagsleg og menningarleg samskipti fólksins yrðu augljóslega meiri og margvíslegur efnahagslegur ávinningur yrði við slíka samgöngubót.

Nú hefur tvennt gerst, sem gerir það að verkum að sú könnun er tímabær og nauðsynleg sem þessi tillaga fjallar um. Fundist hefur heitt vatn að Syðra-Laugalandi og fullvíst má telja að hitaveita verður lögð þaðan til Akureyrar. Þá munu einnig auknar líkur á að þjóðvegurinn frá Akureyri austur fyrir Eyjafjörð liggi um svonefndar Leirur, og við það lengist enn sú leið sem íbúar Hrafnagilshrepps og Öngulsstaðahrepps þurfa að fara til samskipta. Lengi var jafnvel í ráði að þjóðvegurinn frá Akureyri færðist sunnar í Eyjafjörð en hann er nú. Augljóslega hefði slík ákvörðun minnkað nauðsynina á brúargerð við Hrafnagil eða þar um slóðir.

Fyrir dyrum stendur að ákveða þá leið, sem leggja á hitaveitu yfir Eyjafjarðará. Ef áin yrði brúuð á móts við Laugaland kæmi vafalítið mjög til greina að taka lögnina þannig yfir ána og leysa hitaveituvandamál Hrafnagilsskóla, Kristneshælis og byggðarinnar í Hrafnagilshreppi í leiðinni. Nú þegar ákvörðun nálgast um hvar vegurinn skuli liggja frá Akureyri yfir Eyjafjörð og enn fremur að taka ákvörðun um þá leið sem hitaveita á að leggjast yfir fjörðinn frá Laugalandi er augljóst að kanna þarf félagslega og efnahagslega hagkvæmni þess að brúa Eyjafjörð milli þéttustu byggðarinnar í Öngulsstaða- og Hrafnagilshreppi. Á alla framangreinda þætti þarf að líta í samhengi. Þessi könnun þarf ekki að taka nema örstuttan tíma vegna þess m. a. að þegar liggja fyrir hjá Vegagerð ríkisins athuganir á vega- og brúarstæði á þessum slóðum og lauslegar kostnaðaráætlanir. Athuganir á hagkvæmni nýtingar skólahúsnæðis og íþróttamannvirkja o. s. frv. eru ekki heldur það flókin verkefni að ekki sé unnt að ljúka þeim af á stuttum tíma.

Sþ. 312. Tillaga til þingsályktunar [150. mál]

um rannsóknir og áætlanagerð um heyverkunaraðferðir.

Flm.: Steinþór Gestsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hún hlutist til um að Rannsóknastofnun landbúnaðarins efni á næsta sumri til frekari rannsókna á heyverkunaraðferðum með það fyrir augum að finna með hverjum hætti verði staðið svo að heyskap að hann verði áfallalaus og fóðurgildi uppskerunnar verði vel tryggt.

Með hliðsjón af niðurstöðum rannsókna skal gera áætlun um skipulegar framkvæmdir við bættan húsakost og tækjabúnað, sem þætti þurfa að hrinda fram til þess að ná besta árangri og hagkvæmni við heyskap og hvers konar fóðuröflun.

Áætlun þessa skal leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi eða svo fljótt sem verða má.

Greinargerð.

Sumarið 1975 hefur orðið bændum um sunnan- og vestanvert landið þungt í skauti og öllum almenningi minnistætt. Túnin spruttu seint, svo að ekki varð hafinn sláttur fyrr en um miðjan júlí og sums staðar síðar. Þurrkar urðu nánast engir, aðeins stakir dagar bjartir, enda afleiðingarnar eftir því: hrakin hey og illa hirt í hlöðum og svo léleg að fóðurgildi að til eindæma verður talið. Sá skaði bænda er ómældur að hafa með ærnum áburðarkostnaði stofnað til vetrarforðans sem síðan reynist ónothæfur án þess að hafa kraftfóður í ríkum mæli til fóðurbætis.

Það hefur sannast á þessu makalausa óþurrkasumri, að enn eru bændur háðari tíðarfarinu við heyskapinn en menn ætluðu og fjárhagsleg skakkaföll af þeim sökum stórum alvarlegri nú, þegar miklu er kostað til um áburð og heyvinnutæki, eins og víðast er gert um breiðar byggðir.

Tækniþróun í landbúnaði er hröð og um margt fullkomin. En sú spurning verður áleitin eftir áföll eins og þau gerðust víða um land í sumar, hvort ekki vanti enn herslumun að því er varðar samræmda aðstöðu, svo að tiltækur tæknibúnaður njóti sín svo sem skyldi. Þá má einnig gera því skóna að súgþurrkun gæti ráðið úrslitum í þessu efni ef flutningsgeta dreifikerfis raforkunnar reisti ekki nokkrar skorður við notkun hagstæðari véla við heyþurrkun.

Á vegum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins hefur nokkuð verið unnið að athugunum og samanburði á ýmsum heyverkunaraðferðum. Það er skoðun flm. að þær þurfi nú að efla stórlega og bera saman árangur af venjulegri súgþurrkun, votheysgerð, hraðþurrkun og ýmsum afbrigðum þessara aðferða og meta notagildi þeirra með hliðsjón af aðstöðu til þess að hagnýta þær í óþurrkatíð og við breytilegan húsakost.

Þegar fyrir liggur skýrsla um þær rannsóknir, sem tillaga þessi gerir ráð fyrir að efnt verði til, þá vænti ég að með nokkru öryggi megi benda á líklegustu úrræði til tryggingar áfallalausri heyverkun. Þá má vænta árangurs af sameiginlegri áætlanagerð þeirra manna, sem standa fyrir rannsóknum, bútæknimanna, sérfræðinga á sviði búfjárræktar og bygginga svo og forsvarsmanna bændanna sjálfra, sem þessi vandamál brenna heitast á, — áætlanagerð um úrbætur, hvort tveggja í senn framkvæmdahraða og gerð framkvæmdanna.

Málefni af þessu tagi verða ekki leyst í einu vetfangi né heldur afgreidd í eitt skipti fyrir öll. Það er ljóst að aðgerða er þörf. Tillaga þessi er hugsuð og flutt sem ábending til lærðra sem leikra um vandamál sem verður að leysa. Hún er og flutt vegna reynslu frá síðasta sumri, sem sýnir að full þörf er á að herða róðurinn í hagræðingu atvinnuvegarins svo að hann fái með öruggari hætti gegnt hlutverki sínu með þjóðinni og veitt þeim, er við hann starfa stöðugri afkomu þótt á móti blási.

Nánar verður fjallað um efni tillögunnar í framsögu.

Nd. 313. Frumvarp til laga [151. mál]

um innflutningsgjald af gas- og brennsluolíum.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af gasolíu, tnr. 27.10.40 og brennsluolíu, tnr. 27.10.50. Skal gjald þetta nema kr. 1,33 af hverju kg.

2. gr.

Gjald þetta skal innheimt með aðflutningsgjöldum. Skulu ákvæði laga nr. 6/1974 um tollskrá o. fl. svo og laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit gilda um gjald samkvæmt lögum þessum eftir því sem við á.

3. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að innflytjendur fái gjaldfrest á greiðslu gjalds þessa, er miðist við sölu birgða.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjald samkvæmt 1. gr. skal einnig innheimt af þar greindum olíum sem í birgðum eru í landinu við gildistöku laga þessara hjá innflytjendum og öðrum söluaðilum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að komið verði á sérstöku innflutningsgjaldi, er innheimt sé af gasolíu og svartolíu. Gjald þetta skal nema kr. 1,33 pr. kg og skal innheimt með aðflutningsgjöldum og lúta sömu reglum og þau. Með gjaldtöku þessari er gert mögulegt að afléttа söluskatti af gasolíu til íslenskra fiskiskipa án tekjutaps fyrir ríkissjóð. Hið sérstaka innflutningsgjald, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, á að skila ríkissjóði sömu tekjum og falla niður við afnám söluskatts til fiskiskipa, þ. e. 580 milljónir króna á ársgrundvelli. Skv. gildandi lögum og verðlagsákvörðunum skal greiða söluskatt af gasolíu til fiskiskipa. Verð á gasolíu til fiskiskipa hefur fram að þessu verið greitt niður af olíusjóði og hefur verðið til íslenskra fiskiskipa numið kr. 5,80 á hvern lítra. Fullt verð ásamt söluskatti nemur nú kr. 29,00 á hvern lítra. Með afnámi söluskattsins og upptöku innflutningsgjaldsins mun verðið hins vegar lækka í kr. 25,30 pr. lítra til fiskiskipa. Verð á gasolíu til húshitunar mun verða það sama og hækkar því um kr. 1,10 pr. lítra. Ef haldið hefði verið óbreyttri þeirri skipan, sem gilti til 1. jan. s. l., væri verð á gasolíu til húsahitunar nú kr. 25,75 pr. lítra en verður skv. frumvarpi þessu, ef að lögum verður kr. 25,30 pr. lítra. Verð á svartolíu mun einnig hækka sem innflutningsgjaldinu nemur, en svartolía hefur verið söluskattsfrjáls til þessa. Telja verður eðlilegt, að sömu reglur gildi um skattlagningu á svartolíu til fiskiskipa og gasolíu til fiskiskipa. Með frumvarpinu er í reynd lagt til, að söluskatti þeim, er íslensk fiskiskip eiga skv. gildandi lögum að greiða af gasolíunotkun sinni, verði jafnað niður á alla notendur gasolíu og svartolíu. Hér er ekki um eiginlegt nýmæli að ræða. Frá 30. júlí 1971 til ársloka 1975 var framkvæmd jöfnun á verði gasolíu milli notenda ekki ósvipað því sem lagt er til í frumvarpinu. Verðlagsnefnd ákvað þann 30. júlí 1971 að innflutningsjöfnunarreikningur skyldi bera upphæð samsvarandi söluskatti á gasolíu til fiskiskipa. Af þessu leiddi, að í raun var lagt gjald á alla gasolíu, einnig hina söluskattsfrjálsu gasolíu til húsahitunar, og nam það kr. 1,58 á hvern lítra við síðustu áramót.

Frá áramótum hefur hins vegar ríkt millibilsástand í verðlagningarmálum á gasolíu. Verðlagsnefnd felldi fyrri ákvörðun úr gildi hinn 15. desember 1975, en ákvað um leið, að olíuverði skyldi haldið óbreyttu vegna óhagstæðrar stöðu verðjöfnunarreiknings gasolíu. Með frumvarpi þessu er lagt til, að lögfest sé í breyttu formi sú meginregla, sem gilti um söluskattsmeðferð á gasolíu til fiskiskipa frá 30. júlí 1971 til ársloka 1975, þó þannig að skipan sú, sem lagt er til að upp verði tekin með frumvarpi þessu, leiði til heldur lægra verðs á gasolíu til fiskiskipa og húsahitunar en orðið hefði ef áfram hefði verið haldið á fyrri braut. Þannig mun verð til fiskiskipa nema óniðurgreitt kr. 25,30 pr. lítra skv. frumvarpi þessu, en hefði numið kr. 25,75 pr. lítra ef ákvörðun verðlagsnefndar frá 30. júlí 1971 stæði enn.

Ed. 314. Frumvarp til laga [152. mál]

um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

Flm.: Halldór Ásgrímsson, Helgi F. Seljan.

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Launakjör skipaðra ljósmæðra skulu ákveðin með kjarasamningum eða af kjaradómi á sama hátt og laun opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 55 28. apríl 1962.

Laun skipaðra ljósmæðra í kaupstöðum skulu greidd mánaðarlega úr bæjarsjóði.

Laun skipaðra ljósmæðra í umdæmum utan kaupstaða skal greiða að einum þriðja hluta úr sýslusjóði og tveimur þriðju hlutum úr ríkissjóði. Launin greiða sýslumenn ársfjórðungslega fyrir fram.

Skipaðri ljósmóður, sem falið er um stundarsakir að gegna nágrannaumdæmi, ber að greiða fyrir það byrjunarlaun þess umdæmis.

Ríkissjóður leggur til áhöld í ljósmæðraumdæmin, og ákveður landlæknir í samráði við skólastjóra og aðalkennara Ljósmæðraskóla Íslands, hver þau skuli vera.

2. gr.

Á eftir 4. gr. komi ný grein, sem verður 5. gr., svo hljóðandi:

Ljósmóðir, sem skipuð er í starf samkvæmt lögum þessum, á rétt á orlofi ár hvert á sama hátt og aðrir opinberir starfsmenn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi 1. gr. laga nr. 23 1947, lög nr. 23 1948 og lög nr. 114 1951.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1976 skal hver sýslunefnd endurskoða skiptingu sýslunnar í ljósmæðraumdæmi, sbr. 2. gr. laganna.

Að endurskoðun lokinni skal sýslunefnd í hverju lögsagnarumdæmi gera ráðherra grein fyrir tillögum um skiptinguna og leita samþykkis hans á þeim.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á þinginu 1971—72 af Páli Þorsteinssyni og Helga F. Seljan. Því var þá vísað til ríkisstjórnarinnar á þeim forsendum, að nýrra ljósmæðralaga væri að vænta. Frv. var endurflutt á þinginu 1974—75 af flutningsmönnum þessa frv. Enn var frumvarpinu vísað til ríkisstjórnarinnar á þeim forsendum, að breytinga væri að vænta. Þar sem enn bólar ekkert á nýjum lögum eða öðrum breytingum, þykir rétt að endurflytja frumvarpið óbreytt með svipaðri greinargerð. Að öðru leyti en þessu var greinargerð fyrra frv. svo sem hér fer á eftir með þeim breytingum einum, sem stafa af setningu nýrrar heilbrigðislöggjafar:

Ljósmæðralög, nr. 17 1933, eru orðin svo gömul, að sum ákvæði þeirra samrýmast ekki þeim öru breytingum í þjóðfélaginu, sem orðið hafa.

Launakjör ljósmæðra eru í reynd ákveðin með öðrum hætti en lögin mæla fyrir um, enda orðið óhjákvæmilegt, að í framkvæmd sé vikið frá bókstaf laganna að því leyti. Í ljósmæðralögum eru engin ákvæði um orlof ljósmæðrum til handa hliðstætt því, sem aðrir opinberir starfsmenn eiga rétt á samkvæmt lögum.

Í 1. gr. þessa frv. er kveðið svo á, að laun skipaðra ljósmæðra skuli ákveðin með kjarasamningum eða af kjaradómi á sama hátt og laun annarra opinberra starfsmanna.

Samkvæmt 2. gr. frv. á að veita ljósmóður, sem skipuð hefur verið í starf, rétt til orlofs.

Í 2. gr. ljósmæðralaga, nr. 17 1933, segir svo: „Hverri sýslu landsins skal skipta í ljósmæðraumdæmi, og gerir sýslunefnd það með samþykki ráðherra. Skipa skal eina ljósmóður til að gegna hverju umdæmi, og hefur hún þar aðsetur, er sýslunefnd þykir hæfa.“

Með bráðabirgðaákvæði frumvarpsins er lagt til, að á árinu 1976 verði endurskoðuð skipting landsins í ljósmæðraumdæmi. Við þá endurskoðun ber m. a. að taka tillit til sérstöðu einstakra byggðarlaga, fólksfjölda, samgangna innan héraðs sem

og þeirra breytinga, er orðið hafa á læknaskipan og heilsugæslu. Þar er einmitt sérstaklega að því vikið, að ljósmæður geti veitt aðstoð við almenna heilsugæslu á hinum nýju heilsugæslustöðvum. Það ætti enn frekar að vera staðfesting á nauðsyn nýrra laga um störf ljósmæðra almennt, skyldur þeirra og réttindi.

Nd. 315. Nefndarálit [148. mál]

um frv. til laga um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd Nd. hefur rætt frv. þetta, sem byggt er á tillögum nefndar, er skipuð var af sjávarútvegsráðherra s. l. vor skv. ósk Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frv. óbreytts.

Sighvatur Björgvinsson skilar séráliti.

Alþingi, 11. febr. 1976.

Pétur Sigurðsson, form.	Sverrir Hermannsson, fundaskr.	Jón Skaftason, frsm.
Garðar Sigurðsson,	Guðl. Gíslason.	Tómas Árnason.

Nd. 316. Nefndarálit [147. mál]

um frv. til laga um Stofnfjársjóð fiskiskipa.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd Nd. hefur rætt frv. til l. um Stofnfjársjóð fiskiskipa á þskj. 309.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með að frv. verði samþykkt óbreytt.

Garðar Sigurðsson skilar séráliti.

Alþingi, 11. febr. 1976.

Pétur Sigurðsson, form.	Sverrir Hermannsson, fundaskr., frsm.	Tómas Árnason.
Jón Skaftason.	Guðl. Gíslason.	Sighvatur Björgvinsson.

Nd. 317. Nefndarálit [148. mál]

við frv. til laga um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Um áramótin 1973—74 var stofnað til Olíusjóðs fiskiskipa af þáverandi sjávarútvegsráðherra, Lúðvík Jósepssyni. Það var rökstutt með því, að hinn nýi togarafloti landsmanna gæti þá ekki staðið undir verðhækkun á brennsluolíu. Hins vegar leit út fyrir, að afkoma fyrst og fremst hjá loðnuveiðibátum yrði það góð, að þessi þáttur veiðanna gæti tekið á sig verulegt álag til myndunar sjóðs til þess að greiða

niður olíuverð flotans. Þetta álag var byggt á hlutfallslegri greiðslu á brúttóafla og hlaut því að koma mjög misjafnlega niður eftir aflamagni og verðmætasköpun hvers úthalds. Þetta er aðalorsök að þeirri feikilegu öfugþróun í sjávarútvegi þar sem hið risavaxna millifærslubákn er.

Alþýðuflokkurinn einn flokka á Alþingi benti á, hve hættuleg stefna þetta væri, og varaði við afleiðingunum. Á þau varnaðarorð var þó ekki hlustað, hvorki af þáverandi né núverandi ríkisstjórn, þótt fyrir lægi að meðal áhrifa slíkrar sjóðamyndunar væri þverrandi hvöt hjá mönnum í útvegi til þess að spjara sig vel og sýna forsjálni og aðhald.

Frumvarp þetta er flutt í framhaldi af víðtækri endurskoðun á sjóðakerfi sjávarútvegsins, sem nefnd skipuð af ráðherra skv. kröfum aðila í sjávarútvegi hefur annast. Frumvarpið er byggt á tillögum þessarar nefndar og er tvímælalaust spor í rétta átt. Alþýðuflokkurinn er eðlilega fylgjandi afnámi hins rangláta millifærslukerfis, en hefði kosið að ganga nokkru lengra í vissum atriðum en ráð er fyrir gert í frv. Hins vegar ber á það að líta, að frv. byggist á samkomulagi hagsmunaaðila í sjávarútvegi, sjómanna og útvegsmanna, og er þáttur í lausn kjaramála og fiskverðsákvörðunar. Lögð hefur verið á það mikil áhersla af þessum aðilum, að frv. fengi skjóta afgreiðslu efnislega óbreytt og því mun ég greiða atkvæði með frv.

Alþingi, 11. febr. 1976.

Sighv. Björgvinsson.

Nd. 318. Nefndarálit [147. mál]

um frv. til l. um Stofnfjársjóð fiskiskipa.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Í tíð fyrri „viðreisnarstjórnar", árið 1968, var fyrst tekið upp á því að taka stóran hluta aflaverðmætis í Stofnfjársjóð fiskiskipa og rýra þar með tekjur sjómanna og láta þá í raun greiða niður skipin ásamt útgerðinni.

Vinstri stjórnin lækkaði mjög stofnfjársjóðsgjaldið, en núverandi ríkissti hækkaði það fljótlega aftur í 15% og 21% og skerti þá enn á ný sjómannakjörin og efldi margumtalað sjóðakerfi með því á kostnað sjómanna. Nú er áformað að skera upp sjóðakerfið sem hefur þanist út með ólíkindum í tíð núv. stjórnar.

Er þarna vissulega stigið spor í rétta átt, en minni hl. sjávarútvegsnefndar leggur á það áherslu, að hér verði aðeins um fyrsta áfanga að ræða, haldið skuli áfram á þessari braut.

Minni hluti sjávarútvegsnefndar vill einnig leggja áherslu á það, að ekki sé stætt á því að ætla ekki sjómönnum réttlátan hlut af þeirri fiskverðshækkun, sem af þessu leiðir, og mótmælir því að sjómenn séu látnir taka þátt í útgerðarkostnaði.

Sú lækkun á framlagi í Stofnfjársjóð úr 15% í 10% er þannig, að 10% eru reiknuð af hærri stofni, þar sem sjóðabreytingin jafngildir um 24% hækkun á á fiskverði.

Sé reiknað með því að gjald í Stofnfjársjóð ætti að færast í 10% af aflaverðmæti eins og var fyrir síðustu hækkun lætur nærri að rétt væri að miða stofnfjársjóðsgjaldið við 8%.

Minni hl. sjávarútvegsnefndar mun leggja fram breytingartillögur þessa efnis á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 11. febr. 1976.

Garðar Sigurðsson.

Nd. 319. Breytingartillögur [147. mál]

við frv. til l. um Stofnfjársjóð fiskiskipa.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar (GS).

1. Við 3. gr. Í stað „10%“ komi: 8%.
2. Við 4. gr. Í stað „16%“ komi: 13%.

Nd. 320. Breytingartillaga [148. mál]

við frv. til l. um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá Jóni Skaftasyni.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 14. gr. skulu ákvæði l. nr. 19 1973 um útflutningsgjald á lagmeti og söltuð grásleppuhrogn halda gildi sínu, sbr. 3. málsl. 1. gr. laga nr. 69 1974, um breyt. á l. nr. 48 26. maí 1972, um Sölustofnun lagmetisins.

Nd. 321. Frumvarp til laga [148. mál]

um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 11. febr.)

Samhljóða þskj. 310 með þessari breytingu:

Ákvæði til bráðabirgða.

Frá gildistöku laga nr. 108 31. desember 1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, og til 15. febrúar 1976, skal í stað orðsins „1‰“ í 18. gr. laganna koma orðið: 1.5‰.

Þrátt fyrir ákvæði 14. gr. skulu ákvæði l. nr. 19 1973 um útflutningsgjald á lagmeti og söltuð grásleppuhrogn halda gildi sínu, sbr. 3. málsl. 1. gr. l. nr. 69 1974, um breyting á l. nr. 48 26. maí 1972, um Sölustofnun lagmetisins.

Nd. 322. Nefndarálit [151. mál]

um frv. til laga um innflutningsgjald af gas- og brennsluolíum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á fundi sínum í dag og fengið ýmsar upplýsingar um efni þess hjá Þorsteini Geirssyni deildarstjóra í fjármálaráðuneytinu, en hann kom á fund nefndarinnar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins.

Meiri hlutinn, undirritaðir nefndarmenn, leggur til að frv. verði samþykkt, en minni hlutinn, LJós og GÞG, skilar séráliti. Fjarverandi voru ÞÞ og TÁ.

Alþingi, 12. febr. 1976.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm.	Lárus Jónsson, fundaskr.	Ey. Kon. Jónsson.

Nd. 323. Breytingartillaga [151. mál]

við frv. til laga um innflutningsgjald af gas- og brennsluolíum.

Frá Ólafi G. Einarssyni.

1. 1. gr. orðist svo:
   Greiða skal gjald af gasolíu, tnr. 27.10.40, og brennsluolíu, tnr. 27.10.50. Skal gjald þetta nema kr. 1.33 af hverju kg.
2. Fyrirsögn frv. breytist í samræmi við þetta og verður:
   Frumvarp til laga um gjald af gas- og brennsluolíum.

Nd. 324. Nefndarálit [151. mál]

um frv. til laga um innflutningsgjald af gas- og brennsluolíum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur fjallað um frumvarpið. Meiri hl. n., fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna, vill samþykkja frv., en við undirritaðir fulltrúar Alþýðubandalags og Alþýðuflokks erum andvígir frumvarpinu.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að lagt verði á nýtt innflutningsgjald á brennsluolíur, 1330 kr. á hvert tonn. Áætlað er að gjald þetta gefi ríkissjóði um 580 milljónir króna á ári.

Þær ástæður eru tilfærðar fyrir tillögu um þetta nýja gjald, að ríkissjóður tapi söluskattstekjum af brennsluolíum til fiskiskipa, ef svonefndur Olíusjóður verður lagður niður, eins og nú er ráðgert, og þurfi ríkissjóður þá á nýjum tekjustofni að halda í staðinn.

Söluskattur var felldur niður af olíum til húsakyndingar fyrir nokkru, og ætlunin var að söluskatturinn yrði einnig felldur niður af olíum til fiskiskipa.

Fjármálaráðherra hefur heimild í lögum til að fella niður söluskatt á olíu. Við teljum að þá heimild eigi að nota og fella formlega niður söluskatt á olíum til fiskiskipa eins og ráðgert hafði verið, en erum því mótfallnir að tekin verði upp ný skattlagning á alla brennsluolíu, eins og frv. gerir ráð fyrir.

Við leggjum því til að frv. verði fellt.

Alþingi, 12. febr. 1976.

Lúðvík Jósepsson, frsm. Gylfi Þ. Gíslason.

Ed. 325. Nefndarálit [148. mál]

um frv. til laga um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarp þetta fjallar um breytingu á gjaldi, sem tekið skal við útflutning á sjávarafurðum. Um langan aldur hefur slík gjaldtaka átt sér stað og verið ráðstafað með lögum frá Alþingi eftir óskum útgerðaraðila. Í langan tíma var þetta gjald fyrst og fremst notað til að mynda tekjur fyrir Aflatryggingasjóð, var fremur lítil upphæð og kallaði ekki fram neinar deilur að ráði um það. Það, sem inn kom, fór aftur til þess að gera upp launahluti áhafna þegar afli brást.

Á erfiðleikaárunum 1967 og 1968 var gerð gengisbreyting og einn þátturinn í því að rétta við rekstur útgerðarinnar var að stofna sérstaka deild við Fiskveiðasjóð Íslands, sem fékk nafnið Stofnfjársjóður fiskiskipa. Um áramótin 1968—69 var fyrst innheimt útflutningsgjald í þessa deild og þá ákveðið 10% af fiskverði og 20% af síldarafurðum. Við sölu erlendis var gjaldið 22% af brúttósöluverði. Þessi mismunun olli strax deilum um gjaldið, en löggjöfin um Stofnfjársjóð fiskiskipa gerir ráð fyrir að tekjuöflun sé ákveðin í lögum hverju sinni.

Það er sameiginlegt þessum tveimur sjóðum, sem hér eru nefndir, að til þeirra rennur föst hlutfallstala af afla hvers skips. Þörfin á Stofnfjársjóðnum var löngu ljós, og hefur hann reynst til mikilla bóta fyrir Fiskveiðasjóð. Þetta tryggir Fiskveiðasjóði nokkuð örugga greiðslu á lánum frá sjóðnum, en gífurleg vanskil voru áður við Fiskveiðasjóð. Ef þetta fyrirkomulag hefði ekki gilt, orkar ekki tvímælis að miklu minni uppbygging fiskveiðiflota okkar hefði átt sér stað. Eftirspurn eftir lánum hjá Fiskveiðasjóði er og hefur verið svo mikil, að án sem næst tryggra skila á lánum og vöxtum hefði Fiskveiðasjóður gersamlega verið vanefnum búinn til þess að mæta lánsfjárþörfinni við fiskiskipakaupin og uppbyggingu fiskvinnslustöðvanna. Það, sem menn hafa deilt um, er hvað mikið gjald skuli tekið í þessu skyni. Einnig var ósanngjarnt að gera mönnum mishátt gjald eftir samsetningu aflans. Samhliða frumvarpinu um breytingu á útflutningsgjöldum er frv. um breytingu á Stofnfjársjóðnum, en þar er gert ráð fyrir að gjaldið verði 10% fiskverðs eins og það er ákveðið hverju sinni hér innanlands, en við löndun og sölu afla erlendis verði gjaldið 16%. Þetta ætti að vera raunhæf tala fyrir báða aðila og tryggja áfram gildi Stofnfjársjóðsins við Fiskveiðasjóð.

Gjaldið í Aflatryggingarsjóðinn er mikið hagsmunamál og hefur ekki valdið átökum milli sjómanna og útgerðar, þar sem það á að tryggja betri skil á uppgjöri til áhafna.

Auk áðurnefndra tveggja sjóða hefur vaxandi hátt gjald verið tekið af útflutningi í Tryggingasjóð fiskiskipa og nú seinast í svonefndan Olíusjóð. Tilgangur þessara sjóða og gjaldtaka í þá er og hefur verið deiluefni, bæði meðal útgerðaraðila og sjómanna. Á s. l. ári sauð upp úr um þessi efni og knúið var fram loforð frá forsætisráðherra um skipun nefndar til þess að kanna umfang sjóðakerfisins og úrbætur í því efni og afnám fyrst og fremst Olíusjóðs og Tryggingasjóðsins. Nú fyrir skömmu kom fram löng greinargerð um þessa sjóði alla. Frumvarpið, sem hér er flutt, felur í sér afnám Olíusjóðsins og mjög mikla lækkun á gjaldstofni til Tryggingasjóðsins.

Til Olíusjóðsins var stofnað fyrir tveimur árum af þáverandi sjávarútvegsráðherra, Lúðvík Jósepssyni, og voru sett á ný útflutningsgjöld í þessu skyni, og fyrst og fremst átti loðnuaflinn að bera gjaldið. Þessi ráðstöfun var sögð réttlætanleg vegna erfiðleika hinna nýju togara vegna olíuhækkunar og hins vegar vegna góðra möguleika í afla og verði hjá loðnuveiðiskipunum. Á Alþingi urðu um þetta langar umræður þá og lögðust þingmenn Alþýðuflokksins eindregið á móti þessu gjaldi og bentu á hættuna sem fólst í því. En með furðulega góðu fylgi sjálfstæðismanna hér á Alþingi komst þetta rangláta gjald á, sem hefur leitt af sér hin mestu vandræði og óánægju allra aðila. Nú er svo komið að enginn vill þetta fáránlega ósanngjarna álag lengur og enginn vill kannast við stuðning við það á sínum tíma.

Þótt gjaldtaka til Tryggingasjóðsins sé ekki afnumin, er hér stigið verulegt skref til bóta og byggt á tillögum áðurnefndrar sjóðanefndar. Réttmætt getur talist að hafa nokkra tryggingarsamhjálp, en reynslan sýnir að því miður má ekki gefa um of lausan tauminn í þessu efni, því að misnotkun kemur þá fljótt fram.

Gjaldtakan í Olíusjóðinn og Tryggingasjóðinn hefur leitt af sér mikið ranglæti og ósanngjarna millifærslu og haft miður góð áhrif á viðleitni manna til aðhalds og rekstrarhagkvæmni. Út í þá sálma skal ekki farið nánar hér.

Frumvarp þetta er flutt í framhaldi af viðtækri endurskoðun á sjóðakerfi sjávarútvegsins, sem nefnd skipuð af ráðherra skv. kröfum aðila í sjávarútvegi hefur annast. Frumvarpið er byggt á tillögum þessarar nefndar og er tvímælalaust spor í rétta átt. Alþýðuflokkurinn er eðlilega fylgjandi afnámi hins rangláta millifærslukerfis, en hefði kosið að ganga nokkru lengra í vissum atriðum en ráð er fyrir gert í frv. Hins vegar ber á það að líta, að frv. byggist á samkomulagi hagsmunaaðila í sjávarútvegi, sjómanna og útvegsmanna, og er þáttur í lausn kjaramála- og fiskverðsákvörðunar. Lögð hefur verið á það mikil áhersla af þessum aðilum, að frv. fengi skjóta afgreiðslu Alþingis efnislega óbreytt og því mun ég greiða atkvæði með frv.

Alþingi, 12. febr. 1976.

Jón Árm. Héðinsson.

Ed. 326. Nefndarálit [148. mál]

um frv. til laga um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd Nd. hefur rætt frv. þetta, sem byggt er á tillögum nefndar, er skipuð var af sjávarútvegsráðherra s. l. vor skv. ósk Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frv. óbreytts.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Jón G. Sólnes.

Jón Árm. Héðinsson skilar séráliti.

Alþingi, 12. febr. 1976.

Steingrímur Hermannsson, form., frsm. Halldór Ásgrímsson, fundaskr. Oddur Ólafsson.

Stefán Jónsson, með fyrirvara. Ingiberg J. Hannesson.

Ed. 327. Nefndarálit [147. mál]

um frv. til laga um Stofnfjársjóð fiskiskipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd Nd. hefur rætt frv. til l. um Stofnfjársjóð fiskiskipa á þskj. 309.

Nefndin mælir með að frv. verði samþykkt óbreytt.

Jón G. Sólnes var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. febr. 1976.

Steingrímur Hermannsson, form., frsm. Halldór Ásgrímsson, fundaskr. Oddur Ólafsson.

Stefán Jónsson, með fyrirvara. Jón Árm. Héðinsson. Ingiberg J. Hannesson.

Nd. 328. Frumvarp til laga [151. mál]

um gjald af gas- og brennsluolíum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 12. febr.)

1. gr.

Greiða skal gjald af gasolíu, tnr. 27.10.40, og brennsluolíu, tnr. 27.10.50. Skal gjald þetta nema kr. 1.33 af hverju kg.

2. gr.

Gjald þetta skal innheimt með aðflutningsgjöldum. Skulu ákvæði laga nr. 6/1974 um tollskrá o. fl. svo og laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit gilda um gjald samkvæmt lögum þessum eftir því sem við á.

3. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að innflytjendur fái gjaldfrest á greiðslu gjalds þessa, er miðist við sölu birgða.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjald samkvæmt 1. gr. skal einnig innheimt af þar greindum olíum sem í birgðum eru í landinu við gildistöku laga þessara hjá innflytjendum og öðrum söluaðilum.

Ed. 329. Nefndarálit [151. mál]

um frv. til laga um gjald af gas- og brennsluolíum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur fjallað um frumvarpið. Meiri hl. n., fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna, vill samþykkja frv., en við undirritaðir fulltrúar Alþýðubandalags og Alþýðuflokks erum andvígir frumvarpinu.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að lagt verði nýtt innflutningsgjald á brennsluolíur, 1330 kr. á hvert tonn. Áætlað er að gjald þetta gefi ríkissjóði um 580 millj. kr. á ári.

Þær ástæður eru tilfærðar fyrir tillögu um þetta nýja gjald, að ríkissjóður tapi söluskattstekjum af brennsluolíum til fiskiskipa, ef svonefndur Olíusjóður verður lagður niður, eins og nú er ráðgert, og þurfi ríkissjóður því á nýjum tekjustofni að halda í staðinn.

Söluskattur var felldur niður af olíum til húsakyndingar fyrir nokkru, og ætlunin var að söluskatturinn yrði einnig felldur niður af olíum til fiskiskipa.

Fjármálaráðherra hefur heimild í lögum til að fella niður söluskatt á olíu. Við teljum, að þá heimild eigi að nota og fella formlega niður söluskatt á olíum til fiskiskipa eins og ráðgert hafði verið, en erum því mótfallnir að tekin verði upp ný skattlagning á alla brennsluolíu, eins og frv. gerir ráð fyrir.

Við leggjum því til, að frv. verði fellt.

Í fjarveru Ragnars Arnalds tók Stefán Jónsson sæti í nefndinni við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. febr. 1976.

Jón Árm. Héðinsson, frsm. Stefán Jónsson.

Ed. 330. Nefndarálit [151. mál]

um frv. til l. um gjald af gas- og brennsluolíum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og varð ekki sammála um afgreiðslu málsins.
Meiri hlutinn, undirritaðir nefndarmenn, leggur til, að frumvarpið verði samþykkt, en minni hlutinn, JÁH, skilar séráliti. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Ragnar Arnalds.

Alþingi, 12. febr. 1976.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Jón Helgason, fundaskr. Axel Jónsson.
Albert Guðmundsson.

Nd. 331. Frumvarp til laga [153. mál]

um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi skal búa nemendur undir störf í viðskiptalífinu og leggja jafnframt almennan þekkingargrundvöll. Skal hún vera hluti af samræmdu framhaldsnámi að loknum grunnskóla, sbr. 4. gr., og svo sem nánar segir í lögum þessum.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra mála, sem lög þessi fjalla um.

3. gr.

Inntaka nemenda til námsins er í höndum stjórnar þess skóla, sem menntunina veitir.
Rétt til að hefja viðskiptanám samkvæmt lögum þessum hafa þeir, sem staðist hafa grunnskólapróf eða hlotið aðra hliðstæða menntun. Heimilt er að ákveða í reglugerð um lágmarkseinkunnir, sem krafist kann að verða.

4. gr.

Námsefni skal greint í kjarna og kjörsvið. Í kjarna skulu vera eftirtaldar greinar: íslenska, stærðfræði, eitt Norðurlandamál, enska, vélritun, bókfærsla og hagfræði. Kjörsvið skulu vera eftir því sem námsbrautir og námslok gefa tilefni til.
Námsefninu skal skipt í námseiningar, er skilgreindar verði í reglugerð. Skal jafnan við það miðað, að sem hagkvæmast verði fyrir nemendur að bæta við sig námi, enda verði námið þáttur í samræmdri menntun á framhaldsskólastigi.
Menntamálaráðuneytið setur í námsskrá og/eða reglugerð nánari ákvæði um námsskipan, kjörsvið, stundaskrá, námsefni, próf og kennsluhætti.

5. gr.

Viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi skal miða að því, að nemendur eigi völ á að búa sig undir almenn skrifstofustörf, bókhaldsstörf, afgreiðslu- og deildar-

stjórastörf í verslunum, svo og stjórnunarstörf. Jafnframt skulu nemendur eiga þess kost að búa sig undir stúdentspróf.

Námið skal vera eins til fjögurra ára nám, svo sem hér greinir:

a) Eins, tveggja eða þriggja ára almennt og sérhæft viðskiptanám, og skal nemandi hljóta skírteini og vitnisburð um nám sitt að loknum hverjum árságanga.
b) Eins árs viðbótarnám, að loknu þriggja ára almennu og sérhæfðu viðskiptanámi samkvæmt a-lið, er miðli nemendum almennri menntun til stúdentsprófs. Veitir stúdentsprófið þann rétt til háskólanáms, sem ákveðið er í lögum og reglugerð fyrir Háskóla Íslands og aðrar menntastofnanir á háskólastigi. Auk þess skal umrætt nám hafa að markmiði að gera nemendur hlutgengari til starfa í viðskiptalífinu.

Í náminu skal þess jafnan gætt, að nemendur eigi kost á hæfilegu valfrelsi milli kjörsviða.

Starfsþjálfun er hluti af umræddu námi, eftir því sem reglugerð mælir nánar fyrir um, og er skólum þeim, sem menntunina veita, heimilt að fela viðskiptafyrirtækjum að annast tiltekna þætti þeirrar þjálfunar.

6. gr.

Framangreinda menntun má veita annars vegar í formi námsbrautar á framhaldsskólastigi, í fjölbrautaskólum, menntaskólum og framhaldsdeildum grunnskóla, og hins vegar í sérskólum, eftir því sem sérhæfing námsins krefst.

7. gr.

Stofna skal, eftir því sem þörf krefur og fé er veitt til í fjárlögum, sérskóla á vegum ríkisins, er veiti viðskiptamenntun, sbr. 6. gr. Skal fyrsti skóli þeirrar tegundar stofnaður á Akureyri.

8. gr.

Allur stofn- og rekstrarkostnaður sérskóla samkvæmt 7. gr., greiðist úr ríkissjóði. Við aðra skóla, sem veita menntun skv. lögum þessum, fer um kostnað eftir því sem lög hvers skóla eða skólastigs kveða á um.

9. gr.

Samvinnuskólinn og Verslunarskóli Íslands hafa rétt til þess að halda áfram að rækja það fræðslustarf, sem þeir hingað til hafa annast og til að auka það og sérhæfa eftir því sem aðstæður leyfa og þörf krefur á hverjum tíma.

Um styrk úr ríkissjóði til nefndra skóla, skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

a) Rekstrarkostnaður skólanna skal greiddur að fullu, annar en rekstrarkostnaður heimavistar, þar sem hennar er þörf, en til hennar skal veittur styrkur, er nemur 80% kostnaðar. Framlag ríkissjóðs samkvæmt þessum staflið skal að hámarki miða við kostnað í ríkisskólum á sama fræðslustigi.
b) Stofnkostnaður þess kennsluhúsnæðis, sem byggt verður eftir gildistöku laga þessara, skal greiddur úr ríkissjóði að 80% og skal hið sama gilda um heimavist, þar sem hennar er talin þörf.

Skilyrði nefndra styrkveitinga er, að menntamálaráðuneytið hafi samþykkt árlega áætlun rekstrarkostnaðar skólanna og að fé sé veitt í fjárlögum fyrir stofnkostnaði, enda liggi áður fyrir samþykki stjórnvalda fyrir nýjum byggingarframkvæmdum.

Framlög ríkisins samkvæmt þessari grein miðast við, að skólar þessir starfi í samræmi við meginstefnu 5. gr. þessara laga, svo og skv. þeim reglugerðum, sem settar verða.

10. gr.

Um embættisgengi, starfsréttindi, ráðningu, störf, orlof og tölu fastra starfsmanna skóla, er veita menntun samkvæmt lögum þessum, fer eftir ákvæðum laga og reglugerða, er um slíkt gilda á hverjum tíma fyrir framhaldsskólastigið.

Skólastjóri og skólaráð stjórna starfi sérskóla samkvæmt 7. gr. Skólaráð skal skipað 5 mönnum, skólastjóra, tveimur fulltrúum kennara, kjörnum á almennum kennarafundi, og tveimur fulltrúum nemenda, kjörnum af nemendum skólans.

11. gr.

Í reglugerð, sem menntamálaráðuneytið setur, skal kveða nánar á um framkvæmd laga þessara.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samhljóða frumvarp var lagt fyrir 94. og 96. löggjafarþing, en varð eigi útrætt. Það er undirbúið af nefnd, sem þáverandi menntamálaráðherra skipaði 29. apríl 1971. Nefndarálit og umsagnir voru prentaðar með frumvarpinu við fyrri flutning.

Meginstefna frumvarpsins er sú, að nemendur, sem lokið hafa grunnskólanámi, þ.e. núverandi 8 ára skyldunámi og einu skólaári til viðbótar, eða hlotið hliðstæða menntun, eigi þess kost að afla sér menntunar til undirbúnings undir störf í viðskiptalífinu og jafnframt að treysta almennan þekkingargrundvöll sinn. Frumvarpið kveður á um, að námsefnið skuli greinast í kjarna og kjörsvið. Eru tilgreindar sjö greinar, sem vera skuli í kjarna og þá kenndar öllum nemendum skólanna, en þessar greinar eru: íslenska, stærðfræði, eitt Norðurlandamál, enska, vélritun, bókfærsla og hagfræði. Þar til viðbótar geti menn valið sér námsgreinar, kjörsvið, eftir því sem námsbrautir og námslok gefa tilefni til. Námsefninu verður skipt í einingar, þannig að sem auðveldast verði fyrir nemendur að bæta við sig námi t. d. í öðrum skólum, þar eð gert er ráð fyrir, að námið verði þáttur í samræmdri menntun á framhaldsskólastigi og geti farið fram í fjölbrautaskólum, menntaskólum og framhaldsdeildum grunnskóla og svo hins vegar í sérstökum verslunarskólum eftir því sem sérhæfing námsins gerir kröfur um. Er miðað við, að slíkir sérskólar verði stofnaðir eftir því sem þörf krefur og fé er veitt til og verði þeir ríkisskólar og hinn fyrsti skóli, sem stofnaður verður þeirrar tegundar, rísi á Akureyri.

Eins og áður segir eru sjö námsgreinar tilfærðar sem námskjarni, er öllum nemendum á að vera sameiginlegt að læra, en síðan er gert ráð fyrir, að aðrar námsgreinar verði ákveðnar í námsskrá og þykir viðurhlutamikið að binda í lögum fleiri námsgreinar en brýna nauðsyn ber til, svo að unnt sé án lagabreytinga að breyta námsefni skólanna eftir því sem kröfur tímanna gera nauðsynlegt eða æskilegt. Viðskiptamenntun sú, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, miðast við að nemendur eigi völ á að búa sig undir almenn skrifstofustörf, bókhaldsstörf, afgreiðslustörf og deildarstjórastörf í verslunum og stjórnunarstörf. Ennfremur er gert ráð fyrir, að nemendur eigi þess kost að búa sig undir stúdentspróf og þá framhaldsnám í háskóla, hvort sem er í viðskiptafræðum eða öðrum greinum. Viðskiptanám á framhaldsskólastigi er ráðgert eins til fjögurra ára nám, þ. e. eins, tveggja eða þriggja ára almennt og sérhæft viðskiptanám og síðan eins árs viðbótarnám, sem veiti nemendum menntun til stúdentsprófs. Um stúdentspróf þetta er það að segja, að nefndin ætlast til þess, að það gildi eins og önnur stúdentspróf til inngöngu í Háskóla Íslands og aðrar menntastofnanir á háskólastigi, eftir því sem ákveðið er í lögum og reglugerð fyrir þær stofnanir, og auk þess á þetta viðbótarár að hafa að markmiði að gera nemendur hlutgengari til starfa í viðskiptalífinu, þótt þeir fari ekki til frekara náms.

Gert er ráð fyrir, að hluti af viðskiptanáminu á framhaldsskólastigi sé fólgið í starfsþjálfun og geti þeir skólar, sem annast viðskiptamenntunina, falið viðskiptafyrirtækjum tiltekna þætti þessarar þjálfunar, og er mjög æskilegt og nauðsynlegt, að um þetta takist gott samstarf milli skólanna og hinna ýmsu atvinnufyrirtækja. Með slíkri tilhögun verður nemendunum ljósara en ella hvers hin ýmsu störf krefjast. Tekið er fram, að nemendur skuli fá skírteini og vitnisburð í lok hvers námsárs, því að þeir munu vafalaust halda mislangt á námsbrautinni og er því sjálfsagt fyrir þá, bæði vegna atvinnuleitar og hugsanlegs náms síðar, að hafa skírteini um hvaða námsáfanga þeir hafa lokið.

Að því er varðar fjárhagshlið þessara mála, þá er tekið fram í frumvarpinu, að allur stofn- og rekstrarkostnaður sérstakra skóla, sem ríkið stofnar til þess að veita viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi, skuli greiddur úr ríkissjóði, en kostnaður við aðra skóla, sem viðskiptamenntun veita, svo sem í formi námsbrautar í framhaldsdeildum grunnskóla, fjölbrautaskólum og menntaskólum, fer eftir því, sem ákveðið er um greiðslu kostnaðar á hverju skólastigi. Þannig myndi til dæmis viðskiptanámsbraut í menntaskóla vera algerlega kostuð af ríkissjóði eins og menntaskólarnir, en í fjölbrautaskólum yrði bæði um þátttöku ríkis og hlutaðeigandi sveitarfélags eða sveitarfélaga að ræða.

Þá eru sérstök ákvæði um Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands. Þessir skólar hafa, eins og kunnugt er, í áratugi annast svo til einir verslunarmenntun í landinu á framhaldsskólastigi, en sumir gagnfræðaskólar hafa haft verslunardeildir eða einhverja þætti viðskiptanáms. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að Samvinnuskólinn og Verslunarskóli Íslands, sem eiga að baki langan og þýðingarmikinn starfsferil, eigi rétt á að halda áfram að rækja það fræðslustarf, sem þeir hingað til hafa annast, og fái bætta fjárhagsaðstöðu til að auka það og sérhæfa eftir því sem aðstæður leyfa og þörf krefur. Er þetta fólgið í því, að rekstrarkostnaður skólanna verður, samkvæmt frumvarpinu, greiddur að fullu úr ríkissjóði, nema rekstrarkostnaður heimavistar, hann greiðist með styrk úr ríkissjóði sem nemur 80% kostnaðar. Ríkisframlagið, bæði til almenns rekstrar og heimavistar, skal að hámarki miðast við kostnað í ríkisskólum á sama fræðslustigi. Af stofnkostnaði þessara tveggja skóla, að því er varðar kennsluhúsnæði og heimavistir, byggðar eftir gildistöku laganna, greiðir ríkissjóður 80%.

Það er skilyrði, bæði fyrir greiðslu stofn- og rekstrarstyrkja til þessara skóla, að menntamálaráðuneytið samþykki árlega áætlun um rekstrarkostnað og að fé sé veitt í fjárlögum fyrir stofnkostnaði, enda liggi fyrir samþykki stjórnvalda fyrir nýjum byggingaframkvæmdum, og miðast framlög ríkisins að sjálfsögðu við það, að skólarnir starfi í samræmi við meginstefnu laganna og samkvæmt þeim reglugerðum, sem settar verða.

Með þessum ákvæðum, ef að lögum verða, er stórbætt starfsaðstaða Samvinnuskólans og Verslunarskóla Íslands. Hefur starfsemi þessara skóla orðið til þess, að eigi hefur verið jafnbrýnt fyrir ríkisvaldið að skipuleggja viðskiptamenntun á vegum ríkisins eins og verið hefði, ef þeirra hefði ekki notið við. Hefur ríkissjóður því raunverulega sparað sér stórfé með því að veita verslunarskólunum styrk í fjárlögum í stað þess að taka verslunarmenntunina í sama mæli á sína arma og aðra sérmenntun í landinu.

Við fjölbreyttari atvinnu- og viðskiptahætti og aukin umsvif innanlands og í samskiptum við aðrar þjóðir ber brýna nauðsyn til að veita þeim fjölmenna hópi, sem fæst við jafnþýðingarmikil störf og verslun og viðskipti, greiðan aðgang að traustri menntun til þess að skapa sér sem mesta starfshæfni og til þess að þjóðfélagið fái sem besta starfskrafta. Störfin á sviði innlendra og erlendra viðskipta verða æ umfangsmeiri og hinum auknu kröfum þarf að mæta með aukinni þekkingu, starfsþjálfun og tækni.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Rétt er að taka það fram, að í frumvarpi þessu er að nokkru leyti miðað við, að sett verði löggjöf um grunnskóla, og þar með gert ráð fyrir, að viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi hefjist að grunnskólanámi loknu.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir, að menntamálaráðuneytið fari með yfirstjórn þeirra mála, sem frumvarpið fjallar um, enda hefur þróunin orðið sú, að nálega allir skólar í landinu heyra nú undir það ráðuneyti. Menntamálaráðuneytið hefur farið með málefni verslunarskólanna síðan 1. janúar 1970, en áður heyrðu þeir undir atvinnumálaráðuneytið.

Um 3. gr.

Skólastjórn hvers skóla ræður sjálf inntöku nemenda í skólann, en heimilt er að kveða á um lágmarkseinkunn í reglugerð, og miðað er við að nemendur hafi lokið grunnskólaprófi, en það svarar til núverandi átta ára skyldunáms og einu ári til viðbótar, eða að þeir hafi hlotið aðra hliðstæða menntun.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir að námsefni verði ákveðið í námsskrá, en tilgreindar eru í frumvarpsgreininni sjö námsgreinar, sem vera skulu námskjarni fyrir alla nemendur skólanna. Þær greinar eru íslenska, stærðfræði, enska, vélritun, bókfærsla, hagfræði og eitt Norðurlandamál, þ. e. a. s. danska, norska eða sænska. Síðan geta menn bætt við kjörgreinum, eftir því sem námsbrautir og námslok gefa tilefni til. Námsefnið skiptist í einingar, þannig að sem auðveldast verði fyrir nemendur að bæta við sig námi.

Um 5. gr.

Viðskiptamenntunin, sem frumvarpið fjallar um, á að veita undirbúning undir almenn skrifstofustörf, bókhaldsstörf, afgreiðslustörf, deildarstjórastörf í verslunum og stjórnunarstörf, og þar að auki skulu nemendur eiga þess kost að búa sig undir stúdentspróf og þar með framhaldsnám í háskóla. Gert er ráð fyrir, að námið taki eitt til fjögur ár og að menn fái prófskírteini að loknum hverjum ársáfanga. Almennt og sérhæft viðskiptanám er gert ráð fyrir, að taki frá einu ári til þriggja ára, og eftir þrjú ár geti menn bætt við sig einu ári til stúdentsprófs. Starfsþjálfun er hluti af náminu og sé skólunum heimilt að fela viðskiptafyrirtækjum að annast tiltekna þætti hennar.

Um 6. gr.

Menntun þá, sem frumvarpið fjallar um, er gert ráð fyrir að veita í formi námsbrautar á framhaldsskólastigi, í fjölbrautaskólum, menntaskólum og framhaldsdeildum grunnskóla og svo einnig í sérstökum skólum, allt eftir því hve mikillar sérhæfingar námið krefst. Engin reynsla er enn komin af starfi fjölbrautaskóla, en sú stefna hefur verið mörkuð, að hinn nýstofnaði menntaskóli í Kópavogi verði fjölbrautaskóli og sama gildir um fyrirhugaðan menntaskóla á Austurlandi. Í ráði er og að koma á fót fjölbrautaskóla í Breiðholti í Reykjavík. Þá hefur einnig verið rætt um framhaldsnám í fjölbrautaskólaformi á Suðurlandsundirlendi, með Selfoss sem aðalmiðstöð, og vafalaust eiga fjölbrautaskólar eftir að leysa ýmsan vanda í framhaldsmenntunarmálum landsbyggðarinnar.

Um 7. gr.

Þótt gert sé ráð fyrir, að viðskiptamenntun verði veitt í formi námsbrautar í ýmsum framhaldsskólum, þá er einnig samkvæmt þessari frumvarpsgrein miðað við, að komið verði á fót, eftir því sem þörf krefur, sérskólum á vegum ríkisins, er veiti m. a.

hin æðri og sérhæfðari stig viðskiptamenntunar á framhaldsskólastigi. Munu Samvinnuskólinn og Verslunarskóli Íslands gegna slíku hlutverki, en tekið er fram í lagagreininni, að fyrsti ríkisskólinn þessarar tegundar, sem stofnaður verði, skuli vera á Akureyri.

Ráðamenn á Akureyri hafa lýst miklum áhuga á því, að þar verði efnt til verslunarskóla, og væntir nefndin, að þessi lagaákvæði stuðli að því, að þar rísi slíkur skóli innan tíðar. Þá hefur bæjarráð Húsavíkur vakið athygli á því, að verslunarskóli fyrir Norðurland væri vel settur á Húsavík. Einnig hafa forráðamenn á Suðurlandsundirlendi látið í ljós áhuga á skóla til verslunarmenntunar þar, og er drepið á það í umsögn um 6. grein.

Um 8. gr.

Stofn- og rekstrarkostnaður sérskóla, sem stofnaðir yrðu samkvæmt 7. grein frumvarpsins, ef að lögum verður, greiðist að öllu leyti úr ríkissjóði, en um kostnað við viðskiptamenntun, sem veitt yrði við aðra skóla, fer eftir lagaákvæðum, sem um þá skóla gilda. Sérákvæði eru þó um Samvinnuskólann og Verslunarskólann.

Um 9. gr.

Hér er fjallað sérstaklega um Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands og aðstaða þeirra stórlega bætt fjárhagslega, þar sem ákveðið er með frumvarpsgreininni, að þeir skuli fá allan rekstrarkostnað sinn greiddan úr ríkissjóði nema rekstrarkostnað heimavista, sem 80% ríkisstyrkur verði veittur til, ef þeirra er talin þörf. Auk þess greiði ríkissjóður 80% af stofnkostnaði nýs kennsluhúsnæðis, svo og nauðsynlegra heimavista, við þessa skóla. Framlag ríkissjóðs til rekstrarkostnaðar skóla og heimavistar skal þó að hámarki miða við kostnað í ríkisskólum á sama fræðslustigi. Þá er það skilyrði fyrir styrkveitingum, að menntamálaráðuneytið samþykki árlega rekstraráætlun skólanna og að fé sé veitt í fjárlögum fyrir stofnkostnaðinum og að ráðuneytið hafi samþykkt nýjar byggingaframkvæmdir. Loks er það skilyrði fyrir framlögum ríkisins, að skólarnir starfi í samræmi við meginstefnu 5. greinar frumvarpsins og samkvæmt þeim reglugerðum, sem samkvæmt lögunum verða settar.

Samvinnuskólinn og Verslunarskólinn hafa notið styrks í fjárlögum að undanförnu, auk þess sem Reykjavíkurborg hefur veitt Verslunarskólanum fjárhagslegan stuðning, en að öðru leyti hafa skólarnir aflað sér tekna með allháum skólagjöldum. Er það með öllu óeðlilegt, að nemendur þurfi að greiða há skólagjöld fyrir menntun sína, þegar skólagjöld tíðkast ekki í ríkisskólum og um er að ræða menntun, sem þjóðfélaginu er mikil nauðsyn á, að veitt sé.

Þess skal getið, að verði ákvæði þessarar greinar frumvarpsins að lögum, næmi ríkisstyrkur til rekstrarkostnaðar vegna Samvinnuskólans 12—15 millj. kr. og vegna Verslunarskóla Íslands 45—50 millj. kr., hvort tveggja miðað við starfsáætlanir skólanna fyrir skólaárið 1973—1974.

Nefndin væntir, að með ákvæðum frumvarpsins séu Samvinnuskólanum og Verslunarskóla Íslands búin stórbætt starfsskilyrði og að þeir geti starfað áfram, þótt viðskiptamenntun fari einnig fram í ríkisskólum.

Um 10. gr.

Nefndin hefur ekki talið rétt að setja í þetta frumvarp ákvæði um embættisgengi, starfsréttindi, ráðningu, störf, orlof og tölu fastra starfsmanna skóla, sem veita menntun samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, ef að lögum verður, heldur fari um það eftir ákvæðum laga og reglugerða, sem um slíkt gilda á hverjum tíma fyrir framhaldsskólastigið.

Hér eru ákvæði um, að skólastjóri og skólaráð skuli stjórna starfi sérskóla, og sé skólaráð þannig myndað, að skólastjóri eigi þar sæti ásamt tveimur fulltrúum kennara, kjörnum á almennum kennarafundi, og tveimur fulltrúum nemenda, sem

þeir kjósa úr sínum hópi. Á þessu skólastigi er um að ræða þroskaða nemendur, sem sjálfsagt er, að taki þátt í og beri ábyrgð á stjórn skólans með skólastjóra og kennurum.

Um 11. gr.

Hér er veitt almenn heimild til þess að kveða nánar á í reglugerð um framkvæmd laganna, en heimild er í fleiri greinum til þess að setja reglugerðir um tiltekin atriði, sbr. 3., 4. og 5. grein.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 332. Frumvarp til laga [154. mál]

um sálfræðinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Rétt til að kalla sig sálfræðinga hér á landi hafa þeir einir sem til þess hafa fengið leyfi menntamálaráðuneytisins.

Öðrum aðilum er óheimilt að nota starfsheiti sem til þess er fallið að gefa í skyn að þeir hafi hlotið löggildingu sem sálfræðingar.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. má aðeins veita þeim sem lokið hafa kandidatsprófi eða öðru hliðstæðu prófi í sálarfræði eða sálfræðilegri uppeldisfræði sem aðalgrein við háskóla á Norðurlöndum eða sambærilegu prófi við aðra háskóla, hvort tveggja að fenginni umsögn Sálfræðingafélags Íslands.

Ef sérstakar ástæður mæla með því er einnig heimilt að veita þeim takmarkað eða tímabundið leyfi samkvæmt 1. gr. sem hafa aðra háskólamenntun en hafa við sjálfstæðar sálfræðilegar eða uppeldisfræðilegar rannsóknir eða hagnýt störf sýnt að þekking þeirra er sambærileg við þá sem nefnd er í 1. mgr., enda liggi fyrir meðmæli Sálfræðingafélags Íslands.

Heimilt er að synja manni leyfis ef 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

3. gr.

Sálfræðingi er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda nær einnig til samstarfsmanna sálfræðings, þ. á. m. til fræðimanna sem fá aðgang að gögnum í vísindalegum tilgangi. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi láti af störfum.

4. gr.

Sálfræðingur getur afsalað sér löggildingu. Skal hann þá tilkynna ráðuneytinu það skriflega og endursenda því löggildingarbréf sitt.

5. gr.

Ráðuneytinu er heimilt að afturkalla löggildingu samkvæmt 2. gr. ef sálfræðingur er vegna sjúkdóms, misnotkunar vímugjafa, hás aldurs eða af öðrum ástæðum álitinn óhæfur til að gegna starfi sem sálfræðingur. Einnig er heimilt að afturkalla

löggildingu ef sálfræðingur, þrátt fyrir viðvörun, vanrækir skyldur sínar, fer út fyrir verksvið sitt eða brýtur í bág við fyrirmæli laga. Sá aðili, sem hlut á að máli, getur skotið úrskurði um sviptingu löggildingar til dómstóla.

6. gr.

Sá sem afsalað hefur sér löggildingu eða verið sviptur leyfi til að kalla sig sálfræðing getur öðlast löggildingu að nýju ef skilyrðum 2. gr. er fullnægt og ástæður þær sem tilgreindar eru í 5. gr. eiga ekki við. Heimilt er að veita slíka löggildingu til takmarkaðs tíma.

7. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að þremur mánuðum. Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

8. gr.

Menntamálaráðuneytið getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, er samið að tilhlutan menntamálaráðuneytisins af Hrafnhildi Stefánsdóttur, fulltrúa í menntamálaráðuneytinu, og Andra Ísakssyni, prófessor, formanni Sálfræðingafélags Íslands, samkvæmt ósk Sálfræðingafélagsins.

II.

Sálfræðingafélag Íslands var stofnað 15. mars 1954 og eru meðlimir þess nú (veturinn 1975—76) 34 talsins.

Kennsla í sálarfræði til B.A.-prófs við Háskóla Íslands hófst haustið 1971. Megintilgangurinn með þessu námi er sá að prófið verði áfangi að kandidatsprófi í sálarfræði við erlendan háskóla eða öðru sambærilegu prófi sem veitir starfsréttindi sálfræðings. Í samræmi við þetta er prófgráðan — B.A-próf í sálarfræði — aðeins veitt þeim sem hafa lokið a. m. k. fjórum prófstigum (60 námseiningum) í sálarfræði og allt að tveimur stigum (30 námseiningum) í viðurkenndum stoðgreinum. Jafnframt er stúdentum þó heimilt samkvæmt háskólareglugerð að stunda minna nám í sálarfræði en sem þessu nemur en þá er ekki gert ráð fyrir því að tilgangurinn sé sá að ljúka áfanga að fullnaðarprófi sálfræðings við erlendan háskóla, enda ber prófgráðan þá ekki heitið — B.A.-próf í sálarfræði — heldur er um almennt B. A.-próf að ræða.

Stúdentar í sálarfræði við Háskóla Íslands eru nú liðlega 100 talsins í fjórum „árgöngum“ eða um 25 á ári. Má gera ráð fyrir því að a. m. k. helmingur þessara stúdenta stefni að fullnaðarprófi í sálarfræði við erlenda háskóla. Að auki stunda nokkrir tugir íslenskra stúdenta sálfræðinám við erlenda háskóla. Af þessu er augljóst að mjög fer nú fjölgandi þeim aðilum íslenskum sem leggja stund á sálfræðinám við háskóla.

Starfssvið sálfræðinga er víðtækt og störfin þess eðlis að þau geta haft mikil áhrif á líf manna. Störfum sálfræðinga fylgir því mikil ábyrgð og verður þjóðfélagið að gera strangar kröfur til þeirra sem hafa sálfræðiþjónustu með höndum.

Þrátt fyrir það að sálfræðingar hafa í vaxandi mæli verið ráðnir til starfa, einkum innan skólakerfis og heilbrigðisþjónustu, hafa ekki verið sett nein lagaákvæði um starfsemi þeirra og starfsheitið sálfræðingur hefur ekki notið lögverndar. Hins vegar setti Alþingi slík lög um félagsráðgjöf vorið 1975 (lög nr. 41/1975) en segja má að störf félagsráðgjafa og sálfræðinga séu að öllum jafnaði tengd nánum samvinnutengslum.

Fyrrgreind atriði valda því að brýna nauðsyn verður að telja bera til þess að sett verði lög um verndun starfsheitis sálfræðinga.

III.

Langt er síðan farið var að hreyfa hugmyndinni um setningu laga um sálfræðinga á norrænum vettvangi. Árið 1957 sneri samvinnunefnd norrænna sálfræðinga (Nordiske Psykologers Samarbejdskomité, „SAK") sér til Norðurlandaráðs og fór þess á leit að ráðið tæki til athugunar samningu samnorrænna reglna um starfsemi sálfræðinga.

Árið 1958 lagði Norðurlandaráð síðan til við ríkisstjórnir landanna að samdar yrðu reglur um starfsemi sálfræðinga, löggildingu, þagnarskyldu, vernd gegn misnotkun sálfræðilegra rannsóknaraðferða og reglur um samnorrænan vinnumarkað fyrir sálfræðinga. Skipaðar voru sérstakar nefndir í þessum tilgangi á öllum Norðurlöndunum nema Íslandi og ákveðið að Noregur sæi um samræmingu verksins. Ekki reyndist þó mögulegt að nefndirnar kæmust að sameiginlegri niðurstöðu, m. a. vegna þess að umboð þeirra voru mismunandi. Þó náðist samstaða um nokkur mikilvæg atriði, þar sem í öllum löndunum var lagt til að lögfestar yrðu reglur um löggildingu sálfræðinga og þagnarskyldu, svo og að komið yrði á fót sérstöku sálfræðingaráði til að vera yfirvöldum til aðstoðar við framkvæmd einstakra ákvæða laganna. Auk þess náðist samkomulag um drög að samningi milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um sameiginlegan vinnumarkað fyrir sálfræðinga. Slíkan samning er þó ekki mögulegt að staðfesta fyrr en settar hafa verið í öllum löndunum reglur um löggildingu og starfssvið sálfræðinga.

Málið var tekið fyrir að nýju á fundi Norðurlandaráðs í febrúar 1970 og mælti ráðið með því við ríkisstjórnirnar að skapaður yrði grundvöllur fyrir samnorrænan vinnumarkað sálfræðinga á þann hátt að settar yrðu reglur um starfsemi sálfræðinga og menntunarkröfur yrðu samræmdar. Hins vegar kom í ljós að lík lagasetning strandaði á mismunandi atriðum í löndunum og að ekki reyndist unnt að ná fram samnorrænni lausn að svo komnu máli.

IV.

Lög um viðurkenningu sálfræðinga voru sett í Noregi 9. mars 1973 og tóku þau gildi 1. október 1974. Samsvarandi lög hafa ekki enn verið sett á hinum Norðurlöndunum.

Frá 1. október 1974 hefur sá einn rétt til að kalla sig sálfræðing í Noregi sem fengið hefur til þess viðurkenningu norska félagsmálaráðuneytisins.

Frumvarp þetta er í mörgum atriðum svipað norsku lögunum, enda hefur við samningu þess verið reynt að gæta samræmingarsjónarmiða eftir því sem fært hefur þótt. Í norsku lögunum er ákvæði um að skipað skuli sérstakt sálfræðingaráð og skal leita álits þess um fjölmörg atriði varðandi framkvæmd laganna. Skilyrði fyrir löggildingu er m. a. að umsækjandi hafi lokið þeirri skylduvinnu sem krafist er samkvæmt reglugerð. Þá eru sérstök ákvæði um að ráðuneytinu sé heimilt að setja reglur þess efnis að einungis sálfræðingar og aðrir aðilar er hafa tilskilda þekkingu megi nota ákveðnar sálfræðilegar aðferðir og hjálpartæki og að ráðuneytið geti sett nánari reglur um starfsemi sálfræðinga, skrifstofuhald, meðferðarskýrslur o. fl.

Við samningu frumvarpsins var ekki talin ástæða til að taka slík ákvæði upp. Að svo komnu máli er ekki talin þörf á sérstöku ráðgefandi sálfræðingaráði og í 7. gr. frumvarpsins er að finna almenna heimild til setningar reglugerðar er kveði nánar á um framkvæmd laganna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er sálfræðingum, sem hlotið hafa viðurkenningu ráðuneytis, veittur einkaréttur á að kalla sig sálfræðinga. Ráðuneytið álítur að með löggildingu starfsheitisins muni að mestu nást það aðhald sem nauðsynlegt er af þjóðfélagsástæðum. Þegar um slíka lagasetningu er að ræða er venjulegast að miða við að bæði starfsheiti og ákveðin starfsemi séu bundin við þá sem löggildingu hafa hlotið. Hins vegar hefur reynst erfitt að afmarka starfsemi sálfræðinga skýrt frá starfssviði annarra skyldra starfshópa. Niðurstaðan hefur því orðið sú hjá þeim nefndum, sem um þessi mál hafa fjallað á Norðurlöndum, að leggja til að lögfest verði að aðeins þeir, sem hlotið hafa löggildingu, eigi rétt á að kalla sig sálfræðinga og er það sú leið sem hér er valin.

2. mgr. bannar notkun líkra starfsheita, ef þau eru til þess fallin að vekja ranglega hugmyndir um að viðkomandi aðili hafi hlotið löggildingu sem sálfræðingur. Ákvæðið á t. d. við starfsheiti eins og skólasálfræðingur, vinnusálfræðingur o. fl. Verði frumvarp þetta að lögum yrði notkun slíkra starfsheita eingöngu heimil þeim sem hlotið hafa löggildingu sem sálfræðingar og þá innan ramma sem skilgreindur yrði í reglugerð, sbr. 7. gr. Litið er svo á að ákvæðið sé nauðsynleg viðbót við ákvæði 1. mgr. um einkarétt á starfsheitinu sálfræðingur, m. a. til að koma í veg fyrir misskilning.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um kröfur sem fullnægja þarf til þess að ráðuneytið geti veitt umsækjanda leyfi til að kalla sig sálfræðing.

Aðalkrafan, sem gerð er, er menntunarkrafa og er miðað við þá meginreglu að ekki skuli gerð minni krafa en á Norðurlöndum, sbr. norsku lögin frá 1973. Í norsku lögunum er grundvallarkrafan sú að umsækjandi skuli hafa embættispróf í sálarfræði frá norskum háskóla. Með tilliti til þess hve víða íslendingar stunda nám til fullnaðarprófs í sálarfræði er ákvæðið orðað svo hér að leyfi megi aðeins veita þeim sem lokið hafa kandidatsprófi eða öðru hliðstæðu prófi í sálarfræði eða sálfræðilegri uppeldisfræði sem aðalgrein við háskóla á Norðurlöndum eða sambærilegu prófi við aðra háskóla. Er þetta í samræmi við inntökuskilyrði Sálfræðingafélags Íslands en gert er ráð fyrir að félagið verði umsagnaraðili um leyfisveitingu.

Svo tekið sé dæmi af þeim nágrannalöndum, þar sem íslendingar stunda helst nám til fullnaðarprófs í sálarfræði, má gera ráð fyrir því að skilyrði fyrir leyfisveitingu verði einkum miðað við eftirfarandi prófgráður:

a) Danmörk: Psykologisk embedseksamen (cand. psych.);
b) Noregur: Embetseksamen i psykologi (cand. psychol.);
c) Svíþjóð: Psykologexamen;
d) Sambandslýðveldið Þýskaland: Dipl. Psych.;
e) Bretland: M.A. (Hons.) eða M Sc. í sálarfræði;
f) Frakkland: Maîtrise de psychologie;

— eða aðrar prófgráður í sálarfræði eða sálfræðilegri uppeldisfræði sem teljast vera jafngildar að því er varðar lengd náms samkvæmt námsskrá, svo og breidd þess og dýpt.

Þá er og ákvæði í greininni um að veita megi aðilum, sem hafa aðra háskólamenntun en tilgreind er í aðalkröfunni, takmarkað eða tímabundið leyfi til að kalla sig sálfræðinga, ef þeir hafa við sjálfstæðar sálfræðilegar eða uppeldisfræðilegar rannsóknir eða hagnýt störf sýnt að þekking þeirra er sambærileg við þekkingu þeirra sem fullnægja aðalkröfunni, enda liggi fyrir meðmæli Sálfræðingafélags Íslands. Er þetta hliðstætt ákvæði í 3. gr. laga nr. 41/1975 um félagsráðgjöf, svo og ákvæði í norsku lögunum um viðurkenningu sálfræðinga.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Eðlilegt er að löggildingaraðili geti, ef vissar ástæður eru fyrir hendi, afturkallað löggildinguna. Með tilliti til þess hve alvarlegar afleiðingar svipting löggildingar getur haft fyrir viðkomandi aðila, er þó af réttaröryggisástæðum rétt að dómstólar felli fullnaðarúrskurð um málið.

Með hliðsjón af norsku lögunum eru hér tilgreindar eftirtaldar ástæður sem leitt geti til þess að löggilding sé afturkölluð:

a) Sjúkdómur. Er þá einkum átt við geðsjúkdóma en vissir aðrir sjúkdómar geta þó einnig komið til álita ef þeir eru af sérfróðum aðilum taldir valda vanhæfni til þess að stunda sálfræðiþjónustu.
b) Misnotkun vímugjafa, þ. e. þegar drykkjuskaparóregla eða eiturlyfjaneysla veldur því að viðkomandi er talinn óhæfur til að gegna sálfræðingsstörfum.
c) Hár aldur, þ. e. séu ellimörk talin valda vanhæfni til starfa.
d) Aðrar ástæður sem taldar eru valda vanhæfni til starfa, t. d. ef aðili kemur ótilhlýðilega fram við sjúklinga eða skjólstæðinga sína án þess að sú framkoma verði rakin til sjúkdóms.

Loks heimilar greinin ráðuneytinu að afturkalla löggildingu ef sálfræðingur, þrátt fyrir viðvörun, vanrækir skyldur sínar, fer út fyrir verksvið sitt eða brýtur í bág við fyrirmæli laga og er þetta ákvæði sett með hliðsjón af læknalögum.

Um 6. gr.

Ráðuneytið getur samkvæmt þessari grein veitt löggildingu að nýju. Ráðuneytið metur þá í hverju einstöku tilfelli hvort aðstæður séu slíkar að veita beri löggildingu og þá hvort rétt sé að binda slíka löggildingu við ákveðin tímamörk.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Ed. **333. Frumvarp til laga** [155. mál]

um fullorðinsfræðslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

I. KAFLI
MARKMIÐ OG SKIPULAG

1. gr.

Fullorðinsfræðsla hefur að markmiði að skapa öllum skilyrði til þroska bæði sem einstaklingum og samfélagsþegnum. Fullorðinsfræðsla er annar þáttur í menntakerfi þjóðarinnar, **ævimenntun,** og er hún jafnrétthá hinum þættinum, hinu lögbundna skólakerfi, frummenntuninni.

Fullorðinsfræðsla getur verið með þrennu móti:

a) Skólanám, hliðstæða frummenntunarinnar.
b) Starfsnám, viðbótarmenntun, endurmenntun og ummenntun í tengslum við atvinnulífið í víðtækustu merkingu.
c) Frjálst nám og frístundamenntun til þekkingar og menningarauka.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur yfirstjórn fullorðinsfræðslunnar og samræmir eftirlit með fræðslu, sem veitt er samkvæmt lögum þessum, í samráði við fullorðinsfræðsluráð. (sbr. 6. gr.).

3. gr.

Fullorðinsfræðslu annast þessir aðilar:

a) Ríki, fræðsluumdæmi og sveitarfélög.
b) Aðilar vinnumarkaðarins.
c) Fræðslufélög á ýmsum stöðum, fræðslusamtök í fræðsluumdæmum og fræðslusambönd í landinu öllu.

4. gr.

Um ábyrgð hinna opinberu aðila varðandi fullorðinsfræðsluna gilda þessi ákvæði:

a) Ríki ber ábyrgð á þeirri fullorðinsfræðslu sem veitt er af eigin stofnunum þess. Ríki ber og ábyrgð á þeirri fullorðinsfræðslu sem er þáttur í atvinnulífinu.
b) Fræðsluumdæmi og sveitarfélög bera ábyrgð á fullorðinsfræðslu sem fram fer í stofnunum er hlíta forsjá þeirra eftir því sem um semst milli þeirra og Menntamálaráðuneytisins.

5. gr.

Um fjárframlög hinna opinberu aðila til fullorðinsfræðslu, sem ekki er á þeirra ábyrgð, gilda þessi ákvæði:

a) Ríkið veitir styrki til aðila atvinnulífsins, svo og til félaga, samtaka og fræðslusambanda.
b) Fræðsluumdæmi og sveitarfélög styrkja fræðslusamtök og félög á svæðum sínum í samræmi við reglur sem Menntamálaráðuneytið setur að fengnum tillögum Sambands íslenskra sveitarfélaga.

6. gr.

Níu manna fullorðinsfræðsluráð skal vera ráðgefandi og mótandi aðili í málum sem varða fullorðinsfræðsluna. Ráðið skal þannig skipað:

a) Tveir fulltrúar hins opinbera.
b) Fjórir fulltrúar aðila vinnumarkaðarins.
c) Þrír fulltrúar fræðslusambanda.

Ráðið kýs sér formann úr sínum hópi og setur sér starfsreglur sem Menntamálaráðuneytið staðfestir.

7. gr.

Fræðsluráð fer með stjórn fullorðinsfræðslu í umdæmi sínu ásamt með þrem fulltrúum aðila vinnumarkaðarins, einum tilnefndum af atvinnurekendum, tveim af verkalýðssamtökunum, svo og tveim fulltrúum fræðslufélaga og fræðslusamtaka í umdæmunum, tilnefndum af hvorum aðila fyrir sig. Fræðsluráð og hinir fimm fulltrúar mynda **fullorðinsfræðslunefnd** fræðsluumdæmisins og starfar hún í samræmi við reglur sem Menntamálaráðuneytið setur að fengnum tillögum Sambands íslenskra sveitarfélaga.

II. KAFLI
FRÆÐSLAN

8. gr.

Fullorðinsfræðsla, sem er hliðstæð frummenntun eða býr m. a. undir að sanna með prófskilríkjum hliðstæða þekkingu og leikni, lýtur reglum sem Menntamálaráðuneytið setur.

9. gr.

Prófvottorð eða námsmat, sem byggt er á fullorðinsfræðslu samkvæmt lögum þessum, jafngildir prófvottorðum eða námsmati samsvarandi stigs frummenntunar.

10. gr.

Fullorðinsfræðsla sem þáttur í atvinnulífinu fer eftir reglugerðum þar að lútandi.

11. gr.

Fullorðinsfræðsla í tengslum við atvinnulífið skal grundvallast á samvinnu milli skólayfirvalda á hverjum stað, samtaka starfsfólks og samtaka atvinnurekenda.

12. gr.

Þegar fræðslustarfsemi, sem nýtur opinbers styrks, er lögð atvinnufyrirtæki í hendur eða er framkvæmd á ákveðnum vinnustað, skal hún skipulögð og henni stjórnað sameiginlega af fulltrúum atvinnurekenda og starfsmanna fyrirtækisins. Svo skal og vera þótt fyrirtækið eða vinnustaðurinn hafi sérstakan starfsmann er hafi á hendi framkvæmd fræðslunnar.

13. gr.

Fræðslusambönd, sem mynduð eru af einstaklingum, félögum eða félagsheildum, en hafa með höndum fræðslustarf í landinu öllu, skulu hafa sjálfstæða stjórn og aðskilinn fjárhag. Slík fræðslusambönd skulu hafa hlotið viðurkenningu Menntamálaráðuneytisins og hlíta reglum sem ráðuneytið setur.

14. gr.

Fræðslusamtök, sem hafa með höndum fræðslustarf fyrir fullorðna í fræðsluumdæmi, svo og fræðslufélög er starfa í ákveðnu sveitarfélagi, skulu hafa sjálfstæða stjórn og aðskilinn fjárhag. Slík fræðslusamtök og félög skulu hafa hlotið viðurkenningu fullorðinsfræðslunefndar í fræðsluumdæmi til að vera styrkhæf.

15. gr.

Fullorðinsfræðsla á vegum fræðslusambanda, fræðslusamtaka og fræðslufélaga getur náð til hvers konar menningar- og fræðslustarfsemi. Sú fullorðinsfræðsla nýtur ríkisstyrks samkvæmt reglum sem ráðuneytið setur. Styrkur til fræðslusamtaka og fræðslufélaga frá fræðsluumdæmum fer eftir reglum sem ráðuneytið setur að fengnum tillögum Sambands íslenskra sveitarfélaga.

16. gr.

Skipan þeirrar fullorðinsfræðslu, sem er hliðstæð frummenntun, getur verið með ýmsu móti. Sérstöðu nýtur þar **fullorðinsdeild** sem samkvæmt lögum þessum er kennsluform er styrks nýtur eftir sömu reglum og frummenntun, sé hún í höndum hins lögbundna skólakerfis, en hlýtur styrk eftir ákvæðum þessara laga, sé hún falin fræðslusambandi.

17. gr.

Aðrir aðalþættir fullorðinsfræðslu eru:

a) Námsflokkar sem njóta kennslu leiðbeinanda.
b) Námshópar sem njóta handleiðslu leiðbeinanda.
c) Bréfaskólanám.

Ráðuneytið setur reglur um skipan og fyrirkomulag þessara aðalfræðsluþátta, svo og annarra er styrkhæfir teljast, svo sem námskeiða, stuðningskennslu, fullorðinsfræðslu á stofnunum fyrir fatlaða og fleira.

18. gr.

Aðilar fullorðinsfræðslunnar skulu hafa rétt til að hagnýta kennslugagnastofnun ríkisins á sama hátt og aðilar hins lögbundna skólakerfis.

19. gr.

Óski fullorðinsfræðslunefnd fræðsluumdæmis eftir að komið verði á fót kennslufræðilegri stöð vegna fullorðinsfræðslu í umdæminu, er Menntamálaráðuneytinu heimilt að veita leyfi þar til.

III. KAFLI
KENNARAR OG NEMENDUR

20. gr.

Um menntun, ráðningu og launakjör kennara fullorðinsfræðslu, sem ríki, fræðsluumdæmi eða sveitarfélag annast, gilda sömu ákvæði og um kennara frummenntunarinnar að því leyti sem við getur átt.

21. gr.

Menntamálaráðuneytið metur hæfni og starfsreynslu kennara og leiðbeinenda fullorðinsfræðslu sem ekki er á vegum opinberra aðila þegar sú fræðsla er kostuð að meira en hálfu af hinu opinbera, enda eigi þeir kost á kennslufræðilegri menntun og/eða leiðbeinenda þjálfun. Þá skulu og kennarar fullorðinna einnig eiga kost á framhaldsnámi í kennslufræðum og setur ráðuneytið reglur þar um.

22. gr.

Stofna má stöðu skólastjóra og/eða eina eða fleiri stöður námsleiðbeinenda, hafi fullorðinsfræðsla ákveðinnar stofnunar orðið svo umfangsmikil að þess sé þörf. Líka má stofna stöðu námsleiðbeinanda vegna fullorðinsfræðslu við stofnun er veitir frummenntun samkvæmt lögum.

23. gr.

Ráðuneytið setur reglur um þátttöku í fullorðinsfræðslu sem tryggja að fræðslan sé frjáls og ná þær reglur einnig til áframhaldandi náms þeirra sem innritast hafa. Lágmarksaldur í fullorðinsfræðslu sem ekki er hliðstæð frumfræðslu má vera 14. ár. Aldrei getur þó slík fræðsla komið í stað skyldunáms.

24. gr.

Um fullorðinsfræðslu opinberra starfsmanna gilda þær reglur, sem ákveðnar eru í starfs- eða kjarasamningi. Hið sama á við um aðra aðila, sem tryggt hafa rétt til fullorðinsfræðslu í samningum sínum.

25. gr.

Fullorðinsfræðsla, sem fellur undir 10. gr., skal að því er þátttakendur varðar fylgja ákvæðum reglugerðar.

26. gr.

Eftir því sem við verður komið skal skipuleggja fullorðinsfræðslu þannig að þátttakendur geti samkvæmt lýðræðislegum reglum haft áhrif á kennsluna.

27. gr.

Eigi skulu nemendur, er taka þátt í fullorðinsfræðslu sem er hliðstæða frummenntunar og rækt af opinberum aðilum, greiða námsgjöld. Sé sú fræðsla í höndum fræðslusambanda mega þau krefjast innritunargjalds.

IV. KAFLI
FJÁRVEITING TIL FULLORÐINSFRÆÐSLU OG FLEIRA

28. gr.

Ríki, fræðsluumdæmi og sveitarfélög standa straum af kostnaði við fullorðinsfræðslu, sem er hliðstæða frummenntunar, samkvæmt ákvæðum laga um frumfræðslu, sé annað ekki tekið fram í lögum þessum. — Þeir sem slíkt nám stunda skulu njóta sama réttar til námslána og styrkja og þeir sem þátt taka í þeirri frummenntun sem styrkhæf er.

29. gr.

Starfsmenntun fullorðinna í atvinnulífinu nýtur styrks samkvæmt ákvæðum reglugerðar þar um, sem lúta bæði að kostnaði við kennslu og því að bæta þátttakendum vinnutap.

30. gr.

Sé fullorðinsfræðsla veitt í formi **námsflokka og námshópa** skal styrkur ríkisins nema 75% af sannanlegum kostnaði. Lágmarksfjöldi nemenda í námsflokki eða námshópi skal vera 8, en undanþágu má veita, þegar sérstaklega stendur á, og miða lágmark við 5 þátttakendur.

31. gr.

Fullorðinsfræðsla í formi bréfaskólakennslu skal hljóta ríkisstyrk er nemur 75% rekstrarkostnaðar, svo og útgáfukostnaðar, enda hafi Menntamálaráðuneytið áður fallist á útgáfu kennsluefnisins.

32. gr.

Fullorðinsdeild á vegum fræðslusambands, sem hlotið hefur leyfi Menntamálaráðuneytisins til slíkrar starfsemi, skal fá ríkisstyrk er nemur 75% kostnaðar, enda sé lágmarksnemendafjöldi í slíkri deild 15.

33. gr.

Um aðra fullorðinsfræðslu á vegum félaga, samtaka eða sambanda gilda ákvæði sem Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð og fjalla um erindaflutning, tónlistarstarfsemi, leiklistarstarfsemi, myndlist og annað sem talið er styrkhæft á grundvelli laga þessara.

34. gr.

Fræðslusambönd, sem hlotið hafa viðurkenningu Menntamálaráðuneytisins, skulu fá styrk er nemur 75% af eftirfarandi:

a) Stjórnunarkostnaði.
b) Launum kennara og leiðbeinenda.
c) Kostnaði við námskeið fyrir leiðbeinendur í fullorðinsfræðslu á sínum vegum.
d) Kostnaði við stutt námskeið fyrir starfsmenn og stjórnendur.

Skilyrði slíkra styrkja er að ráðuneytið hafi áður samþykkt áætlanir viðkomandi fræðslusambands á nefndum kostnaðarliðum.

35. gr.

Ríkið styrkir kennslufræðilegar stöðvar í fræðsluumdæmum sem hér segir:

a) 50% af launum sérmenntaðs starfsliðs.
b) 50% af útgjöldum vegna skrifstofuhalds.
c) Byggingarstyrk sem Alþingi veitir.

36. gr.

Ríki, fræðsluumdæmi eða sveitarfélag lætur í té kennsluhúsnæði og tæki ásamt ljósi, hita, ræstingu og húsvörslu vegna fullorðinsfræðslu. Nefnd ákvæði skerða þó ekki umráðarétt fræðsluráðs og skólastjóra yfir fræðslustofnunum í þeirra umsjá.

37. gr.

Um hagnýtingu annars húsnæðis til fullorðinsfræðslu, svo og greiðslu til þeirra aðila sem slíkt kennsluhúsnæði láta í té, gilda ákvæði reglugerðar sem Menntamálaráðuneytið setur.

V. KAFLI
SÉRÁKVÆÐI

38. gr.

Menntamálaráðuneytið setur nánari reglur um allt er lýtur að frekari framkvæmd laga þessara.

39. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en komi til framkvæmda þegar fé er veitt á fjárlögum til hinna ýmsu þátta fullorðinsfræðslunnar, er þau kveða á um. Þó skulu ákvæði 30. og 31. gr. laganna koma til framkvæmda eigi síðar en á fjárhagsárinu 1977.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. til laga um fullorðinsfræðslu var lagt fyrir síðasta Alþingi, en varð eigi útrætt. Nefndin sem samdi frumvarpið hefur fjallað um það á ný að beiðni ráðuneytisins og fékk ráðuneytið til samstarfs við nefndina alþingismennina Axel Jónsson og Inga Tryggvason. Nefndin hafði áður eða 16. nóvember 1974 gert tillögu og greinargerð um fjárframlög til fullorðinsfræðslu, sbr. fylgiskjal I. Eftir að hafa athugað frumvarpið milli þinga leggur fullorðinsfræðslunefnd til, að það verði lagt fyrir Alþingi á ný, óbreytt að öðru leyti en því, að aftan við 39. gr. („Lög þessi öðlast þegar gildi") komi sú viðbót, sem þar greinir, og felur í sér að um framkvæmd laganna fari eftir fjárveitingum hverju sinni, nema hvað 30. og 31. gr., sem fjalla um námsflokka, námshópa og bréfaskóla, komi til framkvæmda eigi síðar en á árinu 1977.

Frv. er lagt fram á ný með framangreindri breytingu og greinargerð þeirri, sem fylgdi því í fyrra. Jafnframt eru birt eftirgreind fylgiskjöl:

I. „Um fjárframlög til fullorðinsfræðslu", dags. 16. nóv. 1974.
II. Bréf fullorðinsfræðslunefndar, dags. 8. des. 1975.
III. Bréf fullorðinsfræðslunefndar, dags. 19. febrúar 1975, ásamt umsögnum ýmissa aðila um frumvarpið.
IV. Athugasemdir fullorðinsfræðslunefndar 1. október 1975 og umsagnir frá Háskóla Íslands, sendar með bréfi rektors, dags. 13. febrúar 1975.

I.
„SKIPUN OG STÖRF FULLORÐINSFRÆÐSLUNEFNDAR

1. Skipun nefndarinnar.

Með bréfi dagsettu 26. október 1971 skipaði Menntamálaráðuneytið nefnd er var falið „að gera tillögur um hvernig skipuleggja skuli fræðslustarfsemi fyrir fullorðna er hafi m. a. það markmið að veita kost á endurmenntun og gera kleift að ljúka prófum ýmissa skólastiga." Ennfremur segir í bréfinu: „Ber að skila tillögunum til ráðuneytisins í frumvarpsformi svo fljótt sem við verður komið."

Í nefndina voru skipuð: Sira Guðmundur Sveinsson skólastjóri, formaður; Stefán Ögmundsson prentari, samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands; dr. Matthías Jónasson, prófessor, samkvæmt tilnefningu Háskólaráðs; Andrés Björnsson útvarps-

stjóri, samkvæmt tilnefningu Ríkisútvarpsins; Gunnar Grímsson, starfsmannastjóri, samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra samvinnufélaga; Sigríður Thorlacius formaður Kvenfélagasambands Íslands, samkvæmt tilnefningu Kvenfélagasambandsins; Jónas B. Jónsson fræðslustjóri, samkvæmt tilnefningu Reykjavíkurborgar, en Jónas lét af störfum í nefndinni í október 1973 og var þá Ragnar Georgsson skólafulltrúi tilnefndur af Reykjavíkurborg í hans stað.

Nefndin kom saman á fyrsta fund miðvikudaginn 24. nóvember 1971. Á þeim fundi var Sigríður Thorlacius kjörin ritari nefndarinnar. Þá var ákveðið að halda fundi reglulega annan hvern miðvikudag. Fundir skyldu haldnir að Hamragörðum, félagsheimili samvinnumanna að Hávallagötu 24 og hefjast kl. 16.00. Þá var formanni falið að safna öllum tiltækum gögnum um fullorðinsfræðslu í nágrannalöndunum, einkum þó á Norðurlöndum.

2. Gagnasöfnunin.

Gagnasöfnun nefndarinnar og gagnakönnun stóð allt árið 1972 og fram á árið 1973. Menntamálaráðuneytið veitti mikla og margháttaða aðstoð við að safna gögnum erlendis frá. Sérstaklega ber að nefna víðtækar heimildir um skipan fullorðinsfræðslu á Norðurlöndum. Eftirfarandi kom í ljós við athugun nefndra heimilda:

Í **Svíþjóð** er fullorðinsfræðslan margbreytilegust og viðamest.

Í **Danmörku** einkennist fullorðinsfræðslan af dreifingu bæði í framkvæmd og lagasetningu.

Í **Finnlandi** er fullorðinsfræðslan tiltölulega ný af nálinni, en á allra síðustu árum hafa verið samþykkt margs konar sérlög er snerta fullorðinsfræðsluna meira og minna.

Í **Noregi** hefur á þriðja ár verið unnið að samningu frumvarps um heildarskipan fullorðinsfræðslunnar. Drög að slíku frumvarpi voru gefin út ásamt viðamiklum skýringum í nóvember 1972 undir heitinu Vaksenopplæring for alle (NOU 1972:41). Voru þau drög og öll sú vinna, sem lá þar að baki, fullorðinsfræðslunefndinni til mikils ávinnings og auðveldaði störf hennar að miklum mun.

Þá kannaði fullorðinsfræðslunefndin einnig á þessum tíma nokkur rit og heimildir um fullorðinsfræðslu frá Bretlandi og Þýskalandi.

Frá Evrópuráðinu fékk fullorðinsfræðslunefndin bækur, rit og greinargerðir. Evrópuráðið hefur látið fræðslu fullorðinna mjög til sín taka, svo og nýtt menntakerfi, **ævimenntun.**

Þá aflaði fullorðinsfræðslunefndin sér gagna frá Unesco, menningar- og fræðslustofnun Sameinuðu þjóðanna. Unesco hefur haldið þrjár alþjóðaráðstefnur um fullorðinsfræðslu, í Helsingør í Danmörku 1949, í Montreal í Kanada 1960 og í Tókíó í Japan 1972. Sérstaklega var fjallað um ítarlega skýrslu um síðustu ráðstefnuna og ýmiss konar gögn og athuganir sem verið höfðu grundvöllur og forsenda umræðna á ráðstefnunni og einstakir aðilar komið á framfæri.

Til þess að afla upplýsinga um fullorðinsfræðslu hérlendis ritaði nefndin 21 aðila, þeim er einkum höfðu látið slíka fræðslu til sín taka, og bar fram fyrirspurnir um ýmis atriði þeirrar fræðslu. Svör bárust frá 12 aðilum. — Þá bárust nefndinni gögn frá Skálholtsskólafélaginu, Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur, Þórarni Þórarinssyni fyrrum skólastjóra og fleirum.

3. Samnorræn stjórnarnefnd fullorðinsfræðslu.

Í september 1972 var á vegum Norrænu menningarstofnunarinnar, Nordisk kulturelt Samarbeide, NKS, skipuð samnorræn stjórnarnefnd fullorðinsfræðslu, **Styringsgruppe for voksenundervisningen i Norden.** Nefnd þessi var skipuð fyrir atbeina embættismannanefndar NKS og átti hvert Norðurlandanna að eiga þar einn fulltrúa. Formaður íslensku fullorðinsfræðslunefndarinnar Guðmundur Sveinsson var tilnefndur sem fulltrúi Íslands í stjórnarnefndinni. Nefndin hlaut tvö verkefni

sérstaklega til úrlausnar: Annað lýtur að tilraun með nýja kennsluhætti í fullorðinsfræðslu, svonefnd NOVUprogram (Nordisk Vuxenutbildning). Hitt fólst í gagnasöfnun um fræðslu fullorðinna á Norðurlöndum, kallað **„kortlægnings-projektet"**. Síðara verkefnið snerti verulega störf fullorðinsfræðslunefndarinnar. Að tillögu stjórnarnefndarinnar var gerð veruleg breyting á tilhögun gagnasöfnunarinnar. Í stað þess að upphaflega var áformað að einn maður, Sviinn Erik Norberg, annaðist gagnasöfnunina var í desember 1972 lagt til að tilteknir aðilar í hverju landi tækju að sér að sjá um framkvæmdina. Heildarfjárhæð, er greiða átti fyrir gagnasöfnunina sjálfa, var ákveðin 15 þúsund krónur danskar og komu þannig 3 þúsund í hlut hvers hinna fimm landa. — Fullorðinsfræðslunefndinni íslensku var falið að annast gagnasöfnunina á Íslandi og ráða mann til verksins. Nefndin réð Hrafn Magnússon kennara í Bifröst. Hann hóf þegar vorið 1973 að vinna að gagnasöfnunni. Hrafn fékk Menntamálaráðuneytið til að birta auglýsingu um gagnasöfnunina, tilgang hennar og aðalverkefni. Var þess óskað að allir einstaklingar eða félög sem haft hefðu fullorðinsfræðslu á hendi, gæfu sig fram og létu ráðuneytinu og fullorðinsfræðslunefndinni umbeðnar upplýsingar í té. — Þá skrifaði Hrafn Magnússon 175 félögum, stofnunum og einstaklingum bréf þar sem gerð var grein fyrir gagnasöfnuninni og lét fylgja spurningarlista er útfylla átti.

4. Fyrstu drög að frumvarpi til laga um fullorðinsfræðslu.

Það var snemma árs 1973 að formaður fullorðinsfræðslunefndarinnar lagði fram í nefndinni fyrstu drög að frumvarpi til laga um fullorðinsfræðslu. Undanfari frumvarpsdraganna var nákvæm athugun og könnun á drögum norsku fullorðinsfræðslunefndarinnar, en ritari íslensku nefndarinnar Sigríður Thorlacius hafði þýtt bæði drög meirihluta norsku nefndarinnar sem samin voru á norsku landsmáli (nýnorsku) og drög minnihluta sömu nefndar, en þau voru samin á ríkismáli. — Hvor tveggja frumdrögin birtust ásamt ítarlegum greinargerðum í ritinu Vaksenopplæring for alle, er kom út í nóvember 1972.

Voru hin norsku frumvarpsdrög vandlega rædd á fyrstu fundum fullorðinsfræðslunefndarinnar árið 1973 og borin saman við önnur norræn lög um fullorðinsfræðslu sem nefndin hafði undir höndum.

Fyrstu drögin að íslensku frumvarpi til laga um fullorðinsfræðslu voru endurskoðuð rækilega og þeim breytt í verulegum atriðum í meðförum nefndarinnar. Var svo komið í júnímánuði 1973 að fullorðinsfræðslunefndin hafði komið sér saman um svo veigamikil aðalatriði frumvarps til fullorðinsfræðslulaga að samþykkt var að láta fjölrita frumvarpsdrögin í því formi sem þau þá voru og senda þau síðan til umsagnar 28 aðilum. Var óskað umsagna og ábendinga varðandi drögin.

Þessir tuttugu og átta aðilar áttu að vera fulltrúar þriggja mismunandi heilda er hlutu að láta sig fullorðinsfræðslu miklu varða. Hinar þrjár heildir og fulltrúar hverrar um sig voru eftirfarandi:

a) **Tíu aðilar hins lögbundna skólakerfis:** Fræðsluráð Reykjavíkur, Fræðsluráð Akureyrar, Fræðsluráð Ísafjarðar, Fræðsluráð Árnessýslu, Fræðsluráð Egilsstaðahrepps, Samband íslenskra sveitarfélaga, Menntaskólinn við Hamrahlíð vegna „öldungardeildar" skólans, Laugalækjarskólinn í Reykjavík vegna Kvöldskólans er þar starfaði, Háskólaráð og loks Fræðslumyndasafn ríkisins.

b) **Níu aðilar tengdir vinnumarkaðinum og atvinnuvegum landsmanna:** Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands, Vinnumálasamband samvinnufélaganna, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Stjórnunarfélag Íslands, Iðnnemasamband Íslands, Búnaðarfélag Íslands og loks Iðnfræðsluráð.

c) **Níu aðilar frjálsra félagasamtaka er hafa bæði menningar- og fræðslumál á stefnuskrá sinni:** Æskulýðssamband Íslands, Kvenfélagasamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Menningar- og fræðslusamband alþýðu, Samband íslenskra samvinnufélaga, Íþróttasamband Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Íslenska þjóðkirkjan og loks Samband íslenskra námsmanna erlendis S.Í.N.E.

Nefndin óskaði að svör hefðu borist í síðasta lagi um miðjan september, enda var ætlunin að halda síðan fundi með þeim aðilum er fengu frumvarpsdrögin til umsagnar.

Umsagnir og athugasemdir bárust frá eftirtöldum aðilum: Búnaðarfélagi Íslands, Sambandi íslenskra samvinnufélaga, Vinnuveitendasambandi Íslands, Íþróttasambandi Íslands, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Iðnnemasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Íslensku þjóðkirkjunni, Menningar- og fræðslusambandi alþýðu, Fræðsluráði Reykjavíkur, Fræðslumyndasafni ríkisins, Kvenfélagasambandi Íslands og Stjórnunarfélagi Íslands, alls 13 aðilum.

5. Gagnasöfnun og umræðufundir.

Sumarið 1973, meðan beðið var svara frá hinum 28 aðilum, er fengu frumvarpsdrögin til umsagnar, var unnið sleitulaust að söfnun og úrvinnslu gagna um þá fullorðinsfræðslu sem þegar var fyrir hendi í landinu. Var gengið frá fyrstu greinargerð um niðurstöður könnunarinnar í ágústmánuði 1973. Í september sóttu Hrafn Magnússon og Guðmundur Sveinsson fund sem haldinn var á lýðháskólanum í Skælskør á Sjálandi. Þar voru saman komnir allir þeir einstaklingar sem unnu að gagnasöfnun um fullorðinsfræðslu á Norðurlöndum ásamt hinni samnorrænu stjórnarnefnd fullorðinsfræðslunar. Voru á fundi þessum lögð fram fyrstu drögin að framangreindri gagnasöfnun á Norðurlöndunum fimm. Nokkuð þótti skorta á að samræmi væri í könnun og úrvinnslu gagna. Var því á fundinum í Skælskør gengið frá formi er lagt skyldi til grundvallar áframhaldandi könnun, en þó einkum framsetningu og niðurstöðum einstakra þátta og atriða. —

Í samræmi við ákvarðanir fundarins í Skælskør var síðan unnið að nýrri gerð skýrslu um fullorðinsfræðslu hér á landi. Sú nýja gerð var tilbúin í byrjun október 1973.

Fullorðinsfræðslunefndin ræddi athugasemdir og ábendingar sem nefndinni bárust, svo og niðurstöður gagnasöfnunarinnar jafnóðum og þær lágu fyrir. Þannig bættist nefndinni mikill fróðleikur um stöðu fullorðinsfræðslunnar í nágrannalöndunum sem og hér á landi, en jafnframt komu fram hugmyndir um æskilega framvindu og eflingu fullorðinsfræðslunnar.

Að fengnum slíkum gögnum og lokinni könnun þeirra ákvað fullorðinsfræðslunefndin að boða til umræðufunda með þeim aðilum er fengið höfðu frumvarpsdrög hennar til umsagnar og áður getur. Var ákveðið að halda þrjá slíka fundi og miða við hina þrenns konar aðila eins og fyrr var frá greint.

Fyrsti fundurinn var haldinn þriðjudaginn 19. október og skyldi sá fundur haldinn með aðilum hins lögbundna skólakerfis. Á þeim fundi mættu með nefndinni aðeins tveir fulltrúar: Páll Líndal vegna Sambands íslenskra sveitarfélaga og Fræðsluráðs Reykjavíkur og Þráinn Guðmundsson frá Laugalækjarskólanum á vegum Kvöldskólans.

Annar fundurinn var haldinn 25. október og voru boðaðir þangað fulltrúar frjálsra félagssamtaka, er hafa bæði menningar- og fræðslumál á stefnuskrá sinni. Til fundarins komu: Sigurður Markússon framkvæmdastjóri Skipulags- og fræðsludeildar SÍS, Jón Ragnarsson frá Æskulýðssambandi Íslands, Hjörleifur Sigurðsson og Baldur Óskarsson frá Menningar- og fræðslusambandi alþýðu, Sigurveig Sigurðardóttir frá Kvenfélagasambandi Íslands, Þórarinn Þórarinsson og Jónas Pálsson frá menntamálanefnd þjóðkirkjunnar, Sigrún Sigurgeirsdóttir frá Bandalagi íslenskra skáta og Hannes Þ. Sigurðsson frá Íþróttasambandi Íslands.

Þriðji fundurinn var haldinn 30. október með fulltrúum aðila vinnumarkaðarins. Þann fund sóttu Friðrik Sófusson frá Stjórnunarfélagi Íslands, Óli Valur Hansson frá Búnaðarfélagi Íslands, Barði Friðriksson og Gunnar Björnsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Rúnar Bachmann frá Iðnnemasambandi Íslands, Ólafur Hannibalsson og Hjörleifur Sigurðsson frá Alþýðusambandi Íslands og Óskar Guðmundsson frá Iðnfræðsluráði.

Mjög hreinskilin og einarðleg skoðanaskipti fóru fram á öllum þessum fundum og vörpuðu þeir að mörgu leyti nýju ljósi á vanda, verkefni og fjölbreytni fullorðinsfræðslunnar.

6. Ný drög að frumvarpi til laga um fullorðinsfræðslu. — Gagnasöfnun og úrvinnslu hennar endanlega lokið.

Eftir umrædd fundahöld og að fengnum margvíslegum ábendingum og tillögum, svo og með hliðsjón af framvindu gagnasöfnunarinnar, tók fullorðinsfræðslunefndin til við að endursemja frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu. Voru endursamin drög lögð fram í nóvember 1973.

Þau drög voru síðan rædd ítarlega á fundum nefndarinnar næstu mánuði. Kom í ljós nokkur skoðanaágreiningur í nefndinni um ýmis ákvæði og atriði. Voru allir nefndarmenn sammála um að þann skoðanamun yrði að jafna og finna frumvarpinu það form og framsetningu er allir gætu sameinast um. — Þessu marki var náð snemma árs 1974 nokkurn veginn samtímis því að endanlega var gengið frá lokaskýrslu um gagnasöfnun varðandi fullorðinsfræðsluna á Íslandi.

7. Greinargerð um frumvarpið í heild og einstakar greinar þess.

Mikill tími hefur á þessu ári, 1974, farið í samningu greinargerðar um frumvarpið og endurskoðun hennar. Var formanni fullorðinsfræðslunefndarinnar falið að semja drög að greinargerð, en nefndin í heild hefur síðan fjallað um greinargerðina, endurskoðað hana og umsamið uns hún tók á sig þá mynd er hún birtist hér í. Var greinargerðin endanlega samþykkt á síðasta fundi nefndarinnar, sem var 50. fundur hennar, 10. maí 1974. Formanni og ritara var falið að sjá um frekari vinnu varðandi endanlega afhendingu frumvarps og greinargerðar.

II
AÐALHUGTÖK SKÝRÐ

1. Ævimenntun.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að komið verði á nýju menntakerfi með þjóðinni, **ævimenntun.** Er þar vikið að skipan menntamála, sem á þegar langa sögu að baki. Sú saga verður ekki rakin hér. Á hitt skal minnt sérstaklega, að þrjár alþjóðlegar stofnanir hafa fjallað um þetta fræðslukerfi framtíðarinnar og leitast við að vekja á því athygli.

Það var á annarri ráðstefnu Menningar- og fræðslustofnunar Sameinuðu þjóðanna, Unesco, um fullorðinsfræðslu, sem haldin var í Montreal í Kanada árið 1960, að fram kom skýr túlkun á þessari fræðsluskipan og var henni þá valið heitið **„Life-long integrated education"**, þ. e. a. s. ævinmenntun er byggð væri upp með því að skapa samfellda heild úr mörgum þáttum. Frá Unesco er þannig sjálft **ævimenntunar-hugtakið** komið. Jafnframt er þaðan sú skilgreining þess, að í ævinmenntun komi saman tveir meginþættir, **hið lögbundna skólakerfi** og **nýr þáttur,** er ætla þurfi sambærilegan hlut við hlið þess.

Frá því árið 1966 hefur **Evrópuráðið** eða ein af fræðslunefndum þess, þ. e. **Out-of-School Committee,** er starfar á vegum **The Council for Cultural Cooperation,** CCC, fjallað um sams konar fræðslukerfi undir heitinu **Permanent Education,** menntun sem stöðugt varir. Hefur Evrópuráðið hvatt aðildarlönd sín til að gefa hinu nýja fræðslukerfi gaum og reyndar gert eins konar áætlun um hugsanlegan framgang málsins, þ. e. hversu hinu nýja menntakerfi yrði komið á í áföngum. Hefur Evrópuráðið kallað tímabilið frá 1966—1971 **hugtakaskeiðið,** en með árinu 1972 hófst **framkvæmdaskeiðið.** Hafa áætlanir verið gerðar um, hvernig staðið skuli að framkvæmd málsins til **ársins 1978.**

Enn hefur **Efnahags- og framkvæmdastofnunin,** O.E.C.D. látið sig varða þetta framtíðarkerfi menntunar í aðildarríkjum sínum og valið því nafnið **Recurrent Education,** þ. e. a. s. menntun, sem fram fer aftur og aftur. Hefur hugtak O.E.C.D. réttilega verið þýtt á íslensku með orðinu **símenntun.** Hefur það nafn verið notað nokkuð hér á landi í umræðu um framtíðarskipan fræðslumála.

Tillögur O.E.C.D. eru um margt sérstæðar. Eiginlega er gert ráð fyrir að skólagöngu í þeim skilningi sem venjulega er lagður í orðið ljúki með skyldunámi. Eftir það verði nám og störf úti í atvinnulífinu tengd saman og námsáfangar styttir svo að aldrei rofni samband þar á milli (sbr. ritið Recurrent Education: A strategy for Lifelong Learning, bls. 24—25.)

Jafnframt því sem það er tekið fram í frumvarpinu að menntakerfi þjóðarinnar skuli vera **ævimenntun,** er það áréttað að í ævimenntuninni felast tveir þættir, annars vegar hið lögbundna skólakerfi sem í frumvarpinu er kallað einu nafni **frummenntun** hins vegar nýr þáttur, **fullorðinsfræðsla.** Um leið og þessarar tvískiptingar er getið, er það tekið fram að báðir þættirnir, **fullorðinsfræðslan** og **frummenntunin** skuli vera jafnréttháir.

2. Frummenntun.

Frummenntun er hugtak sem í frumvarpinu er notað um það, sem á tungum annarra þjóða norrænna er nefnt **„förstegangsopplæring"** (norska hugtakið er tilgreint), en á ensku **„formal education".** **Frummenntunin** felur í sér nær alla þá fræðslu sem nú er veitt í landinu og nær þá auðvitað yfir öll fræðslustig hins lögbundna skólakerfis, hvort sem þau eru fjögur eins og nú hagar til eða verða þrjú sem til er ætlast eftir gildistöku grunnskólalaganna, svo og laganna um skólakerfi.

Með hugtakinu **frummenntun** er þannig í frumvarpi þessu átt við alla lögbundna fræðslu sem fyrir er í landinu, allt frá grunnskóla til háskóla. Þar eru og taldir með allir sérskólar sem reknir eru á grundvelli laga og tengjast með einhverju móti hinu lögbundna skólakerfi. (Sbr. skilgreiningu norsku fullorðinsfræðslunefndarinnar á frumfræðslu og upptalningu á lögum þeim, er hún nær til, **Vaksenopplæring for alle,** bls. 106).

3. Fullorðinsfræðsla.

Fullorðinsfræðsla er nýr þáttur í íslenskum fræðslumálum. Honum er ætlað mikið hlutverk eins og fram kemur í frumvarpinu. Ætlunin er að lögbinda ákveðna þætti fræðslu sem veitt er nú þegar í landinu, svo sem **námsflokkastarfsemi, bréfaskólanám,** svo og **félagslega og menningarlega** fræðslu af ýmsu tagi sem látin er í té með **leshringastarfsemi.** Þá skal enn fremur styrkja verulega tilraunir sem þegar hafa verið gerðar til **fræðslu í atvinnulífinu** af fjölmörgum aðilum þess. En um hitt er ekki minna vert að skapa á möguleika til nýrra fræðslu- og menningarþátta sem ekki hafa enn verið ræktir, sumpart vegna fjárskorts, en fremur þó vegna vöntunar á skipulagi og heildarstefnu.

Um þróun fullorðinsfræðslunnar hér á landi og í nágrannalöndunum verður ekki fjallað í þessari greinargerð, en vísað í því sambandi til erinda sem flutt voru í útvarp vorið 1973 og fylgja frumvarpinu sem fylgiskjöl. Þá skal enn vísað til erindis sem flutt var á ársfundi MFA í nóvember 1972 og greinir frá þróun fullorðinsfræðsluhugtaksins á alþjóðaráðstefnum Unescos, Menningar- og fræðslustofnunar Sameinuðu þjóðanna. En stofnunin hefur haldið þrjár ráðstefnur um fullorðinsfræðslu. Einnig það erindi fylgir frumvarpinu um sérstakt fylgiskjal.

Nefndin hefur orðið sammála um að leggja til að hinn nýi þáttur menntamálanna, sem frumvarp þetta tekur til, skuli kallast **fullorðinsfræðsla.** Heitið fullorðinsfræðsla er að mati nefndarinnar engan veginn áhrifamikið heiti. Öðru nær. Það felur í sér sömu vandræðalausnina og heiti frændþjóða okkar á Norðurlöndum, **voksenunder-**

visning (á dönsku), **vaksenopplæring** eða **voksenopplæring** (á norsku) og **vuxenutbildning** (á sænsku, en sama nafn er notað af sænskumælandi Finnum). Mun betur hefur til tekist um heiti þessa þáttar menntunarinnar í enskumælandi löndum, þar sem hann er kallaður **adult education.** Í hugtakinu felst ekki aldursákvörðun einvörðungu heldur jafnframt þroski og dómgreind. — Einmitt þær nafngiftir sem umræddum fræðsluþætti hafa verið valdar á Norðurlöndum, að kenna hann við hugtakið „fullorðinn" hefur valdið því að þurft hefur sérstaklega að skilgreina hvað átt væri við með hugtakinu „fullorðinn" í þessu sérstaka sambandi. (Sbr. skilgreiningar Dana, Svía og Norðmanna, er settar voru fram í tilefni þriðju alþjóðaráðstefnu Unesco um fullorðinsfræðslu í Tokíó 1972.)

Þar sem nefndin var eins og fyrr segir engan veginn ánægð með hugtakið **fullorðinsfræðsla,** var leitað eftir öðru heiti sem betur hæfði. Ekki reyndist um auðugan garð að gresja. Taldi nefndin tæpast um annan kost að ræða en hugtakið **eftirmenntun** sem komið gæti til greina. Ræddi nefndin þann möguleika sérstaklega að kalla umræddan fræðsluþátt **eftirmenntun.** Eftir ítarlega athugun og umræður komst nefndin að þeirri niðurstöðu að hið síðara hugtak hefði að vísu nokkra kosti, en einnig augljósa galla. Af kostum hins síðara heitis var sá talinn mikilvægastur að hugtakið **eftirmenntun** gæti virst eðlileg samsvörun hugtaksins **frummenntun,** sem tekið var upp í frumvarpið. Af ágöllum þessa heitis voru aftur á móti tveir augljósastir. Annar var sá að hugtakið **eftirmenntun** virðist mun þrengra en hugtakið fullorðinsfræðsla og raunar tæpast taka til annarra þátta en þeirra sem koma á eftir **frummenntuninni** eða hafa hana sem forsendu, þ. e. a. s. menntun eða fræðslu sem „kemur á eftir einhverri annarri menntun." En svo er engan veginn um alla þá fræðslu sem umrætt frumvarp tekur til. Mikið af þeirri fræðslu kemur ekki á eftir, heldur er hliðstæða eða nær til alveg sjálfstæðra fræðsluþátta sem ekki koma á eftir einhverju öðru. (Sbr. skilgreiningu samsvarandi heitis í norsku riti: **Etterutdanningspolitikk,** bls. 36 svo og bls. 45—46.)

Hinn ókosturinn er sá að hugtakið **eftirmenntun** er algerlega nýtt heiti sem hvergi hefur komið fram í umræðum um þann fræðsluþátt er frumvarpið nær til. Það verður aftur á móti ekki sagt um fyrri kostinn að kenna þá fræðslu við fullorðna. Má jafnvel segja að hugtakið **fræðsla fullorðinna** hafi þegar unnið sér nokkra hefð í íslensku **máli.**

Þá kom enn til álita í nefndinni hvort eðlilegra væri að kalla þann fræðsluþátt, sem frumvarpið lýtur að, **fullorðinsfræðslu** eða **fullorðinnafræðslu,** þ. e. hvort heldur ætti að nota eintölumynd eða fleirtölumynd orðins **fullorðinn** í fyrri hluta hugtaksins. Þótt nefndin liti svo á að hér væri ekki um veigamikið atriði að ræða taldi hún eðlilegra að leggja til að styttri orðamyndin yrði notuð, **fullorðinsfræðsla.** Mætti að öðru jöfnu búast við að sú mynd yrði almenningi munntamari þegar til lengdar léti. Er sú tilhneiging í málinu auðsæ að stytta orðmyndir. Sé um tvær orðmyndir að ræða, veitir hinni styttri jafnan betur þegar fram í sækir.

4. Markmið fullorðinsfræðslunnar.

Markmið eða takmark fullorðinsfræðslunnar er að skapa öllum skilyrði til þroska, segir í frumvarpinu. Með þessu er lögð áhersla á að fræðsla skuli ekki aðeins auka þekkingu þeirra sem hennar njóta, heldur veita tækifæri til alhliða mótunar og ræktunar persónuleikans.

Fræðsla á ekki að vera einvörðungu söfnun þekkingaratriða, heldur ná til persónuleika mannsins og veita almenn þroskaskilyrði. Er þetta álit nefndarinnar áréttað með því að sá þroski, sem veitist, skuli bæði taka til mannsins sem **einstaklings** og **þjóðfélagsþegns.** Hér er að sjálfsögðu dvalið við veigamikið atriði í túlkun allrar menntunar á okkar dögum. Mun ekki frekar að því flókna vandamáli vikið hér í þessari greinargerð, en aðeins bent á þrjú atriði til rökstuðnings: **Í fyrsta lagi** er hér um að ræða hina almennu umræðu um það, í hverju menntun sé raunveru-

lega fólgin og þá hallast að þeim skilningi að hún eigi að veita hvort tveggja í senn þekkingu og þroska. **Í öðru lagi** er svo umræða sú, er fram fer um þátt sérfræðinganna, (specialistanna) í menningarsamfélagi okkar, en jafnframt hitt, hversu æskilegt sé að auka þátt hinna sem alhliða menntunar hafa notið og verða því menn yfirsýnar og víðsýni, talsmenn þess að taka tillit til sem flestra aðila og viðhorfa í hverju máli. **Í þriðja lagi** er svo hin mikla áhersla, sem á seinni árum hefur verið lögð á mikilvægi persónuleikans á Vesturlöndum.

5. Jafn réttur fullorðinsfræðslu og frummenntunar.

Um **jafnan rétt** hinna tveggja þátta ævimenntunarinnar, þ. e. **fullorðinsfræðslunnar** og **frummenntunarinnar** mætti ætla, að skoðanir væru skiptar. Þá hefðu menn ekki síst í huga að fyrst gæti verið um jafnan rétt að ræða, þegar fullorðinsfræðslan væri orðin álíka umfangsmikil, að kallaði á álíka mikið fjármagn til hennar og lagt væri af mörkum til frumfræðslunnar. Ljóst er að sjálfsögðu að slíkt getur ekki gerst á skömmum tíma. Með áherslu á hinn jafna rétt er á þessu stigi átt við tvennt öðru fremur:

a) Nám það og fræðsla, sem stundað er og veitt á grundvelli laga um fullorðinsfræðslu, skal á allan hátt metið jafngilt því námi og þeirri fræðslu, sem stunduð er og veitt á grundvelli laga um frumfræðslu. Skal vera hægt að sýna fram á með námsmati og prófum að um hliðstæðu sé að ræða.
b) Um er að ræða hiklausa stefnuyfirlýsingu þess efnis að engu minni rækt verði við það lögð að byggja upp, þróa og efla fullorðinsfræðsluþáttinn en frumfræðsluþáttinn. Ætlunin skal ekki vera að gera fullorðinsfræðsluþáttinn að hornreku í menntakerfi þjóðarinnar, til dæmis með því að líta á þann þátt sem uppfyllingarþátt og viðauka við frumfræðsluþáttinn, en hafna sérstöðu hans og sjálfstæðu gildi. Á hinu síðast nefnda er mikil hætta og þarf naumast að fara um hana fleiri orðum. (Sbr. hér stefnuyfirlýsingu Stórþingsins norska frá 20. júní 1965, St. prp. no. 92 (1964—1965), einkum bls. 25—26).

Varðandi hinn jafna rétt beggja þátta **ævimenntunarinnar**, fullorðinsfræðslunnar og frumfræðslunnar að því er fjárframlög snertir, má benda á eftirfarandi niðurstöðu sem komist var að í tímariti sem gefið var út í Danmörku: „Nyt om livslang uddannelse/udvikling". Tímarit þetta var gefið út í sambandi við undirbúning að þriðju alþjóðaráðstefnu Unescos um fullorðinsfræðslu. Í því hefti tímaritsins, sem gefið var út eftir nefnda ráðstefnu, segir svo undir fyrirsögninni: „**Fjármögnun**: Þar sem fullorðinsfræðslan, þegar á heildina er litið, er yngsti þáttur fræðslukerfisins, hefur reyndar í mörg ár verið hornreka og svo litið á í mörgum löndum að fullorðinsfræðslan sé óþarfi og íburður, er auðskilið að fé sem til hennar hefur verið veitt er næsta lítið þegar litið er á veröldina sem heild (0.002% af opinberum fjárframlögum). — Forystumenn margra ríkja hafa þó komist að þeirri niðurstöðu á síðustu árum að svið fullorðinsfræðslunnar sé hið mikilvægasta að stuðla að hagkvæmri og mennskri þróun. Því er svo komið að framlög til fullorðinsfræðslu í Bandaríkjunum og Sovétríkjunum eru nú næstum jafnmikil og framlög til frummenntunar (sbr. nr. 8—9 (1972) bls. 174).

6. Þrískipting fullorðinsfræðslunnar.

Í frumvarpinu eru ákvæði um sundurgreiningu fullorðinsfræðslunnar í þrjá flokka. Er svo kveðið á að fullorðinsfræðslan geti verið **skólanám** ætlað fullorðnum, þ. e. þeim sem horfið hafa að störfum í atvinnulífinu um nokkurt skeið, skal það skólanám sem hér um ræðir vera að eðli og innihaldi bein hliðstæða frummenntunarinnar. Þá á fullorðinsfræðslan í öðru lagi að geta verið **hvers konar nám sem tengist atvinnulífi landsmanna** og ekki er bundið í öðrum lögum, enda þótt það nám geti

verið að eðli hliðstætt sumum greinum frummenntunar og falli því jafnframt undir þann flokk sem nefndur var fyrst. Til aðgreiningar er þetta afbrigði fullorðinsfræðslunnar kallað **starfsnám** vegna hins sérstæða sambands þess við störf og atvinnu. Ekki á þó í því að felast bein lýsing á náminu sjálfu, námstilhögun eða kennsluformi. Getið er sérstaklega um fjölbreytni í námi þessu, enda má ætla að það kunni að hafa nokkra sérstöðu einmitt að því er til hennar tekur. Loks er getið þriðja heildarflokks fullorðinsfræðslunnar, en hann er hér kenndur við **frjálst nám og fristundamenntun.**

Þessi skipting fullorðinsfræðslunnar í þrjá aðalflokka er í fullu samræmi við þá skipan sem orðið hefur í nágrannalöndum okkar þótt hennar gæti að vísu misjafnlega skýrt í lagasetningu og framkvæmd.

a) Skipan fullorðinsfræðslunnar í Svíþjóð.

Fullorðinsfræðslan er á margan hátt lengst á veg komin í Svíþjóð, enda á hún þar lengsta hefð að baki. Ennþá er að vísu ekki um heildarlöggjöf að ræða í Svíþjóð varðandi fullorðinsfræðsluna. Eftirfarandi sænsk lög og reglugerðir gefa hugboð um þá aðgreiningu í aðalflokka, sem hér er til umræðu:

a) **Um skólanámið.**
Kungl. Maj:ts kungörelse om kommunal och statlig vuxenutbildning, given Stockholm slott den 27. maj. 1971 SFS 1971:424.

b) **Um starfsnámið.**
Kungl. Maj:ts kungörelse om statsbidrag till löntagerorganisationernas centrala kursverksamhet. SFS 1970: 272.
Arbetsmarknadskungörelsen. SFS 1972: 300.
Kungl. Maj:ts kungörelse ang. yrkesutbildningskurs för arbetslösa.
SFS 1972: 818.

c) **Frjáls nám og fristundamenntun.**
Kungl. Maj:ts kungörelse om statsbidrag till det fria och frivillige folkbildningsarbetet. SFS 1963: 463.

Þá má enn vekja sérstaklega athygli á lögum og reglugerð í Svíþjóð frá síðasta ári varðandi fjárframlög til að auðvelda fólki að hagnýta sér öll þau afbrigði fullorðinsfræðslu sem nú hafa verið nefnd, en þar er um eftirfarandi að ræða:

Studiestödslagen
SFS 1973: 349.
Studiestödskungörelsen
SFS 1973: 418.

b) Skipan fullorðinsfræðslunnar í Finnlandi.

Í Finnlandi er þróun fullorðinsfræðslunnar skemmra á veg komin en í Svíþjóð. Þar má samt engu að síður greina hina sömu þrískiptingu og kemur hún fram í eftirfarandi:

a) **Skólanám.**
Lag och förordning om statens aftonläroverk och aftonlinjer vid statens läroverk 116/68 og 172/68.

b) **Starfsnám.**
Lag och förordning om sysselsättnings befrämjande kursverksamhet 493/65 och 494/65.

c) **Frjálst nám og fristundamenntun.**
Lag och förordning om statsbidrag åt medborgar-och arbetarinstitut 521/62 og 386/63.

Lag och förordning om statsbidrag för studiecirkelverksamhet 186/64 og 621/64.
Lag och förordning om statsbidrag för idrottsinstitut 516/62 och 401/63.
Lag och förordning om statsbidrag för musikinstitut 147/68 og 206/68.

Þá ber enn að nefna tvenn lög og reglugerðir sem Finnar telja að fjalli um fullorðinsfræðslu, en þar er um að ræða:

Biblioteksla gen och förordningen 235/62 och 268/62.
Lag och förordning om statsbidrag för folkehögskolor 556/69 och 4/70.

Má af þessari upptalningu sjá að hinn þriðji heildarflokkur fullorðinsfræðslunnar, **frjálst nám og frístundamenntun**, er hlutfallslega viðamestur í Finnlandi.

c) Skipan fullorðinsfræðslunnar í Danmörku.

Í Danmörku hefur þróunin á margan hátt orðið sérstæð, enda hafa Danir orðið að taka sérstakt tillit til hinnar ríku og grónu hefðar lýðháskólanna dönsku. Lýðháskólarnir dönsku koma raunverulega við sögu í öllum þrem heildarflokknum sem áður hafa verið nefndir. Ber að hafa það í huga þegar lög og reglugerðir Dana á þessu sviði eru metnar og hafðar til hliðsjónar.

Lagagrundvöllur fullorðinsfræðslu Dana er sem hér segir:

a) Lov nr. 299 af 6. juni 1968 (med senere ændringer) om fritidsundervisning m. v.
b) Lov nr. 259 af 4. juni 1970 om folkehöjskoler, landsbrugsskoler, husholdningsskoler og efterskoler.
c) Bekendtgörelse af 2. juni 1971 af lov om erhvervsmæssig uddannelse af specialarbejdere m. fl. og omskoling.

Framkvæmd hinna tveggja fyrrgreindu laga er í höndum **Direktoratet for ungdomsundervisningen** í Menntamálaráðuneytinu. Þau lög taka til þess sem í frumvarpinu er kallað **skólanám hliðstætt frumfræðslunni** (a) svo og **frjálst nám og frístundamenntun** (a og b). Framkvæmd síðustu laganna (c) er aftur á móti í höndum Atvinnumálaráðuneytisins, en þau lög svara til **starfsnámsins** í frumvarpinu.

Þannig kemur raunverulega fram sú þrískipting sem áður er nefnd. Þá má í þessu sambandi benda á þátt í hinu mikla riti, er hefur að geyma áætlun um framtíðarþróun danskra efnahags- og menningarmála: „Perspektivplanlægning 1970—1985". Þar er tekið svo til orða um framtíðarskipan fullorðinsfræðslunnar í Danmörku:

„Rétt er að greina sundur þrjú aðalverkefni fullorðinsfræðslunnar:

a) — að veita fullorðnu fólki, sem ekki hefur öðlast nægilega undirbúningsmenntun, frekari frummenntun síðar (fullorðinsfræðsla sem stefnir að prófum eða námsmati).
b) — að eftirmennta og jafnvel ummennta fullorðna með tilliti til aukinnar þekkingar og tækni (fullorðinsfræðsla, sem tekur mið af atvinnulífinu).
c) — að tryggja framboð á frístundafræðslu er veitir almenna menntun."

d) Skipan fullorðinsfræðslunnar í Noregi.

Beina fyrirmyndin að því frumvarpi sem fullorðinsfræðslunefndin hefur samið, er í veigamiklum atriðum sótt til Noregs. Þar hefur líka sú stefna verið mótuð sem lögð hefur verið til grundvallar í frumvarpinu. Tvennt er þar áhrifaríkast: annars vegar heildarstefnan, hins vegar þrískipting fullorðinsfræðslunnar. Vikið mun nokkuð að hvoru fyrir sig.

Heildarstefna var mörkuð um fræðslu fullorðinna í Noregi með þingsályktunartillögu sem lögð var fram í norska Stórþinginu 1964—1965, St. prp. no. 92 (1964—1965) og samþykkt 20. júní 1965. Þar segir í lokakafla ályktunarinnar:

„Kirkju- og menntamálaráðuneytið leggur til að þróun fullorðinsfræðslunnar verði í samræmi við þá heildarstefnu sem hér er mörkuð:

I. Fullorðinsfræðslan skal vera hliðstæða frumfræðslunnar í menntakerfinu. Hún skal þess vegna efld til að veita fullorðnum tækifæri til áframhaldandi mennt-

unar, bæði almennrar menntunar og iðnaðar- og fagmenntunar. Líta ber á almennu menntunina og fagmenntunina í tengslum hvora við aðra og skulu metnar að jöfnu.

II. Allir eiga að fá tækifæri til að sanna þekkingu sína og hæfni án tillits til þess hvernig þekkingarinnar hefur verið aflað. Veita skal heimild til að ljúka prófum í áföngum, þannig að lokaprófi verði dreift.

III. Kennslugögn og kennslubúnað mismunandi skólagerða má hagnýta við fræðslu fullorðinna að svo miklu leyti sem hægt er að samræma það venjulegri kennslu viðkomandi stofnunar.

IV. Um öll þau vandamál á sviði kennslufræði svo og kennsluhátta, sem fram koma í fullorðinsfræðslunni, skal fjallað á vísindalegum grundvelli. Starfslið það, er hafa á fræðslu fullorðinna á hendi, skal hljóta kennslufræðilega menntun sem miðuð er við störf á umræddu sviði.

V. Núverandi fræðslukerfi skal bera ábyrgð á þeirri fullorðinsfræðslu sem miðar að lokaprófum sem tekin eru öll í einu, t. d. stúdentsprófi eða prófum frá iðnskólum eða fagskólum. Undirbúningur að áfangaprófum, svo og námsstarf almennt, er verkefni sem hin frjálsu fræðslusambönd eiga að taka að sér eftir því sem við verður komið" (bls. 25—26).

Þrískipting fullorðinsfræðslunnar er sérstaklega áréttuð í riti, sem svokallað **fullorðinsfræðsluráð** í Noregi gaf út árið 1971 og nefnist: **Arbeidsdelingen i voksenopplæringen.** Þar segir svo:

„Enda þótt líta beri á fullorðinsfræðsluna sem eina heild er engu að síður nauðsynlegt að greina milli mismunandi þátta hennar með tilliti til verkaskiptingar. **Fullorðinsfræðsluráðið** telur í þessu sambandi eðlilegt að greina á milli eftirfarandi þriggja aðalþátta fullorðinsfræðslunnar:

a) Fullorðinsfræðsla sem á hliðstæður í skólakerfinu og býr undir próf.

Fullorðinsfræðsla þessi veitir almenna menntun svo og faglega menntun, t. d.:
Fullorðinsfræðsla í námsefni 9 ára grunnskóla.
Fullorðinsfræðsla er býr undir almennt stúdentspróf svo og próf frá verslunarmenntaskólum.
Fullorðinsfræðsla í námsefni á ákveðnum sviðum iðnfræðslu og námsefni annarra fagskóla.
Fullorðinsfræðsla í tengslum við héraðsháskólana (distrikthøjskolene).
Fullorðinsfræðsla á háskólastigi.

b) Fullorðinsfræðsla í tengslum við atvinnulífið.

Fullorðinsfræðsla þessi tryggir iðnmenntun sem þátt í stefnumótun atvinnulífsins, framhaldsnámskeið iðnfræðslustofnananna, menntun í iðjustörfum, fræðslu veitta af samtökum atvinnulífsins. Um eftirfarandi form fullorðinsfræðslunnar er að ræða:

Eftirmenntun,
Ummenntun,
Framhaldsnám.

c) Fullorðinsfræðsla sem ekki stefnir að prófi eða tekur mið af því:

Náms- og fræðslustarf, námskeið áhugafólks o. s. frv." (Sbr. bls. 10—11.)

Af norskum lögum og lagafyrirmælum, sem varða fullorðinsfræðsluna, má geta eftirtalinna:

a) St. prp. nr. 92 (1964—65) Om voksenopplæring.
b) St. med. nr. 98 (1964—65) Om ekstraordinær yrkesopplæring for voksne som ledd i arbeidsmarkedspolitikken.
St. medl. nr. 45 (1968—69) om arbeidsmarkedpolitikken.
c) NOU. 1972: 41. Vaksenopplæring for alle. Tilráding fra lovkomitéen om vaksenopplæring.

Sérstæðast og merkast er hið síðastnefnda, sem hefur að geyma frumvarp til laga um heildarskipan fullorðinsfræðslunnar í Noregi. **Vaksenopplæring for alle** hefur að vísu að geyma drög að tveim frumvörpum, þar sem ekki náðist full samstaða í nefnd þeirri sem skipuð var 6. maí 1970 og kallaðist „lovkomitéen om vaksenopplæring". Formaður þeirrar nefndar var Inga Tusvik, en ritari Astrid Gran. Nefndin skilaði áliti og frumvarpsdrögum í nóvember 1972. Nefndin byggir tillögur sínar um framtíðarskipanina á fyrrgreindum ábendingum fullorðinsfræðsluráðsins.

d) Skipan og skipting fullorðinsfræðslu samkvæmt ábendingu frá Unesco og norrænu menningarmálastofnuninni (samstarfinu).

Áður en lokið er greinargerð varðandi þrískiptingu fullorðinsfræðslunnar virðist rétt að vekja athygli á skilgreiningu sem verið er að vinna að á vegum Unesco í deild þess eða skrifstofu er hefur umsjón með gagnasöfnun og úrvinnslu þeirra. Skilgreiningin er um nám almennt, en tekur að hluta a. m. k. til fullorðinsfræðslu. Skilgreining þessi er kölluð ISCED sem er skammstöfun á **International Standard Classification of Education.** Varðandi fullorðinsfræðslu er þar greint milli „**formal** adult education" og „**non-formal adult education**". Einkenni hins fyrra flokks er:

a) Þátttakendur gefa sig fram á grundvelli tilboða sem fram hafa komið.
b) Þátttakendur eru skráðir á einn eða annan hátt.
c) Gerð er áætlun (program) um lengd námstímans og námsefni.

Einkenni **síðara flokksins** er aftur á móti:

a) Þátttakendur gefa sig hvorki fram né láta skrá sig,
b) hugsanlega er um skipulagningu og áætlun (programs) að ræða ef ætlunin er að halda nokkra fundi um sama efni eða sama stef.

Rétt er líka varðandi skiptingu fullorðinsfræðslunnar í aðalflokka að vekja athygli á þeirri niðurröðun sem lögð er til grundvallar gagnasöfnunar varðandi fullorðinsfræðslu sem fram hefur farið á vegum **Sekretariatet for Nordisk Kulturelt Samarbeide.** Gagnasöfnunin var í umsjá nefndar sem tengd er norrænu menningarmálastofnuninni, þ. e. **Styringsgruppen for Novu og kortlægningen af voksenundervisningen.** Þar er heildarskiptingin þessi:

a) Fullorðinsfræðsla er veitir almenna menntun.
b) Fullorðinsfræðsla er veitir réttindi.
c) Fullorðinsfræðsla í tengslum við vinnumarkaðinn.

III

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

A

I KAFLI

Markmið og skipulag.

Fyrsta kafla frumvarps til laga um fullorðinsfræðslu má skipta í þrjá þætti, þannig:

a) **1. og 2. gr.** fjalla um nýtt menntakerfi, tvo aðalþætti þess, þrískiptingu annars aðalþáttarins, fullorðinsfræðslunnar, svo og yfirstjórn fræðslumálanna.

b) **3.—5. gr.** skýra frá þeim aðilum sem fullorðinsfræðsluna rækja, ábyrgð þeirra og framlögum.

c) **6. og 7. gr.** segja frá **fullorðinsfræðsluráði** svo og **fullorðinsfræðslunefndum.**

Um 1. gr.

Grein þessi hefur í aðalatriðum þegar verið skýrð í kafla hér að framan sem bar yfirskriftina: **Aðalhugtök skýrð.** Þótti eðlilegt að gera skýringu og útlistun aðalhugtaka frumvarpsins að sérstökum kafla. Þar sem þau aðalhugtök koma ein-

mitt fram í 1. gr. frumvarpsins gæti virst óþarft að fjalla frekar um þá grein. Rétt er engu að síður að draga enn fram aðalatriði þessarar mikilvægu greinar. Greinin hefst á yfirlýsingu varðandi markmið fullorðinsfræðslu. Tilgangur slíkrar fræðslu á að vera „að skapa öllum skilyrði til þroska bæði sem einstaklingum og samfélagsþegnum“. Með þessu er í upphafi tekið fram að allir þættir, öll afbrigði fullorðinsfræðslunnar eiga að stuðla að alhliða fræðslu og má aldrei taka mið af viðhorfum fjármagns og afkasta einum saman, heldur eiga þau einnig og miklu fremur að mótast af mennskum og félagslegum viðhorfum.

Eftir stefnumörkun fullorðinsfræðslunnar greinir frá nýju menntakerfi þjóðarinnar, ævimenntun. Skal hið nýja kerfi eins og áður hefur komið fram greinast í tvo aðalþætti: frummenntun, þ. e. það skólakerfi, sem hingað til hefur verið búið við, og fullorðinsfræðslu, þ. e. þann nýja aðalþátt sem þessu frumvarpi er ætlað að skapa, tryggja og marka heildarstefnu hans. — Báðir aðalþættir ævimenntunarinnar, frummenntunin og fullorðinsfræðslan, skuli jafnréttháir, þ. e. a. s. eiga jafnan rétt á skipulagningu, framkvæmdum og fjárframlögum eftir því sem fjárhagsgetu landsmanna leyfir.

Að lokum er í grein þessari tekið fram að „fullorðinsfræðsla getur verið með þrennu móti“. Hefur áður verið ítarlega fjallað um þrískiptingu þessa og hvernig hennar gætir í lagasetningu frændþjóða okkar, svo og framkvæmdum á sviði fullorðinsfræðslunnar.

Um 2. gr.

Grein þessi lýtur að yfirstjórn fullorðinsfræðslunnar. Þetta er eina grein frumvarpsins, sem ágreiningur hefur orðið um í fullorðinsfræðslunefndinni. Nefndin sem heild mælir með að greinin kveði á um hiklausa yfirstjórn Menntamálaráðuneytisins og samráð þess við fullorðinsfræðsluráð, en um stofnun þess ráðs og skipan fjallar 6. gr. frumvarpsins. Meiri hluti nefndarinnar telur að með því móti sé nóg sagt um sjálfa yfirstjórnina, enda er ekki heldur ágreiningur um það í nefndinni að aðeins einu ráðuneyti, Menntamálaráðuneytinu, sé falin æðsta stjórn þessa fræðsluþáttar, en ekki höfð sú skipan á, sem sums staðar er, að Atvinnumálaráðuneytið hefur yfirstjórn þeirrar fullorðinsfræðslu, sem tengist atvinnulífinu og Menntamálaráðuneytið aðra þætti. Sú skipting orsakast af því að enn er ekki um að ræða heildarlöggjöf sem tekur til allra þátta fullorðinsfræðslunnar eins og frumvarp það til laga sem hér liggur fyrir raunverulega er. Þar sem slík heildarlöggjöf er á næsta leiti eins og í Noregi er ætlunin að sú skipting hverfi.

Minni hluti nefndarinnar leggur til að bætt verði við 2. gr. þessum málsgreinum: „Í Menntamálaráðuneytinu skal stofna sérstaka deild, fullorðinsfræðsludeild. Hún er stjórnunaraðili í málum sem varða fullorðinsfræðslu og samræmir eftirlit með fræðslu sem veitt er samkvæmt lögum þessum í samráði við fullorðinsfræðsluráð“.

Meirihluti nefndarinnar og þar með allir nefndarmenn geta fallist á að verkefni fullorðinsfræðslunnar hljóti að verða það mörg og vandasöm að reynslan muni leiða það í ljós að þörf er sérstaks aðila eða sérstakrar deildar til að hafa þau með höndum einvörðungu. Hins vegar hefur meirihluti nefndarinnar talið sig hafa fengið þær upplýsingar og hafa þau gögn í höndum, sem leiða í ljós að það brýtur í bág við íslenska lagahefð að kveða þannig á í lögum um deildarskipan ráðuneyta. Ákvörðun um þá deildarskipan er ráðuneytisins sjálfs og verður hér að vera breytileg eftir því sem verkefni gefa tilefni til á hverjum tíma. Kemur þetta greinilega fram í tilkynningu frá Menntamálaráðuneytinu, sérprentun nr. 70, sem fjallar einmitt um Menntamálaráðuneytið, verkefni, skipulag og starfsreglur og undirrituð er 7. maí 1971 af þáverandi menntamálaráðherra Gylfa Þ. Gíslasyni.

Það er skoðun minnihlutans að yfirstjórn Menntamálaráðuneytisins verði að verulegu leyti í höndum fullorðinsfræðsludeildar þess. Máli sínu til stuðnings vekur minnihlutinn athygli á því að strax í fyrstu grein frv. er það tekið fram að „fullorðinsfræðsla er annar þáttur í menntakerfi þjóðarinnar, ævimenntun, og er hún að öllu jafn rétthá hinum þættinum, hinu lögbundna skólakerfi, frummennt-

uninni". Því vill minnihlutinn taka það fram að hann telur það sjálfsagt til áherslu á mikilvægi þessa þáttar og árangurs í störfum að strax í upphafi sé komið á fót í Menntamálaráðuneytinu sérstakri deild er sjái um framkvæmd hans, ekki síst þegar þess er gætt að ráðuneytinu er skipt í 7 deildir auk almennrar skrifstofu og hafa a. m. k. þrjár deildir með höndum framkvæmdir hins lögbundna skólakerfis. Hitt er minnihlutanum ljóst að fullorðinsfræðsludeild hefur að sjálfsögðu „samstarf við aðrar deildir eftir því sem verkefni gefa tilefni til". Varðandi þá skoðun sem fram hefur komið að það brjóti í bág við íslenska lagahefð að kveða í lögum á um deildaskipan ráðuneyta bendir minni hlutinn á 7. gr. laga nr. 5 frá 10. apríl 1968, þar sem svo segir m. a.: „Fræðslumálaskrifstofan skal vera deild í Menntamálaráðuneytinu", og enn fremur: „Fjármálaeftirlit skóla skal vera sérstök deild í Menntamálaráðuneytinu". Þarna er að dómi minnihlutans tekin af öll tvímæli um að lagaákvæði um sérstaka deild brjóta engan vegin íslenska lagahefð. (Sbr. tilkynningu frá menntamálaráðuneytinu um verkefni, skipulag og starfsreglur 7. maí 1971. Sérprentun 70.)

Um 3. gr.

Greinin fjallar um þá aðila sem hafa munu á hendi fullorðinsfræðslu í einu eða öðru formi. Þessum aðilum er skipað í þrjá flokka og er það í aðalatriðum miðað við þá þrískiptingu fullorðinsfræðslunnar, sem niðurlag 1. greinar gerir ráð fyrir, enda þótt ljóst sé að flokkaskipting þessi og þrískiptingin í 1. grein falli ekki að öllu leyti saman. Þannig er líklegt að fræðsluumdæmi og sveitarfélög hafi á sínum vegum námsflokkastarfsemi, jafnvel námshópastarfsemi, en slíkt fræðslustarf telst til hins frjálsa náms og fristundamenntunar samkvæmt 1. grein frumvarpsins. — Rétt er að víkja að hverjum þessara þriggja flokka, sem aðilum fullorðinsfræðslunnar er skipað í, fyrir sig.

Í fyrsta flokki eða a-lið 3. greinar er getið um þrenns konar aðila fullorðinsfræðslunnar: **Ríki, fræðsluumdæmi** og **sveitarfélög.** Ekki þarf að eyða mörgum orðum að því hve sjálfsagður hlutur **ríkis** og **sveitarfélags** hlýtur að vera í sambandi við frumkvæði, framkvæmd og aðild að fullorðinsfræðslunni. Ríki og sveitarfélög hafa mikilvægu hlutverki að gegna í framkvæmd frumfræðslunnar og hljóta því eðlilega að taka á sig á hliðstæðan hátt hinn annan þátt menntakerfis þjóðarinnar, **ævimenntunarinnar,** þ. e. fullorðinsfræðsluþáttinn. Þriðji aðilinn, sem hér er nefndur, **fræðsluumdæmi,** er aftur á móti nýr af nálinni, og er tengdur þeirri nýskipan fræðslumála landsins, sem lög um grunnskóla gera ráð fyrir. Í II. kafla, 10. gr. þeirra laga er gert ráð fyrir að landinu verði skipt í 8 fræðsluumdæmi, en hvert þeirra hafi sitt fræðsluráð og sína fræðsluskrifstofu. — Fullorðinsfræðslunefndin lítur svo á að fræðsluumdæmin hljóti að vera virkur aðili í menntakerfi þjóðarinnar, ævimenntuninni, en láti sig ekki aðeins varða annan þátt þess, frummenntunina. Að vísu hafði nefndin á tímabili aðhyllst þá skoðun að svokölluð **landshlutasamtök,** sem nú er óðum að verða sérstakur stjórnunaraðili í málum ákveðinna landssvæða og þá þeirra sömu og fræðsluumdæmin ná yfir, væru allt eins eðlilegur aðili að framkvæmd fullorðinsfræðslunnar og hliðstæðan jafnvel meiri við ríki og sveitarfélög. Nefndin féll síðan frá þeirri skoðun og réðu því rök þau sem áður eru nefnd. Fræðsluráð, svo og fræðsluskrifstofa fræðsluumdæmanna, hljóta eðlilega að koma mjög við sögu fullorðinsfræðslunnar.

Í öðrum flokki eða b-lið greinarinnar eru aðilar vinnumarkaðarins tilnefndir sem eðlileg forystusveit í þeirri fullorðinsfræðslu sem tengist „atvinnulífinu í víðtækustu merkingu" eins og segir í niðurlagsþætti 1. greinar. Þessir aðilar vinnumarkaðarins eru ekki skilgreindir nánar, en til þess ætlast að svo verði gert í reglugerð eða reglugerðum sem kveða nánar á um einstakar greinar og einstök atriði frumvarpsins, þegar og í því formi sem það verður að lögum. Hér er að sjálfsögðu fyrst og fremst höfð í huga heildarsamtök tengd atvinnulífinu og vinnumarkaðnum, svo sem Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Ísland, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Farmanna og fiskimannasamband Íslands. Þá líka

stéttarfélög ýmiss konar sem eiga hlutdeild í vinnumarkaðnum og atvinnulífinu. Enn kynnu að koma til álita sem aðilar að fullorðinsfræðslu í tengslum við atvinnulífið starfsmannafélög og einstök fyrirtæki eða vinnustaðir svo og samtök iðnnema.

Í þriðja flokki eða c-lið þessarar greinar er svo gerð tilraun til að flokka alla þá mörgu aðila, sem vafalaust hljóta að koma við sögu hins „frjálsa náms og fristundamenntunar", enda þótt sumir þessara aðila muni einnig koma við sögu **skólanámsins,** hliðstæðu frummenntunarinnar svo og **starfsnámsins** í tengslum við atvinnulífið, en þannig munu málin vafalaust skipast varðandi þá aðila, sem hér **eru nefndir „fræðslusambönd í landinu öllu." — Þeim mörgu aðilum, sem hér um** ræðir, er skipað í þrjá flokka og þá miðað við þau svæði er þeir starfa á fremur en þau verkefni, er þeir takast á hendur. Sé starfsemi félags er annast vill fullorðinsfræðslu sem frjálst nám og fristundamenntun takmörkuð við ákveðinn stað, **hrepp, sveitarfélag eða bæjarfélag er það kallað fræðslufélag í frumvarpi þessu.** Hafi hins vegar félagsheild er vinnur að sömu eða sams konar verkefnum heilt fræðsluumdæmi eða svæði landshlutasamtaka að starfsvettvangi kallast hún **fræðslusamtök.** Nái starfsemin aftur á móti til landsins alls, er heitið **fræðslusamband notað, þó því aðeins að viðkomandi félagsskapur hafi hlotið viðurkenningu Menntamálaráðuneytisins** til þess að bera það heiti og njóta þeirrar sérstöðu er fræðslusamböndin njóta samkvæmt lögum þessum (sbr. 13. gr. og 34. gr.) (Sbr. sænskar heimildar um fræðslusamböndin: SFS 193: 463 og Kungl. Maj:ts proposition nr. 54, år 1973, bls. 10).

Um 4. gr.

Þessi grein fjallar um ábyrgð opinberra aðila varðandi fullorðinsfræðsluna. Þeir opinberu aðilar sem hér er átt við eru: Ríki, fræðsluumdæmi og sveitarfélög.

Í hugtakinu ábyrgð felst í þessu sambandi allt í senn: **frumkvæði, skipulagning og framkvæmd.** Viðkomandi aðilar eiga að ábyrgjast að þau fyrirheit, sem felast í frumvarpinu um fullorðinsfræðslu, verði ekki dauður bókstafur þegar og ef frumvarpið verður samþykkt sem lög frá Alþingi.

Ábyrgð ríkisins í þessum efnum er tvíþætt samkvæmt ákvæðum laganna. Annars vegar ber ríkið ábyrgð á fullorðinsfræðslu sem veitt er af eigin stofnunum þess. Er þar fyrst og fremst átt við fullorðinsfræðslu sem er hliðstæð frumfræðslu og látin er í té í skólastofnunum sem ríkið rekur að mestu eða öllu leyti, svo sem **í framhaldsskólum og háskóla, þótt grunnskólinn sé einnig hafður í huga svo og** námsflokkar og námshópar. Hins vegar ber svo ríkið ábyrgð á fullorðinsfræðslu sem er tengd atvinnulífinu eða beinlínis þáttur í mótun þess og skipulagningu. Þar sem í síðara þættinum er um fullorðinsfræðslu að ræða er lítið sem ekkert hefur verið rækt eða til stofnað í landi okkar, er það sérstaklega mikilvægt að hér verði frumkvæðið, skipulagningin og framkvæmdin í höndum ríkisins og það ábyrgist þannig að þessi þáttur fullorðinsfræðslunnar verði frá upphafi metinn að verðleikum og honum sómi sýndur.

Ábyrgð fræðsluumdæma og sveitarfélaga verður með öðru móti. Frumkvæði, skipulagning og framkvæmd hlýtur að koma frá fræðsluumdæmunum og sveitarfélögunum sjálfum og verða síðan að samningsatriði milli fyrrgreindra aðila og Menntamálaráðuneytisins. — Í því eiga að felast forréttindi að geta tryggt íbúum fræðsluumdæma og sveitarfélaga sem mesta og fjölþættasta fullorðinsfræðslu á sama hátt og það er keppikefli að vera ekki afskiptur á vettvangi frumfræðslunnar. — Má fastlega gera ráð fyrir því að forráðamenn fræðsluumdæma og sveitarfélaga muni leggja metnað sinn í að hafa hér það frumkvæði sem þessi grein frumvarpsins gerir ráð fyrir og telji mikilvægt að eiga þess kost að geta borið ábyrgð á fullorðinsfræðslu í þeim stofnunum er hlíta forsjá þeirra að meira eða minna leyti. Átt er hér líka við fullorðinsfræðslu, sem er hliðstæða frumfræðslu á grunnskóla- og framhaldsskólastigi, þótt ætla megi að námsflokkastarfseminnar muni víða gæta mjög og hún geti auðveldast náð til allra þriggja þátta fullorðinsfræðslunnar.

Um 5. gr.

Hér er vikið að fjárframlögum opinberra aðila til fullorðinsfræðslu, sem ekki er á ábyrgð þeirra, sjálfra hinna opinberu aðila. Þar sem hér er um að ræða þátt sem að verulegu leyti tekur til sjálfrar skipulagningar fullorðinsfræðslunnar og skapar henni markmið þótti rétt að þau ákvæði stæðu í I. kafla frumvarpsins, enda þótt þeim verði gerð fyllri skil síðar, þ. e. í IV. kafla sem ber heitið **Fjárveiting til fullorðinsfræðslu og fleira.**

Sá aðili, sem mest hlýtur að leggja af mörkum til fullorðinsfræðslunnar, er að sjálfsögðu ríkið. Þau fjárframlög ná auðvitað til þeirrar fullorðinsfræðslu sem ríkið sjálft ber ábyrgð á og nefnd var í 4. grein. En ríkið hlýtur líka að gera öðrum aðilum kleift að rækja fullorðinsfræðslu og virkja þannig áhuga og frumkvæði sem fyrir hendi er. Þetta verður að sjálfsögðu ekki gert á annan hátt en með beinum fjárframlögum, stuðningi við fræðslustarfsemi viðkomandi aðila á sviði fullorðinsfræðslunnar. Hér getur verið um marga aðila að ræða. Þeim er í a-lið skipað í tvo flokka til glöggvunar. Í öðrum flokknum eru aðilar atvinnulífsins og hefur áður í þessari greinargerð verið vikið að hverjir þeir aðilar gætu verið, enda þótt sú upptalning væri engan veginn tæmandi. — Í hinum flokknum, sem eðlilegt mætti telja að hlyti fjárstyrk frá ríkinu til þess að rækja fullorðinsfræðslu, eru svo fræðslufélög einstakra staða eða félög sem sinna ákveðnum verkefnum, fræðslusamtök sem starfa í fræðsluumdæmum, en þó alveg sérstaklega fræðslusamböndin er hafa landið allt sem starfsvettvang og ítarlega var gerð grein fyrir í skýringum við 3. grein. Eins og þar kemur fram og síðar verður áréttað hljóta fræðslusamböndin að hafa algerlega sérstöðu meðal annarra fræðsluaðila en hinna opinberu.

Það hlýtur að teljast öldungis eðlilegt að fræðsluumdæmin og sveitarfélögin styrki þá fræðsluaðila sem takmarka starfsemi sína annars vegar landfræðilega við umdæmin og sveitarfélögin, en hins vegar verkefnalega við viðfangsefni sem tengjast ákveðnum aðstæðum staða og tíma. Að sjálfsögðu er ekki hægt að skylda fræðsluumdæmin eða sveitarfélögin til slíks, en hitt sýnist auðsætt að menningarstarfsemi eins og fullorðinsfræðslan hlýtur að stuðla að hagsæld og framsækni íbúanna á viðkomandi svæðum. Er því talið eðlilegt að Samband íslenskra sveitarfélaga láti styrkveitingar þessar og þann hvata, sem þær eru efnahagslega og menningarlega, til sín taka og hafi forgöngu um að móta stefnu og gera tillögur til Menntamálaráðuneytisins, en á þeim tillögum verði síðan grundvallaðar reglur um beinar og óbeinar styrkveitingar.

Um 6. gr.

Í þessari grein segir frá sérstökum aðila, er gegna skal ráðgefandi og mótandi hlutverki varðandi fullorðinsfræðsluna, svokölluðu **fullorðinsfræðsluráði.** Það hefur áður komið fram í þessari greinargerð (sbr. skýringu við aðra grein) að Norðmenn hófu skipulagningu og framkvæmd fullorðinsfræðslu þar í landi svo að verulega um munaði með því að tryggja stofnun og starfsemi tveggja aðila, annars vegar fullorðinsfræðsluráðs, 7—9 manna, hins vegar með stofnun fullorðinsfræðsludeildar innan Kirkju- og menntamálaráðuneytisins. — (Sbr. norskar heimildir um fulorðinsfræðsluráð svo og fulorðinsfræðsludeild: St. prp. nr. 92 (1964—1965) bls. 24: Vaksenopplæring for alle, bls. 65).

Fullorðinsfræðslunefndin lítur svo á að hyggilegt sé að fylgja fordæmi Norðmanna að þessu leyti og koma á fót fullorðinsfræðsluráði, er gegni sams konar hlutverki og samsvarandi ráð hefur til þessa gegnt í Noregi.

Um samsetningu ráðsins hefur nefndin komist að þeirri niðurstöðu að tillögur þar að lútandi skuli ekki vera um of bindandi í sjálfum lögunum um fullorðinsfræðsluna. Mikilvægara sé hitt að finna eðlilegt og réttlátt hlutfall milli þeirra þriggja heilda, sem fulltrúa hljóti að eiga í ráðinu. Þær þrjár heildir, sem hér um ræðir, eru: a) hið opinbera, b) aðilar vinnumarkaðarins og c) fræðslusamböndin, hinar stóru fræðslueiningar sem reka fræðslustarf í landinu öllu. Um það varð samkomulag í nefndinni að leggja til að hlutur atvinnulífsins og vinnumarkaðar-

ins yrði sýnu stærstur. Verður að kveða nánar á um í reglugerð hvaða aðilar vinnumarkaðarins skulu eiga fulltrúa í fullorðinsfræðsluráði en eðlilegt virðist að **Vinnuveitendasamband Íslands, Alþýðusamband Íslands** og **Bandalag starfsmanna starfsmanna ríkis og bæja** ættu þar aðild.

Minnstur verður að tiltölu hlutur hins opinbera, tveir fulltrúar: ríkisins, landshlutasamtakanna svo og sveitarfélaganna. Gæti virst eðlilegt að stjórnarráðið tilnefndi annan fulltrúann og Samband íslenskra sveitarfélaga hinn.

Þriðja heildin sem á að tilnefna fulltrúa í **fullorðinsfræðsluráðið** er svo fræðslusamböndin. Þar sem þau eru raunverulega með öllu óþekkt stærð og ekkert fræðslusamband í landinu, sem hlotið hefur þá viðurkenningu sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir (sbr. 13. gr.), er að sjálfsögðu litlar ábendingar hægt að gefa um hverjir þar ættu að tilnefna fulltrúa. **Menningar- og fræðslusamband alþýðu**, MFA er nú eina ótvíræða fræðslusambandið, sem starfar í landinu, enda þótt líta megi á önnur **félagssamtök sem fræðslusambönd að meira eða minna leyti, svo sem Kvenfélagasamband Íslands** að dæmi sé tekið. — Hins vegar má fastlega gera ráð fyrir að þróunin verði hin sama hér og í nágrannalöndum okkar að fræðslusambönd verði stofnuð og það heldur fleiri en færri. Vekja má athygli á því að stjórnmálaflokkar á Norðurlöndum hafa á síðustu árum keppst við að stofna fræðslusambönd og breytt ákveðnum þáttum starfsemi sinnar þannig að þeir gætu uppfyllt þau skilyrði sem sett eru til slíkrar viðurkenningar. Mætti rita um þetta langt mál, þótt hér verði látið staðar numið.

Niðurlagsmálsgrein þessarar 6. greinar frumvarpsins að ráðið kjósi formann **úr sínum hópi og setji sér starfsreglur sem síðan hljóti staðfestingu Menntamálaráðuneytisins** er í fullu samræmi við þá heildarstefnu frumvarpsins að reyna að tryggja frumkvæði „neðan frá", ef svo mætti að orði komast, frá þeim aðilum **sjálfum, sem fullorðinsfræðsluna eiga að hafa með höndum og njóta hennar. Kemur** þessi afstaða nefndarinnar einnig fram í 4. grein b-lið svo og 5. gr. b-lið. Hins sama gætir víðar í frumvarpinu. Nefndin telur mikilvægt að fullorðinsfræðslan vaxi með eðlilegum hætti vegna þess að sem flestir hafi skynjað þörfina fyrir hana, en hún komi ekki sem valdboð ofan frá og verði skilin á þann veg að henni sé raunverulega þröngvað upp á skólakerfið, atvinnulífið og almenning.

Um 7. gr.

Þessi grein hefur á margan hátt sérstöðu og kemur það væntanlega í ljós í þeirri greinargerð sem fylgir.

Greinin tekur til **fullorðinsfræðslunefnda** í fræðsluumdæmum. Eins og greinin er orðuð, gætir í henni tveggja sjónarmiða, sem ekki verða á einfaldan hátt sameinuð. Annað er sjónarmiðið um sérstöðu fullorðinsfræðslunnar og mikilvægi þess að sá aðili sem fara á með stjórn frumfræðslunnar í fræðsluumdæmunum, þ. e. **fræðsluráðin**, hafi ekki sjálfdæmi um hlutdeild og framkvæmd þessa annars þáttar menntakerfisins, ævimenntunarinnar. — Hins vegar er svo það sjónarmið að eðlilegt sé að líta á menntakerfið sem heild og greina ekki alltof skarpt og ákveðið milli hinna tveggja þátta, frumfræðslu og fullorðinsfræðslu. enda er ljóst að skilin verði ekki alltaf glögg og skýr. Því ber að hagnýta starfskrafta og stjórnunarað-stöðu í þágu beggja fræðsluþáttanna eftir því sem samrýmist ákvæðum 21. og 22. greinar þessa lagafrumvarps. — Reynt er í greininni eins og hún er orðuð að taka tillit til beggja sjónarmiðanna. Það er í fullu samræmi við fyrra sjónarmiðið að skipaðar skuli í fræðsluumdæmunum sérstakar fullorðinsfræðslunefndir og í þeim nefndum skuli vera 5 fulltrúar frá aðilum, sem ekki eiga sjálfskipaðan fulltrúa í **fræðsluráðum** umdæmanna. Af þessum 5 fulltrúum skulu þrír vera frá aðilum vinnumarkaðarins, en tveir frá fræðslufélögum og fræðslusamböndum. Með þessu móti verður hlutur aðila utan hins opinbera verulegur í fullorðinsfræðslunefndunum. — Til móts við hið síðara sjónarmið, sem áður var nefnt, er komið á tvennan hátt: Annars vegar með því að allt **fræðsluráð** umdæmanna tekur sæti í fullorðinsfræðslunefndunum, alls 5 fulltrúar eða jafnmargir og hinir sem áður

hafa verið nefndir, hins vegar er svo fræðsluráðinu ætluð bein aðild að þeirri stefnumótun og þeim verkefnum sem fullorðinsfræðslunefndin hefur gert ályktanir um og þá auðvitað höfð í huga aðstaða þess til stjórnunar og framkvæmda. Þetta síðara atriði er áréttað í upphafsorðum 7. greinarinnar, þar sem segir að fræðsluráð fari með stjórn fullorðinsfæðslu í umdæmi sínu ásamt með o. s. frv. Á þann hátt er undirstrikað að fræðsluráð skal sinna fullorðinsfræðslunni og ætla henni verulegan hlut í þeirri aðstöðu sem ráðinu verður búin úti í fræðsluumdæmunum.

Eðlilegt má teljast að fullorðinsfræðslan fái að þróast úti í fræðsluumdæmunum á Íslandi og reynt verði að gera sem flesta þátttakendur í þeirri þróun og ábyrga fyrir henni án þess þó að stuðla að því á nokkurn hátt að togstreita skapist milli aðila frumfræðslunnar og fullorðinsfræðslunnar (sbr. danska heimild um að gera tvö mismunandi ráð sem nú eru **skolekommission og fritidskommission** að einu ráði, **undervisningskommission.** Udkast til Forslag om ændring af skolestyrelsesloven, udkast, juni 1973, bls. 5).

B

II. KAFLI

Fræðslan.

Öðrum kafla frumvarps til laga um fullorðinsfræðslu má skipta í fimm þætti, þannig:

a) 8. **og 9. gr.** fjalla um fullorðinsfræðslu sem á hliðstæðu í frumfræðslunni (sbr. 1. gr. a-lið).

b) **10.—12. gr.** taka til fullorðinsfræðslu í tengslum við atvinnulífið og vinnumarkaðinn (sbr. 1. gr. b-c).

c) **13.—15. gr.** lúta að þeirri fullorðinsfræðslu sem að mestu leyti er frjálst nám og fristundamenntun (sbr. 1. gr. c-lið).

d) **16. og 17. gr.** eru um svokallaða **fullorðinsdeild** svo og aðalform eða þætti fullorðinsfræðslunnar.

e) **18. og 19. gr.** eru um aðild fullorðinsfræðslunnar að væntanlegri kennslugagnastofnun ríkisins og um kennslufræðilegar stöðvar vegna fullorðinsfræðslunnar í fræðsluumdæmum landsins.

Mun nú leitast við að skýra einstakar greinar eftir því sem ástæða þykir til.

Um 8. gr.

Greinin fjallar um fullorðinsfræðslu, sem er hliðstæð frummenntun. Um þennan **þátt fullorðinsfræðslunnar skal setja fyrirmæli í reglugerð, er Menntamálaráðuneytið** lætur semja. Skal sú reglugerð kveða á um eðli þessa náms, hvað kenna skuli, á hvern hátt kennslan fari fram og eins hitt að hvaða áfanga í hinu hefðbundna skólakerfi sé stefnt. Skal þá jafnan miða við að um raunverulega fullorðinsfræðslu **sé að ræða, en kennsla og framsetning taki ekki mið af þeirri frum**menntun einni, sem ætluð er börnum og unglingum sem nám stunda á þeim áfanga frumfræðslu er um ræðir.

Um 9. gr.

Greinin fjallar um prófvottorð og námsmat í fullorðinsfræðslu sem hliðstæð er frumfræðslunni. Hún er því raunverulega beint framhald af 8. grein eins og áður hefur verið bent á. Hins vegar taldi nefndin rétt að hafa greinarnar tvær **en ekki eina, þ. e. a. s. skeyta efni 9. greinar við hina 8. Þar sem fyrri greinin, sú 8. er í sjálfu sér harla viðamikil, spannar raunverulega yfir nærri allt það í** fullorðinsfræðslunni, sem á einhvern hátt getur talist hliðstæða frumfræðslunnar, svo er og efni 9. greinarinnar það sérstætt, að nauðsyn ber til að greina það frá og setja fram í sjálfstæðri grein. Prófvottorð þau eða námsmat, sem átt er við, taka til eftirtalinna áfanga: Grunnskólaprófs, stúdentsprófs, sérskólaprófs svo og háskólaprófa úr ýmsum deildum. — Þar sem inntak og lokamark þess þáttar full-

orðinsfræðslunnar, sem er hliðstæð frumfræðslunni, er hið sama (sbr. 8. grein og skýringu við hana) sýnist auðsætt og algert réttlætismál að prófvottorð eða námsmat sem kveður upp dóm um árangur þeirrar menntunar, sé að engu talið minna en verið væri að dæma um námsárangur í frumfræðslunni. Þar með er því hins vegar ekki slegið föstu að á allan hátt verði fylgt gildandi aðferðum við mat á árangri þeirra sem taka þátt í fullorðinsfræðslu hliðstæðri frumfræðslunni. Gæti reyndar ýmislegt mælt með því að svo yrði ekki gert.

Um 10. gr.

Þessi grein er að dómi fullorðinsfræðslunefndarinnar sérlega mikilvæg, enda á raunverulega að grundvallast á henni sá þáttur fullorðinsfræðslunnar, sem nefndin telur að verða muni þýðingarmikill og fjölbreytilegur og hefur áður verið að því vikið í greinargerð þessari. — Það hefur líka komið fram í greinargerðinni að sá þáttur sem hér um ræðir, fullorðinsfræðsla í tengslum við atvinnulífið eða þáttur í skipulagningu og þróun vinnumarkaðarins, er sums staðar í nágrannalöndum okkar slitinn úr tengslum við aðra þætti fullorðinsfræðslunnar og umsjón hans og yfirstjórn í höndum Atvinnumálaráðuneytis viðkomandi lands, en ekki Menntamálaráðuneytisins. Af því leiðir að sjálfsögðu einnig að um þennan þátt er fjallað í sérstökum lagabálki sem tekur til hans eins. — Fullorðinsfræðslunefndin leit hins vegar svo á að slík aðgreining væri með öllu óeðlileg hér á landi þar sem einingar allar eru miklu minni. Því taldi hún rétt að fylgja um þetta fordæmi norsku fullorðinsfræðslunefndarinnar.

Nefndin leggur því til að á þessari 10. grein grundvallist reglugerð um fullorðinsfræðslu, sem líta beri á sem þátt í atvinnulífinu í þeim skilningi að hann skapi möguleika til að styrkja atvinnuvegina. Nefndinni er ljóst að sú reglugerð sem hér um ræðir hlýtur að verða allviðamikil, enda er mikilvægt að tekið sé þar tillit til sem flestra þátta atvinnulífsins og skapaðir möguleikar til margháttaðrar fræðslustarfsemi, eftir því sem við á í einstökum og ólíkum tilvikum. Hér gæti verið um að ræða beinar fræðslustofnanir einstakra eða fleiri atvinnugreina, en einnig er hugsanleg mjög takmörkuð fræðslustarfsemi á ákveðnum vinnustöðum eða á vegum fyrirtækja. Er þetta tvennt, svo ólíkt sem það nú er innbyrðis, nefnt sem dæmi um vanda og viðfeðmi umræddrar reglugerðar.

Um 11. gr.

Greinin tengist 10. grein og myndar ásamt henni og hinni 12. sérstakan þátt í þessum kafla frumvarpsins eins og áður hefur komið fram. Greinin fjallar um það hvernig staðið skal að framkvæmd fullorðinsfræðslu í tengslum við atvinnulífið og markar að því leyti nokkra stefnu í sambandi við reglugerð þá, sem vikið er að í 10. grein og frekar er fjallað um í skýringu þeirrar greinar.

Fullorðinsfræðslunefndin telur það mjög áríðandi að takast megi sem breiðust og víðtækust samstaða um fullorðinsfræðslu í tengslum við atvinnulífið svo mikilvægur sem sá þáttur er að mati nefndarinnar. — Sú samstaða þarf að taka til þriggja aðila og eru þeir nefndir í greininni. Það eru: a) Skólayfirvöld á hverjum stað svo að tryggja megi alla þá aðstoð og aðstöðu, sem skólar og skólastofnanir geta látið í té. Er þar bæði um að ræða kennslukrafta og húsnæðisaðstöðu og enn fremur samhæfingu og samræmingu námsefnis eftir því sem ástæður þykja til um þennan þátt fullorðinsfræðslunnar og þá frumfræðslu sem ætlað er að þjóna atvinnuvegunum og efla þá. Skóli og atvinnulíf þarf að mati fullorðinsfræðslunefndarinnar að tengjast mun meira en nú er og verður að gera allt sem hægt er til að stuðla að slíkri þróun og koma í veg fyrir að tortryggni skapist milli skólayfirvalda og þeirra sem hefjast vilja handa um að koma á fullorðinsfræðslu í tengslum við atvinnulífið. b) Samtök starfsfólks svo að sá eða þeir aðilar vinnumarkaðarins geri sér ljóst hve mikill ávinningur er að mótun og sköpun þessa þáttar fullorðinsfræðslunnar og gerist því virkir aðilar að skipulagningu og framkvæmd, en ekki aðeins óvirkir þolendur og þiggjendur fræðslu sem á litinn sem

engan hljómgrunn í vitundarlífi starfsfólksins. c) **Samtök atvinnurekenda** svo að einnig þau leggi sitt af mörkum að framkvæmd og fyrirgreiðsla geti orðið sem best, að fræðslan komi að notum og verði bæði til að efla atvinnulífið, tryggja persónuþroska og verkmenningu og auka ábyrgðartilfinningu, og skapa greiðari og meiri upplýsingamiðlun milli allra þeirra, sem sameiginlegra hagsmuna hafa að gæta.

Um 12. gr.

Þessi grein er í sjálfu sér nokkuð sérstæð, þar sem hún fjallar um fullorðinsfræðslu, sem falin er atvinnufyrirtæki eða framkvæmd á ákveðnum vinnustað. Hún er eins og áður hefur komið fram dæmi um það með hvaða móti framkvæma má fullorðinsfræðslu í atvinnulífinu. Í henni felst einfaldlega áréttíng á því að starfsnám í atvinnulífinu má aldrei verða að sérmáli eins aðila, hér forsvarsmanna fyrirtækis eða vinnustaðar, enda þótt frumvarp þetta eigi að stuðla að því að slíkt nám eða slík fræðsla geti farið fram í fyrirtækinu og á vinnustaðnum. — Komi til þess að fyrirtækið eða vinnustaðurinn verði vettvangur fullorðinsfræðslu, sem sé þáttur í eflingu atvinnulífsins, eiga forráðamenn fyrirtækisins eða vinnustaðarins ekki að hafa sjálfdæmi um það hvernig þeirri fræðslu skuli hagað og hvaða tilgangi og markmiði hún skuli þjóna. Þar verða einnig til að koma starfsmenn fyrirtækisins eða fulltrúar þeirra. Hér reynir á samstarf og samvinnu, enda vænlegast til árangurs að frá upphafi sé sem flestum ljóst hvað gera á, og hægt sé að nota góðar ábendingar og tillögur frá sem allra flestum. — Þessi sömu vinnubrögð eiga allt eins við í þeim fyrirtækjum eða á þeim vinnustöðum, þar sem sérstakur maður hefur það starf með höndum á vegum fyrirtækisins eða vinnustaðarins að annast fræðslu eða upplýsingastarfsemi. Slíkur starfsmaður á ekki að geta skipulagt eða staðið að framkvæmd fullorðinsfræðslu, sem nýtur opinbers styrks, í samráði við eigendur eða forystumenn fyrirtækisins eða vinnustaðarins eina saman. Einnig í slíkum tilvikum eiga starfsmennirnir að geta haft áhrif á tilhögun og framkvæmd fullorðinsfræðslunnar fullkomlega til jafns við áðurnefndan starfsmann og forystulið fyrirtækisisins eða vinnustaðarins.

Um 13. gr.

Greinin fjallar um fræðslusamböndin, þær sérstæðu félagsheildir sem fullorðinsfræðslunefndin telur að eigi að njóta verulegrar sérstöðu í þeirri fullorðinsfræðslu sem víða erlendis er kölluð „frjáls og óháð“ til aðgreiningar frá hinum tveim þáttum fullorðinsfræðslunnar, skólanáminu og starfsnáminu. Það álit nefndarinnar byggist ekki á því einu að fræðslusamböndin hljóti að hafa sérstöku og mikilvægu hlutverki að gegna í sambandi við þann þátt fullorðinsfræðslu sem í 1. grein c-lið er kölluð „frjálst nám og fristundamenntun“. Hitt kemur jafnframt til að fullorðinsfræðslunefndin álítur að fræðslusamböndin muni einnig koma við sögu fullorðinsfræðslunnar í tengslum við atvinnulífið, svo og að nokkru þeirrar fullorðinsfræðslu, sem hliðstæð er frumfræðslunni (sbr. niðurlag 16. greinar).

Nefndin telur eðlilegt að gerðar séu tilteknar kröfur og þær verulegar til slíkra fræðslusambanda. Kröfur þær sem taldar eru upp í greininni eru raunverulega fimm. Fyrsta krafan er sú að fræðslusambandið hafi á sínum vegum fræðslustarf í landinu öllu, enda er það hin upphaflega skilgreining á fræðslusambandi (sbr. skýringu á 3. grein frumvarpsins). Slíkt fræðslusamband hlýtur því eðli sínu samkvæmt að vera myndað af einstaklingum um land allt, félögum eða félagsheildum, og er hið síðartalda mun eðlilegra. Önnur krafan sem gerð er til fræðslusambands er sú að það hafi sjálfstæða stjórn, það sé ekki hvað stjórn og ákvarðanatekt snertir aðeins ósjálfstæður hluti einhverrar annarrar félagsheildar. Þessi önnur krafa er mjög mikilvæg til að fyrirbyggja misnotkun. Um verði að ræða frjálst og opið fræðslustarf sem fyrst og fremst þjóni hagsmunum þeirra er fræðslunnar eiga að njóta, en þannig um leið beint og óbeint hagsmunum félagsheilda, svo og samfélagsins. — Þriðja krafan sem gerð er til fræðslusambandanna er sú að þau hafi aðskilinn fjárhag. Í því felst að sjálfsögðu ekki að fræðslusamböndin geti ekki

notið fjárhagslegs stuðnings annarra aðila en hins opinbera eða ríkisins eins. En í því felst hitt að þeim fjárframlögum fylgi ekki umráðaréttur og bein ákvarðanatekt af hálfu þess eða þeirra sem fjármunina leggja fram. Fjárhagur fræðslusambandanna skal vera aðskilinn, þ. e. að fjármunum sambandanna verði varið að vilja stjórnar og félagsmanna og félagsheildanna, en ekki utanaðkomandi aðila. Bókhald fræðslusambandanna skal vera háð opinberu eftirliti til að koma í veg fyrir misnotkun opinberra styrkja.

Fjórða krafan sem gerð er til fræðslusambandanna svo að þau geti notið þeirra **sérréttinda sem þeim eru tryggð í frumvarpi þessu er sú að Menntamálaráðuneytið** hafi viðurkennt þau.

Fimmta og síðasta krafan er sú að fræðslusamböndin hlíti þeim reglum sem ráðuneytið setur.

Um 14. gr.

Um fræðslusamtök í fræðsluumdæmunum, svo og fræðslufélög í sveitarfélögunum, gilda samkvæmt frumvarpinu hliðstæðar reglur og um fræðslusamböndin, **nema hér kemur ekki við sögu Menntamálaráðuneytið, heldur fullorðinsfræðslunefndir umdæmanna sem veita skulu fræðslusamtökunum og fræðslufélögunum** viðurkenningu að uppfylltum hliðstæðum kröfum þeim sem nefndar voru í 14. grein varðandi fræðslusamböndin. Slík viðurkenning gerir viðkomandi fræðslusamtök og fræðslufélög styrkhæf, en veitir þeim á engan hátt hliðstæða stöðu og aðstöðu **og fræðslusamböndin hljóta með viðurkenningu Menntamálaráðuneytisins.** Mikilvægt er engu að síður að gengið sé úr skugga um að farið sé að öllu leyti eftir fyrirmælum greinar þessarar og fullt sjálfstæði fræðslusamtaka og fræðslufélaga tryggt, bæði varðandi stjórn og fjárhag eins og áður hefur verið fjallað um í skýringu við 13. grein.

Um 15. gr.

Grein þessi er hin síðasta af þrem er sérstaklega fjalla um þriðja hóp aðila, samkvæmt skilgreiningu 2. greinar c-liðar, þ. e. fræðslusambanda, fræðslusamtaka og fræðslufélaga. Greinin er raunverulega í þrem liðum, sem eðlilegast væri að kalla a, b og c þótt ekki sé það reyndar gert.

Í upphafi greinarinnar er starfssvið og starfsvettvangur þessara þriggja aðila skilgreindur og leitast við að hafa þá skilgreiningu sem opnasta og víðfeðmasta **svo að hún geti á engan hátt orðið til að draga úr fjölbreytni fræðslustarfsins og** lokað einhverjum leiðum. Hugtökin sem notuð eru „menningarstarfsemi“ og „fræðslustarfsemi“ eiga einmitt að tryggja þá túlkun og þann skilning fullorðinsfræðslunefndarinnar.

Rétt er að vekja sérstaka athygli á hugtakinu **menningarstarfsemi,** en með því er verið að árétta hið nána samband milli fullorðinsfræðslunnar og allrar menningarstarfsemi í víðtækustu merkingu. Svo sem alkunna er, eru nú víða tvö ráðuneyti hlið við hlið, **sérstakt Menntamálaráðuneyti og annað Menningarmálaráðuneyti,** en eins og að líkum lætur verður verkaskiptingin milli þeirra stundum heldur óljós og erfitt að draga skýra markalínu. Í þessu sambandi mætti vitna í ummæli minnihluta norsku fullorðinsfræðslunefndarinnar frá 1970, þar sem hann leggur til að tengja saman fullorðinsfræðslu og menningarmál í sveitarfélögunum. (Sbr. Vaksenopplæring for alle, bls. 125 og 126). Það eru einmitt tengsl menningarlífs og fræðslustarfsemi sem nefndin hefur í huga þegar hún áréttar að umrædd fullorðinsfræðsla geti náð til hvers konar menningar- og fræðslustarfsemi.

Annar liður 15. greinar fjallar um þann styrk er áðurnefndir aðilar, fræðslusambönd, fræðslusamtök og fræðslufélög eiga að geta átt kost á frá ríkinu. Fjárhæð sú sem lögð verður til þessa þáttar fullorðinsfræðslunnar verður að sjálfsögðu ákveðin í fjárlögum hverju sinni. Þar verður þó vafalaust aðeins um heildarupphæð að ræða. Nokkuð af þeirri heildarupphæð er bundið í samræmi við síðari greinar frumvarps þessa, þær er lúta að fjárveitingu til fullorðinsfræðslu (sbr.

IV. kafla frumvarpsins) og má þar sérstaklega benda á fjárstyrki til fræðslusambandanna (sbr. 34. grein.) En að öðru leyti setur Menntamálaráðuneytið reglur um styrkhæfni hinna mismunandi þátta menningar- og fræðslustarfseminnar og er hér fyrst og fremst sú starfsemi höfð í huga sem gerð er fyllri skil í 33. grein frumvarpsins enda þótt ekki beri að líta á upptalningu þá, sem þar er birt, sem tæmandi.

Í síðustu málsgr. 15. gr. er svo fjallað um styrk frá fræðsluumdæmunum til fræðslusamtaka í fræðsluumdæmunum og fræðslufélaga í sveitarfélögum. Eins og fram var tekið í skýringum við b-lið 5. gr. frumvarpsins er til þess ætlast að fullorðinsfræðslan komi ekki samkvæmt beinni fyrirskipun frá stjórnvöldum, að ofan, heldur vaxi hún upp með eðlilegum hætti úr jarðvegi hinna mismunandi byggðarlaga og geti þá að verulegu leyti endurspeglað aðstæður á hverjum stað og þann áhuga, sem þar er fyrir hendi, á að hagnýta sér þau tækifæri sem í boði eru. Það hlýtur því að vera hinn eðlilegi gangur mála í fræðsluumdæmunum að þær reglur sem Menntamálaráðuneytið setur og snerta umræddar styrkveitingar byggist á tillögum þar að lútandi sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur komið á framfæri við ráðuneytið. — Má að þessu leyti líta svo á að frumkvæðið geti verið að jöfnu Menntamálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga og ekki síður hins síðarnefnda aðila, þar sem hér er um að ræða ráðstöfun á þeim fjármunum fræðsluumdæmanna sem landshlutasamtökin og sveitarfélögin hafa lagt af mörkum til menningar- og fræðslustarfsemi.

Um 16. gr.

Í þessari og næstu gr. frumvarpsins er fjallað um skipan fullorðinsfræðslunnar, þau form eða gerðir, sem hún fær í upphafi. Af ásettu ráði hefur fullorðinsfræðslunefndin reynt að takmarka formin sem mest má verða og leitast jafnframt við að vekja athygli á þeim formum fullorðinsfræðslunnar sem þegar hafa verið gerðar tilraunir með hér á landi og náð vinsældum. Tilgangurinn er að sjálfsögðu sá að treysta stöðu þeirra og búa sem best að þeim.

16. gr. fjallar að vísu í fyrstu málsgrein um þá sjálfsögðu staðreynd að fullorðinsfræðsla sem hliðstæð er frummenntun og stefnir þá að sama marki og hún, þ. e. áfangaprófum á hinum mismunandi skólastigum, — geti verið með ýmsu móti eftir því sem eðli hennar og markmið segir til um. — En aðalefni greinarinnar er engu að síður að skýra hugtakið **fullorðinsdeild** sem ákveðið kennsluform, enda hafi það sérstöðu í þeirri fullorðinsfræðslu, sem á hliðstæðu í frummenntun. Sérstaðan felst í mörgu. **Fullorðinsdeildin** veitir fullorðnum menntun hliðstæða frummenntun, en þó skal fræðslan miðuð við þroska, aldur og reynslu fullorðinna, ekki barna og unglinga. Hlýtur þetta að hafa veruleg áhrif á námsefni jafnt sem kennsluaðferðir. Í annan stað hefur **fullorðinsdeildin** þá sérstöðu að hana má fela skólastofnunum frumfræðslunnar og er það bæði eðlilegt og æskilegt með tilliti til þess að hægt sé að hagnýta í senn kennsluaðstöðu skólastofnanna og sérhæfni kennaranna. Þegar svo er um **fullorðinsdeildina** skal hún samkvæmt þessari gr. frumvarpsins njóta styrks eftir sömu reglum og sjálf frummenntunin. En sérstaða **fullorðinsdeildarinnar** kemur í þriðja lagi fram í því að hægt er að veita fræðslusambandi heimild til að taka að sér þá starfsemi. Samsvarandi heimild er í lögum annars staðar á Norðurlöndum og hafa forráðamenn fræðslusambandanna talið mikla lyftistöng fyrir aðild þeirra að fullorðinsfræðslu. Eins hafa og forsvarsmenn hins lögbundna skólakerfis litið svo á að sú samkeppni, sem þessi heimild veitir, sé stofnunum þeirra til ávinnings. Um hitt eru allir sammála að á þennan hátt verður náð til mun fleiri úr hópi fullorðinna en annars hefði verið. — Hlýtur það að teljast mjög æskilegt. Framlag hins opinbera til fullorðinsdeildar á vegum fræðslusambanda er ákveðið í 32. gr. frumvarpsins.

Um 17. gr.

Í gr. þessari er haldið áfram að telja upp þætti, form og flokka fullorðinsfræðslunnar. Lögð er áhersla á þrjá aðalþætti hennar: **Námsflokka, námshópa** og **bréfaskólanám.** Fullorðinsfræðslunefndin telur eins og áður er sagt að sjálfsagt sé að búa vel að þessum aðalþáttum, þar sem þeir hafa allir þegar sannað ágæti sitt hér á landi og treysta og bæta stöðu þeirra og aðstöðu.

Fullorðinsfræðslunefndin telur rétt að Menntamálaráðuneytið gefi sem fyrst eftir gildistöku laga þessara út reglugerð er kveði á um skipan og fyrirkomulag þessara aðalfræðsluþátta.

Jafnframt þessum þrem aðalþáttum fullorðinsfræðslunnar telur nefndin eðlilegt að einnig sé reynt að búa sem best að þrem öðrum þáttum eða formum fullorðinsfræðslu, þ. e. **námskeiðum, stuðningskennslu** og **fullorðinsfræðslu á stofnunum fyrir fatlaða.**

Fullorðinsfræðslunefndin telur ekki nauðsynlegt að skýra og skilgreina nánar hin einstöku hugtök sem notuð eru um fræðsluformin umfram það sem felst í orðalagi 17. gr., enda er það eitt af meginatriðum reglugerðar þeirrar, sem setja verður, að orða þær skilgreiningar svo að ljóst verði við hvað er átt og hve veigamikið hvert fræðsluformið um sig verði talið.

Um 18. gr.

Í grein þessari er vikið að stórmáli í íslenskri fræðslulöggjöf, að komið verði á fót kennslugagnastofnun ríkisins. Þar sem fullorðinsfræðslunefndinni er kunnugt um að nefnd hefur verið skipuð á vegum Menntamálaráðuneytisins til að undirbúa og semja frumvarp um slíka stofnun, telur nefndin ekki í sínum verkahring að fjalla á annan hátt um þetta stórmál en tryggja í þessu frumvarpi að aðilar fullorðinsfræðslunnar skuli hafa sama rétt að hagnýta umrædda stofnun, þegar hún er orðin að veruleika, og aðilar hins lögbundna skólakerfis. Að öðru leyti vitnar fullorðinsfræðslunefndin til ítarlegrar greinargerðar um þess konar námsgagnastofnun, sem birtist í bók norsku fullorðinsfræðslunefndarinnar frá 1970 (sbr. Vedlegg 1 á bls. 135 nn í Vaksenopplæring for alle).

Um 19. gr.

Síðasta gr. þessa annars kafla frumvarpsins fjallar um „kennslufræðilega stöð vegna fullorðinsfræðslu“ í fræðsluumdæmum. Átt er við stofnun er hafi með höndum tilraunastarfsemi á sviði fullorðinsfræðslunnar. Greinin gerir aðeins ráð fyrir að heimilt sé að koma slíkum rannsóknarstöðvum á fót í fræðsluumdæmum, en þó því aðeins að ósk um slíkt komi frá fullorðinsfræðslunefnd umdæmisins. Er eðlilegt að slík rannsóknar- og tilraunastöð sé í tengslum við hliðstæða stofnun á sviði frumfræðslunnar, en báðar tengdar fræðsluskrifstofu, sem verður í reynd fræðslumiðstöð viðkomandi fræðsluumdæmis. Þar sem tilrauna- og rannsóknarstofnanir, er hafa verkefni og markmið sem hér um ræðir, hljóta að verða mjög dýrar bæði að stofn- og rekstrarkostnaði verða fullorðinsfræðslunefndir fræðsluumdæma, sem óska þess að fá heimild til starfrækslu slíkra stöðva, að gera sér fulla grein fyrir þeirri fjárhagsbyrði sem fylgir stofnun og starfrækslu slíkra stöðva. Um styrk ríkisins til slíkra stofnana er fjallað í 35. gr. frumvarpsins.

C

III. KAFLI

Kennarar og nemendur

Þriðja kafla frumvarpsins má skipta í þrjá þætti, á þessa leið:

a) **20.—22. gr.** fjalla um menntun þeirra og hæfni sem hafa eiga á hendi kennslu, leiðbeiningu eða forsjá fullorðinsfræðslu. Þá eru hér einnig heimildarákvæði varðandi störf skólastjóra og námsleiðbeinenda.

b) **23.—25. gr.** segja frá þátttakendum í fullorðinsfræðslu, fyrst og fremst almennt, en einnig að því er tekur til sérstakra hópa, ennfremur fullorðinsfræðslu *í tengslum við atvinnulífið.*

c) **26.—27. gr.** lúta að aðild þátttakenda í skipulagningu fullorðinsfræðslunnar, svo og framlagi þátttakenda í formi námsgjalda þegar um slíkt er að ræða.

Um 20. gr.

Þar sem líklegt má telja að veigamiklir þættir fullorðinsfræðslunnar verði á vegum hins opinbera, þ. e. ríkis, fræðsluumdæma og sveitarfélaga, er eðlilegt að sérstök grein laganna fjalli um menntun, ráðningu og launakjör þeirra sem kennslu munu annast á vegum þeirra. Er gert ráð fyrir að þar verði höfð hliðsjón af þeim ákvæðum er gilda „um kennara frummenntunarinnar að því leyti sem við getur átt."

Á vegum ríkis, fræðsluumdæma og sveitarfélaga verður að sjálfsögðu að verulegu leyti sú fræðsla fullorðinna sem er hliðstæð frummenntuninni — (sbr. þó ákvæði 16. gr. og skýringar við hana). Er auðsætt að um menntun, ráðningu og launakjör kennara, er slíka fræðslu veita fullorðnum, hljóta að gilda þau ákvæði er taka til hliðstæðra þátta frummenntunarinnar á hvaða stigi hennar sem slík fræðsla er veitt, svo sem grunnskólastigi, framhaldsskólastigi eða háskólastigi. Á vegum hinna opinberu aðila, sem hér hafa verið nefndir, verður svo vafalaust líka að einhverju eða verulegu leyti starfsmenntun í tengslum við atvinnulífið í víðtækustu merkingu, en þar er ekki síst átt við sjálfa starfsmenn hins opinbera, er þurfa á símenntun að halda sem gerir þá hæfa að rækja störf sín. Þá verður enn á vegum hinna opinberu aðila um að ræða námsflokkastarfsemi er telst til hins frjálsa náms og frístundamenntunar. Enda þótt ljóst sé að þessi fræðsla verður annars eðlis en frummenntunin og á engan veg bein hliðstæða hennar er engu að síður rétt að miða menntun, ráðningu og launakjör kennara við ákvæði frummenntunarinnar að svo miklu leyti sem við getur átt.

Um 21. gr.

Þessi grein fjallar um kennara og leiðbeinendur í þeirri fræðslu fullorðinna sem ekki er á vegum opinberra aðila, en segja má engu að síður um að hinir opinberu aðilar beri verulega ábyrgð á þar sem þeir kosta umrædda fræðslu „að meira en hálfu leyti". Um kennara sem annast slíka fræðslu er þrennt tekið fram í þessari grein og mun vikið að hverju fyrir sig.

Það sem fyrst er tekið fram varðandi umrædda kennara og leiðbeinendur er að Menntamálaráðuneytið skal meta hvort tveggja, hæfni þeirra og starfsreynslu.

Ekki skal í þessu ákvæði felast að Menntamálaráðuneytið geti beinlínis sagt fyrir um það hvaða mönnum séu falin kennslu- og leiðbeinendastörf á vegum þeirra fræðsluaðila er fá styrk til einhverrar starfsemi sinnar „að meira en hálfu". Hér skal vera um hitt að ræða að ráðuneytið fellst á að þeim mönnum, sem umræddir fræðsluaðilar hafa valið eða ráðið, verði falin kennslu- og leiðbeinendastörf. Skal dómur Menntamálaráðuneytisins byggjast á hvoru tveggja, hæfni og starfsreynslu. Að sjálfsögðu ber að meta óskir og vilja forráðamanna fræðsluaðilanna og forðast afskipti af fræðslustarfsemi þeirra að öðru leyti en því sem mat þetta um hæfni og starfsreynslu gerir kröfur til.

Næst er lögð áhersla á að kennarar og leiðbeinendur við fullorðinsfræðslu, sem ekki er á vegum opinberra aðila, skulu eiga kost á kennslufræðilegri menntun og/eða leiðbeinendaþjálfun. Til þess er ætlast að slík þjálfun sé veitt umræddu fólki á vegum Menntamálaráðuneytisins fyrst og fremst, enda skal þjálfunin vera að nokkru forsenda fyrir mati þess á hæfni og reynslu. Gert er þó ráð fyrir að fræðslusambönd, sem hlotið hafa viðurkenningu Menntamálaráðuneytisins, fái til þess styrk að halda námskeið fyrir leiðbeinendur sína (sbr. 34. gr. c-lið).

Loks er í þriðja lagi í þessari grein gert ráð fyrir því að þeir kennarar fullorðinna, sem greinin fjallar um sérstaklega og reyndar allir kennarar fullorðinna sem ekki er tryggð áframhaldandi menntun í öðrum lögum um fræðslumál, skuli eiga kost á kennslufræðilegu framhaldsnámi. Fullorðinsfræðslunefndin telur það nauðsynjamál að Menntamálaráðuneytið setji reglur um slíka kennslufræðilega framhaldsmenntun og geri hana að óbeinni skyldu svo að kennarar fái haldið viðurkenningu þess og þar með rétti til kennslustarfa. Breytingar á kennsluefni, svo og kennsluháttum, hljóta að verða svo miklar og örar að ekki verður hjá því komist að setja slík ákvæði í lög og reglugerðir á þann hátt sem hér er ætlast til.

Um 22. gr.

Greinin gerir ráð fyrir að fullorðinsfræðsla ákveðinnar stofnunar geti orðið svo umfangsmikil að nauðsyn beri til þess að fela sérstökum skólastjóra forstöðu hennar og ráða jafnframt námsleiðbeinanda við stofnunina, einn eða fleiri. — Hér er vikið að vandasömu atriði í skipan fullorðinsfræðslunnar er varðar í senn sérstöðu hennar svo og tengsl hennar við frumfræðsluna. — Það gefur auga leið að fullorðinsfræðslan er á margan hátt sérstæð og má ekki um of taka mið af námsefni og því síður kennsluháttum frummenntunarinnar. Hér ber fyrst og fremst að hafa í huga þarfir og forsendur hinna fullorðnu sem námsins eiga að njóta. Þó verður einnig að taka tillit til fjárhagsgetu landsmanna og þess ekki síst að miða verður hönnun og skipulag íslenskra menntastofnana við það í framtíðinni, að þar fari fram að verulegu leyti báðir þættir hins nýja menntakerfis, ævimenntunarinnar, þ. e. a. s. frumfræðslan og fullorðinsfræðslan. Þegar svo er komið, hlýtur sú spurning að vakna, hvenær fullorðinsfræðslan sé orðin svo umfangsmikil að ætla verði henni sérstaka forstöðu og sérstaka námsleiðbeinendur.

Í frumvarpsdrögum norsku fullorðinsfræðslunefndarinnar eru hliðstæð ákvæði og hér er lagt til að sett verði í íslenska löggjöf. Til skýringar á hinum hliðstæðu ákvæðum í frumvarpsdrögunum norsku er vitnað til sænskra laga er kveða á um sérstaka skólaeiningu eða sjálfstæða stofnun til fullorðinsfræðslu. Þar segir: „Setja má á stofn sérstaka skólaeiningu/stofnun á námskeiðagrundvelli, ef námskeiðastarfsemin samsvarar að magni til minnst 16 punktum, en hver punktur er metinn 550 námsstundir. Við slíka fræðslustarfsemi skal starfa skólastjóri/rektor í fullu starfi og við sérstakar aðstæður að auki námsleiðbeinandi (studierektor) í fullu starfi. Sé fullorðinsfræðslan falin fræðslustofnun er annast menntun unglinga, skal engu að síður vera sérstakur námsleiðbeinandi í starfi er annast námskeiðsstarfsemina“. (sbr. Kungl. Maj:ts proposition nr. 27 år 1971 — þá vitnar norska fullorðinsfræðslunefndin í Kungl. Maj:ts kungjörelse om kommunal och statlig vuxenutbildning 27 mai 1971, gr. 57, 62, 63, 64, 65. — Úr Vaksenopplæring for alle, bls. 113.) Að sjálfsögðu verður hér á landi að miða við íslenskar aðstæður og hefð. — Ekki ber að skilja fyrri málsgr. þessarar gr. laganna svo, að hún eigi við aðra fullorðinsfræðslu en þá sem er beinlínis á vegum opinberra aðila.

Síðari málsgr. 22. gr. gerir líka ráð fyrir annarri skipan en rætt hefur verið um hér að framan, sem sé þeirri að fullorðinsfræðsla verði annar þáttur í starfsemi sameiginlegrar menntastofnunar ævimenntunarþáttanna beggja. Verði þá um sameiginlega yfirstjórn að ræða, en sérstakur námsleiðbeinandi ráðinn er annist umsjón og skipulagningu fullorðinsfræðslunnar einvörðungu. — Um þennan hluta 22. gr. er það sama að segja og fyrri málsgreinina að hann á eingöngu við um menntastofnanir á vegum opinberra aðila, enda felst í því frekari takmörkun að

menntastofnanirnar, sem hér um ræðir, skulu veita frummenntun samkvæmt lögum. Fyrri málsgreinin er að því leyti víðtækari að hún getur líka átt við opinberar fræðslustofnanir er annast fullorðinsfræðslu í tengslum við atvinnulífið, svo og opinberar fræðslustofnanir er annast námsflokkastarfsemi eða samsvarandi fullorðinsfræðslu.

Um 23. gr.

Með 23. gr. hefst nýr þáttur í þriðja kafla frumvarpsins er nær yfir þrjár greinar. Í þessari grein er fjallað sérstaklega um þátttöku og þátttakendur í fullorðinsfræðslu. Þrennt er tekið fram er sérstök athygli skal vakin á í þessari greinargerð.

Í fyrsta lagi er fjallað um reglur er ráðuneytið setur um þátttöku í fullorðinsfræðslu. Þær reglur skulu bæði ná til fyrstu þátttöku í fræðslunni, svo og áframhaldandi nám þeirra sem innritast hafa. Reglur Menntamálaráðuneytisins um þátttöku skulu fyrst og fremst tryggja, að fræðslan sé frjáls, þ. e. a. s. koma í veg fyrir að fullorðinsfræðslan verði hagnýtt í auglýsinga- eða áróðursskyni. — Um hliðstæð ákvæði í frumdrögum meirihluta norsku fullorðinsfræðslunefndarinnar segir: „Það hlýtur að vera algild regla að starfsemi fullorðinsfræðslu, sem nýtur opinbers styrks, sé öllum frjáls". (sbr. Vaksenopplæring for alle, bls. 115). — Um þetta sama segir í áliti minnihlutans: „Minnihluti nefndarinnar, Fjæstad og Hansen telja nauðsynlegt að leggja einnig á það áherslu, að þátttakendur hafi meðákvörðunarrétt og „rétt neytandans" í fullorðinsfræðslunni" (sbr. sama rit, bls. 129). — Útilokunarstefna eða úrvalsstefna skal ekki ráða neinu stigi fullorðinsfræðslunnar, hvorki að því er tekur til aðgangs að þeirri menntun né áframhaldsins.

Í annan stað er í grein þessari kveðið á um lágmarksaldur þátttakenda í fullorðinsfræðslu. Lágmarksaldur skal vera 14 ár. Þetta aldurstakmark er miðað við ákvæði í sænskum lögum á ákveðnu sviði fullorðinsfræðslu, þ. e. þátttöku í leshring. Segir svo í umræddum lögum: „9. gr.: Um ríkisstyrk, sem gert er ráð fyrir í 8. gr. (inngangi kaflans um Leshringastarfsemi) skulu gilda eftirfarandi reglur: d) Í öðrum leshringum en þeim er taka til tónlistar, mega þeir einir taka þátt sem orðið hafa 14 ára á almanaksárinu. Í leshring, sem fjallar um tónlist, mega jafnvel taka þátt þeir sem ekki hafa náð fyrrgreindum aldri. Fjöldi yngri þátttakenda má aldrei vera meiri en helmingur allra þeirra er þátt taka í leshringum". (Sbr. Kungl. Maj:ts kungörelse om statsbidrag til det fria och frivilliga folksbildningsarbetet SFS 1963: 463. tekið upp sem Vedlegg 2a i Vaksenopplæring for alle, bls. 152—159, hér er um að ræða bls. 155). — Eðlilegt virðist að fylgja fordæmi Svíanna að þessu leyti, enda hafa þeir lengsta hefð að baki og mesta reynslu á sviði fullorðinsfræðslunnar og þá alveg sérstaklega að því er til leshringastarfsemi tekur. Er fullkomlega eðlilegt að láta þetta aldursákvæði ná til námsflokka, námshópa og leshringastarfsemi hér á landi að svo miklu leyti sem það brýtur ekki í bág við önnur ákvæði laga um námsskyldu og námsrétt, sbr. skýringu við síðustu málsgr. þessarar lagagreinar.

Í síðustu málsgreininni eru hiklaus fyrirmæli um það, að hið rúma ákvæði greinarinnar um lágmarksaldur megi aldrei túlka á þá lund, að það leysi börn og unglinga undan fyrirmælum laga um skyldunám. Nemandi, sem fengið hefur heimild til að taka þátt í fullorðinsfræðslu eftir ákvæðum þessarar greinar, getur ekki á þeim forsendum afsakað eða réttlætt vanrækslu skyldunáms.

Um 24. gr.

Þessi grein fjallar um fullorðinsfræðslu opinberra starfsmanna, svo og annarra aðila eða starfshópa er tryggt hafa sér rétt til slíkrar menntunar í sérstökum samningum. Hún leggur á það áherslu að frumvarpið, sem hér liggur fyrir, verði hvorki til að skerða rétt né leysa aðila undan skyldum. — Skyldur hins opinbera, svo og skyldur annarra aðila í þessum efnum, skulu ræktar engu að síður þótt í lögum þessum kunni að finnast ákvæði er orðið gætu til að auka möguleika sömu aðila á frekari fræðslu. — Greinina má heldur ekki skilja svo eða túlka að hún

takmarki möguleika opinberra starfsmanna né heldur annarra, er ákvæði hafa í samningum sínum um fullorðinsfræðslu, við þau ákvæði ein, ef annars staðar væri ákvæði í lögum þessum er tryggt gætu viðbætur og aukningu.

Um 25. gr.

Síðasta greinin í þessum kafla, er kveður á um þátttöku í fullorðinsfræðslu, lýtur að þátttakendum í starfsnámi í tengslum við atvinnulífið. Í greinargerð fullorðinsfræðslunefndarinnar fyrir 10. gr. var ítarlega fjallað um sérstöðu þessa þáttar fullorðinsfræðslunnar og þá jafnframt getið um nauðsyn þess að setja reglugerð er kveði á um sem flest atriði er tengdust umræddu starfsnámi. Eitt þeirra atriða, sem reglugerðin hlýtur að kveða á um, snertir að sjálfsögðu þátttakendurna. Verður þar vafalaust fylgt meginstefnu þeirri sem mörkuð er í 23. gr. laganna að fræðslan sé frjáls, en að öðru leyti hlýtur reglugerðin að taka mið af ólíkum aðstæðum og þörfum hinna mörgu atvinnugreina svo og vinnustaða og fyrirtækja, en á þá sundurgreiningu hefur áður verið bent í þessari greinargerð.

Um 26. gr.

Tvær síðustu greinar III. kaflans mynda lokaþátt hans að nokkru sjálfstæðan eins og áður hefur verið vikið að.

Hitt atriðið sem ég vil hér draga fram er staðreynd hinnar svokölluðu **þekkingarbyltingar.** Staðreynd hennar skýrist best með eftirfarandi athugunum: Menn höfðu fyrir satt að á hálfri öld, frá aldamótunum 1900 til 1950 hefði þekkingarforði mannkynsins tvöfaldast og þóttu firn mikil. En hvað gátu menn þá sagt, þegar talið var sannleikanum samkvæmt að þekkingarforðinn hefði aftur tvöfaldast og það aðeins á tíu árum, frá 1950—60. — Sýnilegt þótti að svo væri sem skriðu hefði verið hlevpt af stað og hér væri verið við upphaf nýrrar þróunar, en ekki ris eða endalok. Áfram myndi þekkingarforðinn halda áfram að tvöfaldast og tíminn, sem það gerðist á, verða styttri og styttri. Til allra þátta þekkingar og starfa myndi aukningin ná, og meira hefði aukningin náð og þannig myndi þetta halda áfram.

c) Þróunarferill ævimenntunarhugtaksins til þessa dags.

Segja má að ævimenntunarhugtakið komi verulega í sviðsljósið á þingi, sem Unesco hélt um fullorðinsfræðslu í Montreal í Kanada árið 1960, en það var annar alþjóðafundurinn um þau mál á vegum stofnunarinnar, hinn fyrsti var haldinn í Helsingör árið 1949. Yfirskrift eða tema ráðstefnunnar í Montreal var: „Fullorðinsfræðsla í breytilegum heimi." — Í ályktun þingsins segir svo: „Fullorðinsfræðsla er þáttur menntunar sem varir ævina alla. Stjórnvöld allra landa verða að viðurkenna hana og líta á hana sem eðlilegan og fullkomnlega nauðsynlegan þátt í heildarfræðsluskipan sem þannig verður önnur og fullkomnari."

Ég held að athyglisvert fyrir okkur hér og nú væri að gera okkur stuttlega grein fyrir hlut Evrópuráðsins að ævimenntun, en ráðið hefur sérstaklega látið fjalla um þetta atriði með það fyrir augum að stuðla að framgangi þess sameigin-

legum hjá hinum 17 ríkjum, sem aðild eiga að ráðinu. — Evrópuráðið var stofnað af 10 ríkjum 5. maí 1949.

Þeir aðilar sem unnið hafa að framgangi ævimenntunar á vegum Evrópuráðsins, í þeirri stofnun þess sem kölluð er ráð eða nefnd menningarsamvinnu, The Council for Cultural Co-operation, en hún var sett á laggirnar í ársbyrjun 1962 — telja að greina beri milli tveggja tímaskeiða, eða tveggja þátta að því er ævimenntunina snertir. Fyrra skeiðið kalla þeir: **Hugtakaskeiðið** og telja að staðið hafi frá 1966—1971, en árið 1966 hóf nefnd menningarsamvinnunnar afskipti af málinu. Merkasti áfangi þessa skeiðs gerðist árið 1970 á hinu svonefnda alþjóðlega menntaári, International Education Year, eins og Sameinuðu þjóðirnar óskuðu eftir að það ár yrði kallað. Á því ári var unnið að samningu og útgáfu 15 ritgerða um ævimenntun á vegum Evrópuráðsins. — Árið 1971 kom út annað merkilegt plagg í þessu sambandi: „Grundvallaratriði samræmdrar menntastefnu", en á það plagg má líta sem einskonar stefnuskrá og stefnuyfirlýsingu.

Á síðasta ári, 1972, hófst svo annað skeið ævimenntunarinnar, **framkvæmdaskeiðið** eins og það er kallað, en gerðar hafa verið áætlanir um hvernig að framgangi málsins skuli staðið til ársins 1978. Hefur verið skipuð **stjórnarnefnd**, Steering Group til að hafa forgöngu, svo og ráðinn sérstakur framkvæmdastjóri í þessu skyni, en það er annar af aðalhöfundum plaggsins, sem áður var getið um.

Ég mun ljúka erindi mínu með því að greina frá nokkrum þáttum í ritinu „Grundvallaratriði samræmdrar menntastefnu" Fundamentals for an integrated educational policy.

Í **formála** ritsins eru settar fram fimm kröfur sem gera þarf til fræðslukerfis ævinmenntunar. Þær eru þessar:

Nauðsynlegt er að fræðslukerfið sé næsta sveigjanlegt og geti tekið breytingum.

Tryggja ber á öllum stigum menntunar, að sú menntun sem veitt er sé í senn: almenn, starfræn, menningarleg, félagsleg og taki tillit til borgaralegra skyldna og **réttinda**.

Menntakerfið verður að byggjast á stöðugri handleiðslu, ekki þeirri afstöðu að vilja losna við nemendur.

Örva þarf í námi sköpunarhæfni, viðbragðsflýti og gagnrýnishneigð.

Sjálfsnám þarf að glæða og gera öllum ljóst hvert gildi það getur haft.

Fyrsti kafli ritsins fjallar um fjögur meginatriði, þessi: 1) Þarfir einstaklingsins (öryggi, tjáning og samstaða). 2) Þarfir hópsins (vöxtur, samheldni, skipulag). 3) Árekstrar og loks 4) Samfélagið og menntakerfið.

Annar kafli ritsins tekur þrennt fyrir: 1) Hvernig á að tryggja að hver einstaklingur geti sjálfur skipulagt og stuðlað að framförum sínum og menntun? 2) Hvernig má hjálpa fólki í hinum snöggu umskiptum í atvinnulífinu? 3) Hvernig má virkja sköpunarhæfni hvers og eins og tryggja að persónuleikinn fái þroskast og mótast?

Þriðji og **fjórði þáttur** lýsa svo hinu nýja kerfi í meginatriðum. En þar skal hér einungis bent á tvennt:

Annars vegar hugmyndina um algerlega nýja skólagerð, hina samræmdu eða alhliða menningarmiðstöð, sem veiti sérhverjum þá menntun og þá handleiðslu, sem hann eða hún óskar eftir.

Hins vegar vandann hvernig hugsanlegt væri að menn öðluðust rétt til áframhaldandi menntunar í þessu nýja kerfi. — Hafa menn þá hugsað sér að tengja mætti hið nýja skólakerfi hinu almenna tryggingakerfi landanna, en réttur til menntunar ætti að verulegu leyti að miðast við vinnudaga. Mætti hugsa sér að

fyrir hvern unninn dag öðlaðist viðkomandi rétt til einnar kennslustundar, sem hann fengi að fullu greidda bæði námskostnað og eins bætt vinnutap meðan nám væri þreytt.

Ég hef lokið fyrra erindi mínu og fjallað stuttlega um hugtökin tvö **fullorðinsfræðslu** og **ævimenntun**.

Fullorðinsfræðsla — ævimenntun

Menntastefnur samtíðarinnar.

Útvarpserindi flutt í maí 1973.

II.

Góðir hlustendur.

Ég fjallaði í fyrra erindi mínu um hugtökin tvö: **fullorðinsfræðslu** og **ævimenntun**. — Í þessu síðara erindi ætla ég að kanna forsendur þessara tveggja hugtaka og þeirra fyrirbæra, sem þau vísa til og túlka.

1. FORMÁLI

Það fer ekki á milli mála að hin mikla kvika, sem orðið hefur vart í mennta- og fræðslumálum á síðustu árum á að verulegu leyti rætur sínar að rekja til nýrra viðhorfa, nýrra menntastefna sem grundvallast hafa á ákveðnum heimspekikenningum eða lífsskoðunum, hvort hugtakið sem menn vilja nú heldur nota. — Þessar nýju stefnur hafa tvennt í för með sér og ber að gera sér grein fyrir hvoru tveggja. **Annars vegar** hafa hin nýju viðhorf valdið eins konar uppgjöri, átökum væri kannski mildara orð við eldri og ríkjandi menntastefnur. **Hins vegar** hafa svo hin nýju viðhorf stækkað sjóndeildarhringinn almennt og orðið til þess að menn hafa séð samfélagið, menntun og menningu í nýju ljósi.

Ég ætla fyrst að víkja nokkrum orðum að þeim átökum milli hinna eldri og yngri viðhorfa, eldri og yngri menntastefna, sem ég gat um áðan. Að vísu má fara varlega með hugtökin eldri og yngri, því oft fer það svo þegar dýpra er skoðað að fullyrðing Prédikarans reynist rétt „að ekkert er nýtt undir sólinni.“ Nýtt verður viðhorf oft við það eitt að sviðsljósinu er sérstaklega á það brugðið eða það eignast sérstakan hljómgrunn við ákveðnar aðstæður eða á ákveðnum tíma.

Að mínu viti eru merkustu og athyglisverðustu átök í menntastefnum á okkar dögum tengd þeirri fornu menntastefnu, sem kennd er við úrval, **elite** annars vegar og hinni nýju eða nýrri menntastefnu sem kennd er við jafnrétti, jafnan rétt, **egalité** hins vegar. Hvað felst þá í þessum tveim meginviðhorfum ,eða aðalmenntastefnum? — Stefna sú, sem kennd er við úrval, **elite-stefnan** eins og hún er nefnd grundvallast á þeirri sannfæringu að tilgangur menntunar og fræðslu sé að finna þá sem menntunar séu verðir umfram aðra, finna úrvalið, þá sem yfir hæfileikunum og gáfunum búa. Þeim skulu allar gáttir opnaðar til æðstu mennta og síðan samsvarandi metorða, en öðrum lokaðar er sýnt hafi að minna megi af þeim vænta og lítill ávinningur sjálfum þeim eða samfélaginu að eyða tíma og fjármunum þeirra vegna. Við þessa menntastefnu hlýtur að skapast skil í samfélaginu milli úrvalsins sem talið er því betra sem það er fámennara og annarra, lýðsins sem kannski ekki er lengur talinn bölvaður, en af öðru sauðahúsi, enda líka beinlínis að þeim skilum stefnt og þau talin öllum, líka þeim sem dæmdir eru úr leik, sannur ávinningur. — Forsvarsmenn hinnar menntastefnunnar, þeirrar sem kennd er við jafnan rétt, **egalité-stefnan**, jafnréttisstefnan líta öðru vísi á. Þeir telja alla heilbrigða menn búa yfir meiri hæfileikum en nokkurn tíma sé hugsanlegt að leysa úr læðingi. Vegna þessa

eigi allir heilbrigðir menn að eiga jafnan rétt á því að hæfileikar þeirra séu viðurkenndir og virkjaðir. Þá muni hitt líklega í annan stað vera réttara að tala um mismunandi hæfileika manna heldur en fullyrða að sumir séu hæfileikum gæddir en aðrir ekki, þótt ekki skuli þar með neitað að við ákveðnar aðstæður eða ákveðin verkefni nýtast hæfileikar eins betur en annars. Hitt skuli samt haft ríkt í huga að enginn veit fyrir hverjar breytingar og hver umskipti geta orðið og þá geti líka skipt um ágæti hinna mismunandi hæfileika. Þá megi heldur ekki gleyma því, en hafa ríkt í huga að menntun og fræðsla skal ekki stefna að því að skapa skil í samfélögum manna, heldur þvert á móti leitast við að koma í veg fyrir að skil skapist. Menntun og fræðsla á að gera sameiginlegan hugmyndaforða sem mestan og sem flesta þætti menningar að sameign allra. Því betur sem það hlutverk menntunar hefur verið rækt því betur hefur til tekist. Sé um keppni að ræða ætti hún **að felast í því að sem mest geti komist til skila af hæfileikum og þeir nýst sem best,** en ekki í hinu að útiloka aðra frá því að njóta sín á þeim sviðum er þeir geta orðið **sjálfum sér og samfélaginu að mestum notum og orðið heilsteyptir menn og gæfumenn.**

Sem beint framhald af þessum átökum **élíte-stefnunnar** og **egalité-stefnunnar** er snerta úrval og jafnan rétt eru önnur átök á sviði menntamála. Átökin snúast um tvenns konar gáfur, **lærdómsgáfur** sem hægt er að mæla með **gáfnaprófum annars** vegar og **skapandi gáfur,** sem erfiðara er að mæla á þennan hátt hins vegar. Þessi átök hófust að verulegu ráði á 6. tug aldarinnar á Vesturlöndum. Á þeim áratug virtist Vesturlandabúum sem þeir væru að bíða lægri hlut í keppni þeirri sem fram fór um forystu á sviði vísinda og tækni í veröldinni og væru Sovétmenn að því komnir að taka forystuna. Af þessu dapurlega hugboði leiddi meðal annars endurskoðun á menntun og fræðslu og var þá sviðsljósinu ekki síst beint að þeim forsendum sem gefnar væru fyrir að velja ákveðinn hóp manna til menntunar umfram aðra. Við þær umræður og athuganir sem fram fóru þóttust margir komast að því að til myndi vera tvenns konar hugar- og vitsmunastarfsemi eða tvær aðalforsendur hugsunar að leita lausnar á verkefnum og vanda. — Margir fylgdu þar fordæmi bandarískra sálfræðingsins J. P. Guilfords og töluðu um tvær gerðir hugsunar. Önnur gerð hugsunarinnar væri fólgin í því að geta fellt saman, tengt saman eða raðað þekkingaratriðum eftir ákveðnum forskriftum og á ákveðinn, kerfisbundinn hátt sem auðvelt væri að meta. Sú hugsun var því kölluð „samhverf hugsun," konvergent tænkning á Norðurlandamálum, en convergent thinking á enskri tungu. Hin gerðin væri með allt öðrum hætti og var sú gerð kölluð „fráhverf hugsun," divergent tænkning á Norðurlandamálum en divergent thinking á ensku. Til voru samt þeir sem vildu kalla þessa gerð „hliðar hugsun", lateral tænkning eða lateral thinking. Báðar nafngiftirnar skýra að nokkru hvað við er átt. Þessi gerð hugsunar leitar ekki lausnar eftir ákveðnum forskriftum á kerfisbundinn hátt að hægt sé að segja fyrir um hver lausnin muni verða eða á hvern veg hún muni verða fundin. Bæði leitin að lausninni og lausnin sjálf mun koma á óvart og hvort tveggja verða óvænt og jafnvel sýnast framandi, jafnvel fráleitt í upphafi, en sé betur að gætt verður annað upp á teningnum. Hin „fráhverfa hugsun" hefur brotið nýja braut, skapað nýja þekkingu í ýmsum tilfellum og veitt nýtt hugboð í öðrum. — Af því sem nú hefur verið sagt kemur naumast á óvart að þegar frá leið var farið að kalla aðra gerð hugsunarinnar **lærdómshugsun,** en hina **skapandi hugsun** og kenna þær við tvenns konar afbrigði gáfna, lærdómsgáfur og skapandi gáfur. — Aðrir hafa gengið enn lengra í þessum efnum og talað beinlínis um mun **greindar** og **sköpunarhæfni,** greindin er fólgin í gáfum sem hægt er að meta í hefðbundnum skólalærdómi, sköpunarhæfni er fólgin í gáfum, sem ekki verða metnar á þann hátt, en sanna sig í árangri á mörgum sviðum, þótt oft falli utan hins hefðbundna skólalærdóms. — Hafa eftirfarandi fjórar fullyrðingar verið settar fram og reyndar taldar niðurstaða viðamikillar könnunar: **Í fyrsta lagi** er náið samband á milli greindarmælinga og skólaárangurs. **Í öðru lagi** er lítið samband á milli greindarmælinga og árangurs á þeim sviðum (lífsins), sem ekki lúta að skólanámi. **Í þriðja**

lagi er lítið samband milli árangurs í hefðbundnu námi og árangurs á öðrum sviðum. Í fjórða lagi er náið samband milli árangurs á öðrum sviðum og sköpunarhæfni að því leyti sem reynst hefur mögulegt að dæma slíka hæfni og meta. — Áður en ég skil við þetta efni um þau átök sem orðið hafa milli menntastefna eða gamalla og nýrra viðhorfa í menntamálum varðandi lærdómsgáfur og skapandi gáfur tel ég rétt að geta mjög sérstæðrar tilraunar sem gerð var af tveim fræðimönnum, L. Jacobson og Robert Rosenthal til að renna stoðum undir það hugboð þeirra og reyndar fleiri að fyrirfram skoðun og álit kennara og reyndar nemenda líka hefði áhrif á árangur þeirra á prófum og námsárangur yfirleitt. Rosenthal og Jacobson höfðu sagt kennurum að nokkrir nemendur sem þau tiltóku „myndu ná sérstökum árangri og auka verulega við sig á næsta ári.“ Töldu kennarar þessa fullyrðingu byggða á fræðilegu mati, en Rosenthal og Jacobsen höfðu valið nemendurna af handahófi og ekkert tillit tekið til neinna greindarmælinga eldri eða yngri. Átta mánuðum síðar var árangur hinna umræddu nemenda metinn og kom í ljós að spárnar höfðu í verulegum atriðum staðist. — Þess sem kennurunum hafði verið sagt að vænta af nemendunum það kom fram. — Andhverfa hins kunna dóms Stephans G. Stephanssonar birtist: **„Falin er í illspá hverri / ósk um hrakför sýnu verri“**, eins felst í spám og eftirvæntingu um árangur og afrek ósk sem hefur sín áhrif í þá átt að óskin rætist.

2. MENNTASTEFNUR

Næst skal þá vikið að menntastefnum sem hægt er að líta á, eins og áður er sagt, sem hinar eiginlegu forsendur þeirra átaka sem vikið hefur verið að svo og því að menntun og fræðsla hefur verið skoðuð í nýju ljósi og nýtt mat fengist á tilgangi og markmiði.

Ég veit ekki hvort allir kunna að vera mér sammála, en ég tel að menntastefnum samtíðarinnar megi skipa í fjóra aðalflokka og miða þá skiptingu að nokkru við það á hverju mest áhersla hvílir í framsetningu og túlkun. Hinir fjórir aðalflokkar verða þá:

Í fyrsta flokki eru menntastefnur sem leggja mesta áherslu á **eðli** eða náttúru, og verða þannig að náttúrustefnum í einu eða öðru formi. Þær kunna að leggja megináherslu á hið árangursríka, **hið pragmatiska,** eða **hið rómantíska. En** sameiginlegt þessum stefnum er það samt, að það eitt er satt og hefur **gildi** sem sýnir að það á samsvörun í eðli mannsins, sem er í senn einstætt og algilt (universalt).

Í öðrum flokki eru menntastefnur, sem ekki nægir eðli eða náttúra, heldur beina athygli að **hinu innsta eðli, kjarna** eða því sem mestu skiptir að gera sér fyllstu grein fyrir. Þær verða því að stefnum hins varanlega, hins innsta **eðlis, hins** essentiala og eru stundum einu nafni við það kenndar, stefnur essentialisma. Þær geta birst í mörgum blæbrigðum allt eftir því hvort hið innsta eðli er talið **hugrænt** og **hugsjónalegt,** idealistikt en hugur og hugsjón æðstur veruleiki, eða áherslan hvílir á **hinu raunsæja,** hinu realistiska og hlutrænn veruleiki álitinn traustastur og óbrotgjarnastur. Líka getur þessi flokkur menntastefna rúmað þau afbrigðin sem telja **vitið sjálft hið innsta eðli** tilverunnar og hljóta túlkan í hinni sígildu heimspeki, Philosophia Perennis. Þessi afbrigði eru ekki fá, en þau tvö kunnust sem leggja áherslu á **vitræna mannúðarstefnu** annars vegar, en **skólaspeki kaþólskra** hins vegar.

Í þriðja flokknum eru svo menntastefnur er leggja vilja ríkasta áherslu á að allt beri að skoða í ljósi heildar. Á hvaða stigi sem menntun og fræðsla er veitt þá er hún tvennt í senn: Hún er hluti heildarsýnar, heildarskipulags, heildarmyndar annars vegar. Hún býr hins vegar yfir þætti sem stefnir til annarar og fullkomnari heildar eða myndar. Þessar stefnur verða því það sem kallað er **strukturalistiskar stefnur,** þar sem þær leggja svo ríka áherslu á mótið, formið, heildina, strukturinn. En eftir því hvort áherslan hvílir á sjálfri heildinni eða hinu að ný mynd býr

að baki eru blæbrigðin kennd við organisma, hina lífrænu heild eða endurskipan, rekonstruktion.

Þá er að mínu áliti aðeins einn flokkur menntastefna eftir. Er þar um að ræða þær menntastefnur, sumir myndu að vísu aðeins hafa orðið menntastefna í eintölu, sem telja að mikilvægast sé að gera mönnum grein fyrir sérstöðu mannlegs veruleika, en á þeim grunni einum sé hægt að byggja allar hugmyndir um menntun og fræðslu. Sérstaða mannlegs veruleika er að áliti formælenda þessara menntastefna í því fólginn að maðurinn er ekki fæddur með neitt innsta eðli eða kjarna, essense. Slíkt innsta eðli, slíkan kjarna getur hann hins vegar öðlast í lífi sínu og í því að vera til, eksistera á ábyrgan og sjálfstæðan hátt, með fullri vitund um möguleika sína og takmarkanir. Í samræmi við þessar hugmyndir eru þær menntastefnur sem hér um ræðir kenndar við eksistens, eða „það að vera á mennska vísu“ eins og formælendurnir myndu telja að í því hugtaki fælist.

3. TVEIR HEILDARFLOKKAR

a) Inngangur.

Eftir þennan almenna inngang um menntastefnur samtíðarinnar hyggst ég vekja sérstaka athygli á tveim þeirra fjögurra flokka, sem ég hef getið um, það er á öðrum og fjórða heildarflokknum sem ég gat um, en svo sem fram hefur komið var sá annar kenndur við essentialisma, hið innsta eðli, eða kjarna og hinn fjórði kenndur við eksistentialisma, mennskan veruleik sem ekki býr yfir innsta eðli frá fæðingu heldur öðlast það í lífi og baráttu. Það má því segja að með þessu vali sé enn vikið að augljósum andstæðum, þótt sú hafi reyndar ekki verið veigamesta ástæðan til að þessir aðalflokkar urðu fyrir valinu. Hitt er mér ekki minna atriði að menntastefnur fyrri aðalflokksins hafa áköfustu túlkendur sína og talsmenn meðal þeirra sem stærstan hlut ætla fræðurum og uppalendum, en menntastefnur hins síðari eiga mestu fylgi að fagna meðal þeirra sem nema vilja burtu skilin milli kennara og nemenda og líta á alla sem jafna þátttakendur í vandasamasta verkefni tilverunnar, að gera úr manneskjunni það sem hægt er úr henni að gera að „hún verði ekki hið eina alls lifandi sem neitar að vera það sem hún er eða henni ber“, eins og franski rithöfundurinn Albert Camus óttaðist.

b) Heildarstefnur essentialisma.

Við skulum þá fyrst líta á framlag þess flokks menntastefna sem kenna má við essentialisma, til hinna nýju viðhorfa til menntunar og fræðslu, sem áður hefur verið gefið til kynna. Eins og áður segir má greina á milli menntastefna þessa flokks eftir því hvort megináhersla er lögð á hið hugræna og hugsjónalega, idealismi er þetta afbrigði kallað, eða hið raunsæja og hlutlæga, en þá er um realisma að ræða. Loks er svo hlutur hins þriðja afbrigðis, Philosophia Perennis, þeirrar visku sem er ein og eilíf, þótt búningur hennar beri merki staðar og tíma. Leiða ber hugann stuttlega að framlagi hvers afbrigðis fyrir sig:

Idealisminn hefur á síðustu árum lagt á það hina ríkustu áherslu að því aðeins geti maðurinn öðlast vitneskju um sjálfan sig og tilveru sína að honum takist að brúa bilið milli hins innra og hins ytra. Ekki er nóg að þekkja ytra borð tilverunnar. Úr því verður engin heimsmynd. Í menntun og fræðslu á maðurinn möguleika að eignast veröld sem er hans, hugræn, vitræn og siðræn. En til þess að svo megi verða þarf það tvennt að ljúkast upp vitund manns og skynjun sem mikilvægast er, en það er annars vegar ímynd og vera sannleikans, hins vegar ímynd og vera góðleikans. — Lærdómur sem þessa leitar verður vísdómur ekki vonarsnauð viska.

Realisminn hefur á síðustu árum orðið æði fyrirferðamikil fræðslustefna. Veruleikatúlkun hans hefur þar miklu valdið, en lagt er mest upp úr að kynnast og meta hinn hlutræna veruleika, sem óháður sé hugrænum fyrirbærum. — **Þekking á hlutrænum veruleika felur í senn í sér örvun og laun, stimulus and response.** Það er manninum nauðsyn að beygja sig undir lögmál efnisheimsins, því einungis á þann hátt getur maðurinn hlotið arð erfiðis síns í sýnilegum og áþreifanlegum árangri. — Sams konar undirgefni hlýtur maðurinn og að sýna andspænis félagslegri og menningarlegri hefð (tradition), **því einungis á þann veg getur maðurinn** fundið lífi sínu gildi og merkingu. — Og samvisku sína finnur maðurinn einnig í undirgefni við valdboð sem í senn byggist á lögum náttúrunnar og lögmálum félagsheildarinnar. — Þannig grundvallast hin þrjú svið mannlegrar tilveru á menntun og fræðslu, þekkingu þess sem var, er og verður.

Philosophia Perennis — hefur eins og áður er greint frá einkum birst á síðari árum í tveim afbrigðum, vitrænni mannúðarstefnu, vitrænum humanisma **rational humanisme** og **skólaspeki kaþólskra.** — Framlag hinnar **vitrænu mannúðarstefnu** hefur verið það helst á síðustu árum að sýna fram á hversu vit mannsins og skynsemi getur greint á milli hinna tveggja þátta veruleikans, þess þáttar sem er grundvallandi, essential, kjarni og innsta eðli, og hins sem er háður atvikum og aðstæðum, er accidental. Hið grundvallandi er alltaf eitt og samt, uniformt; það sem aðstæðum og atvikum er háð getur hins vegar verið breytilegt, variabelt. Þannig getur vit og skynsemi gert sér fulla grein fyrir því hvað breyst getur og breytast hlýtur í tilveru manna svo og hinu sem ekki verður breytt og ekki má breyta. Einmitt í slíkri skynsemisrækt finnur maðurinn yfirburði menntunar og þekkingar svo og áttar sig á hvar frelsi hans er fólgið. En hvort tveggja er hið mikilvægasta. — Framlag **skólaspeki kaþólskra** er ekki einskorðað við rómversk kaþólska, heldur nær langt út fyrir raðir bæði kristinna og svokallaðra trúaðra manna, sé hægt að nota það hugtak til aðgreiningar svo að nokkurt vit sé í. — Skólaspekin hefur í nýjum búningi í samtíðinni lagt ríka áherslu á hina tvenns konar skipan eða tvenns konar lögmál tilverunnar. Þar er annars vegar um að ræða lögmál og skipan hinnar ytri náttúru, hins vegar er um að ræða skipan og lögmál hins yfirskilvitlega, hins yfirnáttúrulega eða hins innra veruleika, ef menn kjósa heldur að komast þannig að orði. — Allt nýtt og óvænt sem vart verður í skipan náttúrunnar og fyrirbærum hins ytra verður aðeins greint og skynjað vegna þess að til er annar óbreytanlegur veruleiki til viðmiðunar, hið eilífa, yfirnáttúrulega. — Í menntun og fræðslu ber að leggja sérstaka áherslu á frelsið og sérstöðu þess í mennskri tilveru. Þess ber þá sérstaklega að gæta að frelsið er tvenns konar. Annars vegar er til **einstaklingsbundið frelsi,** sem er algerlega háð vilja þess sem frelsið hefur. Það er frelsi til að velja og hafna því sem fram er boðið. En þetta er einfaldasta og frumstæðasta form frelsisins. Til er annað og stórbrotnara, en um leið vandasamara form. Það er **hið félagslega frelsi** og felur í sér félagsleg forréttindi í samræmi við þann þroska, sem sýndur hefur verið í því að meta og virða félagslegan vísdóm aldanna. Að hinu síðara frelsi stefnir menntun og fræðsla fyrst og fremst, en til þess að öðlast möguleika hins síðara verður nemandinn að hafa hagnýtt hið fyrra á skynsamlegan og ábyrgan hátt.

c) Heildarstefnur eksistentialisma.

Næst mun ég snúa mér að framlagi þess flokks menntastefna samtíðarinnar, sem kenna má við eksistentialisma, stefnu hinnar mennsku tilveru, svo sem fyrr sagði, hinnar mennsku tilveru sem hefur það að megineinkenni að greina sig frá stíga út úr, en til grundvallar nafngiftinni eksistentialismi er gríska sögnin eksistemi, sem reyndar hefur þá merkingu. Eksistentialismi er annars heitið á einni af áhrifamestu heimspekistefnum samtíðarinnar og eru blæbrigði hennar harla mörg og skal ekki gerð grein fyrir þeim hér. Þessi heimspekistefna hefur mótað

verulega menningarlíf Vesturlandabúa eftir síðari heimstyrjöldina, bókmenntir og listir alveg sérstaklega, en einnig hin ýmsu afbrigði fræða, þar á meðal guðfræði, uppeldisfræði og kennslufræði. — Það er sérstætt fyrir heimspekinga eksistentialismans að þeir leggja mjög ríka áherslu á hin svokölluðu verufræði, ontologiu. Þau fræði eru í sjálfu sér harla forn, en hafa á síðustu árum aftur komið mjög fram í sviðsljósið. Að hverju hér er stefnt gæti ef til vill skýrst lítillega við þá breytingu sem eksistentialistinn franski Jean Paul Sartre gerði á hinni alkunnu fullyrðingu Descartes: Ég hugsa, þess vegna er ég til, Cogito, ergo sum. Í framsetningu Sartres varð setningin aftur á móti: Ég er ekki, þess vegna hugsa ég, Non sum, ergo cogito. — Það er að segja, við það að skynja vöntun mína og skort, við að skynja hvað ég er ekki, en kynni að geta orðið, við þá skynjun vaknar hugsunin, við þá reynslu verður vitsmunaþátturinn til. — Skynjun þess sem ekki er er þannig engu ómerkari þáttur í lífi og tilveru mannsins heldur en skynjun þess sem er, eða þess sem þegar er orðið. — En þessi skynjun vöntunar og skorts er engan veginn þægileg og auðveld. Þvert á móti. Til hennar má rekja í verulegum atriðum ótta mannsins og kvíða, en hvort tveggja er hverjum manni eðlilegar tilfinningar og eðlileg skynjun. — Manninum hlýtur að finnast sem honum hafi verið þeytt inn í þessa tilveru án þess að fá nokkru um það ráðið, Geworfen sein og af því leiðir kvíða, áhyggjur, Sorge um afdrif sín og árangur. Af því stafar líka sú hætta að vilja hverfa inn í hópinn, viljalaus og hugsunarlaus, hættan að breytast úr manni í það sem er minna en maður, sem e. t. v. mætti kalla menni. — Vandi mannsins verður heldur ekki minni þegar hann uppgötvar staðreynd dauðans og kemst að raun um að líf hans er vera til dauðans, „Sein zum Tode“ og alla ævidaga sína býr hann og berst í skugga þeirrar vitneskju og fullvissu. — Það er því ekki að ófyrirsynju að forsvarsmenn eksistentialismans hafa leitað að von og birtu að gera tilveru manna skaplegri og bærilegri. Þá von hafa sumir fundið í trúnni á hið transcendenta, það sem fyrir handan er og talið augljóst að þá birtist undur mennskrar tilveru mest þegar verulega reyndi á og komið væri að mörkum mannlegrar getu, við aðstæður og atvik hinna ýtrustu takmarka kæmi best í ljós yfir hve miklum styrk og stórhug maðurinn gæti búið, enda kæmi þá til hjálp og náð, sem maðurinn ætti aðgang að. — Aðrir hafa aftur á móti litið von og birtu í þeirri sérstæðu hæfni mannsins að geta blandað geði við aðra menn. Til er það mót sem manna er einna svo og alls þess sem býr yfir persónuleika. Að eiga þess kost að tala um sjálfan sig í fyrstu persónu sem ég og þann sem blandað er geði við í annarri persónu, þú er lykill að óvenjulegri og einstæðri reynslu. Hættan er aðeins sú að hið ópersónulega, hlutræna trufli og komi í veg fyrir þessa reynslu og það því fremur sem margt í lífi okkar og menningu leggur svo ríka áherslu á hina hlutrænu skynjun.

Eftir þennan langa formála að skýra meginforsendur eksistentialismans er rétt að koma beint að því efni hvað hann hefur lagt þeim flokki menntastefna sem á honum byggjast til og hvert sé þá hið nýja framlag þeirra. — Sérstætt er það framlag þessa flokks menntastefna að líta beri á nám og menntun sem kveikju nýrra þáttaskila í lífi mannsins. Þroski mannsins er ekki stöðugur og jafn. Þroski og þekking fæst aðeins fyrir átök og baráttu og má segja að undanfari hverra þáttaskila að þessu leyti sé kreppa, andleg, hugræn og siðræn. Því aðeins verður bundinn endi á þá kreppu að um einhvers konar vakningu eða hugljómun sé að ræða. Ný lausn sé fundin, ný innsýn og yfirsýn hafi veist. Að slíkri hugljómun eða vakningu á öll menntun og fræðsla að stefna. Þess vegna má hún ekki verða ítroðsla eða utanbókarlærdómur, heldur handleiðsla og örvun, sameiginleg barátta nemenda og kennara, en kennarinn á að líta á sjálfan sig sem nemanda er hefur það eitt fram yfir þann sem hann aðstoðar að hann veit betur og þekkir takmarkanir sínar, veit eins og Sókrates forðum að hann veit ekkert, veit ekkert eins og hægt er að vita og skynja í nýrri dýpt þekkingar og hugljómunar. — Það er því annað meginframlag þessa flokks menntastefna að hafa vakið nemendurna sérstaklega til vitundar um stöðu sína

og rétt. Frá henni hefur í verulegum atriðum stafað sú kvika, sem orðið hefur vart meðal nemenda á ýmsum skólastigum á Vesturlöndum, en alveg sérstaklega **þeim skólastigum sem ofar eru í menntakerfinu. Tvenns konar öfga hefur að vísu** gætt í þessari kviku og varla við öðru að búast. Er annars vegar um að ræða hreyfingu hippanna, sem hefur næsta ómótaðar skólahugmyndir enda um að ræða flokk ungmenna sem ekki vilja á neinn hátt sætta sig við félagslega ábyrgð eða skyldur. Hins vegar er svo um að ræða flokk aktivistanna, hins athafnasama **unga fólks sem vill láta taka tillit til skoðanna sinna, skilnings síns og ekki síst** tilfinninga sinna. Þessi flokkur ungmenna hefur ákveðnar skólahugmyndir og er á margan máta hinn ábyrgasti, þótt öfgamenn af ýmsu sauðahúsi hafi stundum sett um of svip á athæfi og tiltektir. Nemendalýðræði svo og aðrar hugmyndir um aðild og ábyrgð nemenda á til þessa rætur sínar að rekja í verulegum atriðum. **— Þá er það hið þriðja framlag þessa flokks menntastefna að hafa komið fram** með ábendingar sem síðan hafa leitt til slagorðamyndunar, góðra og lélegra eftir því hverning á málin er litið. Fjögurra slíkra skal getið án þess að nánar verði farið út í að skýra þau, sem samt hefði verið harla æskilegt. Hin fjögur slagorð **eru þessi: Kynslóðabilið — stofnunin eða kerfið, firringin** og loks **sjálfstjáning** eða kannski öllu fremur skortur sjálfstjáningar. — Þá er loks síðasta framlagið sem hér skal vikið að, en það felst í því að benda á hinar sérstæðu spurningar Kants sem hann á sínum tíma taldi að mikilvægastar væru: Hvað get ég vitað? Hvernig ber mér að breyta? Hvers má ég vænta? Hvað er maðurinn? Um dýpstu rök skal spurt og þá ekki síst hiklaust dvalið við staðreynd dauðans, vitandi það að mikill sannleikur er fólgin í eftirfarandi fullyrðingu: „Er í raun og veru hægt að telja þann mann nafa komist í snertingu við menntun og fræði, sem ekki í fullri alvöru hefur verið látinn búa sig undir að mæta dauðanum?“ Getur sá maður sem hliðrar sér hjá mestu og dýpstu spurningum mannverunnar lifað sem mennsk vera og notið þess lífs sem hann á kost á?

4. NIÐURLAG

Greinargerð minni um menntastefnur samtíðarinnar er lokið og þar með hef ég leitast við að vekja athygli á forsendum hinna tveggja hugtaka og fyrirbæra **sem ég fjallaði um í fyrra erindi mínu, fullorðinsfræðslu, ævimenntun.** Allt víkur að einum punkti: skóla lífsins. Lífið er undur sem maðurinn hefur öðlast.

Heimildir:

Achton, Steen og Clausen, Sten Krog: **Kreativitet,** Munksgaard, 1971.

Brubacker, John S.: **Modern Philosophies of Education,** Fourth Edition, Mc Graw-Hill Book Company, New York 1969.

Bruner, Jerome S.: **Uddannelsesprocessen,** Gyldendals pædagogiske Bibliotek, 2. oplag, København 1972.

Bruner, Jerome S.: **Bidrag til en undervisningsteori.** Gyldendals pædagogiske Bibliotek, København 1972.

Buber, Martin: **I and Thou.** Second Edition, T. & T. Clark, Edinburgh, 1958.

Buber, Martin: **Between Man and Man.** Collins, The Fontana Library, London, 1947.

Buber, Martin: **The Way of Response, Martin Buber.**
Selections from his writings.
Edited by N. N. Glatzer. — Schocken Books, New York.
Third Printing, 1971.

Bugge, K. E.: **Pædagogiske grundideer,**
Berlingske Forlag, København, 1969.

Butcher, H. J. **Human Intelligence,** Its Nature and Assessment,
Methuen & Co Ltd, London 1970.

Butcher, H. J.:
and **Lomax,** D. E. (ed.): **Readings in Human Intelligence**
Methuen & Co Ltd, London 1972.

Conant. James Bryant: **Shaping Educational Policy,**
Mc Graw-Hill Book Company, New York 1964.

Dewey, John: **Experience and Nature.**
Dover Publications Inc. New York 1958.

Frankl, Viktor; **Frøland,**
Erling; **Sirnes,** Tollak B: **Det frigjorte sinn.**
Olaf Norlis Forlag, Oslo 1970.

Furth, Hans G.: **Piaget for teachers.** Prentice-Hall, Inc. New York 1970.

Grundtvig, N.F.S.: **Grundtvigs skoleverden I—II.**
Udgivet af Knud Eyvin Bugge G. E. C. Gads Forlag,
København 1968.

Husén, Torsten: **Skolans Kris** och andra uppsatser om utbildning,
Almqvist & Wiksell, Stockholm 1972.

Hutchingson, Michael
and **Young,** Christopher: **Educating the Intelligent,** Penguin Books, 1972.

Hutchins, Robert M.: **Robot eller menneskesamfunn?**
H. Aschehoug & Co (W. Nygaard), Oslo 1969.

Huxley, Julian: **Essays of a Humanist,** Penguin Books, 1969.

Lawrence, Elizabeth: **The Origins and Growth of Modern Education,**
Penguin Books, 1970.

Maritain, Jacques: **The Degrees of Knowledge.** Geoffrey Bles, London 1959.

Matthías Jónasson: **Nám og kennsla.** Menntun í þágu framtíðar.
Heimskringla 1971.

Myers, Edward D.: **Education in the Perspective of History.** Longmans, London 1963.

Myhre, Reidar: **Pedagogisk Idéhistorie,** Fabritius & Sønners Forlag, Oslo 1970.

Neill, A. S.: Summerhillskolen. Hans Reitzel, København, 6. oplag.

Neill, A. S.: **Hjerter — ekki hjerner i skolen.** Hans Reitzel, København 1968.

Neill, A. S.: **Problemfamilien.** Hans Reitzel, København 1967.

Neill, A. S.: **Problemlæreren.** Hans Reitzel, København, 1968.

Nyquist, Ewald B. and Hawes, Gene R.: **Open Education.** A Sourcebook for Parents and Teachers, Bantam Books, New York 1972.

Olsen, Tom Ploug: **Nysgerrighed og indlæring. — D. E. Berlynes teori.** Munksgaard 1970.

Peters, R. S.: **The Concept of Education.** Routledge & Kegan Paul London, Third impression 1968.

Piaget, Jean: **Barnets opfattelse af den fysiske verden.** Tekster fra Jean Piagets værker. Munksgaard/Hans Reitzel. København, 1970.

Piaget, Jean: **Barnets imitation, leg og symbolbrug.** Tekster fra Jean Piagets værker Munksgaard/Hans Reitzel. København, 1970.

Piaget, Jean: **Barnets opfattelse af tal, rum og bevægelse.** Tekster fra Jean Piagets værker Munksgaard/Hans Reitzel, København 1971.

Piaget, Jean: **Barnets opfattelse af årsag og virkning.** Tekster fra Jean Piagets værker Munksgaard/Hans Reitzel, København, 1971.

Piaget, Jean **Main Trends in Psychology.** George Allen & Unwin, 1973.

Piaget, Jean: **Main Trends in Inter disciplinary Research.** George Allen & Unwin 1973.

Read, Herbert: **Education through Art.** Faber and Faber, London 1958.

Richardson, Ken and Spears, David (ed.): **Race, Culture and Intelligence.** Penguin Books, 1972.

Young, Michael: **The Rise of the Meritocracy.** An Essay on Education and Equality. Penguin Books 1970."

Fylgiskjal I.

Um fjárframlög til fræðslu fullorðinna.

I.

Fullorðinsfræðslunefndin leggur til að bætt verði nýrri málsgrein við 2. grein frumvarps til laga um fullorðinsfræðslu:

„Fjárlög ríkisins mæla fyrir um framlög til fullorðinsfræðslu hverju sinni. Aldrei skal minni fjárhæð varið til nefndrar fræðslu en sem svarar 5% hækkun á heildarframlögum til menntamála.“

II.

Greinargerð.

Eins og fyrr segir leggur fullorðinsfræðslunefndin til að nýrri málsgrein verði bætt við 2. grein frumvarpsins, er kveði á um tvennt:

1) Alþingi ákveður hverju sinni framlög til fullorðinsfræðslu og tekur þá mið af fjárþörf og fjárhagsgetu.
2) Lágmarksframlög til fullorðinsfræðslu skulu vera 5% miðað við heildarframlög til menntamála.

Nefndin telur eðlilegt að hvað fjárframlög snertir sé tekið mið af kostnaði þeim sem fullorðinsfræðsla hefur í för með sér hjá frændþjóðum okkar á Norðurlöndum. Að vísu skal viðurkennt að erfitt er að afla öruggra heimilda um þau fjárframlög, en eftir því sem næst verður komist urðu fjárframlög á **almanaksárinu** 1972 eða **skólaárinu** 1972—1973 í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð þau sem nú verða greind:

1) Danmörk: Til menntamála var á skólaárinu 1972—1973 varið röskum 7 milljörðum danskra króna, er skiptust þannig: Skyldunámsskólinn hlaut ca. 4 milljarða, framhaldsskólastigið ca. 1.2 milljarða, háskólastigið ca. 1.5 milljarða og fullorðinsfræðslan ca. 400 milljónir danskra króna. Síðasta fjárhæðin nemur tæpum 6% af heildarframlagi til menntamála. — En í þessu fellst ekki allur sannleikurinn um framlög dana til fullorðinsfræðslu á nefndu skólaári. Heildaryfirlit lítur þannig út:

a) Til beinnar kennslu	375—400	milljónir	d.kr.
b) Til viðbótar og stuðnings (ráðunautar, kennaramenntun og fleira)	80— 85	—	—
c) Framlög til þátttakenda að bæta vinnutap og fleira (á vegum atvinnumálaráðuneytisins)	100	—	—
d) Framlög á forsendum félagsmálalöggjafar	75	—	—
e) Útlagður stofnkostnaður	25	—	—
Heildarframlög ríkisins	650	—	—
f) Framlög sveitarfélaganna	100—125	—	—
g) Framlög forystuaðila (initiativtagere) fyrirtækja og þátttakenda sem næst	400	—	—

Fullorðinsfræðsla dana hefur þannig kostað rúmlega milljarð danskra króna skólaárið 1972—1973 eða sem næst 20 milljörðum íslenskra króna. Það samsvarar **fjórum þúsundum íslenskra króna** á hvern íbúa Danmerkur.

2) **Finnland:** Engar heimildir eru til varðandi fjárframlög finna til fullorðinsfræðslu sem er hliðstæð frumfræðslu. Til annarrar fullorðinsfræðslu greiddu finnar sem hér segir árið 1972.

a) Til fullorðinsfræðslu sem tengist atvinnulífinu	100 700 000	f.mörk
b) Til fullorðinsfræðslu sem er frjálst nám og frístundamenntun	59 889 000	f.mörk
Alls	**160 589 000**	**f.mörk**

Samkvæmt þessu verða framlög ríkisins til tveggja af þrem aðalþáttum fullorðinsfræðslu í Finnlandi sem svarar 5 milljörðum íslenskra króna almanaksárið 1972 eða sem næst eitt þúsund og sjötíu krónur á hvern íbúa. — Í þessar tölur vantar styrki, er nemendur njóta í formi félagslegs stuðnings. — Má ætla að sá styrkur svo og framlög til fullorðinsfræðslu sem er hliðstæð frumfræðslu hækki þennan kostnað til muna og væri ekki fjarri lagi að framlög ríkisins til fullorðinsfræðslu myndu nema sem svarar tveim þúsundum á hvern íbúa. — Væri svo framlag sveitarfélaga í Finnlandi svo og einkaaðila hliðstætt og í Danmörku myndi mega áætla að finnar legðu fram sem næst **þrem þúsundum íslenskra króna** á hvern íbúa.

3) **Noregur:** Einna erfiðast virðist að fá tölulegar upplýsingar um framlög norðmanna til fullorðinsfræðslu. Helst er hægt að taka mið af gagnasöfnun norsku Unesco-nefndarinnar, er safnaði upplýsingum frá öllum ráðuneytum í Noregi að leggja fram á alþjóðaráðstefnunni í Tokíó sumarið 1972. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu að framlög ráðuneytanna til fullorðinsfræðslu hefðu alls numið árið 1970 116 174 891.00 norskra króna. Af þessum heildarframlögum lagði kirkju- og menntamálaráðuneytið fram sem næst 30 milljónum eða tæpan fjórða hluta og námu útgjöldin á 295. kafla fjárlaga (voksenopplæringskapitelet på statsbudsjettet) þá kr. 15 407 000.00 norskra króna. Þá var framlag atvinnumálaráðuneytisins um 20 milljónir norskra króna. Af öðrum meiri háttar framlögum árið 1970 fóru 10 milljónir norskra króna til Statens teknologiske institutt og 12 milljónir til fullorðinsfræðslu á vegum hersins (Forsvarets Sivilopplæring). — Útgjöldin á 295. kafla fjárlaga voru á fjárlögum ársins 1973 áætluð 39 583 000 00 norskar krónur eða höfðu aukist um 175%. — Með hliðsjón af því mætti ætla að heildarframlög ráðuneytanna norsku hefðu numið sem næst 320 millj. norskra króna árið 1973, eða sem svarar sjö milljörðum íslenskra króna á núverandi gengi eða um nítján hundrað íslenskum krónum á hvern íbúa. Samkvæmt þessu ætti að mega áætla heildarframlög norðmanna til fullorðinsfræðslu um **þrjú þúsund og fimm hundruð** íslenskar krónur á íbúa væru sömu forsendur gefnar og þær sem hagnýttar voru að meta framlög finna á þessu sviði.

4) **Svíþjóð:** Í skýrslu sem fulltrúar svía lögðu fram vegna gagnasöfnunar fullorðinsfræðslu á Norðurlöndum í ágústmánuði 1973 komu eftirfarandi upplýsingar varðandi kostnað fram:

Á fjárhagsárinu 1972—1973 voru framlög samfélagsins til fullorðinsfræðslu (samhällets utgifter för vuxenutbildning) samtals 871 milljón sænskra króna. Skiptingin var í aðalatriðum þessi:

a) Fullorðinsfræðsla á vegum sveitarfélaga (kommunal vuxenutbildning), sem hliðstæð er frumfræðslu	165	millj.	s.kr.
b) Fullorðinsfræðsla tengd atvinnulífinu	330	—	—
c) Fullorðinsfræðsla sem er frjálst nám og fristundamenntun	234	—	—
d) Lýðháskólamenntun	127	—	—
e) Önnur fullorðinsfræðsla (Löntagernas centrala kursusverksamhet, statens skolor för vuxna)	15	—	—
Samtals	871	millj.	s.kr.

Auk þessa var miklum fjárhæðum varið til styrktar þeim, er fullorðinsfræðslunnar nutu, einkum þeim er stunduðu fullorðinsfræðslu í tengslum við atvinnulífið, en styrkur til slíks gat numið alls 1700 kr. sænskum á mánuði auk ferðakostnaðar og dagpeninga í sambandi við ferðir. Slík félagsleg aðstoð í sambandi við námið (studie socialt stød) nam á sama fjárhagsári alls 460 **milljónum** sænskra króna.

Þá voru greiddar vegna afnota af húsnæði (og sérstakrar aðstöðu) nefnt ár **60 milljónir sænskra króna.**

Heildarútgjöld samfélagsins í sambandi við fullorðinsfræðslu urðu þannig í Svíþjóð fjárhagsárið 1972—1973 alls 1391 milljón sænskra króna eða rúmlega 37,5 milljarðar íslenskra króna, en það nemur um fimm þúsund íslenskum krónum á íbúa. Með framlagi annarra forystuaðila, fyrirtækja og þátttakenda yrði framlag svía á hvern íbúa aldrei undir **fimm þúsund og fimm hundruð íslenskum krónum.**

Með hliðsjón af því yfirliti yfir framlög frænda okkar á Norðurlöndum sem leitast hefur verið við að gefa virðist engin ofrausn að framlög íslenska samfélagsins til fullorðinsfræðslu yrðu 5% af heildarfjárframlögum til menntamála. Heildarframlög til menntamála eru samkvæmt frumgerð frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1975 áætluð 7,5 milljarðar íslenskra króna .Væri gert ráð fyrir að 5% þeirrar upphæðar yrði bætt við til fullorðinsfræðslu næmu þau framlög um 375 milljónum íslenskra króna. Fullorðinsfræðslunefndin álítur að með þeirri fjárveitingu væri hægt að bæta úr brýnustu þörf í þeim þrem þáttum nefndrar fræðslu, sem margsinnis hefur verið gerð grein fyrir:

a) Fullorðinsfræðslu sem er hliðstæð frumfræðslu.
b) Fullorðinsfræðslu í tengslum við atvinnulíf og vinnumarkað.

íbúa. Með framlagi annarra forystuaðila, fyrirtækja og þátttakenda yrði framlag

c) Fullorðinsfræðslu sem er frjálst nám og fristundamenntun.

Fullorðinsfræðslunefndin leggur á það ríka áherslu að fjárframlögum verði skipt á eðlilegan hátt milli hinna þriggja þátta og mið tekið af raunverulegum þörfum, en engum einum þætti ívilnað á kostnað hinna eða hann látinn draga til sín stærstan hluta fjárins.

Samþykkt á fundi fullorðinsfræðslunefndar, laugardaginn 16. nóvember 1974.

Guðmundur Sveinsson.	Sigríður Thorlacius.	Andrés Björnsson.
Stefán Guðmundsson.	Gunnar Grímsson.	Matthías Jónasson.
	Ragnar Georgsson.	

Fylgiskjal II.

Reykjavík, 8. desember 1975.

Til menntamálaráðuneytisins,
Reykjavík.

Nefnd sú, er menntamálaráðuneytið skipaði upphaflega 26. okt. 1971 til að semja frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu, og skilaði frumvarpi og greinargerð í júní 1974, en fékk síðan til umsagnar greinargerðir og athugasemdir ýmissa aðila, sem nefndin fjallaði um, — og var loks falið með bréfi dags. 18. júní 1975 að endurmeta frumvarp það, sem lagt var fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi 1974, hefur nú endanlega lokið störfum og vill af því tilefni koma eftirfarandi á framfæri við hið háa menntamálaráðuneyti:

1) Nefndin leggur til að frv. til l. um fullorðinsfræðslu verði að nýju lagt fyrir Alþingi í upphaflegu formi. Þó hefur nefndin fallist á að breyta síðustu grein frumvarpsins, og skal hún hljóða þannig:

„Lög þessi öðlast þegar gildi, en komi til framkvæmda þegar fé er veitt á fjárlögum til hinna ýmsu þátta fullorðinsfræðslunnar, er þau kveða á um. Þó skulu ákvæði 30. og 31. gr. laganna koma til framkvæmda eigi síðar en á fjárhagsárinu 1977".

Niður falli viðbót við 2. gr., er kveður á um fjárframlög til fullorðinsfræðslu (sbr. till. nefndarinnar 16. nóv. 1974, fskj. I).

2) Nefndin leggur til að umsagnir hinna 24 aðila, er nefndinni voru sendar, verði birtar sem sérstakur viðauki við greinargerð frumvarpsins. Þá verði svar

fullorðinsfræðslunefndar, dags. 19. febrúar 1975, þar sem fjallað er um athugasemdir við frumvarpið, einnig birt.

3) Nefndin leggur einnig til, að umsagnir hinna ýmsu deilda Háskóla Íslands verði birtar sem sjálfstæður viðauki við greinargerðina, svo og athugasemdir fullorðinsfræðslunefndar við þær.

4) Fullorðinsfræðslunefnd lítur svo á að hún hafi hér með endanlega lokið störfum og gefur ekki kost á frekari umfjöllun nefnds frumvarps eða athugasemda, sem síðar kunna að berast.

Samkvæmt umboði nefndarinnar er þessu hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,
Guðmundur Sveinsson, formaður.
Sigríður Thorlacius, ritari.

Fylgiskjal III.

Reykjavík, 19. febrúar 1975.

I.

Fullorðinsfræðslunefnd hefur þrívegis borist erindi frá menntamálaráðuneytinu í formi umsagna ýmissa aðila er fengu til athugunar frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu ásamt greinargerð er nefndin samdi og skilaði ráðuneytinu í júní 1974. Bréf þau frá menntamálaráðuneytinu er fylgdu umsögnunum eru dagsett sem hér segir:

4. nóvember 1974, umsagnir sextán aðila,
13. desember 1974, umsagnir sjö aðila,
29. janúar 1975, umsögn eins aðila.

Hafa þannig borist til fullorðinsfræðslunefndar alls 24 umsagnir og álitsgerðir varðandi nefnt frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu.

Fullorðinsfræðslunefndin hefur rætt erindi menntamálaráðuneytisins, en ráðuneytið óskaði að sendar umsagnir yrðu teknar „til athugunar og umsagnar“ af nefndinni, á 7 fundum. Hafa umsagnir hver og ein verið teknar til gaumgæfilegrar könnunar og vandlegs endurmats. Munu niðurstöður þeirrar könnunar svo og viðbrögð nefndarinnar kynnt í aðalatriðum og komið á framfæri við hæstvirt menntamálaráðuneyti.

II.

1. Jákvæð viðbrögð.

Það er fullorðinsfræðslunefndinni mikið ánægjuefni hve viðbrögð þeirra 24 aðila, sem umsagnir hafa sent, eru jákvæð og flest á þann veg að óskað er eftir að frumvarpið verði samþykkt og komi til framkvæmda sem lög hið bráðasta. Má jafnvel ganga svo langt að fullyrða að þessi jákvæðu viðbrögð einkenni umsagnirnar öðru fremur. Og það sem ánægjulegast er er að þessi jákvæðu viðbrögð birtast í umsögnum samtaka og aðila, er tengjast hinu lögbundna skólakerfi eins og það er nú, engu síður en aðila vinnumarkaðarins svo og hinna fjölmörgu frjálsu og óháðu félagasamtaka, er tekið hafa frumvarpið til athugunar og umsagnar. Ber í þessu sambandi að vekja sérstaka athygli á umsögnum eftirfarandi heildarsamtaka kennara:

a) Sambands íslenskra barnakennara
b) Bandalags háskólamanna
c) Landsambands framhaldsskólakennara.

Að vísu gætir nokkurra mótsagna í meðhöndlun síðasta aðilans, Landsambands framhaldsskólakennara, sem stafar vafalaust af því að þeir, sem umsögnina hafa samið, hafa ekki því miður gert sér fulla grein fyrir hvað felst í hugtakinu „fræðslusamband" eins og það er hugsað og túlkað í frumvarpinu og greinargerð þess.

Þrátt fyrir jákvæð viðbrögð nærri allra þeirra aðila, er umsagnir sendu, ber því ekki að neita að mörgum finnst í mikið ráðist að samþykkja rammalög er haft gætu í för með sér veruleg útgjöld fyrir ríkið fyrst og fremst, en einnig aðra aðila svo sem landshlutasamtök og sveitarfélög. — Er því af nokkrum aðilum lagt til að frumvarpið, þótt að lögum yrði, kæmi ekki til framkvæmda nema í áföngum. Þessi er afstaða t. d. fræðsluráðs Reykjavíkur svo og Sambands íslenskra sveitarfélaga. — Fullorðinsfræðslunefndin telur að slík viðbrögð og slíkar viðvaranir séu í fyllsta máta eðlilegar, enda var viðbótargrein nefndarinnar við lögin, sú sem fjallar um fjárframlög sett og skýrð vegna óskar er barst frá menntamálaráðuneytinu, raunverulega við það miðuð að lögin kæmu til framkvæmda í áföngum, væri frumvarpið samþykkt (sbr. viðbót við 2. grein frumvarpsins).

2. Athugasemdir.

Eins og að líkum lætur og eðlilegt er birtast í umsögnum hinna 24 aðila ýmis konar athugasemdir við frumvarpið svo og gagnrýni á störf fullorðinsfræðslunefndarinnar. Flestar eru athugasemdirnar settar fram af háttprýði og byggðar á málefnalegum forsendum og gagnrýninni miklu meira í hóf stillt en lof það og hrós sem á nefndina er hlaðið í mörgum umsögnunum. Athugasemdunum má skipta niður í nokkrar heildir, þannig:

a) Frumvarpið er of mjög undir áhrifum erlendra fyrirmynda og tekur ekki að sama skapi mið af íslenskum aðstæðum.
Gagnasöfnun skortir á Íslandi.

b) Frumvarpið gerir ráð fyrir sköpun annars fræðslukerfis við hlið þess sem nú er og mun af þeim sökum auka á yfirbyggingu og torvelda framkvæmdir.

c) Frumvarpið er varla tímabært, þar sem brýnasta verkefnið á sviði fræðslumála er nú endurskoðun og endurskipulagning framhaldsskólastigsins.

d) Frumvarpið nær til verk- og tæknimenntunar í landinu og fær ekki leyst nema að takmörkuðu leyti þann vanda, sem þar er við að glíma. Verk- og tæknimenntun er nú Akkillesar hæll framhaldsskólastigsins og fram hjá risastórum verkefnum hennar má ekki ganga.

Skal nú stuttlega gerð grein fyrir afstöðu fullorðinsfræðslunefndarinnar til þeirra athugasemda, er raktar hafa verið.

a) Erlendar fyrirmyndir — Skortur á söfnun gagna um fullorðinsfræðslu á Íslandi:

Það er vissulega rétt að fullorðinsfræðslunefndin tók við samningu frumvarpsins í verulegum atriðum mið af lagasetningu í nágrannalöndunum og þá fyrst og fremst lögum og lagafrumvörpum frá Norðurlöndum. Slíkt hlaut að vera í fyllsta máta eðlilegt, þar sem um algera frumsmíð er að ræða, en hingað til hafa engin lög verið samþykkt á Alþingi íslendinga, er fjalla um fullorðinsfræðslu hvorki heildarlög né lög um einstaka þætti þeirrar fræðslu. — Í nágrannalöndum okkar er hins vegar um lagahefð að ræða lengri og skemmri. — Reynt var að meta hin norrænu lög, sem gilda um fullorðinsfræðslu og hagnýta þau sem fyrirmyndir að svo miklu leyti sem fullorðinsfræðslunefndin taldi mögulegt og eðlilegt. — Þá var það ennfremur afstaða fullorðinsfræðslunefndarinnar að fá sem gleggsta innsýn í þróun lagasetningarinnar og kjósa til handa okkur íslendingum það form er í senn byggi

Viðskiptaráðherra skipar fulltrúa Íslands í stjórn sjóðsins og annan til vara.

3. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að ábyrgjast hluta Íslands í skuldbindingum sjóðsins, allt að jafnvirði 25 milljóna dollara og að taka lán úr sjóðnum allt að sömu fjárhæð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eftir olíuverðhækkanirnar undanfarið, sem hófust 1973, hefur greiðslujafnaðarkerfi heimsins raskast verulega. Geysilegir fjármunir hafa flutst til olíuframleiðslulandanna frá þeim löndum, sem kaupa olíu. Verðsveiflur hafa einnig orðið á ýmsum öðrum vörum og röskun á milliríkjaviðskiptum orðið mikil. Viðskiptakjör okkar íslendinga hafa versnað verulega og gjaldeyrisforðinn eyðst. Sömu sögu er að segja frá mörgum nágrannalöndum okkar. Ýmsar ráðstafanir hafa verið gerðar til að glíma við þennan vanda.

Árið 1974 ákvað Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn að veita aðildarríkjum sérstök lán vegna gjaldeyriserfiðleika, sem stöfuðu af hækkun olíuverðsins (s. k. oil facility). Nam fjárhæð, sem varið skyldi til lánveitinga, fyrsta árið 3 milljörðum sértakra dráttareininga (SDR). en 1975 5 milljörðum sérstakra dráttareininga, en hver dráttareining samsvarar um 1.25 dollurum. Verulegur hluti fjármagns sjóðsins kom frá olíuútflutningslöndum.

Ísland hefur fengið af þessu fé frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að láni alls 25.6 millj. dráttareininga, sem samsvöruðu á gengi 1. júlí s. l. 4 852 millj. kr.

Eftir tillögum s. k. tíu landa hóps (þ. e. 10 auðugra iðnaðarríkja) var ákveðið að setja á stofn innan OECD-landanna sérstakan sjóð til fjárhagslegs stuðnings á milli aðildarlandanna. Uppkast að samningi um stofnun slíks sjóðs sömdu sérfræðingar OECD og var það samþykkt af OECD ráðinu hinn 7. apríl s. l. Samningurinn var undirritaður í París af öllum aðildarríkjum nema Tyrklandi hinn 9. apríl s. l. með fyrirvara um fullgildingu.

Rökstuðningur fyrir stofnun sjóðsins er sá, að olíuverðhækkanir hafi ekki svo ýkja alvarlegar afleiðingar fyrir aðildarríkin sem heild, þar sem olíuútflutningslöndin muni aftur yfirfæra fjármuni sína til OECD-landanna, en þetta geti komið harkalega niður á einstaka ríkjum. Mundu þau ríki eiga kost á lánum úr sjóðnum og þannig mætti koma í veg fyrir, að einstaka OECD-lönd grípi til hafta, sem andstæð eru stefnu stofnunarinnar í viðskiptamálum, og kynnu að hafa alvarlegar afleiðingar fyrir alþjóðaviðskipti.

Uppbygging sjóðsins er miðuð við að skipta byrðunum eftir getu hvers aðildarríkis. Kvótarnir eru byggðir á vergri (brúttó) þjóðarframleiðslu og utanríkisviðskiptum hvers aðildarríkis. Hluti Íslands í sjóðnum er 0.1%.

Sjóðurinn er 20 milljarðar sérstakra dráttareininga, þannig að hluti Íslands er 20 milljónir sérstakra dráttareininga eða 4 104 millj. kr. á núverandi gengi. Þessi fjárhæð er hámark þess, sem Ísland bæri ábyrgð á og gæti fengið að láni úr sjóðnum.

Gert er ráð fyrir, að aðildarríki, sem sækir um lán úr sjóðnum, hafi gengið verulega á eigin gjaldeyrisforða og notað aðra lánamöguleika, sem bjóðast með sanngjörnum skilmálum.

Sjóðurinn á ekki að lána eigið fé, sem fengið væri sem framlag frá aðildarríkjunum, eins og gerist í alþjóðalánastofnunum.

Samningurinn gerir ráð fyrir, að hlutdeild aðildarríkjanna verði ákveðin í hverju láni fyrir sig, eftir að ákveðið hefur verið að veita það. Aðalreglan er sú, að gert er ráð fyrir, að þátttaka í lánunum verði í hlutfalli við kvótann. Kvótarnir takmarka yfirleitt hámarksábyrgð hvers aðildarríkis og einnig lántökumöguleika þess.

Framlög aðildarríkja geta verið lán til sjóðsins eða ábyrgð á samsvarandi lántöku hans. Einnig getur komið til mála, að sjóðurinn taki lán með sameiginlegri ábyrgð allra aðildarríkjanna.

Heimilt er að undanþiggja land, sem á í greiðsluerfiðleikum, þátttöku í framlagi.

Hámarks lánstími er 7 ár, en vextir a. m. k. jafnháir þeim, sem sjóðurinn þarf að greiða. Heimilt er að reikna lántökugjald til að standa undir kostnaði við stjórn sjóðsins.

Sjóðurinn hefur sérstaka stjórn (Governing Committee), sem öll aðildarríki eiga fulltrúa í, og þau hafa atkvæðisrétt miðaðan við kvóta. Stjórnin tekur ákvarðanir um lánsumsóknir að fengnum tillögum sjóðsráðs (Advisory Board). Skrifstofa sjóðsins er hjá OECD, en Alþjóðagreiðslubankinn (Bank for International Settlements, BIS) er afgreiðslubanki fyrir sjóðinn, og hann mun einnig veita honum lán til bráðabirgða, ef á þarf að halda. Gert er ráð fyrir nánu samstarfi á milli sjóðsins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, en fulltrúar hans, svo og Alþjóðagreiðslubankans og Efnahagsbandalagsins, munu eiga sæti á fundum stjórnarinnar og sjóðsráðs.

Ólíklegt er, að mikil eftirspurn verði eftir lánum úr sjóðnum og ætti þá ábyrgð samfara þátttöku ekki að verða mikil. Fremur er ólíklegt að greiða þurfi ábyrgð, frekar að til greiðslufrests á lánsskuldbindingu gæti komið.

Samningurinn öðlast gildi, þegar hann hefur verið fullgiltur af aðildarríkjum, sem hafa a. m. k. 90% kvótanna eða af a. m. k. 15 ríkjum með 60% kvóta og samhljóða atkvæði þeirra. Gildir hann þá á milli þessara ríkja innbyrðis.

Vegna hinna miklu verðhækkana, sem orðið hafa á olíu og ýmsum öðrum vörum, hefur mjög gengið á gjaldeyrisforða landsmanna. Ríkissjórnin telur rétt að taka þátt í stofnun aðstoðarsjóðsins og eiga þannig kost á lánum, en jafnframt verður Ísland að vera reiðubúið að taka þátt í ábyrgð á lánum annarra aðildarríkja, ef til kemur.

Líkindi eru til, að öll aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar verði aðilar að sjóðnum.

Samningurinn á íslensku og ensku ásamt skrá yfir kvóta er fylgiskjal.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin felur í sér heimild til að fullgilda samninginn, þannig að aðild Íslands að honum verði lögformlega staðfest.

Um 2. gr.

Viðskiptaráðherra fer með bankamál og þykir rétt, að hann skipi fulltrúa Íslands í stjórn sjóðsins.

Um 3. gr.

Jafnvirði 25 milljóna dollara er hámark þeirrar ábyrgðar, sem Ísland gæti tekist á hendur samkvæmt reglum sjóðsins. Ef til ábyrgða kæmi, þyrfti að veita þær fyrirvaralítið, þannig að ekki væri ráðrúm til að leita lagaheimildar hverju sinni og er því fyllsta ábyrgðarheimild greind í frumvarpinu, en ábyrgðir á lánum annarra aðildarríkja mundu verða teknar smám saman. Lántökuheimild Íslands á vegum sjóðsins er að hámarki 25 millj. dollara, en ef lán yrðu tekin, yrði það smám saman, en fyllsta heimild er veitt í frumvarpinu.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR UM STOFNUN AÐSTOÐARSJÓÐS Á VEGUM EFNAHAGS- OG FRAMFARASTOFNUNARINNAR

Ríkisstjórnir Sambandsríkisins Ástralíu, Lýðveldisins Austurríkis, Konungsríkisins Belgíu, Kanada, Konungsríksins Danmerkur, Finnlands, Lýðveldisins Frakklands, Sambandslýðveldisins Þýskalands, Lýðveldisins Grikklands, Lýðveldisins Íslands, Írlands, Lýðveldisins Ítalíu, Japans, Stórhertogadæmis Luxemborgar, Konungsríkisins Hollands, Nýja Sjálands, Konungsríkisins Noregs, Lýðveldisins Portúgal, Spánar, Konungsríkisins Svíþjóðar, Sambandsríkisins Sviss, Lýðveldisins Tyrklands, Sameinaða konungsríkis Stóra Bretlands og Norður Írlands og Bandaríkja Norður Ameríku,

SEM ERU FULLVISSAR um nauðsyn þess að:

- forðast beri einhliða aðgerðir, er hamla mundu milliríkjaviðskiptum eða öðrum gengum viðskiptum, eða leiða mundu til óeðlilegrar hvatningar á útflutningi vöru og þjónustu; og
- reka verði stefnu í efnahagsmálum innanlands og í milliríkjaviðskiptum, er stuðli undir samvinnu til aukinnar framleiðslu og orkusparnaðar, þar með taldar fullnægjandi aðgerðir til að viðhalda jafnvægi greiðslujafnaðar;

OG VIÐURKENNA hlutverk Alþjóðagjaldeyrissjóðsins við að veita greiðslujafnaðarfjármögnun;

AGREEMENT ESTABLISHING A FINANCIAL SUPPORT FUND OF THE ORGANISATION FOR ECONOMIC CO-OPERATION AND DEVELOPMENT

The Governments of the Commonwealth of Australia, the Republic of Austria, the Kingdom of Belgium, Canada, the Kingdom of Denmark, Finland, the French Republic, the Federal Republic of Germany, the Hellenic Republic, the Republic of Iceland, Ireland, the Italian Republic, Japan, the Grand Duchy of Luxembourg, the Kingdom of the Netherlands, New Zealand, the Kingdom of Norway, the Portuguese Republic, Spain, the Kingdom of Sweden, the Swiss Confederation, the Republic of Turkey, the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland, and the United States of America,

CONVINCED of the need to:

- avoid unilateral measures which would restrict international trade or other current account transactions, or which would artificially stimulate visible and current invisible exports, and
- follow appropriate domestic and international economic policies, including adequate balance-of-payments policies and co-operative policies to promote increased production and conservation of energy;

RECOGNISING the central role played by the International Monetary Fund in providing balance-of payments financing;

MEÐ TILLITI TIL, að undir núverandi efnahagslegum kringumstæðum, er æskilegt að veita fjármögnun í undantekningatilfellum til viðbótar öðrum lántökumöguleikum, sem aðilar að samningi þessum, er orðið hafa fyrir alvarlegum efnahagslegum erfiðleikum, hafa átt kost á;

CONSIDERING that, in view of current economic conditions, it is desirable to supplement, in exceptional cases, other sources of credit to which Contracting Parties encountering serious economic difficulties have had recourse;

ÁLÍTA því nauðsynlegt að setja á stofn sjóð til fjárhagslegs stuðnings á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar, sem starfi um takmarkaðan tíma;

CONSIDERING, therefore, that it is necessary to establish, for a limited period, a Financial Support Fund of the Organisation for Economic Co-operation and Development;

ÁLÍTA, að það sé grundvallarsjónarmið samnings þessa, að áhættu lána aðstoðarsjóðsins verði skipt réttlátlega meðal allra aðildarríkjanna;

CONSIDERING that an essential feature of this Agreement is that the risks on loans by the Financial Support Fund shall be shared equitably among all Contracting Parties;

MEÐ TILLITI TIL viljayfirlýsingar Alþjóðagreiðslubankans um að aðstoða við rekstur aðstoðarsjóðsins;

CONSIDERING the willingness of the Bank for International Settlementts to assist the operations of the Financial Support Fund;

MEÐ TILLITI TIL samþykktar Ráðs Efnahags- og framfarastofnunarinnar, frá 7. apríl 1975 um efni samnings þessa, og þar sem það mælir með, að aðildarríki undirriti hann;

CONSIDERING the Decision, adopted by the Council of the Organisation for Economic Co-operation and Development on 7th April, 1975, approving the text of the present Agreement and recommending it to its Member countries for signature;

HAFA SAMÞYKKT eftirfarandi:

HAVE AGREED as follows:

I. KAFLI
AÐSTOÐARSJÓÐUR Á VEGUM EFNAHAGS- OG FRAMFARASTOFNUNARINNAR

1. gr.
Sjóðurinn.

Aðstoðarsjóður á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (hér eftir nefndur „sjóðurinn") er hér með settur á stofn. Hlutverk sjóðsins skal verða rækt samkvæmt ákvæðum samnings þessa og innan ramma Efnahags- og framfarastofnunarinnar (hér eftir nefnd OECD). Aðildarríki að OECD, er gerast aðilar að sjóðnum, verða hér eftir nefnd „aðilar".

ARTCLE I
THE FINANCIAL SUPPORT FUND OF THE ORGANISATION FOR ECONOMIC CO-OPERATION AND DEVELOPMENT

Section 1.
The Fund.

The Financial Support Fund of the Organisation for Economic Co-operation and Development (hereinafter called the „Fund") is hereby established. The functions of the Fund shall be carried out in accordance with the provisions of this Agreement and within the framework of the Organisation for Economic Co-operation and Development (hereinafter called the „OECD"). Member countries of the OECD which become members of the Fund are hereinafter called „members".

2. gr.
Markmið.

Markmið sjóðsins eru:

a) að hvetja og aðstoða aðilana til:
   i) að forðast einhliða aðgerðir, er hamla mundu milliríkjaviðskiptum eða öðrum gengum viðskiptum, eða sem hvetja mundu óeðlilega til útflutnings vöru og þjónustu; og
   ii) að halda uppi viðeigandi stefnu í efnahagsmálum innanlands og út á við, þar með talið fullnægjandi stefnu til viðhalds greiðslujöfnuði og stefnu til samvinnu, er hvetji til aukinnar framleiðslu og sparnaðar orku;
b) að vera til staðar takmarkað tímabil, með tilliti til núverandi efnahagsástands til að koma í undantekningartilfellum til viðbótar öðrum lántökuuppsprettum, sem aðilar, er verða fyrir alvarlegum efnahagserfiðleikum, hafa átt aðgang að; og
c) að sjá svo um, að lánsáhættu verði skipt réttlátlega meðal aðilanna í hlutfalli við og ekki umfram kvóta þeirra, hvernig sem lánin eru fjármögnuð.

Allar ákvarðanir samkvæmt samningi þessum skal miða við þessi markmið.

Section 2.
Objectives.

The objectives of the Fund are:

a) to encourage and assist members to:
   i) avoid unilateral measures which would restrict international trade or other current account transactions, or which would artificially stimulate visible and current invisible exports, and
   ii) follow appropriate domestic and international economic policies, including adequate balance-of-payments policies and co-operative policies to promote increased production and conservation of energy;
b) to serve for a limited period, in view of current economic conditions, to supplement, in exceptional cases, other sources of credit to which members encountering serious economic difficulties have had recourse; and
c) to ensure that the risks on loans by the Fund to members are shared equitably among all members, in proportion to their quotas and subject to the limits of their quotas, however the loans are financed.

All decisions under this Agreement shall be guided by these objectives.

II. KAFLI
AÐILD.

Aðild að sjóðnum skal opin aðildarríkjum OECD, er gerast aðilar að samningi þessum, samkvæmt ákvæðum XXIII. kafla.

ARTICLE II
MEMBERSHIP

Membership of the Fund shall be open to Member countries of the OECD which become parties to this Agreement in accordance with the provisions of Article XXIII.

III. KAFLI
KVÓTAR OG ÁBYRGÐ AÐILA

1. gr.
Setning kvóta.

a) Aðilum skal ætlaður kvóti að upphæð eins og fram kemur í töflu í viðauka við samning þennan. Summa kvótanna er 20 milljarðar sérstakra dráttareininga (hér eftir nefndir SDR).

ARTICLE III
QUOTAS AND LIABILITY OF MEMBERS

Section 1.
Establishment of quotas.

a) Each member shall have a quota in the amount listed for that member in the table in the Annex to this Agreement, the total of the quotas listed being 20 billion Special Drawing Rights (hereinafter called „SDR").

b) Kvótar skulu taldir í SDR. Aðferð við mat SDR skal vera í samræmi við XIV. kafla.

2. gr.
Ábyrgð aðila.

Kvóti aðila ákveður hámark á fjárhagslegri ábyrgð þess aðila til að mæta skuldbindingum sjóðsins.

IV. KAFLI
TAKMÖRK ÁBYRGÐAR SJÓÐSINS OG OECD

1. gr.
Ábyrgð sjóðsins.

Fjárhagsleg ábyrgð sjóðsins skal ekki fara fram úr eigum hans ásamt því fé, sem aðilar eru skuldbundnir til að láta honum í té samkvæmt samningi þessum.

2. gr.
Ábyrgð OECD.

OECD skal enga ábyrgð bera á gerðum eða vanrækslu sjóðsins.

V. KAFLI
ÚTLÁN

1. gr.
Útlánaheimild.

Með takmörkunum þeim, er um getur í samningi þessum, skal starfsemi sjóðsins vera takmörkuð við útlán til aðila á fé fengnu samkvæmt VII., VIII. og IX. kafla. Heimildin til lánveitinga skal vera áfram í gildi í tvö ár frá því, er samningur þessi gengur í gildi.

2. gr.
Hæfi til lántöku.

a) Óski aðili eftir láni úr sjóðnum, skal hann sýna stjórninni fram á, að hann:

i) eigi í verulegum fjárhagserfiðleikum gagnvart útlöndum;

b) Quotas shall be established in terms of SDR, the method of valuation of SDR being that provided for in Article XIV.

Section 2.
Liability of members.

A member's quota shall determine the maximum financial liability of that member to meet the obligations incurred by the Fund.

ARTICLE IV
LIABILITY OF THE FUND AND OF THE OECD

Section 1.
Liability of the Fund.

The financial liability of the Fund shall not exceed its own assets and the funds which members are obliged to provide to it pursuant to the provisions of this Agreement.

Section 2.
Liability of the OECD.

The OECD shall bear no liability for the acts or omissions of the Fund.

ARTICLE V
LOANS

Section 1.
Lending authority.

Except as otherwise provided in this Agreement, the operations of the Fund shall be limited to making loans to members from funds provided under Articles VII, VIII and IX. The authority to make loans under this Article shall continue in existence for two years from the entry into force of this Agreement.

Section 2.
Eligibility for loans.

a) A member that requests a loan from the Fund shall represent to the Governing Committee that it:

i) is encountering serious external financial difficulties;

ii) hafi notað eigin gjaldeyrisforða að fullu á viðeigandi hátt og hafi gert viðhlítandi tilraunir til að útvega fjármagn með sanngjörnum skilmálum annars staðar frá; og

iii) hafi á viðeigandi hátt notfært sér til fulls aðra fleirhliða lántökumöguleika.

b) Stjórnin skal fullvissa sig um, að aðili, er sækir um lán frá sjóðnum, uppfylli skilyrði í staflið (a) þessarar greinar, og að stefna aðilans sé í samræmi við þau stefnumörk sjóðsins, sem skilgreind eru í I. kafla, 2. gr. (a).

ii) has made the fullest appropriate use of its reserves and has made best efforts to obtain capital, on reasonable terms, from other sources; and

iii) has made the fullest appropriate use of other multilateral facilities.

b) The Governing Committee shall satisfy itself that the member applying to the Fund for a loan meets the eligibility requirements in paragraph (a) of this Section and that such member's policies are consistent with the objectives of the Fund specified in Section 2 (a) of Article I.

3. gr.

Upphæðir, kjör og skilyrði fyrir lántöku.

a) Lánsupphæðir skulu ákveðnar samkvæmt ákvæðum VI. kafla, 1. greinar.

b) Lán skulu ekki vera til lengri tíma en sjö ára.

c) Skilyrði nauðsynlegra efnahagsaðgerða:

i) til að rétta við fjárhagsstöðu þess aðila út á við, er tekur lán hjá sjóðnum (hér eftir nefndur lántaki), á viðhlítandi tímabili og

ii) til að uppfylla markmið sjóðsins skulu vera umsamin milli lántaka og sjóðsins, þegar lánið er tekið.

d) Stjórninni er heimilt að ákveða, að lánveiting fari fram í hlutum, og að hver slíkur hluti sé háður samþykki stjórnarinnar þess efnis, að skilyrði samkvæmt staflið (c) þessarar greinar séu uppfyllt.

e) Lántaki skal skuldbinda sig til að nota lánsandvirðið í samræmi við markmið sjóðsins. Stjórninni ber að fylgjast með stefnu lántaka í efnahagsmálum, svo og með framkvæmd þeirra skilyrða, sem vísað er til í staflið (c) þessarar greinar.

Section 3.

Amounts, terms and conditions of loans.

a) The amounts of loans shall be established in accordance with the provisions of Article VI, Section 1.

b) Loans shall have a maturity of not more than seven years.

c) Conditions relating to economic policies needed:

i) to redress the external financial situation of the member which receives a loan from the Fund (hereinafter called the „borrower") over an appropriate period and

ii) for the fulfilment of the objectives of the Fund shall be agreed between the borrower and the Fund at the time the loan is granted.

d) The Governing Committee may decide that a loan be made available in instalments and that the availability of each such instalment be subject to the agreement of the Governing Committee that conditions established under paragraph (c) of this Section have been complied with.

e) The borrower shall undertake to use the funds received by it in accordance with the objectives of the Fund. The Governing Committee shall keep the economic polcies of the borrower as well as the implementation of the conditions referred to in paragraph (c) of this Section, under review.

f) Vextir af veittum lánum sjóðsins skulu ákveðnir af stjórninni með hliðsjón af kringumstæðum, þegar lánveiting fer fram, með fullu tilliti til þeirra vaxta, er sjóðurinn greiðir fyrir skylda fjármögnun, og skulu þeir ekki vera lægri en þeir síðar nefndu.

g) Stjórninni er heimilt að leggja á lántökugjald til að standa straum af lánveitingarkostnaðinum.

f) The rate of interest payable on loans made by the Fund shall be determined by the Governing Committee in the light of conditions at the time the loan is made, having due regard to the interest rate paid by the Fund on the related financing, and shall not be less than the latter rate.

g) The Governing Committee may impose a service charge adequate to cover the cost incurred in making a loan.

4. gr.
Fyrirframgreiðslur.

a) Sé svo kveðið á í lánssamningum á milli lántaka og sjóðsins, og að svo miklu leyti sem lánveitendur til sjóðsins, er hafa lagt til fé fyrir láninu, vilja taka við fyrirframgreiðslu:

i) má lántaki greiða allt eða hluta láns fyrirfram;

ii) lántaki, er bætt hefur greiðslujafnaðarstöðu sína mjög frá því honum var veitt lán, getur verið skyldaður með tveim þriðju atkvæða stjórnarinnar, annars en atkvæða lántaka, til að endurgreiða lán sitt fyrirfram að fullu eða hluta.

b) Sjóðurinn skal nota fyrirframgreiðslur samkvæmt staflið (a) þessarar greinar til að endurgreiða fyrirfram til lánveitenda sjóðsins, er taka við slíkum fyrirframgreiðslum, og þá í hlutfalli við hluta þeirra í fjármögnun viðkomandi láns.

Section 4.
Prepayments.

a) If there is provision to this effect in the loan agreement between the borrower and the Fund, and to the extent that lenders to the Fund which have provided the financing of the loan accept prepayment:

i) a borrower may prepay all or part of the outstanding balance of any loan;

ii) a borrower whose balance-of-payments situation has substantially improved since it was granted a loan may be required under a decision of the Governing Committee, taken by a two-thirds majority vote, excluding the votes of the borrower, to prepay its loan in whole or in part.

b) The Fund shall use any prepayments made in accordance with paragraph (a) of this Section to make prepayment to the lenders to the Fund which accept such prepayment, in proportion to their shares in the financing af the loan concerned.

VI. KAFLI
ÁKVARÐANIR UM LÁNVEITINGU

1. gr.
Reglur um töku ákvarðana.

a) Stjórnin skal fjalla um lánsumsókn á grundvelli tillögu, er skal undirbúin af sjóðsráðinu.

ARTICLE VI
DECISIONS TO MAKE LOANS

Section 1.
Decision procedures.

a) A request from a member for a loan from the Fund shall be considered by the Governing Committee on the basis of a proposal prepared by the Advisory Board.

b) Veiting láns skal eiga sér stað á grundvelli einnar ákvörðunar stjórnarinnar um eftirfarandi efni í heild:

i) hæfi væntanlegs lántaka;

ii) skilmála lánsins samkvæmt V. kafla, 3. gr. (c) og(d);

iii) upphæð og gjalddaga lánsins;

iv) aðferð eða aðferðir til fjármögnunar lánsins; og

v) grundvöllinn fyrir vöxtum, er greiða skal aðilum af fé, sem lagt er til með beinni fjármögnun, og sem taka ber af fé, sem lánað er lántaka.

c) Ef lánveiting hefur þegar farið fram og útistandandi lánsupphæðir sjóðsins til lántaka:

i) fara ekki fram úr kvóta lántaka, skal ákvörðun við lánveitingu þurfa tvo þriðju hluta atkvæða;

ii) fara fram úr kvóta lántaka, en nemi þó ekki um meira en 200 hundraðshluta af kvóta aðilans, þá skal ákvörðunin um lánveitingu háð 90 hundraðshluta meirihluta;

iii) fara fram úr 200 hundraðshlutum af kvóta lántakans, skal ákvörðun um lántöku háð einróma samþykki.

d) Þeir meirihlutar, sem skilgreindir eru í töluliðum (i), (ii) og (iii) í staflið (c) þessarar greinar, skulu saman standa af:

i) öllum aðilum, öðrum en væntanlegum lántaka; og

ii) aðilum þeim, er tilkall er gert til til að fjármagna lánið, þegar um beina fjármögnun er að ræða, eða þegar um einstaka skuldbindingu er að ræða samkvæmt VIII. kafla.

2. gr.
Undanþága frá tilköllum af greiðslujafnaðarástæðum.

Áður en ákvörðun er tekin samkvæmt 1. gr. þessa kafla:

b) The granting of a loan shall require a single decision by the Governing Committee on the following matters, taken together:

i) the eligibility of the prospective borrower;

ii) the conditions of the loan, referred to in Article V, Section 3(c) and (d);

iii) the amount and maturity of the loan;

iv) the method or methods of financing the loan; and

v) the basis on which shall be determined the interest rates to be paid to members on funds to be made available through direct financing and to be charged on funds loaned to the borrower.

c) If, following the granting of the loan, the outstanding balance of loans made by the Fund to the borrower would:

i) not exceed the borrower's quota, the decision to grant the loan shall require a two-thirds majority;

ii) exceed the borrower's quota, but amount to not more than 200 per cent of that member's quota, the decision to grant the loan shall require a 90 per cent majority;

iii) exceed 200 per cent of the borrower's quota, the decision to grant the loan shall require a unanimous vote.

d) Each of the majorities specified in sub-paragraphs (i), (ii) and (iii) of paragraph (c) of this Section shall be fulfilled with respect to:

i) all members, excluding the prospective borrower; and

ii) the members called to provide financing, in the case where the financing takes the form of direct financing or the provision of individual undertakings under Article VIII.

Section 2.
Exclusion from calls for balance-of payments reasons.

Prior to the decision under Section 1 of this Article:

a) getur aðili farið fram á við stjórnina, að ekki skuli gert til hans tilkall samkvæmt VIII. kafla vegna núverandi eða vætnanlegrar greiðslujafnaðarstöðu; og

b) skal stjórnin ákveða með tveim þriðju atkvæða, að undanskildu atkvæði þess aðila, sem fer fram á slíkt, svo og atkvæði lántaka, hvort aðilinn skuli undanþeginn tilkallinu.

a) a member may represent to the Governing Committee that a call under Article VIII should not be made upon that member, because of its present or prospective balance-of-payments situation; and

b) the Governing Committee shall decide, by a two-thirds majority vote, excluding the votes of the member making such representation and those of the borrower, whether the member making the representation shall be excluded from the call.

3. gr.

Lánssamningur.

a) Stjórninni ber að taka ákvörðun um endanlegan texta lánssamningsins, þar sem tekið er nákvæmlega fram um fjármálalega skilmála, dagsetningu eða dagsetningar á greiðslum samkvæmt kafla þessum. Ákvörðun þessi þarf samþykki aðila með sömu atkvæðahlutföllum og tekin eru fram i 1. gr. (c) og (d) þessa kafla.

b) Fari svo, að samningum um lántöku sjóðsins á markaði sé ekki lokið á ofangreindum degi eða dögum, mega samningar halda áfram, þar til fullnægjandi samkomulag um skilmála hefur tekist.

Section 3.

Loan agreement.

a) The Governing Committee shall determine the final text of the loan agreement, specifying the precise financial terms and the date or dates on which all transfers arranged under this Article shall be made effective. This determination shall require acceptance by members with the same amount of voting power as provided under paragraphs (c) and (d) of Section 1 of this Article.

b) In the event that all negotiations for market borrowing by the Fund have not been completed as of the above date or dates, such negotiations may continue until completed on satisfactory terms.

VII. KAFLI
FJÁRMÖGNUN

1. gr.

Aðferðir við fjármögnun.

Sjóðnum er heimilt að nota eftirfarandi tvær aðferðir til fjármögnunar á lánveitingum sínum eftir kringumstæðum og aðstæðum á fjármagnsmarkaðinum á hverjum tíma:

a) að gera tilkall til aðilanna um að leggja fram einstakar kvaðir að eigin vali í formi:
   i) beinnar fjármögnunar eða
   ii) einstakar skuldbindingar vegna lántöku sjóðsins; og

b) að gera tilkall til allra aðilanna að takast á hendur sameiginlega skuldbindingu vegna lántöku sjóðsins.

ARTICLE VII
FINANCING.

Section 1.

Methods of financing.

The Fund may use the following two methods, in the light of the circumstances and conditions prevailing in financial markets at the time, to finance the loans which it grants:

a) calls on members to provide individual commitments in the form, at their option, of
   i) direct financing or
   ii) an individual undertaking for borrowing by the Fund; and

b) calls on all members to provide a collective undertaking for borrowing by the Fund.

2. gr.

Skilgreining skuldbindingar vegna lántöku sjóðsins.

Innan ramma samnings þessa skilgreinist skuldbinding vegna lántöku sjóðsins hjá aðila (hér eftir nefnd skuldbinding) sem kvöð aðilans að vera viðbúinn tilkalli frá sjóðnum samkvæmt XIII. kafla til að greiða fé til sjóðsins sem svarar upphæð skuldbindingarinnar. Með slíkri skuldbindingu skal aðili ekki takast á hendur skuld gagnvart þriðja aðila.

Section 2.

Definition of the undertaking for borrowing by the Fund.

For the purposes of this Agreement, the undertaking of a member for borrowing by the Fund (hereinafter called the „undertaking") shall mean the commitment of the member to stand ready, upon an instruction from the Fund under Article XIII, to transfer funds to the Fund in the amount of the undertaking. By such undertaking a member shall not incur any liability to a third party.

3. gr.

Skilgreining tilkalls.

Tilkall skilgreinist sem tilkynning frá sjóðnum til aðila:

a) þar sem aðilinn er skyldaður til:
   i) að greiða ákveðna upphæð til sjóðsins, sé um tilkall að ræða samkvæmt VIII. kafla, 1. gr. (a) og XIII. kafla, 4. gr. og 5. gr. (b); eða
   ii) að leggja sjóðnum til skuldbindingu, sem vísað er til í 2. gr. þessa kafla, sé um tilkall að ræða samkvæmt VIII. kafla, 1. gr. (b) og 3. gr. (a), IX. kafla, 1. gr. (b); og XIII. kafla, 1. gr. (b); og

b) þar sem tekin er fram sú heildarupphæð, sem dregin er á kvóta aðilans með tilkalli, þar með talin sérhver sú upphæð til viðbótar því, sem skilgreind er í staflið (a) þessarar greinar, og ákveðin er samkvæmt VIII. kafla, 3. gr. (b).

Section 3.

Definition of calls.

A call shall mean a notice by the Fund to a member:

a) requiring the member
   i) to transfer an amount of funds to the Fund, in the case of calls under Article VIII, Section 1(a), and Article XIII, Sections 4 and 5(b), or
   ii) to provide to the Fund the undertaking referred to in Section 2 of this Article, in the case of calls under Article VIII, Sections 1(b) and 3(a), Article IX, Section 1(b), and Article XIII, Section 1 (b); and

b) specifying the total amount drawn on the member's quota as a result of the call, including any amount, additional to that referred to in paragraph (a) of this Section, determined under Article VIII, Section 3(b).

4. gr.

Regla um hlutfallaskipti.

a) Tilkall til aðila um að leggja til fjármögnun eða einstaka skuldbindingu eða að taka þátt í sameiginlegri skuldbindingu, svo og tilkall um að greiða fé samkvæmt XIII. kafla, skal vera í hlutfalli við kvóta þeirra aðila, sem tilkall er gert til, með takmörkunum, er settar eru fram í staflið (b) þessarar greinar, X. kafla, 3. gr. (b) og XIII. kafla, 5. gr. (b).

Section 4.

Principle of proportionality.

a) Calls on members to provide direct financing, or an individual undertaking, or to participate in a collective undertaking, and calls to transfer funds pursuant to Article XIII shall be proportional to the quotas of the members called, subject to paragraph (b) of this Section, Article X, Section 3(b), and Article XIII, Section 5(b).

b) Aðili getur samþykkt að leggja til beina fjármögnun eða tekist á hendur einstaka skuldbindingu eða tekið þátt í sameiginlegri skuldbindingu í hærra hlutfalli heldur en tekið er fram í staflið (a) þessarar greinar, en þó ekki umfram ónotaðan hluta kvóta hans.

b) A member may agree to provide direct financing, or an individual undertaking, or to participate in a collective undertaking, in a higher proportion than that specified in paragraph (a) of this Section, but not in excess of its uncalled quota.

5. gr.

Greiðslugjaldeyrir.

a) Allar greiðslur fjár til sjóðsins skulu vera í raunverulega frjálsum gjaldeyri. Slíkar greiðslur mega vera í formi sýningarvíxla eða ábyrgða, innheimtanlegra við sýningu hjá aðilanum.

b) Innan ramma samnings þessa skal „raunverulega frjáls gjaldeyrir" vera skilgreindur sem gjaldeyrir aðila, sem stjórnin telur yfirfæranlegan í gjaldeyri annarra aðila, þannig að sjóðurinn geti annast viðskipti sín.

Section 5.

Currency of transfer.

a) All transfers of funds to the Fund shall be in an actually convertible currency. Such transfers may be in the form of notes or letters of credit payable by the member on demand.

b) For the purposes of this Agreement, an "actually convertible currency" shall mean the currency of a member which the Governing Committee determines is convertible into the currencies of other members for the purposes of the Fund's operations.

6. gr.

Lántökur sjóðsins.

a) Lántökur sjóðsins samkvæmt ákvæðum þessa samnings munu fara fram á yfirráðasvæði aðilanna. Slíkar lántökur geta farið fram á innlendum fjármagnsmörkuðum, þar með talið hjá opinberum stofnunum, eða á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum eða hjá alþjóðastofnunum.

b) Þegar sjóðurinn tekur lán á innlendum eða alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum, skal sjóðurinn taka tillit til markaðsaðstæðna eða annarra viðkomandi aðstæðna, auk þess sem hann skal afla sér nauðsynlegra lagaheimilda. Aðili sá, sem taka á lán hjá, skal leitast við að taka vel tillögum sjóðsins um lántöku á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum. Áður en sjóðurinn tekur lán á innlendum fjármagnsmarkaði aðila, skal hann fá leyfi aðilans, og áður en hann tekur lán á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum, skal hann, sé þess óskað, fá leyfi þess aðila, sem hefur hann gjaldeyri, er lántakan á að fara fram í.

Section 6.

Borrowing by the Fund.

a) Borrowing by the Fund under the provisions of this Agreement will be done within the territories of members. Such borrowing may be in domestic financial markets, including public institutions, or in international financial markets, or from international institutions.

b) When borrowing in domestic or international financial markets, the Fund shall, apart from having obtained any necessary legal authorisations, take due account of market conditions and other relevant factors. A member in whose territory the borrowing is to take place shall give favourable consideration to any proposal by the Fund to borrow in international financial markets. The Fund, before borrowing in a member's domestic market, shall have obtained the member's authorisation and, before borrowing in international financial markets, shall, if so requested, have obtained the authorisation of the member in whose currency the borrowing is to take place.

c) Innan stafliðar (b) þessarar greinar skulu aðilar leggja sig fram við að sjá svo um, að fjármagnsstofnanir innan landamæra þeirra séu hæfar til að kaupa skuldabréf, gefin út af sjóðnum.

7. gr.

Yfirlýsing á skuldabréfum.

Sérhvert skuldabréf, gefið út af sjóðnum, skal bera áberandi yfirlýsingu á forsíðu sinni þess efnis, að það sé ekki skuldabréf neins ríkis.

8. gr.

Skuldarviðurkenning.

Greiði aðili fé til sjóðsins vegna tilkalls eða fyrirmæla frá sjóðnum, skal sjóðurinn gefa út skjal til viðurkenningar skuldinni gagnvart aðilanum fyrir greiddri upphæð. Slíka skuldarviðurkenningu skal aðeins láta í té með þeim skilmálum og skilyrðum, er stjórnin hefur samþykkt.

VIII. KAFLI
FJÁRMÖGNUN MEÐ EINSTÖKUM KVÖÐUM

1. gr.

Skyldur til fjármögnunar.

Geri sjóðurinn tilkall til einstakrar kvaðar, skal aðili uppfylla skyldur sínar með:

a) greiðslu fjár til sjóðsins, sé um beina fjármögnun að ræða eða að vali hans,

b) því að takast á hendur einstaka skuldbindingu vegna lántöku sjóðsins í nafni sjóðsins, þar með talið, að gert sé ráð fyrir upphæð vegna vaxta og annars kostnaðar samkvæmt 3. gr. (a) þessa kafla.

2. gr.

Skilyrði einstakra skuldbindinga.

a) Þegar aðili tekst á hendur skuldbindingu samkvæmt 1. gr. (b) þessa kafla, skal sjóðurinn leitast við að taka um-

c) Subject to paragraph (b) of this Section, members shall make best efforts to assure that financial institutions within their territories are eligible to purchase securities issued by the Fund.

Section 7.

Statement to be placed on securities.

Every security issued by the Fund shall bear on its face a conspicuous statement to the effect that it is not an obligation of any Government.

Section 8.

Evidence of indebtedness.

When a member transfers funds to the Fund as a result of a call or instruction from the Fund, the Fund shall issue to the member an instrument evidencing its indebtedness to that member in respect of the amount transferred. Such instrument shall be transferred only on terms and conditions approved by the Governing Committee.

ARTICLE VIII
FINANCING BY INDIVIDUAL COMMITMENTS

Section 1.

Financing obligations.

If the Fund makes a call for an individual commitment, a member shall discharge its obligations by:

a) transferring funds to the Fund, in the case of direct financing, or, at its option,

b) providing an individual undertaking for borrowing by the Fund, in the name of the Fund, which shall include the allowance relating to the payment of interest and other charges determined in accordance with Section 3(a) of this Article.

Section 2.

Conditions for individual undertakings.

a) Where a member provides an undertaking under Section 1(b) of this Article, the Fund shall seek to raise

rædda fjárhæð að láni á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum eða á innlendum fjármagnsmörkuðum samkvæmt ákvæðum VII. kafla, 6. gr. (b). Reynist sjóðnum ógerlegt að taka umrædda fjárhæð að láni á þessum grundvelli innan sanngjarns tíma, og á kjörum, sem eru sanngjarnlega sambærileg við þau kjör, sem traustir lántakendur eiga aðgang að, eða sem eru að öðru leyti viðhlítandi fyrir sjóðinn, skal aðili, er býður einstaka skuldbindingu, leyfa sjóðnum lántöku, eftir að sjóðurinn hefur ráðfært sig við aðilann, í gjaldeyri hans og á innlendum fjármagnsmarkaði hans, þar með taldar lántökur frá opinberum stofnunum, allt að upphæð þeirrar skuldbindingar.

b) Sjóðurinn skal aðeins vera skuldbundinn til endurgreiðslu skuldar samkvæmt einstakri skuldbindingu í samræmi við 1. gr. (b) þessa kafla að upphæð skuldbindingarinnar. Skulu hvorki eignir sjóðsins né kvótar annarra aðila vera notaðar til að greiða vexti eða endurgreiðslur höfuðstóls sem afleiðing af slíkri lántöku.

the requisite funds in international or domestic financial markets in accordance with the provisions of Article VII, Section 6(b). If the fund is unable to raise the requisite funds on this basis within a reasonable period of time on terms reasonably comparable to those available to a borrower of good name, or otherwise acceptable to the Fund, a member offering an individual undertaking shall allow borrowing by the Fund, it having consulted the member concerned, in that member's currency and in its domestic financial market, including borrowing from public institutions, up to the amount of that undertaking.

b) The Fund shall be liable for repayment of borrowing under an individual undertaking provided in accordance with Section 1(b) of this Article only to the extent of the undertaking, and neither the assets of the Fund nor the quotas of other members shall be drawn upon for the purpose of making interest payments or principal repayments as a result of such borrowing.

3. gr.
Upphæð vegna greiðslu vaxta og annars kostnaðar.

Þegar tilköll samkvæmt kafla þessum fela í sér tilköll til einstakra skuldbindinga:

a) skal stjórnin ákveða upphæð fyrir sérhvern aðila, sem tekst á hendur slíka skuldbindingu. Skal upphæð þessi vera nægileg til að standa straum af vaxtagjöldum og öðrum kostnaði af lántöku sjóðsins og skal hún vera innifalin í skuldbindingu aðilans.

b) Stjórnin skal finna þann aðila meðal þeirra, sem leggja fram einstakar skuldbindingar, þar sem þóknunin samkvæmt staflið (a) í grein þessari er hæst í hlutfalli við kvótahluta hans í fjármögnun lánsins. Tilkallið til sérhvers annars aðila skal hafa að geyma upphæð til viðbótar hinni

Section 3.
Allowance relating to interest payments and other charges.

Where the calls under this Article include calls to provide an individual undertaking:

a) The Governing Committee shall determine, for each member that provides such an undertaking, an adequate allowance in respect of interest payments and other charges on the borrowing by the Fund, which shall be included in that member's undertaking.

b) The Governing Committee shall determine the member, among those providing an individual undertaking, for which the allowance determined under paragraph (a) of this Section is highest in proportion to its quota share in the financing of the loan. The call on each other member shall

beinu fjármögnun eða einstöku skuldbindingu, er hann leggur fram, þannig að dregið verði á kvóta allra aðila, sem tilkall er gert til um fjármögnun, hvert svo sem er, um upphæð, sem svarar til sama hlutfalls af kvótahluta þeirra í fjármögnun lánsins og hjá aðilanum með hæsta hlutfallið.

include an amount, additional to the direct financing or individual undertaking provided by it, such that the quotas of all members called upon to provide the financing, in whatever form, shall be drawn down by an amount which represents the same proportion of the quota share in the financing of the loan as in the case of the member with the highest proportion determined above.

4. gr.

Lækkun einstakrar skuldbindingar.

Þegar sjóðurinn endurgreiðir af höfuðstól láns, sem fjár var aflað til með einstakri skuldbindingu, skal skuldbinding aðilans lækkuð með sama hlutfalli og er milli endurgreiðslunnar og útistandandi eftirstöðva af slíkri lántöku sjóðsins.

Section 4.

Reduction of an individual undertaking.

As repayments of principal are made by the Fund with respect to borrowing on an individual undertaking, the member's undertaking shall be reduced in the proportion which the repayment represents of the outstanding balance of such borrowing by the Fund.

5. gr.

Fyrirframendurgreiðsla einstakra kvaða.

Stjórninni er heimilt að ákveða með tveim þriðju hluta atkvæða að endurgreiða fyrirfram beina fjármögnun eða lántökur samkvæmt einstökum skuldbindingum með samþykki allra þeirra aðila, er lögðu til fjármögnunina. Sjóðnum er heimilt að taka lán til að afla fjár til slíkrar endurgreiðslu með sameiginlegri skuldbindingu samkvæmt ákvæðum IX. kafla.

Section 5.

Early repayment of individual commitments.

The Governing Committee may decide, by a two-thirds majority vote, to repay before maturity direct financing and borrowing under individual undertakings, with the agreement of all the members that provided the financing. In order to obtain the funds for such repayments, the Fund may borrow on a collective undertaking pursuant to the provisions of Article IX.

IX. KAFLI
LÁNTAKA MEÐ SAMEIGINLEGRI SKULDBINDINGU AÐILANNA

1. gr.

Skyldur til fjármögnunar.

a) Sjóðnum er heimilt að taka lán með sameiginlegri skuldbindingu til að afla nauðsynlegs fjár samkvæmt V. kafla, VIII. kafla, 5. gr. og X. kafla, 3. gr.

b) Tilkall til að takast á hendur sameiginlega skuldbindingu skal gert á

Article IX
BORROWING ON THE COLLECTIVE UNDERTAKING OF MEMBERS

Section 1.

Financing obligations.

a) The Fund may borrow on a collective undertaking to obtain funds required for the purposes of Article V, Article VIII, Section 5, and Article X, Section 3.

b) Calls to provide a collective undertaking shall be made on all members

hendur öllum aðilunum. Skal það vera í hlutfalli við kvóta þeirra, nema annað sé ákveðið samkvæmt VII. kafla, 4. gr. (b). Slík tilköll skulu skylda hvern aðila til að takast á hendur skuldbindingu vegna:

i) kvótahlutar hans í þeirri upphæð, sem sjóðurinn tekur að láni;

ii) upphæðar fyrir vaxtagjöldum og öðrum kostnaði samkvæmt 2. gr. þessa kafla; og

iii) ákvæða um áhættudreifingu í 3. gr. þessa kafla.

and, except when decided otherwise under Article VII, Section 4(b), shall be made in proportion to their quotas. Such calls shall require each member to provide an undertaking in respect of:

i) its quota share in the amount borrowed by the Fund;

ii) the allowance relating to interest payments and other charges, under Section 2 of this Article; and

iii) the provision for risk sharing, under Section 3 of this Article.

2. gr.

Þóknun vegna greiðslu vaxta og annars kostnaðar.

Stjórninni ber að ákveða þóknun vegna vaxtagjalda og annars kostnaðar vegna lántöku sjóðsins. Skal hún vera í réttu hlutfalli við kvótahlut sérhvers aðila, er fjármagnar viðkomandi lán.

Section 2.

Allowance relating to interest payments and other charges.

The Governing Committee shall determine an adequate allowance relating to interest payments and other charges on the borrowing by the Fund which shall be the same proportion of each member's quota share in the financing of the loan.

3. gr.

Ákvæði um dreifingu áhættu.

Stjórnin skal ákveða upphæðir vegna áhættudreifingar. Upphæðir þessar skulu vera fastur hundraðshluti fyrir hvern aðila, þó ekki yfir 50 af hundraði af summu upphæðanna, sem teknar eru fram í 1. gr. (b) (i) og (ii) þessa kafla. Aðili getur samt samþykkt hærri upphæð.

Section 3.

Provision for risk sharing.

The Governing Committee shall determine the provision for risk sharing, the amount of which shall represent the same percentage for each member, not exceeding 50 per cent. of the sum of the amounts specified in Section 1(b)(i) and (ii) of this Article. However, a member may agree to a higher amount.

4. gr.

Lækkun sameiginlegrar skuldbindingar.

Þegar sjóðurinn endurgreiðir af höfuðstól láns, sem fiár var aflað til með sameiginlegri skuldbindingu, skal lækka skuldbindingu sérhvers aðila með sama hlutfalli og er milli endurgreiðslunnar og útistandandi efirstöðva af slíkri lántöku sjóðsins.

Section 4.

Reduction of a collective undertaking.

As repayments of principal are made by the Fund with respect to borrowing on a collective undertaking, each member's undertaking shall be reduced in the proportion which the repayment represents of the outstanding balance of such borrowing by the Fund.

X. KAFLI

FJÁRMÖGNUN Á KRÖFUM AÐILA

ARTICLE X

FINANCING OF MEMBERS' CLAIMS

1. gr.

Beiðni um fjármögnun.

Aðili, er veitt hefur sjóðnum beina fjármögnun, má sýna fram á, að hann

Section 1.

Request for financing.

A member which has provided direct financing to the Fund may represent

standist kröfur um hæfi til lántöku samkvæmt V. kafla, eða búist við að gera það innan næstu sex mánaða. Þeim aðila er heimilt að fara fram á lán frá sjóðnum samkvæmt kafla þessum, sem er jafnt og öll eða hluti af kröfu hans vegna beinnar fjármögnunar.

that it meets the eligibility requirements for borrowing provided for in Article V, or expects to meet such requirments within the next six months. Such member may request a loan from the Fund under this Article equal to all or part of its claim in respect of direct financing.

2. gr.
Sjálfviljug fjármögnun.

Áður en aðili leggur fram beiðni um slíka lántöku, skal hann leitast við að fá samþykki annars eða annarra aðila til að yfirtaka kröfu aðilans á sjóðinn vegna beinnar fjármögnunar, er hann hefur lagt fram, eða að fá í stað þess fjármögnun frá Alþjóðagreiðslubankanum.

Section 2.
Voluntary financing.

Before making a request for such a loan a member shall seek, through the Fund, to obtain the consent of another member or members to take over the member's claim on the Fund in respect of the direct financing provided by it, or seek to obtain alternative financing from the Bank for International Settlements.

3. gr.
Ákvörðun um fjármögnun.

a) Stjórnin skal þegar í stað ákveða, óski aðili þess, hvaða ákvörðun, sé hún jákvæð, skuli liggja að baki fjármögnun þeirrar upphæðar, sem börf er á, samkvæmt VII., VIII. og IX. kafla. Vaxtahundraðshluti, sem greiða ber af lánum samkvæmt kafla þessum, skal ákveðinn í samræmi við ákvæði V. kafla, 3. gr. (f).

b) Sé ákveðið innan ramma greinar þessarar að gera tilköll til beinnar fjármögnunar eða einstakra skuldbindinga samkvæmt VIII. kafla, skulu þau tilköll vera í hlutfalli við ótilkallaðan hluta af kvótum allra aðila annarra en aðilans, er óskar lántöku, þó með takmörkunum VI. kafla, 2. gr.; þó skal, reynist það nauðsynlegt til að afla þess fjár, sem börf er á, einnig gera kröfu á aðila, undanþegna fyrra tilkalli samkvæmt VI. kafla, 2. gr., þar með taldar, ef nauðsynlegt reynist, kröfur á lántaka um endurgreiðslu á lántökum þeirra.

c) Ákvarðanir samkvæmt grein þessari skulu þurfa tvo þriðju hluta atkvæða, annarra en atkvæða aðilans, er óskar lántöku.

Section 3.
Decision on financing.

a) The Governing Committee shall promptly decide on the member's request, which decision, if favourable, shall provide for the financing pursuant to Articles VII, VIII and IX of the amount required. The rate of interest to be paid on loans made under this Article shall be determined in accordance with the provisions of Article V, Section 3(f).

b) If, for the purposes of this Section, it is decided to make calls for direct financing or on individual undertakings under Article VIII, such calls shall be made subject to Article VI, Section 2, on all members other than the member making the request, in proportion to their uncalled quotas; provided, however, that, in order to provide the funds needed for the financing, calls shall also be made on members exempted from the prior call under Article VI, Section 2, including, if necessary, calls on borrowers for the repayment of their loans.

c) Decisions under this Section shall be taken by a two-thirds majority vote, excluding the votes of the member requesting the loan.

4. gr.

Réttur til lántöku.

Ekki skal tekið tillit til láns, sem aðila er veitt samkvæmt kafla þessum, þegar ávörðun er tekin um rétt aðila til lántöku samkvæmt V. kafla.

Section 4.

Entitlement to borrow.

A loan made to a member under this Article shall not be taken into account in determining that member's entitlement to borrow under Article V.

5. gr.

Skilmálar endurgreiðslu.

Endurgreiða skal höfuðstól og greiða skal vexti af því, sem látið er í té samkvæmt 3. grein þessa kafla, á sama tíma og krafan, sem fjármögnuð er.

Section 5.

Repayment schedule.

The principal shall be repaid and interest shall be paid on funds made available pursuant to Section 3 of this Article on the same schedule as the claim which is financed.

XI. KAFLI
GJALDEYRIR, VEXTIR OG TÍMARÖÐ ENDURGREIÐSLNA

1. gr.

Gjaldeyrir fjármögnunar.

Fjármögnun sú er sjóðurinn lætur í té, samsvarandi skuldbindingar, svo og endurgreiðsla höfuðstóls og greiðsla vaxta af slíkri fjármögnun, skal eiga sér stað í þeim gjaldeyri, er hér segir:

a) sé um beina fjármögnun að ræða annað hvort í SDR eða í þeim gjaldeyri, sem greiddur er til sjóðsins vegna tilkalls að vali aðila; og

b) sé um einstaka eða sameiginlega skuldbindingu að ræða, annað hvort í SDR eða í þeim gjaldeyri, einum eða fleiri, er sjóðurinn tekur að láni eftir ákvörðun stjórnarinnar.

ARTICLE XI
DENOMINATION, INTEREST RATES AND REPAYMENT SCHEDULES

Section 1.

Denomination of financing.

Financing provided to the Fund, any corresponding undertakings and the repayments of principal and payments of interest in respect of such financing shall be denominated:

a) in the case of direct financing, either in SDR or in the currency transferred to the Fund pursuant to a call, at the option of the member; and,

b) in the case of individual and collective undertakings, either in SDR or in the currency or currencies borrowed by the Fund, as decided by the Governing Committee.

2. gr.

Gjaldeyrir við endurgreiðslu fjármögnunar.

Endurgreiðsla höfuðstóls og greiðslur vaxta, sem sjóðurinn innir af höndum, af fjármagni, er veitt er til sjóðsins, skal vera í þeim gjaldeyri, sem fjármögnunin átti sér stað í eða þegar fjármögnunin átti sér stað í SDR, í raunverulega frjálsum gjaldeyri, er sjóðurinn og lánveitandinn gela samþykkt.

Section 2.

Currency of repayment of financing.

Repayments of principal and payments of interest by the Fund, on financing provided to the Fund, shall be made in the currency in which the financing is denominated or, in the case of financing denominated in SDR, in an actually convertible currency acceptable to the Fund and the lender.

3. gr.

Gjaldeyrir við endurgreiðslu lána til sjóðsins.

Lán sjóðsins, svo og endurgreiðslur höfuðstóls og greiðslur vaxta þar af, skulu vera í sama gjaldeyri og stofnað er til við fjármögnun lánsins samkvæmt 1. gr. þessa kafla, og greiðslur til sjóðsins af slíku láni skulu vera í þeim tegundum gjaldeyris, sem sjóðnum er skylt að greiða lánveitendum þeim, er lögðu til fjármögnun lánsins samkvæmt 2. gr. þessa kafla.

Section 3.

Denomination and currency of repayment of loans.

A loan by the Fund and the repayments of principal and payments of interest thereon shall have the same denominations as are established for the financing of the loan, pursuant to Section 1 of this Article, and the payments to the Fund on such a loan shall be made in the currencies which the Fund is obligated to pay to the lenders which provided the financing for the loan, pursuant to Section 2 of this Article.

4. gr.

Notkun gjaldeyris.

Stjórninni skal skylt, svo sem hægt er að koma því við, að taka tillit til skoðana yfirvalda peningamála aðila um notkun gjaldeyris þeirra í viðskiptum sjóðsins.

Section 4.

Utilisation of currencies.

The Governing Committee shall, to the extent possible and practicable, take into account the views af the monetary authorities of members regarding the utilisation of their respective currencies in the operations of the Fund.

5. gr.

Vextir.

a) Gjaldeyrir, sem greiddur er til sjóðsins að tilkalli um beina fjármögnun, skal bera vexti að ákvörðun stjórnarinnar með fullu tilliti til þeirra vaxta, sem sjóðurinn greiðir eða áætlar, að hann þurfi að greiða af lántökum sínum í sama gjaldeyri vegna einstakra skuldbindinga.
b) Vextir af lántökum sjóðsins samkvæmt einstökum eða sameiginlegum skuldbindingum skulu ákveðnir af stjórninni með tilliti til markaðsaðstæðna.

Section 5.

Interest.

a) Transfers of currency to the Fund, pursuant to a call for direct financing shall bear interest at rates to be determined by the Governing Committee, having due regard to the rates paid on, or estimated to be required for, borrowing by the Fund, in the same currency, on individual undertakings.
b) The rate of interest on borrowing by the Fund on individual or collective undertakings shall be determined by the Governing Committee in the light of market conditions.

6. gr.

Tímaröð endurgreiðslna.

Stjórnin skal ákveða tímaröð endurgreiðslna höfuðstóls og greiðslna vaxta af lánum, er sjóðurinn veitir svo og tímaröð endurgreiðslna höfuðstóls og greiðslna vaxta til lánveitenda, sem leggja til fjármögnun slíkra lána.

Section 6.

Establishment of repayment schedules.

The Governing Committee shall establish a schedule of repayments of principal and payments of interest on loans made by the Fund and a schedule of repayments of principal and payments of interest to lenders which provide the financing for such loans.

XII. KAFLI
DRÁTTUR Á KVÓTA

1. gr.
Upphæð dregin á kvóta aðila.

Draga skal á kvöð aðila til að leggja til fjármögnun af kvóta sínum, svo sem hér segir:

a) með tilkalli til aðila samkvæmt skilgreiningu VII. kafla, 3. gr;
b) með samþykki aðila um, að hann yfirtaki tilkall eða hluta tilkalls, sem áður hefur verið gert til annars aðila vegna beinnar fjármögnunar samkvæmt X. kafla, 2. gr;
c) með tilkalli til aðila til greiðslu til sjóðsins samkvæmt XIII. kafla, 4. gr. og 5. gr.(b) til að gera sjóðnum kleift að standa við skuldbindingar sínar; og
d) til endurgreiðslu láns, er aðili hefur fengið hjá sjóðnum samkvæmt X. kafla, nema að því marki, að samsvarandi hluti beinnar fjármögnunar, er aðilinn hefur látið í té, hefur verið endurgreiddur.

2. gr.
Lækkun upphæðar, sem dregin er á kvóta aðila.

Kvöð aðila til að láta fjármögnun í té af kvóta sínum skal lækka sem hér segir:

a) um endurgreiðslu á beinni fjármögnun, sem aðilinn leggur til, nema að því leyti, að samsvarandi hluti láns, er aðilinn hefur tekið hjá sjóðnum samkvæmt X. kafla, er óendurgreiddur;
b) um endurgreiðslu á lántöku sjóðsins tengda einstakri skuldbindingu aðila;
c) um endurgreiðslu á lántöku sjóðsins á kvótahluta aðila í sameiginlegri skuldbindingu;
d) í hlutfalli við endurgreiðslu á höfuðstól vegna
   i) þóknunar í sambandi við greiðslu vaxta, annars kostnaðar og sérhverrar annarrar upphæðar samkvæmt VIII. kafla, 3. gr. (b) eða IX. kafla, 2 gr; og
   ii) áhættuþóknunar samkvæmt IX. kafla, 3. gr;

ARTICLE XII
DRAWINGS ON QUOTAS

Section 1.
The amount drawn on a member's quota.

A member's obligation to provide financing under its quota shall be drawn down to the extent of:

a) calls on the member, as defined in Article VII, Section 3;
b) any call, or part of a call, previously made on another member in respect of direct financing which the member consents to take over, pursuant to Article X, Section 2;
c) calls on the member to transfer funds to the Fund under Sections 4 and 5(b) of Article XIII, to enable the Fund to meet its obligations; and
d) repayments of any loan received by the member from the Fund under Article X, except insofar as the corresponding part of the direct financing provided by the member has been repaid.

Section 2.
Reduction of the amount drawn on a member's quota.

A member's obligation to provide financing under its quota shall be reconstituted to the extent of:

a) repayments of direct financing provided by the member, except insofar as the corresponding part of any loan received by the member from the Fund under Article X has not been repaid;
b) repayments of the borrowing by the Fund on the individual undertaking of the member;
c) repayments of the borrowing by the Fund on the quota share of the member in a collective undertaking;
d) reductions, in proportion to repayments of principal, in
   i) the allowance relating to the payment of interest and other charges, and any additional amount, under Article VIII, Section 3(b), or Article IX, Section 2, and
   ii) the provision for risk sharing under Article IX, Section 3;

e) um endurgreiðslur til aðila á greiðslum hans til sjóðsins samkvæmt XIII. kafla;
f) um sérstakt tilkall eða hluta tilkalls, sem áður var gert til aðila vegna beinnar fjármögnunar, sem yfirtekin er af öðrum aðila samkvæmt X. kafla, 2. gr; og
g) um sérhvert lán aðila hjá sjóðnum samkvæmt X. kafla.

e) repayments to the member of transfers made by it to the Fund under Article XIII;
f) any call, or part of a call, previously made on the member in respect of direct financing which is taken over by another member under Article X, Section 2; and
g) any loan received by the member from the Fund under Article X.

3. gr.

Virði dráttar á kvóta í SDR.

Í þeim tilgangi að virða í SDR þær upphæðir, sem dregnar eru á kvóta aðila samkvæmt 1 gr. þessa kafla, svo og á lækkunum þessara upphæða samkvæmt 2. gr. þessa kafla, skulu þessar upphæðir vera reiknaðar í SDR á gengi viðkomandi gjaldeyris gagnvart SDR á þeim degi, er upphæðirnar voru greiddar til sjóðsins eða teknar að láni af sjóðnum í sambandi við skuldbindingu.

Section 3.

SDR value of drawings on the quota.

For the purpose of calculating, in SDR, the amounts referred to in Sections 1 and 2 of this Article, these amounts shall be expressed in SDR at the SDR value of the currency concerned at the date on which the funds were transferred to the Fund or borrowed by the Fund on an undertaking.

4. gr.

Takmörk upphæðar, sem dregin er á kvóta aðila.

Hámark heildarupphæðar drátta á kvóta aðila, sem vísað er til í 1. gr. þessa kafla, að frádreginni lækkuninni, sem vísað er til í 2. gr. þessa kafla, skal ekki fara fram úr kvóta aðilans.

Section 4.

Limit to the amount drawn on a member's quota.

The maximum cumulative amount of drawings on a member's quota referred to in Section 1 of this Article, less the reconstitutions referred to in Section 2 of this Article, shall not exceed the member's quota.

XIII. KAFLI
UPPFYLLING Á KVÖÐUM SJÓÐSINS

1. gr.

Aðferðir við uppfyllingu kvaða.

Ef sjóðurinn fær ekki endurgreiðslu á höfuðstól eða greiðslu vaxta af láni frá lántaka á gjalddaga, skal sjóðurinn afla hinnar nauðsynlegu upphæðar til að mæta samsvarandi kvöðum gagnvart lánveitendum, svo sem greinir í þessum kafla; og skal stjórnin annað hvort ákveða, að:
a) endurgreiða að fullu útistandandi höfuðstól, vexti og annan kostnað af fé fengnu samkvæmt þessum kafla, eða

ARTICLE XIII
FULFILMENT OF THE FUND'S OBLIGATIONS

Section 1.

Procedures for meeting obligations.

If the Fund does not receive on the due date a repayment of principal or payment of interest on a loan made by it, the Fund shall obtain the amount required to meet its corresponding obligations to lenders as provided in this Article; and the Governing Committee shall decide either:

a) to prepay in full any outstanding principal, interest and other charges from funds obtained as provided in this Article, or

b) halda láninu í gildi og þar af leiðandi að auka tilköll eftir þörfum til að mæta útistandandi vöxtum og öðrum kostnaði að fullu eða hluta.

2. gr.

Kvaðir, sem stofnað er til með lántöku samkvæmt sameiginlegri skuldbindingu.

Þegar um er að ræða kvaðir gagnvart lánveitendum, sem afleiðing af lántöku samkvæmt sameiginlegri skuldbindingu, skal sjóðurinn afla upphæða, sem þörf er á til að standa við kvaðir sínar:

a) með því að draga af fé inni á reikningi, sem vísað er til í XV. kafla; og

b) með því að tilkynna öllum aðilum nema lántaka, sem ekki hefur innt af hendi greiðslu til sjóðsins á gjalddaga, að standa við sameiginlega skuldbindingu sína með greiðslum í hlutfalli við og allt að upphæðum skuldbindinga sinna samkvæmt IX. kafla, 1. gr. (b).

3. gr.

Kvaðir, sem stofnað er til með lántökum samkvæmt einstökum skuldbindingum.

Sé um að ræða kvaðir til lánveitenda, sem hljótast af lántökum samkvæmt einstökum skuldbindingum eftir VIII. kafla, 1. gr. (b), skal sjóðurinn afla nauðsynlegs fjár með fyrirmælum til viðkomandi aðila að greiða upphæð allt að einstakri skuldbindingu sinni.

4. gr.

Kvaðir, gagnvart aðilum vegna einstakra kvaða.

Að því er varðar kvaðir gagnvart aðilum sem afleiðingu af beinni fjármögnun eða af greiðslum samkvæmt einstökum skuldbindingum samkvæmt 3. gr. þessa kafla:

a) skal sjóðurinn afla sér nauðsynlegs fjár til að standa við skuldbindingar sínar með því að gera tilkall til allra aðilanna, nema lántakans, sem ekki hefur innt af hendi greiðslu til sjóðsins á gjalddaga, um greiðslu á fé til sjóðsins í hlutfalli við kvóta þeirra og að umfangi ókallaðs hluta kvóta þeirra; og

b) to maintain the loan in force and, therefore, to increase as necessary the calls in order to cover all or part of the outstanding interest and other charges.

Section 2.

Obligations incurred by borrowing on a collective undertaking.

In the case of obligations to lenders as a result of borrowing on a collective undertaking, the Fund shall obtain the amounts required to meet its obligations:

a) by drawing on any funds in the account referred to in Article XV, and

b) instructing all members, except the borrower which has not made the payment to the Fund on the due date, to implement their collective undertaking by making transfers in proportion to, and up to, the amounts of their undertakings under Article IX, Section 1 (b).

Section 3.

Obligations incurred by borrowing on individual undertakings.

In the case of obligations to lenders as a result of borrowing on an individual undertaking, under Article VIII, Section 1 (b), the Fund shall obtain the amounts required to meet those obligations by instructing the member concerned to transfer funds up to the amounts of its individual undertaking.

Section 4.

Obligations as a result of individual commitments.

In the case of obligations to members as a result of direct financing or of transfers under individual undertakings pursuant to Section 3 of this Article:

a) the Fund shall obtain the amounts required to meet its obligations by calling on all members, except the borrower which has not made the payment to the Fund on the due date, to transfer funds in proportion to their quotas and to the extent of their uncalled quotas; and

b) skal fé það, sem aðilar greiða samkvæmt grein þessari, greitt aðilum í hlutfalli við þær upphæðir, er þeir áttu að fá vegna endurgreiðslu viðkomandi láns eða vegna upphæða greiddra af aðilum samkvæmt 3. gr. þessa kafla.

5. gr.
Skipting áhættu.

Til þess að tryggja, að áhættu verði réttlátlega skipt meðal aðila samkvæmt I. kafla, 2. grein (c):

a) ef einhver aðilanna, sem fær fyrirmæli samkvæmt 2. grein (b) þessa kafla, greiðir ekki nauðsynlegt fé skal sjóðurinn gefa út frekari fyrirmæli til annarra aðila, sem slík fyrirmæli fengu, þar til nauðsynleg fjárhæð er fengin í hlutfalli við upphæðir skuldbindinga þeirra samkvæmt IX. kafla, 1. gr. (b), innan marka þeirra, sem sett voru með umræddum skuldbindingum; og
b) ef einhver aðilanna, sem tilkall er gert til samkvæmt 4. gr. þessa kafla, greiðir ekki umbeðna fjárhæð, skal skal sjóðurinn gera frekari kröfur á aðra aðila, sem tilkall er gert til, þar til nauðsynleg fjárhæð hefur verið greidd í hlutfalli við upphæðir ótilkallaðs kvóta þeirra innan marka kvótanna.

6. gr.
Greiðsufall.

Ef einhver aðilanna bregst kvöðum sínum samkvæmt kafla þessum, skal umrædd fjárhæð talin fallin í gjalddaga án greiðslu. Sérhver greiðslutöf skal vera háð vaxtagreiðslu og refsiálagi, sem stjórnin ákveður.

7. gr.
Virði kvaða sjóðsins gagnvart aðilum í SDR samkvæmt 4. og 5. grein þessa kafla.

a) Skuldir sjóðsins samkvæmt 4. og 5. gr. þessa kafla, sem eru í ákveðnum gjaldeyri, skulu í sambandi við lúkn-

b) funds transferred by members under this Section shall be paid to members in proportion to the amounts they were otherwise scheduled to receive in respect of the repayment of the loan concerned, or the amounts transferred by members under Section 3 of this Article.

Section 5.
Risk sharing.

In order to ensure that risks are equitably shared among members in accordance with Article I, Section 2(c):

a) if any of the members that receive instructions under Section 2(b) of this Article fails to transfer the funds required, the Fund shall issue further instructions to the other members that received those instructions, until the amount required has been transferred, in proportion to the amounts of their undertaking under Article IX, Section 1(b), subject to the limit fixed by those undertakings; and
b) if any of the members on which calls are made under Section 4 of this Article fails to transfer the funds called, the Fund shall make further calls on the other members called upon, until the amount required has been transferred, in proportion to the amounts of their uncalled quotas, subject to the limit fixed by their quotas.

Section 6.
Failure to meet obligations.

If any member fails to meet its obligations under this Article, the amount due shall be considered in default. Any delay in payment to the Fund shall be subject to an interest and a penalty charge, to be determined by the Governing Committee.

Section 7.
SDR value of the Fund's obligations to members under Section 4 and 5 of this Article.

a) For the purposes of the settlements under this Article, the obligations of the Fund under Sections 4 and 5 of

ingar samkvæmt kafla þessum vera reiknaðar eins og þær hefðu verið í formi SDR frá þeim degi, er tengd fjármögnun til sjóðsins átti sér stað. Þar af leiðandi skal skuld í ákveðnum gjaldeyri vera umreiknuð í SDR á gengi SDR gagnvart viðkomandi gjaldeyri daginn, sem tengd fjármögnun til sjóðsins átti sér stað, og svo aftur yfir í viðkomandi gjaldeyri á gengi hans gagnvart SDR, sem þá er í gildi.

b) Að svo miklu leyti sem upphæð skuldar sjóðsins í ákveðnum gjaldeyri er önnur en upphæðin í sama gjaldeyri, eins og hún er reiknuð samkvæmt staflið (a) þessarar greinar, sem ljúka á samkvæmt kafla þessum, skal mismuninum lokið samkvæmt 8. grein þessa kafla.

this Article, denominated in currency, shall be calculated as if they had been denominated in SDR from the date on which the related financing was provided to the Fund. To this end, where the obligation is denominated in a currency, it shall be converted into SDR at its value in terms of the SDR on the date on which the related financing was provided to the Fund and then converted back into the currency at its current value in terms of the SDR.

b) To the extent that the Fund's obligations, denominated in a currency, differ from the amount in that currency, calculated in accordance with paragraph (a) of this Section, which is to be settled under this Article, the difference shall be settled in accordance with Section 8 of this Article.

8. gr.

Óloknar kröfur samkvæmt kafla þessum.

Greiðslur aðila eftir tilköllum eða fyrirmælum samkvæmt þessum kafla, svo og óloknar kröfur sem vísað er til í 7. gr. (b) þessa kafla:

a) skulu halda áfram að vera í sama gjaldeyri og krafan eða kvöðin, sem stóð í sambandi við greiðsluna;

b) skal teljast lokið að hluta eða fullu, þegar tengd töf eða greiðslufall gagnvart sjóðnum er að hluta eða að fullu lokið, og lúkning á kröfum samsvarandi lánardrottna hefur farið fram í hlutfalli við kröfur þeirra; og

c) sé þeim enn ólokið daginn, sem sjóðsslit fara fram, skal þeim lokið í samræmi við XIX. kafla, 2. gr. (b) og (c).

Section 8.

Amounts due under this Article remaining unsettled.

Transfers by members pursuant to calls or instructions under this Article and the unsettled amounts referred to in Section 7(b) of this Article:

a) shall continue to have the same denomination as the claim or obligation in respect of which the transfer was made;

b) shall be partly or wholly settled whenever the related delay or default on a payment to the Fund is partly or wholly eliminated, the distribution of the settlements among the corresponding creditors being proportional to their claims; and

c) shall be liquidated in accordance with Article XIX, Section 2(b) and (c), if they are still outstanding at the date of liquidation.

XIV. KAFLI
VIRÐING GJALDEYRIS Í SÉRSTÖKUM DRÁTTAREININGUM

1. gr.

Virðisaðferð.

Innan ramma samnings þessa skal gjaldeyrir vera reiknaður yfir í SDR í

ARTICLE XIV
VALUE OF CURRENCIES IN TERMS OF SPECIAL DRAWING RIGHTS

Section 1.

Method of valuation.

For the purposes of this Agreement, the value of a currency in terms of SDR

samræmi við virðisaðferð, sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn notar frá og með 1. júlí 1974.

shall be calculated in accordance with the method of valuation applied by the International Monetary Fund with effect from 1st July, 1974.

2. gr.
Breyting á virðisaðferð.

a) Breyti Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn virðisaðferðinni, er hann hefur notað frá 1. júlí 1974, er stjórninni heimilt að ákveða, að taka upp hina breyttu virðisaðferð innan ramma samnings þessa, enda sé það í samræmi við ákvæði III. kafla, 2. gr.

b) Ákveði stjórnin að taka upp slíka breytta virðisaðferð, skal hún aðeins gilda fyrir þau viðskipti, sem eiga sér stað eftir að ákvörðun gengur í gildi og fyrir þær kröfur og skuldir, sem leiða af slíkum viðskiptum, nema stjórnin ákveði annað með 90 hundraðshluta meirihluta atkvæða.

Section 2.
Change in method of valuation.

a) If the International Monetary Fund changes the method of valuation applied by it with effect from 1st July, 1974, the Governing Committee may decide to adopt such changed method of valuation for the purposes of this Agreement, provided that this is compatible with the provisions of Article III, Section 2.

b) If the Governing Committee decides to adopt such changed method of valuation, it shall apply only to the transactions carried out after that decision takes effect and to the claims and liabilities resulting from those transactions, unless the Governing Committee decides otherwise by a 90 per cent majority vote.

XV. KAFLI
TEKJU- OG GJALDAREIKNINGUR

Sjóðurinn skal greiða allan nauðsynlegan rekstrarkostnað af vaxtatekjum eða öðrum tekjum, þar með talin lántökugjöld, sem ekki er þörf fyrir til greiðslu til lánveitenda. Fé það á reikningi, sem dregið er á til þessara nota, skal ávaxtað að ákvörðun stjórnarinnar.

ARTICLE XV
INCOME AND EXPENDITURE ACCOUNT

The Fund shall meet all the costs of its operations from funds received in payment of interest or other charges, including service charges, and not needed for making payments to lenders. The funds in the account drawn upon for these purposes shall be placed as the Governing Committee determines.

XVI. KAFLI
SKIPULAG OG STJÓRN

1. gr.
Starfseiningar sjóðsins.

Sjóðurinn skal hafa eftirfarandi starfseiningar:
a) Stjórn.
b) Sjóðsráð.
c) Skrifstofu.

ARTICLE XVI
ORGANISATION AND MANAGEMENT

Section 1.
Organs of the Fund.

The Fund shall have the following organs:
a) a Governing Committee,
b) an Advisory Board and
c) a Secretariat.

2. gr.

Stjórnin.

a) Öll völd sjóðsins skulu vera í höndum stjórnarinnar, sem ber ábyrgð á starfsemi sjóðsins.

b) Stjórnin skal skipuð fulltrúum allra aðila sjóðsins, sem skulu vera háttsettir, opinberir, fjármálalegir fulltrúar. Sérhver aðili skipar einn fulltrúa og einn til vara. Varafulltrúar mega taka þátt í fundum stjórnarinnar.

c) Stjórnin kýs sér formann og varaformenn.

d) Stjórnin skal almennt starfa í höfuðstöðvum sjóðsins og skal koma saman eins oft og þörf er á vegna viðskipta sjóðsins.

e) Fundarfært skal telja á stjórnarfundi, ef að minnsta kosti 75 hundraðshlutar stjórnarmanna eru mættir, enda fari þeir eigi með minna en 70 hundraðshluta heildaratkvæðamagns aðilanna.

f) Stjórnin skal upplýsa ráð OECD um starfsemi sjóðsins.

g) Stjórninni er heimilt að setja starfsreglur og aðrar reglur, eins og hún telur nauðsynlegt fyrir starfsemi innan samnings þessa.

3. gr.

Fulltrúi Efnahagsbandalags Evrópu.

Fulltrúi ráðs Efnahagsbandalags Evrópu skal taka þátt í fundum stjórnarinnar og sjóðsráðsins.

4. gr.

Samskipti við aðrar alþjóðastofnanir.

Stjórnin skal sjá svo um, að samband sé tekið upp við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og Alþjóðagreiðslubankann, og að þessar stofnanir eigi kost á fulltrúa á fundum stjórnar og sjóðsráðs.

Section 2.

The Governing Committee.

a) All powers of the Fund shall be vested in the Governing Committee which shall be responsible for the operation of the Fund.

b) The Governing Committee shall be composed of all members of the Fund, which shall be represented by senior financial officials. Each member shall designate one representative and one alternate. Alternates may participate in meetings of the Governing Committee.

c) The Governing Committee shall elect its Chairman and Vice-Chairmen.

d) The Governing Committee shall normally function at the headquarters of the Fund and shall meet as often as the business of the Fund may require.

e) At least 75 per cent of members shall constitute a quorum for meetings of the Governing Committee, provided such quorum includes not less than 70 per cent of the total voting power of the members.

f) The Governing Committee shall keep the Council of the OECD informed of the activities of the Fund.

g) The Governing Committee may establish such other procedures and regulations, required for the application of this Agreement, as it deems necessary.

Section 3.

Representation of the European Economic Community.

A representative of the Commission of the European Communities will participate in meetings of the Governing Committee and the Advisory Board.

Section 4.

Relations with other international organisations.

The Governing Committee shall make appropriate arrangements for liaison with the International Monetary Fund and the Bank for International Settlements and for the participation of representatives from these institutions at meetings of the Governing Committee and the Advisory Board.

5. gr.

Atkvæðagreiðsla.

a) Sérhver aðili skal ráða yfir fjölda atkvæða í hlutfalli við kvóta sinn. Skulu atkvæðin greidd af fulltrúa hans í stjórninni, en af varafulltrúa í fjarveru aðalfulltrúans.

b) Úrslit atkvæðagreiðslu skulu ákveðin á eftirfarandi hátt:
   i) aðeins skal reikna með greiddum atkvæðum;
   ii) allar ákvarðanir stjórnarinnar skulu háðar meirihluta atkvæða, nema annað sé ákveðið;
   iii) engin ákvörðun samkvæmt VI., X., XIV. XVI. og XX. kafla skal tekin nema tilskilinn meirihluti hafi að geyma helming aðilanna, er greiða atkvæði.

c) Stjórninni skal heimilt að taka ákvarðanir með atkvæðum í pósti eða eftir öðrum hröðum boðleiðum.

Section 5.

Voting.

a) Each member shall have a number of votes in proportion to its quota, and such votes shall be cast by its representative to the Governing Committee or, in his absence, by his alternate.

b) The result of a vote shall be determined as follows:
   i) only votes cast shall be taken into account;
   ii) except as otherwise specifically provided, all decisions of the Governing Committee shall be made by a majority of the votes;
   iii) no decision under Articles VI, X, XIV, XVI and XX shall be adopted unless the majority required includes half of the number of members castings votes.

c) The Governing Committee may take decisions by mail ballot, or any rapid means of communication.

6. gr.

Sjóðsráðið.

a) Stjórnin skal skipa sjóðsráð, en í því skulu sitja fjármálalegir, opinberir fulltrúar, sem tilnefndir eru af aðilunum og skulu þeir starfa sem sérfræðingar.

b) Fjöldi fulltrúa í sjóðsráðinu skal ákveðinn af stjórninni með tveim þriðju huta atkvæða, ef fjöldi fulltrúanna skal ekki fara fram úr helmingi aðila að sjóðnum.

c) Sjóðsráðið skal vera ábyrgt fyrir undirbúningi að verkum stjórnarinnar með aðstoð skrifstofunnar og undir yfirumsjá stjórnarinnar. Það skal og inna aðrar skyldur af hendi eftir ákvörðun stjórnarinnar. Sjóðsráðið skal heyra undir stjórnina í öllum málum, sem fyrir því liggja og ákvarðast eiga af stjórninni.

Section 6.

The Advisory Board.

a) The Governing Committee shall designate an Advisory Board composed of financial officials, nominated by members, who shall act in their capacity as experts.

b) The number of members of the Advisory Board shall be decided by the Governing Committee, by a two-thirds majority vote, provided that the number of such members shall not exceed half of the number of members of the Fund.

c) The Advisory Board shall be responsible, under the supervision of the Governing Committee, for preparing the work of the Governing Committee with the assistance of the Secretariat, and for such other duties as may be assigned to it by the Governing Committee. The Advisory Board shall report to the Governing Committee on such matters for consideration or decision by the Governing Committee.

7. gr.

Skrifstofan.

a) Skrifstofa OECD skal vera skrifstofa sjóðsins. Skal hún annast starfsemi sjóðsins undir yfirumsjá stjórnarinnar.

b) Sjóðurinn skal endurgreiða útlagðan kostnað OECD vegna starfsemi sjóðsins af greiðslum á reikningi, sem vísað er til í XV. kafla.

Section 7.

The Secretariat.

a) The Secretariat of the OECD shall serve as the Secretariat of the Fund and shall carry out staff functions for the Fund under the direction of the Governing Committee.

b) All expenditure incurred by the OECD in connection with the operation of the Fund shall be reimbursed by the Fund by payments from the account referred to in Article XV.

8. gr.

Höfuðstöðvar.

Sjóðurinn skal hafa höfuðstöðvar sínar í höfuðstöðvum OECD í París, Frakklandi.

Section 8.

Headquarters.

The headquarters of the Fund shall be located at the headquarters of the OECD in Paris, France.

9. gr.

Skipun umboðsaðila.

Sérhver aðili skal skipa eina fjármálastofnun, svo sem ríkissjóð, jöfnunarsjóð, seðlabanka eða aðra fjármálastofnun, sem ber ábyrgð á viðskiptum milli aðilans og sjóðsins.

Section 9.

Designated authority.

Each member shall designate a single monetary authority, which shall be the Treasury, stabilisation fund, central bank or any monetary authority, to be responsible for transactions between that member and the Fund.

10. gr.

Umboðsstofnun.

a) Sjóðnum er heimilt að gera samning við Alþjóðagreiðslubankann í þeim tilgangi að gera bankann að umboðsstofnun sjóðsins í daglegum rekstri, þar með talið:
   i) bókhald;
   ii) móttaka fjár fyrir sjóðinn;
   iii) umsjá greiðslna frá sjóðnum; og
   iv) ávöxtun eigna sjóðsins.

b) Samningur sá,er vísað er til í staflið (a) þessarar greinar, má einnig ná til lántöku sjóðsins samkvæmt VIII. kafla, 1. gr. (b) eða IX. kafla.

c) Umboðsstofnunin skal leggja fram reglulegar skýrslur til stjórnarinnar, þar með talið efnahagsreikning og rekstursreikning.

Section 10.

The Agent.

a) The Fund may enter into an agreement with the Bank for International Settlements for the purpose of allowing the Bank to act as agent for the Fund for administrative purposes, including:
   i) maintaining books of account;
   ii) receiving monies due to the Fund;
   iii) making payments due from the Fund; and
   iv) depositing the assets of the Fund.

b) The agreement provided for in paragraph (a) of this Section may also include arrangements concerning borrowing by the Fund pursuant to Article VIII, Section 1(b), or Article IX.

c) The Agent shall submit a periodic report to the Governing Committee, including an account of the Fund's assets and liabilities and an income and expenditure account.

11. gr.

Sjálfstæð endurskoðun.

Stjórnin skal sjá um, að sjálfstæð endurskoðun fari fram á reikningum sjóðsins og skal hún senda hverjum aðila skýrslu endurskoðanda ásamt lýsingu á starfsemi sjóðsins.

Section 11.

Independent audit.

The Governing Committee shall arrange for an independent audit of the accounts of the Fund and shall send a report on the audit, together with a description of the operations of the Fund, to each member.

XVII. KAFLI
LAGALEG STAÐA, FORRÉTTINDI OG FRIÐHELGI

1. gr.

Tilgangur kafla þessa.

Þá lagalegu stöðu, forréttindi og friðhelgi, sem lýst er í kafla þessum, skal veita sjóðnum á yfirráðasvæði sérhvers aðila, svo sem nauðsynlegt er til að sjóðurinn geti uppfyllt þær skyldur, sem honum eru faldar.

ARTICLE XVII
CAPACITY, PRIVILEGES AND IMMUNITIES

Section 1.

Purpose of Article.

The capacity, privileges and immunities set out in this Article shall be accorded to the Fund in the territory of each member to such extent as is necessary to enable the Fund to fulfil the functions with which it is entrusted.

2. gr.

Lagaleg staða sjóðsins.

Sjóðnum skal ætlað að vera persóna að lögum og skal hann sérstaklega hafa rétt til samninga og málssóknar.

Section 2.

Capacity of the Fund.

The Fund shall possess juridical personality and, in particular, the capacity to contract and to institute legal proceedings.

3. gr.

Friðhelgi fyrir málssókn.

a) Sjóðurinn skal njóta friðhelgi fyrir málssókn í öllum tilfellum nema þeim, er til koma eða eru í sambandi við notkun hans á heimildinni til lántöku eða til að kaupa eða selja skuldabréf. Í slíkum tilfellum má höfða mál gegn sjóðnum fyrir dómstól á yfirráðasvæði aðila, þar sem sjóðurinn hefur höfuðstöðvar sínar eða hefur tekið lán eða gefið út skuldabréf. Í slíku tilfelli skal stjórnin og í öllum öðrum tilfellum er henni heimilt að skipa sér umboðsaðila, sem tekur við stefnu í samræmi við lög á staðnum.

b) Þrátt fyrir ákvæði stafliðs (a) þessarar greinar, skulu aðilar, umboðsmenn þeirra, eða persónur fyrir hönd

Section 3.

Immunity from judicial proceedings.

a) The Fund shall enjoy immunity from every form of legal process, except in cases arising out of or in connection with the exercise of any of its powers to borrow money, or buy and sell securities, in which cases actions may be brought against the Fund in a court of competent jurisdiction in the territory of a member in which the Fund has its headquarters, or has borrowed or issued securities. In such cases the Governing Committee shall, and in any other cases the Governing Committee may, appoint an agent for the purpose of accepting service or notice of process in accordance with the domestic law of the member.

b) Notwithstanding the provisions of paragraph a) of this Section, no action shall be brought against the Fund

aðila eða umboðsmanna þeirra, ekki höfða mál gegn sjóðnum. Aðilum skal ætluð sérstök leið til sátta í deilum milli sjóðsins og aðila hans eftir reglum sem stjórnin setur samkvæmt XVI. kafla, 2. gr. (g), eða í samningum, sem gerðir eru við sjóðinn.

by any member, or any agency of a member, or any person acting for or deriving claims from a member or agency of a member. Members shall have recourse to such special procedures for the settlement of controversies between the Fund and its members as may be set out in the contracts entered into with the Fund, or in the regulations of the Governing Committee established under Article XVI, Section 2(g).

c) Eignir sjóðsins, hvar sem þær eru niður komnar og hver sem hefur þær í vörslu sinni, skulu friðhelgar fyrir öllu löghaldi, fjárnámi eða lögtökum fyrir lok endanlegs dómsorðs gegn sjóðnum.

c) The assets of the Fund, wherever located and by whomsoever held, shall be immune from all forms of seizure, attachment or execution before the delivery of final judgement against the Fund.

4. gr.
Eignir sjóðsins.

Eignir sjóðsins, hvar sem þær eru niður komnar og hver sem hefur þær í vörslu sinni, skulu friðhelgar fyrir leit, töku, eignaupptöku, eignarnámi eða hverju öðru formi töku, hvort sem um athöfn framkvæmdavalds, löggjafarvalds eða annars opinbers valds er að ræða.

Section 4.
Assets of the Fund.

Assets of the Fund, wherever located and by whomsoever held, shall be immune from search, requisition, confiscation, expropriation or any other form of seizure by executive, legislative or administrative action.

5. gr.
Skjalasafn sjóðsins.

Skjalasafn sjóðsins skal friðhelgt.

Section 5.
Archives of the Fund.

The Archives of the Fund shall be inviolable.

6. gr.
Gjaldeyrishömlur.

Eignir sjóðsins skulu undanþegnar öllum gjaldeyrishömlum, reglum, leyfisveitingum eða tímabundnum lokunum, hverjar sem þær eru, að svo miklu leyti sem slíkt er nauðsynlegt til að sjóðurinn geti gegnt hlutverki sínu.

Section 6.
Exchange control.

To the extent necessary to carry out the operations of the Fund, its assets shall be free from financial restrictions, regulations, controls and moratoria of any nature.

7. gr.
Skattlagning.

a) Sjóðurinn skal undanþeginn beinum sköttum af eignum og tekjum innan ramma opinbers starfssviðs hans, nema af gjöldum fyrir almenningsbjónustu.

b) Enginn skattur af nokkru tagi skal lagður á skuldaviðurkenningu eða

Section 7.
Taxation.

a) Within the scope of its official activities, the Fund and its assets and income shall be exempt from all direct taxes, but not from charges for public utility services.

b) No taxation of any kind shall be levied on any obligation or security

skuldabréf gefin út af sjóðnum, þar með talinn arður eða vextir þar af, hver sem í hlut á:
i) sem mismunar slíkri skuldaviðurkenningu eða skuldabréfi eingöngu vegna uppruna þess; eða
ii) ef eina lagalega ástæðan til slíkrar skattlagningar er útgáfustaður eða útgáfugjaldeyrir, kröfu- eða greiðslustaður, eða staðsetning á skrifstofu eða viðskiptastað sjóðsins.

8. gr.
Fulltrúar og embættismenn.

Með tilliti til forréttinda og friðhelgi:

a) skal líta á fulltrúa aðilanna, er sitja í stjórninni eða aðilanna að sjóðsráðinu, sem fulltrúa við stofnun tengda OECD; og

b) skal líta á embættismenn OECD að því er það varðar, hvernig þeir framkvæma eða ekki framkvæma athafnir fyrir hönd sjóðsins sem embættismenn OECD.

9. gr.
Afsal friðhelgi.

Stjórnin skal hafa rétt til og vera skylt að afsala friðhelgi, sem veitt er með kafla þessum, í hverju máli, þar sem friðhelgi mundi að mati hennar standa í vegi fyrir framgangi réttvísinnar og afsal hennar mundi ekki skaða hagsmuni sjóðsins.

XVIII. KAFLI
TÍMABILIÐ, EFTIR AÐ LÁNVEITINGAHEIMILD FELLUR NIÐUR

Á tímabilinu, eftir að heimild til lánveitinga samkvæmt V. kafla, 1. gr., lýkur, og áður en sjóðurinn er leystur upp, skulu öll ákvæði samnings þessa, sem nauðsynleg eru til að standa við kvaðir sjóðsins og kröfur á sjóðinn, er gerðar voru, áður en lánveitingarheimildin féll niður, halda fullu gildi. Stjórninni er heimilt að ákveða með samhljóða atkvæðum, að öðrum ákvæðum samnings þessa skuli ekki vera beitt á þessu tímabili.

issued by the Fund, including any dividend or interest thereon, by whomsoever held:
i) which discriminates against such obligation or security solely because of its origin; or,
ii) if the sole jurisdictional basis for such taxation is the place or currency in which it is issued, made payable or paid, or the location of any office or place of business maintained by the Fund.

Section 8.
Representatives and officials.

With respect to privileges and immunities:
a) representatives of members to the Governing Committee and the members of the Advisory Board shall be regarded as representatives to an organ of the OECD; and
b) officials of the OECD shall, in respect of things done or omitted to be done by them on behalf of the Fund, be regarded as acting officials of the OECD.

Section 9.
Waiver of immunity,

The Governing Committee shall have the right and the duty to waive any immunity accorded by this Article in any case where, in its opinion, the immunity would impede the course of justice and can be waived without prejudice to the interests of the Fund.

ARTICLE XVIII
PERIOD FOLLOWING LAPSE OF LENDING AUTHORITY

During the period after lapse of authority to make loans referred to in Article V, Section 1, and before liquidation of the Fund, all provisions of this Agreement necessary for the purpose of meeting all obligations of and claims on the Fund contracted prior to the lapse of authority to make loans shall remain in force. The Governing Committee may decide, by a unanimous vote, that any other provision of this Agreement shall not be applied during this period.

XIX. KAFLI
SJÓÐSSLIT

1. gr.
Dagsetning sjóðsslita.

Eftir að heimild sjóðsins til lánveitinga rennur út, skal sjóðurinn halda áram að vera til þangað til hann hefur innt af hendi allar kvaðir sínar gagnvart þriðju aðilum og síðasta endurgreiðsla af lánveitingu hefur fallið í gjalddaga. Þá skal leysa sjóðinn upp, nema stjórnin ákveði annað með 70 hundraðshluta meirihluta.

2. gr.
Reglur um sjóðsslit.

Daginn, sem sjóðsslit fara fram, skulu eignir og skuldir sjóðsins vera gerðar upp eftir svofelldum reglum:

a) Inneign á reikningi, sem vísað er til í XV. kafla, skal deila út meðal aðilanna, eftir því sem þeir hafa kröfur samkvæmt XIII. kafla, í hlutfalli við þær kröfur. Afganginum, ef einhver er, skal deila út til aðilanna í hlutfalli við kvóta þeirra, þó þannig, að engu skal deila út til aðila, sem er í skuld við sjóðinn.

b) Sérhver útistandandi krafa á eða skuld við sjóðinn af aðilum vegna endurgreiðslu höfuðstóls eða greiðslu vaxta, sem ekki var innt af hendi til sjóðsins á gjalddaga, svo og allar kröfur og kvaðir aðila, sem verða til samkvæmt 1., 2., 4. og 5. gr. XIII. kafla, skulu umreiknaðar í SDR, séu þær í gjalddeyri, á gengi dagsins milli viðkomandi gjaldeyris og SDR. Skulu þær felldar niður, en í staðinn koma tvíhliða kröfur og skuldir, sem reiknaðar skulu á eftirfarandi hátt:

i) sérhver aðili skal skulda sérhverjum hinna aðilanna, er eiga kröfu á sjóðinn, á tvíhliða grundvelli, sem jafngildir því broti kröfunnar, sem er jafnt því broti kvótans hjá fyrsta aðila af öllum kvótum aðilanna; og

ARTICLE XIX
LIQUIDATION

Section 1.
Date of liquidation.

Following the lapse of authority for the Fund to grant loans, the Fund shall remain in existence until it has discharged all its obligations to third parties and the last repayment of any loan made by it has fallen due. At that time, the Fund shall be liquidated unless the Governing Committee decides otherwise by a 70 per cent majority.

Section 2.
Liquidation procedures.

At the date of liquidation the Fund's assets and liabilities shall be liquidated in accordance with the following rules:

a) Any balance in the account referred to in Article XV shall be distributed among the members which have claims pursuant to Article XIII, in proportion to those claims. Any sum remaining in the account after the foregoing distribution shall be distributed to all members in proportion to quotas, provided that no distribution shall be made to a member that has an outstanding financial obligation to the Fund.

b) Any outstanding claims on, or obligations to the Fund of members in respect of repayment of principal and payments of interest not made to the Fund on the due date and all claims or obligations of members arising under Sections 1, 2, 4 and 5 of Article XIII shall, if denominated in a currency, be converted into SDR at the current value of the currency in terms of SDR and shall be cancelled and replaced by bilateral claims and debts calculated as follows:

i) each member shall have a bilateral debt to each of the members which has a claim on the Fund, equivalent to that fraction of that claim which is equal to the fraction which the quota of the first member represents of the sum of the quotas of all members; and

ii) sérhver aðili, sem er í skuld við sjóðinn, skal vera í skuld við sérhvern hinna aðilanna á tvíhliða grundvelli, sem jafngildir því broti skuldarinnar, sem er jöfn því broti kvótans hjá síðarnefnda aðilanum af öllum kvótum aðilanna.

c) Sérhver ólokin upphæð, sem upp kemur samkvæmt 7. gr. (b) XIII. kafla, skal felld niður, en í staðinn kemur tvíhliða krafa á eða skuld til aðilans, sem upptökin að hinni óloknu upphæð var að finna hjá.

d) Þær tvíhliða skuldir, sem verða til samkvæmt staflið (b) og (c) þessarar greinar, skulu bera vexti og skulu endurgreiðast eftir skilmálum, sem um semst milli tvíhliða aðilanna. Slíkir skilmálar skulu innihalda ákvæði um gjaldeyri skuldarinnar, sé um skuldir samkvæmt staflið (b) að ræða.

ii) each member which has an obligation to the Fund shall have a bilteral debt to each of the other members, equivalent to that fraction of that obligation to the Fund which is equal to the fraction which the quota of the latter member represents of the sum of the quotas of all the members.

c) Any unsettled amount arising under Section 7(b) of Article XIII shall be cancelled and replaced by a bilateral claim on, or debt to, the member in respect of which the unsettled amount arose.

d) The bilateral debts arising under paragraphs (b) and (c) of this Section shall bear interest and shall be repaid on terms and conditions to be agreed between the bilateral parties. Such terms and conditions shall, in the case of debts arising under paragraph (b), include the denomination of the debt.

XX. KAFLI
TÚLKUN

Sérhverju vafaatriði um túlkun ákvæða samnings þessa, er kann að rísa milli aðila og sjóðsins eða milli aðilanna, skal vísað til sérstakrar nefndar, skipaðri þrem sérfræðingum tilnefndum af stjórninni samkvæmt tillögu formanns hennar. Skoðun meirihluta sérfræðinganefndarinnar skal samþykkt af stjórninni, nema stjórnin ákveði annað.

ARTICLE XX
INTERPRETATION

Any question of interpretation of the provisions of this Agreement, arising between any member and the Fund, or between members, shall be referred to an ad hoc committee of three experts designated by the Governing Committee upon the proposal of its Chairman. The opinion of the majority of the ad hoc committee shall be accepted by the Governing Committee, unless the Governing Committee decides otherwise.

XXI. KAFLI
BREYTINGAR

Stjórninni er heimilt að gera tillögur um breytingar á samningi þessum með einróma samþykki aðila, er greiða atkvæði. Skilyrði fyrir gildistöku breytinga skulu tekin fram í tillögum stjórnarinnar, þar sem tekið er tillit til aðilanna, er þurfa að fara eftir eigin stjórnarskrárákvæðum.

ARTICLE XXI
AMENDMENT

The Governing Committee may propose amendments to this Agreement by unanimous decision of the members voting. The conditions for entry into force of an amendment shall be specified in the proposal of the Governing Committee, making provision for members to comply with their constitutional procedures.

XXII. KAFLI
FRAMFYLGD SAMNINGSINS

Sérhver aðili skal gera það, sem nauðsynlegt er, þar með talið að afla nauðsynlegra lagaheimilda, til framfylgdar samningi þessum. Hver aðili skal sérstaklega hafa uppfyllt öll skilyrði til að standa við kvaðir sínar í samræmi við tilkynningu frá sjóðnum samkvæmt VII. og XIII. kafla, þegar samningurinn gengur í gildi gagnvart þeim aðila, með því að hafa aflað sér allra lagalegra og annarra heimilda, er gera mögulegar tafarlausar greiðslur til sjóðsins. Skal aðilinn tilkynna sjóðnum þar að lútandi.

ARTICLE XXII
IMPLEMENTATION OF THE AGREEMENT

Each member shall take the necessary measures, including any necessary legislative measures, to implement this Agreement. In particular, each member, upon entry into force of this Agreement for that member, shall have fulfilled all requirements to meet its obligations in accordance with a notice or instruction from the Fund under Article VII or Article XIII, by having taken all necessary legislative or other action that would permit immediate payment to the Fund and shall inform the Fund accordingly.

XXIII. KAFLI
LOKAÁKVÆÐI

1. gr.
Undirritun.

Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar fyrir sérhvert aðildarríki OECD frá 9. apríl til 31. maí 1975. Undirritun skal háð fullgildingu, staðfestingu eða samþykki undirritunaraðilanna.

ARTICLE XXIII
FINAL PROVISIONS

Section 1.
Signature.

This Agreement shall be open for signature by any Member country of the OECD at the headquarters of the OECD from 9th April until 31st May, 1975. Signatures shall be subject to ratification, acceptance or approval by the signatory countries.

2. gr.
Gildistaka.

a) Samningur þessi skal taka gildi fyrir viðkomandi aðildarríki á tíunda degi eftir að þau aðildarríki, sem hafa minnst 90 hundraðshluta kvótanna, eftir að hafa uppfyllt eigin stjórnarskrárákvæði og eftir að hafa uppfyllt skilyrði XXII. kafla, hafa afhent aðalritara OECD tilkynningu um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki eða tilkynningu þess efnis, að þau fallist á að vera skuldbundin samningi þessum.

b) Ef skilyrði stafliðs (a) þessarar greinar hafa ekki verið uppfyllt, en ekki færri en fimmtán ríki með 60 hundraðshluta kvótanna hið minnsta hafa lagt fram tilkynningu um full-

Section 2.
Entry into force.

a) On the tenth day following the day on which Member countries of the OECD holding at least 90 per cent of the quotas, having complied with constitutional procedures and having fulfilled the requirments under Article XXII, have deposited with the Secretary-General of the OECD an instrument of ratification, acceptance or approval, or a notification of consent to be bound, this Agreement shall enter into force for such Member countries.

b) If the conditions of paragraph (a) of this Section have not been fulfilled, but at least fifteen Member countries of the OECD holding at least 60 per cent of the quotas have

gildingu, staðfestingu eða samþykki eða tilkynningu þess efnis, að þau fallist á að vera skuldbundin samningi þessum, mega þessi ríki ákveða með einróma samþykki, að samningur þessi taki gildi fyrir þau sjálf.

deposited an instrument of ratification, acceptance or approval, or a notification of consent to be bound, such Member countries may decide, by unanimous agreement, to bring this Agreement into force for themselves.

3. gr.

Efndir eftir gildistöku.

Eftir að samningur þessi hefur tekið gildi samkvæmt stafliðum (a) og (b) í 2. grein þessa kafla:

a) Fyrir sérhvert aðildarríki, er afhendir tilkynningu um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki eða tilkynningu þess efnis, að það fallist á að vera skuldbundið samningnum, skal samningur þessi taka gildi á tíunda degi, eftir að tilkynningin hefur verið afhent, svo framarlega sem slík tilkynning er lögð fram innan tólf mánaða eftir undirskrift samnings þessa. Stjórnin skal í samráði við hvert slíkt ríki ganga frá skilyrðum í sambandi við fjárhagslegar skuldbindingar eða kröfur vegna lána, er sjóðurinn kann að hafa veitt.

b) Aðildarríki OECD mega gerast aðilar að samningi þessum síðar en tólf mánuðum eftir lokadag til undirritunar, í samræmi við skilmála, er stjórnin kann að setja.

Section 3.

Adherence after entry into force.

After the entry into force of this Agreement in accordance with paragraphs (a) or (b) of Section 2 of this Article:

a) For each Signatory country which deposits an instrument of ratification, acceptance or approval, or a notification of consent to be bound, within twelve months from the closing date for signature, this Agreement shall enter into force for that country on the tenth day following the day of deposit. The Governing Committee shall establish, in agreement with each such country, conditions regarding any financial obligations or claims associated with whatever loans the Fund may have made.

b) Member countries of the OECD may become parties to this Agreement later than twelve months after the closing date for signature, in accordance with such terms and conditions as may be established by the Governing Committee.

4. gr.

Tilkynning.

Aðalritari OECD skal tilkynna aðildarríkjum OECD hverju sinni, er tilkynning berst um fullgildingu, staðfestingu, samþykki og tilkynningu þess efnis, að viðkomandi ríki fallist á að vera skuldbundið samkvæmt samningi þessum, svo og um gildistöku samnings þessa eða um breytingar á honum.

Section 4.

Notification.

The Secretary-General of the OECD shall notify all Member countries of the OECD of the deposit of each instrument of ratification, acceptance, approval or accession, or a notification of consent to be bound, and of the entry into force of this Agreement or any amendment thereto.

5. gr.

Gildir textar.

Frumrit samnings þessa, sem er jafngildur á ensku, frönsku, þýsku, ítölsku,

Section 5.

Authentic texts.

The orginal of this Agreement of which the English, French, German,

japönsku, hollensku og spönsku skal vera í vörslu aðalritara OECD. Staðfest afrit skal afhent hverjum aðila af aðalritara OECD.

Italian, Japanese, Netherlands and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited with the Secretary-General of the OECD, and a certified copy thereof shall be furnished by him to each Member country of the OECD.

Viðauki.

KVÓTAR SAMKVÆMT III. KAFLA SAMNINGS ÞESSA

Aðilar	Upph. í millj. SDR
Ástralía	300
Austurríki	200
Belgía	480
Kanada	840
Danmörk	240
Finnland	160
Frakkland	1 700
Sambandslýðveldið Þýskaland	2 500
Grikkland	120
Ísland	20
Írland	120
Ítalía	1 400
Japan	2 340
Luxemborg	20
Holland	600
Nýja Sjáland	160
Noregur	200
Portúgal	120
Spánn	500
Svíþjóð	300
Sviss	400
Tyrkland	120
Stóra Bretland	1 600
Bandaríkin	5 560
	20 000

Ed. 339. Frumvarp til laga [158. mál]

um greiðslu vátryggingariðgjalda fiskiskipa.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Viðskiptabanka útgerðarmanns skal skylt að halda eftir fjárhæð, sem nemi 5% af heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) afla, sem landað er hérlendis, en 4% af heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) afla, sem landað er erlendis. Skal fjárhæð þessi renna til greiðslu iðgjalda af vátryggingum fiskiskipa.

2. gr.

Viðskiptabankarnir skulu skila andvirði þessu á reikning Landssambands ísl. útvegsmanna hjá viðkomandi banka, þegar greiðsla til bankans hefur farið fram.

Landsamband ísl. útvegsmanna skal mánaðarlega skila andvirði þessu til viðkomandi vátryggingarfélaga, að þeim hluta, sem þarf til greiðslu vátryggingariðgjalds hvers skips, enda liggi fyrir samkomulag milli Landssambands ísl. útvegsmanna og vátryggingarfélaganna um vátryggingar fiskiskipa, sbr. þó ákvæði laga um Bátaábyrgðarfélög nr. 41/1967, með síðari breytingum, og laga nr. 47/1967, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, með síðari breytingum.

3. gr.

Við árslok skal endurgreiða skipseiganda innistæðu skipsins, er kann að verða umfram greiðslu vátryggingariðgjalda. Þó er heimilt að endurgreiða skipseiganda innistæðu skipsins fyrr, séu vátryggingariðgjöld skipsins að fullu greidd.

4. gr.

Vextir af innistæðum á bankareikningum Landssambands ísl. útvegsmanna skulu renna til greiðslu kostnaðar við innheimtu og skil iðgjaldagreiðslna skv. lögum þessum, að svo miklu leyti, sem þeir hrökkva til.

5. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til afla, sem landað er eftir 15. febrúar 1976.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Vorið 1975 skipaði sjávarútvegsráðherra nefnd að ósk samtaka sjómanna og útvegsmanna til þess að endurskoða lög og reglur um sjóði sjávarútvegsins, og kanna samhengi milli sjóðanna og skiptaverðs sjávarafla og þar með hlutaskiptareglna kjarasamninga.

Hinn 19. janúar 1976 skilaði nefnd þessi ítarlegri skýrslu, þar sem nefndin leggur fram tillögur að breytingum á gildandi sjóðakerfi sjávarútvegsins, fiskverði og hlutaskiptum. Meðal þeirra tillagna, er nefndin lagið til var sú, að útflutningsgjöldin yrðu lækkuð verulega, þannig að í stað gildandi ákvæða um útflutningsgjöld af sjávarafurðum, verði sett ein lög um þetta efni, þar sem útflutningsgjaldið verði einfalt gjald af hundraðshluta af f.o.b.-verði gjaldskylds útflutnings og ekki hærra en sex af hundraði. Þá lagði nefndin til, að tekjur Tryggingasjóðs fiskiskipa af útflutningsgjöldum yrðu skertar um sem næst helming frá gildandi gjaldskrá útflutningsgjalda og greiðslur iðgjaldastyrkja úr honum lækkaðar að sama skapi, þannig að eftir þessa breytingu mun Tryggingasjóður fiskiskipa fá í sinn hlut um fjórðung útflutningsgjaldanna.

Áætlað er að aflaverðmæti sjávarafurða á árinu 1976 nemi um 20 milljörðum króna, þar af muni Tryggingasjóður fiskiskipa fá í formi útflutningsgjalda nálægt 600 millj. kr., en iðgjaldagreiðslur af vátryggingum fiskiskipa munu nema um 1 700—1 800 millj. kr. á árinu 1976. Ljóst er því samkvæmt þessu, að auka þarf verulega beinan hluta útvegsmanna í iðgjaldagreiðslunum, til þess að endar nái saman. Af þeim sökum hefur Landssamband ísl. útvegsmanna óskað eftir því, að sett verði sérstök lög í þessu skyni, um fyrirkomulag á innheimtu iðgjalda af vátryggingum fiskiskipa með milligöngu viðskiptabanka sjávarútvegsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í grein þessari er lagt til, að viðskiptabönkum útgerðarmanna verði gert að skyldu, að halda eftir ákveðinni fjárhæð af uppgefnu heildarsöluverðmæti afla, sem landað er hérlendis og erlendis. Fjárhæð þessi skal notuð til greiðslu upp í vátryggingariðgjöld fiskiskipa, til viðbótar við greiðslur Tryggingasjóðs fiskiskipa.

Um 2. gr.

Í grein þessari kemur fram, að þegar veðsetning hefur farið fram eða skil hafa borist viðskiptabönkunum vegna landana erlendis, þá skulu bankarnir gera skil á andvirði þessu til Landssambands ísl. útvegsmanna, sem síðan skilar því mánaðarlega til vátryggingarfélaganna til greiðslu vátryggingargjalda hvers skips að því marki er með þarf til greiðslu iðgjaldanna.

Viðskiptabankarnir skulu alltaf halda eftir áðurgreindum fjárhæðum, jafnvel þótt ekki hafi náðst samkomulag milli Landssambands ísl. útvegsmanna og vátryggingarfélaganna um vátryggingar fiskiskipa, að svo miklu leyti, sem Landssambandið getur samið um slíkar vátryggingar, sbr. lög um Bátaábyrgðarfélög og Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

Um 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að við lok tryggingarársins, sem er almanaksárið, þá skuli fara fram endanlegt uppgjör vegna vátryggingariðgjaldanna. Komi í ljós, að útgerðarmaður eigi inni, þegar uppgjörið fer fram í árslok, þá skal endurgreiða honum það sem umfram er. Þá er heimild til endurgreiðslu, ef ljóst er fyrr á árinu, að vátryggingariðgjöldin eru að fullu greidd.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 340. Fyrirspurn [159. mál]

til samgönguráðherra um dreifingu sjálfvirka símakerfisins um sveitir landsins.

Frá Ingiberg J. Hannessyni.

Hefur verið gerð tímaáætlun um dreifingu sjálfvirka símakerfisins um sveitir landsins?

Sþ. 341. Tillaga til þingsályktunar [160. mál]

um rannsókn á möguleikum til virkjunar Skaftár og Hverfisfljóts.

Flm.: Jón Helgason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að sem fyrst verði rannsakaðir möguleikar til virkjunar á vatnasvæði Skaftár og Hverfisfljóts.

Greinargerð.

Nokkrar athuganir hafa verið gerðar á möguleikum til virkjunar á vatnasvæði Skaftár og Hverfisfljóts. Fyrstu tildrög þeirra athugana var áhugi á að veita vatni úr Skaftá í Tungná til þess að auka vatnsmagn á Búrfellsvirkjun og væntanlegar virkjanir í Tungná. Í því skyni var mældur og kortlagður efri hlutinn af vatnasvæði Skaftár, en niðurstöður þeirra mælinga leiddu í ljós, að slík veita kom ekki til greina.

Þegar það lá fyrir var farið að athuga nánar, hvort ekki mætti nýta til virkjunar á annan hátt vatnsmagn Skaftár og Hverfisfljóts, ásamt miklum miðlunarmöguleikum í Langasjó.

Hafa starfsmenn Orkustofnunar og Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen sett fram hugmyndir um allt að 300—400 MW virkjun með lágum virkjunarkostnaði miðað við afl. En til þess að hægt sé að gera nákvæmar áætlanir um slíka virkjun þarf að kortleggja það sem eftir er af svæðinu og rannsaka alla þætti málsins miklu betur. Engu að síður er augljóst, að þarna eru fyrir hendi einhverjar bestu aðstæður hér á landi til framleiðslu á mikilli og ódýrri orku, ef engir sérstakir annmarkar eru á að nýta þær aðstæður.

Þrátt fyrir efnahagserfiðleika verjum við íslendingar nú miklu fjármagni til virkjunarframkvæmda til þess að hagnýta þessi gæði landsins og spara innflutning. Og gert er ráð fyrir að halda áfram á þeirri braut. En til þess að fjármagnið nýtist sem best, þurfa, áður en ákvörðun um hverja einstaka framkvæmd er tekin, að liggja fyrir ítarlegar undirbúningsrannsóknir ásamt heildaryfirliti um þá möguleika, sem til greina koma, svo að farin verði hagkvæmasta leiðin hverju sinni.

Enn fremur er nú mjög rætt um samtengingu alls landsins í eitt raforkusvæði og framkvæmdir við það þegar hafnar. En þá er nauðsynlegt að reyna að gera sér grein fyrir því, hvar líklegt er að næsta orkuver verði reist, svo að hægt sé að miða við það.

Það er því tvímælalaust nauðsynlegt, að sem fyrst verði rannsakaðir möguleikar til virkjunar í Skaftá og Hverfisfljóti, þar sem þar getur verið um að ræða stóran þátt í orkuframleiðslu okkar.

Ed. 342. Frumvarp til laga [161. mál]

um breyting á lögum nr. 26 16. nóv. 1907, um skipan sóknarnefnda og héraðsnefnda.

Flm.: Ingiberg J. Hannesson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Sóknarnefnd skal halda að minnsta kosti einn almennan safnaðarfund ár hvert til að ræða um kirkjuleg málefni safnaðarins. Aukafundi skal halda, þegar meiri hluti sóknarnefndar fer fram á það.

Sóknarnefndin kýs sér oddvita úr sínum hópi, en að öðru leyti skipta nefndarmenn störfum með sér. Oddviti boðar fundi og stýrir þeim. Fundur er lögmætur, er ⅔ sóknarnefndarmanna sitja hann, enda hafi hann verið boðaður með nægilegum fyrirvara.

Sóknarprestur og safnaðarfulltrúi skulu starfa með sóknarnefnd og sitja fundi hennar og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Sóknarnefndarmenn eru 3 í sóknum, sem færri hafa sóknarmenn en 500, ella 5, uns tala sóknarmanna er 1000. Kjósa skal tvo menn til viðbótar í sóknarnefnd fyrir

hver full tvö þúsund sóknarmanna, sem við bætast. Þó skulu aldrei fleiri í sóknarnefnd en ellefu alls. Kjósa skal jafnmarga varamenn, sem taka sæti í forföllum aðalmanna.

3. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Kosningin gildir til fjögurra ára. Á fyrsta aðalsafnaðarfundi, eftir að lög þessi öðlast gildi, skal kjósa sóknarnefndir eftir þeim í öllum sóknum. Að tveimur árum liðnum skal minni hluti kjörinna nefndarmanna, svo og varamanna, ganga úr nefndinni og ræður hlutkesti, en hinn hlutinn að fjórum árum liðnum. Samkvæmt þessu fara síðan ávallt hinar tvær deildir nefndarmanna frá annað hvert ár á víxl.

4. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Á aðalsafnaðarfundi skal kjósa einn safnaðarfulltrúa fyrir sóknina og annan til vara til fjögurra ára í senn. Á fyrsta aðalsafnaðarfundi, eftir að lög þessi öðlast gildi, skal kjósa safnaðarfulltrúa og varamann hans. Um kosningu þeirra og kjörgengi gilda sömu reglur og um sóknarnefndarmenn.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög um skipun sóknarnefnda eru frá 16. nóv. 1907, og er því augljóst, að sitthvað er þar, sem ekki stenst miðað við aðstæður og þarfir nútímans. Þó má segja, að meginhluti laganna þjóni tilgangi sínum enn í dag, en nokkrar greinar nefndra laga þarfnast þó endurskoðunar.

Kirkjuþing hinnar íslensku þjóðkirkju hefur fjallað um þetta mál og er frumvarp það, sem nú er lagt fram, byggt á samþykkt kirkjuþings árið 1972.

Lagt er til að eftirtaldar greinar laganna þarfnist endurskoðunar:

2. gr.: Hér er kveðið nánar á um lögmæti sóknarnefndarfunda miðað við mætingu nefndarmanna svo og nauðsyn þess, að viðkomandi sóknarprestur og safnaðarfulltrúi starfi með nefndinni að þeim málum, er varða viðkomandi sókn.

4. gr.: Þar sem fjöldi sóknarmanna er í dag meiri í mörgum sóknum en áður var, er nauðsynlegt að hafa nánari ákvæði um fjölda sóknarnefndarmanna miðað við tölu íbúa í hverri sókn.

6. gr.: Kjörtímabil sóknarnefndar hefur verið 6 ár. Reynslan sýnir, að það er of langur tími til þess að nefndirnar séu nægilega virkar og þær endurnýist svo sem þörf er á hverju sinni. Einnig má benda á, að 4 ár er eðlilegur tími og í samræmi við ríkjandi venjur þjóðfélagsins, og því þörf umbóta.

Í þessari grein eru og nánari ákvæði um það, hvernig kjósa skal og endurnýja kjör í þessar nefndir.

16. gr.: Þessi gr. fjallar um kosningu og kjörtímabil safnaðarfulltrúa og kveður nánar á um hvernig kjöri þeirra skuli hagað.

Framangreindar lagabreytingar eru til þess gerðar að setja nánari ákvæði um störf sóknarnefnda og safnaðarfulltrúa og afmarka starfssvið þeirra, auk þess að stytta kjörtímabil þeirra til samræmis við ríkjandi venjur.

Nd. 343. Frumvarp til laga [162. mál]

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 frá 29. mars 1961.

Flm.: Gunnlaugur Finnsson, Karvel Pálmason, Ólafur G. Einarsson, Garðar Sigurðsson, Sighvatur Björgvinsson.

1. gr.

40. gr. laganna orðist svo:

Í hreppum, þar sem sveitarstjóri er ekki starfandi, skulu oddvitar eiga rétt á launum úr sveitarsjóði vegna starfa sinna skv. 39. gr. Skulu laun oddvita vera 6% af rekstrartekjum sveitarsjóðs og fyrirtækja sveitarfélaga.

Ef um er að ræða sérstakar, umfangsmiklar framkvæmdir á vegum sveitarfélags, sem oddviti sér um, skal oddviti eiga rétt á sérstakri þóknun fyrir þau störf skv. ákvörðun sveitarstjórnar.

Láti oddviti í té húsnæði og aðra aðstöðu vegna skrifstofuhalds, fundarhalda o. fl. í þágu sveitarfélags, á hann rétt á sérstakri greiðslu fyrir þá þjónustu, og skal hreppsnefnd meta hana hverju sinni.

Í hreppum, þar sem sveitarstjóri er starfandi, skal þóknun oddvita ákveðin með sama hætti og annarra sveitarstjórnarmanna skv. 24. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1977.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur það farið í vöxt, að sveitarstjórar hafi verið ráðnir framkvæmdastjórar í hreppum. Hafa sveitarstjórar þannig tekið við framkvæmdastjórastörfum af oddvitum. Augljóst er þó, að hinir minni hreppar geta ekki af fjárhagsaðstæðum ráðið sér sveitarstjóra í fullt starf til að gegna framkvæmdastjórastörfum fyrir sveitarfélagið og verða hinir kjörnu oddvitar þar að gegna þeim störfum meira og minna sem aukastörfum samhliða aðalstörfum.

Oddvitastarf er borgaraleg skylda, skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga, sem menn geta ekki skorast undan. Þó hefur þess orðið vart í vaxandi mæli á undanförnum árum, að sveitarstjórnarmenn hafi skorast undan að gegna oddvitastörfum, aðallega af tvennum ástæðum. Oddvitastörf eru mjög erilsöm og oddvitalaun hafa verið mjög lág — og í engu samræmi við almennt kaupgjald í landinu. Margir oddvitar hafa kvartað yfir þessu og óskað lagfæringa. Er frumvarpi þessu ætlað að bæta að nokkru launakjör oddvita.

Oddvitalaun eru nú 4% af tekjum, sem oddvitar innheimta fyrir sveitarsjóð, og auk þess visst gjald miðað við íbúafjölda sveitarfélagsins. Gjald þetta var s. l. ár 260 kr. á íbúa.

Í frv. er lagt til, að oddvitalaun verði 6% af öllum rekstrartekjum sveitarfélagsins.

Miðað við s. l. ár mundi þessi breyting þýða um 50% hækkun á launum oddvita.

Dæmi skulu hér tekin af fimm hreppum:

		Árslaun 1975		
		Skv. núgildandi reglum:	Skv. reglu frv. miðað við 1975:	Hækkun %
1)	Hreppur með 525 íbúa	1 200 þús.	1 800 þús.	50%
2)	— — 412 —	520 —	820 —	57%
3)	— — 356 —	640 —	970 —	51%
4)	— — 256 —	420 —	640 —	50%
5)	— — 189 —	455 —	690 —	49%

Ed. **344. Frumvarp til laga** [163. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Við 6. gr., sbr. lög nr. 41/1973, 1. gr. bætist nýr töluliður, 5. töluliður, svohljóðandi:

5. Fyrir háttsemi, sem greinir í milliríkjasamningi frá 14. desember 1973 um varnarráðstafanir og refsingar vegna glæpa gegn einstaklingum, er njóta alþjóðlegrar verndar, þ. á m. sendierindrekum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta hefur hegningarlaganefnd samið, en óskað var álits nefndarinnar á því, hvort breyta þyrfti íslenskum lögum til þess að unnt væri að fullgilda milliríkjasamning frá 14. desember 1973 um varnarráðstafanir og refsingar vegna glæpa gegn einstaklingum, er njóta alþjóðlegrar verndar, þ. á m. sendierindrekum.

Nefndin taldi ekki þörf annarra lagabreytinga en þeirrar sem felst í þessu frumvarpi.

Jafnframt því að þetta frumvarp er flutt, verður borin fram af utanríkisráðherra tillaga til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda framangreindan samning frá 14. desember 1973.

Hegningarlaganefnd lét frumvarpinu fylgja svohljóðandi greinargerð:

Með ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna hinn 14. desember 1973 var fallist á samning (convention) um varnarráðstafanir og refsingar vegna glæpa gegn einstaklingum, er njóta alþjóðlegrar verndar, þ. á m. sendierindrekum. Milliríkjasamningur þessi hefir verið undirritaður af Íslands hálfu, en eigi fullgiltur. Samkvæmt 2. gr. þessa samnings skal eftirfarandi ásetningarverknaður talinn glæpur samkvæmt lögum aðildarríkis:

a) morð, mannrán eða önnur árás gegn persónu eða frelsi einstaklings, er nýtur alþjóðlegrar verndar;
b) ofbeldisárás gegn opinberum vinnustað, einkadvalarstað eða farartæki einstaklings, er nýtur alþjóðlegrar verndar, ef líklegt er, að slík árás stofni persónu hans eða frelsi í hættu;
c) hótun um að fremja einhvern slíkan verknað;
d) tilraun til þess að fremja einhvern slíkan verknað;
e) verknaður feli í sér hlutdeild í einhverri slíkri árás.

Er aðildarríki lögð sú skylda á herðar með samningnum að lýsa slíka glæpi refsiverða og mæla fyrir um hæfilegar refsingar, þar sem tillit sé tekið til þess, hve alvarlegir þeir eru.

Þau ákvæði íslenskra hegningarlaga, sem til greina koma í sambandi við framangreinda háttsemi, eru fyrst og fremst ákvæði XXIII., XXIV. og XXV. kafla alm. hegningarlaga, auk þess sem ákvæði XVIII. kafla og XXVII. kafla gætu komið til greina. Benda má á, að samkvæmt 94. gr. er mælt svo fyrir, að ef verknaði, sem refsing er lögð við í XXIII., XXIV. eða XXV. kafla almennra hegningarlaga, er beint að þjóðhöfðingja erlends ríkis eða sendimönnum þess hér á landi, má auka refsingu þá, sem við brotinu liggur, þannig að bætt sé við hana allt að helmingi hennar. Þá má einnig benda á 95. gr. alm. hegningarlaga, er leggur refsingu við að smána opinberlega m. a. æðsta ráðamann þjóðhöfðingja erlends ríkis, fána þess

eða annað viðurkennt þjóðarmerki, svo og að hafa í frammi skammaryrði eða aðra ar móðganir eða ærumeiðandi aðdróttanir við aðra starfsmenn ríkisins, sem staddir eru hér á landi. Þótt vafasamt sé, að ákvæðum XII. kafla alm. hegningarlaga, er varða atlögur að opinberum starfsmönnum, tálmun í starfi, ærumeiðingu í þeirra garð o. fl., verði beitt um erlenda opinbera starfsmenn sem slíka, þá sýnir framangreint yfirlit yfir ákvæði alm. hegningarlaga, sem beita má, að á þessu stigi er ekki almennt þörf á refsiákvæðum út af háttsemi þeirri, er greinir í samningnum frá 14. desember 1973, þótt hann verði fullgiltur af Íslands hálfu.

Í 3. gr. samningsins frá 14. desember 1973 er ríki gert að skyldu að tryggja með innanlandslöggjöf víðtæka refsilögsögu út af verknaði þeim, er 2. gr. samningsins tekur til og reifaður var hér að framan. Þykir nauðsyn bera til, að bæta ákvæði við 6. gr. alm. hegningarlaga til þess að rýmka um refsilögsögu Íslands, svo að hún taki með vissu til brota og brotamanna, sem samningurinn fjallar um. Er þetta frumvarp miðað við þessa nauðsyn. Að sjálfsögðu verður það ákvæði ekki virkt, ef lögfest verður, fyrr en fyrrgreindur samningur hefir verið fullgiltur og tekur gildi að því er Ísland varðar. Ákvæðið er sams konar að efni til og dönsk lög frá 26. júní 1975. Hinn nýi töluliður 6. gr. alm. hegningarlaga, 5. töluliður, bætist aftan við 4. tölulið, svo sem hann er orðaður með lögum nr. 41/1973, 1. gr. Athygli er vakin á orðalagi upphafsákvæðis 6. gr. alm. hegningarlaga, þar sem segir, að refsa skuli eftir íslenskum hegningarlögum fyrir brot, sem svo er háttað um sem segir í töluliðunum þar á eftir, þ. á m. þeim tölulið, sem leitað er lögfestingar á með frumvarpinu.

Í 1. gr. samningsins frá 14. desember 1973 segir um þá, sem verndar njóta samkvæmt samningnum. Þykir það ákvæði eigi veita tilefni til þess að svo stöddu að breyta íslenskum hegningarlögum, þótt þeir opinberir starfsmenn erlendir, sem þar greinir, njóti a. m. k. stundum aðeins verndar eftir hinum almennu ákvæðum íslenskra hegningarlaga um atlögur að lífi og limum, frelsi og æru o. fl.

Önnur ákvæði samningsins frá 14. desember 1973 þarfnast eigi sérstakrar umsagnar hér.

Nd. 345. Frumvarp til laga [164. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Eftirtaldar greinar laganna falla úr gildi við gildistöku laga þessara:
2. og 3. mgr. 123. gr., 182. gr. og 224. gr.

2. gr.

Við 5. gr. bætist ný málsgr. svofelld:

Ákvæði 1. mgr. má beita um verknað manns, sem er ríkisborgari í eða búsettur í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð og dvelst hér á landi.

3. gr.

39. gr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um fullnustu varðhalds- og fangelsisrefsinga.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að dómfelldur maður sé um stundarsakir eða allan refsitímann vistaður á sjúkrahúsi eða annarri stofnun, þar sem hann nýtur sérstakrar meðferðar eða forsjár, enda sé slíkt talið henta vegna heilsuhaga hans, aldurs eða annarra sérstakra ástæðna.

4. gr.

49. gr. orðist svo:

Sektir renna í ríkissjóð, nema annað sé ákveðið í lögum.

Dæma má fésektir jafnframt refsivist, sem við brotinu liggur, þegar ákærði hefur aflað sér eða öðrum fjárvinnings með brotinu eða það hefir vakað fyrir honum.

5. gr.

50. gr. orðist svo:

Eigi má beita hærri fésekt en 4 milljónum króna, nema heimild sé til þess í lögum.

6. gr.

51. gr. orðist svo:

Þegar fjárhæð sektar er ákveðin, skal höfð hliðsjón af tekjum og eignum sakbornings og afkomu hans, þ. á m. framfærsluskyldu hans og öðrum atriðum, er orka á greiðslugetu hans.

Ákvörðun um vararefsingu í stað sektar, sbr. 54. gr., skal vera óháð því tilliti til greiðslugetu sakbornings, sem um ræðir í 1. málsgr.

7. gr.

53. gr. orðist svo:

Nú greiðist sekt ekki, og kemur þá í stað hennar varðhald eða fangelsi, nema háttsemi sé manni ósaknæm og er vararefsing þá eigi ákveðin.

8. gr.

4. málsgr. 57. gr., sbr. lög 22/1955, 4. gr., er hefst á orðunum „Nú er heimilt að dæma ...“ fellur niður.

9. gr.

Á eftir 57. gr., sbr. lög 22/1955, 4. gr., kemur ný grein, 57. gr. a svofelld:

Heimilt er að kveða svo á í dómi, að hluti af refsivist, verði óskilorðsbundinn, allt að 3 mánuðir, en aðrir hlutar refsivistar verði skilorðsbundnir. Heimilt er, þegar svona stendur á, að dæma óskilorðsbundna varðhaldsrefsingu, þótt varðhald liggi ekki við broti. Heimilt er að dæma óskilorðsbundna varðhaldsrefsingu en skilorðsbundna fangelsisrefsingu.

Dæma má fésekt í tengslum við skilorðsdóm, þótt fésekt liggi ekki við broti, sem dæmt er út af.

10. gr.

1. málsgr. 95. gr., sbr. lög 47/1941, orðist svo:

Hver, sem opinberlega smánar erlenda þjóð eða erlent ríki, æðsta ráðamann þjóðhöfðingja þess, fána þess eða annað viðurkennt þjóðarmerki, fána Sameinuðu þjóðanna eða fána Evrópuráðs, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum, ef miklar sakir eru.

11. gr.

Við 1. málsgr. 106. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi:

Beita má sektum, ef brot er smáfellt.

12. gr.

142. gr. orðist svo:

Hver, sem skýrir rangt frá einhverju fyrir rétti eða stjórnvaldi, sem hefur heimild til heitfestingar, skal sæta fangelsi allt að 4 árum. Hafi skýrsla verið heitfest skal virða það refsingu til þyngingar.

Sé skýrsla röng í atriðum, sem ekki varða málefni það, sem verið er að kanna, má beita sektum eða varðhaldi.

13. gr.

2. málsgr. 143. gr. orðist svo:

Hafi maður borið rangt fyrir rétti eða stjórnvaldi, sem í 1. málsgr. 142. gr. getur, um atriði, sem honum var óheimilt að skýra frá eða heimilt að neita að gefa skýrslu um, má færa hegningu niður og jafnvel láta hana falla niður, ef málsbætur eru.

14. gr.

145. gr. orðist svo:

Hafi maður, án þess að brot hans varði við ákvæði 142. gr., gefið opinberu stjórnvaldi ranga yfirlýsingu að viðlögðum drengskap eða á annan samsvarandi hátt, þar sem slík aðferð er boðin eða heimiluð, þá varðar það sektum eða varðhaldi, en fangelsi allt að 2 árum, ef sök er stórfelld.

15. gr.

Í 1. málsgr. 148. gr. falli niður þessi málsliður:

„Hafi með þessu verið framinn verknaður, sem lýst er í 142. gr., skal refsing ekki vera lægri en þar er ákveðið".

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er liður í endurskoðun almennra hegningarlaga, sem hegningarlaganefnd vinnur nú að, en nefndin hefur samið frumvarpið.

Með frumvarpinu fylgdi eftirfarandi greinargerð frá nefndinni um einstakar greinar þess.

Um 1. gr.

Í þessu ákvæði er lagt til, að nokkrar greinar eða málsgreinar verði numdar úr lögum og skal gerð stutt grein fyrir því máli:

a. 123. gr., 2. og 3. málsgr.

Hér er mælt fyrir um viðurlög við banni um neyslu áfengis eða um veitingu og afhendingu áfengis til tiltekins manns o. fl., sbr. 64. gr. hegningarlaga. 64. gr. var afnumin í heild sinni með lögum 31/1961, 4. gr., og er því einsætt að afnema einnig 2. og 3. mgr., sem byggja á tilvist 64. gr. sem frumheimildar.

b. 182. gr. alm. hegningarlaga.

Í þessari grein er heimilað að leggja fyrir mann, sem m. a. hefir verið dæmdur oftar en einu sinni fyrir auðgunarbrot, eða dæmdur fyrir brot á 180. eða 181. gr. varðandi brot á reglum um framfærslu og atvinnuháttu, að gefa sig fram við lögreglu og skýra frá dvalarstað og af hverju hann hefur framfæri. Þessu ákvæði hefir eigi verið beitt um alllangt tímabil, og úrræði þau, sem þar greinir, samræmast ekki þeim viðhorfum, sem nú eru uppi í sakfræði um aðlögun dómfelldra manna að þjóðfélagsháttum.

c. 224. gr.

Greinin mælir þá háttsemi refsiverða, sem fólgin er í, að maður veldur hættu á, að annar maður sýkist af kynsjúkdómi. Í lögum um varnir gegn kynsjúkdómum nr. 91/1932 eru refsiákvæði, sem að þessu lúta. E. t. v. er ástæða til að endurskoða þau, en refsiákvæði á þessu sviði eiga betur heima í slíkum sérlögum en alm. hegn-

ingarlögum. Viðhorf hafa og mjög breyst að því er þessa sjúkdóma varðar vegna stórbættra hollustuhátta og virkari lyfja gegn þessum sjúkdómum en áður naut við.

Um 2. gr.

Í þessari grein felst, að refsivald íslenska ríkisins verði aukið að því er tekur til ríkisborgara í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð eða manna, búsettra í þessum löndum. Samkvæmt greininni er lagt til, að íslenska ríkið hafi refsivald um þessa menn, ef þeir dveljast hér á landi. Greinin á því aðeins við, að íslenska ríkið hefði haft refsivald yfir manninum, sbr. 1. málsgr. 5. gr. hegningarlaga, ef hann hefði verið íslenskur ríkisborgari eða búsettur hér á landi, sbr. tilvísun greinarinnar til 5. gr., eins og hún er nú orðuð. Í norrænu refsilögunum er nú svipað eða sams konar ákvæði, en ákvæði þetta er þó aðeins heimildarákvæði.

Um 3. gr.

Greinin gerir ráð fyrir, að heimildir stjórnvalda, sem fjalla um refsifullnustu verði nokkuð rýmkaðar frá því, sem nú er, þegar um er að ræða fanga, sem vistast þurfa á sjúkrahúsi eða annarri félagsstofnun, þar sem aðili nýtur sérstakrar meðferðar og forsjár, t. d. á drykkjumannahæli.

Um 4. gr.

Í greininni er lagt til, að efni 2. málsgr. 49. gr. alm. hegningarlaga verði nokkuð rýmkað. Er í greininni lagt til, að heimilt sé að dæma fjársekt auk refsivistar, sem við brotinu liggur, þegar ákærði hefur aflað sér **eða öðrum** fjárvinnings með brotinu **eða það hefur vakað fyrir honum.** Eru breytingar fólgnar í hinum auðkenndu orðum. Samkvæmt þessari grein er heimilt að dæma fjársekt, þótt aðeins liggi refsivist við brotinu í refsiákvæði, er brot varðar við. Hámark fjársektar ræðst af ákvæði 50. gr. alm. hegningarlaga.

Um 5. gr.

Samkvæmt 50. gr. alm. hegningarlaga er hámark fésektar 30 000 krónur, nema sérstök lagaheimild sé til að ákveða sekt hærri eða lægri, en lágmark er 4 krónur. Með lögum 14/1948 er svo fyrir mælt, að þar sem fésektir eru ákveðnar í lögum án tillits til „núgildandi verðlags“, skuli lágmark þeirra og hámark „breytast eftir vísitölu, sem kaupgjald er greitt eftir á hverjum tíma“. Ákvæði 50. gr. á jafnt við um sektir, sem mælt er fyrir um í sérrefsilögum sem í alm. hegningarlögum. Hitt er það, að í sérrefsilögum eru margoft sérstök refsimörk lögmælt. Stundum segir þó aðeins í sérrefsilögum, að háttsemi varði sektum, og er lágmark sektar og hámark þá það, sem segir í 50. gr., eftir atvikum með hliðsjón af lögum 14/1948.

Brýn þörf er á að endurskoða sérrefsilög m. a. vegna óeðlilegra refsimarka og lítt samræmdra. Verður væntanlega unnt að stofna til slíkrar endurskoðunar á næstunni. Á þessu stigi þykir rétt að leggja til, að fjársektarmörkum 50. gr. verði breytt. Þykir engin ástæða til að lögmæla neitt lágmark, en um hámark er lagt til, að það verði 4 millj. kr. Styðst sú tillaga við álitsgerð prófessors Árna Vilhjálmssonar, sem er fylgiskjal með athugasemdum þessum. Eigi er haggað við refsiheimildum þeim, sem nú eru í lögum, með þessu ákvæði, en þær refsiheimildir, sem segja það eitt, að brot varði sektum, breytast að efnisinntaki, ef greinin verður lögfest, að aðgættri 2. gr. alm. hegningarlaga.

Ýmis rök mæla með því, að komið verði upp svonefndri „sektavísitölu“, og hækkuðu refsimörk þá í samræmi við hana. Gæti hún einnig orðið að liði fyrir dómstóla um beitingu sekta í dómum eða dómsáttum. Í fyrrgreindri álitsgerð prófessors Árna Vilhjálmssonar er sett fram hugmynd um slíka vísitölu. Hegningarlaganefnd telur sig eigi á þessu stigi hafa tök á að gera tillögur um þess konar vísitölu, en brýn þörf er á að lögfesta hækkun fésekta samkvæmt 50. gr. almennra

hegningarlaga nú þegar. Benda má á, að vandkvæðum er bundið að túlka ákvæði laga nr. 14/1948 um ákvörðun fésekta, en eigi er þó lagt til að svo stöddu, að þau lög verði numin úr gildi.

Um 6. gr.

Jafnrétti borgara fyrir lögum býður, að tekið sé tillit til efnahags manna, tekna og allrar afkomu, er fésekt er ákvörðuð. Með dagsektakerfi því, sem einkum er tíðkað í Finnlandi og Svíþjóð, er leitast við að ná þessu takmarki en þar ákveða dómstólar sekt í tveimur atrennum. Er þá metið fyrst, hversu mörgum dagsektum brot þyki varða og er þá ekki tekið tillit til efnahags manna eða afkomu. Síðan er fjárhæð dagsektar ákveðin, miðað við efnahag, tekjur og afkomu alla. Fjárhæð sektar er margfeldi þessa tvenns. Þetta kerfi hefur m. a. þann kost, að við ákvörðun á fjölda dagsekta ræður efnahagslegt tillit engu og sambærilegt mat, óháð efnahagsstöðu, er lagt á háttsemi. Þá er enn fremur nokkuð aukin þörf á því fyrir dómstóla að ganga úr skugga eftir föngum um fjárhagslega stöðu manna. Gallinn þykir hins vegar sá, að þetta kerfi er nokkuð flókið, og það byggir á forsendu, sem ekki er ávallt fyrir hendi, þ. e. að við njóti traustra upplýsinga um fjárhagslega stöðu manna. Í Danmörku hefir þetta kerfi verið reynt í sambandi við fésektir samkvæmt almennum hegningarlögum. Hefur reynslan ekki verið góð af því. Í Noregi hefur þetta kerfi eigi verið lögfest. Að svo komnu er eigi lagt til, að kerfi þetta verði tekið upp hér á landi, enda er, ef að líkum lætur, erfiðara um vik að fá öruggar upplýsingar um efnahagsstöðu manna hér en víða erlendis, og þess er að geta að mikilla sveiflna gætir í tekjum manna hér á landi vegna eðlis atvinnuvega og landshaga. Í greininni er eigi fólgin nein veruleg efnisleg breyting, en breytt orðalag þykir þó skýrara en nú er.

Um 7. gr.

Hið breytta orðalag á 53. gr. alm. hegningarlaga, sem hér er lagt til, að lögfest verði, er til samræmis við dómvenjur, en Hæstiréttur hefur í dómum sínum dæmt, að vararefsing við sekt verði eigi ákveðin, þegar dómfelldi er dæmdur fyrir háttsemi, sem honum er ósaknæm.

Um 8. og 9. gr.

Á síðustu árum hefir þeirri skoðun vaxið fylgi á Norðurlöndum og víðar, að heimila eigi að beita fleiri en einni refsitegund við broti, a. m. k. þegar sérstaklega standi á, þar á meðal eigi að heimila að dæma tiltekna refsingu skilorðsbundna, en jafnframt megi dæma aðra refsitegund í sama dómi óskilorðsbundna. Einnig hefur þeirri skoðun unnist fylgi að heimila eigi að beita tiltekinni refsitegund við broti, t. d. fangelsisrefsingu og dæma svo, að tiltekinn hluti hennar sé óskilorðsbundinn, en aðrir hlutar (eftirstöðvar) skilorðsbundnir, t. d. að dæma 3 mánuði óskilorðsbundna, en 9 mánuði skilorðsbundna. Með því t. d. að beita skilorðsbundinni fangelsisrefsingu og óskilorðsbundinni fésekt, sbr. raunar nú 4. málsgr. 57. gr. alm. hegningarlaga, vinnst það, að dómfelldi er látinn í fyrstu atrennu sleppa við refsivist, en fésektin ætti þá að skapa aukin varnaðaráhrif og árétta, að alvarlega sé litið á brot viðkomandi.

Í 8. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir, að 4. málsgr. 57. gr., sem fyrr var getið, sé afnumin, enda er þessu máli skipað í heild sinni með 9. gr. frumvarpsins. Í þeirri grein eru heimiluð eftirfarandi úrræði:

a) Lagt er til, að hluti refsivistar, t. d. fangelsisrefsingar, verði óskilorðsbundinn, en annar hluti skilorðsbundinn, sbr. dæmið hér að framan. Er þó eigi heimilt að dæma lengri refsivist óskilorðsbundna en 3 mánuði, þegar svona hagar til.
b) Lagt er til, að heimilt verði að dæma óskilorðsbundna varðhaldsrefsingu, þótt varðhald liggi ekki við broti, þegar svo stendur á, sem greinir í a).

c) Í greininni felst, að heimilt sé að dæma óskilorðsbundna varðhaldsrefsingu, en skilorðsbundna fangelsisrefsingu, og er þetta greint nánast til öryggis og fyllingar.
d) Þá er lagt til, að heimilað verði að dæma fésekt óskilorðsbundna í tengslum við skilorðsdóm, þótt fésekt liggi ekki við broti, sem dæmt er út af. Því fremur er heimilt að dæma slíka fésekt, þegar fésekt er meðal viðurlaga í refsiákvæði, sem háttsemi varðar við. Sú breyting, er hér frá því, sem nú er í 4. málsgr. 57. gr., að dæma má fésekt, þótt hún sé eigi greind meðal viðurlaga í refsiákvæði, sem við á, en þessu er öðru vísi farið í 57. gr. Þykir eigi varhugavert að hafa slíkt almennt ákvæði í hegningarlögum.

Með greininni er að því stefnt að fjölga úrræðum dómara, er hann ræður máli til lykta, viðurlagakerfið verður fjölþættara, ef greinin verður lögfest, og er það mjög í samræmi við stefnur í nútíma refsipólitík. Tekið skal fram, að ætla má, að skilorðsdómum eða skilorðsbundnum þáttum refsidóma fjölgi við þessa breytingu, sem gerir það að verkum að unnt er að tengja saman, frekar en nú er, skilorðsdóma og óskilorðsbundna þætti refsidóma. Sumir slíkir dómar verða nú vafalaust óskilorðsbundnir til hlítar í lagaframkvæmdinni.

Um 10. gr.

Hér er lagt til, að fána Sameinuðu þjóðanna og fána Evrópuráðs verði veitt hliðstæð refsivernd sem fána erlends ríkis. Virðist réttmætt að lögfesta refsimæli, er að þessu lýtur.

Um 11. gr.

Refsimörk samkvæmt 1. málsgr. 106. gr. alm. hegningarlaga eru varðhald eða fangelsi allt að 6 árum. Hins vegar eru refsiviðurlög samkvæmt 2. málsgr. sektir, varðhald eða fangelsi allt að 2 árum. Ljóst er, að verknaður samkvæmt 1. málsgr. er að jafnaði alvarlegri en háttsemi, sem lýst er í 2. málsgr. Athuga ber þó, að ýmis og næsta sundurleit tilvik rúmast innan 1. málsgr. Þykir því rétt að heimila að beita sektum, þótt atferli manns eigi undir 1. málsgr., ef brot er smáfellt. Er það efni þessarar greinar að leggja til, að slík heimild verði lögfest.

Um 12. gr.

Í þessari grein er lagt til a) að refsimörk við röngum framburði fyrir dómi varði fangelsi allt að 4 árum, enda verði afnumið ákvæði 2. málsgr. 142. gr., er fjallar um refsiviðurlög, ef skýrsla er heitfest (með eiði eða drengskaparheiti) og b) að afnumið verði það ákvæði 1. málsgr., er segir, að lágmarksrefsing fyrir rangan framburð sé 3 mánaða fangelsi.

Lágmarksrefsing sú, sem greinir í 1. málsgr. 142. gr., er óheppileg, svo sem reynslan hefir sýnt, enda getur sá verknaður, sem hér er um að ræða verið misjafnlega vítaverður og aðdragandi mismunandi. Er heppilegra að mæla eingöngu fyrir um hámarksrefsingu, svo sem lagt er til í frumvarpsgreininni, en að leggja óheft á vald dómstóla að meta lágmark, sbr. þó 34. gr. hegningarlaga. Eru slík ákvæði um lágmarksrefsingu raunar fátíð í alm. hegningarlögum. Lagt er til, að ákvæði 148. gr. almennra hegningarlaga, sem einnig miðar við lágmarksrefsingu og vísar til 142. gr., verði breytt til samræmis við þessa frumvarpsgrein, sbr. 15. gr. frumvarpsins.

Þá er lagt til, að farin verði sama leið og í norrænum lögum og afnumin sérviðurlög við heitfestri skýrslu. Þó er lagt til í niðurlagi frumvarpsgreinarinnar, að *það skuli metið refsingu til þyngingar, ef röng skýrsla er heitfest.* Eru refsimörk svo rúm í 1. málsgr. (fangelsi allt að 4 árum), að eigi þykir vera þörf á sérákvæði um heitfesta skýrslu.

Um 13. gr.

Sú breyting ein felst í þessari grein, að orðin „og hafi eiður ekki verið unninn“ eru felld niður úr greininni. Er þetta til samræmis við stefnuna, sem stofnað er til, að mörkuð verði með 12. gr. frumvarpsins, og virðist ekki ástæða til að slá við þann varnagla, sem í tilvitnuðum orðum felst.

Um 14. gr.

Lagt er til í frumvarpsgreininni, að orðin „og boðist til að vinna eið að henni eða gefið hana“ í 145. gr. verði felld niður og er það eina breytingin á 145. gr., er felst í henni. Stendur breytingin í sambandi við stefnu þá, sem lagt er til að mörkuð verði með 12. gr. frumvarpsins, og tekur greinin, svo breytt, til flestra hinna raunhæfu tilvika, sem að höndum geta borið í þessu efni.

Um 15. gr.

Þessi breyting stendur í rökrænum tengslum við breytingu þá, sem felst í 12. gr. frumvarpsins, en þar er lagt til, að lágmarksrefsing sú, er greinir í 142. gr. 1. málsgr. hegningarlaganna, verði felld niður.

Fylgiskjal.

Árni Vilhjálmsson, nóv. 1975.

Um fésektir

Að beiðni dr. Ármanns Snævarrs, hæstaréttardómara, leyfi ég mér að láta uppi eftirfarandi álit.

Til þess að fundin verði sú fjárhæð, sem á tilteknum tímamörkum veiti hinn sama kaupmátt og tiltekin fjárhæð á fyrri tímamörkum, þarf tvennt að vera þekkt: 1) það gæðasafn eða -heild, sem kaupin beinast að, og 2) verðbreyting á þessu gæðasafni milli umræddra tímamarka. Sérhver verðvísitala kveður á um verðbreytingu tiltekins gæðasafns. Hér á landi er aðeins um að ræða eina viðtæka verðvísitölu, sem reiknuð hefur verið út af opinberum aðila, Hagstofu Íslands, og sem nær aftur fyrir árið 1939. Sú vísitala er vísitala framfærslukostnaðar. Vísitala framfærslukostnaðar hefur að geyma sérstakan húsnæðislið og á vissum tímaskeiðum hefur í vísitölunni verið tekið tillit til beinna skatta og fjölskyldubóta. Þar sem húsnæðisliðurinn hefur ekki ávallt þótt endurspegla raunverulega þróun húsaleigu eða húsnæðiskostnaðar og þar sem tekjuskattar, fjölskyldubætur og því hliðstætt eiga ekki erindi í vísitölu, sem skal mæla verðbreytingar, hefur vísitala framfærslukostnaðar verið birt sundurgreind í hluta. Aðalhlutinn gefur **vísitölu vöru og þjónustu**, sem er vísitala framfærslukostnaðar að slepptum húsnæðislið, beinum sköttum og fjölskyldubótum.

Vísitala vöru og þjónustu er í rauninni eina vísitalan, sem hér er í boði til að umrita fésektir í krónur með fast verðgildi. Vísitalan hefur þróast sem hér segir (með grunntölu júlí 1914 = 100 stig):

Ársmeðaltal	1939	219	stig[1])
—	1972	9 983	— [1])
—	1973	12 336	— [2])
—	1974	17 537	— [2])
Byrjun nóv.	1975	29 426	— [2])
Ársmeðaltal	1975	26 100	— áætlað[2])

Heimildir: 1) Hagtíðindi, nóv. 1973, bls. 195.

2) Viðtal við Hrólf Ástvaldsson, viðskiptafræðing. Hagstofa Íslands (tölur bíða birtingar).

Samkvæmt ofangreindum tölugildum vísitölunnar, ætti kaupmáttarjafngildi 30 000 kr. sektar árið 1939 að vera sem hér segir (hundruðum sleppt):

Árið 1974	2 402	þús. kr.
— 1975	3 575	— —
Byrjun nóv. 1975	4 031	— —

Á grundvelli ofangreindrar rökfærslu ætti vísitala vöru og þjónustu að vera hæf sem „sektarvísitala". Útreikningur sektar í framtíðinni yrði þá fólginn í því að margfalda ákveðna grunnfjárhæð sektar, t. d. 4 031 þús. kr. miðaða við byrjun nóv. 1975 með hlutfallinu milli annars vegar gildis vísitölunnar á ákveðnum tímamörkum í framtíð og hins vegar gildis vísitölunnar á þeim tímamörkum, sem grunnfjárhæðin er miðuð við. Vísitala verðs vöru og þjónustu er reiknuð út á þriggja mánaða fresti. — Ef ársmeðaltal skyldi notað sem grunntala sektar, yrði útreikningur sem hér segir. Grunntala sektar skyldi margfölduð með hlutfallinu milli meðalvísitölu framtíðarárs og meðalvísitölugildi grunntöluársins. Hagstofan getur fljótlega eftir lok árs (ca. 1. febrúar) veitt upplýsingar um endanlegt meðalgildi vísitölunnar á nýliðnu ári.

Árni Vilhjálmsson.

Viðauki:

Vegna ákvæðis 1. gr. laga nr. 14/1948 þykir rétt að bæta við eftirfarandi athugasemdum:

Kaupgreiðsluvísitala, sem svo hefur verið nefnd, er vísitala, sem sagt hefur til um, hve miklu skyldi bæta ofan á grunnlaun til þess að fengin verði sú krónutala launa, sem greiða skuli. Sú vísitala er alls kostar ótæk sem sektarvísitala, ef marka má fengna reynslu, fyrir þær sakir, að 1) kaupgreiðsluvísitala er ýmist aðlöguð almennum verðbreytingum (að fullu eða að hluta) eða alls ekki, og 2) að laun breytast bæði með breytingum grunnkaups og breytingum kaupgreiðsluvísitölu.

Fyrir tiltekinn hóp launþega er hægt að reikna út einhvers konar **launavísitölu**, t. d. vísitölu tímakaups, vísitölu dagvinnulauna eða heildarvinnulauna. Þegar yfir lengri tíma er litið, hafa laun yfirleitt hækkað meira en numið hefur hækkun almenns verðlags (eins og það er mælt með t. d. vísitölu verðs vöru og þjónustu), vegna þeirrar framleiðniaukningar, sem verið hefur eitt megineinkenni hagþróunar. Sekt, sem helst óbreytt að kaupmætti, ætti því með tímanum að verða smám saman léttbærari. Ef hins vegar að því skyldi stefnt, að fésekt samsvaraði launum fyrir ákveðið tímabil, væri því sú sektarvísitala, sem eftir er sóst, einhvers konar launavísitala. Að því er ég best veit, er hins vegar engin hæf vísitala í boði. Sú eina vísitala af þessu taki, sem Hagstofa Íslands gefur út reglulega, er um tímalaun hafnarverkamanna í Reykjavík. Aðrar stofnanir (sér í lagi Kjararannsóknarnefnd) munu að vísu taka saman víðtækar upplýsingar um launaþróun, en ég fæ ekki séð, að þar sé á ferðinni efni í vísitölu, sem tæk sé í það hlutverk, sem hér er um að ræða.

Árni Vilhjálmsson.

Sþ. 346. Fyrirspurn [165. mál]

til samgönguráðherra um endurskoðun reglna varðandi snjómokstur á vegum.

Frá Karvel Pálmasyni.

Er lokið þeirri endurskoðun á reglum um snjómokstur á vegum, sem staðið hefur yfir um árabil?

Sþ. 347. Breytingartillaga [114. mál]

við till. til þál. um sjónvarp á sveitabæi með aðstoð Byggðasjóðs.

Frá Páli Péturssyni.

Í stað orðanna „Í þessu skyni skal leita til Byggðasjóðs um óafturkræft framlag“ komi: Í þessu skyni skal leita til Byggðasjóðs um lánsfé þar til fjár hefur verið aflað með öðrum hætti.

Sþ. 348. Tillaga til þingsályktunar [166. mál]

um vantraust á ríkisstjórnina.

Flm.: Ragnar Arnalds, Benedikt Gröndal, Magnús T. Ólafsson.

Alþingi ályktar að lýsa vantrausti á ríkisstjórnina.

Sþ. 349. Tillaga til þingsályktunar [167. mál]

um hrognkelsaveiðar.

Flm.: Gunnlaugur Finnsson.

Alþingi ályktar að skora á sjávarútvegsráðherra og/eða landbúnaðarráðherra að setja reglugerð um hrognkelsaveiðar við Ísland. Þar sé m. a. kveðið á um svæðisbundinn veiðitíma, friðunaraðgerðir o. fl.

Greinargerð.

Í skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar frá 16. okt. s. l. um ástand fiskstofna er ekki að finna neinar upplýsingar um ástand hrognkelsastofnsins. Tiltölulega takmarkaðar upplýsingar munu liggja fyrir um stærð stofnsins og veiðiþol, afla miðað við netafjölda, gönguleiðir o. þ. h. Nokkrar rannsóknir hafa þó átt sér stað, er m. a. veita upplýsingar, þótt takmarkaðar séu, um ferðir merktra hrognkelsa við strendur landsins. En rannsóknir þessar eru allt of skammt á veg komnar.

Útibú Hafrannsóknastofnunarinnar á Húsavík mun nú hafa verið falið að annast þessar rannsóknir.

Fyrir liggja upplýsingar um heildarafla undanfarin ár, reiknaðan út frá magni grásleppuhrogna. Minni upplýsingar liggja fyrir um sóknarþungann.

Samkvæmt athugunum, sem forstöðumaður útibúsins á Húsavík hefur gert, bendir allt til þess að þrátt fyrir góðan afla s. l. vor hafi afli á sóknareiningu minnkað á vissum svæðum.

Allt bendir til þess að á næsta vori verði um mjög aukna sókn að ræða.

Hrognkelsaveiði hefur reynst ábatasöm atvinnugrein á liðnum árum og er m. a. orðin snar þáttur í búskap margra bænda, sem við sjó búa.

Stærri bátar hafa og í auknum mæli stundað þessar veiðar.

Hér er einnig um verulegar gjaldeyristekjur að ræða. Samkv. Hagtíðindum nam andvirði útfluttra grásleppuhrogna 585 millj. kr. á s. l. ári.

Hér er því mikils um vert að eigi fari svo um hrognkelsastofninn sem um ofveidda fiskstofna við landið. Hrognkelsaveiðar eru nú stundaðar án nokkurra afskipta stjórnvalda og engar friðunarráðstafanir hafa verið gerðar.

Veiðitíminn er misjafn eftir veiðisvæðum. Nokkur friðun kynni að fást með því að kveða á um, hvenær veiði megi hefjast á viðkomandi svæði og hvenær henni skuli lokið.

Hætt er við að með þverrandi gengd annarra fisktegunda aukist sókn stærri báta í hrognkelsastofninn.

Ef svo reynist og nauðsyn krefur stofnsins vegna kemur til greina að takmarka sóknarþungann með leyfisveitingum til báta yfir ákveðinni stærð. Heföbundin nýting innan nethelgi gæti þó aldrei heyrt undir slíkt. Svo óvenjulega stendur á, að mál þetta heyrir undir tvö ráðuneyti. Hlunnindi jarða, þar með talin veiði innan nethelgi, heyrir undir landbúnaðarráðuneytið.

Veiði utan nethelgi sem og fiskrannsóknir heyra undir sjávarútvegsráðuneytið.

Hér verður því til að koma samstarf beggja ráðuneytanna, svo að heildarskipulag fáist.

Ed. 350. Frumvarp til laga [168. mál]

um flugvallagjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—1976.)

1. gr.

Greiða skal sérstakt gjald, flugvallagjald, er renni til ríkissjóðs, vegna hvers manns, sem ferðast með loftfari frá Íslandi til annarra landa.

Undanþegin gjaldskyldu eru börn innan 2 ára aldurs, skráðar áhafnir loftfara, þeir sem viðkomu hafa á Íslandi skv. farseðli milli annarra Evrópulanda og Ameríku og þeir sem ferðast með loftförum varnarliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.

Heimilt er að innheimta tilsvarandi gjald vegna farþega sem fara með skipum frá Íslandi til annarra landa. Nánari ákvæði um framkvæmd þessarar málsgreinar skulu sett í reglugerð. Að öðru leyti gilda um gjöld skv. þessari málsgrein ákvæði 2., 4., 5., 6. og 7. gr. þessara laga, svo og ákvæði 2. mgr. 3. gr.

2. gr.

Flugvallagjald skal vera 1 500 kr. fyrir hvern farþega, sem ferðast frá Íslandi til annarra landa, þó 750 kr. fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára. Um ferðir til Færeyja og Grænlands gilda þó ákvæði 3. gr.

Flugvallagjalds skal getið í verði farseðils.

3. gr.

Flugfélög þau, er annast flutning farþega innanlands eða til Færeyja og Grænlands, skulu greiða í ríkissjóð gjald, er nemi 200 kr. á hvern farþega, er ferðast á þeim leiðum og eldri er en 12 ára. Fyrir farþega á aldrinum 2—12 ára skal greiða hálft gjald. Fyrir farþega yngri en tveggja ára skal ekkert gjald greiða. Einungis skal greitt eitt gjald þó millilent sé milli brottfararstaðar og ákvörðunarstaðar ef viðdvöl þar er nauðsynleg vegna flugáætlunar og hún varir ekki lengur en sex klukkustundir. Heimilt er að hækka verð farmiða er gjaldinu nemur. Sé sú heimild notuð skal sú hækkun ósérgreind í verði miðans.

Ráðherra er heimilt að breyta gjaldi skv. grein þessari og 2. gr. með reglugerð.

4. gr.

Eigandi loftfars og sá er ábyrgð ber á rekstri þess bera ábyrgð á greiðslu gjalda skv. lögum þessum.

Fyrir brottför loftfars frá Íslandi skal afhenda umboðsmanni ríkissjóðs á flugstöð skrá um farþega með því, áhöfn þess og hverjir séu gjaldfrjálsir skv. 2. mgr. 1. gr. eða greiða skulu hálft gjald skv. 2. gr. Skrá þessi skal undirrituð af flugstjóra eða umboðsmanni flugfélags á flugvelli.

5. gr.

Flugvallagjald vegna farþega, er ferðast með loftförum sem skráð eru erlendis, og allra loftfara, sem ekki er flogið á áætlunarleiðum, skal greiða umboðsmanni ríkissjóðs fyrir brottför loftfars um leið og afhent er skrá skv. 2. mgr. 4. gr.

Flugvallagjald vegna farþega, sem ferðast í áætlunarflugi á viðurkenndum áætlunarleiðum, svo og gjald skv. 3. gr., skal greiða til lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra) eigi síðar en 15. dag næsta almanaksmánaðar eftir brottför.

6. gr.

Sé gjöldum skv. lögum þessum ekki skilað á réttum gjalddaga skal sá, sem gjaldinu ber að skila, greiða af því viðurlög, er nemi 1% fyrir hverja byrjaða viku frá gjalddaga. Nú er skrifstofa innheimtumanns lokuð 15. dag mánaðar og telst þá gjalddagi vera næsti dagur þar á eftir sem skrifstofan er opin til almennrar afgreiðslu.

Gjöld skv. lögum þessum njóta lögtaksréttar.

Heimilt er innheimtumanni að láta lögregluna stöðva atvinnurekstur þess, er eigi gerir skil á réttum gjalddaga, þar til skil eru gerð, m. a. með því að setja skrifstofur, starfsstofur og flutningatæki hans undir innsigli.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerð, sem ráðherra kann að setja um nánari framkvæmd laganna, varða sektum, allt að 10 000 000 króna nema þyngri refsing liggi við skv. öðrum lögum, svo og sviptingu starfsleyfis.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1976.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frá 1. maí s.l. hefur verið innheimt flugvallagjald vegna ferða með loftförum innanlands og frá Íslandi til annarra landa, skv. ákvæðum VI. kafla laga nr. 11/1975. Hefur innanlandsgjaldið ýmist numið 350 kr. eða 175 kr. fyrir hvern fullorðinn farþega eftir því hvort um er að ræða ferðir að eða frá Reykjavíkurflugvelli og Keflavíkurflugvelli eða ekki, en utanfarargjaldið hefur numið 2 500 kr. fyrir hvern mann. Ákvæði VI. kafla laga nr. 11/1975 um flugvallagjald eru tímabundin og gilda aðeins til loka febrúar á þessu ári. Í fjárlögum fyrir árið 1976 er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af flugvallagjaldi verði 235 milljónir króna. Er einsýnt, að halda verður áfram innheimtu flugvallagjalds ef sú áætlun á að standast. Er með frumvarpi þessu lagt til að sett verði ótímabundin ákvæði um innheimtu flugvallagjalds af utanlandsflugi, en fjárhæð þess jafnframt lækkuð verulega frá því sem er í gildandi lögum eða úr 2 500 kr. í 1 500 kr. fyrir hvern fullorðinn farþega. Er fjárhæð þess þá orðin sambærileg flugvallagjaldi hjá ýmsum nágrannaþjóðum okkar, t.d. Norðmönnum.

Þá er lagt til, að núverandi flugvallagjald vegna ferða innanlands verði fellt niður en í þess stað tekið upp mun lægra gjald í örlítið breyttu formi. Verður gjaldið nú 200 kr. fyrir alla fullorðna farþega innanlands. Má ætla að tekjutap ríkissjóðs vegna lækkunar innanlandsgjaldsins nemi u.þ.b. 25 milljónum króna. Má hugsanlega bæta þann tekjumissi með hækkun lendingargjalda, en lendingargjöld á Keflavíkurflugvelli eru nú miklum mun lægri en lendingargjöld á helstu samkeppnisflugvöllum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi er að mestu leyti samhljóða 23. gr. laga nr. 11/1975. Ákvæði um gjald vegna innanlandsflugs eru þó felld úr þessari grein en tekin upp í 3. gr. í þess stað.

Um 2. gr.

Lagt er til, að flugvallagjald vegna utanferða lækki úr 2 500 kr. í 1 500 kr. fyrir fullorðna farþega. Þá er kveðið á um, að flugvallagjalds skuli getið í verði farseðils og er það gert í því skyni að komast hjá því að hluti af gjaldinu flytjist úr landi í formi umboðslauna eða hlutfallsgjalds vegna framhaldsferða.

Um 3. gr.

Lagt er til, að flugfélögum verði gert að greiða 200 kr. fyrir hvern farþega innanlands og til Færeyja og Grænlands í stað núgildandi flugvallagjalds. Jafnvel þó félögin noti heimild sína til að hækka farmiðaverð sem gjaldinu nemur, mun miðaverð til og frá Reykjavík lækka um 150 kr. við þessa breytingu. Þá er sett sérstakt ákvæði til að komast hjá tvöfaldri gjaldtöku þegar áætlunarleiðum er þannig háttað, að stutt viðkoma er nauðsynleg á flugvelli milli brottfararstaðar og ákvörðunarstaðar.

Eðlilegt er að nokkuð svigrúm sé til að breyta gjöldum þeim, sem hér um ræðir, t.d. vegna breytinga, er verða kunna á sambærilegum gjöldum í nágrannalöndum. Lagt er því til, að ráðherra hafi heimild til að breyta gjöldum skv. 2. og 3. gr. með reglugerð.

Um 4. gr.

Samhljóða 25. gr. laga nr. 11/1975. Þó er gert ráð fyrir, að umboðsmanni flugfélags á flugvelli sé heimilað að undirrita skrá skv. 2. mgr. í stað flugstjóra ef það þykir hentugra.

Um 5. og 6. gr.

Greinar þessar eru að mestu samhljóða 26. og 27. gr. laga nr. 11/1975.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa. Hámark sektarfjárhæðar er hið sama og í söluskattslögum.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 351. Fyrirspurn [169. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um vasapeninga vangefinna.

Frá Helga F. Seljan.

1. Hvað veldur því, að önnur framkvæmd gildir um vasapeninga til vangefinna en annarra þeirra er á hælum dveljast?
2. Er breytinga á að vænta á þessari framkvæmd?

Ed. 352. Nefndarálit [143. mál]

um frv. til l. um flokkun og mat ullar.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á tveimur fundum sínum og varð ásátt um að mæla með samþykkt þess. Jón Árm. Héðinsson og Axel Jónsson voru fjarverandi þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 19. febr. 1976.

Steinþór Gestsson, form., frsm. Ingi Tryggvason, fundaskr. Ingiberg J. Hannesson.
Helgi F. Seljan. Ásgeir Bjarnason.

Ed. 353. Nefndarálit [144. mál]

um frv. til l. um flokkun og mat á gærum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með því að það verði samþykkt óbreytt. Jón Árm. Héðinsson og Axel Jónsson voru fjarverandi þegar málið var afgreitt úr nefndinni.

Alþingi, 19. febr. 1976.

Steinþór Gestsson, form., frsm. Ingi Tryggvason, fundaskr. Ingiberg J. Hannesson.
Helgi F. Seljan. Ásgeir Bjarnason.

Sþ. 354. Tillaga til þingsályktunar [170. mál]

um eflingu Landhelgisgæslunnar.

Flm.: Guðlaugur Gíslason, Oddur Ólafsson.

Í sambandi við áætlun um eflingu Landhelgisgæslunnar samþykkir Alþingi að skora á ríkisstjórnina að athugað verði sérstaklega um leigu eða kaup á einu eða tveimur hraðskreiðum skipum erlendis frá til gæslustarfa.

Greinargerð.

Nú þegar fyrir liggur, að Ísland hefur slitið stjórnmálasambandi við Bretland, er hætta á að nýtt viðhorf skapist í landhelgismálum og að leggja verði aukinn þunga á varnir veiðisvæðanna innan 200 mílna markanna. Íslenska þjóðin veit öll, að starfsmenn íslensku Landhelgisgæslunnar hafa unnið þrekvirki við að verja landhelgina og tefja fyrir og draga úr veiðum breta innan fiskveiðimarkanna. Hafa störf Landhelgisgæslunnar vakið enn meiri athygli fyrir þá sök, að öllum er ljós

hinn geysilegi styrkleikamunur sem er á herskipum breta, sem á Íslandsmið hafa verið send, og skipum Landhelgisgæslunnar.

Eftir stjórnmálaslitin við breta er varla að vænta að samningaviðræður verði teknar upp að nýju, að minnsta kosti ekki á næstunni, og er þá sjálfsagt að íslendingar geri allar hugsanlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir veiðar breta á Íslandsmiðum innan 200 mílna fiskveiðilandhelginnar eða torvelda þær eftir því sem tök eru á. Reynslan undanfarna mánuði hefur sannað að Landhelgisgæslan er þess umkomin að veita bretum verulegt aðhald við veiðarnar, en getur ekki með þeim skipastól, sem hún hefur yfir að ráða, hindrað þær alveg, hversu hart sem hún leggur sig fram í störfum sínum.

Flm. er kunnugt að ríkisstjórnin er með í athugun möguleika á eflingu Landhelgisgæslunnar, og hljóta alþingismenn allir að veita henni fullan stuðning í því sambandi. Koma þar án efa til greina fleiri en ein leið. Nærtækast kann að vera að fjölga skipum gæslunnar með innlendum leiguskipum. Sá galli er hér á að ekki er um að ræða nema skip sem hafa minni ganghraða en íslensku varðskipin, og auk þess gætu bretar mætt slíkri aukningu með fjölgun gangmikilla árásarskipa af svipaðri gerð og þeir hafa nú á Íslandsmiðum. Þegar flm. tala um leigu eða kaup á hraðskreiðu skipi eða skipum til gæslustarfa, eiga þeir við skip af minni gerð, með 35—40 sjómílna ganghraða. Vitað er að sjóhæfni slíkra skipa eru takmörk sett og kæmu þau því ekki að notum nema í sæmilegu veðri, og er það að sjálfsögðu ókostur. Hins vegar liggur það ljóst fyrir, að bretar mundu ekki geta sent slík skip til árása á Íslandsmið, þar sem þau mundu ekki þola þau stórviðri sem árvíst er að koma hér við land á hverjum vetri og allt fram á vor eða sumar.

Flm. er ljóst að leið sú, sem um ræðir í þingsályktunartillögunni, getur haft verulegan kostnað í för með sér, ekki síður en aðrar leiðir sem líklegar geta talist til árangurs. Telja þeir því eðlilegt og sjálfsagt að Alþingi ræði þessi mál og íhugi, þar sem vel getur svo farið að ekki verði hjá því komist að leggja aukaskatt á þjóðina í sambandi við það varnarstríð sem við nú heyjum til verndar þorskstofninum. Er það trú flm., að íslenska þjóðin sé reiðubúin að færa nokkrar fjárhagslegar fórnir í því sambandi, því að flestum mun orðið ljóst að ef ekki verður komið í veg fyrir gegndarlaust smáfiskadráp breta á hinum alfriðuðu svæðum jafnt og annars staðar, er stór hætta á að efnahagslegar þrengingar eða hrun sé fram undan hjá íslensku þjóðinni. Á þjóðin því engra annarra kosta völ en að standa saman og færa þær fjárhagsfórnir sem nauðsynlegar eru til að koma í veg fyrir slíkt, og eru flm. sannfærðir um samstöðu þjóðarinnar í sambandi við allar aðgerðir til eflingar Landhelgisgæslunnar.

Ed. 355. Frumvarp til laga [171. mál]

um breyting á útvarpslögum, nr. 19 5. apríl 1971.

Flm.: Helgi F. Seljan, Stefán Jónsson.

1. gr.

Í stað fyrri málsliðar síðustu málsgreinar 15. gr. laganna komi:

Í reglugerð má ákveða, að þeir, sem njóta tekjutryggingar skv. l. nr. 67 1971, verði undanþegnir afnotagjöldum. Ráðuneytið skal auglýsa eftir umsóknum skv. þessari heimild, þannig að allir eigi jafnan kost á undanþágum þessum, hvar sem þeir búa á landinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í núgildandi útvarpslögum er heimild til að undanþiggja þá afnotagjöldum sjónvarps og hljóðvarps, sem njóta uppbótar á elli- og örorkulífeyri skv. lögum um almannatryggingar.

Þessi uppbót var á sínum tíma viðbót við venjulegan lífeyri og til komin fyrir gildistöku hinnar svokölluðu tekjutryggingar.

Sú reglugerð, sem um er getið í 15. gr. útvarpslaga, miðar við þá eina, sem hljóta sérstaka uppbót á lífeyri ofan á tekjutrygginguna vegna erfiðra aðstæðna, og þarf að sækja um þá uppbót og rökstyðja hana rækilega, svo sem eðlilegt er. Reglugerðartúlkunin er alfarið bundin við þetta fólk, þannig að fólk með tekjutrygginguna eina fær hér enga ívilnun, þó segja megi, að skv. lögunum um almannatryggingar frá 1963 sé um margt um hliðstæða aðila að ræða: tekjutryggingarfólkið nú og þá sem fengu sérstaka uppbót á sinn venjulega lífeyri þá.

Fólk, sem aðeins hefur tekjutrygginguna í dag, er ekki ofhaldið af sínum árstekjum og þessi gjöld eru því býsna tilfinnanleg.

Einhver ívilnun af hálfu hins opinbera á þessu sviði getur vart talist ofrausn.

Sjónvarp og hljóðvarp eru þessu fólki mikilvægari en mörgum okkar, sem erum stöðugt á vettvangi í hringiðu daglegs lífs. Þau eru áhrifamikil tæki oft á tíðum til þess að rjúfa þungbæra einangrun frá umhverfinu, jafnt í bæ sem sveit.

Flm. þykir því sjálfsagt að heimild verði veitt í lögum og nánari ákvæði skv. því í regluerð, að þeir, sem tekjutrygginguna eina hafa til að lifa af, verði undanþegnir að einhverju eða öllu leyti þessum gjöldum, og þykir það meira í samræmi við þá hugsun, sem fólst að baki upphaflegri lagaheimild en túlkun reglugerðarinnar í dag þar um.

Í dag er um takmarkaðan hóp að ræða, sem nýtur góðs hér af, einkum og sér í lagi úti á landsbyggðinni, þar sem undanþágur þessar eru víða nær óþekktar af ástæðum, sem nánar munu raktar í framsögu.

Flm. telja, að fenginni slæmri reynslu af undanþágum þessum víða úti á landi, þar sem þeir fáu, sem njóta ættu, athuga ekki rétt sinn, að ráðuneytið skuli auglýsa þegar eftir setningu reglugerðar hér um eftir umsóknum um undanþágurnar.

Enn er upplýsingaþjónusta tryggginganna langtum lakari víða úti á landsbyggðinni en hér í Reykjavík og full ástæða til að tryggja það, að sem mest jafnrétti náist á þessu sviði.

Það verður best gert með beinni auglýsingu frá hálfu ráðuneytisins eða ef það felur viðkomandi stofnun að annast það. Einnig kæmi til greina sérstök upplýsingaskylda Tryggingastofnunar ríkisins um þetta tiltekna atriði.

Varðandi undanþágur sem þessar er oft talað um hættu á misnotkun. Sú hætta er hvarvetna fyrir hendi, en í flestum tilfellum ætti hér að vera auðvelt að ganga úr skugga um réttmæti eða ekki.

Í raun er hættan engu meiri með þessari rýmkun en skv. núgildandi heimild. Kjör þessa fólks, sem hefur tekjutryggingu eina til lífsframfæris, eru þau, að undanþága frá þessum gjöldum ætti að vera sjálfsögð.

Samfélagið á að koma til móts við þetta fólk þar sem þess er kostur og á þeim sviðum þar sem þörfin er brýn. Allt, sem þokar á einhvern hátt burtu einmanaleik allt of margra úr þessum hópi, telst til brýnustu samfélagsþarfa þessa fólks.

Því er lagt til, að heimild þessi verði rýmkuð, svo fleiri njóti hér góðs af.

Verði talið um mikið tekjutap að ræða fyrir viðkomandi stofnun er sjálfsagt frá hálfu flm. að finna þar á einhverja lausn.

Nd. **356. Frumvarp til laga** [172. mál]

um rannsóknarlögreglu ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur aðsetur í Reykjavík og lýtur yfirstjórn dómsmálaráðherra.

Hún skal hafa á að skipa starfsfólki, er sé sérhæft til að rannsaka ýmsar tegundir brota.

2. gr.

Forseti Íslands skipar yfirmann rannsóknarlögreglu ríkisins og nefnist hann rannsóknarlögreglustjóri ríkisins.

Hann skal fullnægja lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti og hafa aflað sér þekkingar í þeim efnum, er varða eftirgrennslan brota.

Dómsmálaráðherra getur skipað honum fulltrúa með lögfræðiprófi.

3. gr.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur með höndum lögregluranns óknir brotamála í Reykjavík, að því leyti sem þær eru ekki í höndum lögreglustjóra þar, samkvæmt ákvæðum þessara laga eða annarra réttarreglna.

4. gr.

Rannsóknarlögregla ríkisins skal veita lögreglustjórum og sakadómurum, hvar sem er á landinu, aðstoð við rannsókn brotamála, þegar þeir óska. Ríkissaksóknari getur og falið rannsóknarlögreglu ríkisins rannsóknir einstakra mála hvar sem er á landinu, þegar hann telur þess þörf. Loks getur rannsóknarlögreglustjóri að eigin frumkvæði tekið í sínar hendur rannsókn máls utan Reykjavíkur, en tilkynna skal hann viðkomandi lögreglustjóra um málið svo fljótt sem verða má, enda ber honum að veita rannsóknarlögreglu ríkisins alla nauðsynlega aðstoð. Ríkissaksóknari sker úr ágreiningi, sem rísa kann milli rannsóknarlögreglustjóra ríkisins og viðkomandi lögreglustjóra í sambandi við lögregluranns óknir.

5. gr.

Rannsóknarlögregla ríkisins heldur skrá um myndir og fingraför, sem tekin eru samkvæmt heimild í 57. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, og geymir gögn samkæmt reglum, er dómsmálaráðherra setur.

Lögreglustjórar skulu senda rannsóknarlögreglu ríkisins eintök mynda og fingrafara, sem tekin eru samkvæmt fyrrnefndu lagaákvæði.

6. gr.

Við embætti lögreglustjóra í Reykjavík skal starfa sérstök rannsóknarlögregludeild undir stjórn lögreglustjóra.

Deild þessi skal annast rannsókn eftirgreindra málaflokka:

1. Umferðarslys og brot á umferðarlögum.
2. Brot á lögreglusamþykktum.
3. Brot á áfengislögum, önnur en þau, er varða ólögmætan innflutning áfengis.
4. Brot á lögum um tilkynningar aðsetursskipta.
5. Aðra málaflokka, sem ákveðið kann að verða í reglugerð að fela embætti lögreglustjóra, sbr. 9. gr. laga þessara.

7. gr.

Við lögreglustjóraembætti utan Reykjavíkur skulu starfa sérstakar rannsóknarlögregludeildir samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra og eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

Deildir þessar skulu annast lögreglurannsóknir, aðrar en þær, sem falla undir rannsóknarlögreglu ríkisins samkvæmt ákvæðum laga þessara.

8. gr.

Þegar rannsóknarlögreglustjóri er svo riðinn við mál eða aðila, að hann mætti eigi gegna dómarastörfum í því, skal hann tilkynna það dómsmálaráðherra. Þegar ráðherra berst slík tilkynning eða hann fær vitneskju um þetta með öðrum hætti, skipar hann annan löghæfan mann til meðferðar þess máls, sbr. 2. gr. Sama gildir, er rannsóknarlögreglustjóri hefur lögmæt forföll.

Þegar dómsmálaráðherra skipar mann til að fara með einstakt mál samkvæmt framansögðu, ákveður hann honum þóknun.

9. gr.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

Hann setur og reglur um samvinnu og starfsskiptingu milli lögreglustjóraembættisins í Reykjavík og rannsóknarlögreglu ríkisins.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara er núverandi rannsóknarlögregla í Reykjavík lögð niður.

Dómsmálaráðherra ákveður hverjir starfsmenn hennar flytjast til rannsóknarlögreglu ríkisins, hverjir til lögreglustjórans í Reykjavík og hverjir starfi áfram við sakadómaraembættið í Reykjavík.

Hann ákveður einnig um skiptingu tækjabúnaðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 6. október 1972 skipaði Ólafur Jóhannesson, dómsmálaráðherra, nefnd til að endurskoða dómstólakerfi landsins á héraðsdómsstiginu og gera tillögur um hvernig breyta mætti reglum um málsmeðferð í héraði, til að afgreiðsla mála yrði hraðari. Í nefnd þessa voru skipaðir Björn Fr. Björnsson, sýslumaður, Sigurgeir Jónsson, bæjarfógeti, Þór Vilhjálmsson, prófessor, og Björn Sveinbjörnsson, hæstaréttarlögmaður, formaður nefndarinnar. Hefur nefndin samið frumvarp það, sem hér liggur fyrir, ásamt tveim fylgifrumvörpum með því. Er annað þeirra um breytingar á lögum um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, en hitt um breytingu á lögum um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl. nr. 74/1972.

Árið 1948 var lagt fyrir Alþingi frumvarp um meðferð opinberra mála, sem þeir Einar Arnórsson, dr. juris og hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson höfðu samið. Frumvarpið gerði ráð fyrir, að opinber ákærandi, saksóknari ríkisins, færi með ákæruvaldið, sem á þeim tíma var í höndum dómsmálaráðherra. Í frumvarpinu var einnig ákvæði um, að sérstakur embættismaður, er lyti saksóknara ríkisins, og nefndur var rannsóknarstjóri, skyldi taka við yfirstjórn rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík í stað sakadómara. Hann skyldi og stjórna rannsóknum hvarvetna annars staðar á landinu, þegar saksóknari teldi þess þörf. Þá átti rannsóknarstjóri að vera sækjandi í héraðsdómi í þeim opinberu málum, sem þar sættu sókn og vörn eftir málshöfðun.

Helstu ákvæði frumvarpsins um fyrirhugað embætti rannsóknarstjóra og starfa hans voru í 2. og 3. mgr. 35. gr. og 1. mgr. 82. gr. þess og hljóðuðu svo:

35. gr., 2. og 3. mgr.:

„Forseti skipar rannsóknarstjóra. Skal hann hafa leyst af hendi lögfræðipróf og aflað sér samkvæmt vottorðum hæfrar stofnunar rækilegrar sérmenntunar í þeim efnum, er eftirgrennslan brota varða. Hann skal lúta saksóknara, hafa skrifstofu í Reykjavík, stýra rannsóknum þar og fara með stjórn þeirra lögreglumanna, sem ætlað er að rannsaka brot, að því er þau störf varðar. Þá skal hann og stjórna rannsóknum hvarvetna annars staðar á landinu, þegar saksóknari telur þess þörf, enda getur hann sent fulltrúa sinn eða rannsóknarlögreglumenn héraðsdómurum til aðstoðar bæði utan réttar og fyrir dómi. Dómsmálaráðherra setur lögreglumönnum fyrirmæli um rannsókn brota, að fengnum tillögum rannsóknarstjóra og lögreglustjóra í Reykjavík.

Rannsóknarstjóri nýtur sömu launakjara sem lögreglustjórinn í Reykjavík. Skipa má rannsóknarstjóra fulltrúa með lögfræðiprófi.“

82. gr., 1. mgr.:

„Þau mál, sem sæta sókn og vörn fyrir dómi eftir málshöfðun, sækir rannsóknarstjóri, er mál skal dæma í umdæmi hans, og annars staðar eftir ákvörðun saksóknara, eða fulltrúi rannsóknarstjóra ....“.

Um ákvæði 35. gr. frumvarpsins sagði svo í greinargerð:

„Í 35. gr. eru fyrirmæli um lögreglustjórn. Sakadómari í Reykjavík fer nú með stjórn rannsóknarlögreglu þar. En eigi þykir það hentug skipan, enda á sakadómari að meta verk rannsóknarlögreglumanna. Nú á tímum er það og eitt af grundvallaratriðum réttarfars í opinberum málum að skilja glöggt á milli dómsvalds annars vegar og lögreglustjórnar hins vegar. Er því hér það nýmæli sett, að rannsóknarstjóri skuli hafa stjórn þeirra lögreglumanna í Reykjavík, sem ætlað er að rannsaka brot, að því er þau störf varðar, svo og er þörf þykir og við verður komið, stýra rannsókn annars staðar á landinu. Þykir miklu skipta, að maður, er hafi fullkomna menntun og æfingu í lögregluransókn, hafi yfirstjórn hennar, leiðbeini lögreglumönnum og hafi umsjón með kennslu þeirra og þjálfun. Ætlast er til, að lögreglustjóri í Reykjavík fari með lögreglustjórn þar að öðru leyti, svo sem verið hefur, enda hvorum tveggja ætlað ærið verkefni, með því að bærinn vex og brot færast sífellt mjög í vöxt“.

Frumvarp þetta náði ekki fram að ganga, þar sem ákvæðin um opinberan ákæranda og rannsóknarstjóra mættu andspyrnu. Var þá lagt nýtt stjórnarfrumvarp fyrir Alþingi 1950, þar sem þessi ákvæði voru felld niður. Það frumvarp var síðan samþykkt sem lög nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála. Á Alþingi 1950 var og borið fram sérstakt stjórnarfrumvarp um saksóknara ríkisins og rannsóknarstjóra. Ákvæði þess um rannsóknarstjóra voru í aðalatriðum samhljóða framangreindum ákvæðum frumvarpsins frá 1948. Frumvarp þetta náði eigi fram að ganga. Ákvæðin um opinberan ákæranda voru lögfest 1961, sbr. lög nr. 57/1961, en þau lög höfðu ekki að geyma nein ákvæði um rannsóknarstjóra.

Hinn 17. apríl 1968 samþykkti Alþingi „að fela ríkisstjórninni að undirbúa breytta skipan á yfirstjórn lögreglunnar í Reykjavík, þannig að bæði hin almenna lögregla og rannsóknarlögregla heyri framvegis undir lögreglustjóra.“ Samkvæmt þessari ályktun var á Alþingi 1969—1970 lagt fram stjórnarfrumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 98, 23. desember 1961 um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík. 2. gr. þess frumvarps var svo hljóðandi:

„5. gr. laganna orðist svo:

Lögreglustjóri fer með lögreglustjórn, strandmál, útlendingaeftirlit, útgáfu vegabréfa, framkvæmd refsidóma og umsjón fangelsa.

Rannsóknarstjóri, sem lýtur lögreglustjóra, stýrir lögregluransókn brotamála og fer með stjórn þeirra lögreglumanna, sem ætlað er að rannsaka brotamál, að því er þau störf varðar.

Forseti skipar rannsóknarstjóra, sem skal hafa leyst af hendi lögfræðipróf og öðlast sérþekkingu á þeim efnum, er eftirgrennslan brota varða. Áður en embættið er veitt, skal leita umsagnar lögreglustjóra um umsækjendur.

Dómsmálaráðherra getur falið lögreglustjóra og rannsóknarstjóra yfirstjórn og framkvæmd sérstakra þátta löggæslu eða lögregluranns6kna utan Reykjavíkur ótímabundið eða um stundarsakir, ef um einstök tiltekin lögreglumálefni eða aðgerðir er að tefla."

Frumvarp þetta náði eigi fram að ganga.

Með frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að komið verði á fót sérstakri stofnun, rannsóknarlögreglu ríkisins. Yfirmaður þessarar stofnunar nefnist rannsóknarlögreglustjóri, sem þykir heppilegra orð en rannsóknarstjóri. Ljóst er, að embætti rannsóknarlögreglustjóra ríkisins verður mjög þýðingarmikið. Er eðlilegt, að það heyri beint undir dómsmálaráðherra, enda þarf rannsóknarlögreglustjóri að hafa jafna aðstöðu gagnvart öllum lögreglustjórum á landinu stöðu sinnar vegna. Hann verður að sjálfsögðu að hlíta fyrirmælum ríkissaksóknara lögum samkvæmt eins og aðrir lögreglustjórar.

Aðalatriðið, sem í frumvarpinu felst er, að yfirsakadómarinn í Reykjavík verður eigi lengur yfirmaður rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík, svo sem nú er. Er þar með stigið spor í þá átt að aðskilja dómsvald í opinberum málum og lögreglustjórn, þó að eigi þyki fært að stíga það skref til fulls. Tæplega verður um það deilt, að rétt sé að fylgja fordæmi annarra þjóða um slíkan aðskilnað. Vísast um þetta til þess, sem tekið er upp hér að framan úr greinargerð með frumvarpinu frá 1948.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að starfandi verði sérstök rannsóknarlögregludeild við lögreglustjóraembættið í Reykjavík, er rannsaki til fullnustu vissa flokka brotamála, þar á meðal brot á umferðarlögum, sem er einn umfangsmesti málaflokkurinn a. m. k. að því er málafjölda varðar. Þegar er starfandi sérstök umferðadeild hjá lögreglustjóraembættinu í Reykjavík. Má ljóst vera, að það verður kostnaðarminna fyrir ríkissjóð og verulegt hagræði fyrir almenning, að slík brot séu rannsökuð til fullnustu á sama stað í stað þess sem nú er, að frumrannsókn fer fram hjá lögreglustjóraembættinu, sem síðan sendir málin til rannsóknarlögreglu til áframhaldandi rannsóknar.

Rannsóknarlögreglu ríkisins er aftur á móti ætlað að rannsaka meiri háttar afbrot, svo sem brot á hegningarlögum. Ætlast er til, að hún hafi á að skipa hinum hæfustu mönnum, sem völ er á, sérfróðum á ýmsum sviðum rannsókna. Ekki er síst nauðsynlegt, að þar séu menn sérfróðir um bókhaldsrannsókn, en rannsókn mála dregst oft úr hófi fram, þegar bókhaldsrannsókn þarf að framkvæma. Rannsóknarlögreglustjóri á að geta sent sérfræðinga sína til aðstoðar lögreglustjórum hvar sem er á landinu, þegar þörf krefur. Einnig er eðlilegt, að rannsóknarlögregla ríkisins hafi með höndum rannsóknir í þeim málum, sem spanna yfir mörg lögsagnarumdæmi, svo sem oft er t. d. í smyglmálum.

Þá væri eðlilegt, að hún hefði með höndum rannsóknir í ávana- og fíkniefnamálum. Gæti sérstök deild innan rannsóknarlögreglu ríkisins haft þau mál með höndum. Skapaðist þá möguleiki til þess, að unnt yrði að leggja niður stofnun þá, sem nú annast rannsókn þeirra mála.

Vera má, að hin breytta skipan hefði í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð. Þess verður þó að gæta, að með því mætti spara ýmsan annan kostnað. Í fyrsta lagi væri rétt að leggja niður dómstól og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum skv. lögum nr. 52/1973. Í öðru lagi mætti, þegar hagkvæmt þætti, sameina sakadómaraembættið og borgardómaraembættið. Í þriðja lagi mundi það, að rannsókn brota yrði í auknum mæli framkvæmd af rannsóknarlögreglu, draga úr störfum dómara, þannig að dómarafulltrúum mætti fækka eða flytja til rannsóknarlögreglu ríkisins. A. m. k. ætti ekki að þurfa að fjölga þeim eða sakadómurum um sinn. Í fjórða lagi mundi sú einföldun rannsóknar, að lögreglustjóri í Reykjavík lyki rannsókn í málum, sem nú er send frá honum til rannsóknarlögreglu, svo sem

umferðaslysamálum, spara útgjöld og fyrirhöfn, eins og áður segir. Loks er þess að geta, að hafi rannsóknarlögregla ríkisins á að skipa bókhaldsfróðum mönnum, má spara mjög verulegar fjárhæðir, sem nú þarf að greiða endurskoðendum vegna bókhaldsrannsókna. Auk þess væri það til mikils hagræðis og flýtis, að þurfa ekki að leita út fyrir embættið í slíkum tilfellum. Margt fleira mætti nefna, en þegar á heildina er litið, er ekki víst, að stofnun rannsóknarlögreglu ríkisins í þeirri mynd, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, hefði í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð.

Aðalatriði málsins er að sjálfsögðu það, hvað sem kostnaðarhlið þess líður, að samræma aðgerðir við rannsókn brotamála um allt land, að styrkja rannsóknir slíkra mála utan Reykjavíkur, þar sem tæki og sérþekkingu kann að skorta, og að stuðla að fljótvirkari rannsóknum og meðferð brotamála.

Í frumvarpinu er ekki sérstakt ákvæði um launakjör rannsóknarlögreglustjóra, svo sem var í fyrri frumvörpum um rannsóknarstjóra. Þykir ekki rétt að setja ákvæði um það í lögin, þar sem laun opinberra starfsmanna eru nú ákveðin með öðrum hætti en áður var. Verður að gera ráð fyrir, að fjármálaráðherra ákveði embættismanni þessum laun til bráðabirgða í samræmi við mikilvægi starfsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 2. gr.

Rétt þykir, að rannsóknarlögreglustjóri fullnægi skilyrðum þeim, sem sett eru í 32. gr. einkamálalaga nr. 85/1936 auk þess, sem hann þarf að sjálfsögðu að hafa aflað sér sérþekkingar í þeim efnum, er varða eftirgrennslan brota.

Um 3. gr.

Breyting sú, sem lögin gera ráð fyrir, verður einföldust og kostnaðarminnst, ef fyrirhuguð rannsóknarlögregla ríkisins tæki í aðalatriðum við störfum rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík, að undanskildum ákveðnum málaflokkum. Má og gera ráð fyrir, að lögregluþjónar, sem starfa hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík gangi í þjónustu rannsóknarlögreglu ríkisins.

Um 4. gr.

Eins og segir í 7. gr. er ætlast til, að rannsóknarlögregludeildir séu starfandi við lögreglustjóraembætti utan Reykjavíkur samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra. Slíkar deildir verða tæpast nema við stærstu embættin. Það er því mjög mikilvægt, að lögreglustjórar geti átt kost aðstoðar við rannsókn meiri háttar brota. Auk þess getur verið nauðsynlegt, að ríkissaksóknari geti falið rannsóknarlögreglustjóra ríkisins rannsóknir í einstökum málum, hvar sem er á landinu eða að rannsóknarlögreglustjóri geti sjálfur átt frumkvæði að rannsókn utan Reykjavíkur. Getur þetta einkum verið nauðsynlegt, ef rannsókn máls er sérstaklega vandasöm eða mál umfangsmikið, svo og ef sökunautar í sama máli eiga heima í fleiri en einu lögsagnarumdæmi. Ef ágreiningur kynni að rísa milli viðkomandi lögreglustjóra og rannsóknarlögreglustjóra er eðlilegt, að ríkissaksóknari skeri úr.

Um 5. gr.

Ekki er til nein slík heildarskrá fyrir allt landið, sem greinin gerir ráð fyrir. Það er hins vegar eðlilegt, að rannsóknarlögregla ríkisins haldi slíka skrá.

Um 6. gr.

Upptalning greinarinnar er ekki tæmandi. Ætlast er til, að dómsmálaráðherra ákveði með reglugerð hvaða málaflokka rannsóknarlögregludeild lögreglustjóra-

embættisins hafi með höndum. Reynslan kann að leiða í ljós, að rétt sé að henni verði falin rannsókn fleiri málaflokka en hér er talið, þannig að rannsóknarlögregla ríkisins gegni í framtíðinni sama hlutverki í Reykjavík og annars staðar.

Um 7. gr.

Við nokkur hinna stærri bæjarfógetaembætta og lögreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli starfa sérstakar rannsóknarlögregludeildir. Sjálfsagt er, að þær starfi áfram og að fleiri verði settar á stofn, þegar fé er veitt til í fjárlögum.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Vísast til athugasemda við 6. gr. en að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 10. gr.

Hér er um svo viðamikla breytingu að ræða, að sjálfsagt er, að umþóttunartími verði um það bil 1 ár frá samþykkt frumvarpsins til upphafs gildistíma laganna.

Nd. 357. Frumvarp til laga [173. mál]

um breyting á lögum um meðferð opinberra mála nr. 74, 21. ágúst 1974.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Við 8. gr. bætist nýr töluliður, 7. töluliður, svo hljóðandi:

Rannsóknarlögreglustjóri ríkisins, lögreglustjórinn í Reykjavík og fulltrúar þeirra.

2. gr.

1. mgr. 24. gr. laganna orðist svo:

Nú þykir verknaður að vísu refsiverður að landslögum, en þó þykir mega telja, að hvorki almenningshagsmunir né almenningsálit krefjist málshöfðunar né refsidóms, svo sem ef langt er liðið síðan brot var framið, án þess þó að refsikrafa sé fyrnd, og sökunautur hefur síðan hegðað sér óaðfinnanlega, ef telja má álit manna á verki hafa breyst sökunaut í hag síðan refsiákvæði var sett, ef telja má brot mjög lítilsvert eða miklar eru málsbætur, brot hefur valdið sökunaut sjálfum sérstaklega óvenjulegum þjáningum o. s. frv., og getur þá héraðsdómari, rannsóknarlögreglustjóri ríkisins eða lögreglustjóri sent ríkissaksóknara tillögur um niðurfellingu saksóknar. Ríkissaksóknari getur bæði að tillögu framangreindra aðila og að sjálfsdáðum lagt til, að saksókn verði felld niður. Dómsmálaráðherra ákveður síðan eða gerir tillögu um, hvort neyta skuli heimildar stjórnarskrár eða annarra laga, er þar um kynnu að vera sett, um niðurfellingu saksóknar.

3. gr.

1. mgr. 27. gr. laganna orðist svo:

Nú er brot framið hér á landi utan allra lögsagnarumdæma og ákvæðum 26. gr. verður ekki við komið, og ákveður ríkissaksóknari þá, hvar mál skuli höfðað.

4. gr.

32. gr. laganna orðist svo:

Sýslumenn eru lögreglustjórar utan kaupstaða og bæjarfógetar í kaupstöðum. Þar sem sérstakir lögreglustjórar eru skipaðir, fara þeir með lögregluvald.

Rannsóknarlögregla ríkisins annast frumrannsókn brota í Reykjavík, að því leyti, sem slík rannsókn er ekki falin lögreglustjóranum í Reykjavík með lögum eða reglugerðum. Hún annast einnig frumrannsókn brota utan Reykjavíkur samkvæmt þeim reglum, sem greinir í lögum um rannsóknarlögreglu ríkisins.

Lögreglustjórar, þar með talinn rannsóknarlögreglustjóri ríkisins, halda uppi löggæslu hver í sínu umdæmi. Skulu þeir, er þeir telja heppilegt eða nauðsynlegt, hefja rannsókn vegna gruns um, að refsivert verk hafi verið unnið, hvort sem þeim hefur borist kæra eða ekki. Háðir eru þeir fyrirmælum ríkissaksóknara í þessum efnum.

Lögreglan (rannsóknarlögregla ríkisins) fer með frumrannsókn opinberra mála, og skal hún miðuð við, að aflað verði allra nauðsynlegra gagna, til þess að handhafa ákæruvalds sé fært að ákveða að henni lokinni, hvort opinbert mál skuli höfðað, sbr. þó 73. gr.

Dómsmálaráðherra setur lögreglumönnum fyrirmæli um rannsókn brota að fengnum tillögum ríkissaksóknara, rannsóknarlögreglustjóra ríkisins og lögreglustjóra í Reykjavík.

5. gr.

2. mgr. 33. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðherra setur reglur um kennslu lögreglumanna, prófkröfur og önnur hæfisskilyrði að fengnum tillögum ríkissaksóknara, rannsóknarlögreglustjóra ríkisins og lögreglustjóra í Reykjavík. Rannsóknarlögreglustjóri ríkisins hefur umsjón með kennslu og prófum lögreglumanna í öllu, er lýtur að rannsókn brota.

6. gr.

2. mgr. 35. gr. orðist svo:

Gefa skulu lögreglumenn yfirmanni sínum eða dómara skýrslu um aðgerðir sínar, svo fljótt sem unnt er.

7. gr.

Orðin „áður en til dómara næst, og síðan, eftir því sem þörf þykir og dómari ákveður“ í 39. gr. laganna, falli niður.

8. gr.

Aftan við 40. gr. laganna bætist ný málsgrein (8. mgr.), svo hljóðandi:

Að lokinni frumrannsókn sendir lögreglustjóri (rannsóknarlögreglustjóri) ríkissaksóknara endurrit af rannsókninni. Ríkissaksóknari getur mælt fyrir um frekari rannsóknaraðgerðir, ef hann telur nauðsyn á. Mál, sem ætla má að afgreiða megi án málshöfðunar samkvæmt ákvæðum 112. gr., sendir lögreglustjóri (rannsóknarlögreglustjóri ríkisins) til viðkomandi dómara. Telji dómari mál, sem honum eru þannig send, ekki falla undir ákvæði 112. gr., sendir hann þau áfram til ríkissaksóknara til frekari ákvörðunar.

9. gr.

Orðin „sakadómari eða“ í upphafi 42. gr. laganna og sömu orð í 3. málsgrein sömu greinar, falli niður.

10. gr.

73. gr. laganna orðist svo:

Nú þykir þörf á aðgerðum, sem að lögum þarf til atbeina dómara, eða nauðsynlegar eru að öðru leyti vegna rannsóknar máls, meðan frumrannsókn stendur yfir, og getur lögreglustjóri eða rannsóknarlögreglustjóri þá snúið sér til dómara með beiðni um slíkar aðgerðir. Beiðnin skal vera skrifleg eða borin fram munnlega á dómþingi, og fylgi nauðsynleg gögn. Dómari getur krafið lögreglustjóra eða rannsóknarlögreglustjóra ríkisins um þau gögn eða þær aðgerðir, sem hann telur nauðsynlegar, áður en hann tekur beiðni til úrlausnar.

Nú telur dómari ekki efni til þess að verða við beiðni um dómsaðgerðir samkvæmt 1. mgr. og getur lögreglustjóri eða rannsóknarlögreglustjóri ríkisins þá krafist úrskurðar dómara um synjunina. Slíkum úrskurði getur ríkissaksóknari skotið til æðri dóms samkvæmt reglum um kæru.

Lögreglustjóri, sem jafnframt er sakadómari, getur hafið frumrannsókn máls fyrir dómi, þegar hann telur það heppilegt.

11. gr.

74. gr. laganna orðist svo:

Nú telur ríkissaksóknari að lokinni frumrannsókn ekki fært að taka ákvörðun um það, hvort höfða skuli opinbert mál eða ekki, eða hvernig máli skuli ljúka, og getur hann þá beiðst rannsóknar fyrir dómi, til þess að nauðsynleg atriði verði í ljós leidd í þessu skyni.

Í beiðni um dómsrannsókn skal greina:

1. Nafn og heimili sökunauts og önnur deili á honum.
2. Það eða þau brot, sem honum eru gefin að sök og rannsókninni er ætlað að beinast að.
3. Skrá um þau gögn, sem ætlast er til, að fram verði færð við rannsóknina.

Beiðni um dómsrannsókn skulu fylgja gögn um frumrannsókn í nægilega mörgum eintökum.

Er dómsrannsókn fer fram, á dómari rétt á aðstoð lögreglu (rannsóknarlögreglu ríkisins) við rannsóknina og getur krafist tiltekinna rannsóknaraðgerðar lögreglu eftir því sem nauðsyn ber til.

Nú telur dómari ekki efni til þess að verða við beiðni ríkissaksóknara um dómsrannsókn og getur ríkissaksóknari þá krafist úrskurðar dómara um synjunina. Slíkum úrskurði getur ríkissaksóknari skotið til æðri dóms samkvæmt reglum um kæru.

Eftir að dómari tekur mál til rannsóknar skal framkvæma ráðstafanir þær, sem í 36. gr. getur, ef skilyrði eru til, svo og kveða á um framhald þeirra, ef lögreglumenn hafa gert þær. Haldast skulu þessar ráðstafanir, uns dómur gengur, ef því er að skipta, en felldar skulu þær niður, jafnskjótt sem úr er bætt, þar sem það á við, eða rannsókn eða málshöfðun er látin falla niður.

12. gr.

Framan við 75. gr. laganna komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Dómara ber að rannsaka að sjálfsdáðum og sjálfstætt öll sakaratriði, enda þótt lögreglumenn hafi áður rannsakað og gert skýrslu um þau atriði. Nú hefur sökunautur játað á sig brot, og skal dómari þá allt að einu prófa það, hvort sú játning er sannleikanum samkvæm.

13. gr.

1. mgr. 106. gr. lagnna orðist svo:

Líkskoðun skal fram fara, ef lögreglustjóri (rannsóknarlögreglustjóri ríkisins), dómari eða ríkissaksóknari telja nauðsynlegt.

14. gr.

112. gr. laganna breytist þannig:

1. Í 2. málsgrein komi kr. 25 000.00 sekt í stað „kr 10 000.00 sekt“.
2. Í 3. málsgrein komi kr. 7 000.00 sekt í stað „kr. 3 000.00 sekt.“

15. gr.

113. gr. laganna falli niður.

16. gr.

114. gr. laganna falli niður.

17. gr.

Aftan við 3. tölulið 2. mgr. 115. gr. bætist nýr töluliður 4. töluliður, svo hljóðandi:
4. Dómstól þann, sem mál er höfðað fyrir.
Síðasta málsgrein 115. gr. falli niður.

18. gr.

Síðasti málsliður 116. gr. orðist svo:
Ákærða skal afhenda eftirrit af ákæruskjali.

19. gr.

Orðin „svo og dómari samkvæmt 114. gr.“ í 1. mgr. 118. gr. falli niður.

20. gr.

120. gr. laganna orðist svo:
Þegar ákæra hefur verið birt sökunaut, nefnist hann ákærði og málið er nefnt: Ákæruvaldið gegn N. N.

21. gr.

1. málsliður 1. málsgreinar 121. gr. laganna orðist svo:
Að liðnum þeim fresti, sem til var tekinn samkvæmt 115. gr. 4. málsgrein eða 117. gr., setur dómari dómþing og þingfestir mál.

22. gr.

122. gr. laganna orðist svo:
Mál skal taka til dóms í þinghaldi samkvæmt 121. gr., ef sökunautur kemur fyrir dóm og játar skýlaust háttsemi þá, sem honum er gefin að sök, og þarf þá ekki að færa fram önnur sönnunargögn. Ávallt skal þó dómari gæta ákvæða 1. mgr. 75. gr. laga þessara.
Ef ákærði neitar sakarefni að nokkru leyti eða öllu, skal fram færa sönnunargögn, svo og ef dómari annars telur slíkt nauðsynlegt eða þess er krafist af hálfu ákæruvaldsins eða sökunauts.

23. gr.

Fyrri málsgrein 125. gr. laganna orðist svo:
Nú eru öll gögn fram komin og vörn hefur verið flutt eða lögð fram, og tekur dómari málið þá til dóms.

24. gr.

126. gr. laganna falli niður.

25. gr.

1. töluliður 129. gr. laganna orðist svo:
1. Sökunautur hefur skýlaust viðurkennt alla þá háttsemi, sem honum er gefin að sök og máli skiptir, ekkert veikir þá játningu og vafalaust má þykja um aðrar staðreyndir,svo sem þær, er orka kunna refsihækkun eða refsilækkun, refsileysi eða niðurfellingu refsingar, sakhæfisskorti o. s. frv., eða notkun lagaákvæða, svo sem um val milli tveggja eða fleiri ákvæða sér eða saman.

26. gr.

1. málsliður 145. gr. laganna orðist svo:
Nú kemur það í ljós í rannsókn opinbers máls, að þriðji maður hefur beðið tjón af háttsemi þeirri, sem sökunautur er borinn og skal þá lögreglumaður sá eða dómari, sem rannsókn málsins annast, þegar er efni standa til, benda þriðja manni á það, að hann eigi þess kost að koma bótakröfu sinni að í væntanlegu refsimáli, og að þar

megi dæma hana, ef hún verði nægilega skýrð án verulegra tafa eða óhagræðis í því máli.

27. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, er fylgifrumvarp (annað tveggja) frumvarps til laga um rannsóknarlögreglu ríkisins. Í athugasemdum með því frumvarpi er gerð grein fyrir ástæðum framlagningar þess og tildrögum, hverjir hafi samið frumvarpið og hverjir hafi um það fjallað. Vísast til þeirra athugasemda um þau atriði.

Ljóst mátti vera, að breyting sú, sem gert er ráð fyrir með aðskilnaði rannsóknarlögreglu og sakadóms í frumvarpi til laga um rannsóknarlögreglu ríkisins, mundi óhjákvæmilega leiða af sér talsverðar breytingar á lögum um meðferð opinberra mála. Í lagafrumvarpi þessu er gert ráð fyrir þeim breytingum, sem telja má óhjákvæmilega afleiðingu af lögfestingu frumvarps til laga um rannsóknarlögreglu ríkisins, ef af verður, svo og nokkrum smávægilegum breytingum, sem rétt þótti að taka með, þó að ekki megi telja þær beint óhjákvæmilegar.

Þá er með lagafrumvarpi þessu gerð tillaga um verulega breytingu á reglum um rannsókn brotamála bæði hjá lögreglu og í dómi, sem nú skal að vikið.

Með eflingu rannsóknarlögreglu, svo sem gert er ráð fyrir í frumvarpi um rannsóknarlögreglu ríkisins, opnast möguleikar til að flytja rannsóknir opinberra mála að verulegu leyti úr höndum sakadómara, sem síðar koma til með að dæma í málunum, til rannsóknarlögreglu. Þannig getur náðst að miklu leyti eða öllu sá aðskilnaður, sem menn vilja almennt stefna að, milli lögregluranns óknar og dómsvalds. Vel mætti hugsa sér að stíga það spor til fulls, þannig að niður yrði lagt með öllu rannsóknarréttarfar (inquisitio) í opinberum málum og tekið upp að fullu svokallað ákæruréttarfar. Með lagafrumvarpi þessu hefur verið valin sú leið, að stíga ekki sporið til fulls, en að halda áfram á þeirri braut, sem farin hefur verið síðan 1951, þ. e. að þróa réttarreglur að því takmarki.

Með þessu frumvarpi er lagt til að notað verði það hagræði og þeir möguleikar, sem stofnun rannsóknarlögreglu veitir, til þess að flytja rannsóknir brotamála að mjög verulegu eða langmestu leyti frá sakadómurum til rannsóknarlögreglu, en leggja þó rannsóknarréttarfar það, sem gilt hefur í opinberum málum hér á landi, ekki alfarið niður. Reynist sú breyting svo vel, sem vonast er eftir, er ekki eftir nema tiltölulega lítið spor, sem þá mætti stíga í einu lagi, til þess að koma á fullkomnu ákæruréttarfari. Helstu breytingarnar á meðferð mála eru þær, að í frumvarpinu er gert ráð fyrir þeirri aðalreglu, að mál verði rannsökuð af rannsóknarlögreglu án atbeina dómara, nema þar sem beiðast þarf dómsúrskurða vegna gæsluvarðhalds eða þess háttar, allt þar til mál fara til ríkissaksóknara til fyrirsagnar. Getur ríkissaksóknari þá krafist framhaldsrannsóknar hjá rannsóknarlögreglu, framhaldsrannsóknar í sakadómi eða gefið út ákæru samkvæmt framlögðum gögnum og sent málið sakadómi.

Málið hlýtur sem sé þá fyrst meðferð í sakadómi, er ríkissaksóknari gerir kröfu um það.

Ekki verður það talið til neinnar hindrunar framkvæmd reglna þessara, að sami maður fer með dómsvald í sakamálum og stjórnar lögreglu í umdæmum utan Reykjavíkur. Hann stjórnar þá frumrannsókn sem lögreglustjóri, en í meiriháttar málum leitar hann til rannsóknarlögreglu ríkisins sem tekur við rannsókn og kemur málið síðan á síðara stigi fyrir hann sem sakadómara.

Þá þykir rétt, að hér komi fram, að við samningu frumvarps þessa hefur í verulegum atriðum verið stuðst við hugmyndir, sem Halldór Þorbjörnsson, yfirsakadómari, setti fram í grein í Úlfljóti I. tölublaði XXV. árgangs árið 1972.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þessi grein þarf ekki skýringa við.

Um 2. gr.

Breyting er í því fólgin, að bætt er við rannsóknarlögreglustjóra ríkisins og lögreglustjóra sem aðilum, er gert geti tillögu um niðurfellingu saksóknar. Er rannsókn hefur flust að verulegu leyti úr sakadómi til lögreglu, er eðlilegt, að þessir aðilar geti gert tillögu um niðurfellingu saksóknar, jafnt sem dómari.

Um 3. gr.

Þessi breyting er ekki nauðsynleg vegna breytingar á rannsóknarlögreglu. Hins vegar þykir rétt að leggja þá breytingu til, að ríkissaksóknari komi í stað héraðsdómara, er ákveða skal hvar mál skuli höfðað út af broti, sem framið er utan allra lögsagnarumdæma. Í sinni núverandi mynd fær lagagreinin vart staðist.

Um 4. gr. og 5. gr.

Efni beggja þessara greina felur í sér breytingar, sem nauðsynlegar eru vegna þeirra breytinga, sem verða á rannsóknarlögreglu, ef frumvarp til laga um rannsóknarlögreglu ríkisins nær fram að ganga. Annars þarfnast efni greinanna ekki skýringa.

Um 6. gr.

Breyting er fólgin í því, að ætlast er til að lögreglumenn gefi yfirmönnum skýrslur í stað sakadómara eða annars héraðsdómara. Leiðir af fyrirhugaðri breytingu og þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Breyting er fólgin í því, að almennt verði mál rannsökuð af rannsóknarlögreglu þar til þau fara til ríkissaksóknara til fyrirsagnar eða til dómara til sektarafgreiðslu (smámál). Hefur því dómari almennt ekki neitt forræði máls á því stigi rannsóknar, sem hér er fjallað um, sbr. þó lokaákvæði 73. gr.

Um 8. gr.

Í þessari grein er helsta breytingin, sem lagt er til að gerð verði á málsmeðferð, sbr. það sem greinir hér að framan. Með þeirri viðbót, sem hér er gert ráð fyrir við 40. gr. laganna, er slegið fastri þeirri aðalreglu, að lögregla og lögreglustjórar annist frumrannsóknir mála án atbeina dómara, nema þar sem beiðast þarf dómsúrskurða, allt til þess að mál fer til ríkissaksóknara til fyrirsagnar eða til dómara til sektarafgreiðslu.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa. Er bein afleiðing af breyttri málsmeðferð.

Um 10. gr. og 11. gr.

Hér er lagt til að gerðar verði meginbreytingar í samræmi við það, sem að framan greinir um breytta málsmeðferð. Úr gildi eru felld ákvæði 73. gr. laganna um frumkvæðishlutverk dómara að rannsóknum brota. Með 4. gr. frumvarpsins er gerð sú breyting á 32. gr., sem samsvarar þessari niðurfellingu, þ. e. að frumkvæðishlutverkið flyst til rannsóknarlögreglu (lögreglustjóra). Með ákvæðum þessara greina í frumvarpinu (73. gr. og 74. gr.) er gert ráð fyrir að dómsrannsóknir fari einungis fram að kröfu ríkissaksóknara og þá fyrst er ákveðinn maður er grunaður og rannsóknarlögregla eða lögreglustjóri telur að sakarefni sé nokkuð skýrt orðið. Einnig eru

ákvæði um það, hvernig rannsóknarlögregla (lögreglustjóri) geti leitað atbeina dómara til nauðsynlegra aðgerða (dómsúrskurða) meðan frumrannsókn stendur. Þó er gerð sú undantekning að lögreglustjóri, sem jafnframt er sakadómari, getur hafið frumrannsókn fyrir dómi, ef hann telur það heppilegt.

Um 12. gr.

Efni greinar þessarar eru 2 síðustu málsliðir 1. málsgreinar 73. gr. núgildandi laga. Þessi ákvæði þykir nauðsynlegt að verði áfram í lögum þó að efni málsgreinarinnar falli að öðru leyti niður.

Um 13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Breyting á fjárhæðum til samræmis við verðbólguþróun að undanförnu.

Um 15. gr. og 16. gr.

Í samræmi við stefnu frumvarpsins um aðskilnað ákæruvalds og dómsvalds er lagt til að 113. gr. og 114. gr. laganna um málshöfðun dómara, verði felldar niður, enda hafa þær gegnt litlu hlutverki til þessa.

Um 17. gr.

Í samræmi við það, sem segir um 15. gr. og 16. gr., er lagt til að síðasta málsgrein 115. greinar verði felld niður. Önnur breyting, sem í grein þessari er lögð til, er ekki nauðsynleg en þykir stuðla að því að ákæra verði skýrari.

Um 18. gr., 19. gr. og 20. gr.

Breytingar vegna niðurfellingar 113. gr. og 114. gr. þarfnast ekki skýringa.

Um 21. gr.

Til leiðréttingar á rangri tilvitnun í núgildandi lögum. Tilvitnun í upphafi 121. gr. í 115. gr., 5. málsgrein hlýtur að eiga að vera 115. gr., 4. málsgrein.

Um 22. gr.

Til samræmis við breytingar á málsmeðferð, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 23. gr.

Sama og um 22. gr.

Um 24. gr.

Leiðir af niðurfellingu 113. greinar laganna.

Um 25. gr.

Leiðir af niðurfellingu 114. greinar laganna. Í núgildandi lögum, 129. gr. 1. tölulið er vitnað í skilyrði 114. gr. Skilyrðin þarf því að taka upp í þessari grein, þar sem þau eiga áfram við þó að greinin sjálf falli niður.

Um 26. gr.

Leiðir af því, að forræði dómara flyst til lögreglu á fyrri stigum rannsóknar. Er því nauðsynlegt að leggja þá skyldu, sem nú hvílir á dómara til að benda mönnum á rétt þeirra til að koma bótakröfu að, einnig á lögreglumenn.

Um 27. gr.

Hér er um svo viðamikla breytingu að ræða, að sjálfsagt er að umþóttunartími verði um það bil eitt ár frá samþykkt frumvarps til upphafs gildistíma laganna.

Nd. 358. Frumvarp til laga [174. mál]

um breyting á lögum nr. 74/1972, um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Í Reykjavík skulu vera borgardómaraembætti, borgarfógetaembætti, sakadómaraembætti, lögreglustjóraembætti, tollstjóraembætti svo og rannsóknarlögregla ríkisins.

2. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Undir sakadómaraembættið í Reykjavík heyra m. a. opinber mál, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 74/1974, barnsfaðernismál, uppkvaðning lögheimilisúrskurða svo og uppkvaðning meðlagsúrskurða og úrskurða samkvæmt lögum um innheimtustofnun sveitarfélaga nr. 54/1971.

3. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Lögreglustjórinn í Reykjavík fer með lögreglustjórn aðra en stjórn rannsóknarlögreglu ríkisins, strandmál, útlendingaeftirlit, útgáfu vegabréfa, framkvæmd refsidóma, umsjón fangelsa í Reykjavík og önnur þau mál, er lög ákveða. Starfssvið rannsóknarlögreglu ríkisins er ákveðið með sérstökum lögum.

4. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðherra úrskurðar, að öðru leyti en lög ákveða, hver störf skuli lögð undir embætti þau, sem nefnd eru í lögum þessum.

5. gr.

Aftan við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Rannsóknarlögreglustjóri ríkisins skal fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 2. gr. laga um rannsóknarlögreglu ríkisins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Breytingar þær, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir á lögum um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl. eru nauðsynlegar, ef frumvarp um rannsóknarlögreglu ríkisins verður að lögum. Helsta breytingin er sú, að lögreglustjóranum í Reykjavík verður falin framkvæmd refsidóma og umsjón hegningarhúss í Reykjavík í stað yfirsakadómara, sem ekki fer lengur með stjórn rannsóknarlögreglu, ef það frumvarp verður að lögum. Að öðru leyti þarfnast frumvarpið ekki skýringa.

Ed. 359. Nefndarálit [157. mál]

um frv. til l. um aðild Íslands að samningi um stofnun aðstoðarsjóðs á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Albert Guðmundsson.

Alþingi, 23. febr. 1976.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Jón Helgason, fundaskr.	Jón Árm. Héðinsson.
Jón G. Sólnes.	Axel Jónsson.	Ragnar Arnalds.

Ed. 360. Nefndarálit [168. mál]

um frv. til l. um flugvallagjald.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur athugað frumvarpið. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Jón Árm. Héðinsson og Ragnar Arnalds undirrita nefndarálitið með fyrirvara og Albert Guðmundsson var fjarverandi.

Alþingi, 23. febr. 1976.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Jón Helgason, fundaskr.	Jón Árm. Héðinsson, með fyrirvara.
Ragnar Arnalds, með fyrirvara.	Axel Jónsson.	Jón G. Sólnes.

Sþ. 361. Nefndarálit [83. mál]

um till. til þál. um áætlanagerð í flugmálum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft tillögu þessa til athugunar. Hafa henni borist umsagnir frá samgönguráðuneytinu og flugráði, sem báðar eru jákvæðar gagnvart þeirri hugmynd að láta semja fjögurra ára framkvæmda- og fjármagnsáætlun um flugmál. Í umsögn samgönguráðuneytisins kemur fram, að það hafi skömmu eftir að þingsályktunartillaga þessi var flutt skipað 5 manna nefnd til þess að gera úttekt á íslenskum flugvalla- og flugöryggismálum í heild og að í nýjum starfsreglum flugráðs sé gert ráð fyrir, að það geri heildaráætlun um framkvæmdir flugmála til 4 ára í senn.

Með vísan til framanritaðs telur nefndin, að tilgangi tillöguflutningsins sé náð, og leggur því samhljóða til, að **tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 23. febr. 1976.

Ellert B. Schram, form.	Jón Helgason, fundaskr.	Jón Skaftason, frsm.
Jónas Árnason.	Magnús T. Ólafsson.	Ólafur G. Einarsson.

Nd. 362. Frumvarp til laga [175. mál]

um sauðfjárbaðanir.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

1. gr.

Sérhverjum þeim, er sauðfé eða geitfé hefur undir höndum, hvort heldur er eigin fé eða fóðrafé, er skylt að láta fram fara böðun á því til að útrýma kláða og öðrum óþrifum, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum. Honum er skylt að eiga, eða tryggja sér afnot af aðstöðu til böðunar, þannig að verkið geti gengið greiðlega, farið fram innanhúss og án þess að fénaður sæti óþörfu hnjaski, ennfremur að leggja til nægilegt vinnuafl til verksins og nægilegt magn þess baðlyfs, sem yfirvöld mæla fyrir um, að notað sé. Bresti á eitthvað af þessu að dómi baðstjóra, hlutast hann til um úrbætur á kostnað fjáreiganda.

2. gr.

Böðun skal fram fara annan hvorn vetur milli 1. nóv. og 31. marz, þó aldrei fyrr en lokið er haustslátrun og aldrei fyrr en fé er komið á hús, nema sérstakar aðstæður mæli með slíku að dómi eftirlitsmanns og yfirdýralæknir samþykki.

3. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðherra, að fengnum umsóknum sýslunefnda, að veita undanþágu frá böðunarskyldu um ótiltekinn tíma í tilteknum fjárskiptahólfum og öðrum einangruðum svæðum, þar sem rækilega hefur verið framfylgt lögum og reglum um böðun, enda mæli yfirdýralæknir og hlutaðeigandi héraðsdýralæknar með því, að undanþága sé veitt. Umsóknum sýslunefnda skulu fylgja vottorð héraðsráðunauta í sauðfjárrækt og gærumatsmanna og heilbrigðiseftirlitsmanna í sláturhúsum á svæðinu um, að þeir hafi ekki í starfi sínu orðið varir við kláða eða önnur óþrif í sauðfé og geitfé í hólfinu síðastliðin 3 ár eða lengur.

Verði vart óþrifa í fé á svæði, þar sem undanþágan gildir fellur hún þegar niður.

Ráðherra getur ennfremur veitt frest eða undanþágu frá böðun á einstökum búum, ef héraðsdýralæknir telur, að heilbrigði fjárins sé svo háttað, að því stafi hætta af böðun um sinn, eða böðun geti valdið útbreiðslu smitsjúkdóma.

4. gr.

Fjáreigendum og öðrum, sem við hirðingu og gæslu sauðfjár starfa, er skylt að hafa vakandi auga á því, hvort sauðfé sé haldið fjárkláða, lús eða öþrum óþrifum.

Allir þeir, sem hafa með höndum heilbrigðisskoðun á sláturhúsum, skulu fylgjast vel með því, hvort óþrif leynast á sláturfé og hvaðan slíkt fé er upprunið. Skulu þeir halda skýrslur um það efni og tilkynna hlutaðeigandi héraðsdýralækni strax að lokinni sláturtíð.

5. gr.

Ef fjárkláða verður vart eða grunur leikur á því, að kind sé kláðasjúk, skal sá, er þess verður var, tilkynna það héraðsdýralækni og hreppstjóra eða lögreglustjóra þegar í stað. Er skylt að halda rihnu sýkta eða grunaða fé í einangrun á ábyrgð og kostnað eiganda, unz dýralæknir hefur úrskurðað, hvort um fjárkláða sé að ræða. Reynist svo vera, skipar yfirdýralæknir fyrir um nauðsynlega böðun.

Verði fjárkláða eða annarra óþrifa á sauðfé og geitfé vart æ ofan í æ í einhverju fjárskiptahólfi, þrátt fyrir að böðunarskyldu skv. almennum ákvæðum laga þessara sé fullnægt, er landbúnaðarráðherra rétt að fyrirskipa, að ráði yfirdýralæknis, sérstaka útrýmingarböðun í hólfinu eða á svo stóru svæði, sem þurfa þykir. Skal þá framkvæmd ýtarleg skoðun á fénaði, gengið úr skugga um fjárheimtur og varizt samgangi fjár með sérstökum ráðstöfunum, eftir því sem þurfa þykir, og hert á allri nákvæmni í vinnubrögðum við böðun hverrar einstakrar skepnu. Yfirdýralæknir getur hlutazt til um að ráðherra skipi sérstakan framkvæmdastjóra til að stýra allri framkvæmd slíkrar útrýmingarböðunar og tekur hann laun úr ríkissjóði.

6. gr.

Héraðsdýralæknar skulu vera eftirlitsmenn með sauðfjárböðunum í þeim umdæmum, þar sem þeir eru búsettir, að svo miklu leyti, sem þeir geta annast það eftirlit að dómi landbúnaðarráðherra.

Annars staðar skipar landbúnaðarráðherra eftirlitsmenn með sauðfjárböðunum, einn í hverju sýslufélagi eða bæjarfélagi að fengnum tillögum yfirdýralæknis og sýslunefnda eða bæjarstjórna.

Eftirlitsmenn skulu sjá um skipulagningu og undirbúning sauðfjárbaðana, hver í sínu umdæmi. Þeir skulu hlutast til um, að verslanir hafi tiltæk næg baðlyf, annast skýrsluhald varðandi baðanir og setja baðstjórnum reglur um framkvæmd sauðfjárbaðana, upplýsa þá um verkanir baðlyfja og annað, er máli skiptir í því sambandi.

Þeir ákveða í samráði við sveitarstjórn og baðstjóra hvenær innan þeirra tímamarka, er kveðið er á um í 2. gr., skuli baðað í hverjum hreppi. Skylt er að skipuleggja böðun þannig í hverjum hreppi, að henni verði alls staðar lokið á sem skemmstum tíma til að forðast hugsanlegan samgang baðaðs fjár og óbaðaðs. Nú heimtist fé eftir að böðun er almennt lokið, og skal þá sá, er finnur, láta baða það þegar í stað eða einangra það öðrum kosti og tilkynna eftirlitsmanni.

Þóknun fyrir störf eftirlitsmanna greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, er sýslunefnd eða bæjarstjórn úrskurðar. Kaup baðstjóra greiðist á sama hátt úr sveitarsjóði eða bæjarsjóði.

7. gr.

Eftirlitsmenn skulu útnefna baðstjóra í samráði við hreppsnefndir. Skal einn eða fleiri baðstjórar starfa í hverjum hreppi eftir því, sem þörf krefur, svo hægt sé að framkvæma böðun í hreppnum á skömmum tíma. Í bæjum útnefna eftirlitsmenn baðstjóra í samráði við bæjarstjórnir.

Baðstjórar skulu skipuleggja sauðfjárbaðanir hver á sínu svæði, vera viðstaddir böðun, sjá um blöndun á baðlegi og hafa gát á því, að þeir, sem að böðun starfa, fylgi settum reglum og fylgjast vel með því, hvort óþrifa verði vart í fénu. Skulu baðstjórar leita fulltingis sýslumanns og hreppstjóra, vilji sauðfjáreigendur ekki fylgja settum reglum um böðun.

8. gr.

Landbúnaðarráðherra fyrirskipar, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, hvaða tegund baðlyfja skuli nota við lögboðnar sauðfjárbaðanir.

Nú fyrirskipar landbúnaðarráðherra aukaböðun vegna þess að fjárkláða hefur orðið vart, sbr. 5. gr., og greiðir þá ríkissjóður andvirði baðlyfsins, eins og það kostar á næsta verzlunarstað, en fjáreigandi eða umráðamaður annan kostnað.

9. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmda sauðfjárbaðana að fengnum tillögum yfirdýralæknis og Búnaðarfélags Íslands.

Í slíkri reglugerð er heimilt að setja ákvæði um dagsektir, ef fjáreigandi hefur eigi án lögmætra forfalla lokið böðun á fé sínu fyrir lögskilinn tíma, og skal þá baða sauðfé á kostnað eiganda þess.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum svo og reglugerðum og fyrirmælum, er sett kunna að vera samkvæmt þeim, varða sektum allt að jafnvirði 300 kg af 1. fl. dilkakjöti í næstliðinni sláturtíð, og renna þær í ríkissjóð.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru numin úr gildi lög nr. 23/1959 um sauðfjárbaðanir og lög um breytingu á lögum um sauðfjárbaðanir nr. 102/1970.

Greinargerð.

Frumvarp það, er hér liggur fyrir, er samið af milliþinganefnd Búnaðarþings vegna margra og ítrekaðra áskorana um breytingu á löggjöfinni um baðanir í þá átt að létta böðunarskylduna. Frumvarpið gerir ráð fyrir því, að þetta verði gert á þann hátt, að ráðherra verði heimilt að veita undanþágu í tilteknum hólfum, þar sem óþrif hafa ekki sézt á fé um árabil. Þetta telur búfjárræktarnefnd spor í rétta átt og leggur til, að í frumvarpinu sé bætt ákvæðum um vottorðagjafir tiltekinna obinberra og hálfopinberra starfsmanna til stuðnings umsóknum um undanþágu, en í frv. eru ákvæði óljós um rökstuðning þeirra.

Þá gerir frumvarpið ráð fyrir, að fyrirmæltar baðanir, þar sem ekki er hægt að veita undanþágu, verði árlega eða hálfu þéttar en eftir gildandi lögum. Á þetta vill búfjárræktarnefnd ekki fallast og telur, að það muni torvelda framkvæmd laganna, en lítið gagna tilgangi þeirra og leggur til, að lögskipaðar baðanir verði áfram annað hvort ár eins og nú er. Enn er í frumvarpinu gert ráð fyrir, að fé sé baðað, áður en það kemur á hús og gjöf, ef svo vill verkast. Það telur nefndin að bjóði heim hættunni á samgangi baðaðs fjár og óbaðaðs og leggur því til, að í frumvarpið komi atkvæði um, að ekki skuli baðað fyrr en fé hefur verið tekið, en með undanþáguákvæðum vegna sérstakra aðstæðna. Fellur þá um leið niður ákvæði um sérstakar smalanir til böðunar. Aðrar breytingartillögur nefndarinnar eru smávægilegri og einkum til að herað á orðalagi eða nema burt óverulega agnúa í uppsetningu frumvarpsins.

Búfjárræktarnefnd telur, að meginbreytingin, sem í frumvarpinu felst, undanþáguheimildin sbr. hér að framan, sé mikilvæg og réttlát lagabót og væntir þess jafnframt, að hún verði hin ríkasta hvatning fyrir fjáreigendur á þeim svæðum, sem ekki geta fyrst um sinn notið undanþágu frá böðunarskyldu, til þess að herða sóknina til að útrýma óþrifum af fénu. Muni þessi breyting því, ef að lögum verður, stuðla að því að þvo hvimleiðan sóðablett af fjárbúskapnum í landinu.

Sþ. 363. Fyrirspurnir. [176. mál]

I. Til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um framkvæmd ákvæðis til bráðabirgða í lögum um breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof).

Frá Stefáni Valgeirssyni.

Hvað hefur ríkisstjórnin gert til að framkvæma könnun um það á hvern hátt megi veita öllum konum í landinu fæðingarorlof, sem um ræðir í ákvæði

til bráðabirgða í lögum nr. 56/1975, um breyting á lögum nr. 57 27. apríl 1973, um atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof)?

II. Til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um bæklunarlækningadeild Landspítalans.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

Hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að bæklunarlækningadeild Landspítalans fái aukið húsrými til þess að geta án óhæfilegs dráttar gert aðgerð á þeim sjúklingum, sem til hennar leita?

Ed. 364. Frumvarp til laga [177. mál]

um námslán og námsstyrki.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

I. KAFLI
Lánasjóður íslenskra námsmanna, hlutverk hans og stjórn.

1. gr.

Meginhlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna er að veita íslenskum námsmönnum, sem hafa þá námsgráðu eða hafa að baki jafnlangt nám sem á hverjum tíma er krafist til háskólanáms hérlendis, fjárhagsaðstoð til framhaldsnáms. Enginn getur orðið námsaðstoðar aðnjótandi nema framhaldsnám sé þegar hafið.

2. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að nemendur tiltekinna skóla eða einstakir árgangar þeirra skuli njóta námsaðstoðar samkvæmt lögum þessum enda sé slíkri fjárþörf mætt með sérstakri fjárveitingu.

Lánasjóði er heimilt að veita fjárhagsaðstoð öðrum námsmönnum en þeim, sem tilgreindir eru í 1. gr. og 1. mgr. þessarar greinar, enda hafi námsmenn þessir náð a. m. k. 20 ára aldri á því almanaksári þegar lán eru veitt, stundi sérnám og geti ekki að mati sjóðsstjórnar haldið áfram námi án slíkrar fjárhagsaðstoðar. Þrátt fyrir skilyrði 1. gr. er lánasjóði heimilt að veita fjárhagsaðstoð til náms erlendis verði hliðstætt nám eigi stundað á Íslandi.

3. gr.

Stefnt skal að því að opinber aðstoð við námsmenn samkvæmt lögum þessum nægi hverjum námsmanni til að standa straum af eðlilegum náms- og framfærslukostnaði þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til tekna námsmanns og maka hans, fjölskyldustærðar, framfærslukostnaðar í því landi þar sem nám er stundað, lengdar árlengs námstíma og annarra atriða er áhrif kunna að hafa á fjárhagsstöðu námsmanns. Nánari ákvæði um úthlutun námslána og styrkja skulu sett skv. ákv. 16. gr.

4. gr.

Ráðherra skipar stjórn sjóðsins þannig:

Einn skv. tilnefningu Stúdentaráðs Háskóla Íslands, einn skv. tilnefningu annarra námsmanna hérlendis sem undir lögin falla, einn skv. tilnefningu SÍNE, einn skv. tilnefningu fjármálaráðuneytisins og tvo án tilnefningar og skal annar þeirra

vera formaður stjórnarinnar. Um tilhögun á tilnefningu fulltrúa námsmanna hérlendis skal nánar ákveðið í reglugerð.

Stjórnin skal skipuð til fjögurra ára í senn, nema fulltrúar námsmanna, sem skipaðir eru til tveggja ára.

Varamenn í stjórn sjóðsins skulu skipaðir með sama hætti og til jafnlangs tíma.

Verði atkvæði jöfn við afgreiðslu mála í stjórn sjóðsins sker atkvæði formanns úr.

Ráðherra ræður framkvæmdastjóra til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum sjóðsstjórnar. Sjóðsstjórn ræður annað starfsfólk að fenginni heimild ráðuneytisins, sbr. og ákvæði laga nr. 97/1974.

5. gr.

Hlutverk stjórnar sjóðsins er:

1. Að veita námsmönnum námslán af því fé sem sjóðurinn hefur til ráðstöfunar á hverjum tíma.
2. Að annast úthlutun námsstyrkja samkvæmt III. kafla laga þessara.
3. Að annast fjármál sjóðsins og gerð fjárhagsáætlana.
4. Að annast gagnasöfnun varðandi þörf námsmanna á opinberri aðstoð.

Útborgun lána, innheimtu vaxta og afborgana og aðra daglega afgreiðslu er stjórn sjóðsins heimilt að fela bankastofnun.

Bókhaldi skal haga skv. fyrirmælum ríkisbókhalds, sbr. lög nr. 52/1966.

Árlengur rekstrarkostnaður greiðist af fé sjóðsins.

II. KAFLI
Um námslán og námsstyrki.

6. gr.

Fyrsta námsaðstoð skal aldrei veitt fyrr en námsmaður hefur skilað vottorði um tilskilda skólasókn og námsárangur á yfirstandandi skólaári. Sjóðsstjórn er heimilt að veita námsmönnum erlendis víxillán, svo og námsmönnum hérlendis, ef sérstaklega stendur á, sbr. 4. mgr. 7. gr.

Námsmaður skal að jafnaði hafa heimild til að taka lán á hverju misseri meðan hann er við nám, þó ekki lengur en hæfilegur námstími er talinn í þeirri grein og í þeim skóla sem námið er stundað í. Þó skulu námslán (eða styrkir) ekki veitt nema framvinda náms sé með eðlilegum hætti.

Námsmenn þeir er fá lán úr sjóðnum skulu leggja fram yfirlýsingu tveggja manna um að þeir taki að sér sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu lánsins ásamt verðtryggingu þess. Stjórn sjóðsins ákveður hvaða skilyrði ábyrgðarmennirnir skuli uppfylla.

7. gr.

Lán úr sjóðnum skulu verðtryggð. Verðtrygging er miðuð við breytingar á vísitölu framfærslukostnaðar skv. ákv. laga nr. 1/1959 og nr. 70/1967 og reiknast verðtrygging frá næsta „gildistökudegi vísitölu“ eftir að hvert lán var tekið og til næsta gildistökudags áður en lán er endurgreitt. „Gildistökudagur vísitölu“ í þessu sambandi telst 1. dagur næsta mánaðar eftir þann mánuð sem útreikningur framfærsluvísitölu hverju sinni er miðaður við, sbr. nú 2. gr. laga nr. 70/1967.

Verði breyting á grundvelli vísitölu framfærslukostnaðar skal þriggja manna nefnd ákveða hvernig vísitölur skv. nýjum og breyttum grundvelli skulu tengdar eldri vísitölum. Skal nefndin þannig skipuð: Fjármálaráðuneytið tilnefnir einn nefndarmann, Hæstiréttur annan en hagstofustjóri skal vera formaður nefndarinnar.

Lán veitt gegn yfirlýsingum ábyrgðarmanna, sbr. 3. mgr. 6. gr., falla öll í gjalddaga ári eftir „námslok“, sbr. 3. mgr. 16. gr. Lánþegi á þá rétt á að greiða

skuldina, þ. e. höfuðstól og verðtryggingu, með skuldabréfi. Skuldabréf þetta skal verðtryggt á sama hátt og lán úr sjóðnum, sbr. 1. og 2. mgr. þessarar greinar. Skal það vera afborgunarlaust fyrstu tvö árin en að öðru leyti verði endurgreiðslum hagað skv. 8. og 9. gr.

Sjóðsstjórn er heimilt að veita námsmönnum námsaðstoð til bráðabirgða með víxilkaupum gegn venjulegum víxilvöxtum, sbr. 1. mgr. 6. gr., til greiðslu á tímabundnum námskostnaði enda uppfylli námsmenn almenn skilyrði til námsaðstoðar og endurgreiðist fjárhæðin með námsaðstoð sem veitt verður síðar samkvæmt almennum reglum.

8. gr.

Árleg endurgreiðsla af skuldabréfi skv. 3. mgr. 7. gr. nemi hið minnsta 50 000 kr., þó eigi hærri upphæð en nemur eftirstöðvum láns og verðtryggingar. Upphæð þessi skal breytast í réttu hlutfalli við þær breytingar er verða kunna á vísitölu framfærslukostnaðar, sbr. 1. og 2. mgr. 7. gr. Vísitala framfærslukostnaðar er nú 507 stig og miðast 50 000 kr. við þá vísitölu.

Hafi lánþegi haft hærri vergar tekjur til skatts, sbr. 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. og 9. gr. laga nr. 11/1975, næsta ár á undan afborgunarári en nemur viðmiðunartekjum þess árs, sbr. 9. gr., skal hann greiða aukaafborgun skv. 3. mgr. 9. gr. auk afborgunar skv. 1. mgr. þessarar greinar. Aukaafborgunin skal þó aldrei vera svo há að samanlögð upphæð afborgunar skv 1. mgr. og aukaafborgunar nemi meiru en 10% vergra tekna til skatts.

Við útreikning aukaafborgana skal miðað við vergar tekjur hjóna samanlagðar. Séu hjón bæði lántakar skulu þau greiða árlega endurgreiðslu skv. 1. mgr. af láni hvors um sig. Aukaafborgun skv. 2. mgr. skal að hálfu heimt til greiðslu lána hvors þeirra.

Endurgreiðslur skulu standa yfir í 20 ár hið lengsta. Eftirstöðvar lánsins eru þá ógjaldfallnar, sbr. þó ákv. 11. gr.

Ráðherra getur sett reglur er heimila stjórn Lánasjóðsins að gefa undanþágur frá endurgreiðslureglum ef sérstakar ástæður eru til. Stjórn sjóðsins er og heimilt að leyfa örari endurgreiðslur sé þess óskað.

Heimilt skal að fella niður kröfur á dánarbú látinna námsmanna samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Nú kemur í ljós að námsaðstoð hefur verið veitt á röngum forsendum vegna vísvitandi rangra upplýsinga af hálfu umsækjanda og skal aðstoðin þá endurkræf þegar í stað.

Við útgáfu skuldabréfs skv. 3. mgr. 7. gr. falla skuldbindingar ábyrgðarmanna skv. 3. mgr. 6. gr. niður enda útvegi lánþegi ábyrgðaraðila er sjóðsstjórn metur gilda fyrir hinu nýja láni og skal ábyrgð þeirra vera einföld ábyrgð.

Stjórn sjóðsins er heimilt að taka fullnægjandi veðtryggingu í stað ábyrgðaryfirlýsinga óski lánþegi þess.

9. gr.

Viðmiðunartekjur skv. 2. mgr. 8. gr. skulu fyrir einhleyping vera helmingur „grunntölu framfærslukostnaðar“. „Grunntala framfærslukostnaðar“ svarar í þessu sambandi til heildarútgjalda skv. A- og B-hlutum í grundvelli vísitölu framfærslukostnaðar í maíbyrjun árið áður en aukaafborgun skv. 2. mgr. 8. gr. skal fara fram.

Viðmiðunartekjur hjóna skulu á sama hátt nema þrem fjórðu hlutum „grunntölu framfærslukostnaðar“. Að auki skal bætt við viðmiðunartekjur lánþega einum áttunda af „grunntölu framfærslukostnaðar“ fyrir hvert barn sem hann hefur á framfæri sínu, sbr. C-lið 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975, og eigi er fullra 16 ára í byrjun þess árs er aukaafborgun skal fara fram.

Ráðherra skal ákveða með reglugerð hvaða hlutfall af vergum tekjum til skatts umfram viðmiðunartekjur lánþegi skuli greiða sem aukaafborgun enda sé gætt þess

hámarks er getur í niðurlagi 2. mgr. 8. gr. Er ráðherra heimilt að ákveða að þetta hlutfall fari stighækkandi í hlutfalli við hækkandi vergar tekjur til skatts umfram viðmiðunartekjur.

Hverri fastri árlegri afborgun skv. 1. mgr. 8. gr. skal skipt á höfuðstól og verðbætur þannig að upp í höfuðstól skal talin greidd jafnhá fjárhæð og nam fastri árlegri afborgun skv. 1. mgr. 8. gr. þegar skuldabréf skv. 3. mgr. 7. gr. var útgefið, en afgangur hinnar föstu árlegu afborgunar (þ. e. sú hækkun sem á þeirri fjárhæð hefur orðið frá útgáfu skuldabréfs til greiðsludags) skal talin greiðsla á verðbótum. Hverri aukaafborgun skv. 2. mgr. 8. gr., sbr. 3. mgr. 9. gr., skal skipt í sama hlutfalli milli höfuðstóls og verðbóta og fastri árlegri afborgun hefði verið skipt á þeim tíma sem aukaafborgunin er innt af hendi.

10. gr.

Verði á endurgreiðslutíma námslána breytingar á skattalögum þannig að veruleg breyting verði á því er telst vergar tekjur til skatts frá því sem er við gildistöku laga þessara skulu aukaafborganir skv. lögum þessum reiknaðar af stofni sem nefnd þriggja manna ákveður. Skal nefndin þannig skipuð að menntamálaráðherra tilnefnir einn nefndarmann, fjármálaráðherra annan en ríkisskattstjóri skal vera formaður nefndarinnar. Skal nefndin leitast við að setja reglur um útreikning aukaafborgunarstofns sem geri afborganir hvers gjaldanda sem líkastar því og orðið hefði að óbreyttum skattalögum.

Séu skattþegni áætlaðar tekjur til skatts skulu vergar tekjur til skatts í þessu sambandi teljast þær sömu og áætlaðar skattgjaldstekjur. Komi í ljós innan þeirra tímamarka er getur í 1. mgr. 38. gr. laga nr. 68/1971 að vergar tekjur til skatts hafi verið ofáætlaðar eða oftaldar og lánþegi því greitt of háa afborgun skal honum endurgreidd hin ofgreidda fjárhæð með þeim vöxtum sem á hverjum tíma eru reiknaðir af venjulegum sparisjóðsinnstæðum.

Sé lánþegi á endurgreiðslutímanum ekki skattskyldur á Íslandi af öllum tekjum sínum og eignum skal honum gefinn kostur á að telja fram tekjur sínar til Lánasjóðs íslenskra námsmanna og greiða afborganir í samræmi við það. Geri hann það ekki eða telja verði framtal hans ósennilegt og eigi er unnt að sannreyna tekjur hans samkvæmt því skal stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna áætla honum ríflegar vergar tekjur til útreiknings afborgana. Komi í ljós að þessi áætlun sé röng eiga ákvæði 2. mgr. þessarar greinar eða 11. gr. við.

11. gr.

Verði veruleg vanskil á endurgreiðslu námslána skal stjórn sjóðsins heimilt að fella allt lánið í gjalddaga. Sömu heimild hefur sjóðsstjórn ef í ljós kemur að aukaafborganir skv. 8. gr. hafa verið verulega lægri en vera bar vegna þess að lánþegi hefur vantalið vergar tekjur til skatts á framtali sínu. Sú hækkun sem verður á aukaafborgun vegna endurskattlagningar lánþega skal gjaldkræf þegar í stað og skulu reiknaðir af henni hæstu lögleyfðir dráttarvextir frá gjalddaga þeirrar aukaafborgunar sem hækkuð er. Ákvæði 4. mgr. 8. gr. eiga ekki við um þessa hækkun.

12. gr.

Fé því sem veitt er á fjárlögum til námsstyrkja skal m. a. varið til þess að vega upp á móti kostnaðarauka hjá þeim námsmönnum sem fara utan til náms og skulu þeir að jafnaði ganga fyrir er stunda nám er eigi verður stundað hérlendis.

Sé námsmanni vegna örorku sinnar, framfærslu barna sinna eða maka eða af öðrum ástæðum að dómi sjóðsstjórnar illmögulegt að stunda nám sitt að fullnýttri lánaheimild má veita honum styrk úr sjóðnum enda verði höfð hliðsjón af þeim bótum sem hann fær skv. gildandi tryggingalöggjöf.

13. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að námsmenn frá Norðurlöndum sem eru heimilisfastir á Íslandi og stunda nám hérlendis skuli eiga rétt til námsaðstoðar samkvæmt lögum þessum með sama hætti og íslenskir námsmenn enda njóti þeir ekki aðstoðar frá heimalandi sínu. Einnig er heimilt að láta ákvæði þessarar greinar taka til einstakra annarra erlendra námsmanna sem eins er háttað um.

14. gr.

Umsækjendur um lán og styrki skulu láta fylgja umsókn sinni allar þær upplýsingar sem sjóðsstjórn telur máli skipta við ákvörðun námsaðstoðar.

Innlendum námsstofnunum, sem lög þessi taka til, er skylt að láta Lánasjóði íslenskra námsmanna í té nauðsynlega aðstoð við framkvæmd laganna, þar á meðal upplýsingar um framvindu náms umsækjanda.

Skattstjórum er skylt að láta Lánasjóði í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laga þessara.

Með einstaklingsbundnar upplýsingar, sem Lánasjóði eru látnar í té samkvæmt þessari grein, skal farið sem trúnaðarmál.

III. KAFLI

Um ráðstöfunarfé Lánasjóðs íslenskra námsmanna o. fl.

15. gr.

Ráðstöfunarfé Lánasjóðs íslenskra námsmanna er:

1. Endurgreiðslur samkvæmt lögum þessum og vextir og afborganir af eldri námslánum.
2. Ríkisframlag.
3. Lánsfé.

Stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna skal árlega gera fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn á næsta almanaksári með sama hætti og aðrar ríkisstofnanir.

Ársreikningar sjóðsins skulu samþykktir af sjóðsstjórn og endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni. Þeir skulu birtir í Stjórnartíðindum.

16. gr.

Ráðherra setur með reglugerð frekari ákvæði um framkvæmd þessara laga, m. a. að því er varðar meginreglur um rétt til námsaðstoðar, ákvörðunaratriði varðandi fjárhæð hennar, ákvæði um útborgun lána með jöfnum mánaðarlegum greiðslum o. s. frv.

Heimilt er ráðherra að ákveða í reglugerð að námsmenn utan Háskóla Íslands skuli greiða hagsmunasamtökum sínum hlíðstætt gjald og Stúdentaráð Háskóla Íslands fær til sinna nota af „innritunargjaldi“. Á sama hátt getur ráðherra ákveðið að Lánasjóður innheimti gjald þetta þegar útborgun námsaðstoðar fer fram.

Sjóðsstjórn setur reglur um smærri atriði úthlutunar, þ. á m. hvað teljist „námslok“, sbr. 3. mgr. 7. gr., og skulu úthlutunarreglur sjóðsins árlega gefnar út í heild, samþykktar af ráðherra. Sjóðsstjórn setur og reglur um hvenær lánþegi skuli í síðasta lagi eiga þess kost að greiða gjaldfallið lán skv. 3. mgr. 7. gr. með skuldabréfi.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla samtímis úr gildi lög nr. 7/1967 um námslán og námsstyrki ásamt lögum nr. 39/1972 um breyting á þeim lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög um námslán og námsstyrki voru sett 31. mars 1967. Þeim hefur tvívegis verið breytt síðan.

Haustið 1972 setti þáverandi menntamálaráðherra nefnd til að endurskoða þessa löggjöf. Nefndin skilaði frumvarpi sem var lagt fram á 94. löggjafarþingi 1973 en varð eigi útrætt.

Lögin voru á ný tekin til endurskoðunar haustið 1974 og 30. júlí 1975 voru eftirtaldir menn skipaðir í nefnd til að ljúka því verki: Ellert B. Schram, alþingismaður, Finnur Birgisson, arkitekt, Gunnar Vagnsson, formaður stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna, Halldór Ásgrímsson, alþingismaður, Höskuldur Ásgeirsson, nemandi í framhaldsdeild Fiskvinnsluskólans, Örn Marinósson, deildarstjóri í fjárlaga- og hagsýslustofnun og Torfi Ásgeirsson, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu, sem skipaður var formaður nefndarinnar. Í skipunarbréfi var tekið fram að nefndarstörfum skyldi hagað þannig að unnt yrði að leggja fram og afgreiða ný lög fyrir Lánasjóðinn hið allra fyrsta.

Nefndin kannaði málið frá ýmsum hliðum og lagði fram útreikninga, tillögur og skýringar. Er þetta frumvarp byggt á undirbúningsstarfi nefndarinnar í veigamiklum atriðum.

Meginbreytingin frá gildandi lögum er tvíþætt: Námslán skulu nú verðtryggð og endurgreiðsla þeirra í meginatriðum miðuð við tekjur lánþega að námi loknu. Aðrar breytingar eru minni háttar en skipta þó verulegu máli.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Mjög örar breytingar eiga sér nú stað í menntunarkerfi landsins. Þykir því ekki rétt að tilnefna hér ákveðnar stofnanir er veiti rétt til lánshæfs náms svo sem t. d. var gert með lögum nr. 39/1972 um breytingu á lögum um Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Í þess stað fær ráðherra heimild til þess að ákveða með reglugerð að nemendur tiltekinna skóla eða einstakir (efri) árgangar þeirra skóla geti fengið námsaðstoð, bæði lán og styrki. Gengið er út frá því að nemendur þeirra skóla er svonefnd K-lán fengu á árinu 1975 njóti áfram námsaðstoðar skv. lögum þessum.

Um 3. gr.

Grein þessi er að mestu efni til samhljóða 2. gr. gildandi laga.

Um 4. gr.

Lagt er til að stjórnarmenn verði sex eins og skv. núgildandi lögum. Með hliðsjón af því að nemendur annarra skóla en Háskóla Íslands hafa í sívaxandi mæli notið aðstoðar úr sjóðnum þykir rétt að leggja til að þessir nemendur tilnefni einn mann í sjóðsstjórn í stað þess er tilnefndur var af háskólaráði.

Um 5. gr.

Efnislega óbreytt nema næstsíðasta mgr. „Stjórn sjóðsins ...“ fellur niður, sbr. 5. mgr. 4. gr.

Um 6. til 11. gr.

Hér er lagt til að gerð verði róttæk breyting á núgildandi endurgreiðslukjörum lánasjóðsins. Sú mikla verðbólga sem ríkt hefur hér á landi hin síðari ár hefur í raun leitt til þess að núverandi námslán hafa aðeins að litlu leyti komið til endurgreiðslu á raunvirði. Hafa þau nánast komið lánþegum að sama gagni og styrkir. Með þessum greinum er ætlunin að snúa af þessari braut og tryggja það í senn að

lánasjóðurinn fái umtalsverðan hluta námslána endurgreiddan á raunvirði og að engum lánþega verði ofþyngt með endurgreiðslum. Í því skyni eru afborganir miðaðar við fasta tiltölulega lága fjárhæð árlega annars vegar en hins vegar við aukaafborganir sem einungis koma til greina ef tekjur lánþega eru ofan við það sem ætla má að sé meðaltals framfærslukostnaður og fari þær stighækkandi við vaxandi tekjur lánþega. Hugtakið „grunntala framfærslukostnaðar" er notað í frumvarpinu um þennan meðaltals framfærslukostnað og var hann í maí 1975 1 146 547 kr. fyrir vísitölufjölskyldu. Lánþegi í hjúskap með tvö börn hefði því enga aukaafborgun þurft að greiða í ár vegna tekna sinna 1975 hefðu þær verið jafnar eða lægri en þessi upphæð. Lágmarksfjárhæðin er verðtryggð. Menntamálaráðherra er veitt heimild til að ákveða nánar með reglugerð útreikningsreglur aukaafborgana en þó er sett það hámark að þær megi aldrei valda því að heildarafborganir fari yfir 10% af vergum tekjum lánþega til skatts. Lánin eru vaxtalaus en vísitölutryggð. Engar afborganir skulu vera af lánunum fyrstu þrjú árin eftir námslok en endurgreiðslutími þeirra skal vera allt að 20 árum eftir að afborganir hefjast. Þá er gert ráð fyrir heimild til veitingar bráðabirgðalána með víxilkaupum og mun þessi háttur t. d. nauðsynlegur er námsmönnum erlendis er veitt lán í fyrsta skipti.

Um 12. gr.

Fyrri mgr. er því nær óbreytt frá gildandi lögum.

Í 2. mgr. er sjóðsstjórninni veitt heimild til styrkveitinga í sérstökum tilvikum, sbr. það sem sagt er um sama mál í greinargerð við 5. gr.

Um 13. gr.

Greinin er að meginstefnu óbreytt frá gildandi lögum.

Um 14. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Grein þessi er að mestu leyti óbreytt frá gildandi lögum.

Um 16. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að menntamálaráðherra setji í reglugerð frekari ákvæði um framkvæmd laganna og drepið á fáein meginatriði sem þar þurfi m. a. að mæla fyrir um. Að ýmsum fleiri atriðum þarf að víkja í reglugerð.

Í 2. mgr. er það nýmæli að ráðherra getur ákveðið í reglugerð að námsmenn utan Háskóla Íslands skuli greiða hagsmunasamtökum sínum félagsgjald og megi halda gjaldi þessu eftir að lánum þeim og styrkjum sem greiddir eru úr Lánasjóðnum. Stúdentaráð Háskóla Íslands fær nú svipuð gjöld greidd sem hluta af innritunargjöldum.

3. mgr. er nýmæli. Hún gerir ráð fyrir að til viðbótar reglugerð komi reglur um smærri atriði úthlutunar, settar af sjóðsstjórn. Þá er og kveðið á um að úthlutunarreglur sjóðsins í heild skuli gefnar út árlega svipað og verið hefur í framkvæmd.

Um 17. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Nd. 365. Nefndarálit [28. mál]

um frv. til laga um kafarastörf.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og leitað umsagna Félags íslenskra kafara, öryggismálastjóra og Siglingamálastofnunar ríkisins.

Ljóst er að köfunarstörf eru áhættusöm og krefjast fyllsta öryggiseftirlits. Lagasetning á að tryggja að þeir einir geti stundað köfun í atvinnuskyni, sem staðist hafa kafarapróf og uppfylla önnur skilyrði. Reglur verða þá jafnframt settar um útbúnað tækja, eftirlit og ábyrgð.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með tveim breytingum sem fram koma á öðru þingskjali.

Alþingi, 17. febr. 1976.

Ellert B. Schram, form., frsm.	Gunnlaugur Sigurðsson, fundaskr.	Páll Pétursson.
Ingólfur Jónsson.	Svava Jakobsdóttir.	Friðjón Þórðarson.
	Sighv. Björgvinsson.	

Nd. 366. Breytingartillögur [28. mál]

um frv. til laga um kafarastörf.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 3. gr. a-liður orðist svo:
   a) vera fullra 20 ára.
2. 6. gr. orðist svo:
   Kafaraskírteini skv. 5. gr. skal endurnýja á fimm ára fresti og skal með umsókn um endurnýjun leggja fram fullnægjandi læknisvottorð.
   Nú er heilbrigðisvottorð ekki fullnægjandi að mati Siglingamálastofnunar ríkisins, sbr. 5. gr., og skal þá ekki gefa út nýtt skírteini. Rísi ágreiningur um þetta atriði skal málinu vísað til ráðherra, sem gefur úrskurð eftir að hafa aflað sér umsagnar landlæknis. Eftir að handhafi skírteinis hefur náð 60 ára aldri skal endurnýjun gerð árlega.

Sþ. 367. Tillaga til þingsályktunar [178. mál]

um nefnd til að endurskoða lög um veitingu prestakalla.

Flm.: Ingiberg J. Hannesson, Gunnlaugur Finnsson, Ingvar Gíslason, Gylfi Þ. Gíslason, Stefán Jónsson, Magnús T. Ólafsson, Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd 7 þingmanna, er hafi það verkefni að endurskoða lög um veitingu prestakalla, nr. 32 frá 3. nóv. 1915.

Nefndin skal ljúka störfum fyrir 1. okt. 1976.

Kostnaður vegna nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Frumvarp til laga um veitingu prestakalla var flutt á Alþingi 1972—1973 og endurflutt á þinginu 1973—1974. Frumvörpin voru flutt af menntamálanefnd Ed. að beiðni kirkjumálaráðherra. Í hið fyrra sinn var frv. sent víða til umsagnar, en fékk ekki frekari afgreiðslu. Í síðara skiptið þótti menntamálanefnd Ed. þó eigi nóg að gert og lagði til að því yrði vísað til ríkisstjórnarinnar. Frumvörp um sama efni voru flutt tvívegis á árunum 1962—1964, en urðu í hvorugt skiptið útrædd.

Lög um veitingu prestakalla eru orðin 60 ára gömul. Þeirri skoðun hefur stöðugt vaxið fylgi meðal leikra manna sem lærðra, að tímabært sé að endurskoða þau miðað við breyttar þjóðfélagsaðstæður.

Kirkjuþing hefur a. m. k. fjórum sinnum mælt með slíkri breytingu og síðast samhljóða árið 1974. Prestastefna Íslands hefur á sama hátt ítrekað mælt með breytingu. Nokkuð einróma álit barst og frá öllum héraðsfundum prófastsdæmanna í landinu.

Alþingi getur því ekki lengur að mati flutningsmanna skotið sér undan því að taka málið til alvarlegrar athugunar og afgreiðslu.

Með tilliti til þeirrar afgreiðslu, sem málið fékk á Alþingi 1973—1974, þykir rétt að nefnd alþingismanna endurskoði áðurnefnd lög og skili áliti fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Sþ. 368. Tillaga til þingsályktunar [179. mál]

um varnir gegn heilsutjóni og heyrnarskemmdum af völdum hávaða í samkomuhúsum.

Flm.: Þórarinn Sigurjónsson, Oddur Ólafsson, Geir Gunnarsson, Jón Árm. Héðinsson, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka, hvort heilsutjón og heyrnarskemmdir geti orsakast af hávaða frá hljóðfærum danshljómsveita á skemmtistöðum. Komi í ljós við slíka rannsókn, að þessi hávaði sé heilsuspillandi, skal ríkisstjórnin leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um varnir gegn hávaðamengun á skemmtistöðum.

Greinargerð.

Þessi þingsályktunartillaga var flutt á 94. löggjafarþingi, en ekki vannst tími til að afgreiða hana þá. Er hún því endurflutt nú, þar sem engar takmarkanir á hávaða hljóðfæra og hljómburðartækja á skemmtistöðum hafa enn verið settar.

Það er kunnugt, að mikill hávaði er talin vera heilsuspillandi og geta orsakað heyrnarskemmdir. Af þeim sökum munu víða gilda ákveðnar reglur um varnir gegn miklum hávaða á vinnustöðum.

Á síðustu árum hefur gætt aukins hávaða í samkomuhúsum, þar sem hljómsveitir leika fyrir dansi. Er það álit að minnsta kosti sumra löggæslumanna, sem alllanga reynslu hafa af eftirliti á danssamkomum, að hávaðinn frá hljóðfærum þeim, sem þar eru notuð og tengd eru við magnara til að auka hljómstyrkinn, auki greinilega á hegðun margra samkomugesta til hins verra og að auki hljóti slíkur hávaði að vera stórhættulegur fyrir heyrn manna.

Fyrir nokkrum árum lét lögreglan í Árnessýslu mæla tónhæðina í nokkrum samkomuhúsum þar, og reyndist hún vera fyrir ofan þau mörk, sem hættulaus geta talist.

Félag áfengisvarnanefnda í Árnessýslu hefur fyrir allmörgum árum tekið þetta mál til umræðu og gerði eftirfarandi ályktun um það:

„Aðalfundur Félags áfengisvarnanefnda í Árnessýslu, haldinn á Selfossi 16. desember 1973, leggur að marggefnu tilefni áherslu á hættu, er fólki, sem sækir opin-

berar samkomur, er búin af þeim gegndarlausa hávaða, sem ýmsar danshljómsveitir temja sér. Því beinir fundurinn þeirri áskorun til stjórnvalda, að þau hlutist til um, að hið fyrsta verði sett lög, sem tryggi, að fólk bíði ekki heilsutjón af völdum hávaðamengunar í samkomuhúsum.“

Ed. 369. Breytingartillaga [132. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 5. maí 1970, um dýralækna.

Frá Jóni Helgasyni og Steinþóri Gestssyni.

1. Á eftir 2. gr. komi tvær nýjar greinar, sem orðist svo:
   a. (3. gr.) Aftan við 20. lið 2. gr., sem verður 21. liður, bætist: Þó er bændum í Vestur-Eyjafjallahreppi vestan Seljalandsmúla heimilt að vitja dýralæknis í Hvolsumdæmi, kjósi þeir það heldur.
   b. (4. gr.) Í stað 21. töluliðar komi tveir töluliðir, sem orðist svo:
      22. Hvolsumdæmi: Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur, Hvolshreppur og Rangárvallahreppur, austan Eystri-Rangár.
      23. Helluumdæmi: Rangárvallahreppur vestan Eystri-Rangár, Djúpárhreppur, Ásahreppur, Holtahreppur og Landmannahreppur.
2. Á eftir 3. gr. (sem verður 5. gr.) komi ný grein, sem orðist svo:
   Þegar lög þessi hafa öðlast gildi, skal fella meginmál þeirra og meginmál laga nr. 38 24. maí 1972, laga nr. 43 7. maí 1974, laga nr. 34 23. maí 1975 og laga nr. 35 23. maí 1975 inn í lög nr. 31 5. maí 1970 og gefa þau út svo breytt.

Nd. 370. Nefndarálit [43. mál]

um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, en hlaut ekki afgreiðslu. Það hefur nú verið flutt óbreytt, en aðalefni þess er að lögfesta heimild til notkunar segulbanda við skráningu á því, sem fram fer við þinghald í einkamálum.

Rök fyrir því að heimila hljóðritanir á dómþingum eru þau, að með notkun segulbanda sparast tími dómara, aðila og lögmanna, svo og vitna og annarra, sem skýrslur gefa.

Seinagangur við meðferð mála veldur óþægindum og jafnvel tjóni og dregur úr tiltrú almennings á réttarfarinu. Reynslan frá öðrum löndum bendir ekki til þess að notkun segulbanda dragi úr öryggi við meðferð mála.

Nefndin er því sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með þessari

BREYTINGU:

Á eftir 4. gr. kemur ný grein svo hljóðandi:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 24. febr. 1976.

Ellert B. Schram, form., frsm.	Gunnlaugur Finnsson, fundaskr.	Sighvatur Björgvinsson.
Svava Jakobsdóttir.	Páll Pétursson.	Friðjón Þórðarson.
	Ingólfur Jónsson.	

Ed. 371. Nefndarálit [118. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur fjallað um frumvarpið.
Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 2. gr., a-lið. Í stað „kr. 8 200“ komi: kr. 9 500.

Ragnar Arnalds skilar séráliti, en fjarverandi afgreiðslu málsins var Jón Árm. Héðinsson.

Alþingi, 25. febr. 1976.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Jón Helgason, fundaskr. Jón G. Sólnes.
Axel Jónsson. Albert Guðmundsson.

Ed. 372. Nefndarálit [118. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Lög þessi voru upphaflega sett til að draga úr áhrifum hinnar miklu olíuverðhækkana, og í þessu skyni var söluskattur hækkaður um 1% án þess að sú hækkun hefði áhrif á kaupgreiðsluvísitölu. Nú er um það að ræða að framlengja þessi lög í annað sinn og virðist það eðlilegt og óhjákvæmilegt.

Þegar lögin voru framlengd fyrir einu ári, kom fram sú tilhneiging hjá ríkisstjórninni að taka hluta af þessu fjármagni til annarra þarfa og hækkaði styrkurinn mjög lítið, þrátt fyrir miklar verðhækkanir, þar eð rúmlega 300 millj. kr. voru lagðar í Orkusjóð.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, var ráð fyrir því gert, að olíustyrkurinn hækkaði alls ekki, enda þótt olía til húsahitunar hafi hækkað um 25% og söluskattsstigið gefi talsvert hærri fjárhæð en áður. Meiri hluti fjárhags- og viðskiptanefndar hefur hins vegar fallist á, að frumvarpinu verði breytt, þannig að styrkurinn hækki úr 8 200 kr. á einstakling í 9 500 kr., en sú hækkun er þó algerlega ófullnægjandi og í engu samræmi við hækkun olíuverðs. Ég ber því fram þá tillögu, að olíustyrkurinn hækki í 13 500 kr.

Ljóst er, að hin gífurlega hækkun á olíuverði, sem átt hefur sér stað á seinustu árum, er sérstaklega þungbær fyrir tekjulítið fólk og þá einkum fyrir aldraða og öryrkja, sem oft hafa fámenna fjölskyldu og fá því tiltölulega lítinn olíustyrk. Lífeyrisþegar, sem njóta tekjutryggingar samkv. 19. gr. laga um almannatryggingar, fá nú einn og hálfan styrk einstaklings, en ekki veitir af að greiðslur til þeirra nemi tvöföldum styrk einstaklings.

Að þessu athuguðu mæli ég með samþykkt frumvarpsins með svofelldri

BREYTINGU:

Við a-lið 2. gr.

a. Í stað „8 200“ komi: 13 500.
b. Setningin „Þó skulu lífeyrisþegar .... fá greiddan styrk, sem nemur 1½ styrk einstaklings“ verði: Þó skulu lífeyrisþegar .... fá greiddan styrk, sem nemur tvöföldum styrk einstaklings.

Alþingi, 25. febr. 1976.

Ragnar Arnalds.

Ed. 373. Frumvarp til laga [180. mál]

um breyting á lögum nr. 74 21. ágúst 1974 um meðferð opinberra mála.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Í stað „kr. 10 000.00“ í 2. málsgr. 112. gr. komi: kr. 60 000.00.
Í stað „kr. 3 000.00“ í 3. málsgr. 112. gr. komi: kr. 7 000.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt gildandi lögum er sektaheimild lögreglustjóra bundin við 10 000 krónur og sektaheimild lögreglumanna bundin við 3 000 krónur. Fjárhæðir þessar hafa staðið óbreyttar frá árinu 1973, sbr. 13. gr. laga nr. 23 17. apríl 1973. Vegna verðlagsbreytinga er lagt til að sektamörk þessi verði hækkuð, en sektagerðir með þessum hætti hafa gefið góða raun og létt verulega álagi af dómstólum. Er því nauðsynlegt að sektaheimildir þessar fylgi verðlagsþróun. Er lagt til, að sektaheimild lögreglustjóra hækki tiltölulega meir en sektaheimild lögreglumanna, þannig að hún geti náð til fleiri brota en nú er, og eru þá einkum höfð í huga brot á umferðarlögum, t. d. brot vegna ákvæða um hámarksþunga ökutækja, sem æskilegt er að unnt verði að afgreiða með sektargerð frekar en nú er.

Ed. 374. Frumvarp til laga [118. mál]

um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed., 25. febr.)

2. gr. hljóðar svo:
Samhljóða þskj. 172 með þessari breytingu:
Tekjum af gjaldi því, sem um ræðir í 1. gr., skal varið:

a) Til að styrkja þá aðila, sem nota olíu til hitunar íbúða sinna, og greiðist á hvern íbúa, sem býr við olíuupphitun, kr. 9 500 á því tímabili, sem um ræðir í 1. gr. Þó skulu lífeyrisþegar, sem njóta bóta samkv. 19. gr. laga um almannatryggingar, og aðrir lífeyrisþegar, sem hafa svipaðar heildartekjur, fá greiddan styrk, sem nemur 1½ styrk einstaklings. Olíustyrkur greiðist hverjum framteljanda til skatts og einnig vegna maka og barna, sem eru á framfæri hans og

eigi eru sjálfstæðir framteljendur. Skal hann ekki talinn til tekna við álagningu tekjuskatts og útsvars. Styrkur þessi skal ekki greiddur til þeirra, sem eiga kost á að tengja íbúðir sínar við hitaveitu á þeim ársfjórðungi, sem styrkur gildir fyrir.

b) Til að styrkja rafveitur að því marki, sem þær nota olíu sem orkugjafa til framleiðslu rafmagns til hitunar íbúða á sölusvæði sínu, þannig að upphitun með rafmagni verði ekki að jafnaði óhagkvæmari en olíukynding.

c) Til Orkusjóðs til að hraða hitaveitu- og raforkuframkvæmdum vegna hitunar íbúða, að því leyti sem tekjunum er ekki ráðstafað samkv. a- og b-lið þessarar greinar.

Nd. 375. Frumvarp til laga [181. mál]

um breyting álögum nr. 7 31. mars 1967, um námslán og námsstyrki, sbr. lög nr. 39 24. maí 1972, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði, er verði ákvæði til bráðabirgða og orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Á vormissiri 1976 skal þrátt fyrir ákvæði 5. gr. laga þessara veita námslán á þann hátt, að lánasjóðurinn kaupi skuldabréf af lánþegum gegn almennum útlánsvöxtum viðskiptabankanna. Skulu tveir menn auk lánþega taka að sér sjálfskuldarábyrgð á greiðslu skuldabréfa þessara. Skal gjalddagi bréfa þessara vera 1. júní n. k. en eindagi 1. september n. k. Eftir gjalddaga bréfanna en fyrir eindaga þeirra gefst lánþegum kostur á því að greiða bréfin með því að gangast undir skuldbindingu um að endurgreiða höfuðstól bréfanna auk áfallinna vaxta í samræmi við þau ákvæði sem á þeim tíma verða í gildi um endurgreiðslu námslána skv. lögum um námslán og námsstyrki.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Óhjákvæmilegt er að úthluta námslánum nú þegar. Vart kemur til greina að veita lengur óverðtryggð lán. Því er lagt til að gera þá breytingu á lögum um námslán og námsstyrki sem felst í þessu frumvarpi.

Ed. 376. Frumvarp til laga [182. mál]

um saltverksmiðju á Reykjanesi.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags, er hafi það markmið að kanna aðstæður til að reisa og reka saltverksmiðju á Reykjanesi og annast undirbúning þess, að slíku fyrirtæki verði komið á fót.

Með saltverksmiðju er í lögum þessum átt við iðjuver til vinnslu á salti (natríumklóríði) fyrir innlendan og erlendan markað, og hagnýtingar á efnum, sem til falla við þá vinnslu.

2. gr.

Til samvinnu um stofnun eða starfrækslu hlutafélags samkvæmt 1. gr. skal ríkisstjórninni heimilt að kveðja innlenda aðila, sem áhuga hafa á málinu.

3. gr.

Hlutafélaginu skal heimilt að framkvæma eða láta framkvæma hvers konar athuganir og aðgerðir til undirbúnings að byggingu og rekstri saltverksmiðju. Skal að því stefnt, eftir því sem fært þykir, að unnt verði að framselja árangurinn af starfsemi félagsins í hendur aðila eða aðilum, sem takist á hendur að fullbyggja verksmiðjuna og annast rekstur hennar til frambúðar. Ber jafnframt að stefna að því, að hlutafélagið fái tilkostnað sinn að fullu endurgoldinn frá þeim, er við starfseminni tekur með hlut í vinnslufyrirtækinu eða á annan hátt.

Slíta skal hlutafélaginu, þegar hlutverki þess samkvæmt 1. gr. er lokið, nema Alþingi heimili framhald á starfsemi þess í öðrum tilgangi.

Óheimilt skal að framselja árangurinn af starfsemi hlutafélagsins til annarra en íslenskra aðila nema samþykki Alþingis komi til.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, í þeim tilgangi, sem um ræðir hér að framan:

1. Að leggja fram í reiðufé allt að 60 milljónum króna, sem hlutafé í félagi samkvæmt 1. gr. eða til greiðslu á kostnaði þess, af fé ríkissjóðs eða af lánsfé, sem henni skal heimilt að afla ríkissjóði í því skyni.
2. Að leggja fram til félagsins mannvirki og undirbúningsrannsóknir, sem að hefur verið unnið á kostnað ríkissjóðs, þegar félagið tekur til starfa. Verði hvort tveggja metið við kostnaðarverði og teljist til hlutafjárframlags ríkissjóðs.
3. Að veita ríkisábyrgð fyrir láni eða lánum, er hlutafélagið tekur til starfsemi sinnar, að fjárhæð samtals allt að 100 milljónum króna eða jafnvirði þeirra í erlendri mynt, eða taka lán innan sömu marka og endurlána félaginu í sama tilgangi.
4. Að veita félaginu heimildir til hagnýtingar á jarðhitaréttindum og vinnsluréttindum á Reykjanesi í eigu ríkisins í þágu athugana og aðgerða samkvæmt 3. gr., þar á meðal starfrækslu á tilraunverksmiðju, með eða án sérstaks endurgjalds.
5. Að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af byggingarefni, búnaði og vélum, sem félagið flytur inn til framkvæmda samkvæmt 3. gr.

5. gr.

Ríkissjóður og þeir aðilar, sem kvaddir eru til samstarfs samkvæmt 2. gr., skulu vera fullgildir stofnendur hlutafélagsins, án tillits til ákvæðis 3. málsliðar 2. málsgreinar, 4. gr. laga nr. 77/1921 um hlutafélög. Tala stofnenda skal óháð ákvæðum 1. málsliðar sömu málsgreinar. Rétt er að skrásetja félagið þegar er það hefur verið stofnað, án tillits til þess, hvernig þá stendur á um innborgun lofaðs hlutafjár.

Tala hluthafa í félaginu skal óháð takmörkunum í almennum hlutafélögum, svo og réttur hluthafa til að neyta atkvæðisréttar fyrir allt atkvæðisbært hlutafé sitt.

Hlutabréf í félaginu skulu hljóða á nafn. Hlutabréfin skulu undanþegin stimpilgjöldum.

6. gr.

Fulltrúa ríkissjóðs á aðalfundi og öðrum hluthafafundum í hlutafélagi samkvæmt 1. gr. skipa iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra að jöfnu.

Fulltrúar í stjórn hlutafélags samkvæmt 1. gr. skulu skipaðir eða kjörnir á aðalfundi til árs í senn, svo og varamenn þeirra. Iðnaðarráðherra skipar formann stjórnar.

Stjórnarmenn þurfa ekki að eiga sjálfir hlut í félaginu.

7. gr.

Hlutafélaginu ber að gera varúðarráðstafanir, sem við verður komið, til að varna tjóni á umhverfinu við framkvæmdir á þess vegum og skal starfsgrundvöllur saltverksmiðjunnar á Reykjanesi miðaður við, að fyrirtækið fullnægi einnig því skilyrði.

Framkvæmdir undirbúningsfélagsins og hönnun saltverksmiðjunnar, bygging og rekstur skulu vera í samræmi við núgildandi og síðari lög og reglugerðir hér á landi varðandi mengunarvarnir og öryggi, heilbrigði og hreinlæti á vinnustað og staðla þá, sem settir eru samkvæmt þeim.

8. gr.

Iðnaðarráðherra fer með mál, er varða eignarhlutdeild ríkisins í hlutafélagi samkvæmt 1. gr. og aðild að starfsemi þess, sbr. þó 6. gr.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi því, sem hér er lagt fram, er verið að hrinda af stað lokaáfanga undirbúnings að sjóefnavinnslu á Reykjanesi.

Undirbúningsrannsóknir vegna þessa máls hafa staðið yfir nokkuð samfellt frá árinu 1966, þegar Rannsóknaráð ríkisins ákvað að beita sér fyrir athugunum á þessu máli. Áður höfðu þó nokkrar byrjunarathuganir á saltvinnslu verið gerðar á vegum Raforkumálaskrifstofunnar (nú Orkustofnun), en aðallega í sambandi við önnur jarðhitasvæði en Reykjanes.

Fyrsta athugunin, sem Rannsóknaráð ríkisins lét gera var almennt yfirlit um möguleika til framleiðslu salts og annarra efna úr jarðhitaleginum á Reykjanesi og úr sjó og skeljasandi. Á þeim grundvelli voru lagðar fram tillögur um nánari rannsóknir á einstökum þáttum. Á árinu 1968 hófust boranir og jarðfræðilegar rannsóknir á Reykjanesi, sem stóðu yfir allt fram á árið 1970, að boruð var um 1800 metra djúp hola, sem gaf svo góðan árangur, að hinar jarðfræðilegu forsendur saltverksmiðjunnar eru nú taldar traustar.

Jafnframt þessum jarðfræðilegu athugunum hafa verið gerðar tæknilegar tilraunir og áætlanir um stofnkostnað og rekstur fyrirtækja, sem geta hagnýtt sér ofangreindar auðlindir og framleitt ýmiss konar efni þar úr. Þeim fyrirtækjum, sem hugsanlega gætu risið upp á þessum grundvelli, hefur verið gefið samheitið „Sjóefnavinnsla". Með hugtakinu sjóefnavinnsla er þannig átt við fjölþætta vinnslu úr sjó og heitum, söltum hveralegi frá jarðhitasvæðinu á Reykjanesi. Fram að þessu hafa athuganir aðallega beinst að tveim stigum vinnslunnar, þ. e. í fyrsta lagi vinnslu salts og nokkurra aukaefna (kalsíum klóríði, kalí klóríði og brómi) úr jarðsjó, og í öðru lagi magnesíumvinnslu, sem að hluta byggist á saltvinnslunni. Aðalfrumkvöðull þessa máls hefur verið Baldur Líndal, efnaverkfræðingur, sem unnið hefur stöðugt að þessum málum á vegum Rannsóknaráðs ríkisins.

Haustið 1972 skilaði Rannsóknaráð ríkisins skýrslu til ríkisstjórnarinnar um fyrsta stig vinnslunnar, saltverksmiðju á Reykjanesi, með áætlun um stofnkostnað og rekstur, sem benti til þess, að starfsemi verksmiðjunnar gæti orðið arðbær.

Þegar ríkisstjórnin hafði tekið við skýrslunni um saltverksmiðju fól þáverandi iðnaðarráðherra, Magnús Kjartansson, verkfræðiskrifstofu Sigurðar Thoroddsen og Hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar að gera könnun á rekstrargrundvelli saltverksmiðjunnar. Fékk verkfræðiskrifstofa Sigurðar Thoroddsen sér til fulltingis bandarískt verkfræðifyrirtæki, D. S. S. Engineering, til að kanna málið. Skýrslur frá verkfræðistofunum bárust í ágúst 1973, en þá hófst athugun Hagrannsóknadeildar, sem byggðist á niðurstöðum verkfræðistofanna um hinar tæknilegu forsendur. Endanleg umsögn Hagrannsóknadeildar var svo lögð fram í febrúar 1974 og skömmu síðar gaf iðnaðarráðuneytið út yfirlitsskýrslu um málið. Umsagnir voru jákvæðar og áætluð arðsemi fyrirtækisins talinn öllu betri en niðurstöður Rannsóknaráðs höfðu gefið til kynna.

Lagði síðan sérstök nefnd á vegum iðnaðarráðuneytisins, Iðnþróunarnefnd, fram tillögur um meðferð málsins og áætlun um kostnað við nauðsynlegar undirbúningsframkvæmdir. Þær tillögur voru sendar ráðuneytinu í apríl 1974 og var þar m. a. lagt til að viðræðunefnd um orkufrekan iðnað yrði falið að athuga með möguleika á fjármögnun og eignarformi verksmiðjunnar. Jafnframt var á vegum nefndarinnar aflað nokkurra upplýsinga um markaðshorfur og haft samband við erlend fyrirtæki, sem hugsanlega gátu haft áhuga á viðskiptalegum tengslum í sambandi við byggingu og rekstur verksmiðjunnar, t. d. kaup á hluta afurða hennar.

Eimar og önnur tæki verksmiðjunnar verða að sjálfsögðu að hannast með sérstöku tilliti til eiginleika jarðhitalagarins og jarðgufunnar á Reykjanesi. Þótt gerðar hafi verið nokkrar rannsóknir á útfellingu og tæringu í litlum tilraunatækjum, sem Rannsóknaráð lét starfrækja á Reykjanesi um tíma, verður að gera töluvert víðtækari tilraunir áður en forsendur fyrir hönnun endanlegrar verksmiðju eru öruggar. Því er lagt til að reist verði og rekin lítil tilraunaverksmiðja á Reykjanesi.

Iðnaðarráðuneytið fól viðræðunefnd um orkufrekan iðnað frekari umfjöllun málsins og að gera tillögur um hvernig staðið skyldi að undirbúningsframkvæmdum og þær fjármagnaðar, svo og hvernig tryggð yrðu tengsl við endanlegt rekstrarfyrirtæki. Nefndin um orkufrekan iðnað skilaði síðan áliti og drögum að frumvarpi til iðnaðarráðuneytisins, þar sem lagt er til að umrætt undirbúningsfyrirtæki verði stofnað.

Málið hefur síðan verið til athugunar í iðnaðarráðuneytinu og hjá ríkisstjórninni.

Verkfræðistofa Baldurs Líndal hefur gert áætlun um kostnað við byggingu og rekstur tilraunaverksmiðju og er áætlunin dagsett 2. febrúar 1976. Heildarkostnaður skv. áætluninni er 137,6 millj. króna, en auk þess kemur til vaxta- og stjórnunarkostnaður auk kostnaðar vegna markaðsathugana og viðræðna við erlenda aðila, sem er áætlaður um 22,4 milljónir króna. Áætlaður heildarkostnaður vegna undirbúningsfélagsins er þannig um 160 milljónir króna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með grein þessari er heimilað að stofna hlutafélag með aðild ríkissjóðs í þeim tilgangi að kanna aðstæður til að reisa og reka saltverksmiðju á Reykjanesi og annast undirbúning að því, að slíku fyrirtæki verði komið á fót. Í 2. málsgr. er skilgreint nokkru nánar, hvaða starfssvið mætti ætla fyrirtækinu.

Um 2. gr.

Ríkisstjórninni er ætlað að hafa forustu um myndun undirbúningsfélags, og verður henni jafnframt heimilt að kveðja hvers konar aðila, einstaklinga, félög eða stofnanir, til samvinnu í því efni.

Um 3. gr.

Til þess er ætlast, að undirbúningsfélagið geti tekist á hendur hvaðeina, sem fallið er til að stuðla að því, að unnt verði að ráðast í byggingu og rekstur vinnslufyrirtækis á því sviði, sem lýst er í 1. gr. Jafnframt er talið eðlilegt að stefna að því, að félagið fái kostnað sinn að fullu endurgoldinn frá vinnslufyrirtækinu og aðilum að því.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir, að hlutafé undirbúningsfélagsins geti orðið allt að 60 milljónum króna í reiðufé, og er heimild 1. tölul. við það miðuð, að ríkissjóður geti lagt fram allt hlutaféð, ef þörf gerist. Jafnframt verður nauðsynlegt að tryggja félaginu lántökumöguleika á grundvelli ríkisábyrgðar.

Í 2. tölul. er gert ráð fyrir, að ríkið leggi til félagsins þær undirbúningsrannsóknir og mannvirki, sem þegar hefur verið unnið að, og verði það metið við kostnaðarverði og teljist andvirðið til hlutafjárframlags ríkissjóðs.

Í 4. tölul. er gert ráð fyrir, að ríkisstjórnin geti veitt félaginu eðlilegar heimildir til öflunar landsréttinda og vinnsluréttinda vegna starfsemi sinnar.

Í 5. tölul. er veitt heinmild til niðurfellingar aðflutningsgjalda og söluskatts í þágu framkvæmda félagsins á svipuðum grundvelli og gert hefur verið um önnur fyrirtæki, sem stofnuð hafa verið til frumvinnslu náttúruauðæfa. Mundi heimildin m. a. ná til tilraunaverksmiðju á vegum félagsins.

Um 5. gr.

Eðlilegt þykir, með tilliti til aðildar ríkisins að hlutafélaginu og annarra aðstæðna, að ekki séu lagðar hömlur á tölu stofnenda eða hluthafa í félaginu, né heldur á rétt hluthafa til að neyta atkvæðisréttar fyrir allt hlutafé sitt. Á sama hátt er eðlilegt að heimila frávik frá þeim ákvæðum hlutafélagalaga, er fjalla um persónu stofnenda.

Vegna aðildar ríkissjóðs og fjárþarfar hlutafélagsins þykir einnig eðlilegt, að ekki verði greidd stimpilgjöld af hlutabréfum þess.

Um 6. gr.

Í 1. málsgr. eru ákvæði um skipun fulltrúa á aðalfund félagsins og aðra hluthafafundi.

2. málsgr. fjallar um skipun og kjör fulltrúa og varamanna í stjórn félagsins og skipun formanns stjórnar félagsins.

Um 7. gr.

Stefna ber að því að vernda umhverfi væntanlegrar saltverksmiðju fyrir röskun af hennar völdum og skapa þar sem best starfsskilyrði. Ber að miða starfsgrundvöll fyrirtækisins við þau sjónarmið samkvæmt þessari grein.

Fara skal eftir núgildandi og síðari lögum og reglugerðum um mengunarvarnir og öryggi, heilbrigði og hreinlæti á vinnustað og stöðlum þeim, sem settir eru og kunna að verða settir samkvæmt þeim, um framkvæmdir undirbúningsfélagsins og hönnun, byggingu og rekstur saltverksmiðjunnar.

Um 8. og 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 377. Nefndarálit [168. mál]

um frv. til l. um flugvallagjald.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Við undirritaðir erum andvígir því, að ríkissjóður innheimti flugvallagjald af innanlandsflugi. Í samræmi við það leggjum við til, að 3. gr. falli niður. Verði sú till. samþykkt, munum við flytja breytingartillögur við aðrar greinar frv. til samræmis við 3. umræðu.

BREYTINGARTILLAGA:

3. gr. falli niður.

Alþingi, 26. febr. 1976.

Gylfi Þ. Gíslason, frsm. Lúðvík Jósepsson.

Nd. 378. Nefndarálit [168. mál]

um frv. til l. um flugvallagjald.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn, undirritaðir nefndarmenn, leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt, en minni hl. skilar séráliti.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Tómas Árnason.

Alþingi, 26. febr. 1976.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm. Lárus Jónsson, fundaskr. Ey. Kon. Jónsson.
Þórarinn Þórarinsson.

Nd. 379. Nefndarálit [118. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið, en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn, undirritaðir nefndarmenn, leggur til að frv. verði samþykkt eins og það er komið frá Ed. Minni hlutinn skilar séráliti.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Tómas Árnason.

Alþingi, 26. febr. 1976.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm. Lárus Jónsson, fundaskr. Ey. Kon. Jónsson.
Gylfi Þ. Gíslason, með fyrirvara. Þórarinn Þórarinsson.

Nd. 380. Nefndarálit [118. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Með frv. þessu er lagt til að framlengja í eitt ár gildandi lagaákvæði „um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða.“

Eftir að verð á olíu hafði hækkað mjög mikið á síðari hluta ársins 1973 og á fyrri hluta ársins 1974, þótti óhjákvæmilegt að gerðar yrðu sérstakar ráðstafanir til að draga úr þeim mikla kostnaðarauka, sem þeir landsmenn urðu fyrir, sem ekki áttu annars úrkosta en að hita upp íbúðir sínar með notkun olíu.

Það varð að ráði að leggja skyldi á eitt söluskattsstig til viðbótar þeim sem fyrir voru, og verja tekjum af því í þessu skyni.

Upphafleg lög um þetta efni giltu frá 1. mars 1974 til 1. mars 1975. Þau lög voru síðan framlengd með nokkrum breytingum fyrir tímabilið 1. mars 1975 til 1. mars 1976. Og nú er lagt til að framlengja lögin enn fyrir tímabilið 1. mars 1976 til 1. mars 1977.

Fyrir s. l. árstímabil er talið að tekjur samkv. lögunum hafi numið um 1200—1250 millj. kr. og hafi verið ráðstafað þannig:

Til	einstaklinga	750 millj. kr.
—	rafveitna	55 millj. kr.
—	Orkusjóðs	400—500 millj. kr.

Nú er gert ráð fyrir að tekjur af einu söluskattsstigi muni nema um 1250 millj. kr. á ári. Samkvæmt upplýsingum, sem fram hafa komið við athugun frv. í fjárhags- og viðskiptanefnd, er líklegt að þeim fjármunum yrði varið þannig eftir ákvæðum frv. eins og það kemur frá Ed.:

Til	einstaklinga 78 þúsund á 9500 kr	741 millj. kr.
—	rafveitna	85 millj. kr.
—	Orkusjóðs	424 millj. kr.
		Alls 1250 millj. kr.

Ég tel að verja eigi öllum tekjum samkvæmt lögunum í þeim tilgangi sem upphaflega var ætlað með setningu laganna, þ. e. a. s. til „að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða.“ Ráðstöfun þessa fjár til annars er að mínum dómi óeðlileg og ranglát. Kostnaður þeirra, sem verða að hita upp íbúðir sínar með olíukyndingu er gífurlega mikill, eflaust þrisvar til fjórum sinnum meiri en þeirra sem notað geta jarðhita.

Ég legg því til að gerðar verði á frumvarpinu svofelldar

BREYTINGAR:

Við a-lið 2. gr.

a. Í stað „kr. 9500“ komi: kr. 13 500.

b. Setningin „þó skulu lífeyrisþegar .... fá greiddan styrk, sem nemur 1½ styrk einstaklings“ verði: þó skulu lífeyrisþegar .... fá greiddan styrk, sem nemur tvöföldum styrk einstaklings.

Alþingi, 26. febr. 1976.

Lúðvík Jósepsson.

Nd. 381. Breytingartillögur [118. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.

Frá Karvel Pálmasyni.

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum „svo og um aðra framkvæmd“ bætist: Einnig skal á tímabilinu 1. mars 1976 til 28. febr. 1977 leggja 20% aukagjald á gjaldskrár hitaveitna.
2. Við 2. gr. C-liður orðist svo:
   Tekjum af 20% aukagjaldi á gjaldskrár hitaveitna verði varið til Orkusjóðs til að hraða hitaveitu- og raforkuframkvæmdum vegna hitunar íbúða.

Nd. 382. Breytingartillaga [168. mál]

við frv. til laga um flugvallagjald.

Frá Karvel Pálmasyni.

Við 3. gr. bætist ný málsgrein, er orðist svo:
Tekjum samkvæmt þessari grein skal varið til framkvæmda í flugmálum.

Ed. 383. Nefndarálit [15. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp það, sem hér um ræðir, er samið af hegningarlaganefnd, sem vinnur að endurskoðun á ýmsum þáttum hegningarlaganna.

Að meginefni til felur frumvarpið í sér aukið svigrúm til að beita svokallaðri reynslulausn.

Í fyrsta lagi er heimilað í 1. mgr. 1. gr. að beita reynslulausn eftir að fangi hefur tekið út ⅔ hluta refsingar, en þó ekki fyrr en afplánaðir hafa verið 4 mánuðir af refsitíma. Er það stytting úr 8 mánuðum, sbr. núgildandi lög.

Á þeim tíma, sem liðinn er síðan frv. þetta var samið, hefur finnska ríkisþingið samþykkt að stytta nefndan refsitíma í 3 mánuði, og hefur norræna refsilaganefndin, svo og íslenska hegningarlaganefndin lýst sig sammála að það spor sé stigið í annarri norrænni refsilöggjöf.

Í öðru lagi er lagt til í 2. mgr. 1. gr., að heimilað verði að veita reynslulausn þegar fangi hefur tekið út helming refsitímans, ef sérstaklega stendur á, en í gildandi lögum er ávallt áskilið, að fangi hafi tekið ⅔ hluta refsitímans.

Vegna þeirra ástæðna, sem nú eru í gildi, og dómafordæma er nefndinni tjáð að dómarar á Íslandi hafi haft lítið svigrúm til að dæma skilorðsbundið og taka tillit til félagslegra aðstæðna sakborninga. Þess vegna hefur þurft að grípa til náðana í mjög ríkum mæli, og hafa þær reynst mun tíðari hér á landi en annars staðar þekkist. Að þessu leyti er frumvarpið viðurkenning á staðreyndum og samræming á norrænni refsilöggjöf.

Allsherjarnefnd leggur til að farið verði að fordæmi finnska ríkisþingsins og afplánunartími, sbr. 1. mgr. 1. gr., verði styttur úr 4 mánuðum í 3.

Þá er í frumvarpinu ákvæði um breytingu á 232. gr. laganna, þar sem refsing er hert, ef maður raskar friði annars manns með því að ásækja hann, ofsækja með bréfum, símahringingum o. s. frv. Er talin þörf á að herða refsilöggjöf vegna slíks hátternis.

Lagadeild Háskóla Íslands, Lögmannafélag Íslands, og Lögfræðingafélag Íslands hafa mælt með samþykkt þessa frumvarps.

BREYTINGARTILLAGA:

Við 1. gr. 1. mgr. Í stað orðanna „4 mánuði“ komi: 3 mánuði.

Alþingi, 24. febr. 1976.

Ellert B. Schram, form., frsm. Sighv. Björgvinsson. Friðjón Þórðarson.

Svava Jakobsdóttir. Ingólfur Jónsson.

Sþ. 384. Þingsályktun [69. mál]

um aðgerðir til þess að draga úr tóbaksreykingum Íslendinga.

(Afgreidd frá Sþ. 26. febr.)

Samhljóða þskj. 74.

Ed. 385. Lög [181. mál]

um breyting á lögum nr. 7 31. mars 1967, um námslán og námsstyrki, sbr. lög nr. 39 24. maí 1972, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Ed. 26. febr.)

Samhlj. þskj. 375.

Ed. 386. Frumvarp til laga [183. mál]

um breyting á lögum nr. 14/1973, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

Flm.: Helgi F. Seljan, Ragnar Arnalds, Geir Gunnarsson, Stefán Jónsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að stofna til tilraunaskóla, er nefnist fjölbrautaskóli. Skólinn skal vera fyrir nemendur, er lokið hafa skyldunámi, og veita þeim tiltekin réttindi til sérnáms í framhaldsskólum eða háskóla, svo og menntun og þjálfun í ýmsum starfsgreinum að iðngreinum meðtöldum.

2. gr.

Fyrri mgr. 6. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að stofna til fjölbrautaskóla í samvinnu við önnur sveitarfélög. Um skiptingu stofn- og rekstrarkostnaðar skal þá fara eftir

samningi, sem gerður er milli menntamálaráðuneytisins og mótaðila, og skal við gerð hans tekið mið af gildandi lögum um það nám (námsbrautir), sem í boði verður innan skólans samkvæmt áætlun sem ráðuneytið staðfestir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frv. sbr. 2. gr. er lagt til að menntamálaráðuneytinu verði heimilað að taka upp samninga við önnur sveitarfélög um stofnun fjölbrautaskóla á grundvelli annarrar kostnaðarskiptingar en þeirrar sem skv. lögunum gildir um fjölbrautaskóla í Reykjavík.

Það er álit flm. að óráðlegt sé að binda þessa heimild við fasta hundraðshlutaskiptingu. Því er lagt til að í samningum um kostnaðarskiptingu verði tekið tillit til þess hvaða námsbrautir er fyrirhugað að starfrækja í hlutaðeigandi skóla og hvaða lög gilda um nám það sem í boði verður við skólann.

Þá er með frv. (sbr. niðurlag 1. gr.) lagt til að tekin verði af öll tvímæli um stöðu iðnnáms í fjölbrautaskóla. Flm. telja að iðnnám með fjölbrautasniði sé æskilegasta skipulagsform þessa náms í framhaldsskólum, ekki síst í strjálbýli.

Ed. 387. Frumvarp til laga [184. mál]

um breyting á lögum um iðnfræðslu, nr. 68/1966.

Flm.: Helgi F. Seljan, Ragnar Arnalds, Geir Gunnarsson, Stefán Jónsson.

1. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Iðnfræðsluskóla stjórnar 5 manna skólanefnd, sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn, fulltrúa nemenda þó aðeins til tveggja ára. Skulu tveir tilnefndir af sveitarstjórn þess sveitarfélags, sem skóli starfar í, og einn af fræðsluráði viðkomandi fræðsluumdæmis. Nemendur skólans kjósa einn fulltrúa í skólanefnd, samkvæmt reglugerð, sem ráðherra setur. Hinn fimmta skipar ráðherra án tilnefningar og er hann jafnframt formaður.

Fulltrúar þeir, sem sveitarstjórn kýs í skólanefnd, skulu vera iðnlærðir eða með viðtækari verk- eða tæknimenntun.

2. gr.

44. gr. laganna orðist svo:

Kostnaður við stofnun iðnfræðsluskóla greiðist úr ríkissjóði eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum. Til stofnkostnaðar skal, auk alls húsnæðis, telja kennslutæki, innanstokksmuni, áhöld, búnað og útgjöld þau, sem skilgreind eru í 5 gr. laga nr. 49/1967, um skólakostnað.

Sveitarfélag, þar sem iðnfræðsluskóli rís, skal leggja til ókeypis nauðsynlegar lóðir fyrir skólann.

3. gr.

Rekstrarkostnaður greiðist af ríki og sveitarfélagi því, sem iðnfræðsluskóli starfar í, á þann hátt sem hér greinir:

Sveitarfélagið greiðir allan kostnað við húsvörslu, ræstingu og lýsingu, en hitunarkostnað að því marki sem svarar meðalkostnaði við hitun skólahúsnæðis á

stöðum, sem búa við hitaveitu. Hitunarkostnaður umfram ofangreind mörk greiðist úr ríkissjóði, samkvæmt nánari reglum, sem ráðuneytið setur.

Allur annar rekstrarkostnaður, svo og viðhaldskostnaður húsa og lóða, viðhald og endurnýjun tækja og búnaðar, skv. 2. gr., greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi 1., 6. og 7. gr. laga nr. 18/1971.

Greinargerð.

Frumvarp þetta felur í sér þá grundvallarbreytingu á kostnaðarákvæðum gildandi laga um iðnfræðslu, að ríkissjóður greiði að fullu stofnkostnað iðnfræðsluskóla, hliðstætt því sem lög um menntaskóla — og raunar fleiri skóla á framhaldsskólastigi — kveða á um. Það er skoðun flm., að það ákvæði gildandi laga, að sveitarfélögin beri helming af stofnkostnaði við iðnfræðsluskóla, hafi um langt skeið verið stærsta hindrunin í vegi eðlilegrar þróunar verknámsskóla í landinu.

Að því er varðar rekstrarkostnað við iðnfræðsluskóla, er í frv. gert ráð fyrir þeirri breytingu, að einvörðungu það sveitarfélag, sem jafnframt er aðsetur skóla, beri nokkra fjárhagslega ábyrgð á rekstri skólans, þó aðeins að því marki, að ekki verði fjötur á eðlilegu skólastarfi. Hér er því aðeins gert ráð fyrir að sveitarfélagið kosti húsvörslu, ræstingu og lýsingu, svo og hitun að vissu marki. — Flutningsmenn telja að hið sama eigi að gilda um alla skóla á framhaldsskólastigi, einnig menntaskóla.

Þá er með frumvarpinu lagt til að gerðar verði, til einföldunar, nokkrar breytingar á kjöri skólanefnda, en reglur þar að lútandi hafa verið nokkuð á reiki. Áfram er þó gert ráð fyrir að heimamenn tilnefni meiri hluta fulltrúa í skólanefnd.

Á síðasta þingi gerði menntamálaráðherra grein fyrir störfum iðnfræðslulaganefndar, sem ráðuneytið skipaði hinn 15. febr. 1973 til að endurskoða iðnfræðslulögin, en nefndinni var jafnframt falið að skila frumvarpi til nýrra iðnfræðslulaga. Þar kom fram að nefndarstörfin hefðu dregist á langinn, en vonir stæðu þó til að unnt yrði að leggja nýtt frumvarp um þetta efni fyrir Alþingi það sem nú situr.

Nefndin skilaði áliti 19. des. s. l., en náði ekki samstöðu um tillögugerð eða frumvarp að nýjum iðnfræðslulögum. Ástæða er því til að ætla, að umrætt frumvarp verði ekki lagt fyrir þetta þing.

Þar sem svo illa hefur til tekist um undirbúning þessa þýðingarmikla máls, telja flutningsmenn að menntamálaráðuneytið verði að hafa forgöngu um endurskoðun iðnfræðslulaganna. Í þeim efnum er eðlilegt að höfð verði hliðsjón af þeim hugmyndum og ábendingum, sem fram komu í álitsgerðum meiri og minni hluta iðnfræðslulaganefndar og telja má að samrýmist þeirri grundvallarstefnu, að starfsemi allra skóla og námsbrauta á framhaldsskólastigi verði samræmd undir einni yfirstjórn.

Sú heildarendurskoðun iðnfræðslulaganna, sem hér um ræðir, þarf ekki — að áliti flutningsmanna — að hindra að strax verði á grundvelli framangreindrar stefnumörkunar gerðar ýmsar breytingar á lögunum. Þar virðist brýnast að taka til endurskoðunar þau kostnaðarákvæði, sem eru meginefni þessa frumvarps.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir að þrír fulltrúar af fimm séu „skipaðir eftir reglum, sem ráðherra setur samkv. tillögum bæjarstjórna og sýslunefnda, sem

aðild eiga að iðnfræðsluskóla skólaumdæmis.“ Breytingin miðar að því að komið verði fastara skipan en verið hefur á tilnefningu fulltrúa í skólanefnd og er því lagt til að tilnefningaraðilar verði sveitarstjórn þess sveitarfélags, sem skóli starfar í, og fræðsluráð umdæmisins (sbr. 11. gr. laga um grunnskóla). Nemendur viðkomandi skóla kjósi áfram einn fulltrúa.

Um 2. gr.

Greinin felur í sér veigamestu breytinguna frá gildandi lögum og skýrir sig raunar sjálf.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að horfið verði frá þeirri tilhögun að deila þeim rekstrarkostnaði, sem ríkissjóður ekki greiðir, á mörg sveitarfélög. Hinsvegar er talið eðlilegt að leggja nokkra fjárhagslega ábyrgð á það sveitarfélag sem aðsetur skóla tilheyrir, og binda hlut sveitarfélagsins við afmarkaða rekstrarþætti, húsvörslu, ræstingu, lýsingu og hitun. Um hitun er þó lagt til að gildi sú regla að hlutur sveitarfélagsins verði aldrei hærri en sem svarar meðalkostnaði við hitun skólahúsnæðis á hitaveitusvæði, en ríkið taki á sig þann kostnað sem umfram kann að vera. Um þetta atriði verði settar sérstakar reglur.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Ed. 388. Frumvarp til laga [185. mál]

um sérstakt lögsagnarumdæmi í Austur-Skaftafellssýslu.

Flm.: Halldór Ásgrímsson, Helgi F. Seljan.

1. gr.

Austur-Skaftafellssýsla skal vera sérstakt lögsagnarumdæmi.

2. gr.

Lögreglustjóri Hafnarhrepps verður sýslumaður Austur-Skaftafellssýslu.

Hann hefur á hendi sömu störf og öðrum sýslumönnum eru falin í umdæmum sínum og með þeim kjörum, sem þeim eru ákveðin. Jafnframt breytist embættisheiti sýslumannsins í Skaftafellssýslu í samræmi við hina breyttu skipan lögsagnarumdæma.

3. gr.

Dómsmálaráðherra skipar fyrir um, hvernig málum þeim við núverandi embætti sýslumannsins í Skaftafellssýslu, sem varða hagsmuni Austur-Skaftafellssýslu og ekki eru útkljáð, þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skipt milli sýslumannsembættanna.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 15 13. apríl 1973, um lögreglustjóra í Hafnarhreppi.

Greinargerð.

Íbúar Austur-Skaftafellssýslu hafa um langt skeið óskað eftir því að sérstakur sýslumaður sé starfandi í sýslunni. Með auknum fólksfjölda kom sífellt betur í

ljós, að sýslumaður Skaftafellssýslu í Vík hafði ekki möguleika til að veita viðhlítandi þjónustu vegna mikillar fjarlægðar og farartálma, þrátt fyrir góðan vilja.

Ýmsar leiðir voru athugaðar til úrbóta, og var niðurstaðan sú að stofnað var embætti lögreglustjóra í Hafnarhreppi með l. nr. 15 13. apríl 1973. Með þessu móti færðist mestur hluti verkefna sýslumanns í Skaftafellssýslu fyrir íbúa Hafnarhrepps yfir til lögreglustjóraembættisins á Höfn. Lögreglustjóraembættið hefur einnig á höndum ýmsa starfsemi sem varðar aðra hreppa í Skaftafellssýslu, þ. e. Bæjarhrepp, Nesjahrepp, Mýrahrepp, Borgarhafnarhrepp og Hofshrepp. Þar má nefna umboð almannatrygginga í sýslunni, umboð sýslusamlags, verulegan hluta innheimtu ríkissjóðs, dómgæslu í opinberum málum, löggæslu o. fl. Hins vegar eru veðmálabækur og bifreiðaskráningar í höndum sýslumanns Skaftafellssýslu í Vík.

Íbúar Austur-Skaftafellssýslu sækja alla sína verslun til Hafnar. Þar eru allar þjónustumiðstöðvar héraðsins, banki, kaupfélag, elli- og hjúkrunarheimili og heilsugæslustöð er að rísa. Sameiginlegt menntasetur sveitahreppanna fimm er í nágrenni Hafnar. Austur-Skaftafellssýsla er því ein félagsleg heild. Flestir bræðir liggja til miðstöðvarinnar á Höfn og því er erfitt og illgerlegt vegna fjarlægðar að sækja þjónustu til Víkur sem er í 300 km fjarlægð frá Höfn.

Eftir að lögreglustjóraembættið var stofnað á Höfn hefur þróun verið í þá átt, að íbúar Austur-Skaftafellssýslu leita æ meir til embættisins, en hins vegar er verulegt óhagræði að þar skuli ekki unnt að veita alla þjónustu sem sýslumannsembætti veita.

Ekki er talið að umtalsverður kostnaðarauki verði að breytingu þessari og er því svo komið, að hér er fyrst og fremst um formbreytingu að ræða.

Sþ. 389. Tillaga til þingsályktunar [186. mál]

um jarðstöð.

Flm.: Ellert B. Schram, Þórarinn Þórarinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina fela Landssíma Íslands að reisa jarðstöð með það fyrir augum að bæta fjarskiptasamband við útlönd og gera Ríkisútvarpinu (sjónvarpinu) kleift að komast í beint samband við sjónvarps stöðvar í Evrópu.

Greinargerð.

Landssími Íslands stendur nú gagnvart því vandamáli, hvernig skuli fullnægja sívaxandi eftirspurn á símarásum milli Íslands og annarra landa. Þar munu einkum koma tvær leiðir til greina: annars vegar að leggja annan sæstreng milli Færeyja og Íslands, en hins vegar að reisa jarðstöð sem kæmi okkur í samband við gervihnetti, en þannig kæmist Ísland í beint samband við flest lönd heimsins.

Samkvæmt áætlunum sérfróðra manna mun kostnaður þessara tveggja leiða vera sambærilegur, en kostirnir við síðarnefndu leiðina mun meiri. Með því að reisa jarðstöð yrði arður Landssímans fljótlega mjög verulegur, sem byddi væntanlega umtalsverða lækkun á afnotagjöldum síma- og telexsambands við útlönd.

Nú eru afnotagjöld af sæsíma til Evrópu vegna talsambands við útlönd nær fimmfalt hærri en alþjóðagjöld, miðað við sömu vegalengd og telexgjöld níföld. Það er þó augljóst hagsmunamál viðskiptavina Landssímans að sú leið sé valin að reisa hér jarðstöð í stað þess að leggja sæstreng sem þar að auki yrði skammtímalausn, eins og nú horfir. Jarðstöð mun veita Íslandi umráðarétt yfir samböndum við lönd, sem það hefur bein viðskipti við, til jafns við þau. Öll samningsaðstaða, t. d. um taxta, verður þá sterk.

Hitt er þó ekki síður mikilvægt, að sú leið mundi jafnframt mæta þörfum sjónvarpsins um að komast í beint samband við sjónvarpsstöðvar í Evrópu. Einhvern viðbótarbúnað þyrfti að setja í stöðina vegna sjónvarpsins og er reiknað með að sá kostnaður næmi um 15 millj. vegna sjónvarpsmóttöku, en samtals um 40 millj. kr., ef unnt ætti að vera að senda sjónvarpsmyndir héðan.

Ríkisútvarpið hefur ekki getað náð sambandi við Evrovisjon-kerfið, og er það útilokað nema gegnum gervihnött. Jarðstöðin gerði þetta kleift.

Íslenska sjónvarpið stendur nú á tímamótum. Það hefur verið starfrækt í tæp 10 ár og er orðið snar þáttur í lífi hvers íslendings. Sjónvarpið vill mæta þeim kröfum sem til þess eru gerðar hvað fréttaþjónustu og myndaefni snertir. Notkun gervihnatta og tækninýjunga hafa gert það kleift að sjónvarpsstöðvar um heim allan hafa tekið upp samvinnu um gagnkvæm viðskipti og efnismiðlun. Ísland hefur ekki verið með í þessu samstarfi nema að takmörkuðu leyti, þar sem hér hefur ekki verið jarðstöð til að taka á móti eða senda frá sér sjónvarpsmyndir. Óhugsandi er að sjónvarpið geti sjálft reist slíka jarðstöð.

Nú þegar Landssíminn þarf óumflýjanlega að bæta við símarásum milli Íslands og útlanda, opnast möguleiki til að slá tvær flugur í einu höggi, þ. e. að bæta eigin þjónustu og mæta þörfum sjónvarpsins. Ef jarðstöð verður ekki reist nú og önnur leið valin, er fullkomlega ljóst, að möguleikar okkar hér á landi til að komast í beint samband við sjónvarpsstöðvar erlendis eru úr sögunni a. m. k. næstu 10 árin.

Kostnaður við að reisa jarðstöð er nokkurn veginn sá sami og að leggja nýjan sæstreng að viðbættum þeim kostnaði sem áður er getið, en kostirnir yrðu miklum mun meiri innan örfárra ára. Flutningsmenn þessarar tillögu leggja því eindregið til að ríkisstjórnin ákveði að sú leið verði valin og að þegar verði hafist handa.

Nd. 390. Lög [168. mál]

um flugvallagjald.

(Afgreidd frá Nd. 26. febr.)

Samhljóða þskj. 350.

Nd. 391. Lög [118. mál]

um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o.fl.

(Afgreidd frá Nd. 26 febr.)

Samhljóða þskj. 374 (sbr. 172).

Sþ. 392. Nefndarálit [22. mál]

um till. til þál. um viðgerðar- og viðhaldsaðstöðu flugvéla á Keflavíkurflugvelli.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft tillögu þessa til athugunar. Hafa borist umsagnir frá flugmálastjórn og Flugvirkjafélagi Íslands, sem báðar eru jákvæðar gagnvart efni tillögunnar.

Nefndarmenn eru sammála um, að í tillögunni sé hreyft athyglisverðu máli, sem haft geti þýðingu fyrir atvinnuuppbyggingu í landinu, er tímar líða fram.
Mælir nefndin samhljóða með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 25. febr. 1976.

Ellert B. Schram, form.	Jón Helgason, fundaskr.	Jón Skaftason, frsm.
Ólafur G. Einarsson.	Magnús T. Ólafsson.	Jónas Árnason.

Ed. 393. Nefndarálit [158. mál]

um frv. til l. um greiðslu vátryggingariðgjalda fiskiskipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins óbreytts.
Fjarverandi voru Jón G. Sólnes, Halldór Ásgrímsson og Stefán Jónsson.

Alþingi, 1. mars 1976.

Steingrímur Hermannsson, form., frsm.	Oddur Ólafsson.	Ingiberg J. Hannesson.
	Jón Árm. Héðinsson.	

Sþ. 394. Tillaga til þingsályktunar [187. mál]

um jöfnun á kostnaði við kyndingu húsa.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja frv. til laga um ráðstafanir til þess að jafna kostnað við kyndingu húsa, sem hituð eru með mismunandi tegundum orkugjafa. Við samningu frv. verði m. a. eftirfarandi atriði athuguð sérstaklega:

1. Hvort æskilegt sé að jafna kyndikostnað með verðjöfnun eingöngu, niðurgreiðslum eingöngu eða kerfi verðjöfnunar og niðurgreiðslna.
2. Að jöfnun verði þann veg hagað, að hún hvetji, en letji ekki framkvæmdir til þess að draga úr raunverulegum kostnaði við húsahitun, t. d. með virkjun jarðhita, rafhitun eða byggingu kyndistöðva. Í því sambandi verði sérstaklega athugað hvort ekki sé rétt, að hluti þeirra ráðstafana, sem gerðar séu, verði í því fólgin að afla fjár með sérstökum hætti til þess að hraða rannsóknum á jarðhita, jarðhitaleit og virkjun jarðhita til húsahitunar þar sem hans er von svo og byggingu olíukyndistöðva eða gerð rafhitunarkerfa, hvort heldur sem hagkvæmara þykir, þar sem jarðhiti er ekki fyrir hendi.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að hinar miklu olíuverðshækkanir á heimsmarkaði hafa valdið íslendingum þungum búsifjum. Annars vegar hefur olíuverðshækkunin orðið til þess að þjóðin hefur neyðst til þess að verja ört vaxandi hluta

af tekjum af útflutningsframleiðslu sinni til kaupa á olíuvörum. Hins vegar hefur olíuverðshækkunin orðið til þess að auka stórlega mun á aðstöðu þeirra landsmanna annars vegar, sem kynda hús sín með olíu og öðrum innfluttum brennsluefnum, og hins vegar þeirra, sem njóta innlendra orkugjafa, svo sem jarðhita, til húsahitunar. Af þeim sökum er nauðsynlegt að hraða mjög rannsóknum á jarðhita og virkjun hans svo og athugunum og framkvæmdum á gerð rafhitunarkerfa þar sem jarðhiti er ekki fyrir hendi. Eins og á stendur eru slíkar framkvæmdir þjóðhagslega mjög hagkvæmar, til þess fallnar að draga mjög úr gjaldeyriseyðslu og — síðast, en ekki síst — nauðsynlegar til þess að jafna aðstöðu landsmanna í húshitunarmálum.

Ráðstafanir af þessu tagi eru þó ekki einhlítar. Vegna þess mikla verðmunar, sem er annars vegar á því að hita húsnæði með innlendum orkugjöfum, einkum jarðhita, og hins vegar á því að hita hús með innfluttum brennsluefnum, svo sem olíu, ber brýna nauðsyn til þess að grípa einnig til ráðstafana umfram það, sem nú er gert, til kostnaðarjöfnunar. Eins og nú standa sakir er ekki óalgengt, að kostnaður við kyndingu meðalstórrar íbúðar á olíuhitunarsvæðum sé um eða yfir 25 þús. kr. á mánuði á vetrum og er það fjórum, jafnvel fimm sinnum hærra verð en kostar að kynda sambærilegar íbúðir á þeim hitaveitusvæðum, sem hagkvæmust eru í þessu sambandi. Þessi mikli kostnaður við kyndingu húsa með olíu er óbærilegur fyrir láglaunafólk, svo sem sjúklinga, öryrkja og aldrað fólk, sem hefur litlar eða engar tekjur aðrar en lífeyri og aðrar greiðslur almannatrygginga. Þess munu dæmi, að aldrað fólk, sem nýtur tekjutryggingar almannatrygginga, verji allt að helmingi framfærslueyris síns einvörðungu til greiðslu á kyndingarkostnaði.

Aðstöðumunur fólks á olíuhitunarsvæðum annars vegar og hitaveitusvæðum hins vegar er svo mikill í þessu efni, að enginn hliðstæða mun finnast um einn einstakan þátt brýnustu lífsnauðsynja þar sem aðstæður valda svo miklu misrétti. Verði ekkert að gert er líklegt, að þessi aðstöðumunur valdi mikilli byggðaröskun því það hlýtur, þegar til lengdar lætur, að hafa mikil áhrif á hvar fólk velur sér búsetu, ef það á einum stað getur þurft að greiða allt að fimmfalt verð fyrir húsahitun á við það verð, sem það þyrfti að greiða kysi það sér annan stað á landinu til búsetu. Þá hlýtur þessi aðstöðumunur einnig að hafa talsverð áhrif á atvinnurekstur á olíuhitunarsvæðum vegna kostnaðarauka miðað við sambærilegan atvinnurekstur á hitaveitusvæðum. Jöfnun á kyndikostnaði yrði því að taka tillit til bæði kostnaðar við kyndingu íbúðarhúsnæðis og húsnæðis til atvinnurekstrar, enda er ráð fyrir því gert í þingsályktunartillögu þessari.

Sú er yfirlýst stefna allra stjórnmálaflokka að stuðla að varðveislu byggðar í landinu öllu þar sem byggilegt er. Í því skyni hefur ýmislegt þegar verið gert til þess að jafna aðstöðu landsmanna án tillits til búsetu. Ýmislegt fleira af slíku tagi er á döfinni eða til umræðu. Má þar t. d. nefna ráðagerðir um flutning ríkisstofnana eða stofnsetningu útibúa frá þeim úti á landsbyggðinni, könnun á hvernig jafna megi flutningskostnað í framhaldi af þingsályktun þar að lútandi, sem Alþingi hefur samþykkt, hugmyndir um frekari jöfnun á símagjöldum og fjölmargt annað. Þá hefur fyrsta skrefið einnig verið stigið í þá átt að jafna kyndikostnað með niðurgreiðslu á olíu til húsahitunar. Sú framkvæmd og hvernig fjár er til hennar aflað hefur að vísu valdið deilum, enda frá upphafi aðeins um bráðabirgðaráðstöfun að ræða sem er auk þess allsendis ófullnægjandi.

Það, sem vakir fyrir flm. þessarar þingsályktunartillögu, er, að stigið verði stærra skref til jöfnunar á kyndikostnaði húsa, sem hituð eru með mismunandi orkugjöfum, og að í því efni verði gerðar varanlegar ráðstafanir. Eins og fram kemur í tillögunni er flm. ljóst, að slíkar aðgerðir mega ekki verða til þess að letja framkvæmdir til að draga úr raunverulegum kostnaði við húsahitun, t. d. með virkjun jarðhita o. fl. Því kemur vel til greina að hluti þeirra ráðstafana, sem gerðar yrðu til jöfnunar, væri á þann veg að séð yrði fyrir sérstöku auknu fjármagni til þess að hraða nýtingu innlendra orkugjafa til húsahitunar eða til annarra framkvæmda til þess að draga úr kostnaði við húsahitun með olíu, t. d. með byggingu kyndistöðva eða með því að greiða fyrir kostnaðarsparandi nýjungum í húsahitunarmálum, t. d. með nýjum

gerðum af miðstöðvarkötlum o. s. frv. þegar lengra er litið eru slíkar aðgerðir einnig til jöfnunar á húsahitunarkostnaði þótt svo árangur komi ekki þegar í stað í ljós.

Í umræðum, sem orðið hafa á Alþingi um húsahitunarmál, hafa fjölmargir þingmenn lýst sig fylgjandi auknum jöfnuði í kostnaði við húsahitun með mismunandi orkugjöfum — einnig sumir þeirra, sem lýst hafa sig andvíga þeim aðferðum, sem nú er beitt í því skyni. Tillaga þessi er m. a. flutt í því skyni að fá staðfest, að sá sé vilji Alþingis og að honum verði fylgt eftir með viðeigandi ráðstöfunum.

Nd. 395. Frumvarp til laga [28. mál]

um kafarastörf.

(Eftir 2. umr. í Nd., 1. mars.)

1. gr.

Enginn má í atvinnuskyni stunda köfun í ám eða vötnum, við strendur landsins eða frá íslenskum skipum hér við land, nema hann fullnægi þeim skilyrðum, sem sett eru í lögum þessum.

2. gr.

Köfun merkir í lögum þessum allar athafnir undir yfirborði vatns eða sjávar og annars staðar þar sem loft undir yfirþrýstingi er notað til öndunar.

3. gr.

Hver sá, er stunda vill köfun, skal fullnægja eftirgreindum skilyrðum:

a) vera fullra 20 ára,
b) hafa með fullnægjandi árangri gengið undir tilskilda læknisskoðun,
c) hafa staðist kafarapróf samkvæmt 4. gr.

4. gr.

Við kafarapróf þau, sem getur í c-lið 3. gr., skal sannreynt hvort sá, sem prófið tekur, hafi fullnægjandi fræðilega og verklega þekkingu á kafarastörfum, meðal annars hvort hann þekkir allar almennar ráðstafanir til öryggis kafaranum meðan hann vinnur starf sitt, svo og, að hann hafi nákvæma þekkingu á hlutum þeim, sem notast við köfun, og hvernig þeim skuli haldið við.

Ráðherra er heimilt að efna á hæfilegum fresti til námskeiða fyrir þá, sem þreyta vilja kafarapróf og fullnægja til þess skilyrðum a- og b-liðar 3. gr. Ákvæði um tilhögun námskeiða, námsgreina, kennslu og kennslugjöld skulu sett í reglugerð.

5. gr.

Siglingamálastofnun ríkisins afhendir hverjum þeim, er fullnægir skilyrðum 3. gr., skírteini, sem viðkomandi sanni síðan hæfni sína með.

Halda skal nákvæma skrá um handhafa slíkra skírteina.

6. gr.

Kafaraskírteini skv. 5. gr. skal endurnýja á fimm ára fresti og skal með umsókn um endurnýjun leggja fram fullnægjandi læknisvottorð.

Nú er heilbrigðisvottorð ekki fullnægjandi að mati Siglingamálastofnunar ríkisins, sbr. 5. gr., og skal þá ekki gefa út nýtt skírteini. Rísi ágreiningur um þetta atriði skal málinu vísað til ráðherra, sem gefur úrskurð eftir að hafa aflað sér umsagnar landlæknis. Eftir að handhafi skírteinis hefur náð 60 ára aldri skal endurnýjun gerð árlega.

7. gr.

Allur kafarabúnaður, hverju nafni sem hann nefnist, skal vera af viðurkenndri gerð og merktur eftir því sem nauðsyn krefur, svo sem nafn framleiðanda, notkunarreglur o. þ. h.

Ráðherra setur reglur um viðurkenningu og eftirlit samkvæmt þessari grein svo og gjöld í því sambandi.

Gjöld samkvæmt grein þessari skulu lögtakskræf.

8. gr.

Óheimilt er að ráða til köfunarstarfa eða til aðstoðar við djúpköfun aðra en handhafa köfunarskírteinis, nánari kröfur um aðstoðarmenn skal setja í reglugerð.

Eigandi köfunarbúnaðar ber ábyrgð á því, að hann fullnægi skilyrðum 7. gr.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, nema þyngri hegning liggi við að öðrum lögum.

10. gr.

Kafaraskírteini, sem menn hafa öðlast fyrir gildistöku laga þessara erlendis frá og talin eru jafngild skírteinum þeim, sem veitt eru samkvæmt lögum þessum, skulu gilda áfram, en leita skal umsagnar Félags íslenskra kafara áður en skírteinin verða viðurkennd.

Hver sá maður, sem færir fullnægjandi sannanir fyrir því, að hann hafi fyrir gildistöku laga þessara stundað köfunarstörf í atvinnuskyni án þess að hafa öðlast kafaraskírteini, en hefur þó með fullnægjandi árangri gengið undir læknisskoðun, sbr. 3. gr., getur innan árs frá gildistöku laganna öðlast kafaraskírteini hjá ráðuneytinu, enda mæli Félag íslenskra kafara með því.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 396. Frumvarp til laga [43. mál]

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

(Eftir 2. umr. í Nd., 1. mars.)

Samhljóða þskj. 47 með þessari breytingu:

5. (ný) gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 397. Fyrirspurnir. [188. mál]

I. Til forsætisráðherra um staðfestingu á byggðaþróunaráætlun Norður-Þingeyjarsýslu.

Frá Ingvari Gíslasyni og Jóni G. Sólnes.

Hvenær má vænta þess að ríkisstjórnin staðfesti byggðaþróunaráætlun Norður-Þingeyjarsýslu?

II. Til iðnaðarráðherra um nýjungar í húshitunarmálum.

Frá Sighvati Björgvinssyni.

1. Hverjar eru niðurstöður athugana, sem gerðar hafa verið á vegum iðnaðarráðuneytisins á hagkvæmni nýrrar gerðar af miðstöðvarkatli — svonefndum „Nýtli“ — sem fundinn hefur verið upp hér á landi og notað getur jöfnum höndum olíu og rafmagn til upphitunar?
2. Hefur einhver ákvörðun verið tekin um hvort og þá hvernig greitt yrði fyrir því, að miðstöðvarkatlar af þessari gerð verði almennt teknir til notkunar á olíuhitunarsvæðum til þess að draga úr upphitunarkostnaði?

III. Til félagsmálaráðherra um leiguíbúðir á vegum sveitarfélaga.

Frá Helga F. Seljan.

1. Hverjar eru horfur varðandi framkvæmdir við leiguíbúðir á vegum sveitarfélaga á yfirstandandi ári?
2. Hvað er líklegt, að mikill fjöldi nýrra leiguíbúða verði leyfður á þessu ári og hver er skipting þeirra eftir kjördæmum?
3. Hvað mun miklu fjármagni verða varið til þessara framkvæmda í ár?

IV. Til menntamálaráðherra um frumvarp til nýrra iðnfræðslulaga.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Verður frumvarp til nýrra iðnfræðslulaga lagt fram á þessu þingi?

Ed. 398. Frumvarp til laga [189. mál]

um sérstakan toll á vörur frá Bretlandi.

Flm.: Stefán Jónsson, Ragnar Arnalds, Helgi F. Seljan, Geir Gunnarsson.

1. gr.

Af öllum vörum, sem fluttar eru til landsins frá Bretlandi, skal greiða sérstakt gjald er nemi 25% af því verði vörunnar sem tollur er lagður á, sbr. 2. gr.

2. gr.

Um álagningu gjaldsins gilda reglur laga um tollskrá o. fl.

3. gr.

Gjald þetta renni í Landhelgissjóð.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fella niður þetta sérstaka gjald er bretar hafa viðurkennt 200 sjómílna efnahagslögsögu íslendinga í orði og á borði.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ljóst er að landsmenn þurfa á næstu mánuðum að takast á herðar þungar efnahagslegar byrðar til þess að standa straum af eflingu landhelgisgæslunnar, samtímis því sem þeir sæta áníðslu af hálfu breta á ofveidda fiskstofna og hernaðarof-

beldi í ofanálag. Þá er hitt ótalið, að við höfum lækkað innflutningstolla á breskum varningi samkvæmt sérstökum samningi við Efnahagsbandalag Evrópu, sem bretar eru aðilar að, og skyldum njóta sams konar kjara varðandi útflutningsvörur okkar til ríkja Efnahagsbandalagsins, sem þó hefur ekki orðið um aðalútflutningsvörur okkar, sjávarafurðir, beinlínis vegna aðgerða breta. Vöruskiptajöfnuður okkar við breta hefur verið svo óhagstæður á liðnum árum að til óskapa má telja. Þannig nam innflutningur okkar frá Bretlandi 8 milljörðum og sjö milljónum króna árið sem leið, en útflutningur okkar þangað aðeins 4.7 milljörðum.

Ef miðað er við innflutning okkar frá Bretlandi í fyrra mundi gjald það, sem ráðgert er í frumvarpi þessu, nema hvorki meira né minna en 2 milljörðum króna. Hins vegar er ljóst að tollur af þessu tæi mundi beina viðskiptum okkar inn á aðra markaði að verulegu leyti, en slíkt hlýtur að teljast æskilegt, eins og nú er að okkur búið af breta hálfu. Hefði raunar verið sæmst að dómi flm. að leggja algjört bann við verslunarviðskiptum við Stóra-Bretland, ef ekki hefði leitt af slíkri ráðstöfun vandræði fyrir ýmsa sem lítið hafa til slíks unnið, og þá fyrst og fremst í sambandi við kaup á varahlutum í ýmsar vélar. — Aftur á móti þykir eðlilegt, að þeir landsmenn, sem fyrir einhverjar sakir kjósa að halda áfram að kaupa breskar vörur við núverandi aðstæður, verði látnir minnast landhelgisgæslunnar sérstaklega í því sambandi.

Ed. 399. Frumvarp til laga [190. mál]

um að bjarga mjólk frá eyðileggingu í vinnslu þegar verkfall er.

Flm.: Jón Árm. Héðinsson.

1. gr.

Heimilt er forstöðumanni mjólkurbús að kveðja til starfa nægilegt vinnuafl 3½ sólarhring eftir að vinnsla mjólkur stöðvast vegna verkfalls, svo að mögulegt sé að bjarga og vinna mjólkina í smjör, ost og undanrennu.

2. gr.

Þær afurðir, sem kunna að verða framleiddar undir aðstæðum í verkfalli, skulu seldar í samráði við heilbrigðisyfirvöld á hverjum stað.

3. gr.

Hver sá, er hindrar með einhverjum hætti af ásettu ráði vinnslu mjólkur við þær aðstæður, er 1. gr. byggir á, skal sæta sektum minnst 100 000 kr. og varðhaldi samkv. hegningarlögum sé um endurtekið brot að ræða.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að mjólkin hefur um aldir bjargað þúsundum mannslífa á Íslandi frá hungri og dauða. Það eru því óverjandi vinnubrögð og glæpi næst að standa þannig að kjarabaráttu, að mjólk sé hellt niður að óþörfu. Þetta er því hörmulegra þegar hungur sverfur að milljónum manna víða um heim. En við hér á landi getum nú fagnað því, að hungurvofan er flosnuð upp og ætti ekki að eiga afturkvæmt, sé rétt á málum haldið hér innanlands. Sú þjóð, sem misst hefur tugþúsundir manna úr hungri á liðnum öldum, getur ekki verið þekkt fyrir að eyðileggja matvöru, sem þegar er til sem slík vegna átaka aðila, er skilja ekki sinn vitjunartíma. Það má aldrei endurtaka sig að mjólk sé hellt niður á Íslandi. Þess vegna er þetta frumvarp flutt.

Í 1. gr. þessa frv. er forstöðumanni mjólkurbús heimilað að kveðja til nægilegt starfslið svo að takast megi að koma mjólk í gegnum vinnslu og koma þannig í veg fyrir að henni verði hellt niður. Ekki er unnt að kveða svo á að tiltaka ákveðinn fjölda manna, það verður að fara eftir aðstæðum hverju sinni. Hugsanlegt gæti verið að bændur sjálfir kæmu hér til, þar sem þeir eiga mjólkurbúin. Það skal undirstrikað, að þessi heimild er ekki fyrir hendi fyrr en 3½ sólarhring eftir að til stöðvunar kemur, svo þarna er veitt nokkurt svigrúm til að ná sættum í vinnudeilum auk þess tíma sem vonandi hefur verið fyrir hendi áður en til verkfalls kom.

Í 2. gr. er kveðið á um hvernig með skuli fara þær afurðir, er kunna að verða framleiddar. Kröfur eru strangar um gæði við eðlilegar aðstæður og réttmætt er að heilbrigðisyfirvöld fylgist ætíð með gæðunum.

Í 3. gr. er fjallað um sektir, ef menn hindra vinnsluna, og hljóta þær að vera verulegar, ef tilgangur laganna á að nást.

Í 4. gr. er kveðið á um gildistíma, og verður að teljast réttmætt að lögin taki gildi strax, svo að öllum viðkomandi sé kunnugt um ákvæði þeirra.

Nd. 400. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til l. um skákleiðsögn í skólum.

Frá menntamálanefnd.

Menntamálanefnd er mjög hlynnt þeirri hugmynd, sem fram kemur í þessu frv., enda mælti nefndin með því á síðasta þingi, að samhljóða frumvarp þessu yrði samþykkt. Það frv. varð þó eigi útrætt, en fyrir lá yfirlýsing frá menntamálaráðherra um stuðning við aðalefni frv. að höfðu samráði við fjármálaráðherra.

Eins og fram kemur í bréfi menntamálaráðuneytisins til nefndarinnar, dags. 24. febr. 1976, hefur ráðuneytið þegar ráðið stórmeistarana Friðrik Ólafsson og Guðmund Sigurjónsson „til þess að annast skákkennslu í útvarpi og sjónvarpi eftir því sem um semst við aðila og til þess að fara í skóla víðs vegar um landið og efna til fjölteflis til þess að örva áhuga á skák og veita leiðbeiningar“.

Nefndin telur að menntamálaráðherra hafi með þessu þegar fullnægt þeirri höfuðstefnu, sem fram kemur í frv., og telur eftir atvikum rétt að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 3. mars 1976.

Ingvar Gíslason, form., frsm.	Sigurlaug Bjarnadóttir, fundaskr.	Magnús T. Ólafsson.
Ellert B. Schram.	Svava Jakobsdóttir.	Gunnlaugur Finnsson.
	Ey. Kon. Jónsson.	

Fylgiskjal.

Menntamálaráðuneytið

Reykjavík, 24. febrúar 1976.

Hér með er háttvirtri menntamálanefnd neðri deildar Alþingis tjáð, að menntamálaráðuneytið hefur með samþykki ríkisstjórnarinnar ráðið stórmeistarana í skák Friðrik Ólafsson og Guðmund Sigurjónsson til þess að annast skákkennslu í útvarpi og sjónvarpi eftir því sem um semst við aðila og til þess að fara í skóla víðs vegar um landið og efna til fjölteflis til þess að örva áhuga á skák og veita leiðbeiningar. Höfuðtilgangurinn er að efla með þessum og öðrum hætti skákáhuga og skákmennt í landinu og styrkja einnig nokkuð þessa tvo ágætu skákmenn.

Laun stórmeistaranna eru miðuð við hámarkslaun menntaskólakennara (A-17 í kjarasamningi BHM). Ráðningartímabilið er frá 1. janúar 1976 og fyrst um sinn uns öðruvísi kynni að verða ákveðið.

F. h. r.
Birgir Thorlacius.

Til
menntamálanefndar neðri deildar Alþingis,
Alþingi.

Sþ. 401. Tillaga til þingsályktunar [191. mál]

um stöðu hafnarsjóða.

Flm.: Sigurlaug Bjarnadóttir, Tómas Árnason, Lúðvík Jósepsson, Sighvatur Björgvinsson, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um nú þegar, að gerð verði ítarleg athugun á stöðu hafnarsjóða á landinu. Skal sú athugun beinast sérstaklega að:

1. Hlutdeild ríkisins í stofnkostnaði hafnarmannvirkja.
2. Mismunandi aðstöðu hafna vegna náttúruskilyrða.
3. Arðsemi hafna með tilliti til framleiðslu og verðmætasköpunar.
4. Sérstökum ráðstöfunum til að létta greiðslubyrði þeirra hafnarsjóða, sem verst eru settir, sbr. bráðabirgðaákvæði gildandi laga um Hafnabótasjóð.

Athugun þessi skal enn fremur fela í sér endurskoðun á lögum um landshafnir. Niðurstöður og tillögur skulu liggja fyrir við upphaf næsta þings.

Greinargerð.

Með hinni stórfelldu uppbyggingu síðustu ára á fiskiskipastól og útgerð Íslendinga hafa framkvæmdir og útgjöld til hafnargerða og hafnarbóta kallað á stöðugt aukið fjármagn. Hin nýju og stóru fiskiskip útheimta bætt hafnarskilyrði, meira dýpi, bætt viðlegurými og athafnasvæði. Síhækkandi verðlag, bæði að því er varðar efniskostnað og vinnulaun, hefur að sama skapi lagt æ þyngri fjárhagsbyrðar á hafnarsjóði, svo að viðkomandi sveitarfélög, sérstaklega þau fámennari, fá nú vart risið undir þeim þunga. Þannig verður höfnin, sem fiskibæir okkar eiga að miklu leyti afkomu sína undir, um leið óviðráðanlegur baggi, sem sogar til sín sífellt stærri hluta af ráðstöfunarfé sveitarfélagsins, svo að önnur nauðsynleg verkefni verða jafnvel af þeim sökum að sitja á hakanum. Skuldirnar vinda upp á sig, vanskil aukast og mörg dæmi munu um, að lánsaðilar, eins og Ríkisábyrgðasjóður og Hafnabótasjóður, grípa til þess neyðarúrræðis að kyrrsetja lögboðin framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, — taka þau upp í skuld.

Það er álit okkar flutningsmanna þessarar tillögu, að tímabært sé og aðkallandi, að fram fari af hálfu ríkisvaldsins, svo fljótt sem kostur er, gagnger athugun á fjárhagsstöðu hinna ýmsu hafnarsjóða og endurskoðun á gildandi lögum og reglum um fjármögnun þeirra og gjaldskyldu. Með nýjum hafnalögum, sem tóku gildi 1. jan. 1974, var framlag ríkisins til stofnkostnaðar hafnarmannvirkja hækkað úr 40% í 75%. Á það við um svonefnd innri mannvirki, þ. e. hafnargarða, bryggjur, viðlegukanta og dýpkun. Til dráttarbrauta og hafnartækja ýmiss konar leggur ríkið hins vegar til aðeins 40% og reksturinn hvílir allur á viðkomandi hafnarsjóði. Þá tóku og gildi á fyrri hluta síðasta árs nýjar hafnargjaldskrár, sem fólu í sér allmikla hækkun, en þó minni en farið var fram á.

Báðar þessar hækkanir hafa að sjálfsögðu komið að verulegu gagni en hafa þó engan veginn reynst fullnægjandi til að rétta við fjárhag hafnarsjóðanna, sem hefur farið greinilega versnandi frá árinu 1973, er afkoma þeirra flestra var sæmileg.

Allmjög er þó afkoman mismunandi eftir höfnum. Hún er yfirleitt betri hjá hinum stærri kaupstöðum, svokölluðum blönduðum höfnum, sem hafa verulegar tekjur af vörugjöldum ásamt aflagjöldum fiskiskipa. Hjá fiskihöfnum hins vegar, þar sem lítið er um skipakomur og vöruflutninga og einnig færri gjaldendur til sveitarfélagsins. — þar er afkoman sýnu lakari. Má þar sérstaklega nefna Bolungarvík, Neskaupstað, Ólafsfjörð, Patreksfjörð, Sandgerði, Siglufjörð og Vopnafjörð, en þessar hafnir eru hvað verst staddar.

Tvö undanfarin ár hafa verið unnar á vegum Hafnasambands sveitarfélaga ítarlegar skýrslur um fjárhagsstöðu og gjaldskrármál íslenskra hafna. Skýrslur þessar eru unnar af Gylfa Ísakssyni fyrrv. bæjarstjóra á Akranesi, sem hefur kynnt sér til hlítar íslensk hafnamál. Hefur hann unnið verk sitt í samvinnu við Hafnamálastofnun ríkisins og samstarfsnefnd um hafnamál. Skýrslur þessar hafa að geyma mikinn fróðleik og upplýsingar um afkomu íslenskra hafna undanfarin þrjú ár og jafnframt hugmyndir og ábendingar, hvernig bregðast megi við þeim mikla vanda, sem mörg sveitarfélög eiga nú við að glíma vegna versnandi greiðslustöðu hafnarsjóða. Fyrri skýrslan nær til 40 hafna á landinu, en sú síðari, sem lögð var fram á 6. ársfundi Hafnasambandsins í nóv. s. l., tók fyrir sérstaklega 15 almennar hafnir að viðbættri Reykjavíkurhöfn og landshöfninni Keflavík-Njarðvík. Liggja þannig fyrir nú þegar allmiklar og haldgóðar upplýsingar, sem flýtt gætu athugun þeirri, er tillagan gerir ráð fyrir, og þá jafnframt ákvörðunum um ákveðnar aðgerðir af hálfu ríkisvaldsins.

Í yfirliti yfir efnahagsreikninga hinna 17 hafna kemur m. a. í ljós við samanburð, að framlög sveitarfélaga til hafna eru mjög mismunandi, þar sem fjárþörf hafnarsjóðanna ræðst m. a. af framkvæmdum og lánabyrði. Það er greinilegt, að of miklar lántökur fara illa með afkomu hafnanna og hætta á, að greiðslubyrði hafnarsjóða verði sífellt meiri, ef fjárvöntun þeirra verður eingöngu leyst í framtíðinni með nýjum lánum, sem verða a. m. k. að hluta vísitölu- eða gengistryggð.

Í fylgiskjali með tillögunni kemur fram, að greiðsluhalli hafnarsjóða nemur víða umtalsverðum hluta útsvara viðkomandi sveitarfélaga eða 5—10%, en Bolungarvík sker sig úr með 33%. Þá ber og að hafa í huga, að víða, þar sem vanskil hafna eru mikil, þá stafa þau meðfram af erfiðum náttúruskilyrðum, sem gera framkvæmdir allar og viðhald á hafnarmannvirkjum erfiðari og kostnaðarsamari. Virðist eðlilegt og réttmætt, að tekið sé tillit til þess atriðis, þegar úthlutað er ríkisfé til hinna misjafnlega settu hafna að þessu leyti, svo og að höfð væri nokkur hliðsjón af arðsemi hafnanna, — framleiðslu og verðmætaskönun. Hugmyndir um sérstaka flokkun hafna með tilliti til ofangreindra atriða hafa verið til umræðu hjá Hafnasambandi sveitarfélaga á undanförnum árum. Virðist fyllilega tímabært að taka þessar hugmyndir til frekari skoðunar sem mikilvægan þátt í hugsanlegum breytingum á skipan íslenskra hafnamála.

Í 4. tölulið tillögunnar er vikið að bráðabirgðaákvæði gildandi laga um Hafnabótasjóð, sem gerir ráð fyrir sérstökum ráðstöfunum til að létta greiðslubyrði þeirra hafnarsjóða, sem verst eru settir. Að sjálfsögðu fara möguleikar sjóðsins til slíkra ráðstafana eftir fjárhagsgetu sjóðsins hverju sinni. Í mörg horn er að líta og fjárráð sjóðsins ekki ýkjamikil, þegar litið er á hin stórauknu verkefni hans. Samkv. lögum sjóðsins, 20. gr., eru tekjur hans: 1. Árlegt framlag ríkissjóðs, sem nemur 12% af framlagi til hafnarmannvirkja og lendingarbóta á fjárlögum hvers árs, en þó aldrei lægra en 30 millj. kr. 2. Tekjur af starfsemi sjóðsins. Þá er sjóðnum samkv. 21. gr. laganna heimilt að taka lán til starfsemi sinnar, innanlands eða utan, allt að 350 millj. kr., og er ríkissjóði heimilt að ábyrgjast þau lán. Á fjárlögum yfirstandandi árs er framlag ríkisins til sjóðsins 82 millj. 152 þús. kr. Greinilega er nauðsyn á, að sjóðnum væru eftir einhverjum leiðum tryggðar auknar árvissar tekjur fremur en að grípa stöðugt til lánsheimildarinnar, sem lögin veita og hlýtur að leiða til síaukinnar skuldasöfnunar með hinni miklu ásókn í sjóðinn.

Í niðurlagi tillögunnar er farið fram á endurskoðun á lögum um landshafnir, en þær eru nú þrjár á landinu: Þorlákshöfn, Keflavík-Njarðvík og Rifshöfn á Snæ-

fellsnesi. Sérstök lög gilda um hverja þessara hafna fyrir sig, en öllum er þeim það sameiginlegt, að ríkissjóður stendur að öllu leyti bæði undir stofnkostnaði hafnanna og rekstrinum einnig, svo lengi sem lögin eru í gildi. Ekki skal það dregið í efa, að brýna nauðsyn hafi á sínum tíma borið til, að ríkissjóður hlypi svo myndarlega undir bagga með þeim byggðarlögum, er þarna eiga í hlut. Þannig má t. d. ætla, að eldgosið á Heimaey hafi aukið nokkuð á þrýsting um auknar framkvæmdir í Þorlákshöfn. Vandséð er engu að síður, hvernig nokkur skynsemi eða réttlæti mæli með því, að þessar þrjár hafnir, einar allra íslenskra hafna, búi um aldur og ævi við slík forréttindi og þá um leið óhjákvæmilega á kostnað allra hinna, sem berjast í bökkum og eru raunar, sumar hverjar, bókstaflega að sliga viðkomandi sveitarfélög. Elstu landshafnarlögin, um Rif á Snæfellsnesi, eru nú orðin rúmlega aldarfjórðungsgömul, lögin um Keflavík-Njarðvík 20 ára og um Þorlákshöfn 10 ára. Á fjárlögum þessa árs nemur framlag ríkisins til almennra hafna yfir allt landið 675 millj. kr. að viðbættum 10 millj. til ferjubryggna. Framlag til landshafnanna þriggja ásamt afborgunum af lánum til þeirra nemur hins vegar rúmum 600 milljónum, þar af 375 millj. til Þorlákshafnar einnar. Hér er um svo augljóst misvægi að ræða að óþarfi er að fjölyrða frekar um það, en því meiri ástæða til að taka þetta mál til alvarlegrar athugunar með breytingu fyrir augum.

Engum blandast hugur um, að góðar og traustar hafnir eru ein helsta undirstaðan undir atvinnulífi okkar íslendinga sem fiskveiðiþjóðar. Það varðar því miklu, að svo vel sé að þeim búið sem við framast höfum efni á hverju sinni. Það er trú okkar, sem stöndum að þessari tillögu, að athugun sú, sem þar er farið fram á, sé við núverandi aðstæður í senn nauðsynleg og líkleg til að leiða til úrbóta á ýmsum þeim vandamálum, sem hafnarsjóðir landsins eiga við að glíma í dag.

Fylgiskjal.

Yfirlit yfir afkomu 15 almennra hafna 1975 (Áætlun).

Úr skýrslu um fjárhagsstöðu og gjaldskrármál hafna, sem lögð var fram á 6. ársfundi Hafnasambandsins 21. nóv. 1975.

	Vaxtagreiðslur (allar)				
	Almenn hafn-argjöld '75[2] þús. kr.	og afborganir af föstum lánum '75 þús. kr.	Greiðsluafkoma 1975[1] þús. kr.	Greiðsluafkoma 1973 þús. kr.	Útsvör 1975 þús. kr.
Akranes	23 960	9 283	+ 7 693	÷ 2 725	163 043
Akureyri	23 777	20 306	+ 879	+ 1 108	356 155
Bolungarvík	4 421	14 674	÷ 11 948	÷ 4 562	35 961
Dalvík	4 760	3 983	+ 504	÷ 1 259	31 249
Eskifjörður	5 266	2 056	+ 1 874	+ 672	27 861
Grundarfjörður	3 381	1 265	+ 823	÷ 73	25 588
Hafnarfjörður	27 935	12 037	+ 3 494	+ 403	427 700
Húsavík	9 100	4 401	+ 2 158	+ 368	67 393
Höfn í Hornafirði	8 641	4 635	+ 7	÷ 2 036	45 423
Ísafjörður	14 395	8 779	÷ 4 484	÷ 729	122 898
Ólafsvík	7 895	6 134	+ 234	÷ 2 000	45 058
Sandgerði	5 592	5 860	÷ 4 363	÷ 1 164	35 630
Sauðárkrókur	5 299	5 789	÷ 2 639	÷ 2 636	52 821
Vopnafjörður	4 349	5 881	÷ 2 300	÷ 5 730	25 911
Þingeyri	4 050	4 137	÷ 4	÷ 704	14 200

1) Þ. e. þegar greidd hafa verið rekstrargjöld, vextir og afborganir, en ekki hluti hafna í framkvæmdakostnaði.

2) Miðað við sömu skipa- og vöruumferð og sjávarafla og 1974. Ef vöruumferð hefur minnkað, eins og líkur benda til, lækka tekjur hafnanna, einkum vöruhafnanna, að sama skapi. Minnkað aflamagn minnkar tekjur fiskihafnanna.

Nd. **402. Frumvarp til laga** [192. mál]

um jafnstöðu kvenna og karla.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum.

2. gr.

Konum og körlum skulu veittir jafnir möguleikar til atvinnu og menntunar og greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

3. gr.

Atvinnurekendum er óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði, og gildir það meðal annars hvað varðar ráðningu og skipun í starf, stöðuhækkun, stöðuheiti, uppsögn úr starfi, veitingu hvers konar hlunninda og almenn vinnuskilyrði.

4. gr.

Starf, sem auglýst er laust til umsóknar, skal standa opið jafnt konum sem körlum. Í slíkri auglýsingu er óheimilt, að gefa til kynna að fremur sé óskað starfsmanns af öðru kyninu en hinu.

5. gr.

Nú er umsækjandi um auglýst starf kona, en það hefur verið veitt karlmanni, og á hún þá rétt til, að hlutaðeigandi atvinnurekandi veiti henni skriflegar upplýsingar um hvaða menntun, starfsreynslu og aðra sérstaka hæfileika sá hefur til að bera, er ráðinn var í starfið. Sama rétt skal karlmaður, sem er umsækjandi um starf, hafa, ef konu er veitt starfið.

6. gr.

Konur og karlar, er starfa hjá sama atvinnurekanda skulu njóta sömu möguleika til framhalds starfsþjálfunar og til að sækja námskeið, er haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings annarra og betri starfa.

7. gr.

Í skólum og öðrum menntastofnunum skal veita fræðslu um jafnstöðu kvenna og karla. Kennslubækur og kennslutæki, sem þar eru notuð, skulu vera þannig úr garði gerð og hönnuð, að kynjum sé ekki mismunað.

8. gr.

Auglýsendum er óheimilt að birta nokkrar þær auglýsingar í orðum eða myndum, er orðið geti öðru kyninu til minnkunar eða lítilsvirðingar.

9. gr.

Jafnstöðuráð skal annast framkvæmd laga þessara.

Jafnstöðuráð skal skipað 5 mönnum til þriggja ára í senn, og skulu þeir ásamt varamönnum skipaðir þannig: einn skipaður af Hæstarétti og er hann formaður ráðsins og skal hafa lokið embættisprófi í lögum, einn skipaður af félagsmálaráðherra, einn skipaður af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn skipaður af Alþýðusambandi Íslands og einn skipaður af Vinnuveitendasambandi Íslands.

Kostnaður við Jafnstöðuráð greiðist úr ríkissjóði.

10. gr.

Verkefni Jafnstöðuráðs er að:

1. Sjá um að ákvæðum 2.—8. gr. þessara laga um jafnstöðu kvenna og karla sé framfylgt.
2. Vera ráðgefandi gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og félögum í málefnum, er varða jafnstöðu með konum og körlum í kjaramálum og við ráðningu eða skipun til starfs.
3. Fylgjast með þjóðfélagsþróuninni sem m. a. varðar þetta lagaefni, og gera tillögur til breytinga til samræmis við tilgang þessara laga.
4. Stuðla að góðri samvinnu við samtök atvinnurekenda og launafólks svo og aðra þá aðila sem jafnstöðumál kvenna og karla varða, svo að stefnu og markmiði laga þessara verði náð með sem eðlilegustum hætti.
5. Taka til rannsóknar af sjálfsdáðum, hver brögð kunna að vera að misrétti í jafnstöðumálum að því leyti er lög þessi varðar. Opinberum stofnunum svo og félagssamtökum á vinnumarkaði er skylt að veita Jafnstöðuráði hvers konar upplýsingar hér að lútandi.
6. Taka við ábendingum um brot á ákvæðum laga þessara og rannsaka málið af því tilefni og senda að rannsókn lokinni málsskjöl til þeirra aðila, sem málið snertir.

11. gr.

Nú telur Jafnstöðuráð, að ákvæði 2.—8. gr. laga þessara séu brotin og beinir þá ráðið rökstuddum tilmælum um ákveðnar úrbætur til hlutaðeigandi atvinnurekanda.

Fallist atvinnurekandinn ekki á tilmæli ráðsins, er ráðinu heimilt, í samráði við hlutaðeigandi starfsmann, að höfða mál í umboði hans til viðurkenningar á rétti hans.

12. gr.

Sá, sem af ásettu ráði eða gáleysi brýtur gegn lögum þessum, er skaðabótaskyldur samkvæmt almennum reglum.

Slíkt brot skal varða fésektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

13. gr.

Þegar héraðsdómari fer með mál út af brotum á lögum þessum, kveður hann til tvo meðdómendur.

Kveðja skal öðrum fremur til menn, sem hafa viðtæka þekkingu á kjaramálum launþega og jafnstöðumálum.

14. gr.

Félagsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga í reglugerð að fengnum tillögum Jafnstöðuráðs.

15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 37 24. apríl 1973 um Jafnlaunaráð.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í ágústmánuði 1975 fól Gunnar Thoroddsen félagsmálaráðherra þeim Hallgrími Dalberg, ráðuneytisstjóra og Guðrúnu Erlendsdóttur, hæstaréttarlögmanni og formanni Kvennaársnefndar og Jafnlaunaráðs, að semja frumvarp til laga um jafn-

rétti og jafnstöðu kvenna og karla. Hafa þau í samráði við félagsmálaráðherra samið frumvarp það, sem hér er lagt fram.

Þessu frumvarpi um jafnstöðu kvenna og karla, ef að lögum verður, er ætlað það hlutverk að stuðla að jafnstöðu kynjanna á öllum sviðum.

Þótt konur og karlar búi við sama lagalegan rétt til menntunar, atvinnu og launa, þá skortir í raun nokkuð á, að jafnrétti kynjanna ríki á þessum sviðum.

Það er staðreynd, að atvinnulíf landsins greinist í ákveðin kvennastörf og karlastörf. Konur sinna heimilisstörfum, barnagæslu og ýmis konar þjónustustörfum, en karlar eru hins vegar ríkjandi við stjórnun, tæknistörf og aðalatvinnuvegi þjóðarinnar.

Þrátt fyrir lagalegan rétt skipa konur á mörgum sviðum ekki sama sess og karlar og veldur þar miklu um hin rótgróna og hefðbundna hlutverkaskipan kynjanna í þjóðfélagi okkar, sem viðgengst án þess að aðilar eigi í raun og veru nokkurt val.

Lýðræðislegt þjóðfélag byggir á jafnrétti og frelsi til að velja sér lífsstarf. Flestir eru sammála um, að nauðsynlegt sé að gera konum auðveldara um val á lífsstarfi, en til þess að slíkt sé mögulegt, þurfa karlmenn að verða virkari þátttakendur við heimilisstörf.

Í skýrslu námsbrautar í þjóðfélagsfræðum við Háskóla Íslands til félagsmálaráðuneytisins, sem út kom vorið 1975 og fjallar um raunverulegt jafnrétti karla og kvenna, að því er varðar menntun, störf, launakjör, og hvers kyns þátttöku í félagslegum verkefnum, kemur fram, að konur hafa almennt minni og einhæfari menntun en karlar. Einnig kemur fram í skýrslu þessari, að þjóðfélagsleg forysta á Alþingi, í sveitarstjórnum, í embættismannakerfi, stjórnmálaflokkum og hagsmunasamtökum er nær algerlega í höndum karla. Í niðurstöðum skýrslunnar kemur fram, að án nýrra aðgerða og breyttra viðhorfa verði ekki um að ræða umtalsverðar breytingar í jafnréttismálum kynjanna í náinni framtíð.

Hvað snertir sömu laun fyrir sömu störf til handa konum og körlum, þá voru opinberir starfsmenn fyrsta starfsstéttin, sem hlaut lögverndað launajafnrétti kynjanna. Það var á árinu 1954. Í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38 frá 1954, 3. gr., segir svo: „Konur og karlar hafa jafnan rétt til opinberra starfa og til sömu launa fyrir sömu störf.“ Á árinu 1961 voru sett lög um almennan launajöfnuð kvenna og karla og skyldi honum náð 1967. Þessi lög voru sett í samræmi við fullgildingu samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 100, sem fullgilt var af Íslands hálfu hinn 17. febrúar 1958. Með henni skuldbatt Ísland sig til að tryggja jöfn laun til kvenna og karla fyrir jafnverðmæt störf.

Á árinu 1964 fullgilti Ísland fyrir sitt leyti samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 111 um útrýmingu á hvers konar misrétti í atvinnu eða starfi.

Á árinu 1973 voru sett lög um Jafnlaunaráð, er kveða á um, að konum og körlum beri að fá sömu laun fyrir jafnverðmæt störf og atvinnurekendum sé óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði. Jafnlaunaráði er ætlað að tryggja framkvæmd laga um jafnrétti kynjanna í atvinnulífinu, og hefur starfsemi Jafnlaunaráðs gefið góða raun.

En þrátt fyrir lagalegt jafnrétti til menntunar, atvinnu, launa og stjórnmálalegrar þátttöku, þá ríkir hér enn nokkurt misrétti milli kvenna og karla á mörgum sviðum.

Til þess að flýta fyrir jafnréttisþróun ákváðu Sameinuðu þjóðirnar að árið 1975 yrði útnefnt alþjóðlegt kvennaár.

Á kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem haldin var í Mexico dagana 19. júní —2. júlí s. l., var samþykkt framkvæmdaáætlun til næstu 10 ára. Í þessari framkvæmdaáætlun voru ríkisstjórnir hvattar til að stuðla að jafnrétti kynjanna á öllum sviðum, m. a. með lagasetningu, sem kveði á um fullt jafnrétti í vinnumálum, menntamálum o. fl.

Búast má við, ef frumvarp þetta verður samþykkt, að það muni marka verulegt spor í þá átt að breyta ríkjandi viðhorfum og flýta fyrir því að fullt jafnrétti kynjanna náist í reynd.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í fyrstu grein kemur fram stefnuyfirlýsing löggjafans, þar sem tekið er fram, að tilgangur laganna sé að stuðla að jafnstöðu kvenna og karla á öllum sviðum. Samkvæmt því er hvers kyns mismunun vegna kynferðis óheimil.

Um 2. gr.

Fyrsta skilyrðið til þess að raunhæfu jafnrétti verði náð er að konum og körlum verði veittir jafnir möguleikar til menntunar og atvinnu og greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Er þessari grein ætlað að útrýma þeim mismun, sem ríkir í þessum efnum í atvinnulífinu og þjóðfélaginu yfirleitt.

Það er vissulega matsatriði hvaða störf geta talist jafnverðmæt og sambærileg og verður að meta það á hlutlausan hátt í hverju tilviki. Ljóst er að í mörgum tilvikum getur verið erfitt að meta hvort launamismunur á rót sína að rekja til þess, að verið sé að mismuna kynjum eða hvort munurinn stafi af öðrum orsökum.

Það sem meginmáli skiptir er að sömu reglur gildi fyrir konur og karla þegar laun eru ákveðin og að báðum kynjum séu veittar sömu aðstæður og sömu hlunnindi í sambandi við vinnu sína.

Um 3. gr.

Þessi grein er í samræmi við samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar frá 25. júní 1958 nr. 111, er varðar misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs. Með fullgildingu þeirrar samþykktar árið 1964 hefur íslenska ríkið skuldbundið sig til að fylgja stefnu, sem miði að því að koma á jafnrétti um vinnumöguleika eða meðferð í atvinnu og starfi og útrýma hvers konar misrétti í þessum efnum. Þetta er einnig í anda alþjóðasáttmála Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, sem Ísland undirritaði 30. des. 1968. Benda má á, að í 3. gr. samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 111 hefur hvert aðildarríki skuldbundið sig til þess m. a að setja þau lög, sem telja megi að tryggi, að stefnan um jafnrétti í þessum efnum verði viðurkennd og virt.

Eðlilegt er, að það komi skýrt fram í lögunum, að atvinnurekendum sé óheimilt að mismunandi starfsfólki eftir kynferði.

Um 4. gr.

4. gr. er efnislega í beinu framhaldi af 3. gr. Það kemur oft fyrir, að auglýsingar eru orðaðar á þann hátt, að ljóst er, að atvinnurekandi óskar frekar eftir karli en konu í starfið, eða öfugt. Greininni er ætlað að taka af allan vafa um það, að starf, sem auglýst er laust til umsóknar, skal vera opið jafnt körlum og konum, og eru auglýsingar, sem ganga í gagnstæða átt, óheimilar.

Um 5. gr.

Atvinnurekandi á að hafa vissa upplýsingaskyldu gagnvart umsækjendum, þegar bæði karl og kona sækja um sama starf. Án slíkrar upplýsingaskyldu væri erfitt fyrir þann, sem ekki hefur fengið starfið, að vita hvort um er að ræða brot á jafnstöðulögunum.

Val atvinnurekenda á starfsfólki er vitanlega matskennt. Það væri því mjög tímafrekt að sundurgreina í smáatriðum á hvaða ástæðum slíkt mat er byggt. Þess vegna er ekki gert ráð fyrir því, að atvinnurekandinn geri grein fyrir öllum þeim ástæðum, sem val hans hvílir á, heldur eingöngu að hann upplýsi hvaða menntun, starfsreynslu og þá sérstöku hæfileika, sem auðvelt er að benda á, sá hafi til að bera, sem ráðinn er í starfið.

Upplýsingaskyldan hvílir aðeins á atvinnurekendum í þeim tilvikum, þegar sá umsækjandi, sem krefst upplýsinga, er af gagnstæðu kyni við þann, sem starfið hefur

hlotið. Tilgangurinn með þessu ákvæði er sá að koma í veg fyrir mismunun kynjanna, og á því ákvæðið aðeins við í þeim tilvikum, þar sem upplýsingaskyldan getur haft þýðingu við framkvæmd jafnstöðulaganna.

Um 6. gr.

Ein aðalástæðan fyrir því, að konur eru víða verr settar en karlar í atvinnulífinu, er sú, að konur hafa oft minni menntun en karlar.

Mikilvægi menntunar fyrir jafnstöðu kvenna og karla er áréttað í 2. gr. laganna, þar sem sagt er, að konum og körlum skuli veittir jafnir möguleikar til menntunar.

Fræðslumálum er yfirleitt stjórnað af opinberum aðilum, og af aðalreglunni í 2. gr. leiðir, að jafnstaða kynjanna til menntunar gildir við allar menntastofnanir jafnt hjá hinu opinbera og einkaaðilum.

Því þykir rétt, að í lögunum sé ótvírætt ákvæði þess efnis, að konur og karlar sem starfa hjá sama atvinnurekanda skuli njóta sömu möguleika til framhaldsstarfsþjálfunar og til að sækja námskeið, sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings annarra og betri starfa, þótt þetta felist í rauninni í aðalreglunni í 2. gr.

Um 7. gr.

Þessi grein kveður á um það, að í skólum og öðrum menntastofnunum skuli veita fræðslu um jafnstöðumál kvenna og karla, og að kennslubækur og kennslutæki, sem þar eru notuð, skuli vera þannig úr garði gerð, að kynjum sé ekki mismunað.

Það er almennt viðurkennt, að eitt af verkefnum skólanna sé að stuðla að jafnrétti kvenna og karla. Þetta kemur fram í 7. gr. laga um skólakerfi nr. 55 frá 21. maí 1974, þar sem segir: „Í öllu starfi skóla skulu konur og karlar njóta jafnréttis í hvívetna, jafnt kennarar og nemendur.“

Öll fræðsla um jafnstöðumál kvenna og karla svo og kennslutæki, sem notuð eru í skólum, hafa mikil áhrif á mótun viðhorfa barna til jafnstöðumála. Þess vegna er eðlilegt að krefjast þess, að öll fræðsla, kennslubækur og önnur kennslutæki, sem notuð eru í því sambandi, séu þannig úr garði gerð, að þau byggi á jafnstöðusjónarmiðum.

Um 8. gr.

8. gr. bannar auglýsendum að birta nokkrar þær auglýsingar í orðum eða myndum, sem geti orðið öðru kyninu til minnkunnar eða lítilsvirðingar.

Þörf þykir á að hafa slíka grein í lögunum.

Ekki skiptir máli, hvar auglýsingin birtist, hvort heldur í dagblöðum, tímaritum, auglýsingaspjöldum, kvikmyndum, útvarpi, sjónvarpi o. fl. Einnig er ætlunin, að ljósaskilti, auglýsingar í verslunum eða á vörum, teljist til auglýsinga í þessu sambandi, þótt ekki birtist þær í fjölmiðlum.

Um 9. gr.

Gert er ráð fyrir skipun 5 manna Jafnstöðuráðs til þess að annast framkvæmd laganna. Kemur það í stað Jafnlaunaráðs, sem skipað var samkvæmt lögum nr. 37/1973.

Ætlast er til að framkvæmd laga þessara heyri undir Jafnstöðuráð.

Um 10. gr.

Jafnstöðuráð á að sjá um, að ákvæðum laganna sé framfylgt. Það tekur á móti ábendingum um brot á ákvæðum laganna og rannsakar málið af því tilefni til að komast að raun um það, hvort um brot sé að ræða. Upplýsingaskylda hvílir á opinberum stofnunum og félagasamtökum gagnvart Jafnstöðuráði.

Af greininni má sjá, að verkefni Jafnstöðuráðs eru margvísleg. Fyrst og fremst er verkefni ráðsins eftirlit með því að jafnréttisákvæðum laganna sé

framfylgt. Auk þess á það að vera ráðgefandi gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og félögum í málefnum, sem varða jafnstöðu kynjanna. Loks skal Jafnstöðuráð fylgjast með þjóðfélagsþróuninni í jafnréttismálum og stuðla að góðri samvinnu við samtök atvinnurekenda og launafólks svo og aðra þá aðila, sem jafnstöðumál kynjanna varða. Er ljóst, að jafnstöðuráð verður að standa að ýmsum félagslegum könnunum.

Um 11. gr.

Ef Jafnstöðuráð kemst að þeirri niðurstöðu, að rannsókn lokinni, að ákvæði laganna hafa verið brotin, þá á ráðið að beina rökstuddum tilmælum um ákveðnar úrbætur til hlutaðeigandi aðila. Ætlunin er sú, að unnt verði að leysa sem flest deilumál á þennan hátt, þannig að ábendingar Jafnstöðuráðs verði teknar til greina.

Ef aftur á móti ekki verður fallist á tilmæli ráðsins, þá er því heimilt, í samráði við hlutaðeigandi starfsmann að höfða mál í umboði hans til viðurkenningar á rétti hans.

Einstaklingur, sem leitar til Jafnstöðuráðs, á að geta notið allrar lögfræðilegrar aðstoðar, ef svo langt gengur, að málið fari fyrir dómstóla. Mál af þessu tagi eru í eðli sínu mannréttindamál ekki síður en kjaramál, og þykir því eðlilegt, að almennir dómstólar fjalli um slík mál en ekki Félagsdómur.

Um 12. gr.

12. gr. kveður á um skaðabótaábyrgð þess, sem af ásettu ráði eða gáleysi brýtur gegn lögum þessum, svo og um refsingu þá, sem heimilt er að beita og sérstaklega tekið fram, að slík brot varði eingöngu fésektum nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Það er ljóst, að brot á jafnstöðulögunum getur haft í för með sér fjárhagstjón fyrir einstakling, umsækjanda, sem ekki hefur fengið starf og af þeim sökum verið atvinnulaus um tíma, eða starfsmaður, sem ekki hefur fengið laun í samræmi við 2. gr. laganna.

Ef sá, sem er skaðabótaskyldur samkvæmt lögum þessum, greiðir ekki bætur af fúsum vilja, þá verður tjónþoli að leita til dómstóla til að ná rétti sínum. Almenningur mun í mörgum tilvikum hika við að fara þá kostnaðarsömu leið.

Til þess, að grein þessi verði ekki orðin tóm, þá ætti Jafnstöðuráð að aðstoða tjónþola við að leita réttar síns, annaðhvort með því að reka málið sjálft í umboði tjónþola, eða sjá um að hið opinbera greiði kostnað við málið.

Nánari reglur varðandi þetta ætti að setja í reglugerð.

Um 13. gr.

Þessi grein kveður á um það, að héraðsdómari skuli kveðja til 2 meðdómendur þegar hann fer með mál út af brotum á lögum þessum.

Kvaðning sérstakra meðdómenda á að tryggja, að mál hlutaðeigandi einstaklings fái svo réttláta meðferð sem unnt er, þar sem hér yrði um nokkuð sérstæð mál að ræða.

Tekið er fram, að kveðja skuli fremur til menn, sem hafa víðtæka þekkingu á kjaramálum launþega og jafnréttismálum.

Um 14., 15. og 16. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. **403. Frumvarp til laga** [15. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940.

(Eftir 2. umr. í Nd., 8. mars.)

I. KAFLI

1. gr.

40. gr. laganna orðist svo:

Þegar fangi hefur tekið út ⅔ hluta refsitímans, en þó minnst 3 mánuði, getur dómsmálaráðherra eða annað stjórnvald, sem hann felur úrlausn slíks máls, ákveðið að fanginn skuli látinn laus til reynslu.

Reynslulausn má þó veita, ef sérstaklega stendur á, þegar liðinn er helmingur refsitímans.

Reynslulausn úr fangelsi verður ekki veitt, ef slíkt þykir óráðlegt vegna haga fangans, enda skal honum vís hentugur samastaður og vinna eða önnur kjör, sem nægja honum til lífsuppeldis. Yfirlýsing hans skal og fengin um það, að hann vilji hlíta skilyrðum þeim, sem sett eru fyrir reynslulausn.

Þegar fangi fær lausn til reynslu, skal afhenda honum skírteini, er greini skilyrði fyrir reynslulausn og hverju skilorðsrof varði.

2. gr.

41. gr. orðist svo:

Reynslutími skal vera allt að 3 árum. Nú er refsivist sú, sem eftir stendur, lengri en 3 ár, og má þá ákveða reynslutíma allt að 5 árum.

Það er skilyrði reynslulausnar, að aðili gerist ekki sekur um nýtt brot á reynslutíma. Ákveða má, að reynslulausn skuli vera bundin því skilyrði, að aðili sé háður umsjón og eftirliti samkvæmt 14. gr. laga nr. 38 24. apríl 1973, allan eða nánar tiltekinn hluta reynslutímans. Enn fremur má binda reynslulausn þeim skilyrðum, nokkrum eða öllum, sem greinir í 3. málsgr. 57. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 22 3. maí 1955. Skilyrði um vistun á hæli getur þó eigi staðið lengur en til loka refsitímans.

Dómsmálaráðherra eða stjórnvald, sem hann felur úrlausn máls, tekur ákvarðanir samkvæmt 1. og 2. málsgr. og getur vegna breyttra ástæðna fellt skilyrði niður að nokkru leyti eða öllu.

3. gr.

42. gr. orðist svo:

Fremji aðili nýtt brot, eftir að hann hlaut reynslulausn og réttarrannsókn út af því hefst fyrir lok reynslutíma, og ákveður þá dómstóll, sem fjallar um mál þetta, refsingu í einu lagi fyrir brot það, sem nú er dæmt um, og svo með hliðsjón af refsivist, sem ólokið er, samkvæmt reglum 60. gr., sbr. 7. gr. laga nr. 22 3. maí 1955, þannig að refsivist eftir eldra dómi er virt með sama hætti og skilorðsdómur.

Rjúfi aðili skilorð að öðru leyti, svo og ef hann fremur ótvírætt brot á alm. hegningarlögum, getur dómsmálaráðherra eða stjórnvald, sem hann felur úrlausn þess máls, ákveðið, hvort breytt skuli skilyrðum og reynslu- og/eða tilsjónartími lengdur allt að lögmæltu hámarki hans eða að aðili taki út refsingu, sem eftir stendur.

Nú er ekki tekin ákvörðun um, að aðili taki út refsivist, sem hann átti ólokið, sbr. 1. og 2. málsgr., og telst refsingu þá fullnægt á því tímamarki, er aðili fékk reynslulausn.

Nú er ákveðið að láta aðila taka út eftirstöðvar refsitíma, sbr. 2. málsgr., og má þá veita reynslulausn, þótt eigi sé fullnægt tímaskildögum þeim, sem greinir

í 1. og 2. málsgr. 40. gr. Í þessu tilviki gilda ákvæði 41. gr. um reynslutíma, þó þannig að frá er dreginn sá tími, sem aðili hefur notið reynslulausnar áður.

Nú er aðili, sem sætt hefur nokkrum hluta refsivistar, náðaður skilorðsbundið, og er þá heimilt að setja aðila þau skilyrði, að hann hlíti ákvæðum 1.—4. málsgr. þessarar greinar.

II. KAFLI

4. gr.

1. málsgr. 232 gr. laganna orðist svo:

Ef maður, þrátt fyrir áminningu lögreglunnar, raskar friði annars manns með því að ásækja hann, ofsækja hann með bréfum eða ónáða hann á annan svipaðan hátt, þar á meðal með símhringingum, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Áminning lögreglunnar hefur gildi í 5 ár.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 404. Lög [43. mál]

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

(Afgreidd frá Ed. 8. mars.)

Samhljóða þskj. 396 (sbr. 47).

Sþ. 405. Tillaga til þingsályktunar [193. mál]

um notkun innlendrar orku til upphitunar húsa í Norðurlandskjördæmi eystra.

Flm.: Ingi Tryggvason, Ingvar Gíslason, Stefán Valgeirsson, Jón G. Sólnes, Lárus Jónsson, Stefán Jónsson.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðuneytinu að beita sér fyrir gerð áætlunar um notkun og dreifingu innlendrar orku til hitunar húsa í Norðurlandskjördæmi eystra, ásamt kostnaðaráætlun um nauðsynlegar endurbætur á dreifikerfi raforku. Kostnaður við áætlunargerðina greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Með þingsályktunartillögu þessari er ráð fyrir því gert, að iðnaðarráðuneytið beiti sér fyrir áætlunargerð um notkun innlendra orkugjafa til upphitunar húsa á ákveðnu landssvæði, nánar til tekið í Norðurlandskjördæmi eystra. Þykir flutningsmönnum mjög tímabært, að slík áætlun sé gerð nú þegar, þar sem líkur benda til að innan skamms verði beisluð nægileg orka á svæðinu til að fullnægja húshitunarþörf. Miklu máli skiptir, að á þeim tímamótum, sem nú virðast vera í orkumálum norðlendinga, sé sem gerst að því hugað, hvernig dreifing og nýting þessarar orku verði sem haganlegast fyrir komið.

Flutningsmönnum er ljóst, að um allt land er þörf slíkra áætlana sem hér er gert ráð fyrir. Hins vegar er nú ljósara í Norðurlandskjördæmi eystra en víða annars staðar, hverjir möguleikar eru fyrir hendi um öflun heits vatns til upphitunar

húsa. Þess vegna er nauðsynlegt að gera sem fyrst úttekt á því, hvar henta muni að nota heitt vatn og hvar raforku til húsahitunar. Bráð nauðsyn er fyrir sveitarstjórnir og einstaklinga að þessir aðilar eigi leiðbeininga kost í þessu efni. Að dómi flutningsmanna ber fyrst og fremst að skoða þessi mál frá almennu þjóðhagslegu sjónarmiði, þar sem gera verður ráð fyrir, að þeir tímar komi, að þessir orkugjafar verði verðlagðir sem jafnast til sambærilegra nota.

Þá er nú mjög tímabært að gera áætlun um dreifingu raforku til húsahitunar og annarra almennra nota á umræddu landssvæði. Rafveðing svæðisins hefur að miklu leyti verið við það miðuð, eins og reyndar víðast annars staðar, að brýnustu þörfum orkudreifingar til heimilisnota væri fullnægt. Ef taka á upp almenna notkun rafmagns til húsahitunar á þeim svæðum, sem heitt vatn nær ekki til, þarf víða að styrkja og endurbæta dreifikerfið. Nauðsynlegt er að fá úr því skorið sem fyrst, hvar endurbóta er þörf og hvað þær kosta.

Einnig er nauðsynlegt að taka til athugunar breytingu dreifikerfisins úr einum fasa í þrjá. Aukin almenn notkun rafmagns í dreifbýli veldur því, að sífellt eykst nauðsyn þess, að notendur njóti almennt þriggja fasa rafmagns, en alkunna er, að einfasa rafmótorar eru um það bil þrisvar sinnum dýrari en þriggja fasa mótorar, auk þess sem ending hinna fyrrnefndu er minni.

Nd. 406. Frumvarp til laga [194. mál]

um setningu reglna um íslenska stafsetningu.

Frá menntamálaráðherra.

1. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglur um íslenska stafsetningu. Skulu þær gilda um stafsetningarkennslu í skólum, um kennslubækur útgefnar á kostnað ríkisins eða styrktar af ríkisfé, svo og um embættisgögn sem út eru gefin.

2. gr.

Um setningu reglna samkvæmt 1. gr. skal ráðuneytið leita tillagna nefndar, sem skal þannig skipuð: Einn tilnefndur af deildarráði heimspekideildar Háskóla Íslands úr hópi fastra kennara háskólans í íslenskri málfræði, þ. e. prófessora, dósenta og lektora, annar tilnefndur af Íslenskri málnefnd úr hópi nefndarmanna, en hinn þriðji af stjórn Félags íslenskra fræða, og skal hann vera móðurmálskennari á grunnskóla- eða framhaldsskólastigi. Ráðherra skipar einn nefndarmanna formann.

Heimilt er ráðuneytinu að leita umsagnar um tillögur nefndarinnar hjá öðrum sérfróðum aðilum um íslenska tungu og móðurmálskennslu.

3. gr.

Við framkvæmd laga þessara skal þess gætt að stuðlað sé að æskilegri festu í stafsetningu og reglum ekki breytt örar en nauðsynlegt þykir til samræmis við eðlilega málþróun.

4. gr.

Áður en settar eru stafsetningarreglur eða gerðar breytingar á þeim, skal aflað heimildar sameinaðs Alþingis í formi þingsályktunar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að setja ákveðin fyrirmæli um hvernig standa skuli að því að setja reglur um íslenska stafsetningu. Ekki þykir eðlilegt að binda það í löggjöf, hvernig stafsetningu skuli háttað, heldur séu um það ákvæði í lögum hvernig ákvörðun um þau efni skuli bera að. Engin löggjöf er nú í gildi um þessi mál og hafa því auglýsingar þær um íslenska stafsetningu sem út hafa verið gefnar þrisvar eða öllu heldur fjórum sinnum á þessari öld, ekki átt við lagafyrirmæli að styðjast. Auglýsingar þær, sem hér um ræðir, eru þessar:

1) Auglýsing nr. 15/1918, um eina og sömu stafsetningu í skólum og á skólabókum,
2) Auglýsing um íslenska stafsetningu, sbr. Lögbirtingablað nr. 9, 22. ár, 28. febrúar 1929,
3) Auglýsing nr. 272/1973, um afnám z, og
4) Auglýsing nr. 132/1974, um íslenska stafsetningu.

Þess ber að geta að auglýsing um afnám z, nr. 272/1973, var felld inn í auglýsingu nr. 132/1974 með mjög smávægilegum breytingum, einkum orðalagsbreytingum.

Um einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um, að menntamálaráðuneytið setji reglur um íslenska stafsetningu, og gildissvið slíkra reglna skilgreint.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um skipun nefndar, sem leitað skuli til um tillögur áður en stafsetningarreglum sé breytt. Gert er ráð fyrir, að í nefndinni sitji menn með sérþekkingu á íslenskri tungu og reynslu af kennslu móðurmálsins. Um verkefni Íslenskrar málnefndar, sem er einn tilnefningaraðila, er vísað til reglna um starfsemi hennar, nr. 49/1965 (sbr. og auglýsingu nr. 32/1966), sem prentaðar eru með frumvarpinu sem fylgiskjal.

Síðari málsgrein greinarinnar lýtur að því, að ráðuneytið geti leitað umsagnar um tillögur nefndarinnar hjá ýmsum sérfróðum aðilum, ef ástæða þykir til.

Um 3. gr.

Hér er lögð áhersla á að festa sé æskileg í stafsetningu, og er greininni ætlað að tryggja, að þeirra sjónarmiða verði gætt við framkvæmd laganna.

Um 4. gr.

Með þessu ákvæði er ætlast til, að þær stafsetningarreglur eða breytingar á þeim, sem menntamálaráðuneytið hyggst gefa út að fengnum tillögum sérfræðinga, sbr. 2. gr., verði hverju sinni lagðar fyrir sameinað Alþingi sem fylgiskjal með tillögu til þingsályktunar um heimild handa ráðherra til þess að setja nýjar reglur eða breyta gildandi reglum. Þannig er reynt að tryggja hvort tveggja, að sjónarmið sérfræðinga njóti sín, en verði þó ekki gerð gildandi án þess að Alþingi hafi kynnt sér þau og samþykkt.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

REGLUR
um starfsemi Íslenzkrar málnefndar.
(Nr. 49/1965.)

Með bréfi, dags. 30. júlí 1964, hefur menntamálaráðuneytið stofnað nefnd, sem vinna á að íslenzku málverndarstarfi. Þessari nefnd, sem bera skal nafnið **Íslenzk málnefnd**, eru settar eftirfarandi reglur:

1. gr.

Íslenzk málnefnd er ráðgjafarstofnun. Henni ber að veita opinberum stofnunum og almenningi leiðbeiningar um málleg efni á fræðilegum grundvelli.

Af sérstökum verkefnum, sem henni ber að sinna, skulu þessi talin:

1. Nefndin skal annast söfnun nýyrða og útgáfu þeirra og jafnframt vera til aðstoðar við val nýyrða og við nýyrðasmíði. Auk þess skal hún leitast við að fylgjast með því, hver nýyrði ná festu í málinu.
2. Nefndin skal hafa samvinnu við nýyrðanefndir, sem einstök félög eða stofnanir hafa sett á fót, og vera þeim til aðstoðar.
3. Nefndin skal svara fyrirspurnum, sem henni berast frá stofnunum eða einstaklingum, og leitast við að hafa góða samvinnu við aðilja, sem mikil áhrif hafa á málfar almennings, svo sem blöð, útvarp og skóla. Allar fyrirspurnir og svör skulu geymd í plöggum nefndarinnar.
4. Nefndin skal hafa samstarf við norrænu málanefndirnar og senda fulltrúa á hin árlegu þing þeirra, ef við verður komið.

Auk þess getur ráðuneytið falið málnefndinni önnur verkefni, sem varða íslenzkt mál, svo sem stafsetningarmál, ráðgjafarstarf um útgáfu handbóka og kennslubóka o. s. frv.

2. gr.

Í Íslenzkri málnefnd skulu eiga sæti 3 aðalmenn og 1 varamaður, skipaðir af menntamálaráðherra. Skulu 2 aðalmenn vera kennarar í íslenzkum fræðum við Háskóla Íslands eða starfsmenn við stofnanir háskólans.* A. m. k. einn aðalmanna skal hafa lokið háskólaprófi í íslenzkri málfræði sem sérgrein. Skipunartími nefndarinnar er 4 ár. Nefndin kýs sér formann.

3. gr.

Menntamálaráðherra ákveður þóknun til nefndarmanna, svo og til sérfræðinga, sem nefndin leitar til. Formaður annast fjárreiður nefndarinnar og gefur ráðuneytinu árlega skýrslu um þær. Hann ræður aðstoðarmann í samráði við nefndina og semur um þóknun til hans í samráði við menntamálaráðuneytið.

Menntamálaráðuneytið, 10. marz 1965.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

* Sbr. auglýsingu nr. 32/1966.

Nd. 407. Frumvarp til laga [195. mál]

um skattfrelsi bókmennta- og tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi, 1975—76.)

1. gr.

Bókmennta- og tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs skulu undanþegin tekjuskatti og útsvari þegar þau falla íslenskum ríkisborgurum í skaut.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eins og kunnugt er hafa bókmenntaverðlaun og tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs fyrir árið 1976 fallið íslendingum í skaut, þeim Ólafi Jóhanni Sigurðssyni rithöfundi og Atla Heimi Sveinssyni tónskáldi. Telur ríkisstjórnin eðlilegt að verðlaun þessi verði undanþegin tekjuskatti og útsvari en að óbreyttum lögum myndi 1/4 hluti þeirra skattskyldur. Þegar Halldór Laxness hlaut Nóbelsverðlaunin, þá voru þau með sérstökum lögum undanþegin tekjuskatti og útsvari, á sama hátt voru Sonning verðlaunin, sem sami rithöfundur hlaut, undanþegin þessum gjöldum með sérstökum lögum.

Á Norðurlöndum gilda mismunandi reglur um skattlagningu slíkra verðlauna. Á Íslandi myndu bókmennta- og tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs eins og áður segir skattlögð að 1/4 hluta en í Danmörku greiðist skattur af allri fjárhæðinni. Í Svíþjóð eru verðlaunin skattfrjáls en nokkurt vafamál virðist vera að hve miklu leyti verðlaunin eru skattskyld í Finnlandi og Noregi, en þó er talið líklegt að ekki myndi krafist skatts af þeim.

Á fundi menntamálaráðherra Norðurlanda, sem haldinn var í Kaupmannahöfn fyrir nokkrum dögum, kom fram að dönsk stjórnvöld hafa í hyggju að gera bókmennta- og tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs skattfrjáls og af Íslands hálfu var lagt til að þau yrðu gerð skattfrjáls í öllum aðildarlöndunum.

Sþ. 408. Fyrirspurn [196. mál]

til iðnaðarráðherra um könnun á notagildi leirs í Dalasýslu til iðnaðarframleiðslu.

Frá Ingiberg J. Hannessyni og Friðjóni Þórðarsyni.

1. Leiðir könnun sú, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum á notagildi leirs í Dalasýslu, til þess að fyrirhuguð sé vinnsla leirsins með stofnun tilraunaverksmiðju í sýslunni?
2. Ef um jákvæðar niðurstöður er að ræða í þessu sambandi, hvenær má þá vænta þess, að hafist verði handa um stofnun og starfrækslu slíkrar verksmiðju?

Sþ. 409. Nefndarálit [129. mál]

um till. til þál. um stofnlánasjóð vegna stórra atvinnubifreiða og stórvirkra vinnuvéla.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og kynnt sér umsagnir er borist höfðu allshn. um till. á síðasta þingi.

Nefndin mælir eindregið með samþykkt tillögunnar og telur eðlilegt að ræktunarsamböndum verði gefinn kostur á aðild að sjóðnum.

Alþingi, 10. mars 1976.

Páll Pétursson, form., frsm.	Gils Guðmundsson, fundaskr.	Sverrir Hermannsson.
Jón G. Sólnes.	Karvel Pálmason.	Steingr. Hermannsson.

Ed. 410. Frumvarp til laga [197. mál]

um opinberar fjársafnanir.

Flm.: Helgi F. Seljan.

1. gr.

Heimilt er stofnunum, félögum eða samtökum manna að gangast fyrir almennum fjársöfnunum í sérhverjum löglegum tilgangi.

Nú gangast samtök fyrir fjársöfnun, og skulu þá minnst þrír menn bera ábyrgð á söfnuninni hverju sinni, og skulu a. m. k. tveir þeirra vera fjárráða íslenskir ríkisborgarar, sem lögheimili eiga hér á landi.

2. gr.

Fjársöfnun er opinber, ef henni er beint til annarra en þeirra, sem tengdir eru persónulegum eða félagslegum tengslum við þá, sem fyrir slíkum fjársöfnunum standa, eða standa í sérstöku sambandi við þá.

3. gr.

Tilkynna skal viðkomandi lögreglustjóra opinbera fjársöfnun, áður en hún hefst. Tilkynning skal send lögreglustjóra, þar sem stofnun eða félag hefur varnarþing.

Ef stofnun eða félag stendur ekki fyrir fjársöfnun, skal tilkynna hana til lögreglustjóra, þar sem einhver þeirra, sem ábyrgð bera á söfnuninni, á lögheimili.

Slík tilkynning skal bera með sér:

a) hver standi fyrir fjársöfnuninni,
b) hvenær fjársöfnun skuli fara fram,
c) hvar fjársöfnun skuli fara fram,
d) hvernig fjársöfnun skuli fara fram,
e) og í hvaða tilgangi fjársöfnun fer fram.

4. gr.

Opinber fjársöfnun á götum eða í húsum er háð leyfi dómsmálaráðuneytisins. Fjársöfnun með keðjubréfum er óheimil.

5. gr.

Fé því, sem safnast kann, skal komið fyrir á banka- eða gíróreikningi, sem stofnaður er í þessu sérstaka tilefni.

Óheimilt er að nota féð í öðrum tilgangi en upphaflega var aflað, nema með leyfi dómsmálaráðuneytisins.

6. gr.

Halda skal nákvæmt reikningshald yfir söfnunarfé og öll útgjöld við hverja fjársöfnun. Skal reikningshaldið endurskoðað af löggiltum endurskoðanda eða þeim, er dómsmálaráðuneytið kann að útnefna til slíks.

7. gr.

Áður en 6 mánuðir eru liðnir frá því að fjársöfnun lýkur, skal reikningsyfirlit hennar birt a. m. k. einu sinni í dagblaði, vikublaði eða á annan hátt. Sé söfnunarfé innan við 100 þús. krónur, nægir þó að tilkynna opinberlega, að reikningsyfirlit fjársöfnunarinnar sé til sýnis í a. m. k. 14 daga á nánar tilteknum stað.

Viðkomandi lögreglustjóra skal og sent reikningsyfirlit söfnunarinnar ásamt tilkynningu um, hvar og hvenær birting skuli fara fram.

8. gr.

Lög þessi gilda ekki um:

1) Söfnun á notuðum verðlitlum hlutum.
2) Fjársafnanir á vegum dagblaðs í opinberu góðgerðarskyni, ef viðkomandi dagblað birtir skrá yfir framlag allra gefenda. Enn fremur skal viðkomandi dagblað birta viðurkenningu þeirra, er veita fénu viðtöku að söfnun lokinni.
3) Fjársafnanir við guðsþjónustur eða á samkomum, sem haldnar eru á vegum trúarfélaga.

9. gr.

Dómsmálaráðuneytið getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á 94. og 96. löggjafarþingi og varð ekki útrætt í hvorugt skiptið. Því fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

Fjársafnanir ýmiss konar eru orðnar mjög algengar. Jafnan fara þær fram í góðum tilgangi, og það skal fram tekið, að engin sérstök ástæða til tortryggni liggur að baki þessa frumvarps. Hins vegar skortir nokkuð á um lagasetningu, sem ákvarði fyrirkomulag og uppgjör slíkra fjársafnana.

Ekki er það óalgengt, að fjársafnanir skili milljónum í hendur þeirra, sem fyrir þeim standa, og almenningur, sem þarna leggur fram sína fjármuni, á siðferðilega heimtingu á því að vita niðurstöður söfnunar og ráðstöfun fjárins.

Hverjum þeim aðila, er að fjársöfnun stendur, á einnig að vera það ljúft að sýna allt á hreinu, svo að enginn blettur geti fallið á aðstandendur eða markmið slíkrar söfnunar. Hér virðist vanta allmjög nánari lagafyrirmæli. Þetta frumvarp, sem mjög er sniðið eftir löggjöf í Danmörku, miðar að því, að hér komist á fastar og skýrar reglur um framkvæmd og skipulag slíkra fjársafnana. Það skal rækilega undirstrikað, að hér er á engan hátt verið að bregða fæti fyrir heilbrigðar fjársafnanir, frekar er hér um að ræða undirstrikun á tilvist þeirra og réttmæti, en um leið ætti að vera hægar að stemma stigu við fjársöfnunum, sem engan rétt ættu á sér.

Einnig ætti ákveðin lagasetning að koma í veg fyrir óþarfa og óréttmæta tortryggni, en reyndar skýra eðli og tilgangur frumvarpsins sig fullkomlega.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

1. gr. — Skýrir sig sjálf.

2. gr. — Grein þessi kveður á um það, hvað átt sé við með opinberum fjársöfnunum. Skv. greininni er gert ráð fyrir því, að allar fjársafnanir séu opin-

berar, ef þær eiga sér ekki stað innan persónulegra eða félagslegra tengsla milli þess, sem safnar, og þess, sem lætur fé af hendi rakna, eða byggja á sérstöku sambandi þeirra á milli. Safnanir innan félaga eða samtaka, sem aðeins ná til meðlima, eru skv. þessu frjálsar, enda eiga þá viðkomandi greiðan aðgang að öllum gögnum og uppgjöri slíkra safnana.

3. gr. — Heimild til opinberra fjársafnana er bundin leyfi lögreglustjóra á þeim stað, sem félag eða stofnun á varnarþing eða ábyrgðarmaður söfnunar á lögheimili, ef félag eða stofnun stendur ekki fyrir fjársöfnuninni. Í þessu sambandi gildir einu, hvort söfnunin sjálf er bundin ákveðnum svæðum eða nær til landsins alls.

Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

4. gr. — Í 1. mgr. þessarar gr. er kveðið á um það, að fjársafnanir á götum eða í húsum séu háðar leyfum.

Safnanir á götum og í húsum, geta verið af margs konar tagi og í ýmsum tilfellum, þannig að ástæðulaust er að amast við þeim. En með tilliti til þeirra óþæginda, sem slíkar safnanir geta valdið þeim, sem ekki hafa áhuga á að láta fé af hendi rakna til þeirra, þykir rétt að binda þær leyfi dómsmálaráðuneytisins.

Í samræmi við ofangreindar röksemdir falla safnanir í samskotakassa eða potta utan við ákvæði greinarinnar.

Í 2. mgr. er lagt til, að keðjubréf í fjársöfnunarskyni séu óheimil, hverju nafni sem slíkar safnanir nefnast og í hvaða tilgangi þær kunna að vera gerðar.

5. gr. — Sjálfsagt verður að teljast, að innkomið söfnunarfé sé lagt inn á sérstakan reikning, en á engan hátt blandað saman við t. d. fjármál félagssamtakanna, er fyrir þeim standa. Greinin skýrir sig sjálf að öðru leyti.

6. gr. — Hér er reikningshald gert að skyldu, enda forsenda þess, að hægt sé að sannfæra sig um það, að rétt sé að staðið. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að hvorki í Noregi né Svíþjóð er til að dreifa lögum um opinberar fjársafnanir.

Í Noregi eru hins vegar slíkar fjársafnanir háðar leyfum lögregluyfirvalda. Á hinn bóginn eru þar starfandi frjáls samtök í tengslum við atvinnulífið, sem hafa það að verkefni að fylgjast með og yfirfara reikningsskil fjársafnana.

Þessu er einnig þannig farið í Svíþjóð. Samtök af sama tagi fylgjast með fjársöfnunum í tengslum við atvinnulífið og hafa m. a. gert samninga við póstyfirvöld um gíróþjónustu á þessu sviði. Í Svíþjóð er það gert að skilyrði ofangreindu fyrirkomulagi, að reikningsskil séu endurskoðuð af löggiltum endurskoðanda eða viðurkenndum að öðru leyti.

7. gr. — Greinin ákvarðar birtingu á niðurstöðum fjársöfnunar, og eru aðferðir mismunandi eftir heildarfjárhæð söfnunar. Þannig hvílir eðlilega meiri og betri upplýsingaskylda á þeim, sem safna hundruðum þúsunda eða milljónum króna.

Nauðsynlegt verður að teljast, að leyfisveitandi fái öll gögn í sínar hendur.

8., 9., 10. og 11. gr. — Skýra sig sjálfar.

Ed. 411. Frumvarp til laga [198. mál]

um Búnaðarbanka Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—1976.)

I. KAFLI
Hlutverk og skipulag bankans.

1. gr.

Búnaðarbanki Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, undir sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Búnaðarbanka Íslands. Til þess að taka lán erlendis, án tryggingar í sjálfs sín eignum, þarf bankinn sérstaka lagaheimild hverju sinni.

3. gr.

Meginhlutverk bankans er að styðja landbúnað og greiða jafnframt fyrir fjármálaviðskiptum annarra atvinnugreina.

4. gr.

Búnaðarbanki Íslands hefur heimili sitt og varnarþing í Reykjavík, en auk þess getur hann haft útibú, þar sem bankaráð og bankastjórn ákveða, að fengnu áliti Seðlabanka Íslands og leyfi ráðherra.

II. KAFLI
Um starfsemi bankans.

5. gr.

Hlutverk sitt leysir Búnaðarbankinn af hendi með því:

a. að taka við fé til ávöxtunar og varðveislu með hlaupareiknings- eða sparisjóðskjörum;
b. að kaupa og selja víxla, tékka og ávísanir;
c. að kaupa og selja verðbréf;
d. að veita hvers konar lán önnur gegn tryggingum, sem bankinn metur gildar;
e. að taka við geymslufé (depositum) og hafa með höndum umsjón og varðveislu eigna;
f. að annast önnur venjuleg viðskiptabankastörf.

6. gr.

Stjórn bankans skal gæta þess, að bankinn eigi ávallt hæfilegan hluta eigna sinna í auðseldum verðbréfum, víxlum og lánum, sem fást greidd með skömmum fyrirvara. Skal eign bankans í ríkistryggðum verðbréfum og öðrum tryggum og auðseldum verðbréfum nema að minnsta kosti 15% af innlánsfé með sparisjóðskjörum.

III. KAFLI
Um veðdeild bankans.

7. gr.

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands starfar sem fjárhagslega sjálfstæð deild undir sömu stjórn og Búnaðarbankinn. Um hana gildir áfram III. kafli laga nr. 115 7. nóvember 1941, um Búnaðarbanka Íslands, sbr. og 26. gr. þessara laga.

IV. KAFLI
Stjórn bankans og reikningsskil.

8. gr.

Yfirstjórn bankans er í höndum ráðherra þess, er fer með landbúnaðarmál. Hann setur bankaráði og bankastjórum erindisbréf og ákveður laun bankaráðsmanna. Laun bankastjóra skulu ákveðin af bankaráði með samþykki ráðherra. Stjórn bankans er að öðru leyti í höndum þriggja manna bankastjórnar.

9. gr.

Bankaráð skipa fimm menn kosnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn, ásamt jafnmörgum til vara. Ráðherra skipar einn hinna kjörnu aðalmanna formann bankaráðs til fjögurra ára, en annan varaformann til jafnlangs tíma. Varamaður tekur laun í stað aðalmanns þann tíma, er hann starfar í bankaráðinu.

10. gr.

Bankastjórn Búnaðarbanka Íslands er skipuð þrem bankastjórum, sem bankaráð ræður. Skulu þeir ráðnir með 12 mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Þó getur bankaráð vikið bankastjóra frá fyrirvaralaust, án sérstakrar launagreiðslu, ef hann hefur brotið af sér í starfi. Bankaráð skal skýra bankastjóra skriflega frá ástæðum fyrir uppsögn eða frávikningu hans úr starfi.

Heimilt er bankaráði að ráða aðstoðarbankastjóra.

Ekki mega bankastjórar reka atvinnu sjálfir, ekki vera í stjórn atvinnufyrirtækja eða hafa með höndum önnur launuð störf, nema samþykki bankaráðs komi til.

11. gr.

Bankaráð skal koma saman til fundar minnst einu sinni í mánuði, og oftar ef þörf krefur að mati bankaráðs, bankastjórnar eða meirihluta bankaráðsmanna.

Bankaráðsfundir eru lögmætir ef þrír bankaráðsmenn eru á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum.

Bankastjórar eiga rétt á að sitja fundi bankaráðs og taka þátt í umræðum, nema rætt sé um mál, er varða bankastjórana sjálfa. Þeir skulu gefa bankaráði reglulega skýrslur um starfsemi bankans.

12. gr.

Bankaráð hefur yfirumsjón með starfsemi Búnaðarbankans. Það gerir tillögur um reglugerð bankans, sem ráðherra setur, og ákveður verkaskiptingu bankastjóra.

13. gr.

Bankaráð ræður aðalféhirði og aðalbókara og stjórnendur útibúa bankans. — Alla aðra starfsmenn ræður bankastjórnin og segir þeim upp starfi. — Bankaráð ákveður laun starfsmanna bankans.

14. gr.

Bankastjórn Búnaðarbankans hefur æðstu stjórn allrar daglegrar starfsemi bankans, eftir nánari fyrirmælum reglugerðar bankans og ákvörðun bankaráðs.

Bankastjórnin ráðstafar fé bankans og stendur fyrir rekstri hans. Henni ber að sjá um, að bankareksturinn sé í öllum greinum samkvæmt lögum þessum og reglugerð bankans.

Tveir bankastjórar skulu undirskrifa svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, önnur verðbréf eða skriflegar skuldbindingar. Þó er bankaráðinu heimilt að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann í þessum efnum með undirskrift sinni, ásamt einum bankastjóra, svo og að veita ákveðnum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann með undirskrift sinni, eftir reglum, sem ákveðnar skulu í reglugerð. Í reglugerð má einnig setja ákvæði um tilteknar skuldbindingar, þannig að þær undirriti tveir bankastjórar og eigi aðrir, svo að gilt sé.

15. gr.

Starfsár Búnaðarbankans er almanaksárið. Ársreikninga skal birta í Stjórnartíðindum, en auk þess skal við hver mánaðamót birta yfirlit um efnahag bankans.

— Reikningar bankans skulu endurskoðaðir af tveimur endurskoðendum, sem Alþingi kýs hlutbundinni kosningu til tveggja ára í senn. Landbúnaðarráðherra úrskurðar reikninga bankans.

16. gr.

Af tekjum hvers árs skal greiða kostnað við rekstur bankans, svo og töp vegna afskrifaðra lána, samkvæmt ákvörðun bankaráðs. Tekjuafgangi skal bankaráðið ráðstafa til varasjóðs og annarra hliðstæðra sjóða bankans, að fengnum tillögum bankastjórnar.

17. gr.

Bankaráðsmenn, bankastjórar og allir starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu um allt það, er snertir hag viðskiptamanna bankans og þeir fá vitneskju um í starfi sínu. — Ekki mega bankastjórar né starfsmenn vera skuldskeyttir bankanum, hvorki skuldunautar né ábyrgðarmenn annarra.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

18. gr.

Bankinn er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum hverju nafni sem nefnast, þar á meðal til ríkissjóðs og sveitarsjóða eða annarra stofnana, nema annað sé ákveðið í sérstökum lögum. — Bækur bankans, ávísanir og hvers konar skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum bankans og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.

19. gr.

Glatist viðtökuskírteini, er bankinn hefur gefið út fyrir handveði eða geymslufé eða fyrir innláni, eða viðskiptabók fyrir sparisjóðsinnlagi eða öðrum innlögum, getur bankastjórnin stefnt til sín handhafa þessa viðtökuskírteinis eða viðskiptabókar með sex mánaða fyrirvara og birt stefnuna þrisvar sinnum samfleytt í Lögbirtingablaði, og ef enginn hefur sagt til sín, áður en fyrirvarinn er liðinn, getur hún greitt þeim manni upphæðina, sem fengið hefur viðtökuskírteinið eða viðskiptabókina, án þess að nokkur annar, er viðtökuskírteinið eða viðskiptabókin kann að hafa verið framseld til, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum.

20. gr.

Fé ófullráða manna og almannastofnana má setja á vöxtu í bankanum.

21. gr.

Fé það, sem lagt hefur verið í bankann, ásamt vöxtum þess, er undanþegið kyrrsetningu eða löghaldi, meðan það stendur þar.

22. gr.

Bankinn hefur rétt til að láta starfsmenn sína selja verðbréf og annað, sem hann hefur fengið að handveði, við uppboð á hverjum þeim stað, er þykir til þess fallinn, en aðvara skal hann veðsala um þetta í votta viðurvist með átta daga fyrirvara. Nú er veðsali ókunnur eða menn vita ekki um heimili hans, og skal þá bankinn stefna hlutaðeiganda með fjórtán daga fyrirvara til þess að leysa veðið með auglýsingu í Lögbirtingablaði.

23. gr.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett í Búnaðarbankanum, og geta

þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal bankanum eða útibúi því, er í hlut á, gert viðvart svo tímanlega, að hægt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

24. gr.

Veðdeild bankans, Stofnlánadeild landbúnaðarins og Byggingarstofnun landbúnaðarins taka hver um sig þátt í sameiginlegum kostnaði við stjórn, rekstur og húsnæði bankans. Skipting kostnaðarins ákveður bankastjórn með samþykki ráðherra.

25. gr.

Með reglugerð fyrir bankann má setja þau ákvæði um stjórn hans og starfsemi, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sé gert sérstaklega ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau eigi í bág við nein ákvæði í lögunum.

26. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 115 frá 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands, nema III. kafli laganna um veðdeild bankans.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar lögin um Seðlabanka Íslands voru sett 1961, voru lögin um Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands tekin til gagngerðrar endurskoðunar og aðlöguð þeim breyttu aðstæðum, sem urðu við tilkomu Seðlabankans og margs konar breytinga, sem orðið höfðu í þjóðfélaginu, frá þeim tíma, er löggjöf um þessa banka var sett.

Lögin um Búnaðarbanka Íslands eru frá 1941. Mörg ákvæði laganna, meira að segja heilir kaflar þeirra, eru orðnir óraunhæfir og úreltir og því mál til komið, að löggjöfin um Búnaðarbanka Íslands sé samræmd lögum hinna ríkisbankanna og sniðnir af þeir vankantar, sem á lögunum eru, t. d. vegna laga nr. 45 16. apríl 1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins. Þriðji kafli laganna um Veðdeild bankans, var ekki tekinn með við þessa endurskoðun, og gildir hann því áfram í óbreyttu formi. Hugmyndir hafa komið fram um að sameina Veðdeildina Stofnlánadeild landbúnaðarins, eða að gera á starfsemi hennar viðamiklar breytingar, en niðurstaða liggur ekki fyrir. Var því talið rétt að láta þennan kafla bíða, þó brýnt sé að endurskoðun á starfsemi Veðdeildarinnar færi fram eins fljótt og kostur er.

Samkvæmt 10. gr. frv. er ákveðið að bankastjórar skuli vera þrír, sem hafa verið tveir, og heimild er veitt til að ráða aðstoðarbankastjóra.

Að öðru leyti þykir frumvarp þetta ekki þurfa skýringa við.

Nd. 412. Nefndarálit [158. mál]

um frv. til l. um greiðslu vátryggingariðgjalda fiskiskipa.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins. Garðar Sigurðsson skilar séráliti. Fjarverandi voru Sighvatur Björgvinsson, sem boðaði veikindaforföll, og Sverrir Hermannsson.

Alþingi, 11. mars 1976.

Pétur Sigurðsson, form., frsm. Jón Skaftason. Guðl. Gíslason.

Tómas Árnason.

Sþ. 413. Þingsályktun [22. mál]

um viðgerðar- og viðhaldsaðstöðu flugvéla á Keflavíkurflugvelli.

(Afgreidd frá Sþ. 11. mars.)

Samsljóða þskj. 25.

Nd. 414. Nefndarálit [158. mál]

um frv. til l. um greiðslu vátryggingariðgjalda fiskiskipa.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd hefur tekið mál þetta fyrir á fundum sínum, þar sem málið var lesið á fyrri fundi, þar sem 4 nefndarmanna voru samankomnir, en afgreitt af þrem meirihlutamönnum á síðari fundi án þess að það væri skoðað rækilega eða sent til umsagnar, enda fundartími ekki lengri en 5 mínútur með löglegum fjölda fundarmanna (4).

Ekki var sýnilegt af nefndaráliti hv. Ed. að málið hefði hlotið þar annars konar meðferð, því ekki var þar umsögnum eða öðrum útskýrandi gögnum fyrir að fara.

Kannske er ekki ástæða til að andæfa slíkri fljótaskrift, því að málið er ekki upp á meira en sem svarar eitt þúsund milljónum króna.

Minni hluti nefndarinnar hefur hins vegar óskað eftir ákveðnum upplýsingum en ekki hlotið svör við spurningum sínum.

Minni hlutinn gerir athugasemdir við þá upphæð, sem innheimta skal af heildarsöluverðmæti afla gegnum viðskiptabanka útgerðar.

Minni hl. gerir athugasemd við hvert viðskiptabönkum er ætlað að skila þessu innheimta fé, og auk þess gerir minni hl. athugasemd við það ákvæði 3. gr. frv. þar sem sagt er að heimilt sé (en ekki skylt) að endurgreiða ofgreidd gjöld, þegar gjaldskyldu hefur verið fullnægt.

Minni hl. mun flytja brtt. á sérstöku þingskjali, sem af má sjá nánar í hverja átt athugasemdirnar beinast.

Að lokum vill minni hl. nefndarinnar vekja athygli þeirra þingmanna, sem nefndarálitið kunna að lesa, á því sem m.a. kemur fram í aths. við þetta frv. Þar segir:

Áætlað aflaverðmæti árið 1976 er 20 milljarðar. Á sama tíma eru áætluð vátryggingaiðgjöld fiskiskipa 1 800 milljónir, eða um 9% af afla.

Hver maður sér, að það hlýtur að vera óskikkanlegt að gjalda næstum tíund í tryggingar. Hér þarf að leita sparnaðarleiða og fara þær síðan.

Alþingi, 15. mars 1976.

Garðar Sigurðsson.

Nd. 415. Breytingartillögur [158. mál]

við frv. til l. um greiðslu vátryggingariðgjalda fiskiskipa.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar (GS).

1. Við 1. gr. Í stað talnanna „5%“ og „4%“ komi í sömu röð tölurnar: 3% og 2½%.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna „Landssamband ísl. útvegsmanna“ komi orðin: Tryggingasjóður fiskiskipa.

3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
Þegar vátryggingariðgjöld skips eru að fullu greidd, skal gjaldtöku hætt og skipseiganda endurgreitt innan mánaðar það sem hann kann að hafa ofgreitt.
4. Við 4. gr. Í stað orðanna „Landssambands ísl. útvegsmanna“ komi orðin: Tryggingasjóðs fiskiskipa.

Nd. 416. Frumvarp til laga [199. mál]

um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Flm.: Gils Guðmundsson.

1. gr.

Á eftir 31. gr. laganna (sbr. lög nr. 54 1972) bætist ný grein, svo hljóðandi:

Fyrir 15. mars ár hvert skal utanríkisráðherra leggja fyrir sameinað Alþingi skýrslu um utanríkismál. Skal umræða um skýrsluna fara fram innan tveggja vikna.

Verði ákveðið að útvarpa umræðu eða hluta umræðu um skýrsluna, gilda þar um almenn ákvæði um útvarpsumræður, sbr. 53. gr. þingskapa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Skýrsla um utanríkismál var í fyrsta sinn flutt á Alþingi 24. febrúar 1969. Það var Emil Jónsson, þáverandi utanríkisráðherra, sem flutti skýrsluna, og varð þar með við tilmælum okkar alþýðubandalagsmanna um að almennar umræður um utanríkismál færu fram á Alþingi á grundvelli slíkrar skýrslugerðar. Emil Jónsson komst svo að orði í upphafi máls síns: „Þess hefur verið óskað, að gefin væri hér skýrsla um utanríkismál og að umræður um þau færu hér fram. Ég tel þessa ósk eðlilega og sjálfsagt að verða við henni. Slíkar umræður fara víða fram á þjóðþingum og þykja sjálfsagðar. Utanríkismálin eru ekkert feimnismál.“

Allt frá 1969 hefur utanríkisráðherra árlega lagt fram skýrslu um utanríkismál, sem síðan hefur verið tekin til umræðu á Alþingi, með einni undantekningu. Hins vegar er hvorki í þingsköpum né öðrum lögum ákvæði um það að svo skuli gert. Er það því algerlega undir utanríkisráðherra komið, hvort hann leggur fram slíka skýrslu og hvenær hann gerir það. Nú þykist ég þess raunar fullviss, að núverandi utanríkisráðherra mun halda þeirri reglu, sem hann hefur fylgt alla ráðherratíð sína, að gefa Alþingi skýrslu um utanríkismál. En ráðherrar koma og fara, og engin trygging er fyrir því að utanríkisráðherrar í framtíðinni gefi slíka skýrslu, nema því aðeins að það verði bundið í lögum, eins og flm. telur eðlilegt að gera.

Þá skiptir það og verulegu máli, hvenær á þingtíma skýrsla um utanríkismál er lögð fram og rædd. Síðustu árin hefur það átt sér stað hvað eftir annað, að skýrslan hefur ekki komið fram fyrr en undir þinglok, þegar mjög mikið var að gera, eins og jafnan vill verða á síðustu starfsdögum þingsins. Af þeim sökum hefur tími til umræðna verið óþarflega og óeðlilega naumur og umræður um þennan mikilvæga málaflokk fallið mjög í skugga þingslitanna.

Árið 1973 fóru umræður um skýrslu utanríkisráðherra fram 16. apríl, en þinglausnir voru 18. apríl.

Árið 1974 var skýrslan lögð fram í lok þings, og þá gafst ekkert tóm til að ræða hana.

Árið 1975 fóru umræður um skýrsluna fram 13. maí, en þinglausnir voru 16. maí.

Að fenginni sjö ára reynslu tel ég rétt að ákveða í þingsköpum að utanríkisráðherra skuli ár hvert leggja fram skriflega skýrslu um utanríkismál og að fram

fari umræður um hana. Þá tel ég og nauðsynlegt að festa það í lög, hvenær skýrslan skuli lögð fram og rædd í síðasta lagi. Ég hef komist að þeirri niðurstöðu að marsmánuður sé að jafnaði heppilegur tími til umræðna um utanríkismál. Þá er svo langt um liðið frá áramótum, að skýrsla um næsta ár á undan á að geta legið fyrir. Í marsmánuði er sjaldan mjög mikið annríki á Alþingi. Þá ætti umræða um utanríkismál að geta skipað þann sess sem eðlilegur verður að teljast.

Ekki tel ég nauðsynlegt að bundið verði í lögum hver skuli vera meginviðfangsefni skýrslu um utanríkismál. Um það hefur þegar myndast venja, sem eðli máls samkvæmt verður vafalaust fylgt framvegis: ráðherra rekur í stórum dráttum þróun alþjóðamála, eins og þau horfa við frá hans sjónarmiði, gerir grein fyrir helstu þáttum í samskiptum Íslands við aðrar þjóðir og starfi íslenskra fulltrúa á vettvangi fjölþjóðlegra og alþjóðlegra stofnana, sem Ísland á aðild að. Þyki þeirri nefnd, sem fær frv. mitt til athugunar, ástæða til að lögfesta hver vera skuli meginatriði skýrslunnar, hefur flm. ekkert við það að athuga.

Ed. 417. Frumvarp til laga [200. mál]

um breyting á lögum nr. 46/1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 90/1975 og lög nr. 3/1976.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Frestur sá, sem um ræðir í 16. gr. laga nr. 46/1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. 1. gr. laga nr. 90/1975 og 1. gr. laga nr. 3/1976, um breyting á þeim lögum, breytist þannig, að Kjaradómur hafi lokið dómsorði á ágreiningsefni eigi síðar en 1. apríl 1976.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að frestur sá, sem Kjaradómur hefur nú til að kveða upp dóm í yfirstandandi kjaradeilu BSRB og fjármálaráðherra verði framlengdur til 1. apríl n. k. Áður hafði frestur í kjaradeilu þessari tvisvar verið framlengdir með sérstökum lögum (sbr. l. nr. 90/1975 og nr. 3/1976) og hafa þá báðir aðilar verið sammála um að leita eftir slíkum frestum.

Enn hefur ekki náðst samkomulag í áðurnefndri deilu. BSRB hefur óskað þess, að nýr frestur yrði veittur til að reyna að ná samkomulagi og hefur ríkisstjórnin fallist á að gera þá tilraun.

Nd. 418. Lög [200. mál]

um breyting á lögum nr. 46/1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 90/1975 og lög nr. 3/1976.

(Afgreidd frá Nd. 15. mars.)

Samhljóða þskj. 417.

Sþ. 419. Fyrirspurn [201. mál]

til menntamálaráðherra um þjóðarbókhlöðu.

Frá Gils Guðmundssyni og Helga F. Seljan.

1. Hve mikið fé er nú í byggingarsjóði þjóðarbókhlöðu?
2. Hvað líður undirbúningi málsins?
3. Hvenær er ráðgert að hefjast handa um bygginguna og hvenær má ætla að byggingu ljúki?

Ed. 420. Nefndarálit [154. mál]

um frv. til l. um sálfræðinga.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. á nokkrum fundum og fengið á fund sinn höfunda frv., þau Hrafnhildi Stefánsdóttur fulltrúa í menntamálaráðuneytinu og prófessor Andra Ísaksson.

Nefndin samþ. að mæla með samþykkt frv. með breytingu, sem hún flytur tillögu um á sérstöku þingskjali. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum ef fram koma.

Alþingi, 16. mars 1976.

Axel Jónsson, form., frsm. Steinþór Gestsson, fundaskr. Þorv. Garðar Kristjánsson.
Steingr. Hermannsson. Jón Árm. Héðinsson. Ragnar Arnalds.
Ingi Tryggvason.

Ed. 421. Breytingartillaga [154. mál]

við frv. til l. um sálfræðinga.

Frá menntamálanefnd.

5. gr. orðist svo:

Ráðuneytinu er heimilt að afturkalla löggildingu, sbr. 2. gr., ef sálfræðingur er vegna sjúkdóms eða af öðrum ástæðum álitinn óhæfur til að gegna starfi sem sálfræðingur. Leita skal álits Sálfræðingafélags Íslands um málið.

Einnig er heimilt að afturkalla löggildingu ef sálfræðingur þrátt fyrir viðvörun vanrækir skyldur sínar, fer út fyrir verksvið sitt eða brýtur í bág við fyrirmæli laga. Sá aðili, sem hlut á að máli, getur skotið úrskurði um sviptingu löggildingar til dómstóla.

Ed. 422. Nefndarálit [87. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundum sínum og mælir með samþykkt frv. ásamt breytingartillögum, er nefndin flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 16. mars 1976.

Steinþór Gestsson, form.	Jón Árm. Héðinsson, frsm.	Ingi Tryggvason, fundaskr.
Jón Árnason.	Ásgeir Bjarnason.	Axel Jónsson.
	Helgi F. Seljan.	

Ed. 423. Breytingartillögur [87. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. Á eftir orðunum „skal annar þeirra vera vatnalíffræðingur“ komi: eða náttúrufræðingur.
2. Á eftir 3. gr. komi svofellt ákvæði til bráðabirgða:

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú hefur veiðieigandi, sem hafði viðurkenndan rétt til laxveiði í sjó hinn 1. janúar 1976, misst hann við gildistöku laga þessara og skal þá yfirmatsnefnd, samkv. 94. gr. laga nr. 76/1970, ákveða honum hlutdeild í arði þess veiðivatns, eins eða fleiri, sem hún, að fengnu áliti veiðimálastjóra, metur að fái aukna laxgengd við það að réttur til sjávarveiði er felldur niður.

Mati þessu skal lokið fyrir árslok 1976.

Sþ. 424. Fyrirspurnir. [202. mál]

I. Til forsætisráðherra um athugun á framfærslukostnaði.

Frá Steingrími Hermannssyni.

Hvað líður framkvæmd þeirrar athugunar á framfærslukostnaði a. m. k. á einum stað í hverjum landsfjórðungi sem ákveðin var með ályktun Alþingis frá 16. maí 1975?

II. Til forsætisráðherra um styrkveitingu Norðurlandaráðs til íþrótta.

Frá Ellert B. Schram.

1. Hvaða samþykktir hefur Norðurlandaráð gert varðandi samskipti Norðurlanda á sviði íþrótta?
2. Hve miklu fé hefur verið varið til að efla þau íþróttasamskipti undanfarin 5 ár og hver er hlutur Íslands (sundurliðaður)?

Nd. **425. Lög** [158. mál]

um greiðslu vátryggingariðgjalda fiskiskipa.

(Afgreidd frá Nd. 16. mars.)

Samhljóða þskj. 339.

Nd. **426. Nefndarálit** [195. mál]

um frv. til laga um skattfrelsi bókmennta- og tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Undirritaðir nefndarmenn eru sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 17. mars 1976.

Ólafur G. Einarsson, form.	Lárus Jónsson, fundaskr.	Ey. Kon. Jónsson, frsm.
Gylfi Þ. Gíslason.	Þorleifur K. Kristmundsson.	Þórarinn Þórarinnsson.
	Lúðvík Jósepsson.	

Sþ. **427. Fyrirspurn** [203. mál]

til forsætisráðherra um flutning ríkisstofnana.

Frá Sigurlaugu Bjarnadóttur.

1. Hver er afstaða ríkisstjórnarinnar til hugmynda um flutning ríkisstofnana út á landsbyggðina?
2. Er þegar af hálfu ríkisvaldsins hafinn undirbúningur að slíkum flutningi? Ef ekki, hvenær má þá vænta ákvörðunar í þá átt?

Ed. **428. Tillaga til þingsályktunar** [204. mál]

um tilraunaveiðar á úthafsrækju fyrir Austurlandi.

Flm.: Helgi F. Seljan.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um það nú þegar, að hafnar verði tilraunaveiðar á rækju á djúpslóðum fyrir Austurlandi. Fengin verði a. m. k. tvö skip til þessara veiða, veiðitilraunir standi eigi skemur en þrjá mánuði og verði rekstur skipanna í sem nánustu samráði við fiskifræðinga.

Greinargerð.

Af eðlilegum ástæðum fara nú fram miklar umræður um veiðimöguleika fiskiskipastóls okkar og þá er gjarnan litið til nýrra leiða, menn huga gjarnan að nýjum stofnum sem hægt sé að beina veiðum okkar að í ríkara mæli. Um orsakir þessarar umræðu er óþarft að ræða.

Þegar um nýja möguleika er rætt, er eðlilegt að litið sé til úthafsrækjunnar, og þá ekki síst hafa austfirðingar áhuga á því að veiðimöguleikar séu kannaðir í fullri alvöru. Þar dugar ekki skammtímaleit, heldur beinar tilraunaveiðar, og til þeirra þarf að tryggja hentug skip og veita þeim þá aðstöðu, sem gerði veiðarnar sem marktækastar.

Til þessara tilraunaveiða þarf verulegan fjárstuðning, eða þá að ríkið sjálft stæði beinlínis að veiðunum. Útgerðaraðilar hafa ekki möguleika á því að stunda veiðar sem þessar, aukakostnaður er mikill í byrjun og áhættan of mikil, því enn ríkir alger óvissa um það hversu til mundi takast, þó horfur virðist góðar.

Sjómenn hafa löngum orðið varir rækju fyrir Austfjörðum. Sumarið 1975 fór Hafþór í rækjuleit fyrir Austfjörðum, og þar kom í ljós að víða fannst rækja, og djúpt út af Vattarnesi fékk Hafþór ágætan afla, eða 200 kg á klst. af stórri og góðri rækju. Áður hafði fengist ágætur afli út af Héraðsflóa. Þessi rækja er sérstaklega hentug til sölu — sveiflur á markaðsverði minni en varðandi smærri rækju — auk þess sem hér gæti opnast ný veiðislóð fyrir þorskveiðibáta okkar — þá sem nú eru jafnvel uppi tillögur um að leggja í 2—4 mánuði á næsta sumri. Það hlýtur því að teljast sjálfsagt að allra leiða sé leitað. Uppi eru þegar á Alþingi tillögur um leit og veiðar á spærlingi, kolmunna og loðnu.

Flm. telur, að málið sé það brýnt, að skipulegar veiðar eigi að hefja á sumri komanda með beinni aðstoð opinberra aðila, svo sem Fiskimálasjóðs, og undir umsjá Hafrannsóknastofnunar.

Sérstakar óskir hafa komið fram frá reyðfirðingum um það, að þessar veiðar fari fram, einkum með tilliti til þeirrar jákvæðu niðurstöðu, sem Hafþór fékk sumarið 1975 út af Vattarnesi. Þar þykir mönnum einsýnt að sem fyrst þurfi að ganga úr skugga um það, hvort hér sé um það magn að ræða, sem á mætti byggja veiðar með tilheyrandi vinnslu.

Áhugi reyðfirðinga sérstaklega á þessu máli er auðskilinn. Miðin eru út af firðinum, sjávarútvegur og fiskvinnsla eru þar enn í lágmarki miðað við Austfirði almennt, en til er á staðnum aðstaða, sem hentar vel til rækjuvinnslu, en er nú ónotuð. Þar er einnig að finna skip, sem kjörin eru til þessara veiða.

Það er því að vonum að menn þar vilji fá úr því skorið sem fyrst, hvers vænta má af rækjuveiðum út af Austfjörðum. Miðað við útlit og horfur og nýlegar tillögur um stöðvun fiskiskipastóls okkar hlýtur hér að vera um þjóðhagslega nauðsyn að ræða einnig, því einskis má láta ófreistað að koma í veg fyrir allar ógæfutillögur af þessu tagi. Hér er því beint lagt til, að skip verði fengin til veiða í sumar með atbeina ráðuneytis og Hafrannsóknastofnunar og tilheyrandi fjárhagsaðstoð og skipulegar veiðar verði stundaðar í þrjá mánuði. Hér þarf ákveðnar aðgerðir og skipulegar þegar í stað. Því er tillaga þessi flutt.

Ed. 429. Tillaga til þingsályktunar [205. mál]

um hámarkslaun o. fl.

Flm.: Stefán Jónsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að láta undirbúa löggjöf um hámarkslaun, þar sem kveðið verði á um að ekki megi greiða hærri laun hér á landi en sem svarar tvöföldum vinnulaunum verkamanns miðað við 40 stunda vinnuviku. Jafnframt verði loku fyrir það skotið að einstaklingar gegni nema einu fastlaunuðu starfi, og eins fyrir hitt að átt geti sér stað duldar launagreiðslur í formi neins konar fríðinda, umfram hámarkslaun. Með breytingu á skattalögum skal að því stefnt að einkafyrirtæki hagnist ekki á lögbundinni lækkun hæstu launa, og skal því fé, sem rennur til ríkissjóðs af þessum sökum eða sparast með niðurskurði á launum embættismanna í efstu launaþrepum, varið til almennrar kjarajöfnunar og annarra félagslegra umbóta.

Greinargerð.

Með ráðstöfun þeirri, sem hér er reifuð, hyggst flutningsmaður koma því til leiðar að kjarabætur handa þeim, sem lægst eru launaðir, verði algjör forsenda hverrar launahækkunar til þeirra sem betur eru settir í þjóðfélaginu. Að hyggju flutningsmanns er unnt, með því að lögbinda ákveðið hlutfall milli almennra launa verkamanns og hæstu launa, að búa svo um hnútana, að kjarabætur til handa verkamönnum verði að beinu hagsmunamáli fyrir þá þegna þjóðfélagsins sem eru í sterkastri aðstöðu til að hafa áhrif á stefnuna í efnahags- og kjaramálum landsmanna. Svo dæmi sé tekið, þá yrði það óframkvæmanlegt eftir setningu slíkra laga sem hér eru ráðgerð fyrir bankastjóra, sem nú munu hafa að öllu meðtöldu sexföld laun verkamanns, að veita sjálfum sér kauphækkun samtímis því sem þeir úrskurðuðu að ekki væru efnahagslegar forsendur fyrir almennri kauphækkun verkafólks.

Nýlega hafa verið gerðir kjarasamningar þar sem verkamönnum eru ætluð laun sem nema u. þ. b. helmingi framfærslukostnaðar vísitölufjölskyldunnar ef miðað er við 40 stunda vinnuviku. Má því ætla að þeir landsmenn, sem hafa tvöföld verkamannslaun fyrir eðlilegan vinnutíma, hafi til hnífs og skeiðar. Þegar svo er ástatt hlýtur það að teljast með öllu ósæmilegt að greidd séu hærri laun. Óþarft er að dómi flutningsmanns að kveða sérstaklega á í greinargerð um sérstöðu hlutasjómanna í launakerfinu, en vafalaust er að kauptrygging fiskimanna hlýtur að teljast til óhæfilega lágra launa miðað við vinnutíma.

Að frátöldum þeim rösku þrem árum, sem vinstri stjórnin sat hér að völdum, má heita að stefnt hafi verið að því markvisst síðustu 17 árin að auka launamismun hérlendis á kostnað framleiðslustéttanna og ýta með þeim hætti undir neyslukapphlaup í þágu svonefnds hagvaxtar. Er vægilega að orði kveðið þótt staðhæft sé að þróun þessi hafi síður en svo stefnt í þá átt að umbuna starfshópum eftir þjóðfélagslegum verðleikum.

Ed. 430. Nefndarálit [163. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur á fundi sínum athugað frv. og leggur til að það verði samþ. óbreytt. Fjarverandi voru Jón G. Sólnes, Eggert G. Þorsteinsson og Geir Gunnarsson.

Alþingi, 18. mars 1976.

Ingi Tryggvason, form., frsm.	Axel Jónsson, fundaskr.	Halldór Ásgrímsson.
	Oddur Ólafsson.	

Ed. 431. Nefndarálit [28. mál]

um frv. til laga um kafarastörf.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið á fundi og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess eins og það er eftir þær breytingar, sem á því voru gerðar í neðri deild. Fjar-

verandi afgreiðslu málsins voru Jón G. Sólnes, Eggert G. Þorsteinsson og Geir Gunnarsson.

Alþingi, 18. mars 1976.

Ingi Tryggvason, form., frsm. | Axel Jónsson, fundaskr. | Halldór Ásgrímsson.
Oddur Ólafsson.

Ed. 432. Nefndarálit [180. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 74 21. ágúst 1974, um meðferð opinberra mála.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með að það verði samþ. óbreytt. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Jón G. Sólnes, Eggert G. Þorsteinsson og Geir Gunnarsson.

Alþingi, 18. mars 1976.

Ingi Tryggvason, form., frsm. | Axel Jónsson, fundaskr. | Halldór Ásgrímsson.
Oddur Ólafsson.

Ed. 433. Nefndarálit [113. mál]

um frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið á þremur fundum. Á fundum nefndarinnar mættu Jóhannes Nordal seðlabankastjóri, Árni Reynisson framkvæmdastjóri Náttúruverndarráðs, Vilhjálmur Lúðvíksson efnaverkfræðingur, Eyjólfur Sæmundsson verkfræðingur hjá Heilbrigðiseftirliti ríkisins, Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri og Ingimar Sigurðsson fulltrúi í heilbrigðisráðuneytinu.

Nefndin fékk frá þessum aðilum ítarlegar upplýsingar svo og ýmis skjöl sem um málið fjalla.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með því að frv. verði samþ. óbreytt.

Eggert G. Þorsteinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi 16. mars 1976.

Steingrímur Hermannsson, form., frsm. | Ingi Tryggvason, fundaskr. | Albert Guðmundsson.
Jón G. Sólnes. | Þorv. Garðar Kristjánsson.

Sþ. 434. Þingsályktun [129. mál]

um stofnlánasjóð vegna stórra atvinnubifreiða og stórvirkra vinnuvéla.

(Afgreidd frá Sþ. 18. mars.)

Samhljóða þskj. 228.

Sþ. 435. Tillaga til þingsályktunar [206. mál]

um ráðstafanir til að koma í veg fyrir atvinnuleysi og búseturöskun í Norður-Þingeyjarsýslu.

Flm.: Kristján Ármannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nú þegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir alvarlegt atvinnuleysi og frekari búseturöskun í Norður-Þingeyjarsýslu á þessu ári.

Greinargerð.

Ástæðurnar fyrir flutningi þessarar þingsályktunartillögu eru m.a.:

1. Það alvarlega ástand sem skapast hefur í vesturhluta sýslunnar vegna undangenginna náttúruhamfara.
2. Grundvöllur hefðbundinnar útgerðar frá Þórshöfn brostinn, á sama tíma sem nýtt og fullkomið frystihús stendur tilbúið til notkunar.
3. Yfirvofandi rekstrarstöðvun togaraútgerðar á Raufarhöfn, en hún er undirstaða atvinnulífs staðarins.
4. Brýn nauðsyn fyrirgreiðslu til þeirra ungu bænda í Hólsfjallabyggð sem þar hyggja á fasta búsetu. En hætta er á að þeim snúist hugur, verði dráttur þar á. Og er þá e.t.v. skammt að bíða algjörrar eyðingar byggðar í Fjallahreppi.
5. Dráttur sá sem orðið hefur á framkvæmd þingsályktunar Alþingis frá árinu 1972 um gerð sérstakrar byggðaþróunaráætlunar fyrir Norður-Þingeyjarsýslu.

Nd. 436. Frumvarp til laga [207. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1974.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1974 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum í þús. kr.:

	Gjöld:	Áætlun:	Reikningur:
00	Æðsta stjórn ríkisins	213 442	327 350
01	Forsætisráðuneytið	202 255	420 207
02	Menntamálaráðuneytið	5 496 465	6 591 558
03	Utanríkisráðuneytið	323 152	424 148
04	Landbúnaðarráðuneytið	1 282 168	2 241 769
05	Sjávarútvegsráðuneytið	722 227	882 718
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	1 628 026	2 374 468
07	Félagsmálaráðuneytið	1 028 212	1 627 567
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	10 716 343	13 060 030
09	Fjármálaráðuneytið	1 808 422	2 467 814
10	Samgönguráðuneytið	3 735 451	4 837 372
11	Iðnaðarráðuneytið	632 968	1 876 615
12	Viðskiptaráðuneytið	1 535 127	3 787 309
13	Hagstofa Íslands	26 599	32 539
14	Ríkisendurskoðun	30 381	41 211
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	20 872	15 205
	Samtals	29 402 110	41 007 880

	Tekjur:	Áætlun:	Reikningur:
11	Skattar	28 932 584	37 329 308
12	Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign, fluttar úr B-hluta ríkisreiknings	104 400	66 965
13	Ýmsar tekjur	142 800	324 359
	Mismunur	222 326	3 287 248
	Samtals	29 402 110	41 007 880

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1974, sem lagður verður fyrir þingið samtímis frumvarpinu.

Sþ. 437. Frumvarp til fjáraukalaga [208. mál]

fyrir árið 1974.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

	Til viðbótar við gjöld í 2. gr. fjárlaga 1974 er veitt:	Þús. kr.
00	Æðsta stjórn ríkisins að undanskildu Alþingi	17 665
01	Forsætisráðuneytið	217 952
02	Menntamálaráðuneytið	1 095 093
03	Utanríkisráðuneytið	100 996
04	Landbúnaðarráðuneytið	959 601
05	Sjávarútvegsráðuneytið	160 491
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	746 442
07	Félagsmálaráðuneytið	599 355
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	2 343 687
09	Fjármálaráðuneytið	659 392
10	Samgönguráðuneytið	1 101 921
11	Iðnaðarráðuneytið	1 243 647
12	Viðskiptaráðuneytið	2 252 182
13	Hagstofa Íslands	5 940
14	Ríkisendurskoðun	10 830
	Samtals	11 515 194

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hafa afhent ráðuneytinu tillögur sínar til fjárveitinga í fjáraukalögum fyrir árið 1974. Þeir leggja til, að aukafjárveitingar séu veittar fyrir öllum umframgjöldum, sem ríkisreikningurinn 1974 sýnir.

Ed. 438. Frumvarp til laga [154. mál]

um sálfræðinga.

(Eftir 2. umr. í Ed., 22. mars.)

Samhljóða þskj. 332 með þessari breytingu:

5. gr. hljóðar svo:

Ráðuneytinu er heimilt að afturkalla löggildingu, sbr. 2. gr., ef sálfræðingur er vegna sjúkdóms eða af öðrum ástæðum álitinn óhæfur til að gegna starfi sem sálfræðingur. Leita skal álits Sálfræðingafélags Íslands um málið.

Einnig er heimilt að afturkalla löggildingu ef sálfræðingur þrátt fyrir viðvörun vanrækir skyldur sínar, fer út fyrir verksvið sitt eða brýtur í bág við fyrirmæli laga. Sá aðili, sem hlut á að máli, getur skotið úrskurði um sviptingu löggildingar til dómstóla.

Ed. 439. Frumvarp til laga [87. mál]

um breyting á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

(Eftir 2. umr. í Ed., 22. mars.)

1. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

1. Eigi má veiða lax í sjó.
2. Nú veiðist lax í sjó í veiðitæki, sem ætluð eru til veiði annarra fiska, og skal þá þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum í sjó aftur.
3. Veiði göngusilungs í sjó skal hlíta sömu reglum sem veiði í ósöltu vatni, eftir því sem unnt er.
4. Rétt er ráðherra að takmarka eða banna veiði göngusilungs í sjó á tilteknum svæðum, enda æski veiðinotendur eða veiðifélag slíkrar friðunar og sýslunefnd mæli með henni eða bæjarstjórn, ef veiði er fyrir bæjarlandi.
5. Með sama skilorði og í 4. mgr. segir er ráðherra rétt að banna veiði fiska framan við árósa, þar sem hætta er á, að lax og silungur geti veiðst í veiðiútbúnað, sem ætlaður er til slíkrar veiði.

2. gr.

2. mgr. 94. gr. laganna orðist þannig:

Mat samkv. 1. mgr. og annað mat, sem getur í lögum þessum, skulu framkvæma 2 menn dómkvaddir af héraðsdómara, þar sem er vatn það, sem meta skal. Héraðsdómari skal að jafnaði dómkveðja menn búsetta í öðru lögsagnarumdæmi, og skal annar þeirra vera vatnalíffræðingur eða náttúrufræðingur. Héraðsdómari skal ráðfæra sig við veiðimálastjóra, en hann framkvæmir dómkvaðningu. Matsmenn skulu rökstyðja niðurstöður sínar. Nú varðar mat merkivatn milli lögsagnarumdæma, og ákveður þá ráðherra, hvaða héraðsdómari dómkveður matsmenn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú hefur veiðieigandi, sem hafði viðurkenndan rétt til laxveiði í sjó hinn 1. janúar 1976, misst hann við gildistöku laga þessara og skal þá yfirmatsnefnd, samkv. 94. gr. laga nr. 76/1970, ákveða honum hlutdeild í arði þess veiðivatns, eins eða fleiri, sem hún, að fengnu áliti veiðimálastjóra, metur að fái aukna laxgengd við það að réttur til sjávarveiði er felldur niður.

Mati þessu skal lokið fyrir árslok 1976.

Ed. 440. Frumvarp til laga [209. mál]

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sbr. lög nr. 72 1. júní 1972 og lög nr. 58 30. apríl 1973 um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

4. mgr. A-liðar 8. gr. orðist svo:

Húsnæðismálastjórn er heimilt að veita lán til kaupa á eldri íbúðum og til endurbóta á eigin húsnæði öryrkja. Húsnæðismálastjórn gerir árlega tillögu til ráðherra um þá heildarfjárhæð, sem heimilt er að veita á ári hverju í þessu skyni. Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um heildarfjárhæð, úthlutun, lánstíma og tryggingar slíkra lána, að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar.

2. gr.

1. málsliður 2. mgr. B-liðar 8. gr. breytist svo:

Á eftir orðunum: Heimilt er að veita lán til byggingar leiguíbúða — komi — eða söluíbúða.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 23 23. maí 1975.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Allt frá setningu laga 30/1970, þegar fyrst voru tekin í lög ákvæði, sem heimiluðu húsnæðismálastjórn að veita lán til kaupa á eldri íbúðum, hefur það verið bundið í lögum, hversu hárri heildarfjárhæð heimilt hefur verið að verja í þessu skyni á hverju ári. Hér er gert ráð fyrir, að ráðherra geti með reglugerð ákveðið, að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar, hve hárri heildarfjárhæð heimilt sé að verja árlega í þessu skyni.

Um 2. gr.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur samþykkt að fara þess á leit við félagsmálaráðherra, að hann hlutaðist til um að hlutaðeigandi sveitarfélögum verði heimilað án tímaskilyrða að selja umræddar íbúðir einstaklingum, stofnunum og fyrirtækjum að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Þessi málaleitan er tilkomin að beiðni fjölmargra þéttbýlissveitarfélaga, þar sem verið er að byggja slíkar íbúðir. Telja hlutaðeigandi sveitarstjórnir, að ella verði stefnt í hreinar ógöngur og að hér sé einnig um að ræða, að tekið verði upp sama fyrirkomulag og varðandi „Breiðholtsíbúðirnar" í Reykjavík, en til þeirra var veitt hliðstæð lánafyrirgreiðsla.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga væntir þess, að við þessum óskum verði orðið, enda sýnast þær réttmætar.

Ed. 441. Frumvarp til laga [210. mál]

um orlof.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Félagsmálaráðuneytið fer með stjórn orlofsmála samkvæmt lögum þessum.

Ráðuneytinu til aðstoðar er orlofsnefnd ríkisins. Í orlofsnefnd eiga sæti 7 menn skipaðir af ráðherra til fjögurra ára í senn, þrír eftir tilnefningu Alþýðusambands

Íslands, tveir eftir tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, einn eftir tilnefningu Vinnumálasambands samvinnufélaga og einn án tilnefningar. Nefndin kýs sér sjálf formann.

Starfssvið orlofsnefndar er m. a. að afgreiða kvartanir frá launþegum og vinnuveitendum, sem telja sig misrétti beitta samkvæmt lögum þessum, að hafa umsjón með framkvæmd orlofslaganna, að hafa eftirlit með útborgun og ávöxtun orlofsfjárins, að gera tillögur um vaxtafót samkvæmt 12. gr. laganna og að úthluta fé úr orlofssjóði samkvæmt 14. gr. til orlofsmála.

2. gr.

Allir þeir, sem starfa í þjónustu annarra gegn launum, hvort sem þau eru greidd í peningum eða öðrum verðmætum, eiga rétt á orlofi ásamt orlofsfé eða launum samkvæmt reglum þessara laga.

3. gr.

Lög þessi rýra ekki víðtækari eða hagkvæmari orlofsrétt samkvæmt öðrum lögum, samningum eða venjum.

Samningur um minni rétt til handa launþegum en lög þessi ákveða er ógildur.

4. gr.

Orlof skal vera 2 dagar fyrir hvern unninn mánuð á síðasta orlofsári og reiknast hálfur mánuður eða meira sem heill mánuður, en skemmri tími telst ekki með. Það telst vinnutími samkvæmt þessari grein, þótt maður sé frá vinnu vegna veikinda eða slysa, meðan hann fær kaup greitt, eða hann er í orlofi, en ekki sá tími, sem hann er frá vinnu án lögmætra forfalla. Sunnudagar og aðrir helgidagar teljast ekki orlofsdagar.

Þrátt fyrir framangreind ákvæði eiga allir rétt á að fá 24 daga orlof á ári. Hafi launþegi ekki áunnið sér rétt til greiðslu fyrir tímabilið, samanber framansagt, tekur hann það orlof sem á vantar án kaups.

Orlofsárið skal að jafnaði vera frá 1. apríl til 31. mars en heimilt er í reglugerð að ákvarða annan tíma fyrir einstaka starfshópa.

5. gr.

Af orlofinu skal a. m. k. 21 orlofsdagur veittur á tímabilinu frá 16. maí til 30. september. Ef orlof er skemmra en 21 dagur, skal það veitt í einu lagi á þessu tímabili. Afganginn af orlofinu skal einnig veita í einu lagi, en hann má veita á öðrum tíma árs.

Í vinnu við landbúnað, síldveiðar, hvalveiðar og hvalvinnslu má veita allt að helmingi orlofsins utan orlofstímabilsins.

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsgr. 4. gr. laga þessara er skólafólki, sem stundar nám við viðurkennda skóla, þó heimilt að taka allt orlof sitt utan orlofstímabilsins og fá orlof sitt greitt, ef það óskar, á því orlofsári, er orlofsréttur myndast.

Aðilar geta með samkomulagi vikið frá reglum þessarar greinar um skiptingu orlofs. Samkomulag um skemmri tíma en 21 orlofsdag á orlofstímabilinu skapar launþega rétt til orlofsuppbótar í formi viðbótarorlofsdaga, eða orlofsgreiðslu. Orlofi skal þó alltaf lokið fyrir upphaf næsta orlofstímabils.

6. gr.

Atvinnurekandi ákveður í samráði við launþega, hvenær orlof skuli veitt. Hann skal verða við óskum launþega um, hvenær orlof skuli veitt, að svo miklu leyti sem unnt er vegna starfseminnar. Atvinnurekandi skal að könnun á vilja launþega lokinni tilkynna, svo fljótt sem unnt er og í síðasta lagi mánuði fyrir byrjun orlofs, hvenær orlof skuli hefjast, nema sérstakar ástæður hamli.

7. gr.

Geti starfsmaður ekki vegna veikinda farið í orlof á þeim tíma, sem vinnuveitandi ákveður samkvæmt 5. gr., skal hann sanna forföll sín með vottorði sjúkrasamlagslæknis síns eða héraðslæknis. Getur starfsmaður þá krafist orlofs á öðrum tímum en ákveðið er í 4. gr., en þó ekki síðar en svo, að orlofi hans sé lokið fyrir 31. maí næstan á eftir.

Geti starfsmaður ekki vegna veikinda farið í orlof fyrir þann tíma, á hann rétt á að fá orlofsfé sitt greitt, ef hann sannar veikindi sín á sama hátt og að ofan greinir.

8. gr.

Atvinnurekandi skal greiða í orlofsfé 8⅓% af launum.

Nú er kaup greitt með fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum, og greiðist þá orlofsfé af verðmæti þess, sem miðast við mat skattayfirvalda við síðustu ákvörðun tekjuskatts.

Eigi skal reikna orlofsfé af orlofslaunum og orlofsfé.

Krafa um greiðslu orlofsfjár er forgangskrafa í dánar- eða þrotabú atvinnurekanda til jafns við kröfur þær, sem um ræðir í 83. gr. b.5. lið skiptalaganna, nr. 3 12. apríl 1878.

Vangreitt orlofsfé má taka lögtaki, sbr. lög nr. 29 16. des. 1885.

9. gr.

Fastur starfsmaður fær laun í orlofi í stað orlofsfjár, auk þess eftir atvikum fæði, húsnæði og önnur hlunnindi eftir mati samkvæmt 2. mgr. 8. gr.

Nú skiptir fastur starfsmaður um starf einhvern tíma á orlofsárinu, og ber þá að greiða honum orlofsfé í stað orlofslauna á því orlofsári öllu.

Laun fyrir orlofsdaga skulu greidd næsta virkan dag áður en orlof hefst.

10. gr.

Nú liggur atvinnurekstur niðri á meðan á orlofi stendur, vegna þess að starfsfólkinu er veitt orlof samtímis og skal þá tilkynningarfrestur samkvæmt 6. grein um byrjun orlofs vera 3 mánuðir. Þeir launþegar, sem ekki eiga rétt á fullu orlofi, geta þá ekki krafist launa eða orlofsfjár fyrir þá daga, sem á vantar.

11. gr.

Félagsmálaráðherra setur reglur um útreikning orlofsfjár launþega, sem ekki taka laun beint frá atvinnurekanda sínum, heldur fá greitt í þjónustugjaldi eða á annan hátt, sem er frábrugðinn venjulegum greiðslumáta launa.

12. gr.

Orlofsfé skal greitt á þann hátt, að tryggt sé, að launþeginn fái það í hendur ásamt vöxtum sbr. 1. gr., þegar hann tekur orlof. Félagsmálaráðherra setur reglugerð um þetta atriði í samráði við orlofsnefnd ríkisins.

13. gr.

Óheimilt er manni að vinna fyrir launum í starfsgrein sinni eða skyldum starfsgreinum, meðan hann er í orlofi, og má setja um þetta nánari ákvæði í reglugerð.

14. gr.

Framsal orlofsfjár er óheimilt.

Orlofsfé, sem orlofsþegi hefur ekki tekið út innan tveggja ára frá lokum orlofsársins, rennur í sérstakan orlofssjóð, sem nota skal til hagsbóta fyrir orlofsþega. Varsla og ráðstöfun sjóðsins er í höndum orlofsnefndar ríkisins og stendur sjóðurinn sjálfur undir kostnaði við rekstur sinn.

15. gr.

Kröfur á hendur vinnuveitendum samkvæmt lögum þesum fyrnast eftir sömu reglum og kaupkröfur samkv. lögum nr. 14 20. október 1905, um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda.

16. gr.

Það varðar sektum, er renna í ríkissjóð, ef:

1. Vinnuveitandi lætur starfsmann sinn ekki fá orlof eða orlofsfé samkv. lögum þessum, nema um ítrekað brot sé að ræða, því að þá má dæma hann til varðhalds.
2. Vinnuveitandi gerir samning við starfsmann sinn, sem bannaður er í 2. gr. 2. mgr.
3. Starfsmaður brýtur ákvæði 12. og 13. gr.

Mál út af brotum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála. Sökin fyrnist, ef mál er eigi höfðað áður en næsta orlofsári lýkur, eftir að brot var framið.

17. gr.

Ef eigi er öðruvísi ákveðið í lögum þessum, skulu öll mál út af réttindum og skyldum samkvæmt þeim og til fullnægingar öllum kröfum í því sambandi sæta almennri meðferð einkamála, þó þannig, að nægilegt er, að dómari leiti þar sátta.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 87 24. des. 1971 með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 20. ágúst 1974 skipaði þáverandi félagsmálaráðherra Magnús Torfi Ólafsson eftirtalda menn í nefnd til að endurskoða gildandi lög og reglugerðir um orlof: Snorra Jónsson, framkvæmdastjóra, Ásmund Stefánsson, hagfræðing og Guðmund H. Garðarsson, alþingismann samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, Þór Kristján Ragnarsson, framkvæmdastjóra og Barða Friðriksson, skrifstofustjóra, samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, Matthías Guðmundsson, póstmeistara, samkvæmt tilnefningu Pósts og síma, Skúla J. Pálmason, hæstaréttarlögmann, samkvæmt tilnefningu Vinnumálasambands samvinnufélaga og Guðmund Karl Jónsson, deildarstjóra í félagsmálaráðuneytinu, sem jafnframt var formaður nefndarinnar. Nefndin lauk störfum um síðastliðin áramót.

Helstu breytingar á núgildandi orlofskerfi sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir eru eftirfarandi:

Sett verði á fót sérstök orlofsnefnd sem skipuð verði fulltrúum launþega og vinnuveitenda, en oddamaður verði tilnefndur af ráðherra.

Starfssvið orlofsnefndar er m. a. að afgreiða kvartanir frá launþegum og vinnuveitendum, sem telja sig misrétti beitta samkvæmt lögum þessum, að hafa umsjón með framkvæmd orlofslaganna, að hafa eftirlit með útborgun og ávöxtun orlofsfjárins, að gera tillögur um vaxtafót samkvæmt 12. gr. laganna og að úthluta fé úr orlofssjóði samkvæmt 14. gr. til orlofsmála.

Orlofsárið skal að jafnaði vera frá 1. apríl til 31. mars þ. e. orlofsárið er hér fært aftur um einn mánuð. Orlofstímabilið skal vera frá 16. maí til 30. sept. þ. e. fært fram um hálfan mánuð. Myndast þarna 1½ mánaðar tímabil frá því að orlofsári lýkur þar til orlofstaka hefst. Þetta er nauðsynlegur vinnslutími fyrir Póst og síma, en hingað til hefur þurft að greiða orlof í tvennu lagi.

Samkomulag um skemmri tíma en 21 orlofsdag á orlofstímabilinu skapar launþega rétt til orlofsuppbótar í formi viðbótarorlofsdaga eða orlofsgreiðslu.

Ef atvinnurekstur er lagður niður meðan á orlofi stendur er tilkynningarfrestur lengdur úr einum mánuði í þrjá mánuði.

Orlofsfé verði vaxtareiknað samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Gert er ráð fyrir að launþegi fái greidda vexti sem svarar mismuni á innlánsvöxtum og þeim kostnaði sem Póstur og sími þarf að standa undir við rekstur kerfisins.

Fyrningarfrestur orlofsfjár er lengdur úr einu ári í tvö ár. Gert er ráð fyrir að fyrnt orlofsfé renni í sérstakan orlofssjóð, en það rennur nú í lífeyrissjóð viðkomandi launþega sem aukaframlag af hans hálfu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að sérstök nefnd, sem skipuð er af þeim hagsmunahópum, sem mynda það fjármagn, sem orlofskerfið hefur yfir að ráða, fái ákveðið vald til m. a. að ráðstafa eftirlegufé í orlofskerfinu, hafa eftirlit með að póstgíróstofan veiti þá þjónustu, sem um verður samið um móttöku, bókhald og útborgun orlofsfjár gegn þeirri þóknun, sem sanngjörn má teljast, en vextir umfram kostnað, verði endurgreiddir launþegum. Einnig er reiknað með að nefndin gegni þjónustuhlutverki við kvartanaafgreiðslu og veiti innheimtu kerfisins viðhlítandi aðhald.

Um 2. gr.

Samhljóða 1. gr. gildandi laga.

Um 3. gr.

Samhljóða 2. gr. gildandi laga.

Um 4. gr.

1. mgr. Hér er til frekari áréttingar tekið fram, að launþegi ávinni sér ekki orlofsrétt á „skrópdögum", enda ekki gert ráð fyrir, að orlofsmánuðurinn verði launahæsti mánuður ársins hjá þeim, sem taka orlofslaun.

2. mgr. skýrir sig sjálf.

3. mgr. Hér er orlofsárið fært aftur um einn mánuð. Þetta er gert í þeim tilgangi að veita framkvæmdaaðila orlofskerfisins tíma til að vinna nauðsynlega skýrsluvélavinnu við uppgjör orlofsársins og útsendingu orlofsávísana. Jafnframt er gert ráð fyrir, að tímabil orlofsársins sé undanþægt með reglugerðarákvæðum fyrir einstaka starfshópa, þannig að vikukaupsmenn enda orlofsárið síðasta laugardag í mars, sjómenn við lok vetrarvertíðar og þeir sem taka laun samkv. 11. gr. við áramót.

5. gr.

Orlofstímabilið er hér fært fram um hálfan mánuð í sama tilgangi og orlofsárið er fært aftur um einn mánuð í 3. mgr. 4. gr. Til þess að stytta ekki orlofstímabilið er þessum hálfa mánuði bætt aftan við. 2. mgr. óbreytt að öðru leyti en því að hvalveiðum og hvalvinnslu er bætt aftan við orðið síldveiðar.

3. mgr. óbreytt sbr. lög nr. 12/1974.

4. mgr. Hér er gert ráð fyrir, að samkomulag vinnuveitenda og launþega um vetrarorlof komi launþega til góða með einhverri uppbót. Þetta hefur nokkuð tíðkast t. d. hjá þeim er starfa að ferðamálum.

Um 6., 7., 8. og 9. gr.

Óbreyttar, samhljóða 5., 6., 7. og 8. gr. núgildandi laga.

Um 10. gr.

Gert er ráð fyrir, að þeir vinnuveitendur, sem loka fyrirtækjum sínum vegna orlofs starfsfólks geti tilkynnt slíkt með lengri fyrirvara en ella. Launþegi á þess þá ekki kost að breyta orlofstöku sinni með vinnuskiptum eða samkomulagi við vinnufélaga sína, sem hann þó oft getur í öðrum tilvikum.

Um 11. gr.

Óbreytt, samhljóða 10. gr. gildandi laga.

Um 12. gr.

Greinin gerir ráð fyrir að orlofsfé sé vaxtareiknað á þann hátt, að vaxtatekjur orlofskerfisins umfram kostnað séu greiddar launþegum í formi vaxta, að höfðu samráði við orlofsnefnd.

Um 13. gr.

Óbreytt, samhljóða 12. gr. gildandi laga.

Um 14. gr.

Greinin gerir ráð fyrir, að flutningur orlofs frá einu ári til annars sé heimil, þannig er fyrningarfrestur orlofsfjár framlengdur um eitt ár. Þá er og gert ráð fyrir að eftirlegufé í orlofskerfinu renni í sérstakan orlofssjóð, en ekki í lífeyrissjóð viðkomandi orlofsþega.

Um 15., 16. og 17. gr.

Óbreyttar, samhljóða 14., 15. og 16. gr. núgildandi laga, að öðru leyti en því, að felld eru niður ítrekunaráhrif brota samkv. 3. mgr. 15. gr. núgildandi laga.

Um 18. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 442. Frumvarp til laga [211. mál]

um breyting á lögum nr. 80/1971, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, lögum nr. 75/1966, sbr. lög nr. 55/1973 og lög nr. 99/1975, um Fiskveiðasjóð Íslands, lögum nr. 108/1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða og lögum nr. 89/1947, um Fiskimálasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

1. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 80/1971, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, orðist svo: Tekjur af útflutningsgjaldi samkvæmt lögum.

2. gr.

16. gr. laga nr. 80/1971, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, orðist svo:
Árlegar tekjur áhafnadeildarinnar eru af útflutningsgjaldi samkvæmt lögum.

3. gr.

Í stað c. og d. liða 1. gr. laga nr. 55/1973, um breyting á lögum nr. 75/1966, um Fiskveiðasjóð Íslands, sbr. lög nr. 99/1975, um breyting á þeim lögum, komi nýr c-liður og orðist svo, en aðrir liðir merkist samkvæmt því:

c) Til viðbótar tekjum sjóðsins samkvæmt b-lið, greiðir ríkissjóður honum árlega fjárhæð er nemi ¾ hlutum af tekjum samkvæmt b-lið.

4. gr.

2. mgr. 18. gr. laga nr. 108/1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða orðist svo:

Til að standa straum af kostnaði af framkvæmd ferskfiskeftirlitsins skal greiða útflutningsgjald af íslenskum sjávarafurðum. Gjald þetta fer eftir lögum um útflutningsgjald.

5. gr.

2. gr. laga nr. 89/1947, um Fiskimálasjóð orðist svo:

Tekjur Fiskimálasjóðs eru þessar:

1. Eignir Fiskimálasjóðs er starfað hefur samkvæmt lögum um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl. nr. 75 31. desember 1937.
2. Vextir og aðrar tekjur af eignum sjóðsins.
3. Tekjur af útflutningsgjaldi samkvæmt lögum.

Heimilt er stjórn Fiskimálasjóðs, með samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka allt að 10 milljónum króna lán til starfsemi sjóðsins. Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán þetta fyrir hönd ríkissjóðs.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með breytingum á sjóðakerfi sjávarútvegsins og setningu nýrra laga um útflutningsgjald af sjávarafurðum, eru öll tekjuákvæði sjóðanna numin úr viðkomandi lögum og felld í ein lög um útflutningsgjald.

Með frumvarpi þessu er í aðalatriðum lagt til, að í stað tekjuákvæða í lögum viðkomandi sjóða, sem nú eru úr gildi fallin, komi ný ákvæði er vísi til laga um útflutningsgjald. Breytingar þessar eru strangt tekið ekki nauðsynlegar, sjá þó 3. gr. frumvarpsins, en eru til þess fallnar að leggja áherslu á þá megin reglu, sem nú hefur verið upp tekin, að útflutningsgjald af sjávarafurðum sé ekki lagt á nema með einum lögum. Ennfremur ætti breyting sú sem frumvarp þetta felur í sér að vera til einföldunar og skýringar viðkomandi lögum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 9. gr. laga um Aflatryggingarsjóð, voru árlegar tekjur sjóðsins 1¼% af f.o.b.-verði útfluttra sjávarafurða annarra en þeirra, sem komu frá hvalveiðum, selveiðum og hrognkelsaveiðum. Ákvæði þetta var fellt úr lögum með 14. gr. laga um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Með vísan til röksemda í almennum athugasemdum að framan, er hér lagt til, að í stað tekjuákvæðis 1. tl. 1. mgr. 9. gr. laganna um Aflatryggingasjóð, komi nýtt ákvæði er vísi til laga um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Með lögum nr. 55/1973 og lögum nr. 99/1975, var sú breyting gerð á 4. gr. laga nr. 75/1966, um Fiskveiðasjóð, að bætt var við stafliðunum c. og d. og tekjur sjóðsins þar með auknar um 1% af f.o.b.-verði útfluttra sjávarafurða skv. c-lið, og um jafnhátt framlag frá ríkissjóði árlega skv. d-lið.

Með lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum var c-liður greinarinnar felldur niður og 1% gjaldið þar með fellt inn í lög um útflutningsgjald. Eftir stendur því d-liður, um framlag ríkissjóðs. Og þar sem ekki er ætlunin að fella hann niður, verður að breyta orðalagi hans, því að eins og áður segir, vísar hann aðeins til c-liðar um jafnhátt framlag.

Samkvæmt útreikningum Þjóðhagsstofnunar nemur framlag ríkissjóðs í þessu tilfelli ¾ hlutum tekna Fiskveiðasjóðs samkvæmt lögum um útflutningsgjald og er því lagt til í frumvarpi þessu að þannig verði greinin orðuð.

Um 4. gr.

Ákvæði greinarinnar kemur í stað ákvæðis um 1.5‰ útflutningsgjald í lögum um Framleiðslueftirlit sjávarafurða.

Um 5. gr.

Í 2. lið 2. gr. laga nr. 89/1947, um Fiskimálasjóð, er kveðið svo á um tekjur sjóðsins, að hann fái tekjur af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum, öðrum en saltaðri síld, er nemi ½% af f.o.b.-verðmæti þeirra. Þessu ákvæði var breytt með lögum nr. 66/1957, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, án þess þó, að lögum sjóðsins hafi verið breytt til samræmingar.

Ákvæði þetta er nú niðurfallið með lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum og ber frumvarp þetta það með sér.

Í stað 3. liðar sem gilti aðeins í 10 ár frá gildistöku laganna 1947, er hér lagt til, að tekið verði upp nýtt tekjuákvæði er vísi til laga um útflutningsgjald.

Þar sem framangreindar breytingar hafa í för með sér talsverðar tilfærslur liða, er greinin tekin í heild upp í frumvarp þetta.

Ed. 443. Frumvarp til laga [212. mál]

um upptöku ólöglegs sjávarafla.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Ólöglegur sjávarafli er sá afli eða hluti afla :

1. sem ekki nær lágmarksstærð þeirri, sem ákveðin er í lögum, reglugerðum eða sérstökum veiðileyfum.
2. sem umfram er ákveðinn hámarksafla, sem bátum er settur.
3. sem aflað er með ólöglegum veiðarfærum.
4. sem aflað er á svæðum þar sem viðkomandi veiðar eru bannaðar eða án þess að tilskilin veiðileyfi séu fyrir hendi.

2. gr.

Ólöglegur sjávarafli skal gerður upptækur, og andvirði hans renna í sérstakan sjóð, sem varið skal í þágu fiskirannsókna og vísindalegs eftirlits með fiskveiðum eftir nánari ákvörðun sjávarútvegsráðuneytisins. Er upptaka óháð því, hvort um refsiverðan verknað hefur verið að ræða. Ákvæði þessarar greinar skulu víkja fyrir ákvæðum sérlaga um upptöku afla.

3. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið úrskurðar hvort um ólöglegan sjávarafla er að ræða samkvæmt lögum þessum og í hve miklu magni. Leiki vafi á um magn ólöglegs sjávarafla er heimilt að áætla það magn eftir framkomnum gögnum.

Ráðuneytið úrskurðar ennfremur, hvert skuli vera andvirði hins ólöglega afla, sem gera skal upptækan, og skal þá miða við heildarsöluverðmæti aflans, eða þess hluta hans, sem við á.

Ráðuneytið byggir ákvarðanir sínar samkvæmt þessari grein á upplýsingum sérstakra eftirlitsmanna þess, starfsmanna Framleiðslueftirlits sjávarafurða og öðrum tiltækum sönnunargögnum. Ráðuneytið skal jafnan gefa hlutaðeigandi kaupendum og seljendum meints ólöglegs sjávarafla kost á að gera grein fyrir sínu máli.

4. gr.

Ákvörðun ráðuneytis um upptöku afla skal tekin í skriflegum úrskurði. Málinu má vísa til meðferðar sakadóms, en ekki skal það fresta því, að ráðuneytið geti innheimt andvirði þess ólöglega afla, sem það gerir upptækan, hjá kaupendum eða seljendum þess afla, eftir því sem við á hverju sinni. Úrskurði ráðuneytisins má fullnægja með aðför að viku liðinni frá birtingu hans.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Versnandi ástand þýðingarmestu fiskistofnanna við Ísland á undanförnum árum hefur orðið til þess, að æ meiri áhersla hefur verið lögð á að herða allt eftirlit með veiðum á Íslandsmiðum og jafnframt hefur þótt vaxandi þörf á því að herða viðurlög við brotum á reglum þeim, sem í gildi eru um veiðar einstakra tegunda eða almennt.

Brot á ýmsum veiðireglum, sem settar eru með stoð í lögum nr. 44 5. apríl 1948 eða lögum nr. 102 27. desember 1973 varða sektum en ekki upptöku afla, og oft getur það gerst, að slíkar sektir verða jafnvel mun lægri en andvirði þess afla, sem fenginn er með því að brjóta veiðireglur. Síldveiðarnar við Ísland á s. l. hausti geta gefið dæmi um þetta. Eins og kunnugt er var hámarksafli sá, sem hver bátur mátti veiða, 215 tonn síldar. Margir síldarbátanna fiskuðu mun meira en þessum kvóta nam, mismunandi mikið, en allt upp í 144 tonn fram yfir kvótann. Brúttóverðmæti umframafla þessa báts miðað við að allt hafi farið í 1. flokk mun nema 5 millj. 760 þús. krónum. Ekki er vitað til þess að neinn af skipstjórum þeim sem kærðir voru fyrir að hafa brotið þessa reglu um hámarkssíldarafla, hafi enn hlotið sektardóm, en samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 er ekki unnt, að dæma þá í meir en 1 millj. króna sekt, þannig að ljóst er, að sumir hafa hagnast mjög verulega á þessum brotum. Þetta þykir alls ekki viðunandi, og heldur ekki, að menn geti greitt sektir að öllu eða nokkru leyti með ólöglega fengnum afla. Þess vegna er lagt til í frumvarpi þessu að „ólöglegur sjávarafli“ skuli gerður upptækur.

Mjög oft getur verið erfitt eða jafnvel ógerlegt, þegar landað er ólöglegum sjávarafla, að sanna að um sök sé að ræða eða önnur þau atriði, sem sönnun verður að liggja fyrir um til þess að sektir verði dæmdar. Þannig getur skipstjóri, sem landar ólöglegu magni af undirmálsfiski, eða farið hefur fram úr hámarkskvóta, borið því við að hann hafi ekki gert sér rétta grein fyrir magninu fyrr en það var vegið í landi eða að hann hafi talið fisk sinn stærri, en síðar kemur fram við stærðarflokkun á landi. Þykir þess vegna ekki rétt að gera upptöku slíks ólöglegs afla háða því að um refsiverðan verknað sé að ræða.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því að sjávarútvegsráðuneytið úrskurði hvort um ólöglegan sjávarafla sé að ræða, í hve miklu magni og hvert skuli vera andvirði þess afla, sem það gerir upptækan og innheimtir fjárgreiðslur fyrir. Má vera að hér þyki nokkuð gengið inn á verksvið dómstóla, en því er til að svara, að þetta fyrirkomulag mun væntanlega flýta mjög afgreiðslu þessara mála, sem er

alveg nauðsynlegt og auk þess er gert ráð fyrir því, að flest þessi mál verði þannig vaxin að um þau verði ekki ágreiningur. Kaupendur og seljendur sjávarafla leggja t. d. stærðarflokkun starfsmanna Framleiðslueftirlits sjávarafurða til grundvallar verðlagningar aflans og ættu því eins að geta samþykkt þessa stærðarflokkun með tilliti til reglna um lágmarksstærðir fisktegunda. Þá má og ætla að þessir aðilar verði oftast sammála um aflamagn.

Loks er þess að geta, að með því að fela ráðuneytinu slíkt úrskurðarvald í hendur, er ekki verið að taka málið undan forræði dómstóla, og er í frumvarpinu skýrt tekið fram, að ákvörðunum ráðuneytisins í þessu efni megi vísa til meðferðar sakadóms.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er skilgreint hvað átt sé við með ólöglegum sjávarafla. Í sambandi við 4. tl. skal tekið fram að hér er ekki átt við veiðar, sem bannaðar eru á ákveðnum svæðum í sérstökum lögum, sem hafa að geyma ákvæði um upptöku afla, ef þau upptökuákvæði geta átt við í umræddum tilfellum.

Um 2. gr.

Um þörfina á því að efla fiskirannsóknir og vísindalegt eftirlit með fiskveiðum blandast fáum hugur. Segja má að eftirlit fiskifræðinga, starfsmanna Framleiðslueftirlits sjávarafurða eða eftirlitsmanna ráðuneytisins muni öðru fremur leiða til þess að sjávarafli verði gerður upptækur eftir lögum þessum og því þykir eðlilegt að stofna hinn sérstaka sjóð í vörslu ráðuneytisins, sem grein þessi gerir ráð fyrir.

Um það að gera upptöku óháða því hvort um refsiverðan verknað er að ræða, vísast til almennra athugasemda hér að framan og um að ákvæði þessarar greinar skuli víkja fyrir ákvæðum sérlaga vísast til þess er segir um 4. tl. 1. gr.

Um 3. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa um fram það er getur í almennum athugasemdum.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir því, að hægt verði að innheimta andvirði ólöglegs afla annað hvort hjá kaupanda eða seljanda. Færi þetta eftir því hvort greiðsla hafi átt sér stað, þegar innheimt er og viðskiptasambandi þessara aðila yfirleitt. Um önnur atriði greinarinnar vísast til almennra athugasemda.

Um 5. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Ed. 444. Frumvarp til laga [213. mál]

um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Sjávarútvegsráðherra setur með reglugerð þær reglur, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, sem nauðsynlegar þykja til þess að framfylgt verði ákvæðum alþjóðasamninga, sem Íslendingar eru að gerast aðilar að, eða þá samninga, sem gerðir eru milli íslenskra og erlendra stjórnvalda.

Ráðherra er auk þess heimilt að setja aðrar þær reglur um þessar veiðar, sem honum þykir þurfa, svo sem til samræmingar við reglur þær, er gilda um veiðar íslenskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Brot gegn reglum settum samkvæmt lögum þessum varða sektum, 1000—15 000 gullkrónum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924. Ennfremur er heimilt að gera afla og veiðarfæri upptæk.

Um mál þau, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara að hætti opinberra mála.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt gildandi lögum hefur ráðherra rúmar heimildir til þess að setja reglur um veiðar íslenskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Hins vegar getur hann ekki sett slíkar reglur um veiðar utan landhelgi, nema til þess að framfylgt verði ákvæðum þeirra alþjóðasamninga um fiskveiðar, sem Íslendingar eru aðilar að. Ber orðið brýna nauðsyn til að rýmka heimildir til stjórnunar veiða íslenskra skipa utan landhelgi, þar sem Íslendingar vilja oft og þurfa að ganga lengra til takmörkunar veiða, en alþjóðasamningar. Síldveiðar íslenskra skipa í Norðursjó eru dæmi um þetta, en stjórnun þeirra, umfram það sem Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndin hefur ákveðið, hefur til þessa fyrst og fremst byggst á samvinnu við skip stjóra og útvegsmenn íslensku bátanna. þótt sú samvinna hafi verið góð, hefur samt tilfinnanlega skort lagaheimild til þess að setja bátunum veiðireglur.

Ef Íslendingar einhverra ástæðna vegna geta ekki samþykkt þær reglur, sem alþjóðanefndirnar setja um einhverjar tilteknar veiðar, en vilja samt stunda slíkar veiðar og takmarka þær sjálfir, þá er eins og málum er nú háttað ekki fyrir hendi lagaheimild til þess að setja reglur þar um. Úr þessu er frumvarpi þessu ætlað að bæta.

Þá er þess að geta, að eftirlit með því að haldnar séu reglur um veiðar í fiskveiðilandhelginni getur orðið erfitt, ef ekki er hægt að setja sams konar reglur um veiðar utan landhelginnar. Íslendingar hafa t. d. strangari reglur um lágmarksstærðir fisktegunda og um möskvastærðir botnvörpu, en ákvæði alþjóðasamþykkta eru um sama efni. Þykir nauðsynlegt vegna eftirlits og eðli málsins samkvæmt, að íslensk skip séu háð sömu reglum að þessu leyti hvort heldur þau veiða innan eða utan landhelgi.

Um 2. gr. frumvarpsins er það að segja, að gert er ráð fyrir því, að brot á reglum settum samkvæmt því varði sömu viðurlögum og brot á sams konar eða sambærilegum reglum, sem settar eru samkvæmt öðrum lögum. Eru því sektarákvæðin sambærileg við sektarákvæði laga nr. 102 27. desember 1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, og einnig er gert ráð fyrir því að heimildinni til upptöku afla og veiðarfæra verði beitt í samræmi við þau viðurlög, sem sambærilegar reglur settar samkvæmt öðrum lögum eru látnar varða.

Nd. 445. Frumvarp til laga [214. mál]

um breyting á lögum nr. 49/1967, um skólakostnað.

Flm.: Karvel Pálmason.

1. gr.

Á eftir 1. málsgr. 7. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þó skal ríkissjóður ávallt greiða 75% áætlaðs stofnkostnaðar sundlauga í útgerðarstöðum, sem hafa innan við 4000 íbúa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Einnig skal ríkissjóður greiða 75% áætlaðs stofnkostnaðar þeirra sundlauga, sem eru í byggingu og ekki hefur verið gengið formlega frá samningum um kostnaðarskiptingu.

Greinargerð.

Sundkennsla er mikilvægur liður í menntun barna og unglinga, enda er lágmarkskunnátta í sundíþróttinni gerð að skilyrði við fullnaðarpróf.

Það er öllum til gagns og ánægju að kunna að synda, enda hafa íslendingar löngum verið hreyknir af færni sinni í þeirri íþrótt.

En sundkunnátta er þó sérstaklega mikilvæg við sjávarsíðuna, þar sem sjósókn er helsti atvinnuvegurinn. Það getur einfaldlega ráðið úrslitum um líf og dauða sjómanns, ef óhapp ber að höndum, hvort hann er syndur eða ekki.

Vegna núgildandi ákvæða um hlutdeild ríkissjóðs í greiðslu stofnkostnaðar skólahúsnæðis, þar á meðal sundlauga, eiga fjölmörg minni sveitarfélög við sjávarsíðuna víða um land engan kost á að koma upp sundlaugum. Lítil og fjárvana sveitarfélög geta með engu móti lagt fram 50% af stofnkostnaði slíkra mannvirkja. Á mörgum slíkum stöðum, þar sem þörfin er þó mest, eru sundlaugar því ekki fyrir hendi, og þær verða ekki reistar þar á næstu árum að óbreyttum lögum um skólakostnað og óbreyttri stefnu varðandi hönnun slíkra mannvirkja.

Þetta frumvarp er flutt til að bæta úr þessu. Það felur í sér, að við byggingu sundlauga í minni sjávarþorpum, þ.e. þeim sem hafa innan við 4000 íbúa, skuli ríkissjóður greiða 75% stofnkostnaðar í stað 50%. Með slíkri breytingu væri þeim sjávarþorpum, sem nú hafa enga möguleika á að eignast sundlaugar, gert kleift að byggja slík mannvirki.

Sþ. 446. Nefndarálit [178. mál]

um till. til þál. um nefnd til að endurskoða lög um veitingu prestakalla.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur athugað tillöguna og mælir með samþykkt hennar með þessum

BREYTINGUM:

1. 2. málsgr. orðist svo:
   Nefndin skal ljúka störfum eigi síðar en fyrir n.k. áramót.
2. 3. málsgr. falli niður.

Alþingi, 23. mars 1976.

Ellert B. Schram, form., frsm.	Jón Helgason, fundaskr.	Jón Skaftason.
Magnús T. Ólafsson.	Lárus Jónsson.	Ólafur G. Einarsson.

Nd. 447. Frumvarp til laga [215. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 66 1975.

Flm.: Pálmi Jónsson, Friðjón Þórðarson.

1. gr.

Við 8. gr. laganna bætist:
nema sýslunefndir ákveði annað um sýsluvegi.

2. gr.

Úr 1. málsgr. 9. gr. laganna falli brott orðin „svo og sýslunefndum að annast sýsluvegi á sama hátt".

3. gr.

1. málsgr. 17. gr. laganna orðist svo:
Sýslunefndir semja, í samráði við Vegagerð ríkisins, framkvæmdaáætlun fyrir sýsluvegi, til fjögurra ára í senn.

4. gr.

Við 21. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Kauptúnahreppar með 200 íbúa eða fleiri eru undanþegnir gjaldi þessu. Sú undanþága nær þó aðeins til þess hluta hrepps, sem er innan eðlilegra þéttbýlismarka.

5. gr.

Í stað orðsins „tvöföld" í 1. málsgr. 28. gr. laganna komi: þreföld.

6. gr.

2. málsl. 1. málsgr. 32. gr. laganna orðist svo:
Skal árlegt framlag vera 12 af hundraði af heildartekjum vegamála það ár, samkvæmt lögum um fjáröflun til vegagerðar, og greiðast mánaðarlega.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð:

Með frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði nokkrar breytingar á gildandi vegalögum og hafa þær breytingar tvíþættan tilgang:
Í fyrsta lagi að kveða skýrar en nú er gert á um sjálfstæði sýsluvegasjóða og rétt sýslunefnda til að annast veghald og fjárreiður sýsluvegasjóða á eigin spýtur.
Í annan stað að breyta tekjustofnum sýsluvegasjóða á þann hátt, að kauptúnahreppar greiði ekki lengur sýsluvegasjóðsgjald, að svo miklu leyti, sem þar er um

eiginlegt þéttbýli að ræða, en Vegasjóður bæti sýsluvegasjóðum það tekjutap upp. Til þess að ekki verði um aukin útgjöld að ræða hjá Vegagerð ríkisins af þessum orsökum er lagt til, að þéttbýlisvegafé verði skert um 0.5% af heildarútgjöldum vegamála og er þá ætlast til, að allir aðilar standi nokkurn veginn jafnréttir hvað fjármagn snertir eftir sem áður.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að á síðustu árum hefur kaupstöðum fjölgað verulega í landinu. Veturinn 1973—74 voru samþykkt á Alþingi lög um kaupstaðarréttindi til handa eigi færri en fimm kauptúnahreppum, og yfirstandandi Alþingi hefur enn bætt tveimur við. Þessi fjölgun kaupstaðanna á sér að miklum hluta þær rætur, að kauptúnahrepparnir vilja gjarnan losna við að taka þátt í ýmsum sameiginlegum kostnaði sýslufélaganna og eru gjöld til sýsluvegasjóðs þar einn gildasti þátturinn. En um leið og hreppur er orðinn að kaupstað falla þessi gjöld og sum önnur, svo sem sýslusjóðsgjöld, niður.

Engin ástæða er til þess að láta óþörf eða óheppileg lagaákvæði verða til þess að sundra í sívaxandi mæli lögsagnarumdæmum og sýslufélögum með óeðlilega mikilli fjölgun kaupstaða í landinu. Slíkum breytingum fylgja oftast aukin útgjöld í stjórnsýslu, auk þess sem sýslurnar veikjast og verða síður færar um að valda þeim verkefnum, sem eðlilegt er að þær hafi með höndum. Mikil hætta er þó á því, að svo fari ef lagaákvæðum er ekki breytt. Með þessu frv. er gerð tilraun til að bæta hér nokkuð úr.

Sþ. 448. Tillaga til þingsályktunar [216. mál]

um vinnuvernd og starfsumhverfi.

Flm.: Benedikt Gröndal, Eggert G. Þorsteinsson, Gylfi Þ. Gíslason, Jón Árm. Héðinsson, Sighvatur Björgvinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja og leggja fyrir þingið frumvarp til laga um vinnuvernd og starfsumhverfi og hafa um það samvinnu við Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna.

Tilgangur laganna verði að tryggja öllum landsmönnum starfsumhverfi, þar sem ekki er hætta á líkamlegu eða andlegu heilsutjóni, en vinnuskilyrði eru í samræmi við lífskjör þjóðarinnar og tæknilega getu, stuðla að virðingu vinnunnar og starfsgleði.

Lögin geri ráð fyrir eðlilegum íhlutunarrétti vinnandi fólks varðandi starfsumhverfi sitt, en stefni að því, að verkefni og vandamál á því sviði verði sem mest leyst í samstarfi verkafólks og atvinnuveitenda, svo og af samtökum vinnumarkaðarins, allt innan ramma laga og reglugerða. Núverandi stofnanir, er gæta öryggis á vinnustöðum, fái aðstöðu til að annast óhjákvæmilegt eftirlit með því, að opinberum kröfum sé fylgt á þessu sviði.

Þá skulu lögin hafa ákvæði um starfsaðstöðu fyrir fólk, sem hefur skerta vinnugetu, og stuðla að því að það fái í sem ríkustum mæli vinnu með heilbrigðum á venjulegum vinnustöðum.

Lögin komi í stað laga um öryggi á vinnustöðum frá 1952.

Greinargerð:

Árið 1952 tóku gildi hér á landi lög um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Samkvæmt þeim var komið á fót Öryggiseftirliti ríkisins, sem síðan hefur starfað samkvæmt lögunum og reglugerðum, er settar hafa verið samkvæmt þeim. Lög þessi voru á sínum tíma sett af framsýni og skilningi, og var nú síðast fyrir nokkrum mánuðum sett umfangsmikil reglugerð um gerð vinnustaða samkvæmt þeim.

En nú eru breyttir tímar.

Meðal þess, sem fólk í þróuðum löndum hefur hvað mestan áhuga á, eru umhverfismál, það er meðferð mannsins á náttúrlegu umhverfi sínu, og atvinnulýðræði, sem veita á hverjum einstakling íhlutunarrétt um atvinnu sína og vinnustað til þess að gera hann að virkum þátttakanda í samfélaginu.

Þessi viðhorf hafa fætt af sér meiri kröfur til starfsumhverfis fólks en áður hafa verið gerðar. Það hefur runnið upp fyrir verkafólki, að þau lífskjör, sem móta umhverfi á heimili, í skóla og félagslífi, eru ólíkt betri en það umhverfi, sem mikill fjöldi karla og kvenna verður að sætta sig við á vinnustað, þar sem fólk dvelst þriðjung allrar starfsævi sinnar. Hví skyldu óhreinindi og margs konar óhollusta ríkja á vinnustöðum fólks, sem aldrei mundi sætta sig við annað en hrein, heilnæm og vistleg heimili, skóla, sjúkrahús, samkomustaði eða aðra dvalarstaði?

Jafnframt þessu hefur aukin tækni leitt til þess, að fjölgað hefur til muna störfum með margvísleg efni og efnasambönd, sem geta verið hættuleg. Mikill og vaxandi hávaði fylgir mörgum nútíma vinnustöðum. Og margir vinnustaðir, sem ekki eru beinlínis hættulegir, geta, er til lengdar lætur, valdið streitu og ýmsum kvillum, er nú eru taldir til atvinnusjúkdóma og geta slitið fólki fyrir aldur fram.

Í tveim íslenskum atvinnugreinum hefur orðið bróun, sem sýnir hvað getur gerst og þarf að gerast á þessu sviði. Það eru fiskfrystihús og sláturhús, sem til skamms tíma hafa verið (og eru mörg enn) óhreinir og óhollir vinnustaðir. Ótti við kröfur heilbrigðiseftirlits í markaðslöndum leiddu til þess, að gert hefur verið stórátak með fjárfestingu fyrir milljarða króna til að gera þessi fyrirtæki svo úr garði, að þau standist ítrustu nútímakröfur, sem gerðar eru til matvælaframleiðslu. Jafnhliða hefur aðstaða starfsfólks batnað til muna, bæði við sjálft starfið, í fataherbergjum og matstofum, salernum, í hreinlætisaðstöðu allri og á fleiri vegu. Þar, sem þessar breytingar hafa tekist best, má sjá hvað hægt er að gera og verður að gera á flestum eða öllum vinnustöðum, ekki aðeins af ótta við kröfur erlendra kaupenda, heldur fyrir verkafólk okkar til þess að bæta blutskipti þess.

Löggjöf eins og sú, er hér er farið fram á, hefur undanfarin ár verið í undirbúningi eða nýlega verið afgreidd á þjóðþingum hinna Norðurlandanna og fleiri ríkja. Danska þingið hefur þegar sett ný lög um starfsumhverfi (Lov om arbejdsmiljö) og koma þau í stað briggja lagabálka, er allir náðu mun skemmra á þessu sviði. Norðmenn og Svíar hafa lagt mikið starf í undirbúning málsins. Hefur það verið og er til meðferðar á þingum þeirra.

Í fyrstu málsgr. báltill. er rætt um „vinnuvernd og starfsumhverfi“, og er það mikil útvíkkun á hugtakinu „örvggi á vinnustöðum“, en öryggismálin eru þar öll innifalin. Sjálfsagt er að undirbúa slíka löggjöf í náinni samvinnu við samtök launþega og vinnuveitenda.

Í annarri málsgr. er skilgreindur tilgangur væntanlegra laga, en slík skilgreining ætti einnig að vera í lögunum sjálfum. Þar er ekki aðeins talað um að fyrirbyggja líkamlegt eða andlegt heilsutjón, heldur það markmið, að vinnustaðir verði í samræmi við lífskjör þjóðarinnar, eins hreinir, heilnæmir og vistlegir og unnt er að gera þá. Allt umhverfi á vinnustöðum verður í framtíðinni að stuðla að virðingu vinnunnar og starfsgleði hvers einstaklings. Þetta eru veigamikil mannréttindi.

Þá gerir briðja málsgr. ráð fyrir eðlilegum íhlutunarrétti fólks um starfsumhverfi sitt. Er það grundvöllur lifandi lýðræðis, að hver einstaklingur hafi áhrif á næsta umhverfi sitt innan þjóðfélagsins og taki þátt í mótun ákvarðana, er varða daglega tilveru hans. Getur þetta gerst á margvíslegan hátt, til dæmis með kerfi samstarfsnefnda, starfi trúnaðarmanna eða fundum. Stefna skal að því, að verkefni og vandamál á þessu sviði verði sem mest levst í samstarfi verkafólks og atvinnurekenda á hverium vinnustað eða í hverju fyrirtæki eða stofnun. Samtök vinnumarkaðarins þurfa að sjálfsögðu að setja öllu þessu ákveðinn ramma með samkomulagi, enda er hugmyndin, að lögin verði fyrst og fremst rammalöggjöf, en nánari atvik verði skilgreind ýmist í reglugerðum eða samkomulagi.

Samkvæmt gildandi lögum er til öryggiseftirlit með stjórn og starfsliði, svo og öryggisráð, er um málefni laganna fjallar. Ekki er ætlunin að setja upp nýjar stofnanir með hinum fyrirhuguðu lögum, heldur breyta verkefnum þessara aðila eftir nýjum ákvæðum, enda mun án efa reyna mest á opinbert aðhald á sviði öryggismálanna, eins og verið hefur, en önnur veigamikil atriði hvíla meira á samkomulagi starfsfólks og vinnuveitenda.

Fjórða málsgr. fjallar um fólk, sem hefur skerta starfsgetu af einhverjum ósjálfráðum ástæðum. Hópur „afbrigðilegra einstaklinga“ í nútíma þjóðfélagi fer sífellt vaxandi vegna framfara í læknavísindum og heilbrigðismálum, sem mjög hafa dregið úr barnadauða. Er það eitt af mestu félagslegu vandamálum nútíma þjóðfélags, hvernig hlúa skuli að þessum borgurum, tryggja þeim uppeldi og kennslu eftir getu hvers og eins og síðan starf og sem eðlilegasta sambúð við annað fólk, ef þess er kostur. Setja þarf ákvæði, er stuðlað gætu að því, að þetta fólk fæki meiri þátt í almennum störfum með heilbrigðum, frekar en að loka það allt inni á stofnunum eða við sérstaka vinnu.

Alþýðuflokkurinn flytur þessa tillögu í þeirri trú, að með henni sé hreyft stórmáli, er varðar stöðu einstaklingsins í þjóðfélaginu. Stefnir málið að aukinni þátttöku hvers og eins í mótun umhverfis og þar með daglegs lífs, aukinnar virðingar vinnunnar og aukinnar starfsgleði.

Það er mikið og vandasamt verk að móta drög að löggjöf um þetta efni, en sem betur fer er unnt að kanna hugmyndir og reynslu frændþjóða okkar á þessu sviði og bera hana saman við íslenskar aðstæður.

Framkvæmd slíkra laga mundi ekki heldur verða brist fram úr erminni. Hún mundi taka langan tíma, en leiða til stöðugra breytinga, uns þeim markmiðum er náð, sem sett eru. Hvert skref á þessari leið verður til góðs fyrir fleiri eða færri einstaklinga, svo og þjóðina alla.

Ed. 449. Frumvarp til laga [217. mál]

um gleraugnafræðinga og sjónfræðinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Rétt til að kalla sig gleraugnafræðing eða sjónfræðing og starfa sem slíkur hér á landi hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Leyfi samkv. 1. gr. skal veita þeim, sem lokið hefur prófi sem gleraugnafræðingur eða sjónfræðingur frá skóla sem viðurkenndur er af heilbrigðisyfirvöldum.

Heimilt er að svnja manni um starfsleyfi sem gleraugnafræðingur eða sjónfræðingur, ef 2. málsgr. 68. gr. almennra hegningalaga á við um hagi hans.

3. gr.

Ráðherra getur veitt manni, sem hefur að baki a. m. k. 5 ára starfsreynslu, starfsleyfi sem gleraugnafræðingur að undangengnu hæfnisprófi og að fengnum meðmælum landlæknis.

4. gr.

Framleiðsla og sala sjónhjálpartækja (gleraugna og snertilinsa) er óheimil öðrum þeim, sem starfsréttindi hafa samkvæmt lögum þessum, eða hafa í þjónustu sinni gleraugnafræðing eða sjónfræðing með fullum réttindum.

5. gr.

Gleraugnafræðingum er heimilt að framleiða og selja sjónhjálpartæki samkvæmt fyrirsögn augnlækna.

Sjónfræðingi er heimilt að starfa samkv. 1. málsgr. þessarar greinar og einnig eftir eigin sjónmælingu á sjúklingi með þeim takmörkunum, sem um getur í 3. málsgr. þessarar greinar.

Án fyrirsagnar augnlæknis mega sjónfræðingar ekki láta frá sér fara sjónhjálpartæki:

1) til barna undir 10 ára aldri,
2) til sjúklings, sem aldrei hefur áður farið til augnlæknis til athugunar á sjón,
3) til sjúklings, sem ætla má að þjáist af augnasjúkdómum eða öðrum kvillum, sem skaðlegir gætu verið sjóninni,
4) til sjúklings, sem náð hefur 45 ára aldri.
5) til sjúklings, ef ekki næst betri sjónskerpa (visus) en 6/12,
6) til sjúklings, sem sjónskerpa hefur lækkað hjá á stuttum tíma,
7) til strabismus sjúklings,
8) til afaki sjúklings.

6. gr.

Um gleraugnafræðinga og sjónfræðinga gilda að öðru leyti og eftir því sem við getur átt, reglur læknalaga nr. 80/1969. Reglur læknalaga gilda um viðurlög við brotum í starfi, um sviptingu starfsleyfis og um endurveitingu starfsréttinda. Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, svo og um réttindi og skyldur gleraugnafræðinga og sjónfræðinga.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta um gleraugna- og sjónfræðinga er samið í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Það er að verulegu leyti byggt á tillögum, sem ráðuneytinu bárust frá Optikerafélagi Íslands og Félagi gleraugnaverslana á Íslandi.

Á vegum Norðurlandaráðs hefur farið fram athugun á þeim reglum, sem giltu um þetta á Norðurlöndum, og hafa verið settar nýjar reglur í Finnlandi, Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Ráðuneytið hafði þær reglur mjög til hliðsjónar við fyrstu gerð þess frumvarps, sem hér er lagt fram. Þau drög voru síðan send til nokkurra aðila til umsagnar.

Að fengnum athugasemdum var frumvarpið svo samið og frá því gengið í þeirri mynd, sem það birtist hér í.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er í samræmi við upphafsgreinar laga og reglugerðar þeirra, sem undanfarin misseri hafa verið sett um aðrar heilbrigðisstéttir. Lagt er til að upp verði tekin heitin gleraugnafræðingur og sjónfræðingur í stað orðanna optiker og optometrist.

Um 2. gr.

Menntun á því sviði, er frumvarp þetta tekur til, verður enn að sækja til útlanda. Algengast mun að Íslendingar sæki skóla á Norðurlöndum og í öðrum löndum Vestur-Evrópu, einkum í Þýskalandi.

Námsefni mun yfirleitt vera mjög svipað í skólum í þessum löndum svo og kröfur þeirra um próf. Það er því tiltölulega auðvelt fyrir heilbrigðisyfirvöld á hverjum tíma að marka þær kröfur, sem gera verður svo að slíkir skólar teljist viðurkenndir.

Síðari málsgrein 2. greinar þarfnast ekki skýringar.

Um 3. gr.

Þegar sett hafa verið ný lög um starfsheiti og starfsréttindi ákveðinna stétta, hefur sú venja ríkt hér á landi, að samtímis væri gert ráð fyrir því, að því fólki, sem í starfi er á þessu sviði, þegar lögin taka gildi, sé gefinn kostur á starfsréttindum. Hér er lagt til að skilyrði fyrir slíkum starfsréttindum sé a. m. k. 5 ára starfsreynsla, að hæfni sé sönnuð með sérstöku prófi og að fengin séu meðmæli landlæknis.

Um 4. gr.

Í þessari grein og 5. grein frumvarpsins felast helstu nýmæli þessa frumvarps. Í 4. grein er lagt til, að því verði slegið föstu að sala og framleiðsla sjónhjálpartækja þ. e. a. s. gleraugna- og snertilinsa skuli vera óheimil öðrum en þeim, sem starfsréttindi hafa samkvæmt lögum þessum eða hafa í þjónustu sinni aðila með fullum slíkum réttindum. Þetta ákvæði er nýmæli. Það verður ekki séð, að í gildandi lögum séu nein þau ákvæði, sem komið geti í veg fyrir að hver sem væri hefði með höndum framleiðslu og sölu á þessum hlutum.

Það mun yfirleitt ekki tíðkast, að sjúklingur, sem fengið hefur afgreidd gleraugu eða önnur sjónhjálpartæki í gleraugnaverslun eftir fyrirsögn augnlæknis, fari aftur til augnlæknis síns með þessi tæki til athugunar, fyrr en hann vitjar augnlæknisins næst. Að þessu leyti gildir hér sama reglan og við útlát lyfja eftir lyfseðli. Þegar af þessari ástæðu er augljóst, að mjög veigamikið er, að þeir sem vinna eiga eftir fyrirsögn augnlæknis séu fullkomlega í stakkinn búnir til þess. Því er lagt til, að ákveðið verði í næstu grein hvert skuli vera hið heimilaða starfssvið gleraugnafræðinga (optikera) og hvert skuli vera hið leyfilega starfssvið sjónfræðinga (optometrist), en gert er ráð fyrir, að hinir síðarnefndu hafi heimild til þess að framkvæma undir vissum kringumstæðum eigin sjónmælingu á sjúklingi til ákvörðunar á gerð og styrkleika þess sjónhjálpartækis, sem síðan yrði afgreitt til viðkomandi sjúklings.

Um 5. gr.

Í grein þessari eru nánari ákvæði um heimilað starfssvið gleraugnafræðinga og sjónfræðinga.

Takmarkanir skv. töluliðum 1—4 í 3. málsgrein eru efnislega samhljóða þeim meginreglum, sem nýlega hafa verið settar á Norðurlöndum um störf sjónfræðinga. Takmarkanir skv. töluliðum 5—8 eru teknar í frumvarpið eftir tillögu Félags gleraugnaverslana á Íslandi, sem fékk fyrstu drög frv. til umsagnar ásamt fleiri aðilum.

Um 6. gr.

Í samræmi við ákvæði annarra nýsettra laga um starfsréttindi og skyldur heilbrigðisstétta, er hér lagt til, að um þessa stétt gildi agavald, hliðstætt því, er um þær stéttir gildir almennt.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Ed. 450. Frumvarp til laga [218. mál]

um breyting á lyfsölulögum nr. 30 29. apríl 1963.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra skipar 6 menn í lyfjanefnd til fjögurra ára í senn. Skal ein þeirra vera læknir með sérfræðingsmenntun í lyfjafræði lækna (pharmacology) eða klínískri lyfjafræði (clinical pharmacology), annar lyfjafræðingur með sérfræðingsmenntun í lyfjaefnafræði, þriðji læknir með sérfræðingsmenntun í eiturefnafræði (toxicology), fjórði læknir með sérfræðingsmenntun í lyflæknisfræði, fimmti starfandi lyfjafræðingur og sjötti læknir, sem starfar að heimilislækningum. Landlæknir gerir tillögur um nefndarmenn og ráðherra skipar formann.

Yfirdýralæknir tekur sæti í lyfjanefnd þegar fjallað er um mál, er sérstaklega varða dýralækningar.

Ef eigi fást sérfræðingar, sbr. 1. mgr. til setu í lyfjanefnd, telst nefndin þó starfhæf, er minnst fjórir sitja í henni.

Ráðherra getur heimilað, að skipaðir verði sérfræðingar í hinum ýmsu greinum lækn is- og lyfjafræði, til að vera lyfjanefnd til ráðuneytis.

Nefndarmenn lyfjanefndar mega ekki hafa hagsmuna að gæta um sölu eða framleiðslu lyfja.

Verkefni lyfjanefndar er að gera tillögur til ráðherra um:

1. Skráningu og afskráningu lyfja.
2. Veitingu leyfa til tilrauna með óskráð lyf.
3. Lyfjastaðla og flokkun lyfja.
4. Framleiðsluforskriftir fyrir lyf.
5. Reglugerð til nánari skilgreiningar á lyfjahugtakinu.
6. Reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja.
7. Skráningu aukaverkana og eiturverkana lyfja. Heimilt er að ráða sérhæft starfslið til þessa verkefnis og hliðstæðra verkefna.
8. Önnur atriði er varða framkvæmd lyfjalaga, svo sem ráðherra mælir um í reglugerð, hér með talið samvinna við erlendar lyfjanefndir eða lyfjaskrárnefndir.

Leita skal umsagnar landlæknis og lyfjaeftirlits ríkisins eftir því sem við á um framangreindar tillögur lyfjanefndar.

2. gr.

47. gr. laganna orðist svo:

Lyfjaeftirlit ríkisins annast faglegt eftirlit með rekstri lyfjabúða, lyfjaheildverslana, lyfjagerða og öðrum fyrirtækjum og stofnunum, er framleiða, flytja inn eða búa um lyf. Enn fremur eftirlit með lyfjum í öðrum stofnunum, þar sem þau eru höfð um hönd.

Lyfjaeftirlitið annast almennt eftirlit með lyfjum, influtningi lyfja og lyfjaauglýsingum.

Heimilt er að fela lyfjaeftirlitinu eftirlit með öðrum fyrirtækjum eða með öðrum vörum en lyfjum, ef sérstakar ástæður mæla með því.

Lyfjaeftirlitinu veitir forstöðu lyfjafræðingur, er stenst kröfur þær, er greinir í 9. gr. til þess að öðlast lyfsöluleyfi. Tryggja skal lyfjaeftirlitinu auk þess hæfilegt starfslið og aðstöðu til nauðsynlegra rannsókna. Heimilt er að fela óháðum rannsóknastofnunum hér á landi eða erlendis að annast rannsóknir á vegum lyfjaeftirlitsins.

Leggja skal árlegt eftirlitsgjald á fyrirtæki þau og stofnanir, er lyfjaeftirlit

ríkisins hefur eftirlit með. Til eftirlitsins falla jafnframt að hluta gjöld af sérlyfjum samkvæmt úrskurði ráðherra, sbr. ákvæði 1. málsgr. 62. gr. Skal verja tekjum þessum til greiðslu kostnaðar við eftirlitið. Nú hrökkva tekjurnar ekki fyrir þessum kostnaði og greiðist það, sem á vantar þá úr ríkissjóði.

Ráðherra kveður nánar á um starfssvið og starfshætti lyfjaeftirlits ríkisins í reglugerð. Mæla skal einnig fyrir um eftirlitsgjöld og innheimtu þeirra í reglugerð. Eftirlitsgjöld eru lögtakskræf.

3. gr.

Við 62. gr. laganna bætist ný málsgr. svohljóðandi.

Heimilt er ráðherra, að höfðu samráði við landlækni og lyfjanefnd, að veita undanþágu frá skráningargjaldi og árgjaldi því, sem getur í 1. málsgr., ef sérstakar ástæður mæla með.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1976.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem skipuð var 9. mars 1973 til að gera tillögur um breytingar á þeim þáttum lyfsölulaga, er einkum snerta lyfjahugtakið.

Í þessa nefnd voru skipaðir eftirtaldir menn:

Ólafur Ólafsson, landlæknir, formaður.
Almar Grímsson, deildarstjóri, ritari.
Sigurður Líndal, prófessor.
Vilhjálmur G. Skúlason, prófessor.
Sigurður Ólafsson, lyfsali.
Þorkell Jóhannesson, prófessor.

Nefndin starfar enn að athugun á ýmsum þáttum lyfjamála og tillögugerð í því sambandi. Þau ákvæði, sem fjallað er um í þessu frumvarpi, eru talin þurfa endurskoðunar við hið fyrsta og var því horfið að því ráði að gera þeim skil í sérstöku lagafrumvarpi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lyfjanefnd, er hér um ræðir, svarar að verulegu leyti til lyfjaskrárnefndar, er ræðir um í 2. gr. lyfsölulaga. Hliðstæðar nefndir erlendis er nú tekið að nefna lyfjanefndir og er í því heiti haldið hér, enda hefur lyfjaskrárnefnd kallast á ensku „Comittee on Drugs“ hin síðari ár. Er og heitið lyfjanefnd fremur réttnefni um störf nefndarinnar en lyfjaskrárnefnd.

Horfið hefur verið frá því að binda setu manna í lyfjanefnd við embætti, svo sem gert er um skipan manna í lyfjaskrárnefnd skv. 2. gr. lyfsölulaga. Forsenda þessa er sú, að menn geta hæglega gegnt tilteknum embættum, þar sem þeir fjalla um notkun lyfja við lækningar, rannsóknir á verkun lyfja eða önnur atriði, er lyf varða, enda þótt hugur þeirra standi alls ekki til starfa í lyfjanefnd. Er því slík binding við embætti óæskileg.

Við skipun manna í lyfjanefnd er reynt að taka tillit til þess, að nefndarmenn hafi sameiginlega yfirlit yfir sem víðast svið lyfjamála. Læknar í nefndinni eiga þannig að hafa yfirsýn yfir lyfjafræðilegar og eiturefnafræðilegar rannsóknir hjá mönnum og dýrum og yfirlit yfir notkun lyfja við lækningar á spítölum og utan þeirra. Lyfjafræðingum í nefndinni er ætlað að hafa yfirsýn yfir lyfjaefnafræðilegar og lyfjagerðarfræðilegar rannsóknir og ýmis hagnýt atriði varðandi afgreiðslu lyfja og útlát þeirra.

Ákvæði um að í nefndinni skuli vera starfandi lyfjafræðingur er óbreytt í lyfsölulögum.

Ekki er ráð fyrir því gert, að lyfsali eigi fasta setu í nefndinni, þar eð óviðurkvæmilegt er, að menn, er eiga fjárhagslegra hagsmuna að gæta í fyrirtæki, sem framleiðir, flytur inn eða selur sérlyf, sitji í nefnd, er fjallar um mat á sérlyfjum og skráningu þeirra, en lyfsalar eiga nú sem næst allir hagsmuna að gæta. Á hinn bóginn er nauðsynlegt, að lyfsali sé nefndinni ráðgefandi, þegar fjallað er um mál, er varða samningu reglugerðar samkvæmt 5. og 6. tölulið 6. málsgreinar.

Ákvæði 5. málsgreinar þess efnis að nefndarmenn lyfjanefndar megi ekki hafa hagsmuna að gæta um sölu eða framleiðslu lyfja, er talið gilda um lyfsala, meðeigendur lyfjaframleiðslufyrirtækja, starfsmenn í sérlyfjaframleiðslu og umboðsmenn erlendra sérlyfjaframleiðenda.

Mat á sérlyfjum hefur vandast mjög á síðustu 2—3 árum, þar eð nú koma til skráningar fyrst og fremst ný lyf, er eigi voru þekkt er skráning sérlyfja hófst hér á landi árið 1964. Hér skal þess getið og lögð áhersla á, að umsóknir berast nú um skráningu ýmissa sérlyfja, sem óvíða eða hvergi eru á markaði, þegar umsóknir berast hingað. Er því mjög undir hælinn lagt, hvort fá megi upplýsingar um ný sérlyf hjá yfirvöldum erlendis, þá er meta skal umsóknir um skráningu sérlyfja hér á landi. Er þannig þörf á breiðari þekkingargrundvelli við mat á sérlyfjum en hingað til hefur þótt viðhlítandi. Af þessum sökum er ráð fyrir því gert, að lyfjanefnd hafi aðgang að ráðunautum í sérgreinum læknisfræði, þar sem notkun lyfja er veigamikill þáttur í lækningum. Starf nefndarmanna varðandi mat á sérlyfjum yrði að allmiklu leyti fólgið í því að taka afstöðu til umsókna á grundvelli álitsgerða, er ráðunautar nefndarinnar semdu hver á sínu sviði en að auki kæmi mat þeirra á umsóknargögnum beinlínis og þá ekki síst á klínískum gögnum. Ákvörðun um meðmæli eða synjun meðmæla með umsókn um skráningu sérlyfs yrði því eftir sem áður í höndum nefndarmanna. Ætlast er til, að yfirdýralæknir taki sæti í nefndinni, eins og verið hefur, þegar fjallað er um lyf, sem sérstaklega eru ætluð dýrum.

Í 2. tölul. 6. málsgr. er vikið að því, að lyfjanefnd skuli vera til ráðuneytis um veitingu leyfa til lækningatilrauna með óskráð lyf. Um þetta vantar raunar ákvæði í íslensk lög og væri æskilegt, að slík ákvæði væru í læknalögum. Þá er ráð fyrir því gert, að lyfjanefnd verði til ráðuneytis um skráningu aukaverkana og eiturverkana af völdum lyfja, þegar slík skráning hefst hér á landi.

Undir 8. tölul. 6. málsgr. er talið falla aðstoð lyfjanefndar við lyfjaeftirlit ríkisins við mat á lyfjaauglýsingum.

Ætlast er til þess, að kveðið verði nánar á í reglugerð um starfssvið og starfshætti lyfjanefndar.

Um 2. gr.

Í þessari grein er fjallað um lyfjaeftirlit, sem ætlað er að hafa sérfræðilegt eftirlit með fyrirtækjum, er framleiða, dreifa eða selja lyf. Skal eftirlit þetta beinast að gæðum framleiðslunnar, svo og búnaði, húsnæði og starfsliði.

Enn fremur er ætlast til, að lyfjaeftirlitið hafi eftirlit með þeim þáttum í rekstri ýmissa annarra stofnana er taka til meðhöndlunar á lyfjum. Er þá fyrst og fremst átt við sjúkrahús og aðrar sjúkrastofnanir.

Ætlast er til þess, að lyfjaeftirlitið geti annast flestar þær rannsóknir, sem nauðsyn krefur, að gerðar verði, sbr. 1. málsgr., en þær verði ella faldar öðrum, sbr. málsgr. Heilbrigðisyfirvöld ráða ekki yfir rannsóknarstofu, er getur tekið að sér slíkt eftirlit. Er því næst lagi að ætla, að ríkissjóður verði að leggja mikið fé af mörkum vegna stofnkostnaðar við lyfjaeftirlit á næstu árum, eigi slíkt eftirlit að verða annað en nafnið eitt. Kostnað við rekstur eftirlitsins má hins vegar að verulegu leyti greiða með gjaldi, sem lagt er á fyrirtæki þau, sem eftirlitið varðar.

Í 2. málsgr. er heimildarákvæði þess efnis, að fela megi lyfjaeftirlitinu eftirlit með öðrum fyrirtækjum en þeim, sem framleiða eða selja lyf. Eru einkum höfð í huga fyrirtæki, er selja eiturefni og hættuleg efni.

Nauðsynlegt er að kveða ítarlega á um starfssvið og starfshætti lyfjaeftirlitsins í reglugerð.

Um 3. gr.

Nauðsynlegt þykir, að ráðherra hafi heimild til niðurfellingar á skráningar- og árgjöldum, ef sérstakar ástæður mæla með. Slíkar ástæður geta t. d. verið, ef framleiðandi sér ekki hag í því að kosta til skráningar vegna takmarkaðrar notkunar á viðkomandi lyfi. Lyf þetta getur hins vegar verið nauðsynlegt að hafa á markaði.

Fram til þessa hefur vandamál þetta verið leyst með undanþágum til innflutnings á takmörkuðu magni hverju sinni. Slíkt undanþágufyrirkomulag er þungt í vöfum og krefst til muna meira eftirlits en ef lyfið væri skráð á sérlyfjaskrá.

Um 4. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Ed. 451. Frumvarp til laga [219. mál]

um breyting á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

3. gr., 1. málsgr. orðist svo:

Rektor er kjörinn til þriggja ára í senn, og eru skipaðir prófessorar einir kjörgengir. Atkvæðisrétt eiga prófessorar, dósentar og lektorar og allir þeir, sem fastráðnir eru eða settir til fulls starfs við háskólann og stofnanir hans og hafa háskólapróf. Þá eiga allir stúdentar, sem skrásettir eru í Háskóla Íslands tveim mánuðum á undan rektorskjöri, atkvæðisrétt. Greidd atkvæði stúdenta skulu gilda sem einn þriðji hluti greiddra atkvæða alls, en greidd atkvæði annarra atkvæðisbærra aðila skulu gilda sem tveir þriðju hlutar greiddra atkvæða alls.

2. gr.

3. gr., 2. málsgr. orðist svo:

Rektorskjör fer fram í aprílmánuði, en rektor tekur við störfum með byrjun háskólaárs.

3. gr.

3. gr., 3. málsgr. orðist svo:

Sá er rétt kjörinn rektor, sem hlotið hefur meiri hluta greiddra atkvæða, sbr. 1. málsgr. Ef enginn fær svo mörg atkvæði, skal kjósa að nýju eftir viku um þá tvo eða fleiri, sem flest atkvæði fengu, og er þá sá rétt kjörinn, er flest atkvæði fær. Séu atkvæði jöfn, ræður hlutkesti. Um tilhögun kosningar skal kveða nánar á í reglugerð.

4. gr.

4. gr., 1. málsgr. orðist svo:

Í háskólaráði eiga sæti rektor, forsetar háskóladeilda, tveir fulltrúar, sem kosnir eru til tveggja ára í senn á almennum félagsfundi í Félagi háskólakennara úr hópi þeirra félagsmanna, sem ekki eru kjörgengir til starfa deildarforseta, í fyrsta sinn vorið 1976, þar af annar til eins árs, og síðan einn á hverju vori, og fjórir fulltrúar stúdenta, kjörnir hlutfallskosningu í sérstökum kosningum til tveggja ára í senn, í fyrsta sinn vorið 1976, þar af tveir til eins árs, og síðan tveir á hverju vori. Ef Félag háskólakennara og stúdentar hafa þegar kjörið 1 fulltrúa hvor aðili fyrir árið 1976—1977, þegar þessi lög taka gildi, þarf fyrrnefndi aðilinn engan að kjósa til eins árs vorið 1976 og síðarnefndi aðilinn þarf aðeins að kjósa einn fulltrúa til

eins árs. Háskólaritari og kennslustjóri eiga einnig sæti á fundum ráðsins og hafa þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt. Rektor er forseti ráðsins, en varaforseta og ritara kýs ráðið úr hópi deildarforseta til eins árs í senn.

5. gr.

4. gr., 3. málsgr. breytist þannig, að í stað orðanna „eða fulltrúi, er Félag háskólakennara tilnefnir“ komi: eða fulltrúar, er Félag háskólakennara tilnefnir.

6. gr.

9. gr., 1. málsgr. orðist svo:

Í Háskóla Íslands eru þessar deildir: Guðfræðideild, læknadeild, lagadeild, heimspekideild, verkfræði- og raunvísindadeild, viðskiptadeild, tannlæknadeild og félagsvísindadeild.

7. gr.

14. gr., 1. málsgr. breytist þannig:

Í stað orðanna „Enn fremur eiga þar sæti 2 fulltrúar stúdenta, tilnefndir af aðalfundi deildarfélags“ komi: Enn fremur eiga þar sæti þrír fulltrúar stúdenta, í deildum þar sem tala annarra, sem rétt hafa til fundarsetu með atkvæðisrétti samkvæmt lögum eða deildarsamþykktum, er tólf eða færri, og síðan einn fulltrúi stúdenta fyrir hverja sex til viðbótar.

8. gr.

14. gr., 3. málsgr. breytist þannig, að aftan við málsgreinina bætist: Tala stúdenta í stjórn skorar skal ekki vera lægri en tveir.

9. gr.

14. gr., 4. málsgr. breytist þannig, að aftan við málsgreinina bætist: Tala stúdenta í deildarráði skal þó ekki vera lægri en tveir.

10. gr.

29. gr. orðist svo:

Við munnleg próf, sem teljast til fullnaðarprófs, skal vera einn prófdómandi utan háskólans. Skrifleg próf dæma hlutaðeigandi kennarar einir.

Stúdent, sem ekki hefur staðist próf, á rétt til þess að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar, ef hann æskir þess bréflega innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Vilji stúdentinn þá eigi una mati kennarans, getur hann snúið sér til viðkomandi deildarforseta. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki. Einnig getur kennari, telji hann til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi.

Menntamálaráðherra skipar prófdómendur að fengnum tillögum háskóladeildar. Þá eina má skipa prófdómara, sem lokið hafa viðurkenndu fullnaðarprófi við háskóla í þeirri grein, sem dæma skal, eða getið hafa sér orðstír fyrir fræðimennsku í greininni. Prófdómendur skulu skipaðir til þriggja ára í senn, nema skipun sé samkvæmt 2. mgr. hér á undan.

Sé ekki völ á prófdómara hérlendis utan háskólans, er fullnægir skilyrðum 3. mgr. hér á undan, er menntamálaráðherra rétt að skipa háskólakennara til starfans að fenginni tillögu háskóladeildar.

11. gr.

X. kafli falli brott, og breytist tölusetning XI. kafla til samræmis við það, þannig að hann verði X. kafli.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi að öðru leyti en því, að ákvæði 6. gr. og 11. gr. öðlast gildi 15. september 1976.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af Háskóla Íslands, en nokkrar breytingar hafa verið gerðar á því í menntamálaráðuneytinu í samráði við háskólarektor.

Núgildandi lög um Háskóla Íslands eru að meginstofni 6 ára gömul, lög nr. 84/1970, en nokkrar breytingar hafa þó verið gerðar á þeim, sbr. lög nr. 112/1970, 67/1972, 88/1973 og 3/1975.

Á tímabilinu frá febrúar 1975 til febrúar 1976 hefur háskólaráð samþykkt nokkrar tillögur til breytinga á háskólalögum og hafa þær verið sendar menntamálaráðuneytinu jafnóðum. Hér hafa flestar þessara tillagna verið felldar inn í eina heild.

Meginefni þeirra breytinga á lögunum, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, varða eftirtalin atriði:

1. Rektorskjör og stjórn deilda.
2. Stofnun nýrrar deildar, félagsvísindadeildar.
3. Prófdómarafyrirkomulag.

1. Rektorskjör. Stjórn deilda. Aðild stúdenta og starfsmanna háskólans, annarra en prófessora, að rektorskjöri og stjórn deilda hefur verið mjög til umræðu í háskólaráði undanfarin tvö ár. Kom sú umræða í kjölfar álitsgerðar nefndar, sem háskólaráð skipaði haustið 1972 og skilaði áliti snemma árs 1974, og tillagna frá Stúdentaráði Háskóla Íslands, sem bárust um svipað leyti. Tillögur þessar hlutu ýtarlega meðferð innan háskólans veturinn 1974—75. Á fundi háskólaráðs 1. júlí 1975 lagði rektor fram svohljóðandi tillögu, sem samþykkt var í háskólaráði: „Háskólaráð ályktar að fela rektor að semja í sumar drög að frumvarpi til breytinga á háskólalögum, þar sem 1) hlutdeild stúdenta í rektorskjöri verði aukin í 1/3, 2) stúdentar fái allt að fjóra fulltrúa í háskólaráði, 3) Félag háskólakennara fái 2 fulltrúa í háskólaráði og sé annar þeirra ekki úr hópi fastra kennara, 4) aðild stúdenta í stjórn deilda og skora verði endurskoðuð og reynt að samræma tillögur deilda og stúdenta í því efni."

Á fundum háskólaráðs 11. og 13. sept. 1975 voru tillögur rektors til umræðu í háskólaráði og afgreiddar þaðan á þann hátt, sem fram kemur í 1. gr., 2. gr., 3. gr., 4. gr., 5. gr., 7. gr., 8. gr. og 9. gr. þessa frumvarps.

Eftir afgreiðslu málsins í háskólaráði sendi rektor greinargerð um málið til kynningar í deildum, námsbrautum, Félagi háskólakennara og Stúdentaráði Háskóla Íslands um leið og erindið var sent menntamálaráðuneytinu. Er saga málsins þar rakin nokkuð, svo og röksemdir þær, er fram koma í málinu. Greinargerð þessi er hér birt sem fylgiskjal 1.

2. Ný deild, félagsvísindadeild. Í 6. gr. og 11. gr. þessa frumvarps er að finna ákvæði varðandi þetta atriði.

Gert er ráð fyrir stofnun nýrrar háskóladeildar, félagsvísindadeildar, sem taka skal til þjóðfélagsfræði, sálarfræði, uppeldisfræði, bókasafnsfræði og félagsráðgjafar og e. t. v. fleiri greina. Sú breyting felur í sér, að sálarfræði, uppeldisfræði og bókasafnsfræði, sem nú er skipað í heimspekideild, flytjast þaðan í hina nýju deild, þar sem einnig verða greinar þær, sem nú falla undir námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum. Einnig er gert ráð fyrir, að kennsla í félagsráðgjöf fari fram í deildinni, þegar sú kennsla kemst á laggirnar. Þá er og heiti tannlæknadeildar bætt í upptalningu deilda háskólans, en deildin var formlega stofnuð frá 1. maí 1972 að telja samkvæmt heimild í 9. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, þar sem segir m. a.: „Þegar þrír prófessorar verða skipaðir í tannlæknisfræðum, getur menntamálaráðherra að fengnum tillögum háskólaráðs og læknadeildar mælt svo fyrir, að sérstök tannlæknadeild verði stofnuð." Deildin var áður formlega hluti af læknadeild.

Tillagan um stofnun félagsvísindadeildar er reist á álitsgerð nefndar, sem háskólarektor skipaði 6. janúar 1975 í samræmi við samþykkt háskólaráðs 3. október 1974, til „að kanna, hvort stofna skuli nýja deild við Háskóla Íslands, er nái yfir þjóðfélagsfræði, sálarfræði, uppeldisfræði, félagsráðgjöf og e. t. v. fleiri greinar.“ Í nefndinni áttu sæti fimm háskólakennarar og tveir fulltrúar námsmanna. Í álitsgerð nefndarinnar, dags. 17. janúar 1975, segir m. a.:

„Nefndin hefur ákveðið að mæla með stofnun nýrrar deildar, sem nái yfir þær greinar, sem nefndar eru sérstaklega í samþykkt háskólaráðs. Nefndin telur eftirfarandi röksemdir styðja slíka deildarstofnun:

1) Þær greinar, sem hér eru taldar, eru fræðilega skyldar á ýmsa vegu. Þær eiga að nokkru leyti sameiginlegan uppruna. Þær beita á sumum sviðum samskonar vísindalegum aðferðum og krefjast að hluta svipaðrar fræðilegrar þjálfunar. Þær fást í æ ríkara mæli við sömu viðfangsefnin. Sameiginlegt áhugasvið þeirra hefur á undanförnum árum orðið og virðist í framtíðinni verða sífellt umfangsmeira
2) Samvinna þessara greina í nýrri deild myndi þegar í upphafi hafa í för með sér sparnað og á næstu árum enn frekari hagkvæmni í rekstri. Auðveldara yrði að sameina námskeið í ýmsum greinum, t.d. tölfræði, tölvunotkun, aðferðafræði, félagssálarfræði, í eitt námskeið í hverri grein í stað tveggja nú. Kennslukraftar myndu þannig nýtast betur. Samstarf kennara í öðrum greinum yrði mun auðveldara. Hagnýting rannsóknaraðstöðu t.d. á spyrlum, úrtökum, tölvuvinnslu o. fl., sem eru meðal dýrustu þátta í rannsóknarstarfsemi, yrði greiðari og tvímælalaust meiri. Hin nýja deildarstofnun myndi því lækka tilkostnað við núverandi kennslu í þeim greinum, sem nefndar eru í samþykkt háskólaráðs, skapa möguleika á meiri nýtingu fjármuna til rannsóknarstarfsemi og gera kennslu í ýmsum nýjum greinum ódýrari og fyrirhafnarminni.
3) Hin nýja deild myndi skapa innan háskólans og gagnvart erlendum háskólum og rannsóknarstofnunum eðlilegan og hæfilega viðamikinn stjórnsýsluaðila. Hin nýja deild yrði á næstu árum skipuð 10—12 fastráðnum kennurum og bendir reynsla til þess, að það sé stjórnsýslulega hentug stærð. Við þessa nýskipan yrði heimspekideild minnkuð að nokkru leyti og stjórnsýsla innan hennar þannig gerð auðveldari, þjóðfélagsfræði tengdist aðalstjórnkerfi háskólans og auðvelt væri að koma félagsráðgjöf og öðrum nýjum greinum stjórnsýslulega fyrir.
4) Hin nýja deild myndi auðvelda stúdentum samval greina úr þessum fræðum. Áhugi stúdenta á samvali námsefnis úr þjóðfélagsfræði og sálarfræði hefur á undanförnum árum reynst mjög mikill. Að nokkru leyti hefur námsáhugi stúdenta vísað veginn til nýrrar deildar. Slík skipan yrði þeim tvímælalaust til mikilla hagsbóta.

Nefndin leggur til, að hin nýja deild beri heitið félagsvísindadeild (Faculty of Social Sciences), enda er það heiti í samræmi við venju víða erlendis.“

Eftir að nefndarálitið hafði sætt umsagnarmeðferð í háskóladeildum og Stúdentaráði Háskóla Íslands féllst háskólaráð á megintillögur nefndarinnar. Háskólaráð taldi þó rétt, að nafn hinnar nýju deildar yrði þjóðfélagsfræðadeild, en ekki félagsvísindadeild, en hér er í því efni fylgt tillögum nefndarinnar. Þá hefur háskólaráð og samþykkt, að bókasafnsfræði skuli flytjast í hina nýju deild, auk þeirra greina, sem gert er ráð fyrir í nefndarálitinu.

Þess skal getið að í sambandi við endurskoðun þá, sem nú fer fram á lögum nr. 38/1971, um Kennaraháskóla Íslands, hefur verið hreyft því sjónarmiði, að stefna þurfi að því að Kennaraháskólinn verði meginvettvangur kennslu og rannsókna á sviði uppeldis- og kennslufræða. Kynni slík stefnumörkun að hafa í för með sér þá breyting í framtíðinni, að ein þeirra greina, sem hér er gert ráð fyrir að verði í hinni nýju félagsvísindadeild, þ. e. uppeldisfræði, flyttist á vegu Kennaraháskóla Íslands.

3. Prófdómarafyrirkomulag. Að frumkvæði háskólaráðs skipaði menntamálaráðuneytið 7. nóvember 1975 nefnd til þess að kanna möguleika á lækkun prófkostnaðar við Háskóla Íslands. Nefndin skilaði áliti 12. nóvember 1975 og fylgir það hér með, merkt sem fylgiskjal 2.

Eins og fram kemur í 10. gr. þessa frumvarps er gert ráð fyrir gjörbreytingu prófdómarafyrirkomulags við háskólann. Prófdómarar eru felldir niður við skrifleg próf, en haldið samkvæmt fyrra hætti við munnleg próf. Í tillögum nefndarinnar var þó gert ráð fyrir því, að stúdentar ættu rétt á að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar. Ef stúdent vildi ekki una mati kennarans að fengnum útskýringum, þá væri skylt að skipa prófdómara. Í meðförum háskólaráðs var því breytt þannig, að þetta skyldi einungis gilda um stúdenta, sem ekki hefðu staðist próf. Einnig var sú breyting gerð í meðförum háskólaráðs, að kennari gæti óskað skipunar prófdómara í einstakri prófgrein eða prófþætti, en nefndin hafði lagt til, að slík heimild væri bundin við einstök próf. Hér er fylgt tillögu nefndarinnar um þetta atriði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér eru fyrirmæli um kosningarétt og kjörgengi við rektorskjör. Eru þar eftirtaldar meginbreytingar:

1. Í stað orðanna „.... og eru prófessorar einir kjörgengir", komi „.... og eru skipaðir prófessorar einir kjörgengir". Ákvæði þetta er aðeins sett til þess að taka af tvímæli um kjörgengi settra prófessora.
2. Kveðið er á um atkvæðisrétt allra, sem fastráðnir eru eða settir til fulls starfs við háskólann og stofnanir hans og hafa háskólapróf. Áður höfðu einungis atkvæðisrétt prófessorar og aðrir þeir, sem fastráðnir voru til fulls kennslustarfs. Með ákvæði þessu fá atkvæðisrétt hlutadósentar og hlutalektorar og enn fremur aðrir starfsmenn háskólans og stofnana hans, sem fastráðnir eru eða settir til fulls starfs og hafa háskólapróf. Er hér einkum um að ræða kennara í hlutastarfi við læknadeild og starfsfólk með háskólapróf við rannsóknastofnanir háskólans og stjórnsýslu. Með lögfestingu þessa ákvæðis fjölgar þeim starfsmönnum Háskóla Íslands, sem atkvæðisrétt eiga við rektorskjör, mjög verulega.
3. Þá eru ákvæði um gjörbreytta aðild stúdenta að rektorskjöri. Samkvæmt ákvæðum þessarar greinar fá þeir þriðjungsaðild að rektorskjöri og hafa allir stúdentar atkvæðisrétt í stað þess að nú eiga atkvæðisrétt fulltrúar stúdenta í háskólaráði og tveir fulltrúar stúdenta á fundum háskóladeilda og námsbrautar í almennum þjóðfélagsfræðum, svo og formaður og varaformaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands. Við síðasta rektorskjör, 15. nóv. 1973, voru 20 fulltrúar stúdenta á kjörskrá og 103 háskólakennarar.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um breyttan tíma rektorskjörs. Samkvæmt núgildandi lögum fer rektorskjör fram í maímánuði, en samkvæmt þessari grein er það fært fram til aprílmánaðar.

Rökstuðningur fulltrúa stúdenta í háskólaráði, sem fluttu tillögu um þessa breytingu, sem var einróma samþykkt í ráðinu 5. febrúar 1976, var þessi:

„1) Æskilegt er að kosning til jafn mikilvægs embættis fari ekki fram á þeim tíma sem stúdentar eru í prófum, en maímánuður er nú aðalprófmánuður ársins.

2) Rektorskosning verður í framtíðinni nokkuð mikið fyrirtæki enda mun á þriðja þúsund manns hafa kosningarétt. Í Stúdentaráðskosningum er þátttaka stúdenta yfirleitt 60—70%. Sé gert ráð fyrir svipaðri þátttöku þeirra í rektorskjöri, þá munu 1600—1900 stúdentar greiða atkvæði í næstu rektorskosningum. Það má því áætla að sá fjöldi kennara og stúdenta er greiði atkvæði í næstu rektorskosning-

um fari yfir 2000 manns. Líklegast er að rektorskosning standi yfir allan daginn, eða frá 9—18. Það er því augljóst að mikinn fjölda starfsfólks þarf til þess að kosning gangi sem greiðast fyrir sig á kjörstað. Þar eð nauðsynlegt verður að hafa vaktaskipti, þá er 30 manna starfslið algjört lágmark að okkar mati og er þá miðað við þá reynslu sem við höfum af undanförnum Stúdentaráðskosningum.

Þar eð stúdentar hafa 1/3 hluta atkvæðismagns þá er eðlilegt að þeir leggi a. m. k. fram 1/3 hluta starfsliðs við kosningarnar. En að okkar mati verður illmögulegt að fá stúdenta til slíkra starfa í miðjum prófum, enda ekki sanngjörn krafa.

3) Fari rektorskosning fram í aprílmánuði, þá gefst nýkjörnum rektor tækifæri til að fylgjast með fjárlagagerð háskólans, þannig að þegar hann tekur við embætti þá hefur hann öðlast allgóða þekkingu á þeim þætti stjórnsýslunnar.

Að síðustu viljum við benda á, að í tillögum stjórnsýslunefndar er mælt með því að rektorskosning fari fram á tímabilinu 1. apríl til 1. maí, samanber bls. 24 í nefndarálitinu.“

Næsta rektorskjör fer fram vorið 1976.

Um 3. gr.

Hér er einungis um smávægilegar breytingar að ræða frá gildandi ákvæðum. Fellt er niður skilyrði þess efnis, að tveir þriðju hlutar þeirra, sem atkvæðisrétt eiga, taki þátt í atkvæðagreiðslunni.

Um 4. gr.

Í háskólaráði eiga nú sæti auk rektors forsetar háskóladeilda, sem nú eru sjö, einn fulltrúi Félags háskólakennara og tveir fulltrúar stúdenta, kjörnir í sérstökum kosningum. Samkvæmt ákvæðum þessarar greinar fjölgar fulltrúum Félags háskólakennara úr einum í tvo og fulltrúum stúdenta úr tveimur í fjóra. Breyting þessi hefur í för með sér fjölgun háskólaráðsmanna úr 11 í 14 og þeir verða 15 ef 6. gr. þessa frumvarps, þar sem gert er ráð fyrir nýrri háskóladeild, nær fram að ganga. Af þessum 15 verða 8 prófessorar (deildarforsetar) auk rektors, tveir fulltrúar Félags háskólakennara og fjórir fulltrúar stúdenta.

Um 5. gr.

Hér er einungis um orðalagsbreytingu að ræða, sem leiðir af ákvæðum 4. gr.

Um 6. gr.

Greinin felur í sér þá breyting á deildaskipan í háskólanum, sem rakin er í almennum athugasemdum hér að framan.

Um 7. gr.

Greinin felur í sér breyting á stjórnaraðild stúdenta í háskóladeildum. Samkvæmt núgildandi lögum eiga tveir fulltrúar stúdenta sæti á deildafundum, en samkvæmt þessari grein fjölgar þeim í þrjá í deildum, þar sem tala annarra, sem rétt hafa til fundarsetu með atkvæðisrétti samkvæmt lögum eða deildarsamþykktum er tólf eða færri, en síðan bætist við einn fulltrúi stúdenta fyrir hverja sex til viðbótar.

Um 8.. gr.

Ákvæði þessarar greinar er ætlað að tryggja, að á fundum skora í skorarskiptum deildum hafi að minnsta kosti tveir stúdentar rétt til fundarsetu. Enginn ákvæði eru um þetta í gildandi lögum.

Um 9. gr.

Ákvæði þessarar greinar er ætlað að tryggja, að á fundum í deildarráðum, þar sem þau eru, skuli að minnsta kosti tveir stúdentar hafa rétt til fundarsetu. Enginn ákvæði eru um þetta í gildandi lögum.

Um 10. gr.

Grein þessi kveður á um nýja tilhögun prófdómarastarfa, sem rakin er í almennum athugasemdum hér að framan.

Um 11. gr.

Í X. kafla núgildandi laga eru ákvæði um námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum. Brottfelling þessa kafla leiðir af þeirri breytingu, að námsbrautin er lögð niður sem sérstök stjórnsýslueining, en kennslu- og rannsóknasvið hennar fellt undir hina nýju félagsvísindadeild, sbr. 6. gr.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki annarra skýringa en þeirrar, að eðlilegt er talið, að stofnun hinnar nýju félagsvísindadeildar sé bundinn við upphaf næsta háskólaárs.

Fylgiskjal I.

Til kynningar í deildum, námsbrautum, Félagi háskólakennara og Stúdentaráði Háskóla Íslands.

Álit stjórnsýslunefndar og ýmis atriði varðandi stjórnsýslu Háskóla Íslands hafa verið til umræðu í háskólaráði öðru hverju á annað ár. Á þessum tíma hefur kennslustjóraembætti við háskólann verið lögfest á Alþingi og ennfremur lögfest heimild til að stofna til nýrra námsbrauta innan skólans án lagabreytinga.

Það hefur verið skoðun undirritaðs og háskólaráðs, að stofnun kennslustjóraembættisins skapi möguleika á aukinni verkaskiptingu við yfirstjórn háskólans, þannig að háskólaritari, kennslustjóri, byggingastjóri (lausráðinn í hlutastarf) og aðstoðaðarháskólaritari (skrifstofustjóri) fái tiltölulega afmarkað starfssvið í nánum tengslum við rektorsembættið. Á þennan hátt má án frekari lagabreytinga ná ýmsum þeim markmiðum, sem stjórnsýslunefndin taldi æskileg við stjórnsýslu skólans.

Á sama hátt má koma á frekari verkaskiptingu en þegar er orðin innan háskólaráðs, þannig að embættismenn í yfirstjórninni undirbúi í samráði við ákveðnar nefndir innan ráðsins ákveðin mál, sem séu þá betur undirbúin en ella, þegar þau koma til umræðu í háskólaráði. Slíkt gæti jafnvel leitt til færri funda í ráðinu. Til þess að gera slíka verkaskiptingu mögulega er æskilegt að fjölga fulltrúum Félags háskólakennara og stúdenta í ráðinu, svo að of mikið álag verði ekki á hverjum einstökum fulltrúa þessara aðila.

Með þessi atriði og fleiri í huga lagði undiritaður fram tillögu í háskólaráði 1. júlí 1975, en áður hafði Félag háskólakennara haft a. m. k. 2 fundi um stjórnsýslu háskólans, þar sem félagsmenn gátu komið skoðunum sínum á framfæri. Stúdentaráð H. Í. hafði skilað greinargerð um málið og umsagna deilda hafði verið leitað sérstaklega um aðild stúdenta að stjórn deildanna.

Tillaga undirritaðs var svohljóðandi:

„Háskólaráð ályktar að fela rektor að semja í sumar drög að frumvarpi til breytinga á háskólalögum, þar sem

1) hlutdeild stúdenta í rektorskjöri verði aukin í 1/3,
2) stúdentar fái allt að fjóra fulltrúa í háskólaráði,
3) Félag háskólakennara fái 2 fulltrúa í háskólaráði, og sé annar þeirra ekki úr hópi fastra kennara,
4) aðild stúdenta í stjórn deilda og skora verði endurskoðuð og reynt að samræma tillögur deilda og stúdenta í því efni.

Tillögur þessar skulu vera tilbúnar til afgreiðslu í háskólaráði fyrir upphaf næsta háskólaárs".

Nokkrar umræður urðu um tillöguna, en síðan var hún samþykkt með 6 samhljóða atkvæðum.

Forseti lagadeildar óskaði að bókað yrði: „Ég tel það ekki til bóta fyrir stjórnsýslu háskólans að fjölga í stjórnarstofnunum, en greiði þó til samkomulags tillögunni atkvæði. Áskil ég mér allan rétt til að taka afstöðu óháð þessari samþykkt, þegar endanlegur tillögur liggja fyrir".

Undirritaður lét bóka, að hann hefði setið hjá við afgreiðslu tillögu sinnar, þar sem hann hefði eigi viljað knýja fram samþykkt hennar með atkvæði sínu, ef atkvæði hefðu fallið jöfn.

Varaforseti háskólaráðs var fjarverandi á þessum fundi.

Á fundi háskólaráðs 11. þ.m. lagði undirritaður fram svofelldar tillögur:

„Undirritaður leggur hér með til við háskólaráð, að það mæli með því, að eftirtaldar breytingar verði gerðar á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, og síðari breytingum á þeim:

1. 1. mgr. 3. gr. orðist svo:

   Rektor er kjörinn til þriggja ára í senn, og eru prófessorar einir kjörgengir. Atkvæðisrétt eiga prófessorar, og allir þeir, sem fastráðnir eru eða settir til fulls starfs við háskólann og stofnanir hans og hafa háskólapróf. Þá eiga allir stúdentar sem skrásettir eru í Háskóla Íslands tveim mánuðum á undan rektorskjöri atkvæðisrétt. Greidd atkvæði stúdenta skulu gilda sem einn þriðji hluti greiddra atkvæða alls, en greidd atkvæði annarra atkvæðisbærra aðila skulu gilda sem tveir þriðju hlutar greiddra atkvæða alls.

   3. mgr. 3. gr. orðist svo:

   Sá er rétt kjörinn rektor, sem hlotið hefur meiri hluta greiddra atkvæða. Ef enginn fær svo mörg atkvæði, skal kjósa að nýju eftir viku um þá tvo eða fleiri, sem flest atkvæði fengu, og er þá sá rétt kjörinn, er flest atkvæði fær. Séu atkvæði jöfn, ræður hlutkesti. Um tilhögun kosningar skal kveða nánar á í reglugerð.

2. 1. mgr. 4. gr. orðist svo:

   Í háskólaráði eiga sæti rektor, forsetar háskóladeilda, tveir fulltrúar, sem tilnefndir eru til tveggja ára í senn á almennum félagsfundi í Félagi háskólakennara úr hópi þeirra félagsmanna, sem ekki eru kjörgengir til starfa deildarforseta, í fyrsta sinn vorið 1976, þar af annar til eins árs, og síðan einn á hverju vori, og fjórir fulltrúar stúdenta, kjörnir hlutfallskosningu í sérstökum kosningum til tveggja ára í senn, í fyrsta sinn vorið 1976, þar af tveir til eins árs, og síðan tveir á hverju vori. Ef Félag háskólakennara og stúdentar hafa þegar kjörið 1 fulltrúa hvor aðili fyrir árið 1976—1977, þegar þessi lög taka gildi, þarf fyrrnefndi aðilinn engan að kjósa til eins árs vorið 1976 og síðarnefndi aðilinn þarf aðeins að kjósa einn fulltrúa til eins árs.

   3. mgr. 4. gr. orðist svo:

   Í stað orðanna: „..... eða fulltrúi Félags háskólakennara....." komi: „.... eða fulltrúar Félags háskólakennara...."

3. 1. mgr. 14. gr. orðist svo:

   Í stað orðanna: „Enn fremur eiga þar sæti 2 fulltrúar stúdenta, tilnefndir af aðalfundi deildarfélags" komi: „Ennfremur eiga þar sæti þrír fulltrúar stúdenta, tilnefndir af aðalfundi deildarfélags í deildum þar sem tala annarra, sem rétt hafa til fundarsetu með atkvæðisrétti samkvæmt lögum eða deildarsamþykktum er tólf eða færri, fjórir ef þeir eru á bilinu þrettán til tuttugu og fjórir að báðum tölum meðtöldum, en sex, ef þeir eru fleiri".

   3. mgr. 14. gr. orðist svo:

   Aftan við málsgreinina bætist: „Tala stúdenta í stjórn skorar skal ekki vera lægri en tveir".

4. mgr. 14. gr. orðist svo:
Aftan við málsgreinina bætist: „Tala stúdenta í deildarráði skal þó ekki vera lægri en tveir".
Ákveðið var að boða til nýs háskólaráðsfundar um þetta eina mál 13. þ. m.

Í upphafi fundarins 13. þ. m. var lögð fram svofelld breytingartillaga frá stúdentum:

„Breytingartillaga við 1. mgr. 4. gr.

Leggjum til að orðið „hlutfallskosningu" í áttundu línu falli niður.

Rökstuðningur:

Við lítum svo á að það sé grundvallarsjónarmið að stúdentar ákveði sjálfir kosningafyrirkomulag sitt. Hér er um að ræða sérstakar kosningar stúdenta og það er því þeirra mál hvernig kosningarnar fari fram.

Við vekjum athygli á þeirri staðreynd að í núgildandi lögum Háskóla Íslands hefur ekki þótt ástæða til að setja sérstök ákvæði um kosningafyrirkomulag stúdenta.

Við vekjum jafnframt athygli á því að samkvæmt lögum Stúdentaráðs Háskóla Íslands er ekki hægt að breyta kosningalögum ráðsins nema með 2/3 hluta atkvæða. Fyrirsjáanlegt er að á næstu árum muni hvorugar fylkingar stúdenta (listi vinstrimanna er nú hefur 57% atkvæða og Vaka er hefur 43% atkvæða) ná slíkum meirihluta. Samkomulag beggja aðila þarf því til að breyta kosningalögum og hætta á valdbeitingu annars hvors aðilans er því ekki fyrir hendi.

Við viljum taka sérstaklega fram að við undirritaðir erum hlynntir hlutfallskosningum í þessu tilviki, en teljum það grundvallaratriði að slíkt sé ekki ákveðið í lögum, heldur ákveði stúdentar sjálfir kosningafyrirkomulag sitt.

Breytingartillaga við 1. mgr. 14. gr.

Leggjum til að setningin sem byrjar „ennfremur eiga þar sæti....." hljóði svona: Ennfremur eiga þar sæti fulltrúar stúdenta. Skal fjöldi stúdenta ekki vera meiri en 33.3% af þeim sem rétt hafa til fundarsetu með atkvæðisrétti samkvæmt lögum eða deildarsamþykktum, og ekki minni en 20%. Skulu deildir ákveða í reglugerð prósentufjölda stúdenta til setu á deildarfundum.

Rökstuðningur:

Við teljum að okkar tillaga hafi þrjá meginkosti umfram tillögu rektors:

1) Okkar tillaga felur það í sér að um er að ræða einfaldara kerfi.
2) Okkar tillaga býður upp á þann sveigjanleika sem ýmsir deildarforsetar hafa rætt um síðustu mánuði.
3) Okkar tillaga gefur þeim deildum sem vilja og hafa áhuga á, tækifæri til náins samstarfs og samvinnu við stúdenta.

Við vísum á bug öllu tali um að deildarfundir verði of fjölmennir með auknum fjölda stúdenta og erfiðir í vöfum. Við teljum að í ljósi þess hversu sjaldan fundir þessir eru haldnir á hverju ári þá sé hér ekki um vandamál að ræða. Við bendum í þessu sambandi á að heimspekideild, sem hefur á að skipa einu fjölmennasta kennaraliðinu, hefur samþykkt þriðjungsaðild og ekki talið ástæðu til að óttast að deildarfundir yrðu of fjölmennir.

Ef síðasta breytingartillaga okkar nær ekki fram að ganga þá leggjum við til að setningin „tilnefndir af aðalfundi deildarfélags" falli niður í 14. gr.

Reykjavík, 12. 9. 1975.

Erling Ólafsson. Þorsteinn Magnússon".

Undirritaður gerði á fundinum grein fyrir tillögum sínum og lagði m. a. áherslu á eftirtalin atriði:

1. Mjög víða í Evrópu hefur ósamkomulag milli kennara og stúdenta leitt til þess, að lög hafa verið sett um stjórn háskólanna, þ. á. m. stjórnaraðild stúdenta, án nokkurs samráðs við stjórn skólanna. Æskilegt væri því, að innan Háskóla Íslands yrði reynt að ná sem víðtækastri samstöðu um málið.
2. Æskilegt væri að tryggja bæði meirihluta og minnihluta stúdenta aðild að háskólaráði, ef þeir skiptust í tvo allstóra hópa, sem stilltu upp listum.
3. Þátttaka stúdenta í rektorskjöri spillti ekki tíma þeirra frá námi, en þeir hefðu óumdeilanlega mikilla hagsmuna að gæta í sambandi við kjörið. Aukin aðild þeirra væri því eðlileg.
4. Tillögurnar gengju að jafnaði ekki lengra og yfirleitt nokkru skemmra en gert er, þar sem lög hafa verið sett um þessi mál í Evrópu að undanförnu. Sérstaklega væri hlutdeild kennara í háskólaráði og stjórnum deilda meiri en tíðkaðist þar.

Forseti lagadeildar óskaði eftir svofelldri bókun, áður en gengið var til atkvæða um breytingartillögur og tillöguna í heild: „Ég tel engin rök til þess að veita stúdentum aukna aðild að stjórn háskólans, en margt mæla í gegn, m. a. sé líklegt að öll fjölgun í stjórnarstofnunum háskólans þyngi stjórnsýslu verulega, eða verði sýndarmennskan einber. Ég greiði þó tillögu rektors atkvæði til samkomulags og í þeirri von, að hér verði látið staðar numið".

Eftirtaldar breytingartillögur, auk tillögu stúdenta í ráðinu, komu fram og hlutu þá afgreiðslu, sem hér segir:

1. Breytingartillaga frá forseta tannlæknadeildar þess efnis, að á eftir orðunum „.... og eru...." í 1. mgr. 3. gr., komi „.... skipaðir....". Hún var samþykkt enróma.
2. Breytingartillaga frá rektor við 1. mgr. 3. gr., þess efnis, að á eftir orðunum: „Atkvæðisrétt hafa prófessorar ....", komi: „.... dósentar og lektorar ....". Hún var samþykkt með 4 atkvæðum gegn 1, en 6 sátu hjá.

   Með þessu orðalagi fengju hlutadósentar og hlutalektorar atkvæðisrétt í rektorskjöri.

   Þá var upphafleg breytingartillaga rektors við 1. mgr. 3. gr. samþykkt einróma (11 atkvæði) með áorðnum breytingum. Einnig var upphafleg breytingartillaga rektors við 3. mgr. 3. gr. samþykkt einróma.
3. Breytingartillaga við 1. mgr. 4. gr. frá rektor þess efnis, að í stað orðsins „tilnefndir" í 2. línu upphaflegu tillögunnar komi „kosnir". Hún var samþykkt einróma.
4. Breytingartillaga við 1. mgr. 4. gr. frá fulltrúa læknadeildar á fundinum, prófessor Davíð Davíðssyni, svohljóðandi: „Á eftir orðunum „fulltrúar" í 2. línu upphaflegrar breytingartillögu rektors, fram til orðanna „í fyrsta sinn...." í 5. línu í tillögu rektors, komi: .... „sem kosnir eru til tveggja ára í senn úr hópi þeirra kennara og háskólamenntaðra starfsmanna háskólastofnana, sem ekki eru kjörgengir til starfa deildarforseta, á fundi, sem háskólarektor boðar til". Tillagan var felld með 7 atkvæðum gegn 1.
5. Breytingartillaga nr. 1, við 1. mgr. 4. gr. frá fulltrúum stúdenta í háskólaráði, sbr. áður.

Varaforseti viðskiptadeildar bar fram svofellda tillögu, sem háskólaráð taldi vera breytingartillögu við tillögu stúdenta (6:0): Aftan við 4. gr. bætist: „Skylt er að viðhafa hlutfallskosningu við kjör fulltrúa, ef kosnir eru fleiri en einn og minnst 20% atkvæðisbærra manna óska þess". Tillagan var felld með 5 atkvæðum gegn 2. Síðan var fyrri breytingartillaga stúdenta borin upp og felld með 6 atkvæðum gegn 4.

Þá var upphafleg breytingartillaga rektors við 1. mgr. 4. gr. með áorðnum

breytingum samþykkt með 9 atkvæðum gegn 1, en 1 sat hjá. Þá var tillaga rektors um breytingu á 3. mgr. 4. gr. samþykkt með 10 samhljóða atkvæðum.

6. Breytingartillaga fulltrúa stúdenta í háskólaráði (sbr. áður) við 1. mgr. 14. gr. var felld með 6 atkvæðum gegn 4.
7. Breytingartillaga stúdenta þess efnis, að setningin „tilnefndir af aðalfundi deildarfélags“ félli niður í 1. mgr. 14. gr., var samþykkt með 6 atkvæðum geng 1.
8. Breytingartillaga við 1. mgr. 14. gr. frá forsetum heimspekideildar og verkfræði- og raunvísindadeildar, svohljóðandi: „Í framhaldi af „eru tólf eða færri“ í 1. mgr. 14. gr. komi „og síðan einn fulltrúi stúdenta fyrir hverja sex til viðbótar“ “. Tillagan var samþykkt með 10 atkvæðum gegn 1.

Þá var upphafleg breytingartillaga rektors við 1. mgr. 14. gr. með áorðnum breytingum samþykkt með 9 samhljóða atkvæðum. Einnig var tillaga rektors um breytingu á 3. mgr. 14. gr. samþykkt með 9 samhljóða atkvæðum og við 4. mgr. 14. gr. samþykkt með 10 samhljóða atkvæðum.

Tillögurnar voru síðan samþykktar í heild með 10 samhljóða atkvæðum.

Tillögur háskólaráðs eru þannig í heild sinni:

1. 1. mgr. 3. gr. orðist svo:

   Rektor er kjörinn til þriggja ára í senn, og eru skipaðir prófessorar einir kjörgengir. Atkvæðisrétt eiga prófessorar, dósentar og lektorar og allir þeir, sem fastráðnir eru eða settir til fulls starfs við háskólann og stofnanir hans og hafa háskólapróf. Þá eiga allir stúdentar sem skrásettir eru í Háskóla Íslands tveim mánuðum á undan rektorskjöri atkvæðisrétt. Greidd atkvæði stúdenta skulu gilda sem einn þriðji hluti greiddra atkvæða alls, en greidd atkvæði annarra atkvæðisbærra aðila skulu gilda sem tveir þriðju hlutar greiddra atkvæða alls.

   3. mgr. 3. gr. orðist svo:

   Sá er rétt kjörinn rektor, sem hlotið hefur meiri hluta greiddra atkvæða. Ef enginn fær svo mörg atkvæði, skal kjósa að nýju eftir viku um þá tvo eða fleiri, sem flest atkvæði fengu, og er þá sá rétt kjörinn, er flest atkvæði fær. Séu atkvæði jöfn, ræður hlutkesti. Um tilhögun kosningar skal kveða nánar á í reglugerð.

2. 1. mgr. 4. gr. orðist svo:

   Í háskólaráði eiga sæti rektor, forsetar háskóladeilda, tveir fulltrúar, sem kosnir eru til tveggja ára í senn á almennum félagsfundi í Félagi háskólakennara úr hópi þeirra félagsmanna, sem ekki eru kjörgengir til starfa deildarforseta, í fyrsta sinn vorið 1976, þar af annar til eins árs, og síðan einn á hverju vori, og fjórir fulltrúar stúdenta, kjörnir hlutfallskosningu í sérstökum kosningum til tveggja ára í senn, í fyrsta sinn vorið 1976, þar af tveir til eins árs, og síðan tveir á hverju vori. Ef félag háskólakennara og stúdentar hafa þegar kjörið 1 fulltrúa hvor aðili fyrir árið 1976—1977, þegar þessi lög taka gildi, þarf fyrrnefndi aðilinn engan að kjósa til eins árs vorið 1976 og síðarnefndi aðilinn þarf aðeins að kjósa einn fulltrúa til eins árs.

   3. mgr. 4. gr. orðist svo:

   Í stað orðanna: „.... eða fulltrúi Félags háskólakennara....“ komi: „.... eða fulltrúar Félags háskólakennara....“.

3. 1. mgr. 14. gr. orðist svo:

   Í stað orðanna: „Enn fremur eiga þar sæti 2 fulltrúar stúdenta, tilnefndir af aðalfundi deildarfélags“ komi: „Ennfremur eiga þar sæti þrír fulltrúar stúdenta, tilnefndir af aðalfundi deildarfélags í deildum þar sem tala annarra,

sem rétt hafa til fundarsetu með atkvæðisrétti samkvæmt lögum eða deildarsamþykktum er tólf eða færri, og síðan einn fulltrúi stúdenta fyrir hverja sex til viðbótar.

3. mgr. 14. gr. orðist svo:

Aftan við málsgreinina bætist: „Tala stúdenta í stjórn skorar skal ekki vera lægri en tveir".

4. mgr. 14. gr. orðist svo:

Aftan við málsgreinina bætist: „Tala stúdenta í deildarráði skal þó ekki vera lægri en tveir".

16. september 1975.

Guðlaugur Þorvaldsson (sign.)
rektor

Fylgiskjal II.

Menntamálaráðuneytið skipaði eftirtalda í nefnd til þess að kanna möguleika á lækkun prófkostnaðar í Háskóla Íslands:

Arnlínu Óladóttur, stud. med., samkvæmt tilnefningu Stúdentaráðs Háskóla Íslands.

Dr. Guðmund Magnússon, prófessor, samkvæmt tilnefningu háskólaráðs.

Hrafnhildi Stefánsdóttur, stjórnarráðsfulltrúa, án tilnefningar.

Sigurð Haraldsson, stjórnarráðsfulltrúa, samkv. tilnefningu fjármálaráðuneytisins, fjárlaga- og hagsýslustofnunar.

Stefán Sörensson, háskólaritara, samkv. tilnefningu háskólaráðs, og var hann jafnframt skipaður formaður nefndarinnar.

Nefndin hóf störf sín með því að kanna, hver prófkostnaður Háskóla Íslands væri. Athugaðir voru reikningar ársins 1974 og tímabilsins 1. janúar — 31. október 1975. Skiptist kostnaðurinn þannig:

		1974	1.1.—31.10. 1975
Laun prófdómenda	kr.	8 073 872.00	kr. 10 026 838.00
Laun prófgæslumanna	—	1 680 717.00	— 1 943 866.00
Annar kostnaður	—	676 751.00	— 537.304.00
	Kr.	10 431 340.00	Kr. 12 508 008.00

Nefndin var sammála um, hvað snertir annan kostnað við próf en laun prófdómenda, að beina því til menntamálaráðuneytisins að það óskaði endurskoðunar háskólaráðs á reglum um prófvörslu og framkvæmd prófa, en háskólaráði er falið að setja reglur um þessi atriði, sbr. 4. mgr. 62. gr. reglugerðar Háskóla Íslands. Við endurskoðun háskólaráðs yrði einkum haft í huga, hvort eigi kynni að vera unnt að draga úr kostnaði við prófgæslu, annars vegar með því að fela deildum framkvæmd skriflegra prófa, er fámennir hópar gengjust undir, þar sem viðkomandi kennari er hvort eð er bundinn við prófstað meðan á prófi stendur, og hins vegar með því að fækka prófum eða stytta próftíma, en vaxandi tilhneiging hefur verið síðustu ár í sumum deildum til þess að leysa prófgreinar upp í æ fleiri prófþætti. Hefur þetta valdið verulegri fjölgun skriflegra prófa.

Nefndinni var ljóst, að eina raunhæfa úrræðið til þess að lækka prófkostnað Háskóla Íslands að marki, fælist í því að draga sem mest úr notkun prófdómenda. Nefndinni var kunnugt um að víða eru prófdómarar ekki notaðir við háskóla, svo sem í Svíþjóð og Bandaríkjunum. Taldi hún sig þó, vegna hagsmuna stúdenta, eigi geta gengið svo langt, en leggur til, eins og fram kemur hér að neðan, að við skrifleg próf verði að aðalreglu ekki notaðir prófdómendur. Með þessu hyggur nefndin að launagreiðslur til prófdómenda verði óverulegar miðað við núverandi

ástand, þar sem munnleg próf eru aðeins lítill hluti af heildarfjölda prófa við Háskóla Íslands. Nefndin telur og, að með þessari breytingu megi tryggja, að framvegis liggi einkunnir úr skriflegum prófum fyrr fyrir en tíðkast hefur, en á því hefur oft verið óeðlilegur dráttur, sem stundum hefur stafað af önnum prófdómenda í þeirra aðalstarfi.

Nefndin hefur orðið sammála um eftirgreindar tillögur til breytinga á 29. gr. háskólalaga og 63.—65. gr. reglugerðar Háskóla Íslands:

29. gr. laga nr. 84/1970 um Háskóla Íslands orðist svo:

Við munnleg próf, sem teljast til fullnaðarprófs, skal vera einn prófdómandi utan háskólans. Skrifleg próf dæma hlutaðeigandi kennarar einir.

Stúdent á rétt til þess að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar, ef hann æskir þess bréflega innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Vilji stúdentinn þá eigi una mati kennarans, getur hann snúið sér til viðkomandi deildarforseta. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki. Einnig getur kennari, telji hann til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi.

Menntamálaráðherra skipar prófdómendur að fengnum tillögum háskóladeildar. Þá eina má skipa prófdómara, sem lokið hafa viðurkenndu fullnaðarprófi við háskóla í þeirri grein, sem dæma skal, eða getið hafa sér orðstír fyrir fræðimennsku í greininni. Prófdómendur skulu skipaðir til þriggja ára í senn, nema skipun sé samkvæmt 2. mgr. hér á undan.

Sé ekki völ á prófdómanda hérlendis utan háskólans, er fullnægi skilyrðum 3. mgr. hér á undan, er menntamálaráðherra rétt að skipa háskólakennara til starfans að fenginni tillögu háskóladeildar.

63.—65. gr. reglugerðar Háskóla Íslands orðist svo:

63. gr.

Við munnleg próf, sem teljast til fullnaðarprófs, skal vera einn prófdómandi utan háskólans. Skrifleg próf dæma hlutaðeigandi kennarar einir.

Stúdent á rétt til þess að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar, ef hann æskir þess bréflega innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Vilji stúdentinn þá eigi una mati kennarans, getur hann snúið sér til viðkomandi deildarforseta. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki. Einnig getur kennari, telji hann til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi.

Menntamálaráðherra skipar prófdómendur að fengnum tillögum háskóladeildar. Þá eina má skipa prófdómara, sem lokið hafa viðurkenndu fullnaðarprófi við háskóla í þeirri grein, sem dæma skal, eða getið hafa sér orðstír fyrir fræðimennsku í greininni. Prófdómendur skulu skipaðir til þriggja ára í senn, nema skipun sé samkvæmt 2. mgr. hér á undan.

Sé ekki völ á prófdómanda hérlendis utan háskólans, er fullnægi skilyrðum 3. mgr. hér á undan, er menntamálaráðherra rétt að skipa háskólakennara til starfans að fenginni tillögu háskóladeildar.

Menntamálaráðherra ákveður þóknun til prófdómenda að fengnum tillögum háskólaráðs.

64. gr.

Prófandi ræður einn úrlausnarefni í hverri prófgrein.

65. gr.

Prófandi og prófdómari, ef því er að skipta, dæma í sameiningu um úrlausn í prófgrein hverri. Hvor um sig gefur einkunn fyrir úrlausnina. Á þetta jafnt við, þótt prófdómandi sé til kvaddur samkvæmt 2. mgr. 63. gr.

Hér er um að ræða tillögu til breytinga á 29. gr. háskólalaganna og eru breytingar á 63.—65. gr. reglugerðar bein afleiðing lagabreytingarinnar.

Ekki þykir fært, með tilliti til hagsmuna stúdenta, að leggja til að horfið verði frá því að hafa prófdómara við munnleg próf, en lagt er til að prófdómarar verði eigi hafðir við skrifleg próf. Eins og áður getur er meginþorri prófa í Háskóla Íslands í skriflegu formi. Gera má ráð fyrir, ef breyting þessi nær fram að ganga, að spara megi á ári hverju fjárhæð, sem nemur 7—9 milljónum króna, en það svarar til launa 6—8 lektora í fullu starfi, ef miðað er við verðlag yfirstandandi árs.

Í 2. mgr. 29. gr. háskólalaganna, eins og hún hljóðar samkvæmt tillögu nefndarinnar, er nýmæli, sem ætlað er að tryggja hagsmuni stúdenta, eftir að niður eru lagðir prófdómendur við skrifleg próf. Það hefur að vísu verið óskráð regla í háskóla Íslands, að stúdent hafi getað snúið sér til kennara með ósk um útskýringar á mati úrlausnar sinnar. Hefur slíkri beiðni sjaldan verið synjað. Hér eru tekin af öll tvímæli um þennan rétt, en stúdent jafnframt settur ákveðinn frestur til þess að koma fram með beiðni sína. Ef svo kynni að fara að stúdent vildi síðan ekki sætta sig við orðinn hlut, verður hann að snúa sér til forseta viðkomandi háskóladeildar, sem ber þá að fá prófdómara skipaðan til þess að meta hina umdeildu úrlausn. Meðaltal einkunnar kennara og prófdómara myndi þá gilda sem endanleg einkunn.

Gera má ráð fyrir því að stúdentar velji ekki þá leið, sem hér er opnuð, nema í undantekningartilvikum, þ. e. a. s. þegar stúdent hefur hlotið falleinkunn, sem er rétt neðan við mörkin og vill ekki una því. Ætti þetta því naumast að valda mikilli aukningu á vinnu kennara eða auknum kostnaði að marki.

Loks er gert ráð fyrir því að kennari geti fengið prófdómara skipaðan til einstaks prófs ef hann telur til þess sérstaka ástæðu. Gæti einkum reynt á þetta ákvæði ef kennari teldi mikið matsatriði um einstaka úrlausn, hvort nemandinn hefði náð tilskilinni lágmarkseinkunn eða ekki.

Um aðrar breytingar frá gildandi ákvæðum er ekki að ræða.

Reykjavík, 12. nóvember 1975.

Stefán Sörensson. Hrafnhildur Stefánsdóttir. Sigurður Haraldsson.
Arnlín Óladóttir. Guðmundur Magnússon.

Sþ. 452. Skýrsla

um Gjöf Jóns Sigurðssonar.

Ársreikningur 1973, 1974 og 1975.

Eign 1. janúar 1973:			
1) Veðdeildarbréf Landsbanka Íslands, Litra A nr. 1324 og 1326 17. fl.	kr.	2 000.00	
2) Sparisjóðsinnstæða í Landsb. Ísl.	—	73 137.80	
			kr. 75 137.80
Tekjur:			
Af veðdeildarbréfum	kr.	200.00	
Af sparisjóðsinnstæðu	—	25 608.20	
			— 25 808.20
Fjárlagastyrkur 1974			— 1 000 000.00
Fjárlagastyrkur 1975 1 000 000.00 ÷ 10%			— 900 000.00
			Samtals kr. 2 000 946.00

Gjöld:

1) Greidd verðlaun skv. ákvörðun verðlaunanefndar

a) 1974:

Haraldur Sigurðsson	kr.	300 000.00	
Jón Kr. Margeirsson	—	300 000.00	
Sveinbjörn Rafnsson	—	300 000.00	
			kr. 900 000.00

b) 1975:

Dr. Bjarni Einarsson	kr.	250 000.00	
Dr. Einar Ól. Sveinsson	—	250 000.00	
Elsa E. Guðjónsson	—	250 000.00	
Dr. Hallgrímur Helgason	—	250 000.00	
			— 1 000 000.00

Eign 31. desember 1975:

2) Veðdeildarbréf Landsbankans 17. fl., Litra A nr. 1324 og 1326	kr.	2 000.00	
3) Sparisjóðsinnstæða í Landsb. Ísl.	—	98 946.00	
			— 100 946.00
			Samtals kr. 2 000 946.00

Menntamálaráðuneytið, 19. mars 1976.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Sigurður J. Briem.

Reikning þennan hef ég endurskoðað, kannað eignir sjóðsins og ekkert fundið athugavert.

Ríkisendurskoðunin 19/3 1976.

Kristján Einarsson.

Ed. 453. Nefndarálit [15. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur athugað frumvarpið og mælir með að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 25. mars 1976.

Ingi Tryggvason, form., frsm.	Axel Jónsson, fundaskr.	Jón G. Sólnes.
Halldór Ásgrímsson.	Oddur Ólafsson.	Geir Gunnarsson.

Eggert G. Þorsteinsson.

Nd. 454. Nefndarálit [23. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 23 3. maí 1972 og lög nr. 25 24. apríl 1974.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur rætt frv. þetta á allmörgum fundum og leitað umsagnar fjölmargra aðila og svöruðu eftirtaldir:

Bifreiðaeftirlit ríkisins, lögreglustjórinn í Reykjavík, Félag ísl. bifreiðaeftirlitsmanna, Samband ísl. tryggingafélaga, Ábyrgð hf., Samvinnutryggingar, Hagtrygging hf., Félag ísl. bifreiðaeigenda.

Að efni til má skipta frv. í þrjá flokka: 1. Ákvæði um notkun og skráningu beltabifhjóla, 2. Hækkun vátryggingarupphæða og eigin áhættu. 3. Breytingar á skráningu bifreiða.

Um tvo fyrstnefndu þættina er enginn ágreiningur, og leggur nefndin einróma til að ákvæði frv. þar að lútandi verði samþykkt.

Meginefni frv. fjallar hins vegar um skráningu bifreiða og nýtt fyrirkomulag í þeim efnum, þ. e. að hætt verði að umskrá ökutæki vegna flutninga milli lögsagnarumdæma, svo og að Bifreiðaeftirlit ríkisins annist skráningu ökutækja í stað lögreglustjóra.

Kostir þessara breytinga eru taldir annars vegar sparnaður opinberra stofnana, sem hlut eiga að máli, eigenda ökutækja og vátryggingafélaga, og svo hins vegar, að auðveldara verði að halda við ökutækjaskrám og skýrsluvélavinnu. Með breytingunni mundu falla niður þau auðkenni á ökutækjum sem leiðir af skiptingu landsins í skráningarumdæmi.

Í umsögnum, sem nefndinni hafa borist, koma fram athugasemdir sem einkum beinast að tvennu: Í fyrsta lagi að eigendaskipti komi ekki fram eins ljóslega og nú er, í veðmálabókum, og skapi óvissu um, hvort veðskuldir, fjárnám o. s. frv. hvíli á viðkomandi ökutæki. Ef ráða eigi bót á þessu, þarf að stofnsetja allsherjar þinglýsingarstofu, þá helst í Reykjavík, og sé sú ráðstöfun síst til bóta fyrir dreifbýlisfólk og vart til sparnaðar. Í öðru lagi að ákvörðun vátryggingariðgjalda með hliðsjón af áhættusvæðum muni mjög torveldast, þegar skrásetningarnúmer bifreiða gefur ekki lengur til kynna í hvaða lögsagnarumdæmi bifreiðin er.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, og af öðrum upplýsingum og ábendingum, sem nefndinni hafa borist, getur nefndin ekki séð að um umtalsverðan sparnað geti orðið að ræða, ef úr breytingunni yrði, auk þess sem óvissa og kostnaður, sem hún bakaði eigendum og kaupendum ökutækja, er augljóslega nokkur.

Að öllu þessu athuguðu hefur allsherjarnefnd ekki sannfæringu fyrir nauðsyn breytinga á skráningu ökutækja og telur að það mál þurfi að skoðast betur.

Leggur nefndin því til, að úr frv. verði fellt ákvæði sem snerta þá breytingu, en verði að öðru leyti samþykkt.

Bætt er inn í frv. breytingu á 83. gr. laganna skv. ósk dómsmálaráðuneytis, þess efnis, að í upptalningu 2. mgr. bætist heiti Bílgreinasambandsins.

Alþingi, 24. mars 1976.

Ellert B. Schram, form., frsm.	Gunnlaugur Finnsson, fundaskr.	Friðjón Þórðarson.
Páll Pétursson.	Ingólfur Jónsson.	Svava Jakobsdóttir.
	Sighvatur Björgvinsson.	

Ed. 455. Nefndarálit [46. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um fasteignasölu, nr. 47 11. júní 1938.

Frá allsherjarnefnd.

Umsagnir hafa borist frá stjórn Lögmannafélags Íslands og Neytendasamtökunum um frumvarp þetta og eru þær jákvæðar. Allsherjarnefnd mælir með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. gr. orðist þannig:

Ný grein, sem verður 14. gr. laganna, orðist svo:

Skylt er að geta þess í öllum skjölum varðandi fasteignakaup, svo sem kauptilboðum, kaupsamningum, skuldabréfum og afsölum, hver hafi samið skjöl þessi, og skal geta nafns og nafnnúmers. Enn fremur skulu þeir, sem fasteignaviðskipti annast, geta nafns síns í auglýsingum, eins þótt viðskiptin séu rekin í nafni skrásetts firma.

Alþingi, 25. mars 1976.

Ingi Tryggvason, form. | Axel Jónsson, fundaskr. | Jón G. Sólnes, frsm.
Halldór Ásgrímsson. | Oddur Ólafsson. | Geir Gunnarsson.
Eggert G. Þorsteinsson.

Sþ. 456. Nefndarálit [55. mál]

um till. til þál. um kjördæmaskipan.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur rætt tillöguna og leggur meiri hluti hennar til að hún verði samþykkt.

Tillagan felur í sér þá viljayfirlýsingu, að kjördæmaskipan eða kosningalögum sé breytt á þann veg, að atkvæðisréttur kjósenda sé jafnaður frá því sem nú er. Vægi atkvæða bak við hvern þingmann og í hinum ýmsu kjördæmum hefur raskast mjög verulega frá því að núverandi kjördæmaskipan var ákveðin með stjórnarskrárbreytingunni 1959. Sú röskun er ranglát og andstæð lýðræðislegum grundvallarreglum og almennum mannréttindum.

Með samþykki sínu við tillögunni eru nefndarmenn ekki að leggja til hvaða leið skuli valin til aukins jafnaðar og hafa óbundnar hendur varðandi þá tilhögun.

Tveir nefndarmenn, Jón Helgason og Jónas Árnason, mæla ekki með samþykkt tillögunnar og munu skila séráliti.

Alþingi, 24. mars 1976.

Ellert B. Schram, form., frsm. | Jón Skaftason. | Ólafur G. Einarsson.
Vigfús B. Jónsson, með fyrirvara. | Magnús T. Ólafsson, með fyrirvara.

Ed. 457. Nefndarálit [113. mál]

um frv. til laga um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Á fundum nefndarinnar kom ekki fram neitt það er sýndi fram á hagkvæmni þess að auka umfang gildandi samnings við fyrirtæki þetta, né heldur leiddu viðræður við sérfræðinga eða könnun gagna í ljós að réttlætanlegt væri að heimila hinum erlenda auðhring að auka umsvif sín hér á landi.

Samningur sá við Alusuisse, sem hér er ráðgert að auka við, hefur sætt mjög harðri gagnrýni frá upphafi og þá einkum fyrir eftirtalda ágalla:

1. Ákvæði um það að fyrirtæki Alusuisse skuli ekki lúta í öllu íslenskum lögum.
2. Raforkuverðið, sem samið var um fram til ársins 1997 án endurskoðunarákvæða, er langt undir markaðsverði og einnig undir framleiðsluverði.
3. Heimilað var að reisa verksmiðjuna án nauðsynlegra hreinsitækja og án tillits til mengunar umhverfis og sjálfsagðra hollustuhátta.

Er fyrrverandi iðnaðarráðherra ræddi við forstöðumenn Alusuisse um stækkun þá á verksmiðjunni sem hér um ræðir, var það ásetningur hans að hið erlenda fyrirtæki fengi alls ekki heimild til stækkunar nema því aðeins að samtímis fengjust verulegar breytingar á samningi þessum okkur til hagsbóta og þá fyrst og fremst hvað raforkuverðið áhrærði. Reyndin varð sú, að hinn erlendi auðhringur fékkst ekki til þess að samþykkja neina hækkun á verði því er hann greiðir fyrir raforkuna.

Við athugun á samningi þeim, sem hér er ráðgerður, kemur í ljós að Swiss Aluminium er ætlað að halda nær óbreyttum kjörum um kaup á rafmagni, með þeim hætti að lítilfjörleg hækkun á verðinu mun hverfa vegna annarra breytinga á samningnum í þágu hins erlenda viðsemjanda.

Athyglisvert er að norðmenn hafa fyrir skemmstu ákveðið nýtt raforkuverð til stóriðju hjá sér, og nemur það um einni krónu og áttatíu aurum á kwst. og kveðið á um það að verðið skuli endurskoðast árlega. Verðum við því bundnir Swiss Aluminium í rúm 20 ár með raforkuverð, sem í svip nemur um það bil einum fjórða af því, sem norðmenn telja nú lágmarksverð raforku til stóriðju, og líkur benda til að það hlutfall breytist mjög ört okkur í óhag með hækkuðu heimsmarkaðsverði á orku. Sem dæmi um viðskiptakjör þau, sem ÍSAL, fyrirtæki Swiss Aluminium nýtur nú, skal þess getið að s. l. ár keypti ÍSAL 57% af orkuframleiðslu Landsvirkjunar, en borgaði einungis 28.4% af heildarverði framleiðslunnar. Hefði þessi viðbótarsamningur verið kominn í gildi, hefði ÍSAL fengið 60.8% af heildarframleiðslunni fyrir upphæð sem næmi 32.1% af heildarsöluverðinu.

Með þessum viðbótarsamningi yrði einungis ítrekuð sú skyssa, sem upprunalega var gerð með frumsamningnum við svissneska auðhringinn, og jafnframt kórónuð afglöpin, sem framin voru með stofnun járnblendifélagsins í samvinnu við ameríska auðhringinn Union Carbide, svo sem dæmin sanna með jarðraskinu á Grundartanga, því óhæfilegt er að verja íslenskri raforku til annars en aukinna nytja á gæðum landsins sjálfs og í þágu íslendinga einna.

Alþingi, 25. mars 1976.

Stefán Jónsson.

Ed. 458. Tillaga til þingsályktunar [220. mál]

um fjölbrautaskóla á Norðurlandi vestra.

Flm.: Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa frumvarp um stofnun framhaldsskóla á Norðurlandi vestra með fjölbrautasniði. Skólastarfið fari fram á nokkrum stöðum í fræðsluumdæminu og verði byggt upp sem ein heild með náinni samvinnu og verkaskiptingu milli skólastaða. Stefnt skal að því, að sem flestar námsbrautir framhaldsskólastigsins, sem annars staðar er að finna í menntaskólum, iðnskólum, vélskóla, tónlistarskólum eða öðrum sérskólum, verði stundaðar á a. m. k. einum þessara skólastaða.

Samræmt fjölbrautanám á Norðurlandi vestra með eðlilegri verkaskiptingu milli skólastaða miðist við eftirtalin meginsvið:

I. Á tveimur skólastöðum sé starfrækt **bóknámsbraut**, á öðrum til tveggja ára og á hinum til fjögurra ára, er samsvari menntun til stúdentsprófs, og skiptist í nokkrar námsbrautir, eftir því sem aðstæður leyfa, t. d. **tungumáladeild, raungreina- og náttúrufræðideild.**

II. **Iðn- og tæknibraut** skiptist milli skólastaða, eftir því sem hagkvæmast þykir, t. d. þannig að sjómennska, matvælatækni, vélstjóranám og annað það iðn- og tækninám, sem tengdast er siglfirsku atvinnulífi, hafi aðsetur þar, en flestir aðrir þættir iðnfræðslunnar verði á Sauðárkróki, eins og þegar hefur verið ákveðið.

III. **Á einum skólastaðnum verði viðskipta- og verslunarbraut sem samsvari fjögurra ára námi, en á öðrum verði um að ræða tveggja ára nám.**

IV. Á öllum skólastöðunum geti nemendur stundað bóknámsþætti **námsbrauta í heimilisfræðum, hússtjórn og búfræði**, en að öðru leyti fari námið fram í búnaðar- og hússtjórnarskólum að Hólum í Hjaltadal, Löngumýri og á Blönduósi. Skal við það miðað, að þessar námsbrautir verði ekki lengur sem einangraðar blindgötur í skólakerfinu, heldur verði séð til þess, að nemendur geti haldið námi áfram á framhaldsskólastiginu að þessum áfanga loknum.

V. **Námsbrautir á sviði lista** skiptist milli skólastaðanna, eftir því sem aðstæður leyfa, og kemur þar einkum til greina tónmennt, myndlist og önnur handmennt.

Vegna fámennis og margbreytileika námsins verði skólastarfið skipulagt í áfangakerfi, sem sameini námshópa úr ýmsum námsbrautum án tillits til hefðbundinnar bekkjaskiptingar og geri framkvæmanlegt að fá sérmenntaða kennara til að fara milli skólanna og standa fyrir námskeiðum.

Um kostnað við stofnun og rekstur fjölbrautaskóla á Norðurlandi vestra skal fylgt þeim ákvæðum, sem gilda um stofnun og rekstur menntaskóla, og greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

Skólaráð skal fara með stjórn fjölbrautaskólans á Norðurlandi vestra í samvinnu við skólastjóra og undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins. Skólaráð skal skipað eftir tilnefningu fræðsluráðsins á Norðurlandi vestra. Jafnframt skulu nemendur árlega tilnefna fulltrúa í skólaráð.

Greinargerð.

Í tillögu þessari felst veruleg breyting frá núverandi skipulagi á framhaldsskólafræðslu í anda þeirrar stefnu, sem kennd hefur verið við fjölbrautanám. Fordæmi er fengið með lögunum um fjölbrautaskóla, sem fyrst og fremst eru miðuð við stofnun tilraunaskóla í Reykjavík. Hins vegar hefur þessi nýja skipan skólamála ekki enn verið útfærð á landsmælikvarða. Ljóst er, að meðan það hefur enn ekki verið gert, er lítil von til þess, að skólamál í einu af minni kjördæmum landsins verði skipulögð á þennan veg. Meðal annars þess vegna flyt ég ásamt Helga F. Seljan tillögu til þingsályktunar um skólaskipan á framhaldsskólastigi, þar sem ríkisstjórninni er falið að undirbúa frumvarp, er leggi grundvöll að samræmdum framhaldsskóla. En ástæðurnar til þess, að ég flyt sérstaka tillögu um skólamál á Norðurlandi vestra, eru þessar:

Ég vil minna á, að enda þótt enn sé ekki unnt að stunda nám, er leiði til stúdentsprófs, á Norðurlandi vestra, er full ástæða til þess að svo verði í framtíðinni. Ég vil vekja athygli skólayfirvalda og heimamanna á nauðsyn þess, að unnið sé að þessu markmiði á skipulegan hátt, og ég tel sérstaka þörf á því, þar sem Norðurland vestra á í hlut, því að í engu öðru kjördæmi landsins er uppbyggingarstarf fræðslumála á framhaldsskólastigi jafnskammt á veg komið. Má nefna því til sönnunar, að í öllum öðrum kjördæmum er menntaskólanám ýmist stundað eða a. m. k. í undirbúningi, og á fjárlögum er fé veitt til iðnskólabygginga í öllum kjördæmum öðrum en á Norðurlandi vestra. Ég tel, að skólastarf á framhaldsskólastigi eigi að færast heim í héruðin í miklu ríkara mæli en nú er, og fyrir Norðurland vestra, þar sem hvort eð er þarf að byrja svo að segja frá grunni, liggur beinast við, að ekki verði um að ræða menntaskólanám með hefðbundnu sniði, heldur verði nú stefnt að alhliða fjölbrautanámi, sem skipulagt verði á svæðinu öllu sem einni heild.

Ef til vill spyr einhver, hvort Norðurland vestra sé ekki of fámennt til að standa undir menntaskólanámi — hvað þá enn margbreytilegra námi fjölbrauta-

skólans. Því er til að svara, að aldursárgangar barna á Norðurlandi vestra eru svipaðir að stærð og á Vestfjörðum og Austurlandi, en í báðum þessum kjördæmum verða menntaskólar starfandi samkvæmt ákvörðun Alþingis. Með því hefur Alþingi viðurkennt í reynd, að sífelld samþjöppun framhaldsnáms á höfuðborgarsvæðinu sé óæskileg og í þess stað verði að byggja upp menntunaraðstöðu á framhaldsskólastigi í öllum kjördæmum landsins.

Óneitanlega fylgir því nokkur sparnaður að hafa skólana mjög fáa og að sama skapi stóra. En þar á móti kemur, að þá þarf að byggja þeim mun fleiri heimavistir, sem eru mjög dýrar bæði í stofnkostnaði og rekstri. Uppeldisfræðilegir og félagslegir ókostir þess að safna saman mestöllu framhaldsskólanámi á örfáa staði á landinu eru augljósir. Frá sjónarmiði byggðastefnu er einmitt mjög mikilvægt að reyna að halda unga fólkinu sem lengst í grennd við heimahéruð, því að reynslan sýnir, að því yngri sem unglingar neyðast til að hverfa að heiman til náms í öðrum landshlutum, þeim mun meiri eru líkurnar á því, að þeir aðlagist endanlega nýju umhverfi og slitni úr tengslum við heimabyggð sína.

Að sjálfsögðu eru ákveðin takmörk fyrir því, hve mikið má dreifa skólastarfinu. Skólastaðir mega ekki verða fleiri en svo, að unnt sé að byggja upp nægilega stórar skólaeiningar. **Í tillögu þessari er gert ráð fyrir því, að miðstöðvar fjölbrautaskólans á Norðurlandi vestra verði á fleiri en einum stað, m. a. í þeim tilgangi að viðhalda tengslum nemenda við heimaslóðir eins lengi og unnt er, með því að gera sem flestum nemendum fært að sækja framhaldsskóla, gangandi eða akandi að heiman. Er hugsanlegt að aðalskólastaðir gætu orðið tveir eða þrír, en afmarkaðir þættir skólastarfsins færu jafnframt fram í nokkrum öðrum skólum. Helstu skólastaðir, sem einkum koma til greina, m. a. með hliðsjón af staðháttum, eru Siglufjörður, Sauðárkrókur, Blönduós og Reykir í Hrútafirði.**

Skal nú vikið nánar að nemendafjöldanum.

Á skólaárinu 1973—74 voru að meðaltali um 218 börn í hverjum aldursárgangi barnaskólanna á Norðurlandi vestra. Sett hefur verið fram spá um skólasókn unglinga að loknum grunnskóla og er þar um að ræða hámarksspá, sem vafalaust verður ekki að veruleika úti um land fyrr en að nokkrum árum liðnum. Miðað við þessa spá yrði nemendafjöldi á Norðurlandi vestra á hverju skólaári framhaldsskólastigsins sem hér segir:

1. ár framhaldsskóla	85%	árgangs	185 nemendur
2. ár —	75%	—	164 —
3. ár —	60%	—	131 —
4. ár —	35%	—	76 —
		Samtals á framhaldsskólastigi	556 nemendur

Þessi fjöldi nemenda, 556, er rétt um 64% af fjórum aldursárgöngum á barnaskólastigi kjördæmisins. Til þess að átta sig betur á því, hvort fyrrnefnd spá er raunhæf, má geta þess, að á skólaárinu 1973—74 voru á öllu landinu 11550 nemendur í skólum, sem samsvara munu væntanlegu framhaldsskólastigi, þegar grunnskólalögin eru komin í framkvæmd, og eru það tæp 64% af fjórum aldursárgöngum barnaskólanna. Ef frá er talið nám, sem ekki getur orðið í fjölbrautaskólum úti um land, t. d. kennaranám, hjúkrunarnám eða efri bekkir tækniskóla, er samsvarandi hlutfall tæp 57%. Það virðist því alls ekki óraunhæft, að með auknu framhaldsskólastarfi heima í héruðum muni 64% af 16—19 ára unglingum sækja þar skóla.

Miðað við fjóra aldursárganga barnaskólanna sækir rúmlega fjórðungur nemenda (26%) skóla á Norðurlandi vestra á hliðstæðu stigi og væntanlegur framhaldsskóli verður. Stærsti hópurinn er í 4. bekk gagnfræðaskólanna, 80 manns, í Iðnskólanum á Sauðárkróki eru um 70, í deild Vélskólans á Siglufirði eru 15, í húsmæðraskólanum á Löngumýri og á Blönduósi um 25 og í Bændaskólanum á

Hólum 36 nemendur eða alls 226 nemendur. Þess má geta, að fyrir þremur árum samþykkti Alþingi þingsályktun um stofnun fiskvinnsluskóla í Siglufirði, en hún hefur þó ekki enn komið til framkvæmda af einhverjum ástæðum.

Með verkaskiptingu og góðri skipulagningu virðist fullkomlega raunhæft að skipta námi 500—600 nemenda væntanlegs fjölbrautaskóla á tvo eða þrjá aðalskólastaði, en af þeim yrðu 50—60 við verklegt nám í bænda- eða húsmæðraskólum. Í tillögunni er þó á það minnt, að því aðeins er þessi dreifing á marga skólastaði möguleg, að kennslan verði ekki bundin í viðjar hefðbundinnar bekkjaskiptingar, heldur verði námstilhögun eins sveigjanleg og kostur er og byggð á áfangakerfi og stuttum námskeiðum.

Að lokum má geta þess til samanburðar, að nemendafjöldi á Vestfjörðum í hverjum árgangi barnaskólanna er mjög svipaður og á Norðurlandi vestra, þ. e. 225 nemendur. Nemendur Menntaskólans á Ísafirði eru nú 150, í Iðnskólanum þar voru 56 nemendur skólaárið 1973—1974, í deild Vélskólans voru 22, í deild Tækniskólans 9, í 4. bekk Húsmæðraskólans 27 eða samtals 311 nemendur.

Á Austfjörðum er í undirbúningi menntaskóli á Egilsstöðum, sem væntanlega verður hluti af fjölbrautaskóla á Austurlandi. Á skólaárinu 1973—74 voru að meðaltali 263 nemendur í hverjum árgangi barnaskólanna á Austurlandi. Áætlun um skipulag skólastarfsins miðast þó við 250 nemendur í aldursárgangi, og miðað við fyrrnefnda spá um skólasókn er reiknað með, að nemendafjöldinn verði alls 638, þar af 390 í Neskaupstað og 248 á Egilsstöðum.

Gert er ráð fyrir, að 63 nemendur fari bóknámsbraut í væntanlegum fjölbrautaskóla, þ. e. 25% af aldursárgangi, þar af verði 54 á Egilsstöðum og 9 á Neskaupstað fyrstu tvö árin, en síðari tvö árin verði allir nemendur bóknámsbrautar á Egilsstöðum.

Fylgiskjal.

		Nemendafjöldi í 1.—6. bekk	Að meðaltali í hverjum árgangi
Nemendafjöldi á Norðurlandi vestra:			
Vestur-Húnav.s.		214	36
Staðarhreppur	24		
Laugarbakki	125		
Hvammstangi	51		
Þverárhr.	14		
Austur-Húnav.s.		296	49
Húnavallaskóli	119		
Blönduós	88		
Skagaströnd	83		
Skagahreppur	6		
Nemendafjöldi á Norðurlandi vestra:			
Skagafjarðarsýsla		330	55
Skefilsst.hr.	5		
Staðarhr.	21		
Varmahlíð	45		
Steinsstaðir	36		
Akrahr.	45		
Rípurhr.	19		
Hólar	44		
Hofsós	85		
Barð í Fljótum	30		
Sauðárkrókur		211	35
Siglufjörður		256	43
		1 307	218

Nemendur í menntaskólanámi skólaárið 1973—1974.

Menntaskólinn í Reykjavík	883
— — við Tjörnina	666
— — við Hamrahlíð	1 249
— — á Akureyri	487
— — á Laugarvatni	172
— — á Ísafirði	150
— — í Kópavogi	109
Flensborgarskóli í Hafnarfirði	123
Gagnfræðaskóli Keflavíkur	21
— — Akraness	21
— — Austurbæjar (Rvík)	55
Kennaraháskóli Íslands	115
Samtals	4 051

Nemendur í framhaldsskólum skólaárið 1973—74 með hliðsjón af grunnskólalögum.

4. bekkir gagnfræðadeildar	2 303
Iðnskólar	1 635
Vélskóli Íslands	347
Húsmæðraskólar	771
Bænda- og garðyrkjuskólar	147
Sjómanna- og fiskvinnsluskólar	221
Verslunarskólar	717
Tækniskóli, 1.—2. bekkur	120
Menntaskólanám	4 051

Nokkrir sérskólar.

Kennaraskólar	477
Tækniskóli, 3.—4. bekkur	120
Skólar heilbrigðisstétta	524
Hótel- og veitingaskóli	117
Samtals	1 238

Nemendur í barnaskólum skólaárið 1973—1974.

1.—6. bekkur	27 331
Að meðaltali í árg.	4 555

Sþ. 459. Tillaga til þingsályktunar [221. mál]

um grasköggla verksmiðjur.

Flm.: Vigfús B. Jónsson, Pálmi Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að grasköggla verksmiðjur þær, sem landbúnaðarráðherra samþykkti með bréfi 2. júní 1972 að byggðar yrðu á vegum ríkisins, verði fullgerðar og teknar í notkun árið 1979.

Greinargerð.

Með bréfi til landnámsstjórnar, dags. 2. júní 1972, samþykkti landbúnaðarráðherra Halldór E. Sigurðsson áætlun um byggingu nýrra grasköggla verksmiðja í landinu,

og skyldu þær staðsettar á eftirgreindum stöðum: Flatey í Mýrahreppi, Austur-Skaftafellssýslu, Hólminum í Skagafirði og Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu. Þessi ákvörðun ráðherra átti m. a. þann aðdraganda, að á grundvelli 55. gr. laga nr. 45 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins o. fl., hafði starfað nefnd sex manna frá Búnaðarfélagi Íslands og Landnámi ríkisins til þess að gera drög að áætlun um staðarval og stofnun slíkra verksmiðja. Álit þeirrar nefndar var allítarlegt og niðurstöður að mestu í samræmi við fyrrgreinda ákvörðun ráðherra.

Af þeim verksmiðjum, sem ákveðið var að byggja 1972, hefur nú ein tekið til starfa, en grasköggla verksmiðjan í Flatey í Austur-Skaftafellssýslu hóf starfsemi sína s. l. sumar. Var þó aðeins um að ræða ⅓ hluta af fullri afkastagetu þeirrar verksmiðju og skortir nú 80 millj. kr. til þess að uppbyggingu og búnaði verksmiðjunnar verði lokið og fullri afkastagetu náð.

Tillaga þessi til þingsályktunar er fyrst og fremst flutt til þess að beina því til ríkisstjórnarinnar, að hún athugi nú allar leiðir til þess að því marki verði náð að ljúka uppbyggingu verksmiðjanna í Hólminum í Skagafirði og Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu þannig, að þær geti tekið til starfa sumarið 1979. Ljóst er, að til þess þarf mikið fjármagn eða um 200 millj. kr. til hvorrar verksmiðjunnar um sig. Hugsanlegt er, að Stofnlánadeild landbúnaðarins láni til þessara framkvæmda allt að 100 millj. kr. Fjáröflun á vegum ríkisins og annarra aðila þyrfti því að vera sem næst 300 millj. kr. Í þessu dæmi verður auðvitað til viðbótar að taka tillit til fjárþarfar sem fyrr er að vikið í sambandi við Flateyjarverksmiðjuna.

Þær garsköggla verksmiðjur, sem þegar hafa tekið til starfa, hafa verið fjármagnaðar af ríkisfé, ef frá er skilin verksmiðjan í Brautarholti, sem er í eigu einstaklinga. Með sama framhaldi þyrfti verulega auknar fjárveitingar á fjárlögum næstu ára til grasköggla verksmiðja, svo að því marki yrði náð, sem tillagan greinir. Flm. telja þó, að ástæða geti verið til að taka til athugunar fleiri fjármögnunarleiðir til þess að auðvelda framgang málsins. Gæti þar komið til greina hvort tveggja, sérstök fjáröflun og aðild heimaaðila.

Uppbygging grasköggla verksmiðja er eitt af mestu hagsmunamálum landbúnaðarins. Staðsetning þeirra í hinum ýmsu landshlutum er þýðingarmikil til þess að komist verði hjá óhóflegum flutningskostnaði, en of langar flutningsleiðir geta komið í veg fyrir, að hagkvæmt sé að nota grasköggla. Grasköggla verksmiðjurnar í Hólminum og Saltvík hafa því sérstaka þýðingu fyrir norðlenska bændur hvað þetta snertir og eru í raun forsenda fyrir því, að þeir geti sem heitir notað grasköggla sem kjarnfóður. Á báðum þessum stöðum eru aðstæður taldar ákjósanlegar, þ. á m. er völ á jarðvarma til þurrkunar á grasi, sem mundi spara olíu að sama skapi.

En grasköggla verksmiðjur hafa ekki síður þýðingu fyrir þjóðarbúið í heild vegna gjaldeyrissparnaðar. Árið 1975 voru flutt inn 55 367 tn. af fóðurvörum fyrir 1 677.2 millj. kr. Innflutningur fóðurvara hefur á undanförnum árum oft verið í kringum 60 þús. tn. og er líklegt að verðgildi þess verði á þessu ári ekki minna en 2000 millj. kr.

Það er talið að nota megi grasköggla með hagkvæmni í stað allt að ¾ þess kjarnfóðurs, sem nú er flutt inn. Það blasir því við, að unnt er að spara verulegan gjaldeyri með því að auka þessa framleiðslu innanlands. Sú staðreynd á ekki síst þáttinn í mikilvægi þessa máls.

Uppbygging grasköggla verksmiðja kom til umræðu á nýafstöðnu Búnaðarþingi og birtist ályktun Búnaðarþings hér með sem fylgiskjal. Enn fremur birtast hér með sem fylgiskjöl bréf landbúnaðarráðherra til landnámsstjórnar, dags. 2. júní 1972, og bréf frá landnámsstjóra til landbúnaðarráðuneytisins, dags. 9. apríl 1973.

Fylgiskjal I.

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 11. mars 1976.

Á fundi stjórnar Búnaðarfélags Íslands hinn 10. mars 1976 var ákveðið að senda ályktun Búnaðarþings 1976 **um erindi Búnaðarsambands Austurlands um verðjöfnun á grasköggum, erindi Búnaðarsambands Austur-Húnavatnssýslu um heykögglaverksmiðju í Hólminum í Skagafirði, erindi Jónasar Jónssonar, Gunnars Bjarnasonar og Árna G. Péturssonar um eflingu kjarnfóðuriðnaðar úr innlendum hráefnum og með innlendri orku og erindi Búnaðarsambands suður-þingeyinga um eflingu innlendrar fóðuriðju** til landbúnaðarráðuneytisins, Landnáms ríkisins og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

Ályktunin hljóðar svo:

„Búnaðarþing skorar á landbúnaðarráðherra, að hann skipi nefnd til þess að gera heildaráætlun um eflingu fóðuriðnaðar á Íslandi, er fullnægt geti að mestu fóðurbætisþörf landbúnaðarins. Sérstök áherzla verði lögð á eftirfarandi:

1) Endurskoðuð verði gildandi lagaákvæði um grænfóðurverksmiðjur, m. a. með það fyrir augum að auka áhrif bænda og samtaka þeirra á stjórn og rekstur verksmiðjanna.
2) Uppbygging í fóðuriðnaði verði auðvelduð, m. a. með föstum tekjustofnum, hagstæðum lánum, afnámi tolla og skatta og öðrum ráðstöfunum, hliðstætt og gerist í skyldum iðnaði, svo sem þörungavinnslunni á Reykhólum.
3) Hraðað verði rannsóknum á því, hvernig hagkvæmast sé að nota ódýra afgangsraforku og jarðvarma til þurrkunar fóðurefna.
4) Auknar verði rannsóknir á því, hvaða efnum, sem til falla eða vinna má innanlands, sé hugsanlegt að blanda í grasköggla til að fá hagkvæmar kjarnfóðurblöndur.
5) Gerðar verði víðtækar fóðurtilraunir með innlendar fóðurblöndur, svo að skýrt komi í ljós, að hve miklu leyti slík kjarnfóðurframleiðsla geti komið í stað innflutts kjarnfóðurs.
6) Lögð verði aukin áherzla á ræktunartilraunir, m. a. á ræktunarlöndum verksmiðjanna, bæði er varðar stofna og áburð, með það fyrir augum að auka uppskeru og gera hana árvissa.
7) Kannaðir verði möguleikar á útflutningi á grasköggum.
8) Athugað verði, hvernig hagkvæmast er að haga geymslu og flutningi á grasköggum, enda við það miðað, að þeir verði seldir á sama verði á öllum verzlunarstöðum landsins.
9) Hraðað verði útvegun fjármagns til hönnunar, uppbyggingar og endurbóta þeirra grænfóðursverksmiðja, er þegar hafa verið hafnar framkvæmdir við, svo að unnt verði að ljúka uppbyggingu þeirra á næstu 5 árum.

Búnaðarþing felur stjórn Búnaðarfélags Íslands að fylgja þessu mikla hagsmunamáli landbúnaðarins og þjóðarinnar allrar fast eftir, svo að álit væntanlegrar nefndar geti legið fyrir næsta Búnaðarþingi."

Virðingarfyllst,

Halldór Pálsson.

Fylgiskjal II.

LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 2. júní 1972.

Með skírskotun til bréfs landnámsstjórnar, dags. 28. maí s. l., þar sem gerðar eru tillögur um staðsetningu grænfóðurverksmiðja á landinu, vill ráðuneytið hér með samþykkja áætlun landnámsstjórnar um grænfóðurverksmiðjur þessar á þann hátt, sem hér greinir:

1. Flatey í Mýrahreppi, A.-Skaft.
2. Hólmurinn í Skagafirði.
3. Saltvík, S.-Þing.

Enn fremur telur ráðuneytið rétt, að veittur verði aukinn styrkur til Fóðuriðjunnar hf., Dalasýslu, að upphæð 4 millj. kr., þar sem ljóst er af nýgerðri áætlun, að kostnaður við framkvæmdir þar verði 30—40% hærri en gert var ráð fyrir. Styrkur þessi yrði greiddur á næstu þrem árum, 1973, 1974 og 1975.

Það skal að lokum tekið fram, að gera verður ráð fyrir, að áætlaður framkvæmdatími lengist frá tillögum nefndarinnar í allt að 8 árum.

Halldór E. Sigurðsson.

Gunnl. E. Briem.

Fylgiskjal III.

9. 4. 1973.

Á fundi landnámsstjórnar 4. þ. m. var eftirfarandi bókun gerð:

„Landnámsstjórn felur landnámsstjóra að hefja hið fyrst framkvæmdir við að koma upp heykögglaverksmiðju í Flatey á Mýrum, A.-Skaft., með 5 tonna eimingargetu á klst., er miðist við rekstur sumarið 1974. Leitað verði heimildar landbúnaðarráðuneytisins fyrir því að fjármagna framkvæmdir með framlagi heimaaðila, lánsfé og ríkisframlagi á fjárlögum 1974."

Í bréfi landbúnaðarráðuneytisins 2. júní 1972 var tekin ákvörðun í samræmi við 55. gr. landnámslaga um stofnun og staðarval á þrem grænfóðurverksmiðjum, sem ráðgert er að reisa á næstu 6—8 árum, þ. e. í

1. Flatey í Mýrahreppi, A.-Skaft.
2. Hólminum í Skagafirði.
3. Saltvík í S.-Þingeyjarsýslu.

Eftir að þessi ákvörðun var tekin var hafinn undirbúningur að framkvæmd hennar og voru helstu framkvæmdir s. l. ár þessar:

Flatey:

Unnið var að nánara staðarvali og undirbúin kaup á Flateyjarjörðum, en þær munu hafa a. m. k. 2—3 þús. ha af ræktanlegu landi.

Hólmurinn:

Árið 1969 keypti Landnám ríkisins jarðirnar Löngumýri, Lauftún og Krossanes í Seyluhreppi í Skagafirði, allar samliggjandi með ræktanlegt land um 600 ha.

1971 var byrjað á framræslu og s. l. ár var henni að miklu leyti lokið og byrjað á að ýta út ruðningum og kýfa landið.

Saltvík:

Á s. l. ári var gengið frá kaupum á jörðinni Saltvík í Reykjahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu, en þar voru engar undirbúningsframkvæmdir gerðar.

Eins og ályktun landnámsstjórnar ber með sér, telur stjórnin rétt, að hafinn verði nú þegar undirbúningur að stofnun grænfóðurverksmiðju í Flatey með 5 tonna eimingargetu og að því stefnt, að rekstur hefjist á næsta ári.

Austur-skaftfellingar hafa sýnt þessu máli mikinn áhuga, eins og meðfylgjandi ljósrit af fundarályktun og bréfi sýna, fskj. 1 og 2, þar bjóðast þeir til að sjá um að nauðsynleg ræktun verði gerð af félagasamtökum í sýslunni og sé hún **„framlag heimamanna til verksmiðjunnar“.** Auk þessa hefur komið fram, að hugsanleg væri einhver lánafyrirgreiðsla innan héraðs.

Tillaga landnámsstjórnar um stærð verksmiðjunnar er byggð á samþykkt, er gerð var í maí 1972 **og send ráðuneytinu með bréfi, dags. 28. maí 1972, ásamt nefndaráliti samstarfsnefndar Búnaðarfélags Íslands og Landnáms ríkisins um grænfóðurverksmiðjur.**

Á fundi landnámsstjórnar 4. þ. m. lagði landnámsstjóri fram lauslega áætlun um stofnkostnað við byggingu þeirra þriggja verksmiðja, sem ráðgerðar eru, og er stærð þeirra, miðað við 5 tonna eimingargetu á klst., þannig, að framleiðsla hverrar verksmiðju geti orðið 2000—2500 tonn af heykögglum, miðað við full afköst.

Kostnaðaráætlun þessi, fskj. 3, fylgir hér með í ljósriti.

Verðlag og kaupgjald í apríl 1973 er lagt til grundvallar tölulegum útreikningum. Um 5. liðinn, íbúðarhúsnæði, skal þess getið, að hann er mjög ónákvæmur og einungis settur til þess að sýna, að hann er óhjákvæmilegur fylgifiskur atvinnufyrirtækis af þessu tagi og gæti vafalaust orðið langt um hærri.

Til viðbótar niðurstöðutölum í fskj. 3 þarf svo að bæta fyrsta árs rekstrarkostnaði, sem má ætla að geti orðið, miðað við núverandi verðlag, um 10—12 milljónir. Heildarfjármagnsþörf kynni því að verða um 80 milljónir í fyrirhugaðri verksmiðju í Flatey.

Í ályktun landnámsstjórnar er þess farið á leit við landbúnaðarráðuneytið, að það heimili að hafist verði handa um framkvæmdir í Flatey.

Ég, sem framkvæmdastjóri landnámsstjórnar, tek það skýrt fram, að ég tel mig ekki á nokkurn hátt geta hafið undirbúning að verksmiðjubyggingu, umfram það að festa kaup á Flateyjarjörðum og fjárframlög 1973 leyfa, nema til komi samþykki ráðuneytisins á óskum landnámsstjórnar um að stefnt verði að því að koma upp grænfóðurverksmiðju á þessu og næsta ári.

Virðingarfyllst,

LANDNÁM RÍKISINS

Árni Jónsson.

Til landbúnaðarráðuneytisins,
Reykjavík.

Ed. 460. Frumvarp til laga [222. mál]

um fjölbýlishús.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

I. Gildissvið laganna.

1. gr.

Fjölbýlishús telst í lögum þessum hvert það hús, sem í eru tvær eða fleiri íbúðir.

Með íbúð í lögum þessum er átt við hvert það herbergi, sem eldhús fylgir.

2. gr.

Lög þessi gilda um fjölbýlishús, þar sem íbúðirnar eru í eigu fleiri en eins aðila. Einnig skulu þau gilda um raðhús og önnur samtengd hús eftir því sem við getur átt.

Reglur laganna verða einnig notaðar eftir því sem við á, um önnur hús, er fleiri en einn á eða nýtir.

II. Skipting eignarráða.

3. gr.

Gera skal skiptayfirlýsingu um öll fjölbýlishús, enda liggi ekki fyrir þinglýstur skiptasamningur. Sé um nýbyggingu að ræða, skulu sveitarstjórnir gera það að skilyrði fyrir gerð lóðarsamnings, að skiptayfirlýsing liggi fyrir. Skiptayfirlýsingu skal þinglýst eigi síðar en húsið er fokhelt.

Gera skal það að skilyrði þinglýsingar eignayfirfærslu fjölbýlishúss eða hluta þess, að skiptayfirlýsing liggi fyrir.

4. gr.

Í skiptayfirlýsingu skal greina, svo ekki verði um villst:

a) Hvar hver íbúð er. Gefa skal það til kynna með götunafni, húsnúmeri, á hvaða hæð íbúð er og sérstakri merkingu íbúðar með bókstaf eða tölustaf.
b) Stærð hverrar íbúðar og hvað henni fylgir sérstaklega.
c) Hver sé hlutfallstala hverrar íbúðar, hafi hún verið ákveðin sbr. 2. mgr. 8. gr.
d) Hvort íbúð fylgir réttur til bílskúrs eða bílstæðis.

Hverri skiptayfirlýsingu skal fylgja teikning yfir hverja hæð fjölbýlishúss í mælikvarðanum 1:200, þar sem sýnd er stærð og merking hverrar íbúðar um sig og hvað henni fylgir sérstaklega. Sveitarstjórn skal staðfesta, að þessar upplýsingar séu réttar.

5. gr.

Eign í fjölbýlishúsi er með tvennu móti: Séreign og sameign.

Íbúðirnar sjálfar, eins og þeim er lýst í skiptayfirlýsingu eða skiptasamningi, og það sem þeim fylgir sérstaklega er í séreign íbúðareigenda. Aðrir hlutar fjölbýlishúss eru í sameign, þar með talin eignarlóð eða leigulóðarréttindi.

Hverri íbúð fylgir eftir ákveðinni hlutfallstölu, hlutdeild í sameign. Sé hlutfallstalan ekki ákveðin eru íbúðirnar allar jafn réttháar.

Íbúðunum fylgja eftir hlutfallstölu sbr. 8. gr. réttindi og skyldur til að taka þátt í félagsskap allra eigenda um fjölbýlishúsið.

Réttindi þau og skyldur, sem talað er um í 3. og 4. mgr., verða ekki skilin frá íbúðunum.

6. gr.

Skipti veggur fjölbýlishúsi svo aðeins hluti íbúða er um sama gang, stiga, svalir, tröppur eða annað sameiginlegt húsrými en aðrir íbúðareigendur hafa þar engin afnot eða aðgang, telst það til þeirra íbúða einna.

7. gr.

Sérhver íbúð í fjölbýlishúsi telst ásamt því, er henni fylgir sérstaklega og eignarhluta sínum í sameign, sérstök fasteign.

8. gr.

Eignarhluti í sameign er reiknaður út eftir sérstaklega ákvarðaðri hlutfallstölu.

Reglur um útreikning hlutfallstölu skulu settar af félagsmálaráðuneytinu með reglugerð.

III. Um réttindi og skyldur.

9. gr.

Bygging ofan á eða við fjölbýlishús eða á lóð þess er háð samþykki allra eigenda hússins, nema gert hafi verið ráð fyrir henni í upphafi á samþykktri teikningu.

Að öðru jöfnu gengur sá fyrir um rétt til slíkrar byggingar, sem stærri hlut á í húsinu.

Hafi ekki frá upphafi verið gert ráð fyrir því að bílastæði fylgi ákveðnum íbúðum fjölbýlishúss, verða bílastæði ekki gerð eða þeim skipt, nema allir íbúðareigendur samþykki.

Ef bílastæðum er hlutað niður á íbúðir greiðir hver íbúðareigandi fyrir gerð síns stæðis, en ef bílastæðum er ekki skipt greiðist kostnaður við þau að jöfnu.

10. gr.

Allir íbúðareigendur eiga rétt til ákvörðunar um innréttingar og fyrirkomulag þess hluta fasteignar, sem sameiginlegur er. Þar með talið útlit hússins, girðing og skipulag lóðar, enn fremur rekstur og viðhald þess sameiginlega, sbr. 11. gr., svo og gerð glers í gluggum. Hafi einhver íbúðareigandi ekki verið boðaður á fund þar sem ákvörðun er tekin um framkvæmdir samkvæmt þessari grein, getur hann neitað að taka þátt í kostnaði vegna þeirra og stöðvað þær, þar til lögleg ákvörðun hefur verið tekin um þær samkvæmt húsfélagssamþykktum.

11. gr.

Sameiginlegt viðhald telst hvers konar viðhald og viðgerðir á öllu sameiginlegu húsrými í fjölbýlishúsi, enn fremur hvers konar viðhald á sameiginlegum hitunar-, vatns-, skólp-, rafmagns- og dyrasímakerfi húss að undanskildum þeim tækjum, sem tengd eru kerfunum í hverri íbúð.

Bili sameignleg leiðsla, skal reikna allt tjón, sem af því leiðir, svo og viðgerð og skemmdir, sem sameiginlegt tjón.

Bili leiðsla, sem ekki er sameiginleg í fjölbýlishúsi, eru íbúðareigendur skyldir til að leyfa viðgerð á henni, enda þótt rjúfa þurfi vegg, loft eða gólf í íbúðum þeirra, að því tilskildu, að þeim sé tilkynnt um viðgerðina í tæka tíð og öllu komið í lag, svo sem kostur er, án ástæðulausrar tafar og þeim að kostnaðarlausu.

Allt viðhald á húsinu að utan, svo og á lóð og girðingu er sameiginlegt, undanskilið er gler í gluggum og hurðir íbúða, að öðru leyti en málning þeirra.

12. gr.

Hver íbúðareigandi skal sjá um og kosta viðhald á íbúð sinni.

Íbúðareigandi er ábyrgur gagnvart sameigendum sínum fyrir því tjóni, sem þeir verða fyrir vegna óhapps í íbúð hans svo sem vegna bilunar á tækjum eða leiðslum, sem íbúð hans tilheyra.

13. gr.

Sameiginlegan kostnað, þar með talinn kostnað af framkvæmdum sbr. 10. gr., hússtjórn o. fl., bera húseigendur samkvæmt hlutfallstölu íbúða sinna. Sama gildir um opinber gjöld, sem reiknuð kunna að verða af húsinu sem heild.

Greiði einhver íbúðareigandi ekki sinn hluta kostnaðar samkvæmt 1. mgr. eignast hinir íbúðareigendurnir lögveð í íbúð hans til tryggingar greiðslunni. Sá veðréttur fellur niður ef honum er eigi fylgt eftir með lögsókn áður en eitt ár er liðið frá þeim degi er greiðslan var innt af hendi.

14. gr.

Afnotaréttur sameiginlegs þvottahúss og þurrkherbergis skal vera jafn. Séu keypt tæki til sameiginlegra nota í þvottahúsi eða þurrkherbergi, skulu íbúðareigendur greiða að jöfnu kaupverð þeirra og viðhald.

15. gr.

Nánari reglur um stjórn húsfélagsins, reikninga, sameiginlegan hita, afnot sameiginlegs húsrýmis, endurskoðun o. fl., eru ákveðnar í samþykktum, sem félagsmálaráðuneytið setur með reglugerð. Samþykktir þessar gilda, hafi húsfélagið ekki sett sér aðrar samþykktir og þinglýst þeim.

IV. Um sambýlisháttu.

16. gr.

Íbúum fjölbýlishúss skal skylt að ganga þrifalega um hús og lóð og gæta þess í umgengni sinni að valda ekki öðrum íbúum hússins óþægindum eða ónæði.

Húsfélag skal í húsreglum setja venjulegar umgengnisreglur.

17. gr.

Geri eigandi eða annar íbúi húss sig sekan um gróf eða ítrekuð brot á skyldum sínum gagnvart húsfélaginu eða einhverjum félagsmanni þess getur húsfélagið eftir a. m. k. eina skriflega aðvörun, gert honum að flytja úr íbúð sinni með eins mánaðar fyrirvara.

V. Ýmis ákvæði.

18. gr.

Sé íbúð í fjölbýlishúsi seld skal seljandi áður en samningur er undirritaður kynna kaupanda reikninga húsfélagsins og stöðu og framlög íbúðarinnar til þess.

Sé um hús í byggingu að ræða ber seljanda að gera glögga grein fyrir byggingarstigi svo og áföllnum byggingarkostnaði og áætlun um endanlegan byggingarkostnað miðað við ríkjandi verðlag.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 19 24. apríl 1959 um sameign fjölbýlishúsa.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem félagsmálaráðuneytið skipaði í nóvember 1973 vegna tilmæla Húseigendafélags Reykjavíkur um endurskoðun laga nr. 19 24. apríl 1959 um sameign fjölbýlishúsa. Nefndina skipuðu Jón S. Ólafsson skrifstofustjóri, formaður, Hrafn Bragason borgardómari og Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður.

Að tillögu Eggerts G. Þorsteinssonar samþykkti Alþingi hinn 26. mars 1974 þingsályktun um það m. a. að fela ríkisstjórninni að láta athuga um breytingar á lögum um sameign fjölbýlishúsa, sem tryggi að í sambýlishúsum verði ekki aðrar íbúðir auglýstar til uppboðs eða aðfarar vegna vangoldinna gjalda en þær, sem í skuld eru hverju sinni. Er 7. grein frumvarpsins samin með tilliti til þessa.

Frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er ætlað að koma í stað laga nr. 19, 24. apríl 1959 um sameign fjölbýlishúsa. Töluverð reynsla er nú fengin af þeim lögum.

Er sú reynsla að mörgu leyti góð, en þó hefur nokkuð þótt skorta á, að farið væri eftir sumum ákvæðum laganna t. d. um gerð og þinglýsingu sameignarsamnings, sem þó er grundvallarákvæði. Hér eru þessi lög tekin, til fyrirmyndar um margt, og mörg ákvæði þeirra tekin upp lítið breytt. Þá hefur verið leitað upplýsinga erlendis frá. Árið 1966 voru í Danmörk sett lög um íbúðir í einkaeign (Lov. nr. 199 af 8. juni 1966 om ejerlejligheder). Fyrir þann tíma hafði slík eignaraðild að íbúðum í fjölbýlishúsum ekki tíðkast. Fjölbýlishúsið hafði allt verið í eign eins aðila eða samvinnufélags íbúðaeigenda. Sama fyrirkomulag gildir á öðrum Norðurlöndum. Áður en Danir settu sér löggjöf um fjölbýlishúsaíbúðir í einkaeign, hafði nefnd sú, sem undirbjó frumvarpið, látið frá sér fara mikla og ítarlega skýrslu, þar sem miklar upplýsingar er að finna um þetta eignarform að fjölbýlishúsum, þ. á m. útbreiðslu þess í heiminum og löggjöf í öðrum löndum. Þessi álitsgerð (Betænkning angående ejerlejligheder nr. 395, 1965) hefur verið höfð til hliðsjónar við samningu þessa frumvarps.

Eins og mönnum er kunnugt er eignaraðild að fjölbýlishúsum háttað með mismunandi móti. Fjölbýlishúsið getur verið allt í eigu sama manns, það getur verið háð lögum um verkamannabústaði (nú IV. kafli laga nr. 30/1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins), lagaákvæðum um byggingarsamvinnufélög og önnur samvinnufélög og einnig getur hver íbúð hússins verið í einkaeign óháð eignaraðild að hinum íbúðunum. Þetta síðast talda form eignaraðildar er hér mjög útbreitt, sérstaklega í Reykjavík.

Frumvarpið er aðallega miðað við þetta síðastnefnda form eignaraðildar, en til þess er ætlast að það taki einnig til annarra fjölbýlishúsa hafi lagaákvæði, sem sérstaklega gilda um þau, ekki að geyma gagnstæð fyrirmæli.

Heitið „Lög um fjölbýlishús" er samkvæmt þessu í raun nokkuð víðfeðmt. Heitið er þó valið, þar sem það er þjált í notkun og eldri lög „Um sameign í fjölbýlishúsum" eru í daglegu tali oft nefnd þessu nafni. Heiti núgildandi laga þykir aftur á móti misvísandi og er þess vegna lagt til að því verði breytt.

Þau fjölbýlishús, sem frumvarpið nær til, eru svo margs konar að enginn möguleiki er á því að frumvarpið sjálft hafi að geyma tæmandi ákvæði um hvað eina, sem upp getur komið í fjölbýlishúsi. Því er gripið til þess ráðs að setja aðalákvæðin, sem alls staðar geta átt við, í frumvarpið sjálft, en ætlast er til að reglugerð, húsfélagssamþykktir og húsreglur leysi önnur atriði. Nefndin lætur fylgja frumvarpinu drög að reglugerð um samþykktir húsfélags (fylgiskjal 2). Ætlast er til að þessar samþykktir gildi, hafi húsfélagið ekki sett sér aðrar samþykktir og þinglýst þeim. Vakin er athygli á því, að frumvarp og drög að reglugerð mynda eina heild, þannig að hvort tveggja þarf að taka gildi samtímis.

Frumvarpið skiptist í fimm kafla.

Fyrsti kaflinn hefur að geyma skilgreiningar og ákvæði um gildissvið laganna. Hér er tæpast um að ræða breytingar á því sem talið hefur verið gilda, en ákvæðin eru gerð afdráttarlaus og skýrari.

Annar kaflinn hefur að geyma ákvæði um skiptingu eignarráða í fjölbýlishúsi. Hér er ráð fyrir því gert, að sérstök skiptayfirlýsing sé gerð um öll fjölbýlishús, nema skiptasamningur hafi verið gerður eftir núgildandi lögum og honum þinglýst. Ætlast er til þess, að ekki verði komist hjá að fara eftir ákvæðum frumvarpsins ef að lögum verður.

Ákvæðin um skiptayfirlýsinguna eru þannig úr garði gerð, að mögulegt er að hafa sérstakt blað fyrir hverja íbúð í þinglýsingarbók og það haft í huga, að ákvæði frumvarpsins falli að þeirri skipan, sem ráð er fyrir gert í frumvarpi því um skráningu og mat fasteigna, sem lá fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi 1973. Lögin þurfa því ekki breytingar við þótt slík skipan verði upp tekin. Við það er miðað, að íbúðin, það sem henni fylgir sérstaklega og eignarhluti hennar í sameign, skoðist sem

sérstök fasteign enda þótt eignarráð takmarkist af því, að íbúðin er í fjölbýlishúsi. Útreikningi eignarhluta í sameign er breytt frá núgildandi lögum. Lagt er til að sérstök reglugerð verði sett um þennan útreikning. Drög að slíkri reglugerð fylgja hér með sem fylgiskjal I. Útreikningsreglurnar eru gerðar að fyrirmynd íslensks staðals, ÍST 50.

Gunngeir Pétursson, skrifstofustjóri, hefur verið nefndinni til ráðuneytis við gerð þessara útreikningsreglna. Skipting sameignar í mörgum fjölbýlishúsum mun þegar hafa verið reiknuð eftir þessum reglum. Ætlast er til að arkitektar og aðrir teiknendur húsa láti þennan útreikning í té, þegar um nýbyggingar er að ræða.

Ákvæði kaflans gera ráð fyrir því að íbúðareigendur séu sjálfkrafa í húsfélagi. Aðildin er órjúfanlega tengd hverri íbúð.

Þriðji kafli frumvarpsins fjallar um réttindi og skyldur íbúðareigenda. Hér er sú breyting á gerð frá núgildandi skipan, að ákvæði kaflans eru ekki lengur undanþæg, þannig að íbúðareigendur geti með samningi vikið frá ákvæðum laganna. Ætlast er til, að þeim atriðum, sem heppilegast er að íbúðareigendur ráði sín í millum, sé skipað í húsfélagssamþykktum eða húsreglum.

Fjórði kafli fjallar um sambýlisháttu.

Lagt er til að húsfélag setji umgengnisreglur og í samþykktum er mælt fyrir um hver ákvæði verði að setja í húsreglur.

Fimmti kafli hefur að geyma ákvæði varðandi sölu íbúða í fjölbýlishúsi svo og ákvæði um gildistöku.

Af þeim atriðum, sem ekki eru nefnd í lagafrumvarpinu, er hér rétt að nefna spurninguna um ábyrgð einstakra íbúðareigenda gagnvart aðilum utan húsfélagsins, jafnt þeim sem hafa fjármunakröfu á húsfélag og þeim sem eiga skaðabótakröfu á það. Í hópi lögfræðinga hérlendis hefur þessi spurning nokkuð verið rædd. Spurningunni er ekki eins svarað alls staðar í erlendri löggjöf. Í núgildandi lögum eru ekki ákvæði um þetta atriði og Danir hafa ekki heldur þann háttinn á. Sé slíkum ákvæðum sleppt leiðir það af almennum reglum um ábyrgð, að ábyrgðin er í þessu tilfelli „solidarisk“ þ. e. eigendur bera ábyrgð einn fyrir alla og allir fyrir einn. Þessi tilhögun getur vart talist ósanngjörn þar sem tryggingar munu venjulega mæta skaðabótaábyrgðinni og húsfélag, sem sæmilega er rekið, stofnar ekki án samþykkis til skuldbindinga, sem ekki má greiða með venjubundnum framlögum til félagsins. Húsfélag getur gert breytingar hér á með því að taka í samþykktir sínar ákvæði um aðra skiptingu ábyrgðar. Hins vegar er ekki hægt að ráðleggja slíkt þar sem frekar eru líkur til, að það skemmi lánamöguleika húsfélagsins. 3. mgr. 12. gr., sem mælir fyrir um lögveðsrétt þess er verður að borga meira en honum ber, dregur enn frekar úr áhættu við „solidariska“ ábyrgð.

Mörg húsfélög hafa sérstakan hússjóð. Það þykir þó ekki mögulegt að lögbinda slíka skipan þar sem hússjóður er vart raunhæfur með fáum íbúðum. Hins vegar er sú regla tekin upp í samþykktum að ¼ eigenda getur krafist þess að stofnaður verði hússjóður.

Megn óánægja hefur ríkt með það fyrirkomulag að ýmis opinber- og hálfopinber gjöld hafa verið innheimt hjá íbúðareigendum sem einni heild. Fyrirkomulag þetta hefur leitt til þess, að oft er lögtaks fyrir ógreiddum gjöldum krafist hjá íbúðareiganda sem lokið hefur greiðslu allra sinna gjalda. Í sumum löndum, t. d. Þýskalandi, Belgíu og Bandaríkjunum er hver íbúð í einkaeign metin og skattlögð sér. Frumvarpið er samið með það í huga að svo verði einnig hér. Hins vegar eiga hein ákvæði um skattheimtu og mat fasteigna ekki hér heima. Á það skal bent, að enda þótt íbúðirnar séu ekki metnar sérstaklega og gjöld séu reiknuð af þeim í heild geta innheimtuaðilar skipt gjöldum á einstaka íbúðareigendur eftir eignarhlutföllum, liggi fyrir skýrar upplýsingar um hver þau séu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er skilgreint hvað sé fjölbýlishús og hvað sé íbúð í skilningi laganna.

Um 2. gr.

Greinin mælir fyrir um gildissvið laganna. Gert er ráð fyrir að þau skuli einnig nota eftir því sem við á, enda þótt fjölbýlishús sé í eigu eins aðila eða háð annarri löggjöf, t. d. um verkamannabústaði eða byggingarsamvinnufélög. Þá verður ákvæðum laganna einnig beitt þótt ekki sé um íbúðarhúsnæði að ræða.

Um 3. gr.

Hér er það gert að skyldu að gera skiptayfirlýsingu um öll fjölbýlishús, nema gerður hafi verið skiptasamningur um þau samkvæmt núgilandi lögum. Til þess að tryggja framkvæmd þessa ákvæðis er sveitarstjórnum gert skylt að gera slíka yfirlýsingu að skilyrði fyrir gerð lóðarsamnings. Til þess að tryggja að ákvæðinu verði hlítt einnig varðandi eldra húsnæði er gerð skiptayfirlýsingar gerð að skilyrði fyrir þinglýsingu eignayfirfærslu fjölbýlishúss eða hluta þess.

Um 4. gr.

Hér eru fyrirmæli um efni skiptayfirlýsingar og ráðstafanir gerðar til þess að tryggja að hún verði greinileg og rétt.

Um 5. gr.

Í greininni er mælt fyrir um skiptingu eignarráða að fjölbýlishúsi. Hér kemur fram hverjir hlutar fjölbýlishúss eru í séreign og hverjir í sameign. Þá er sagt hvernig sameignin skiptist milli eigenda. Þá er þátttaka í húsfélagi tengd órjúfanlega hluta viðkomandi eignar. Eignarráð að þessum íbúðum eru venjubundin eignarréttarráð. Eigandinn hefur þannig öll þau réttindi, sem eigandi hefur venjulega yfir fasteign, réttinn til að selja hana, veðsetja og ráða yfir henni. Við dauða hans fellur íbúðin í arf eftir venjulegum reglum. Hins vegar eru eignarráðum þessum sett takmörk, sem eru meiri en almennt gerist. Stafar það eðlilega af því sambýli sem fjölbýlishúsin bjóða upp á. Rétt er að vekja athygli á því, að þessi takmörk eru mismunandi eftir skipulagi húsanna.

Um 6. gr.

Grein þessi hefur að geyma nánari reglur um skiptingu sameignar. Sameign, sem greinilega er skilin frá íbúð í fjölbýlishúsi og greinilega kemur íbúum hennar ekki að gagni, er ekki reiknuð með í hlutfallstölu þeirrar íbúðar. Rétt er að taka sérstaklega fram að þak fjölbýlishúss fylgir öllum íbúðum hússins að réttri tiltölu.

Um 7. gr.

Hér er fyrirskipað að fara með hverja íbúð í fjölbýlishúsi, ásamt því sem henni fylgir sérstaklega og eignarhluta hennar í sameign, sem sérstaka fasteign. Ráð er fyrir því gert að þinglýsingaryfirvöld taki mið af þessu og skrái eignina sérstaklega. Innheimtuaðilar opinberra gjalda geti ekki leitað lögtaks í íbúð nema vegna þeirra gjalda, sem á þá íbúð falla.

Um 8. gr.

Greinin hefur að geyma ákvæði um útreikning eignarhluta í sameign. Ráð er fyrir því gert að félagsmálaráðuneytið setji í reglugerð nákvæmar reglur um þennan útreikning. Drög að slíkri reglugerð fylgja hér með sem fylgiskjal I. Þeirri stefnu

er fylgt að ekki þurfi að reikna nema eina hlutfallstölu fyrir hverja íbúð fjölbýlishúss. Í útreikningnum er tekið tillit til þess að not íbúðareigenda af sameiginlegu húsrými geta verið mismunandi eftir því hvert húsrýmið er. Þannig er reiknað með því að not íbúðareigenda af þvottahúsi séu jöfn, án tillits til stærðar íbúðanna.

Um 9. gr.

Í greininni eru fyrirmæli um það hvernig með skuli fara fáist leyfi til breytingar á fjölbýlishúsi eða á lóð þess. Gert er ráð fyrir því að sá eigi bestan rétt sem stærstan á eignarhlutann. Hins vegar þykir nauðsynlegt að slíkar breytingar séu háðar samþykki allra íbúðareigenda.

Frumvarpið í heild er samið með það fyrir augum að byggingarréttur, sem samþykkt teikning gerir ráð fyrir, fylgi frá upphafi ákveðinni íbúð.

Í síðustu málsgrein er gerð tilraun til að leysa mjög umdeilt atriði. Gerð og skipting bílastæða er næsta óþrjótandi deiluefni. Hér er reynt að móta ákveðna reglu sem ekki má breyta út af nema allir íbúðareigendur samþykki.

Um 10. gr.

Þessi grein fjallar um réttindi íbúðareigenda og skyldur vegna sameignarinnar. Íbúðareigendur eru allir aðilar að framkvæmdum vegna sameignarinnar, hvort sem um er að ræða innréttingu, standsetningu, fyrirkomulagsbreytingu, viðhald eða rekstur. Þeir eiga allir ákvörðunarrétt um þessar framkvæmdir, enda ber þeim öllum að greiða kostnað við þær sbr. 12. gr. laganna. Sameigninni fylgja sameiginleg réttindi og skyldur.

Fyrirmæli eru um það í drögum að samþykktum húsfélags, sem fylgja þessu frumvarpi, hvernig ákvarðanir skuli teknar og hvernig meta skuli atkvæði íbúðareigenda. Vilji íbúðareigendur breyta út af þeim fyrirmælum verða þeir að gera það í nýjum samþykktum sem þá eru settar á þann hátt, sem segir í samþykktardrögunum.

Reglan samkvæmt samþykktardrögunum er sú, að gildi atkvæðis íbúðareiganda fer eftir hlutfallstölu íbúðar hans sbr. einnig 4. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Þannig fenginn einfaldur meirihluti ræður úrslitum í húsfélaginu, nema í sérstökum meiriháttar tilvikum.

Fundarboðun samkvæmt greininni fer eftir aðstæðum og því sem tíðkanlegt er í viðkomandi húsfélagi. Rétt er fundarboðendum að tryggja sér sönnun fyrir fundarboði og hafa það skriflegt. Sérstaklega á þetta við ef framkvæmd er umdeild og kostnaðarsöm.

Um 11. gr.

Hér eru ákvæði um, hvað telst til sameiginlegs viðhalds. Ákvæðin eru að mestu í samræmi við núgildandi löggjöf. Auk þess er skýrt kveðið á um að tjón, sem hlýst af bilun á sameiginlegri leiðslu verða allir að bera. Sérstaklega er vert að ítreka að allt viðhald húss að utan er sameiginlegt nema gler í gluggum og hurðir íbúða.

Um 12. gr.

Fyrri hluti greinarinnar skýrir sig sjálfur.

Í síðari hlutanum er skýrt kveðið á um að allt tjón, sem íbúðareigandi eða íbúðareigendur verða fyrir frá séreign eins þeirra skuli sá bera. Hér þarf ekki að vera um sök að ræða eins og venjulega er skilyrði skaðabótaábyrgðar.

Um 13. gr.

Hér eru fyrirmæli um hvernig skipta á sameiginlegum kostnaði og hvernig reikna á opinber gjöld af fjölbýlishúsi séu þau ekki reiknuð af hverri íbúð sérstaklega.

Um 14. gr.

Hér eru ákvæði um að afnot af þvottahúsi og þurrkherbergi skuli vera jöfn, þrátt fyrir ólík eignarhlutföll. Ákvæðið byggist á því að þarfirnar og afnotin eru ekki talin fara eftir eignarhlutföllum. Í útreikningi eignarhlutfalla verði tekið tillit til þessa ákvæðis.

Um 15. gr.

Gert er ráð fyrir að sett skuli reglugerð, sem hafi að geyma samþykktir fyrir húsfélag. Samþykktir þessar skulu gilda hafi húsfélagið ekki gert sér aðrar samþykktir og þinglýst þeim. Drög að slíkri reglugerð fylgja þessu frumvarpi. (Sjá fylgiskjal 2) Reglugerðin hefur að geyma ítarleg fyrirmæli um stjórn og ákvarðanatöku í húsfélagi. Þá eru í samþykktunum ákvæði, sem húsfélagið verður að setja í húsreglur sbr. 16. gr., en þar er gert ráð fyrir að slíkar reglur séu settar í hverju húsfélagi.

Um 16. gr.

1. mgr. geymir almennt ákvæði, sem þarf ekki skýringu.

Í 2. mgr. er húsfélagi gert skylt að setja sér umgengnisreglur. Í stöðluðu samþykktunum, sem fylgja frumvarpi þessu eru nokkur ákvæði, sem lúta að húsreglum og eru þar gerðar lágmarkskröfur til efnis þeirra. Fyrirmyndir að húsreglum má víða fá, t. d. hjá ýmsum byggingarfélögum og úr formálabókum. Ekki þykir fært að staðla slíkar húsreglur í reglugerð, þar sem fjölbýlishús eru með svo mismunandi móti og þörf á ítarlegum húsreglum misjöfn.

Um 17. gr.

Hér er um nýmæli að ræða. Þó hefur verið talið heimilt að svipta íbúa umráðum húsnæðis, vegna ósæmilegrar hegðunar þar, að kröfu eiganda annarrar íbúðar. Sjá t. d. Hrd. 1946:362.

Hér er það lagt á vald húsfélags að gera eiganda eða öðrum íbúa húss að flytja úr húsnæðinu. Þar sem hér er talað um húsfélag og ákvörðunin þýðingarmikil liggur í hlutarins eðli að hún verður að vera tekin á fundi, sem boðaður hefur verið á tryggilegan hátt og með þeim atkvæðafjölda, sem samþykktir húsfélagsins gera ráð fyrir. Brot íbúðareiganda verður eðlilega að vera alvarlegt svo hann verði hrakinn úr íbúð sinni og gert er ráð fyrir því að hann fái a. m. k. eina skriflega aðvörun. Hér er gert ráð fyrir því að skipist íbúi ekki við tilmælum húsfélagsins og flytji úr íbúð sé málinu stefnt fyrir almennu dómstólana. Viðurkenni dómstólar rétt húsfélagsins til að láta viðkomandi víkja úr íbúð verður það gert með aðstoð fógeta.

Um 18. gr.

Hér er um nýmæli að ræða sem rétt þykir að lögbinda.

Ákvæðið skýrir sig annars sjálft.

Síðara ákvæðið er upp tekið að danskri fyrirmynd. Þar er ráð fyrir því gert að sé hús selt í byggingu sé kaupanda gert ljóst hver er raunverulegur byggingarkostnaður hússins.

Um 19. gr.

Hér er um venjulegt gildistökuákvæði að ræða.

Fylgiskjal I.

REGLUGERÐ

um ákvörðun eignarhluta í fjölbýlishúsi.

1. gr.

Eingarhluti íbúðar fjölbýlishúss er reiknaður út að fundinni sérstakri hlutfallstölu.

Til grundvallar öllum útreikningum eru lagðar byggingarleyfisteikningar og öll mál metin með 5 sm nákvæmni.

2. gr.

Útreikningurinn byggist á flatarmáli byggingarinnar.

Flatarmál takmarkast af skurðlínum gólfa og umliggjandi veggja.

Skilgreind verða og notuð við útreikninginn svokölluð skiptiflatarmál og viðbótarflatarmál.

3. gr.

Skiptiflatarmál er reiknað flatarmál, sem notað er við ákvörðun eignarhluta í sameign og táknar flatarmál íbúðar og þess sem henni fylgir sérstaklega.

Þegar finna skal skiptiflatarmál íbúðar skal reikna flatarmál hennar innan útveggja og veggja sem skilja hana frá öðrum íbúðum eða sameiginlegu húsnæði. Við stærðarákvörðun skiptiflatarmáls skal ekki tekið tillit til þykktar einangrunar, heldur reikna frá innra fleti útveggja. Séu útveggir hjúpveggir (curtain walls), skal reikna frá innri hlið veggjanna.

4. gr.

Viðbótarflatarmál er flatarmál þess sameiginlega húsrýmis, sem í útreikningi er skipt jafnt milli íbúða fjölbýlishúss.

Til slíks húsrýmis heyra þvottahús og sameiginlegar geymslur, jafnvel þótt geymslurnar séu hólfaðar niður að einhverju leyti. Hér undir falla reiðhjólageymsla og sorpgeymsla.

5. gr.

Sé mismunur á salarhæð í marghæða byggingu, skal meta hæðir þannig: Salarhæð (múrmál) 2.50 m óbreytt.

Sé salarhæð önnur, skal margfalda viðkomandi skiptiflatarmál með hlutfallinu, salarhæð/2.50 m.

6. gr.

Gangi jarðvegur upp fyrir gólfplötu herbergis, skal margfalda skiptiflatarmál herbergisins í samræmi við eftirfarandi töflu:

Jarðvegur (meðalhæð)	20— 40 cm	Stuðull	0.95
—	40— 60 —	—	0.90
—	60— 80 —	—	0.85
—	80—100 —	—	0.80
—	100—120 —	—	0.75
—	120—140 —	—	0.70
—	140—160 —	—	0.65
—	160 og yfir	—	0.60

7. gr.

Þegar geymsla tilheyrir íbúð, skal margfalda flatarmál hennar með 0.5 við ákvörðun skiptiflatarmáls.

Þegar bílgeymsla tilheyrir íbúð, skal margfalda flatarmál hennar með 0.6 við ákvörðun skiptiflatarmáls.

8. gr.

Hlutfallstala hverrar íbúðar í sameign er ákveðin þannig: Skiptiflatarmál (íbúð, bílskúr, sérgeymslur) að viðbættum þeim hluta viðbótarflatarmáls sbr. 4. gr., sem á hverja íbúð fellur er deilt með þannig fengnu flatarmáli allra íbúðanna og síðan margfaldað með 100. Þetta gerir hlutfallstölu íbúðarinnar í allri sameign.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 8. gr. laga nr. 197 um fjölbýlishús.

Fylgiskjal II.

REGLUGERÐ

um samþykktir fyrir húsfélög.

Almennir fundir.

1. gr.

Æðsta vald í málefnum húsfélagsins er í höndum almenns fundar þess.

Hver félagsmaður getur skotið þeim ákvörðunum stjórnar, sem honum viðkoma, til almenns fundar.

Á almennum fundi er málum ráðið til lykta með meiri hluta atkvæða og er atkvæði hvers félagsmanns þá miðað við eignarhluta hans.

Til ákvarðana um verulegar breytingar á sameign eða sölu verulegra hluta hennar og um breytingar á samþykktum þessum er þess þó krafist að ⅔ atkvæðisbærra manna, bæði miðað við fjölda og eignarhluta, greiði atkvæði með því. Sé minna en helmingur þannig atkvæðisbærra manna á fundi en minnst ⅔ fundarmanna, bæði miðað við fjölda og eignarhluta, greiða atkvæði með tillögunni, skal halda nýjan fund innan 14 daga. Á þessum fundi nægir að tillagan sé samþykkt með ⅔ greiddra atkvæða miðað við fjölda og eignarhluta. Regla þessarar síðustu málsgreinar á þó ekki við um breytingar skv. 9. gr. laganna um eignarráð og nýtingu fjölbýlishúsa.

2. gr.

Aðalfundur skal haldinn í mars eða apríl ár hvert.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar fyrir síðast liðið ár og framlagning ársreikninga með undirskrift endurskoðanda.
2. Kosning formanns stjórnar eigi hann að láta af störfum sbr. 6. gr.
3. Kosning annarra stjórnarmanna, sbr. 6. gr.
4. Kosning varamanna, sbr. 6. gr.
5. Kosning endurskoðanda og varamanns.
6. Önnur mál.

Almennir fundir eru annars haldnir, þegar stjórnin boðar til þeirra, þegar minnst ¼ félagsmanna annað hvort miðað við fjölda eða eignarhluta krefjast þess eða þegar fyrri fundur hefur svo ákveðið.

01 Vestfjarðavegur—Flateyri:
Fjárveiting var 3.0 m.kr. Byggður var 0.5 km langur kafli um Hvilft.

622 **Svalvogavegur:**

03 Þingeyri—flugvöllur:
Fjárveiting var 2.0 m.kr. Endurbyggður var 0.6 km langur kafli austan afleggjara að flugvelli.

05 Hraun—Svalvogar:
Fjárveiting var 1.0 m.kr. Greitt var 0.5 m.kr. lán frá 1973. Unnið var að hreinsun á vegi frá Hrauni að Svalvogum.

624 **Inggjaldssandsvegur:**

01 Vestfjarðavegur—Núpur:
Fjárveiting var 1.0 m.kr. Byggt var við steypt ræsi á Kýrá og gerð lagfæring á vegi um ána.

03 Gerðhamrar—Sæból:
Fjárveiting var 2.0 m.kr. Undirbyggður var 1.0 km kafli á Sandsheiði.

645 **Drangsnesvegur:**

02 Drangsnes:
Fjárveiting var 13.9 m.kr. Byggður var 1.4 km langur kafli frá Drangsnesi að kirkjugarði. Einnig var unnið að lagfæringum á snjóastöðum í Kaldrananeshreppi.

74 **Skagastrandarvegur:**

01 Norðurlandsvegur—Þverárfjallsvegur:
Fjárveiting var 7.7 m.kr. Endurbyggður var 4.2 km langur kafli frá Vatnahverfi að Efri-Lækjardal.

711 **Vatnsnesvegur:**

01 Hvammstangi—Skarð:
Fjárveiting var 6.4 m.kr. Lagður var 0.9 km langur kafli um Skarð, sem eftir er að aka hluta af burðarlagi í og ganga frá.

05 Valdalækur—Vesturhópshólar:
Fjárveiting var 3.1 m.kr. Lagður var 0.5 km kafli um Ósa. Einnig var snjóastaður hjá Súluvöllum lagfærður.

732 **Kjalvegur:**

01 Svínvetningabraut—Eiðsstaðavegur:
Fjárveiting var 0.6 m.kr. Ekið var slitlagi í 5.8 km langan kafla frá Löngumýri að Guðlaugsstöðum.

733 **Blöndudalsvegur:**

01 Svínvetningabraut—Austurhlíð:
Fjárveiting var 0.6 m.kr. Ekið var slitlagi í 4.6 km langan kafla frá Svínvetningabraut að Austurhlíð.

745 **Skagavegur:**

02 Hlíð—Krókssel:
Fjárveiting var 1.5 m.kr. Skuld frá fyrra ári var 0.5 m.kr. Gengið var frá 4.5 km löngum kafla frá Spákonufelli að Harastöðum.

04 Hafnaá—sýslumörk:
Fjárveiting var 7.3 m.kr. Lagður var 1.7 km langur kafli um Digramúla og 1.2 km langur kafli hjá Höfnum.

06 Keta—Selnes:
Fjárveiting var 2.6 m.kr. Greidd var skuld að upphæð 2.6 m.kr. til Norðurlandsáætlunar frá árinu 1973.

09 Þverárfjallsvegur—Sauðárkrókur:
Fjárveiting var 10.2 m.kr. Lagður var 2.0 km langur kafli í Gönguskörðum. Frágangi er ekki að fullu lokið.

762 **Sæmundarhlíðarvegur:**

01 Sauðárkróksbraut—Fjall:
Fjárveiting var 4.0 m.kr. og tekið var bráðabirgðalán að upphæð 4.2 m.kr. Endurbyggður var 2.5 km langur kafli frá Geirmundarstöðum að Bessastöðum.

764 **Hegranesvegur vestri:**

01 Hegranesvegur—Helluland:
Fjárveiting var 1.0 m.kr. Grafnir voru skurðir á milli Hellulands og Kárastaða. Einnig var keypt ræsaefni.

802 **Ólafsfjarðarvegur eystri:**

01 Ólafsfjörður—Ólafsfjarðarvegur:
Fjárveiting var 8.5 m.kr. Gengið var frá undirbyggingu og ekið hluta af burðarlagi í 2.7 km langan kafla frá Vatnsenda að Kálfsá.

805 **Svarfaðardalsvegur:**

01 Ólafsfjarðarvegur—Tunguvegur:
Fjárveiting var 7.5 m.kr. Greitt var bráðabirgðalán að upphæð 3.4 m.kr. frá 1973. Greiddar voru landbætur og gengið frá nýbyggingu milli Tjarnar og Grundar, sem gerð var 1973. Einnig var lagður 0.7 km langur kafli á milli Bakka og Steindyra.

816 **Dagverðareyrarvegur:**

01 Norðurlandsvegur—Ólafsfjarðarvegur:
Fjárveiting var 2.1 m.kr. Endurbyggður var 0.5 km langur kafli frá Skjaldarvík til norðurs og 0.6 km langur kafli um Glæsibæjarflóa.

821 **Eyjafjarðarbraut vestri:**

02 Finnastaðavegur—Eyjafjarðarbraut eystri:
Fjárveiting var 4.0 m.kr. Lagður var 1.0 km langur kafli við Skjóldalsá og gerðir varnargarðar við ána. Einnig var brú á Djúpadalsá tengd og tekin í notkun.

835 **Fnjóskadalsvegur eystri:**

01 Norðurlandsvegur—Böðvarsnes:
Fjárveiting var 0.4 m.kr. Tekin var niður hæð og lagfærð lægð sunnan við Böðvarsnes.

841 **Fremstafellsvegur:**

01 Norðurlandsvegur—Norðausturvegur:
Fjárveiting var engin, en tekið var bráðabirgðalán að upphæð 0.5 m.kr. Undirbyggður var 0.6 km langur kafli á milli Fellsenda og Fremstafells.

843 **Lundarbrekkuvegur:**

01 Bárðardalsvegur eystri—Víðiker:
Fjárveiting var 1.0 m.kr. Greitt var bráðabirgðalán frá 1974.

847 **Stafnsvegur:**

01 Norðurlandsvegur—Stafn:
Fjárveiting var engin, en tekið var bráðabirgðalán að upphæð 0.4 m.kr. Gerð var 0.5 km löng undirbygging, sem nota má fyrir vetrarsamgöngur.

848 **Mývatnssveitarvegur:**

02 Garður—Norðurlandsvegur:
Fjárveiting var 3.5 m.kr. Greitt var bráðabirgðalán frá 1973 og 1974.

853 **Hvammavegur:**

01 Aðaldalsvegur—Mývatnsvegur:
Fjárveiting var 3.0 m.kr. Greitt var bráðabirgðalán frá 1972.

854 **Staðarbraut:**

01 Aðaldalsvegur—Hvammavegur:
Fjárveiting var 1.1 m.kr. Greitt var bráðabirgðalán frá 1973.

856 **Laxárdalsvegur vestri:**

01 Staðarbraut—Halldórsstaðir:
Fjárveiting var 1.3 m.kr. Greitt var bráðabirgðalán frá 1973.

861 **Vestursandsvegur:**

01 Norðausturvegur—Nýjabæjarvegur:
Fjárveiting var 6.0 m.kr. Lagður var 1.0 km langur kafli um Lindarbrekku og malborin 1.2 km langur kafli, sem var undirbyggður árið 1974.

868 **Laxárdalsvegur:**

01 Norðausturvegur—Laxárdalur:
Fjárveiting var 1.6 m.kr. Vegurinn var hækkaður og endurbyggður á samtals 1.0 km löngum kafla.

94 **Borgarfjarðarvegur:**

03 Eiðar—Steinsvað:
Fjárveiting var 0.8 m.kr. og fór hún til greiðslu á skuld frá 1973.

08 Njarðvík—Borgarfjörður:
Fjárveiting var 3.1 m.kr. Unnið var við styrkingu og skurðgröft á veginum frá Bakkagerði og út fyrir Snotrunes, samt. um 0.3 km kafla.

917 **Hlíðarvegur:**

02 Hallgeirsstaðir—Eyjavegur:
Fjárveiting var 0.5 m.kr. og fór til greiðslu á skuld frá fyrra ári. Tekið var bráðabirgðalán að upphæð 0.8 m.kr. Ýtt var upp og gengið frá ræsum á 1.0 km löngum kafla á Sleðbrjótsmóa.

923 **Jökuldalsvegur:**

01 Austurlandsvegur—Hákonarstaðir:
Fjárveiting var 4.5 m.kr. Fór til greiðslu á bráðabirgðaláni frá árinu 1974.

925 **Hróarstunguvegur:**

02 Húseyjarvegur-Lagarfoss:
Fjárveiting var 7.1 m.kr. Byggður var 1.0 km langur kafli um Kirkjubæ. Sett var nýtt ræsi í Steinsvaðslæk hjá Litla-Steinsvaði og ræsi í Búðalæk hjá Kirkjubæ.

926 **Húseyjarvegur:**

01 Tunguvegur—Geirastaðir:
Fjárveiting var engin, en tekið var bráðabirgðalán að upphæð 0.4 m.kr. Ýtt var upp 1.0 km löngum kafla milli Galtastaða og Geirastaða.

929 **Fellavegur:**

01 Austurlandsvegur—Staffell:
Fjárveiting 1.5 m.kr. fór til greiðslu á bráðabirgðaláni frá 1974.

931 **Upphéraðsvegur:**

01 Austurlandsvegur—Rauðilækur:
Fjárveiting var 2.2 m.kr. Fór til greiðslu á bráðabirgðaláni frá 1974.

03 Skeggjastaðir—Brekkugerði:
Fjárveiting var 0.5 m.kr. Sett var nýtt ræsi í læk utan við Arnheiðarstaði.

944 **Lagarfossvegur:**

01 Brú—Tunguvegur:
Fjárveiting 0.4 m.kr. fór til greiðslu á skuld frá fyrra ári.

953 **Mjóafjarðarvegur:**

02 Háheiði—Fjörður:
Fjárveiting var 5.6 m.kr. Byggður var 2.2 km langur vegur á Slenjudal.

954 **Helgustaðavegur:**

02 Mjóeyri—Stóra-Breiðavík:
Fjárveiting var 0.4 m.kr. Fór til að greiða skuld frá fyrra ári.

962 **Norðurdalsvegur í Breiðdal:**

01 Um hliðarenda:
Fjárveiting var 0.4 m.kr. Fór til greiðslu á skuld frá fyrra ári.

964 **Breiðdalsvegur:**

01 Austurlandsvegur—Flaga:
Fjárveiting var 5.2 m.kr. Byggðir voru upp þrír kaflar, hjá Randversstöðum, Skriðu og Brekkuborg, samtals að lengd 2.0 km. Slitlag vantar.

2.3.4. Girðingar og uppgræðsla.

Fjárveiting var 40.0 m.kr., og var varið 26.7 m.kr. til girðinga, en 13.3 m.kr. var varið til uppgræðslu. Auk þess var varið 20.5 m.kr. í uppgræðslu vegna nýbygginga, sem unnar hafa verið á síðustu árum. Til uppgræðslu var því varið 33.8 m.kr.

Eins og á árinu 1974 var gerður verksamningur við fyrirtækið Sáning hf. um sáningu og dreifingu á áburði.

Sáð var nær eingöngu á Reykjanesi, Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra, en áætlað er að sá í hinum kjördæmunum 1976. Þetta fyrirkomulag er hentugra og ódýrara í framkvæmd.

Í eftirfarandi töflu er sýnd skipting milli áburðardreifingar og nýsáningar í hverju kjördæmi á árinu 1975.

Kjördæmi	Áburðar-dreifing ha	Nýsáning ha	Samtals ha
Suðurland	30	–	30
Reykjanes	130	72	202
Vesturland	33	130	163
Vestfirðir	34	223	257
Norðurland vestra	63	57	120
Norðurland eystra	40	4	44
Austurland	123	5	128
Samtals	453	491	944

Fjárveitingu til girðinga var varið til að uppfylla kröfur samkv. girðingarlögum um girðingar með vegum og ristarhlið. Í árslok var gerð könnun á, hve mikið væri óbætt af slíkum kröfum og kom í ljós, að þær námu 242.2 m.kr. Í árslok 1974 námu kröfur um girðingar 142.2 m.kr., og nemur því hækkunin á eldri kröfum vegna verðbreytinga ásamt nýjum kröfum 100.0 m.kr., þrátt fyrir 26.7 m.kr. fjárveitingu á árinu.

2.3.5. Sérstakar áætlanir.

2.3.5.1. Skeiðarársandur.

Fjárveiting var 116 m.kr. Var henni að hluta varið til greiðslu skuldar frá fyrra ári. Að öðru leyti var unnið að ýmis konar frágangsvinnu, einkum þó við að mála stálbita brúnna á sandinum. Vegna sérlega óhagstæðs tíðarfars gekk það verk þó mun hægar en áætlað var. Lokið var við að mála brúna á Súlu og um það bil helming brúar á Gígju.

2.3.5.2. Austurlandsáætlun.

1 **Austurlandsvegur:**

25 Axarvegur—Urðarteigur:
Fjárveiting var 15.5 m.kr. Fullgerður var 2.2 km kafli úr Berufjarðarbotni í átt að Lindarbrekku.

85 **Norðausturvegur:**

12 Teigará—Bæjaröxl:
Fjárveiting var 15.0 m.kr. Byggður var 4.5 km langur kafli á Vopnafjarðarheiði um Bæjaröxl í framhaldi af nýbyggingu frá 1974. Frágangi er ólokið.

92 **Norðfjarðarvegur:**

02 Seyðisfjarðarvegur—Mjóafjarðarvegur:
Fjárveiting var 5.6 m.kr. Lokið var við 2.8 km langan kafla í Egilsstaðaskógi, sem byggður var 1974. Auk þess var styrktur um 1.5 km kafli frá Hálsalæk að vegamótum Seyðisfjarðarvegar.

05 Suðurfjarðavegur—Reyðarfjörður:
Fjárveiting var 1.0 m.kr. Hækkaður var og styrktur 0.7 km langur kafli innan við Kollaleirukrók.

10 Gangamunni E.—Kirkjuból:
Fjárveiting var 48.6 m.kr. Greidd var 5.1 m.kr. skuld frá árinu 1973. Byggður var 35 metra langur forskáli við gangamunna Eskifjarðarmegin og lokið að mestu við veg að göngum beggja vegna.
Vegurinn frá Eskifjarðarkaupstað upp á Háhlíðarhorn, 6.0 km, var styrktur og slitlag sett á hann.

93 Seyðisfjarðarvegur:

03 Sýslumörk—kaupstaður:
Fjárveiting var 21.8 m.kr. Tekið var bráðabirgðalán að upphæð 8.4 m.kr. Byggður var að mestu 4.5 km kafli, sem byrjað var á 1974 sunnan við Heiðarvatn að Efra-Staf. Eftir er að breikka veginn á köflum og frágangi er ólokið.

96 Suðurfjarðavegur:

02 Eyri—Hafranes:
Fjárveiting var 1.0 m.kr. og fór til greiðslu á skuld frá fyrra ári.

08 Vík—Gvendarnes:
Fjárveiting var 15.0 m.kr. Fullgerður var 2.3 km kafli hjá Vík og Víkurgerði. Einnig var sett slitlag á kaflann frá Merkigili inn að þorpinu í Stöðvarfirði, 4.5 km.

08 Merkigil—Lönd:
Fjárveiting var 2.4 m.kr. Fór til greiðslu á skuld frá fyrra ári.

2.3.5.3. Norðurlandsáætlun.

68 Hólmavíkurvegur:

05 Kolbeinsá—Guðlaugsvík:
Fjárveiting var 20.0 m.kr. Byggður var 2.4 km langur kafli frá Kolbeinsá að Guðlaugsvík.

1 Norðurlandsvegur:

02 Staður—Melstaður:
Fjárveiting var 25.0 m.kr. Lagður var 2.0 km langur kafli frá Þóroddsstöðum norður fyrir Reyki, sem eftir er að ganga frá. Auk þess voru grafnir 11.0 km langir framræsluskurðir frá Reykjum að Svertingsstaðaá.

10 Í Langadal:
Fjárveiting var 15.0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári 1.9 m.kr. Lagður var 2.3 km langur kafli frá Fagranesi að Hvammi.

75 Sauðárkróksbraut:

05 Um Hegranes:
Fjárveiting var 40.0 m.kr. Þar af til vegagerðar 15.0 m.kr. og til brúargerðar 25.0 m.kr. sbr. 2.5. Sett var burðarlag á 3.1 km langan kafla frá Siglufjarðarvegi að Héraðsvötnum og 1.2 km langan kafla vestan Héraðsvatna hjá Litla-Garði. Einnig var haldið áfram með undirbyggingu vestur í Keflavíkursund og var hún 0.8 km löng.

76 **Siglufjarðarvegur:**

08 Móskógar—Brúnastaðir:
Fjárveiting var 13.0 m.kr. Ekið var hluta af burðarlagi í 5.0 km langan kafla frá Dælisós að Gautlandi. Nokkrir snjóþungir kaflar á Haganesvíkurvegi voru hækkaðir samtals 0.5 km að lengd. Einnig var lokið við endurbyggingu á 2.3 km löngum kafla um Lambanesás.

1 **Norðurlandsvegur:**

14 Í Blönduhlíð:
Fjárveiting var 7.0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári 5.7 m.kr. Endurbyggður var 0.9 km langur kafli norðan Dalsár, sem eftir er að ganga frá.

82 **Ólafsfjarðarvegur:**

01 Hof—Reistará:
Fjárveiting var 14.0 m.kr. Greiddur var stór hluti af landbótum vegna framkvæmda á árunum 1971 til 1974. Ekið var slitlagi í 4.3 km langan kafla frá Reistará að Hofi og lagður var 1.0 km langur kafli frá Spónsgerði að Heyhól.

1 **Norðurlandsvegur:**

01 Á Öxnadalsheiði:
Fjárveiting var 9.0 m.kr. Ekið var hluta af burðarlagi í 3.4 km langan kafla frá Grjótá að Heiðargirðingu.

10 Hjá Hálsi í Fnjóskadal:
Fjárveiting var 16.0 m.kr. Lokið var við frágang á 3.4 km löngum kafla hjá Hálsi, sem lagður var 1974, og sá kafli lengdur um 0.6 km til austurs.

85 **Norðausturvegur:**

01 Lokið framkvæmdum frá 1973—74 í Köldukinn:
Fjárveiting var 19.0 m.kr. Samkvæmt ósk heimamanna var frágangi á framkvæmdum áranna 1973 og 1974 frestað, en undirbygging og burðarlag sett á 3.0 km langan kafla frá Skjálfandafljóti í vestur um Ófeigsstaði.

85 **Norðausturvegur:**

17 Kópasker—Raufarhöfn:
Fjárveiting var 9.0 m.kr. Ekið var burðar- og slitlagi í 4.5 km langan kafla um Leirhöfn, sem undirbyggður var árið 1974 og slitlagi í 2.9 km langan kafla, sem lagður var árið 1973.

25—26 Frá Hölkná að Syðri-Brekku:
Fjárveiting var 11.0 m.kr. Undirbyggður var og að hluta malborin 1.6 km langur kafli frá Hafralónsá að Syðri-Brekkum. Einnig var sett slitlag á 2.2 km langan kafla frá Syðri-Brekkum að Sætúni, sem byggður var árið 1974.

2.3.5.4. Djúpvegur.

61 **Djúpvegur:**

13—14 Hvítanes—Eyri:

Fjárveiting var 25.0 m.kr. Viðbót til vegarins af sölu skuldabréfa árið 1974 var 55 m.kr. Lokið var við byggingu á 27.0 km löngum kafla um Hestfjörð og 0.7 km löngum kafla um Hvítanes.

2.4. TIL FJALLVEGA O. FL.

2.4.1. Til aðalfjallvega.

Fjárveiting var 7.0 m.kr.

1. **Kaldadalsvegur:**

Fjárveiting var 950 þús. kr., og var henni varið til viðhalds á veginum.

2. **Kjalvegur:**

Fjárveiting var 2.2 m.kr., og var henni varið til viðhalds á veginum. Vegna hinna miklu snjóþyngsla s. l. vetur og vor varð kostnaður við að hreinsa Kjalveg nokkuð meiri en á undanförnum árum.

3. **Fjallabaksvegur nyrðri:**

Fjárveiting var 950 þús. kr., og var henni varið til viðhalds á veginum. Vegna bilunar á brú á Múlakvísl um miðjan ágúst s. l. varð að beina umferð af Suðurlandsvegi og á Fjallabaksveg nyðri í tæpan hálfan mánuð.

4. **Sprengisandsleið:**

Fjárveiting var 2.9 m.kr. og var henni varið til viðhalds á veginum.

2.4.2. Til annarra fjallvega.

Fjárveiting var 20.1 m.kr.

Í nefndaráliti fjárveitinganefndar við afgreiðslu vegáætlunar á Alþingi s. l. vor kemur fram, að þingmenn Norðurlandskjördæmis eystra færðu fjárveitingar úr þjóðbrautum og landsbrautum til einstakra fjallvega, eins og hér greinir.

1. Til vegar að Skíðahóteli Akureyrar	0.5 m.kr.
2. Til vegar í Náttfaravík í S.-Þing.	0.6 m.kr.
3. Til vegar og brúar á Svartá hjá Svartárkoti í S.-Þing.	2.0 m.kr.
Alls	3.1 m.kr.

Í greinargerð með þessum lið í tillögu til þingsályktunar um vegáætlun fyrir árin 1974—77 er þess getið, að 3 m.kr. séu bundnar greiðslur, þ. e.

1. Til vegar í Vatnsdal, V.-Barð.	2.0 m.kr.
2. Til byggingar skála í Nýjadal við Sprengisandsleið	1.0 m.kr.
Alls	3.0 m.kr.

Fjárveiting til annarra fjallvega en aðalfjallvega nam því auk þess sem tilgreint er hér að framan 14.0 m.kr., og var henni skipt eins og hér greinir.

Heiti vegar	Kjördæmi	Upph. í þús. kr.	
1. Afréttarvegur Hörgslandshrepps	Suðurland	70	
2. Vegur að Laka	—	200	
3. Afréttarvegur Kirkjubæjarhrepps	—	150	
4. Gjátindsleið austan Eldgjár	—	200	
5. Brú á Illagilsá	—	150	
6. Vegur að Sólheimajökli	—	50	
7. Fimmvörðuháls	—	150	
8. Afréttarvegur V.-Eyjafjallahrepps	—	60	
9. Afréttarvegur Hvolhrepps	—	200	
10. Fjallabaksvegur syðri	—	200	
11. Vegur í Landmannalaugar	—	100	
12. Afréttarvegur í Þjórsárdal	—	150	
13. Afréttarvegur Hrunamanna	—	150	
14. Afréttarvegur Flóa og Skeiða	—	50	
15. Vegur á Haukadalsheiði	—	100	
16. Hlöðuvallavegur	—	100	
			2 080
17. Vegir að skíðastöðum	Reykjanes	250	
18. Vegur að Djúpavatni	—	60	
19. Vegur að Tröllafossi	—	100	
			410
20. Vegur að Langavatni	Vesturland	350	
21. Vegur um Arnarvatnsheiði	—	150	
22. Vegur að Hítarvatni	—	100	
23. Vegur á Akrafjall	—	250	
24. Vegur með Kjarrá	—	150	
25. Vegur að Langjökli	—	150	
26. Vegur á Ljárskógafjall	—	400	
27. Vegur um Laugardal	—	250	
28. Vegur um Brekkudal	—	100	
29. Vegur að Skerðingsst. og Sælingsdalst.	—	50	
			1 950
30. Vegur að Keflavík	Vestfirðir	560	
31. Vegur að Látrabjargi	—	200	
32. Vegur um Kollafjarðarheiði	—	100	
33. Vegur um Þverfjall á Breiðadalsh.	—	100	
34. Vegur um Dalsheiði	—	100	
35. Vegur í Skálavík	—	200	
36. Vegur um Meðaldal	—	50	
37. Afréttarvegur í Ingólfsfirði	—	150	
38. Vegur um Steingrímsfjarðarheiði	—	200	
			1 660
39. Vegur um Víðidalstunguheiði	Norðurl. vestra	150	
40. Vegur um Grímstunguheiði	—	550	
41. Vegur um Sauðadal	—	30	
42. Vegur um Eyvindarstaðaheiði	—	450	
43. Vegur um Kiðaskarð og Mælifellsdal	—	520	
44. Vegur að Litla-Sandi	—	130	
45. Vegur suður Goðdalafjall	—	150	
46. Vegur um Gróf í Kolbeinsdal	—	50	
47. Ýmsir fjallvegir í Skag.	—	50	
			2 080

	Heiti vegar	Kjördæmi	Upph. í þús. kr.	
48.	Afréttarvegur Svarfaðardals	Norðurl. eystra	70	
49.	Vegur fram Eyjafjarðardal	—	1 000	
50.	Vegur um Leirdalsheiði	—	70	
51.	Vegur um Flateyjardalsheiði	—	70	
52.	Ýmsir fjallvegir í Eyjafirði	—	100	
53.	Vegur í Fellsskóg	—	100	
54.	Vegur að Grjótagjá	—	100	
55.	Vegur í Öskju	—	200	
56.	Vegur að Dettifossi	—	220	
57.	Vegur um Reykjaheiði og Þeistarreyki	—	100	
58.	Ýmsir fjallvegir í S.-Þing.	—	300	
59.	Vegur við Hafralónsá	—	200	
60.	Ýmsir fjallvegir í N.-Þing.	—	200	
				2 710
61.	Vegur um Miðfjarðarheiði	Austurland	100	
62.	Vegur um Smjörvatnsheiði	—	100	
63.	Göngubrú innan við Sturluflöt	—	360	
64.	Afréttarvegur Múla- og Geitadals	—	300	
65.	Vegur í Breiðuvík	—	150	
66.	Vegur í Viðfjörð	—	150	
67.	Vegur í Þorvaldsstaðaafrétt í Breiðdal	—	250	
68.	Vegur að Snæfelli	—	100	
69.	Vegur í Búlandsdal	—	300	
70.	Afréttarvegur í Geithellnahreppi	—	100	
71.	Vegur í Kollumúla	—	300	
				2 210
72.	Ferðafélag Íslands (sæluhús)		200	
73.	Ferðadélag Akureyrar (sæluhús)		150	
74.	Sæluhús á Norður- og Austurlandi		150	
75.	Óskipt		400	900
		Alls		14 000

2.4.3. Til reiðvega.

Fjárveiting var 1.0 m.kr. og inneign frá fyrra ári nam 199 þús. kr. Landssamband hestamanna skipti þessari fjárhæð til hestamannafélaga á eftirfarandi hátt:

1.	Hestamannafélagið	Geysir, Rangárvöllum	75 þús. kr.
2.	—	Smári, Árnessýslu	75 — —
3.	—	Sleipnir, Selfossi	119 — —
4.	—	Máni, Keflavík	100 — —
5.	—	Gustur, Kópavogi	100 — —
6.	—	Fákur, Reykjavík	200 — —
7.	—	Hörður, Kjalarnesþingi	100 — —
8.	—	Faxi, Borgarnesi	100 — —
9.	—	Snæfellingur, Stykkish.	75 — —
10.	—	Stígandi, Skagafirði	75 — —
11.	—	Léttfeti, Sauðárkróki	75 — —
12.	—	Gnýfari, Ólafsfirði	45 — —
13.	—	Hringur, Dalvík	60 — —
		Alls	1 199 þús. kr.

Seinni hluta sumars kom í ljós, að enn voru ónotaðar um 60 þús. kr. af fyrrnefndum fjárveitingum, og óskaði Landssamband hestamanna eftir því, að þeim yrði veitt til:

1.	Hestamannafélagið	Sörli, Hafnarfirði	30 þús. kr.
2.	—	Fákur, Reykjavík	30 — —
		Alls	60 þús. kr.

2.4.4. Þjóðgarðavegir og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum.

Fjárveiting var 7.0 m.kr.
Í samráði við Náttúruverndarráð var fjárveitingu skipt, eins og hér segir:

1. Vegur í Þórsmörk	1.2 m.kr.
2. Vegir á Þingvöllum	1.2 m.kr.
3. Vegur í Vatnsdal, V.-Barð.	0.3 m.kr.
4. Vegur að Látrabjargi	0.3 m.kr.
5. Vegur í Grjótagjá	0.2 m.kr.
6. Vegur að Dettifossi	1.5 m.kr.
7. Vegur að Sjónarskeri, Skaftaf.	2.3 m.kr.
Alls	7.0 m.kr.

Síðari hluta sumars óskaði Náttúruverndarráð eftir því, að framkvæmdum við veg að Sjónarskeri, Skaftafelli, yrði frestað og er óvíst, hvort og hvenær verður ráðist í þá framkvæmd.

2.5. TIL BRÚAGERÐA.

2.5.1. Til brúa 10 m og lengri.

Litla-Þverá í Fljótshlíð (261):

Byggður var 10 m langur steyptur plöturammi í einu hafi. Kom hann í stað mjórrar 11.0 m langrar brúar. Brúin var tekin til umferðar í september. Áætlaður kostnaður var 6.9 m.kr.

Steinslækur hjá Sumarliðabæ (sýsluv.):

Brú var byggð 1974. Var hún 18 m löng stálbitabrú með timburgólfi í einu hafi. Kostnaður varð 1.7 m.kr., og var hann greiddur með bráðabirgðaláni úr sýsluvegasjóði Rangárvallasýslu.

Tunguá hjá Iðunnarstöðum (sýsluv.):

Byggð var 16 m löng stálbitabrú með timburgólfi í einu hafi. Brúin var tekin til umferðar í september. Áætlaður kostnaður var 5.8 m.kr.

Hörðudalsá hjá Vífilsdal (sýsluv.):

Byggð var 18 m löng stálbitabrú með timburgólfi í einu hafi. Brúin var tekin til umferðar í nóvember. Áætlaður kostnaður var 7.7 m.kr.

Haukadalsá í Haukadal (sýsluv.):

Byggð var 14 m löng stálbitabrú með timburgólfi í einu hafi. Brúin var tekin til umferðar í nóvember. Áætlaður kostnaður var 3.8 m.kr.

Villingadalsá í Haukadal (sýsluv.):

Byggð var 12 m löng stálbitabrú með timburgólfi í einu hafi. Brúin var tekin til umferðar í nóvember. Áætlaður kostnaður var 3.8 m.kr.

Laxá í Hvammssveit (590):

Brú þessi var endurbætt og hækkuð 1974, sjá skýrslu samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1974.

Laxá á Laxárdalsheiði (59):

Byggð var 16 m löng steypt bitabrú í einu hafi. Brúin var tekin til umferðar í nóvember. Áætlaður kostnaður var 11.0 m.kr.

Melrakkadalsá (1):

Brú þessi var byggð 1973, sbr. skýrslu samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar það ár.

Laxá á Þverárfjallsvegi (744):

Byggð var 16 m löng steypt bitabrú í einu hafi. Frágangi og fyllingu að brúnni er ekki lokið. Áætlaður kostnaður var 9.6 m.kr., en fjárveiting var 5.3 m.kr. Mismunur var lánaður af fjárveitingu til Austuróss Héraðsvatna á lið 2.3.5.3.

Skjóldalsá í Eyjafirði (821):

Byggð var 14 m löng steypt bitabrú í einu hafi, auk varnargarða. Brúin var tekin til umferðar í nóvember. Áætlaður kostnaður var 7.1 m.kr.

Djúpadalsá í Eyjafirði (821):

Byggður var 22 m langur steyptur bitarammi í einu hafi og kom hann í stað gamallar brúar með vonda aðkeyrslu. Brúin var tekin til umferðar í nóvember. Áætlaður kostnaður var 16.2 m.kr.

Kverká á Langanesi (sýsluv.):

Byggð var 34 löng stálbitabrú með timburgólfi í tveimur höfum. Brúin var tekin í notkun í nóvember. Áætlaður kostnaður var 10.9 m.kr.

Hölkná í Bakkafirði (85):

Byggð var 40 m löng steypt bitabrú í þremur höfum. Brú þessi kom í stað gamallar og þröngrar bogabrúar frá 1913. Brúin var tekin í notkun í október. Áætlaður kostnaður var 12.5 m.kr.

Jökulsá hjá Merki (sýsluv.):

Byggð var 36.2 m stálbitabrú með timburgólfi í tveimur höfum. Brúin var tekin í notkun í september. Áætlaður kostnaður var 13.4 m.kr., þar af fjárveiting 11.9 m.kr. og 1.5 m.kr., sem var geymt frá fyrri vegáætlun.

Staðará á Jökuldal:

Byggður var 10 m langur steyptur plöturammi. Áætlaður kostnaður var 10.2 m.kr.

Lagarfljót hjá Fossi (944):

Fjárveiting var 2.1 m.kr. og var henni varið til að greiða hluta byggingarkostnaðar við brúna. Brú þessi er hluti af mannvirkjagerð við virkjun Lagarfoss og var upphaflega greidd af virkjunaraðila. Er framlagi vegasjóðs til byggingar brúarinnar þar með lokið.

2.5.2. Til smábrúa.

Fjárveiting til smábrúa var 29.0 m.kr. og skiptist hún þannig:

Heiti	Vegnr.	Lengd m	Áætl. kostn. m.kr.	Áætl. kostn. vegasjóðs m.kr.	Aths.
1. Grófará í Skaftártungum	sýsluv.	5	0.4	0.1	Endurbygging
2. Fitjaráll	1	8	5.5	5.5	—
3. Fossá hjá Ólafsvík	54	5	9.0	9.0	—
4. Rauðsá á Barðaströnd	62	4	4.0	4.0	
5. Faxalækur	717	9	2.2	2.2	
6. Snartarstaðaá	85	6	3.3	3.3	Var ekki byggð vegna breytingar á veglínu
7. Barnár á Mjóafjarðarheiði	953	8	1.5	1.5	
8. Höfðaá	1	4	3.4	3.4	Endurbygging
Samtals			29.3	29.0	

Allar tölur um áætlaðan kostnað til brúagerða eru miðaðar við vísitölu brúagerða 4967, en það er sú vísitala sem áætluð var fyrir árið 1975 í núgildandi áætlun. Vísitala brúagerða varð hins vegar 5315 og er gert ráð fyrir, að kostnaður hafi hækkað sem nemur vísitöluhækkuninni.

Aðrar brúagerðaframkvæmdir.

Brýr 10 m og lengri.

Brú á Vestari Rás á Mýrdalssandi (1):

Byggð var 12 m löng stálbitabrú með timburgólfi og kom hún í stað gamallar og mjög lélegrar timburbrúar. Brúin var tekin til umferðar í júní. Áætlaður kostnaður var 3.6 m.kr. og greiðist hann af lið 2.3.2. — Þjóðbrautir: Á Mýrdalssandi.

Brú á Innri-Emstruá á afrétti Hvolhrepps:

Byggð var 14 m löng stálbitabrú með timburgólfi í einu hafi. Brúin var fullgerð í september. Kostnaður var áætlaður 3.5 m.kr. og var hann að mestu greiddur af Hvolhreppi.

Brú á Þingmannaá (60):

Byggður var 14 m plöturammi í einu hafi. Áætlaður kostnaður var 15.4 m.kr. Brúin er á áætlun 1976, en fjárveiting til hennar var fengin að láni til bráðabirgða af fjárveitingu til Vestfjarðavegar um Hörgsnes, þar eð æskilegt var að brúin væri byggð á þessu ári af framkvæmdaástæðum.

Brú á Fjarðará í Hestfirði (61):

Byggð var 24 m löng steypt plötubrú í tveimur höfum. Brúin var tekin til umferðar í ágúst. Áætlaður kostnaður var 11 m.kr. og greiðist hann af fjárveitingu til Djúpvegar sbr. lið 2.3.5.4.

Brú á Austurós Héraðsvatna (75):

Unnið var að mælingum og rannsóknum vegna brúargerðar á ósinn á nýrri veglínu. Í haust voru hafnar framkvæmdir við smíði brúarinnar, sem verður 130 m löng stálbitabrú með steyptu gólfi í 4 höfum. Byggð var hjálparbrú og ýmis konar önnur hjálparmannvirki, svo og einn stöpull. Kostnaður var greiddur af fjárveitingu til Norðurlandsáætlunar, sbr. lið 2.3.5.3.

Brú á Fjarðará á Fjarðarheiði (93):

Byggð var 16 m löng steypt bitabrú í einu hafi. Brúin var tekin til umferðar í ágúst. Áætlaður kostnaður var 10.8 m.kr. og greiðist hann af fjárveitingu til Austurlandsáætlunar, sbr. lið 2.3.5.2.

Smábrýr.

Ljósá á Þórsmerkurvegi (249):

Byggð var 8.0 m löng stálbitabrú með timburgólfi á nýrri veglínu á Þórsmerkurvegi. Áætlaður kostnaður var 1 m.kr., og var hann greiddur af fjárveitingu vegarins.

Eystri-Mókelda (1):

Byggður var 6 m langur steyptur plöturammi. Bygging brúarinnar var liður í framkvæmdum verktaka við Suðurlandsveg í Flóa og kostnaður var greiddur af fjárveitingu til hraðbrauta, sbr. lið 2.3.1. Brúin er með tvöfaldri akbraut, og var hún tekin til umferðar í október.

Vestari-Mókelda (1):

Byggður var 5.0 m langur steyptur plöturammi. Sama gildir um þessa brú og brú á Eystri-Mókeldu, og var kostnaður greiddur af fjárveitingu til hraðbrauta, sbr. lið 2.3.1. Brúin er með tvöfaldri akbraut, og var hún tekin til umferðar í október.

Undirgöng í Kópavogi (40):

Byggður var 4.0 m langur steyptur rammi undir Hafnarfjarðarveg. Þetta er liður í byggingu hraðbrautar milli Hafnarfjarðar og Kópavogs og er greitt af lið 2.3.1. — Til hraðbrauta.

Kiðafellsá (1):

Byggður var 8 m langur steyptur plöturammi. Brú þessi kemur í stað gamallar brúar með mjög vonda aðkeyrslu. Brúin var fullgerð í nóvember, en eftir er að fylla að henni. Áætlaður kostnaður var 19.2 m.kr., og greiðist hann af lið 2.3.1. — Til hraðbrauta.

Rjúkandi í Hestfirði (61):

Byggð var 4.0 m löng steypt plötubrú. Brúin var tekin til umferðar í ágúst. Áætlaður kostnaður var 4.0 m.kr., og greiðist hann af fjárveitingu til Djúpvegar, sbr. lið 2.3.4.

Arnardalsá (61):

Byggð var 8.0 m löng steypt plötubrú. Brúin var tekin til umferðar í ágúst. Áætlaður kostnaður var 5 m.kr., og greiðist hann af fjárveitingu til Djúpvegar, sbr. lið 2.3.5.4.

Vatnshæðará á Fjarðarheiði (93):

Byggð var 8 m löng plötubrú. Brúin var tekin til umferðar í október. Áætlaður kostnaður var 8.3 m.kr., og greiðist hann af fjárveitingu til Austurlandsáætlunar, sbr. lið 2.3.2.

2.6. Til sýsluvegasjóða.

Fjárveiting til sýsluvegasjóða á árinu 1975 var 52.1 m.kr., og skiptist hún milli sýslna samkv. reglugerð nr. 62/1964 eins og sýnt er í eftirfarandi töflu.

Í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1974 voru tekjur sýsluvegasjóðanna samkv. 21. og 26. gr. vegalaga áætlaðar alls 23 071 þús.kr., en urðu 22 952 þús.kr. Tekjur samkv. 23. gr. vegalaga voru áætlaðar 440 þús.kr., en urðu 310 þús.kr. Heildartekjur samkv. þessum þremur greinum urðu þannig 23 262 þús.kr. eða 249 þús.kr. lægri en áætlað var.

Á árinu 1975 var innheimta sýsluvegasjóðsgjalda samkv. 21. og 26. gr. vegalaga miðuð við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. des. 1974, sem var 220.20 kr. og er það 40,25% hækkun frá sama kaupgjaldi 1. des. 1973. Samkv. því voru áætlaðar tekjur samkv. 21. og 26. gr. 32 500 þús.kr.

Raunverulegar tekjur sýsluvegasjóða 1974.

Upphæðir í þús. kr.

	Tekjur skv. 21. og 26. gr. vegalaga	Tekjur skv. 23. gr. vegalaga	Ríkisframlag	Samtals
Gullbringusýsla	1 243	10	610	1 863
Kjósarsýsla	1 766	67	1 156	2 989
Borgarfjarðarsýsla	660	2	824	1 486
Mýrasýsla	754	1	1 673	2 428
Snæf.- og Hnappadalssýsla	1 261	0	1 782	3 043
Dalasýsla	534	0	1 006	1 540
Austur-Barðastrandarsýsla	186	0	709	895
Vestur-Barðastrandarsýsla	692	0	771	1 463
Vestur-Ísafjarðarsýsla	791	37	1 273	2 101
Norður-Ísafjarðarsýsla	268	53	581	902
Strandasýsla	482	0	873	1 355
Vestur-Húnavatnssýsla	579	30	1 540	2 149
Austur-Húnavatnssýsla	819	71	1 388	2 278
Skagafjarðarsýsla	1 050	8	2 602	3 660
Eyjafjarðarsýsla	1 350	0	1 606	2 956
Suður-Þingeyjarsýsla	1 364	21	2 614	3 999
Norður-Þingeyjarsýsla	627	6	2 462	3 095
Norður-Múlasýsla	1 030	4	3 701	4 735
Suður-Múlasýsla	1 557	0	2 341	3 898
Austur-Skaftafellssýsla	562	0	951	1 513
Vestur-Skaftafellssýsla	639	0	1 547	2 186
Rangárvallasýsla	1 552	0	2 840	4 392
Árnessýsla	3 186	0	3 150	6 336
Samtals	22 952	310	38 000	61 262

Áætlaðar tekjur sýsluvegasjóða 1975.

Upphæðir í þús. kr.

	Tekjur skv. 21. og 26. gr. vegalaga	Tekjur skv. 23. gr. vegalaga	Ríkisframlag	Samtals
Gullbringusýsla	1 749	100	836	2 685
Kjósarsýsla	2 489	200	1 585	4 273
Borgarfjarðarsýsla	924	100	1 130	2 154
Mýrasýsla	1 059	60	2 294	3 413
Snæfellsnessýsla	2 016	40	2 443	4 499
Dalasýsla	752	40	1 379	2 171
A.-Barðastrandarsýsla	265	40	973	1 278
V.-Barðastrandasýsla	969	60	1 057	2 086
V.-Ísafjarðarsýsla	1 114	200	1 745	3 059
N.-Ísafjarðarsýsla	378	200	797	1 375
Strandasýsla	679	50	1 197	1 926
V.-Húnavatnssýsla	814	200	2 112	3 126
A.-Húnavatnssýsla	1 151	500	1 903	3 554
Skagafjarðarsýsla	1 572	80	3 568	5 220
Eyjafjarðarsýsla	1 772	400	2 202	4 374
S.-Þingeyjarsýsla	1 921	300	3 583	5 804
N.-Þingeyjarsýsla	884	50	3 376	4 310
N.-Múlasýsla	1 448	60	5 074	6 582
S.-Múlasýsla	2 183	50	3 209	5 442
A.-Skaftafellssýsla	792	50	1 304	2 146
V.-Skaftafellssýsla	894	40	2 120	3 054
Rangárvallasýsla	2 187	80	3 894	6 161
Árnessýsla	4 489	100	4 319	8 908
Samtals	32 500	3 000	52 100	87 600

2.7. TIL VEGA Í KAUPSTÖÐUM OG KAUPTÚNUM

Mannfjöldi í kaupstöðum og þéttbýlisstöðum með 200 íbúum og fleiri var, samkv. endanlegum tölum um mannfjölda á Íslandi þann 1. des. 1974, útgefnum af Hagstofu Íslands þann 1. júlí 1975:

Kaupstaðir	154 978	
Þéttbýlisstaðir með 200 íbúum og fleiri	32 356	
Samtals	187 334	

1. Framlag samkv. 32. gr. vegalaga:

Áætlaðar markaðar tekjur árið 1975 skv. vegáætlun	Kr. 2 425 000 000.00	
Lækkun á mörkuðum tekjum við endurskoðun á tekjuáætlun í júlí	— 175 000 000.00	
	Kr. 2 250 000 000.00	
12½% framlag af kr.2 250 000 000.00		Kr. 281 250 000.00
Tekjur vegasjóðs árið 1974	Kr. 1 865 655 822.00	
Framlag til hraðbrauta	— 336 300 000.00	
	Kr. 1 529 355 822.00	
12½% framlag af kr. 1 529 355 822.00	— 191 169 478.00	
Tekið til skipta 1974	— 187 488 000.00	— 3 681 478.00
		Kr. 284 931 478.00
25% sjóður skv. 34. gr. vegalaga		— 71 233 000.00
	Til skipta 1974	Kr. 213 698 478.00

Skiptitala á hvern íbúa:

$$\frac{213\,698\,478}{187\,334} = \textbf{Kr. 1140.7352}$$

Þéttbýlissvæði með 200 íbúum og fleiri þann 1. des. 1974 skv. töflu frá Hagstofu Íslands.

	Íbúar	Framlag 1975
Reykjavík	84 772	96 702 404
Kópavogur	12 090	13 791 488
Seltjarnarnes	2 494	2 844 993
Hafnarfjörður	11 372	12 972 441
Grindavík	1 598	1 822 895
Keflavík	6 113	6 973 314
Akranes	4 514	5 149 279
Bolungarvík	1 027	1 171 535
Ísafjörður	3 054	3 483 805
Sauðárkrókur	1 767	2 015 679
Siglufjörður	2 080	2 372 729
Ólafsfjörður	1 123	1 281 045
Dalvík	1 159	1 322 112
Akureyri	11 689	13 334 054
Húsavík	2 170	2 475 395
Seyðisfjörður	938	1 070 009
Neskaupstaður	1 653	1 885 635
Eskifjörður	969	1 105 372
Vestmannaeyjar	4 396	5 014 672
Sandgerði	1 093	1 246 823
Gerðar, Gerðahr.	741	845 285
Njarðvíkur	1 714	1 955 220
Vogar, Vatnsleysustr.hr.	309	352 487
Garðakauptún, Garðahr.	3 990	4 551 533
Þéttbýli Mosfellshrepps	1 198	1 366 601
Borgarnes	1 309	1 493 222
Hellissandur	557	635 390
Ólafsvík	1 071	1 221 727
Grundarfjörður	663	756 307
Stykkishólmur	1 118	1 275 342
Búðardalur	246	280 621
Patreksfjörður	1 018	1 161 268
Bíldudalur	344	392 413
Þingeyri	384	438 042
Flateyri	419	477 968
Suðureyri	516	588 619
Súðavík	219	249 821
Hólmavík	346	394 694
Hvammstangi	399	455 153
Blönduós	788	898 899
Skagaströnd	595	678 737
Hofsós	278	317 124
Hrísey	293	334 235
Raufarhöfn	473	539 568
Þórshöfn	471	537 286
Vopnafjörður	566	645 656
Egilsstaðir	866	987 877
Reyðarfjörður	666	759 730
Fáskrúðsfjörður	750	855 551
Stöðvarfjörður	308	351 346
Breiðdalsvík	208	237 273
Djúpivogur	356	406 102
Höfn í Hornafirði	1 162	1 325 534
Vík í Mýrdal	383	436 901
Hvolsvöllur	415	473 405
Hella	473	539 568
Stokkseyri	481	548 694
Eyrarbakki	560	638 812
Selfoss	2 834	3 232 843
Hveragerði	1 034	1 179 520
Þorlákshöfn	742	846 425
Samtals	187 334	213 698 478

2. Framlag skv. 34. gr. vegalaga (25% sjóður):

Óráðstafað fé frá árinu 1974, 10% sjóður	kr.	16 693 000.00
Fjárveiting skv. vegáætl. 1975, 25% sjóður	—	71 233 000.00
Alls kr.		87 926 000.00

Í samræmi við ákvæði 34. gr. vegalaga nr. 66/1975 samþykkti fjárveitinganefnd Alþingis á fundum hinn 14. júlí og 18. desember að ráðstafa ofangreindu fé eins og hér segir:

1. Vesturlandskjördæmi:		
Hellissandur	3.0 m.kr.	
Ólafsvík	7.0 m.kr.	
Grundarfjörður	4.0 m.kr.	
Stykkishólmur	7.0 m.kr.	
		21.0 m.kr.
2. Vestfjarðakjördæmi:		
Þingeyri	7.7 m.kr.	
Flateyri	4.0 m.kr.	
Suðureyri	7.0 m.kr.	
Bolungarvík	6.0 m.kr.	
Ísafjörður	17.5 m.kr.	
Súðavík	6.8 m.kr.	
		49.0 m.kr.
3. Óráðstafað		17.926 þús.kr.
Alls		87.926 þús.kr.

Á fundi sínum hinn 14. júlí 1975 samþykkti fjárveitinganefnd ennfremur eftirfarandi: „Í framhaldi af úthlutun fjárveitinga á hluta af 25% þéttbýlissjóðnum, hinn 14. júlí 1975, leggur nefndin til að eftirfarandi meginreglur og vinnubrögð verði við höfð í framtíðinni, eða þar til annað verður ákveðið.

I. Vegagerð ríkisins verði falið að afla upplýsinga um kostnað við að fullgera þjóðvegi í þéttbýli á öllu landinu.

II. Valdir verði árlega þéttbýlisstaðir, þar sem gera á átak að gerð þéttbýlisvega, samanber reglugerð þar um, og þeir staðir látnir hafa forgang, sem mestu eiga ólokið í gerð þéttbýlisvega og þörfin er brýnust að öðru leyti.

III. Þá telur nefndin rétt að allar þær framkvæmdir sem unnar verða í byggingu þjóðvega í þéttbýli á yfirstandandi ári, eða síðar og ekki njóta framlaga frá sjóðnum jafnóðum og framkvæmd á sér stað, geti einnig komið til greina vegna þeirra framkvæmda, við úthlutun frá 25% sjóðnum við síðari úthlutun."

2.8. TIL VÉLA- OG ÁHALDAKAUPA

2.8.1. Vélakaup.

Fjárveiting var 20.0 m.kr.

Alls voru keyptar vélar fyrir 89.3 m.kr. Þar sem afgreiðslutími véla er langur, var búið að panta flestar vélarnar á árinu 1974, en síðan hafa orðið 2 gengisfellingar auk gengissigs, og hefur því innkaupsverð þessara véla orðið nokkuð hærra en áætlað var. Einnig var sett vörugjald á innkaup véla, en þar sem fyrirhugað var að fella vörugjald niður 1. jan. 1976 var ákveðið að fresta því fram yfir áramót að leysa hluta af þessum vélum úr tolli, en erlendur kostnaður greiddur. Hluti af fyrrnefndum vélum var keyptur með 2 ára greiðslufresti á hluta af andvirði vélanna.

Vegagerðin og Flugmálastjórn gerðu með sér samkomulag um sameiginleg kaup og rekstur tveggja snjóblásara, sem nota á við ruðning flugvalla og vega. Verða þeir gerðir út frá Egilsstöðum og Ísafirði.

A. Helstu vélar sem keyptar voru:
3 vegheflar,
1 malarsigtisamstæða,
1 hjólaskófla,
4 mælingabifreiðar,
1 snjóblásari,
1 steypuútlagningarvél,
1 rafstöð 108 KVA,
5 snjótennur.

B. Vélar, sem keyptar voru, en ekki leystar úr tolli:
5 vegheflar,
2 snjóblásarar,
8 snjóvængir,
3 snjótennur.

Auk ofanskráðra véla voru keyptar ýmsar minni vélar, svo sem rafstöðvar, steypuþjöppur, véldælur, jarðvegsþjöppur, vélsagir, loftpressur o.fl.

2.8.2. Til byggingar áhaldahúsa.

Fjárveiting var 18.0 m.kr.

1. Í Vík í Mýrdal var að mestu lokið við byggingu hússins, sem byrjað var á árið 1974.
2. Á Hvolsvelli var að mestu lokið við byggingu hússins, sem byrjað var á árið 1974.
3. Í Borgarnesi var lokið við stækkun skrifstofu umdæmisverkfræðings á Vesturlandi, en skrifstofan var flutt frá Reykjavík sl. vor.
4. Á Ísafirði fékk Vegagerðin lóð undir nýtt áhaldahús. Lóðin var jöfnuð, keyrt í hana möl að hluta og girt.
5. Á Hvammstanga var lokið við að gera áhaldahúsið fokhelt. Unnið er að einangrun og frágangi innanhúss.
6. Á Sauðárkróki fékk Vegagerðin lóð undir nýtt áhaldahús. Lóðin var jöfnuð og keyrt í hana möl.
7. Á Vopnafirði var fengin lóð undir áhaldahús.
8. Á Djúpavogi fékk Vegagerðin lóð undir áhaldahús.
9. Minniháttar lagfæringar og endurbætur voru gerðar á nokkrum öðrum áhaldahúsum.

2.9. TIL TILRAUNA Í VEGAGERÐ

Fjárveiting í vegáætlun 1975	13.0 m.kr.
Geymt fé frá fyrra ári	1.1 m.kr.
Alls	14.1 m.kr.

Fjárveitingin var notuð til eftirfarandi tilrauna og rannsóknarstarfsemi:

1. **Vegir byggðir á mýri:**

Haldið var áfram að fylgjast með sigri nokkurra vegarkafla. Er gert ráð fyrir, að mælt verði í nokkur ár í viðbót og hönnunarforsendur síðan endurskoðaðar.

2. **Athuganir á helstu eiginleikum íslenskra jarðefna:**

Unnið var áfram að söfnun upplýsinga um helstu eiginleika íslenskra jarðefna. Á árinu var reynt að fá betra yfirlit yfir efniseiginleika, sem hægt er að nota til ákvörðunar á sigi og skriði í undirstöðum fyllinga. Gert er ráð fyrir, að þessar rannsóknir haldi áfram á næstu árum.

3. **Athuganir á burðarþoli staura:**

Undanfarin ár hefur verið unnið að athugunum á burðarþoli staura í mismunandi jarðvegi og fyrir mismunandi álag. Þeim áfanga, sem tekinn var fyrir, er nú lokið og skýrsla um niðurstöður athugananna liggur fyrir.

4. **Kerfisbundin leit að steinefnum í olíumöl:**

Haldið var áfram leit að heppilegum steinefnum til framleiðslu olíumalar og tekin fyrir svæði, sem lítt eða ekki hafði verið leitað á áður, og einnig fram haldið rannsóknum á sýnum, sem tekin hafa verið áður. Enn eru mörg svæði ókönnuð að mestu og verður reynt að leggja áherslu á könnun svæða næst þéttbýli og meðfram aðalvegum.

5. **Snjóskermar:**

Byggðir voru vindskermar til að kanna, hvort hægt væri að draga úr hengjumyndun ofan Suðurkinnar í Breiðadalsheiði. Einnig var með jarðvinnu gerð tilraun til að breyta vindstefnu m.t.t. snjósöfnunar í skarðinu.

6. **Athuganir á vikri til vegagerðar:**

Sumarið 1973 tók Vegagerð ríkisins ásamt Landsvirkjun þátt í tilraun við lagfæringu á gömlum vegi við Búrfellsvirkjun. Vegarkaflinn er um 1 000 metra langur, og var lagt á hann olíumalarslitlag. Vegurinn var í fáum orðum blanda af möl, sandi og silti, sem á flestum stöðum var frosthættulegt.

Tilraunin var í því fólgin að leggja ofan á gamla veginn jöfnunarlag úr vikri, 10 til 20 cm á þykkt. Er síðan ætlunin að fylgjast með veginum og sjá, hvort hann brotnar niður þannig að hjólför myndist í akbrautinni.

Fyrstu áfangaskýrslu um verkið var skilað 20.09.1974 og lokaskýrslu 01.12.1975.

7. **Veðrunarþolni málningar:**

Haldið var áfram tilraunum með veðrunarþolni málningar á stálbrúm. Frumúrvinnsla hefur farið fram, og hafa niðurstöður tilraunanna verið notaðar við val á málningartegundum á árinu. Lokaskýrsla um þessar tilraunir mun væntanlega liggja fyrir á næstu mánuðum.

8. **Mosarækt:**

Tilraunum með mosarækt er lokið og leiddu þær í ljós, að ekki er hægt að flýta henni nema um eitt ár umfram það sem gerist með sjálfsáningu.

9. **Rannsóknir á burðarþoli vega:**

Haldið var áfram við samnorrænt verkefni, sem stefnir að því að finna einfaldar aðferðir til hönnunar á burðarþoli vega m.t.t. umferðarmagns og þunga, veðráttu og jarðvegs. Lokið er undirbúningi verksins og flestir þættir eru komnir vel á veg. Hér á landi hefur aðalkostnaðurinn verið við sérstakar tilraunafyllingar úr rauðamöl og hrauni. Er ætlunin að athuga íslensk gosefni, en hvert landanna hefur fengið ákveðið jarðefni til rannsóknar. Í júní 1975 var skilað áfangaskýrslum um verkið, en gert er ráð fyrir, að verkefninu ljúki í lok árs 1976.

10. **Athugun á malarslitlögum:**

Með síaukinni umferð hafa mismunandi akstursgæði veganna orðið æ meira áberandi, enda þótt malarslitlög séu gerð á sama hátt og hafi samskonar kornadreifingu. Voru því valdir til rannsókna nokkrir mismunandi góðir malarvegir í hverjum landsfjórðungi.

Lokaskýrslu um verkið var skilað 14. apríl 1975. Í skýrslunni kemur fram, að einfaldar prófanir geta verið til leiðbeiningar um val á malarslitlögum og er gerð tillaga að útbúnaði í færanlega tilraunastofu. Haustið 1975 voru keypt nauðsynleg tæki fyrir eina stofu, og er stefnt að því, að hún komist í notkun fyrir vorið 1976.

11. **Áhrif mannvirkjagerðar í ám og fjörðum á fiskigöngur í ár:**

Haldið var áfram tilraunum með talningu göngufiska í opnum farvegum á grundvelli þeirra tilrauna, sem gerðar voru árið áður. Var talið um lengri tíma í tveimur ám í Borgarfirði. Árangur var í heild jákvæður, þó að ýmsir byrjunarörðugleikar kæmu fram, og mun skýrsla um niðurstöður liggja fyrir á næstunni. Á grundvelli þessara tilrauna munu göngufiskar verða taldir í nokkrum ám í Borgarfirði.

12. **Tilraunir Sverris Runólfssonar með bættar vinnuaðferðir við vegagerð:**

Sverrir Runólfsson hélt áfram með nýbyggingu 1 200 m vegarkafla á Kjalarnesi, sem hann hóf síðla sumars 1974 til að kynna aðferð til að byggja ódýra vegi. Hann lauk ekki verkinu, en kostnaður er kominn í 27 m.kr.

2.10. GREIÐSLUHALLI Á VEGÁÆTLUN

Samkvæmt því sem sagt hefur verið hér að framan var greiðsluhalli á vegáætlun 1975 sem hér segir:

	m.kr.
Stjórn og undirbúningur	16.0
Vetrarviðhald	133.0
Viðhald brúa	20.0
Brúargerðir	22.0
Samtals	191.0


Til þess að mæta að nokkru þeim greiðsluerfiðleikum, sem af þessum mikla halla leiddi, var ákveðið að fresta að hluta eftirtöldum framkvæmdum til næsta árs:

	m.kr.
Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi	28.0
Norðurlandsvegur við Blönduós	19.0
Sauðárkróksbraut um Hegranes	10.0
Frágangsvinna á Skeiðarársandi	4.0
Samtals	61.0


Þessar framkvæmdir voru valdar með tilliti til þess, að engri þeirra átti að ljúka á árinu og þær höfðu allar fjárveitingu á árinu 1976. Frestunin á því ekki að valda neinni seinkun á því, að þeim verði lokið á réttum tíma.

Að öðru leyti var hallanum mætt með geymdu fé milli ára og umframgreiðslum úr ríkissjóði.


Fskj. 2.1.3—1


VEGAGERÐ RÍKISINS
UMFERÐARTALNING 1975
SUÐVESTURLAND
REYKJAVÍK, í janúar 1976
Skýringar:
500 Meðalumferð á dag, júní - sept., fast talning
100 " " árs talning
553 Hlutfallstala í svigum á eftir umferðartölu
2001 (10%) Hlutfallstala í svigum á eftir umferðartölu
tákna samlegt hlutfall þungra bíla af vökomandi
umferð sömdr. ethugun
STAPI
HELLNAR
BORGARNES
AKRANES
REYKJAVÍK
SELTJARNARNES
KÓPAVOGUR
GARÐABÆR
HAFNARFJÖRÐUR
VOGAR
KEFLAVÍK
GERÐAR
SANDGERÐI
NJARÐVÍKUR
HAFNIR
GRINDAVÍK
ÞORLÁKSHÖFN
HVERAGERÐI
SELFOSS
HELLA
HVOLSVÖLLUR
HVOLSVÖLLUR
VESTMANNAEYJAR
VÍK


Fskj. 2.1.3—2


VEGAGERÐ RÍKISINS
UMFERÐARTALNING 1975
NORÐVESTURLAND
REYKJAVÍK, í janúar 1976.
Skýringar:
SIGLUFJÖRÐUR
HAGANESVÍK
HOFSÓS
SAUÐÁRKRÓKUR
KÁLFSHAMARSVÍK
SKAGASTRÖND
BLÖNDUÓS
HVAMMSTANGI
BORÐEYRI
HÚNAVÍK
BÚÐARDALUR
STYKKISHÓLMUR
GRUNDARFJÖRÐUR
ÓLAFSVÍK
HELLISSANDUR
BOLUNGARVÍK
ÍSAFJÖRÐUR
HNÍFSDALUR
SÚÐAVÍK
SUÐUREYRI
FLATEYRI
PINGEYRI
BÍLDUDALUR
SVEINSEYRI
VATNEYRI

Fskj. 2.1.3—3


VEGAGERÐ RÍKISINS
UMFERÐARTALNING 1975
NORÐAUSTURLAND
REYKJAVÍK, í janúar 1976.
Skýringar:
RAUFARHÖFN
KÓPASKER
ÞÓRSHÖFN
BAKKAFJÖRÐUR
VOPNAFJÖRÐUR
BAKKAGERÐI
SEYÐISFJÖRÐUR
NESKAUPSTAÐUR
ESKIFJÖRÐUR
BÚÐIR
BÚÐAREYRI
EGILSSTAÐIR
HÚSAVÍK
GRENIVÍK
HRÍSEY
HJALTEYRI
AKUREYRI
ÓLAFSFJÖRÐUR
DALVÍK

Fskj. 2.1.3—4


BREIÐDALSVÍK
DJÚPIVOGUR
HÖFN
SKAFTAFELL
NÚPSSTAÐUR
KIRKJUBÆJAR-
KLAUSTUR
VEGAGERÐ RÍKISINS
UMFERÐARTALNING 1975
SUÐAUSTURLAND
REYKJAVÍK, í janúar 1976.
Skýringar:
500 Meðalumferð á dag, júní - sept., fast talning
400 " " " , skynditalning
(300) " " árs talning
200 (10%) Hlutfallstala í svigo á eftir umferðartölu
táknar sennilegt hlutfall þungra bíla af vélknúnd
umferð samkv. athugun

Fskj. 2.3—1

Yfirlit um framkvæmdir skv. vegáætlun 1975.

1. Hraðbrautir:	
a) Fullnaðarfrágangur undirbyggingar	38.4 km
b) Lagning malarslitlags	20.0 km
c) Lagning bundins slitlags	17.3 km
d) Smábrýr, 4 brýr	23 m
2. Þjóðbrautir:	
a) Undirbyggðir vegir	77.0 km
b) Lagt slitlag og burðarlag	104.0 km
c) Brýr, 10 m og lengri, 4 brýr	76 m
d) Smábrýr, 4 brýr	20 m
3. Landsbrautir:	
a) Undirbyggðir vegir	50.0 km
b) Lagt slitlag og burðarlag	65.0 km
c) Brýr, 10 m og lengri, 7 brýr	118 m
d) Smábrýr, 6 brýr	45 m
4. Sýsluvegir:	
a) Brýr, 10 m og lengri, 6 brýr	130 m
b) Smábrýr, 1 brú	5 m
5. Fjallvegir:	
a) Brýr, 10 m og lengri, 1 brú	14 m

Ed. 465. Frumvarp til laga [225. mál]

um Þjóðleikhús.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—1976.)

1. gr.

Þjóðleikhúsið er eign íslensku þjóðarinnar.

2. gr.

Í Þjóðleikhúsinu skal iðka leiklist og þær listgreinar aðrar, sem leiksviði eru tengdar.

Þjóðleikhúsið skal í starfsemi sinni leitast við að vekja og auka áhuga landsmanna á þessum listgreinum, vinna að síbatnandi skilyrðum fyrir þær og stuðla að þróun þeirra. Það skal kosta kapps um að efla íslenska leikritun og vera til fyrirmyndar um listrænan flutning viðfangsefna og meðferð íslenskrar tungu.

3. gr.

Aðalhlutverk Þjóðleikhússins skal vera flutningur íslenskra og erlendra sjónleika. Auk þess skal það árlega flytja óperu og sýna listdans.

Á hverju leikári skulu eitt eða fleiri viðfangsefni sérstaklega ætluð börnum.

4. gr.

Þjóðleikhúsið heyrir undir menntamálaráðuneytið. Stjórn þess er að öðru leyti í höndum þjóðleikhússtjóra og þjóðleikhúsráðs.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar, eftir hverjar alþingiskosningar, fimm menn í þjóðleikhúsráð, fjóra eftir tilnefningu fjögurra stærstu þingflokkanna og einn samkvæmt tilnefningu félags íslenskra leikara. Ráðherra skipar einn þeirra formann ráðsins.

Hlutverk þjóðleikhúsráðs er að hafa eftirlit með starfsemi og rekstri þjóðleikhússins. Leita skal tillagna þjóðleikhúsráðs um allar meiriháttar ákvarðanir er stofnunina varða.

6. gr.

Menntamálaráðherra ræður þjóðleikhússtjóra til fjögurra ára í senn, sbr. þó 13. gr., að fenginni umsögn þjóðleikhúsráðs.

Ráðinn skal maður með staðgóða þekkingu á starfi leikhúsa. Starfið skal auglýsa samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Endurnýja má ráðningu þjóðleikhússtjóra einu sinni til næstu fjögurra ára, ef meiri hluti þjóðleikhúsráðs mælir með því. Ella skal ráða annan þjóðleikhússtjóra, eftir að starfið hefur verið auglýst að nýju og að fenginni umsögn þjóðleikhúsráðs.

Laun þjóðleikhússtjóra og annarra starfsmanna Þjóðleikhússins skulu ákveðin með sama hætti og annarra ríkisstarfsmanna, en kveða skal sérstaklega á um eftirlaun leikhússtjóra vegna stutts ráðningartíma.

7. gr.

Við Þjóðleikhúsið skal starfa fjármálafulltrúi, er menntamálaráðuneytið skipar, eftir að starfið hefur verið auglýst og að fenginni umsögn þjóðleikhúsráðs.

Fjármálafulltrúi annast fjárreiður Þjóðleikhúss, reikningsskil og skrifstofustjórn. Hann er ráðunautur þjóðleikhússtjóra um fjármál og rekstur leikhússins.

8. gr.

Ráðinn skal sérstakur framkvæmdastjóri, sem hafi með höndum skipulagsstarf innan leikhússins, yfirumsjón með vinnuhagræðingu hinna ýmsu deilda og fylgist með innkaupum þeirra, raði niður á æfingum og æfingatímum, skipuleggi leikferðir innanbæjar og utan og annist önnur skyld störf. Hann hefur þannig á hendi starfsmannastjórn ásamt þjóðleikhússtjóra og fjármálafulltrúa.

9. gr.

Þjóðleikhússtjóri ræður leikara, söngvara, listdansara og aðra listamenn leikhússins svo og aðra starfsmenn þess. Hann gerir við þá starfssamninga í samráði við fjármálafulltrúa leikhússins.

10. gr.

Við Þjóðleikhúsið skulu starfa bókmennta- og leiklistaráðunautur (dramaturg), tónlistarráðunautur og listdansstjóri (balletmeistari). Ræður þjóðleikhússtjóri þá til jafnlangs tíma og hann er sjálfur ráðinn. Skulu bókmennta- og leiklistarráðunautur og listdansstjóri vera í fullu starfi, en starf tónlistarráðunauts skal vera ⅓ af fullu starfi.

11. gr.

Þjóðleikhússtjóri er stjórnandi leikhússins og hefur forystu um að móta listræna stefnu þess. Þjóðleikhússtjóri semur starfs- og fjárlagaáætlun leikhússins með aðstoð fjármálafulltrúa og bókmennta- og leiklistarráðunautar og leggur hana fyrir þjóðleikhúsráð.

Þjóðleikhússtjóri stjórnar leikhúsinu samkvæmt samþykktri starfs- og fjárhagsáætlun og ber ábyrgð á rekstri þess, bæði listrænum og fjárhagslegum. Um fjárhagslega framkvæmd er fjármálafulltrúi til aðstoðar honum, en bókmennta- og leiklistarráðunautur að því er tekur til listrænnar starfsemi. Einnig skal hafa samráð við tónlistarráðunaut um val og flutning á óperum og söngleikjum, svo og við listdansstjóra, að því er listdans varðar.

Við samningu verkefnaskrár skal leitast við, að nýting starfskrafta verði hagkvæm og tillit tekið til listrænnar velferðar og þroska listamannanna.

12. gr.

Miða skal við, að svo margir leikarar, söngvarar og listdansarar starfi við Þjóðleikhúsið, að það geti að staðaldri leyst af hendi þau verkefni, sem því ber að rækja samkvæmt lögum þessum. Við Þjóðleikhúsið skal starfa blandaður kór. Úr hópi kórfélaga skal á hverju leikári kjósa einn félaga, sem skal vera þjóðleikhússtjóra og tónlistarráðunaut til fulltingis við val óperu og söngleikja.

Þjóðleikhúsinu er heimilt, eftir því sem ástæður leyfa, að ráða til starfa leikritahöfund eða aðra höfunda til þriggja eða sex mánaða.

13. gr.

Leikár Þjóðleikhússins telst frá 1. september til 31. ágúst. Ráðningartími leikara, söngvara, listdansara og annarra listamanna leikhússins skal fara eftir gildandi samningum við stéttarfélög hlutaðeigandi listamanna.

Þjóðleikhússtjóri skal ráðinn og launaður frá 1. janúar og eiga þess kost að fylgjast með starfsemi leikhússins til loka þess leikárs. Hann undirbýr starfs- og fjárhagsáætlun fyrir næsta leikár og fer með atkvæði þjóðleikhússtjóra í framkvæmdaráði, þegar þar er um hana fjallað, en tekur að fullu við störfum í upphafi nýs leikárs.

14. gr.

Þeir starfsmenn Þjóðleikhússins, sem ráðnir eru til eins árs hið skemmsta eða með þriggja mánaða uppsagnarfresti, greiða iðgjöld til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og njóta þar sömu réttinda sem aðrir sjóðfélagar. Fastráðnir starfsmenn Þjóðleikhússins, sem hafa áður unnið hliðstæð störf í þágu íslenskrar leiklistar, skulu einnig eiga kost á að njóta eftirlaunaréttar fyrir þann starfstíma. Ráðherra ákveður réttindatíma hvers og eins, eftir að leitað hefur verið upplýsinga og tillagna Félags íslenskra leikara og umsagnar stjórnar Lífeyrissjóðsins.

15. gr.

Þjóðleikhúsráð tekur þátt í stofnun og rekstri leikmunasafns ásamt sjónvarpsdeild Ríkisútvarpsins. Veita skal Leikfélagi Reykjavíkur og öðrum leikfélögum kost á aðild að safninu, ef um það næst samkomulag við menntamálaráðuneytið. Við gerð starfs- og fjárhagsáætlunar Þjóðleikhússins skal miðað við, að nægileg fjárhæð gangi til að greiða kostnað þess af leikmunasafninu.

Í leikmunasafni skal safnað saman, eftir því sem ástæða þykir til, búningum og sviðsbúnaði, sem notaður hefur verið við sýningar Þjóðleikhússins og sjónvarpsdeildar Ríkisútvarpsins svo og annarra leikfélaga, sem aðild eiga að safninu. Skulu safnmunir þessir leigðir leikfélögum landsins til notkunar við sýningar, og ákveður stjórn safnsins leigu og önnur viðskiptakjör. Safnið skal hafa í þjónustu sinni leiktjaldamálara og búningateiknara. Starfsemi safnsins skal miðuð við, að hún verði leiklist í landinu að sem mestu liði og að það fjármagn, sem til þessara hluta er varið, nýtist sem best.

Menntamálaráðuneytið setur safninu reglugerð, þar sem m. a. skal ákveðið, hvernig stjórn þess og forstöðu skuli háttað.

Þangað til leikmunasafni hefur verið komið á fót, skal Þjóðleikhúsið leigja leikfélögum leiktjöld, búninga o. fl., eftir því sem stjórn Þjóðleikhússins telur við verða komið.

16. gr.

Þjóðleikhúsið skal kappkosta að hafa samstarf við leikfélög áhugamanna, láta þeim í té gistileikara og leikstjóra til leiðbeininga, eftir því sem unnt er. Gera skal leikfélögum áhugamanna kleift að fylgjast með starfi Þjóðleikhússins. Á vegum Þjóðleikhússins skulu árlega farnar á starfstíma þess leikferðir sem víðast um landið. Einnig skulu farnar leikferðir til annarra landa og fengnir hingað erlendir listamenn, hvort tveggja eftir því sem aðstæður leyfa.

17. gr.

Þjóðleikhúsið skal svo fljótt sem verða má koma sér upp öðru leiksviði, svo mögulegt sé að framkvæma ákvæði þessara laga, og leysi það þá af hólmi bráðabirgðasvið það sem komið hefur verið upp í veitingasal leikhúskjallara.

18. gr.

Þegar Þjóðleikhúsbyggingin er ekki notuð til þeirrar starfsemi sem lög þessi fjalla um, má nota hana til annarrar menningarstarfsemi.

19. gr.

Kostnaður af rekstri Þjóðleikhússins skal greiddur úr ríkissjóði, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum og aflafé leikhússins hrekkur ekki til. Eigi skal ráða í nýjar stöður samkvæmt lögum þessum fyrr en fé er veitt til þess á fjárlögum.

20. gr.

Þjóðleikhúsbyggingin stendur ekki til tryggingar skuldbindingum Þjóðleikhússins.

21. gr.

Menntamálaráðuneytið getur sett í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 86, 5. júní 1947, um Þjóðleikhús, og önnur ákvæði, sem kunna að brjóta í bága við þessi lög.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til laga um Þjóðleikhús var lagt fyrir Alþingi sem stjórnarfrumvarp árið 1971 á 91. löggjafarþingi, en varð eigi útrætt. Síðan kom það fyrir Alþingi í tvö skipti, en hlaut eigi afgreiðslu. Einkum virðast skoðanir skiptar um skipan þjóðleikhúsráðs. Upphaflega frumvarpið var samið af nefnd, sem menntamálaráðuneytið skipaði og í áttu sæti Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, formaður, Baldvin Tryggvason, framkvæmdastjóri og dr. Þórður Eyjólfsson, hæstaréttardómari.

Frumvarpið kemur nú fyrir Alþingi í fjórða sinn og hafa verið gerðar á því nokkrar breytingar. Gert er ráð fyrir að rekstri leikhússins stjórni þjóðleikhússtjóri og þjóðleikhúsráð. Skal þjóðleikhúsráð skipað 5 mönnum völdum á sama hátt og mælt er fyrir um í gildandi lögum.

Felld eru niður ákvæði um leiklistar-, sönglistar- og listdansskóla en komið hefur verið á fót Leiklistarskóla Íslands með sérstökum lögum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að ráðnir verði nokkrir nýir starfsmenn. Ber þar fyrst að nefna leiklistarráðunaut (dramaturg), þá er gert ráð fyrir tónlistarráðunaut (⅓ starfs) og listdansstjóra í fullu starfi. Loks er svo starf skipulagseða framkvæmdastjóra (produktionsleiter — production manager) sem mjög hefur skort í leikhúsinu og sjálfsagður er talinn í leikhúsum víðast erlendis. Honum er ætlað að hafa yfirumsjón með niðurröðun og skipulagningu æfinga, nýtingu starfskrafta, skipuleggja leikferðir, fylgjast með innkaupum o. s. frv. Er þess að vænta að þessu fylgi hagræðing, sem hafi í för með sér aukinn sparnað fyrir leikhúsið.

Heimild til leikhússins til að geta ráðið höfunda um ákveðinn tíma er ekki mikið fjárhagsatriði, myndi samsvara því að bæta við einum leikaralaunum. Virðist rétt að gera tilraun með slíkt fyrirkomulag.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Þjóðleikhúsið standi fyrir óperustarfsemi og listdanssýningum. Forsenda hins síðarnefnda er að sjálfsögðu, að Íslenska dansflokknum sé tryggður starfsgrundvöllur. Að undanförnu hefur leikhúsið að miklu

leyti haldið dansflokknum uppi. Er talið að um 10 milljónir króna þurfi miðað við núverandi peningagildi til að kosta dansflokkinn og er þá miðað við þá aðstöðu, sem leikhúsið mun geta veitt honum án þess að bitni á annarri starfsemi í húsinu.

Hvað óperustarfsemi varðar er rétt að benda á, að við slíka starfsemi er kostnaðurinn mestur, og fyrst og fremst vegna þess, að fæstir eða engir listrænir kraftar hússins, sem á fastakaupi eru, geta nýst við slíkar uppfærslur. En óperuflutningur og listdans er þegar að lögum meðal verkefna Þjóðleikhússins og hefur verið meira og minna sinnt eftir því sem ástæður hafa leyft. Kostnaður við uppsetningu óperu í dag er 5—9 milljónir króna og sialdnast von til þess, að afgangur kvöldkostnaðar geti endurgreitt stofnkostnaðinn. Í framtíðinni væri eðlilegt, að í fjárhagsáætlun leikhússins væri sundurliðað það sem varðar óperu og listdans.

Vert er að vekja athygli á, að í frumvarpinu er gerð krafa til leikhússins um að þjóna landsbyggðinni í leiklistarefnum. Þetta hefur leikhúsið reynt eftir föngum að undanförnu. Er einkum um að ræða leikferðir út um land á leikári eða í sumarleyfum leikara og starfsfólks. Hið fyrrnefnda er erfitt að skipuleggja, þar sem alltítt er að leikarar hafi á hendi 3—4 hlutverk samtímis í leikhúsinu. Aðalerfiðleikarnir eru þó kostnaðarlegs eðlis. Samvinna við Menningarsjóð félagsheimila gæti hugsanlega bætt þarna um. Leikhúsið getur lagt til leikara og leikstjóra til að vinna með áhugafólki úti á landsbyggðinni og hefur gert það í vaxandi mæli. En til þess að nokkuð kveði að slíku, er leikhópur hússins of fámennur í dag. Lán á búningum, leikmunum og jafnvel heilum leikmyndum er nauðsynleg þjónusta og er þegar veruleg, bæði við áhugaleikfélög og skóla og einkum fer mikill tími hjá saumastofu leikhússins í slíka afgreiðslu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1.—5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Þjóðleikhússtjóri hefur að undanförnu verið settur í starf sitt frá ári til árs til þess að unnt yrði að breyta ráðningartíma í það horf, sem gert er og hefur verið gert ráð fyrir í frumvarpi til laga um Þjóðleikhús, þ. e. að hann verði ráðinn til fjögurra ára í senn með heimild til endurráðningar önnur fjögur ár í stað ótímabundinnar skipunar.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Starf framkvæmdastjóra er nýtt og er honum ætlað að sjá um sem hagfelldasta skipan á æfingum og æfingatímum, fylgjast með innkaupum, skipuleggja leikferðir o. fl.

Um 9. gr.

Fjármálafulltrúi kemur í stað skrifstofustjóra leikhússins með nokkuð breyttu verksviði.

Um 10. gr.

Hér er um nýja starfsmenn að ræða, — bókmennta- og leiklistarráðunaut (1), tónlistarráðunaut (⅓ fulls starfs) og listdansstjóra.

Um 11. gr.

Þjóðleikhússtjóra er ætlað að hafa úrslitavald um og bera ábyrgð á stjórn leikhússins, bæði að því er varðar listræn málefni og fjármál.

Um 12. gr.

Þeim kröfum sem gerðar eru til leikhússins verður því aðeins fullnægt að því sé séð fyrir tekjum sem nægja til þess leikhúsrekstrar, sem til er ætlast. Í slíkum rekstri eru jafnan miklar fjárhagssveiflur og erfitt fyrir stofnun, sem gera ber jafnmiklar kröfur til og Þjóðleikhússins að hafa ekki fastan tekjustofn að styðjast við. Í greininni er miðað við að Þjóðleikhúsið hafi á að skipa því starfsliði sem þarf til þess að það geti leyst verkefni sín af hendi, m. a. er kveðið á um að þar skuli starfa blandaður kór. Hefur svo verið í reynd að undanförnu (Þjóðleikhúskórinn).

Um 13. og 14. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 15. og 16. gr.

Æskilegt er að koma leikmunasafni á fót, ekki síst sem lið í aukinni þjónustu við leikfélög áhugamanna víðsvegar um land. Eigi er síður mikilsvert að Þjóðleikhúsið aðstoði þau með gistileikurum og leiðbeinendum meðan ekki er önnur stofnun til sem hafi það hlutverk sérstaklega með höndum.

Um 17. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um18.—22. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 466. Frumvarp til leiklistarlaga. [226. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn leiklistarmála samkvæmt lögum þessum.

Lög þessi taka, eftir því sem við á, til allrar leiklistarstarfsemi í landinu.

2. gr.

Ríkið rekur og kostar Þjóðleikhús og Leiklistarskóla Íslands eftir því sem fyrir er mælt í löggjöf um þessar stofnanir og í fjárlögum.

Alþingi veitir einnig árlega fé í fjárlögum til stuðnings annarri leiklistarstarfsemi:

I. Til Leikfélags Reykjavíkur.
II. Til Leikfélags Akureyrar.
III. Til Bandalags íslenskra leikfélaga.
IV. Til almennrar leiklistarstarfsemi.
V. Til leiklistarráðs.

Sveitarstjórnir veita fé til leiklistarstarfsemi í sveitarfélögum eftir því sem ákveðið verður í fjárhagsáætlun þeirra, þó eigi lægri fjárhæð til hvers leikfélags en ríkissjóður greiðir skv. 3. gr.

3. gr.

Menntamálaráðuneytið úthlutar fé því sem veitt er í fjárlögum samkvæmt IV. lið í 2. gr., að fengnum tillögum Bandalags íslenskra leikfélaga.

4. gr.

Hlutverk leiklistarráðs er:

I. Að vera vettvangur skoðanaskipta og umræðna um leiklistarmál og stuðla að stefnumótun á því sviði á hverjum tíma.
II. Að vera ráðgefandi aðili fyrir ráðuneytið, sveitarfélög og leiklistarstofnanir þær sem taldar eru í 2. gr.
III. Að stuðla að ritun og útgáfu leikrita.
IV. Að sinna öðrum verkefnum í þágu leiklistar í samráði við menntamálaráðuneytið.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar leiklistarráð, einn fulltrúa án tilnefningar, en aðra ráðsmenn og jafnmarga til vara tilnefna eftirtaldir aðilar:

Bandalag íslenskra leikfélaga einn fulltrúa fyrir hvern tug félaga sem eru fullgildir aðilar að Bandalaginu.

Félag íslenskra leikara þrjá fulltrúa.

Eftirtaldir aðilar tilnefna einn hver:

Ríkisútvarp, einn frá hljóðvarpi og annan frá sjónvarpi.
Félag leikstjóra.
Félag leikritahöfunda.
Samtök félagsheimila.
Leikfélag Akureyrar.
Leikfélag Reykjavíkur.
Tónskáldafélag Íslands.
Samband íslenskra sveitarfélaga.
Þjóðleikhúsráð.

Ráðherra er heimilt að veita öðrum er fjalla með nokkrum hætti um leiklistarmál aðild að leiklistarráði, að fenginni umsögn ráðsins. Skipunartími ráðsmanna er þrjú ár í senn. Ráðið kýs sér sjálft formann og varaformann.

6. gr.

Leiklistarráð kemur saman til fundar einu sinni á ári, nema sérstök ástæða sé til fleiri funda. Skylt er að boða fund, ef 5 ráðsmenn hið fæsta óska þess bréflega og tilgreina umræðuefni.

Framkvæmdastjórn þriggja manna fer með málefni leiklistarráðs milli funda. Leiklistarráð kýs tvo menn í framkvæmdastjórn, en formaður ráðsins er sjálfkjörinn.

Leiklistarráð er ólaunað, en greiða skal þóknun fyrir stjórnarstörf og ferða- og dvalarkostnað utanbæjarmanna vegna fundarsetu.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 15/1965 um fjárhagslegan stuðning við leiklistarstarfsemi áhugamanna og önnur lagaákvæði, er kunna að brjóta í bága við lög þessi.

Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er ætlað að marka í megindráttum hversu haga beri stuðningi ríkisvaldsins og sveitarfélaga við leiklistarstarfsemina. Í því eru hins vegar engin fyrirmæli um fjárhæðir framlaga, en gert er ráð fyrir að þær verði ákveðnar í fjárlögum hverju sinni.

Stofna skal leiklistarráð með aðild þeirra sem ætla má að einkum láti leiklist til sín taka. Því er ætlað „að vera vettvangur skoðanaskipta og umræðna um leiklistarmál og stuðla að stefnumótun á því sviði á hverjum tíma.“ Leiklistarráð kýs þriggja manna framkvæmdastjórn.

Í október 1972 skipaði þáverandi menntamálaráðherra, Magnús T. Ólafsson, nefnd „til þess að endurskoða lög um fjárhagslegan stuðning við leiklistarstarfsemi áhugamanna.“ Nefndin skilaði áliti og tillögum 1. mars 1974.

Við athugun þótti rétt að víkja verulega frá tillögum nefndarinnar, einkum að því er varðar starfssvið leiklistarráðs. Tillögur nefndarinnar eru prentaðar hér með sem fylgiskjal.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um yfirstjórn leiklistarmálanna.

Um 2. gr.

Greinin fjallar um hverja einstaka þætti ríkið kostar eða styrkir og um mótframlög sveitarfélaga, en hliðstæð ákvæði um þau eru í gildandi lögum.

Um 3. gr.

Bandalag ísl. leikfélaga skal koma fram gagnvart fjárveitingavaldinu fyrir hönd hinnar almennu leiklistarstarfsemi áhugafólks og gera tillögur um úthlutun styrktarfjár.

Um 4. gr.

Hér er kveðið á um hlutverk leiklistarráðs. Þarfnast ekki skýringar.

Um 5. gr.

Leitast er við að haga skipan leiklistarráðs þannig að sem flestir þeir er um leiklistarmál fjalla að einhverju marki öðlist aðild að ráðinu. Ráðið kýs sér sjálft formann, enda til þess ætlast að það starfi sjálfstætt, en menntamálaráðuneytið tilnefnir einn mann í ráðið.

Um 6. gr.

Aðeins er kveðið á um einn fastan fund árlega þótt til greina komi að halda fleiri fundi ef sérstök ástæða þykir til. En þriggja manna framkvæmdastjórn starfar milli funda.

Um. 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Álit og tillögur nefndar um leiklistarmál.

Hinn 8. febrúar 1972 var samþykkt á Alþingi svofelld þingsályktun:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka til endurskoðunar lög nr. 15 frá 1965, um fjárhagslegan stuðning við leiklistarstarfsemi áhugamanna.“

Flutningsmenn þingsályktunartillögunnar voru Helgi Seljan og Karvel Pálmason.

Menntamálaráðherra skipaði síðan þriggja manna nefnd til þess að annast endurskoðun þessa, og var nefndin fullskipuð í októbermánuði 1972, en hóf störf í nóvembermánuði sama ár. Í nefndinni áttu sæti: Sveinbjörn Jónsson, leiklistarráðunautur, tilnefndur af Bandalagi ísl. leikfélaga, Eyvindur Erlendsson, leikstjóri, og Knútur Hallsson, skrifstofustjóri, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar.

Nefndin samdi frumvarp til leikhúslaga, og fylgdi því svofelld greinargerð:

Þegar lög nr. 15/1965, um fjárhagslegan stuðning við leiklistarstarfsemi áhugamanna, voru samin að tilhlutan menntamálaráðuneytisins og síðan samþykkt á Al-

þingi, var um tímabæra lagasetningu að ræða og lögin viðurkenning af opinberri hálfu á menningarlegu og félagslegu mikilvægi áhugaleikhúsa í landinu. Lögin voru skref í rétta átt og hafa orðið leiklistarlífi lyftistöng víða um land.

Lögin frá 1965 voru frumsmíð í lagagerð um almenna leiklistarstarfsemi, en um þessi efni voru ekki áður til önnur lög en lögin um Þjóðleikhús, sem eðli málsins samkvæmt eru að kalla einskorðuð við þá stofnun. Nú er komin nokkurra ára reynsla á framkvæmd laganna frá 1965, og í ljósi þeirrar reynslu hefur nú verið leitast við að endurskoða lögin.

Nefndin reyndi þegar í upphafi að gera sér ljóst, hvort hún ætti að leggja til, að haldið yrði í meginatriðum formi og inntaki núgildandi laga eða hvort breytt skyldi þar um.

Kostir núgildandi laga eru einkum þeir, að þau skylda ríkisvaldið til þess að leggja fram í fjárlögum ákveðna lágmarksupphæð (1 millj. kr.) til þessara mála og jafnframt eru sett ákveðin skilyrði um fjárveitingar til einstakra leikfélaga og rammi um styrkveitingar til þeirra (30—100 þús. kr. til félaga í A-flokki og 10—30 þús. kr. til félaga í B-flokki). Menntamálaráðuneytið hefur árlega skipt fjárveitingunni milli leikfélaganna. Leikfélag Reykjavíkur hefur undanfarið haft sérstaka fjárveitingu í fjárlögum, sömuleiðis Bandalag íslenskra leikfélaga. Í núgildandi lögum er líka gert ráð fyrir, að bæjar- og sveitarsjóðir styrki leikfélögin hvert á sínum stað á móti ríkissjóði, þ. e. ýmist með jafnháum framlögum eða a. m. k. 50% framlögum, allt eftir því hvort um styrki samkvæmt A, B eða C flokkum er að ræða.

Ef fylgja ætti formi núgildandi laga, væri hlutverk nefndarinnar að því er virðist einfaldlega að breyta tölum og hækka þær til samræmis við verðlagsþróun frá 1965.

En þótt kostir núgildandi laga séu vafalaust margvíslegir, eins og rakið hefur verið, og þau að sumu leyti á undan tímanum, ef samanburður er hafður við norræna löggjöf á þessum tíma, þá hafa þau á sér nokkurn reglugerðarblæ, þ. e. þau hafa að geyma ýmis ákvæði, sem eðlilegra virðist að skipa með reglugerð eða öðrum stjórnsýslulegum hætti. Óheppilegt getur t. d. verið að tilgreina í lögum eða lögfesta ákveðnar fjárhæðir til tiltekinna mála. Innan fárra ára verða slíkar fjárhæðir úreltar og í litlu samræmi við verðlagsþróun.

Sá var annar kostur að mati nefndarinnar, að hún semdi frumvarp, er hefði inni að halda rammalöggjöf um þessi efni, en gert væri ráð fyrir, að einstökum framkvæmdaratriðum yrði skipað með reglugerð. Þar sem líta mátti þannig á, að nefndin færi með nokkrum hætti út fyrir markað verkefni sitt í skipunarbréfi, ef þessi leið yrði valin, var leitað samþykkis ráðherra fyrir því, að starfssvið nefndarinnar skyldi aukið og henni heimilað að semja drög að almennum leikhúslögum, þ. e. heildarlögum um leikstarfsemi í landinu, þar sem mótaður væri rammi um þessa starfsemi og henni sköpuð grundvallarskilyrði til að þróast með eðlilegum hætti, þannig að leitast yrði við að leggja grundvöll að mótun stefnu í leiklistarmálum og leggja drög að leikhúspólitík innan frjálsra og framsækinna marka, en með íslenska leikhúshefð að kjölfestu. Ráðherra samþykkti að meginstefnu, að nefndin færi þessa leið og í framhaldi af því voru samin fyrstu drögin að lagafrumvarpi því, er hér liggur fyrir. Drög þessi voru síðan í aðalatriðum kynnt ýmsum helstu forustumönnum íslenskrar leiklistar og forsvarsmönnum ýmissa félaga og stofnana, er láta sig leiklist varða með einum eða öðrum hætti. Komu margir þessara aðila á fund nefndarinnar að ósk hennar, en einnig gekkst nefndin fyrir allfjölmennum fundi um málið. Meðal þeirra aðila, sem nefndin ræddi við, má nefna þjóðleikhússtjóra, leikhússtjóra Leikfélags Reykjavíkur, fulltrúa leikara, leikstjóra, leikmyndagerðarmanna, listdansara, tónskálda og leiklistarnema, enn fremur fulltrúa félagsheimilasjóðs og menningarsjóðs félagsheimila, Ríkisútvarpsins og Sambands ísl. sveitarfélaga. Allir þessir aðilar tjáðu sig samþykka frumvarpsdrögunum í meginatriðum. Athugasemdir komu fram frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og hefur verið reynt að koma til móts við þær eftir því sem kleift hefur þótt við síðari gerð frumvarpsins. Leikfélag Akureyrar sendi og fulltrúa á fund nefndarinnar, en félagið fékk frum-

varpsdrögin til athugunar og sendi skriflegar umsagnir um málið til ráðherra og nefndarinnar. Þess skal einnig getið, að á framangreindum fundi mætti fyrir hönd Bandal. ísl. leikfélaga formaður þess, Helgi F. Seljan, alþingismaður og fyrri flutningsmaður þingsályktunartillögunnar um lagaendurskoðun þessa, og lýsti hann velþóknun sinni á stefnu frumvarpsins.

Einn þáttur í starfi nefndarinnar var að kynna sér löggjöf og þróun þessara mála á Norðurlöndum, og hafði nefndin sérstaka hliðsjón af tveim norrænum álitsgerðum um þetta efni, þ. e. álitsgerð norsku leiklistarmálanefndarinnar, er skilaði áliti í maímánuði 1970, og tillögum danska leiklistarráðsins, er lagðar voru fram í maímánuði 1972, en tillögur beggja þessara aðila stefna mjög í sömu átt og frv. það, er hér liggur fyrir.

Þótt frv. sé ætlað að fjalla um alla leiklistarstarfsemi í landinu, þótti eigi tímabært að það tæki til Þjóðleikhússins að sinni, þar sem um þá stofnun gilda sérstök lög. Þó telur nefndin, að stefnt skuli að því í nánustu framtíð, að slík heildarlög nái einnig til Þjóðleikhússins, svo að leikhúslögin þjóni betur tilgangi sínum og rísi frekar undir nafni.

Í frv. þessu er ekkert ákvæði um tilgang laganna eða hlutverk leiklistar í þjóðfélaginu. Lögin sjálf og framkvæmd þeirra eiga að vera talandi tákn um lifandi leikhús. Leiklistarráð á að vera sívakandi umræðuvettvangur, þar sem markmið og hlutverk leiklistar á að vera það efni, sem aldrei má missa sjónar af í önn dagsins. Á þeim vettvangi ber að ræða vanda leikhússins í síbreytilegu þjóðfélagi. Það er ekki einungis sjónvarpið, sem er á góðum vegi að skapa gjörbyltingu í leikhúsmálum, heldur munu aðrar tæknilegar nýjungar skipta þar lítt minna máli og má þar m. a. nefna myndböndin (videokasettur), sem munu væntanlega hafa í för með sér, að hinn almenni borgari geti innan tíðar keypt helstu leikverk heimsbókmenntanna og átt í skáp sínum og leikið, þegar hann lystir, eða tekið sjálfur upp leikrit af sjónvarpsskjánum og síðan horft á að vild. Einn tilgangur þessa lagafrv. er að skapa skilyrði til þess, að unnt verði að fylgjast með þessari ævintýralegu þróun og tileinka okkur það besta, sem hún kann að hafa að bjóða.

Frumvarp til leikhúslaga.

1. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn leiklistarmála samkvæmt lögum þessum.

Lög þessi taka til allrar leiklistarstarfsemi í landinu, en þó ekki til Þjóðleikhússins, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

2. gr.

Alþingi veitir árlega á fjárlögum til stuðnings leiklistarstarfsemi í landinu:

1) a. til borgarleikhúss í Reykjavík eða Leikfélags Reykjavíkur,
   b. til bæjarleikhúss á Akureyri eða Leikfélags Akureyrar,
   c. til Bandalags íslenskra leikfélaga,
   d. til rekstrar leiklistar- og listdansskóla.
2) til leiklistarráðs, til þess að framkvæma þau verkefni, sem talin eru í lögum þessum eða sem því kann síðar að verða falin umsjón með.

3. gr.

Leiklistarráð er þannig skipað. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann án tilnefningar. Aðrir ráðsmenn skulu tilnefndir af eftirtöldum aðilum ásamt jafnmörgum til vara:

Bandalagi íslenskra leikfélaga. Einn fulltrúi fyrir hvern tug félaga, sem eru fullgildir aðilar í bandalaginu.

Félagi íslenskra leikara. Einn fulltrúi fyrir hverja listgrein.

Félagi leikstjóra á Íslandi.

Félagi leikritahöfunda.
Félagsheimilasjóði eða samtökum félagsheimilanna.
Leikfélagi Akureyrar.
Leikfélagi Reykjavíkur.
Ríkisútvarpinu. Einn frá hljóðvarpi og annar frá sjónvarpi.
Tónskáldafélagi Íslands.
Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
Þjóðleikhúsinu.

Ráðherra er heimilt að veita öðrum, er fjalla um leiklistarmál með nokkrum hætti, aðild að ráðinu að fenginni umsögn leiklistarráðs. Skipunartími ráðsmanna er þrjú ár í senn.

4. gr.

Hlutverk leiklistarráðs er:

1) Að vera ríkisstjórn, sveitarfélögum og öðrum opinberum aðilum til ráðuneytis um leiklistarmál og stuðla að mótun stefnu í leiklistarmálum.
2) Að fjalla um fjárhagslegan stuðning opinberra aðila við leiklistarstarfsemina, þar á meðal tillögur um fjárveitingar í þessu skyni á fjárlögum ríkisins og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga. Enn fremur skiptingu á því fé, sem veitt er til leikstarfsemi áhugamannaleikfélaga eða annarrar leikstarfsemi.
3) Að stuðla að ritun og útgáfu leikrita.
4) Að vera til ráðuneytis um gerð leiksviða og leiksviðsbúnaðar í félagsheimilum og skólum.
5) Að efla samvinnu þeirra stofnana og félaga, sem leiklistarmálum sinna, meðal annars með því að greiða fyrir leikferðum, ráðningu leikstjóra og leiðbeinenda og skiptum á leikurum.
6) Að stofna og annast rekstur leikmunasafns í þágu leiklistarstarfsemi í landinu. Ráðuneytið setur safninu reglugerð, að fengnum tillögum leiklistarráðs.
7) Að sinna öðrum verkefnum í þágu leiklistar, sem ráðinu kunna að verða falin af ráðherra.

5. gr.

Leiklistarráð kemur saman til fundar eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Skylt er að halda fund, ef fimm ráðsmenn hið fæsta óska þess bréflega.

Formaður ráðsins boðar til funda. Leiklistarráð heldur gjörðabók yfir fundi sína. Afl atkvæða ræður úrslitum mála.

Leiklistarráð er ólaunað. Menntamálaráðuneytið getur í reglugerð sett nánari ákvæði um starfshætti ráðsins.

6. gr.

Sérstök framkvæmdastjórn fer með málefni leiklistarráðs milli funda.

Í framkvæmdastjórn leiklistarráðs eiga sæti fimm menn: Formaður ráðsins, sem jafnframt skal vera formaður framkvæmdastjórnar, fulltrúi tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og þrír fulltrúar kosnir af ráðinu til eins árs. Við þá kosningu eiga fulltrúar menntamálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga ekki atkvæðisrétt. Framkvæmdastjórn heldur fundi að jafnaði einu sinni í mánuði. Þóknun til framkvæmdastjórnar greiðist af starfsfé ráðsins samkvæmt ákvörðun ráðherra.

7. gr.

Leiklistarráði er heimilt að ráða leiklistarfulltrúa til þess að vinna að framkvæmd þeirra mála, sem því er ætlað að sinna samkvæmt lögum þessum.

Laun leiklistarfulltrúa greiðast úr ríkissjóði og skulu ákveðin samkvæmt lögum um kjör opinberra starfsmanna.

Starfið skal veitt til fjögurra ára í senn. Endurnýja má ráðninguna til næstu fjögurra ára, ef meiri hluti leiklistarráðs er því samþykkur.

Leiklistarfulltrúi á sæti á fundum leiklistarráðs, en á þar eigi atkvæðisrétt.

8. gr.

Sveitarstjórnir veita fé til leiklistarstarfsemi í sveitarfélögum.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um slíkan stuðning í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og leiklistarráð.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 15/1965, um fjárhagslegan stuðning við leiklistarstarfsemi áhugamanna og önnur lagaákvæði, er kunna að brjóta í bága við lög þessi.

Ráðherra setur reglugerð um frekari framkvæmd laganna.

Lögin skulu endurskoðuð eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku þeirra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Að því er varðar einstakar greinar frumvarpsins tekur nefndin þetta fram:

Um 1. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Eins og þegar hefur verið sagt, er nú veitt fé til rekstrar Þjóðleikhússins samkvæmt lögum um Þjóðleikhús frá 15. júní 1947, en með lögunum frá 15. mars 1965 var mótuð stefna um fjárveitingar til leiklistarstarfsemi áhugamanna, þ. e. a. s. til einstakra leikfélaga, Bandalags íslenskra leikfélaga og Leikfélags Reykjavíkur, en fjárveitingar til þessara aðila höfðu þó um langt árabil verið í fjárlögum ríkisins. Þar sem lögin um Þjóðleikhús eru nú í endurskoðun, er ekki ástæða til að taka ákvæði um rekstrarstyrk til þess inn í þessi lög fremur en önnur ákvæði varðandi þá stofnun. Hér eru því taldir þeir aðilar, sem ætla má að fjárveitingavaldið vilji styðja með beinum fjárveitingum, en þeir eru:

1) a) Leikfélag Reykjavíkur, sem var stofnað 1897 og var löngum aðalleikhús landsins. Starfsemi L. R. hefur á síðustu árum þróast frá því að vera áhugamannafélag, sem greiddi þó leikurum sínum nokkra þóknun, í að verða leikhús rekið á svipuðum grundvelli og önnur atvinnumannaleikhús, enda nýtur það verulegs styrks úr borgarsjóði, sem gengur til launagreiðslna fyrir fastráðna starfsmenn. L. R. hefur lengi notið styrks á fjárlögum ríkisins og á fjárlögum ársins 1974 er því veittur styrkur að upphæð kr. 5.5 milljónir. Nú er hafinn undirbúningur að leikhúsbyggingu og hefur Reykjavíkurborg á undanförnum árum veitt árleg fjárframlög til byggingarinnar. Hér er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður styrki starfsemi L. R. svo sem hingað til.

b) Leikfélag Akureyrar var stofnað 1917 og á sér því nokkuð styttri sögu, en starfsemi þess hefur borið vitni um mikinn áhuga og fórnfýsi félagsmanna til þess að halda uppi leiklistarlífi í höfuðborg Norðurlands. Leikfélag Akureyrar hefur sýnt 150 verkefni. Fjárveitingar til L. A. hafa farið ört hækkandi á síðustu fjórum árum og eru því nú ætlaðar 2.5 milljónir króna af því, sem veitt er til leiklistarstarfsemi á fjárlögum ríkisins í ár.

Leikfélag Akureyrar gerir nú alvarlega tilraun til þess að tryggja grundvöll fyrir starfsemi sína sem atvinnuleikhúss og hefur gert ráðningarsamning við hóp leikara auk launaðs leikhússtjóra. Stjórn Leikfélags Akureyrar hefur eindregið óskað eftir því, að félagið fái sérfjárveitingu á fjárlögum ríkisins. Leikfélagið hefur lengi notið styrks úr bæjarsjóði Akureyrar og hafði áður fyrr lengi sérstaka fjárveitingu í fjárlögum ríkisins.

c) Bandalag íslenskra leikfélaga var stofnað árið 1950. Það er samtök áhugamannafélaganna í byggðum landsins. Í Bandalaginu eru fjörutíu leikfélög og hafa um 30 þeirra verið stofnuð eftir að Bandalagið hóf starfsemi sína. Auk þess eru innan þess nokkur ungmennafélög, sem flest hafa starfað að leiklistarmálum um langan tíma, sum svo skiptir tugum ára. Bandalagið hefur frá upphafi notið smástyrks á fjárlögum ríkisins, en auk þess greiða leikfélögin því árgjald, sem alla tíð hefur verið mjög lágt enda hafa félögin verið lítt aflögufær. Þau hafa verið að byggja upp eigin starfsemi og samtímis hafa mörg þeirra lagt mikið af mörkum til félagsheimila og leiksviðsbúnaðar í þeim. Bandalagið rekur margvíslega þjónustu og upplýsingastarfsemi fyrir félögin og þá einkum með útvegun leikrita, svo og annars sem leikstarfsemin þarfnast. Þá hefur Bandalagið verið leiðbeinandi um gerð leiksviða í félagsheimilum og annast útvegun leiksviðsbúnaðar og uppsetningu, eftir því sem óskað hefur verið eftir. Afli þess hefur fremur verið beitt til þess að hjálpa einstökum félögum á líðandi stundu en til þess að byggja upp öfluga þjónustumiðstöð, sem æskilegt hefði verið að gera samtímis. Bandalagið á nú mikið safn leikrita, sem það hefur fjölritað til afnota fyrir leikflokka, svo og talsvert magn af hárkollum. Þess má geta, að unglinga- og framhaldsskólar hafa notið mikillar fyrirgreiðslu vegna félagsstarfsemi skólanna. Samtök áhugamannafélaga eru til í mörgum löndum. Bandalagið er hið þriðja elsta af átta á Norðurlöndum.

Norrænu bandalögin hafa samstarf undir nafninu Nordisk Amatörteaterråd og hefur starfsemi þess farið vaxandi með ári hverju. Gert er ráð fyrir sér styrk til bandalagsins svo sem í núgildandi lögum.

d) Hér er aðeins minnt á fjárveitingar til leiklistar- og listdansskóla, en gert er ráð fyrir, að sett verði sérstök lög um þessa skóla, þegar fram í sækir. Leiklistarráð hlýtur að vinna að og fylgjast með framvindu þess máls. Þörfin á stofnun alhliða leiklistarskóla er orðin mjög brýn. Sú skoðun hefur komið fram í nefndinni, að slíkur skóli þurfi ekki endilega að vera eingöngu fyrir upprennandi atvinnufólk í leiklist, heldur hljóti skólinn einnig að koma að góðu gagni fyrir fólk, sem stefnir að öðrum ævistörfum, þar sem þörf er m. a. kunnáttu í tjáningu og framkomu, eða fyrir fólk, sem vill afla sér almennrar listmenntunar líkt og er um ýmsa, er stunda tónlistarnám. Samkvæmt þessari skoðun skal m. ö. o. stefnt að því, að nokkur leiklistarmenntun teljist til almennrar menntunar í nútímaþjóðfélagi.

2) Loks er gert ráð fyrir fjárveitingu til leiklistarráðs til þess að vinna að þeim verkefnum, sem talin eru í fjórðu grein frumvarpsins, þar á meðal að styrkja starfsemi áhugamannafélaganna í byggðum landsins og úthlutun fjár til starfsemi þeirra. Samkvæmt gildandi lögum er nú veitt sameiginleg upphæð á fjárlögum til þessarar starfsemi. Um hlutverk leiklistarráðs er fjallað í fjórðu grein þessara laga, og væntanlega mun ráðið leita eftir fjárveitingum til Alþingis eftir því sem þörf krefur hverju sinni.

Um 3. gr.

Nefndin hefur íhugað hverjir þeir aðilar séu, sem eðlilegt er að eigi sæti í leiklistarráði og eru þeir taldir í þessari grein. Þess skal getið, að í Félagi íslenskra leikara eru leikarar, sem fullnægja tilteknum inntökuskilyrðum um inngöngu, svo og söngvarar og leikmyndagerðarmenn. Félag íslenskra leikara mun því væntanlega eiga þrjá fulltrúa í ráðinu. Í Bandalagi íslenskra leikfélaga eru fjörutíu leikfélög og tíu ungmennafélög. Það er líklegt, að bandalagið fái fjóra til fimm fulltrúa í ráðinu. Ekkert er því til fyrirstöðu og raunar æskilegt að fjölga meðlimum þess, svo að sem flestar raddir heyrist og sem flest sjónarmið nái að koma fram frá þeim, sem láta sig þessi mál varða sérstaklega. Varla er ástæða til að reyna að gera tæmandi talningu á þeim,

sem til greina koma, en nefna má Félag leikdómara, Bandalag íslenskra listamanna, Menningarsjóð félagsheimilanna.

Með stofnun leiklistarráðs er ekki ætlunin að koma á fót fjölmennri og svifaseinni nefnd, er lítt verði til framkvæmda fallin. Skýrt skal tekið fram, að hlutverk ráðsins er að vera **umræðuvettvangur** (forum) um leiklistarmál, þar sem flestir þeir aðilar, er þessi mál varða, fái tækifæri til að koma skoðunum sínum og viðhorfum á framfæri. Ráðinu er ætlað að vera eins konar fulltrúaráð, er komi saman fám sinnum á ári og móti stefnu í meginatriðum, en hafi ekki framkvæmdir með höndum. Þær verði í höndum fámennrar framkvæmdastjórnar. Mikilvægt verður að telja, að til sé slíkur umræðuvettvangur eða fast árlegt ráðstefnuhald um leiklistarmál, þar sem mönnum gefst kostur að viðra skoðanir sínar, koma áhugaefnum sínum á framfæri og bera saman bækur sínar í þessum efnum. Slíkur umræðuvettvangur ætti að vera til þess falinn að minnka togstreitu og tortryggni, eyða misskilningi og fordómum og stuðla að því að sameina þá mörgu og ólíku aðila, sem að þessum málum vinna hver með sínum hætti.

Um 4. gr.

Í greininni eru talin upp og flokkuð nokkur helstu viðfangsefni, sem leiklistarráði er ætlað að sinna og munu þau varla þarfnast langra skýringa. Leiklistarráð á í fyrsta lagi að vera samvinnunefnd og ráð, sem opinberir aðilar gætu snúið sér til og leitað álits og ráða hjá um allt það, sem varðar þessi mál á innlendum vettvangi. Má þar fyrst nefna, að eðlilegt væri að beiðnir einstakra leikhússtofnana um fjárveitingar yrðu sendar ráðinu til umsagnar. Í öðru lagi er hugmyndin sú, að ráðið eða öllu heldur framkvæmdastjórn þess úthluti styrkjum til einstakra leikfélaga af því fé, sem sérstaklega yrði til þess ætlað af fjárveitingavaldinu. Samkvæmt gildandi lögum veitir Alþingi árlega ákveðna fjárveitingu til leiklistarstarfsemi. Þessari fjárveitingu hefur að mestu verið úthlutað af menntamálaráðuneytinu. Á fjárlögum 1974 eru veittar 5.2 milljónir króna til styrktar einstökum leikfélögum, en fjárveitinganefnd ákvað að Leikfélag Akureyrar skyldi hljóta 2.5 milljónir af þessari upphæð. Koma því 2.7 milljónir til skipta milli annarra leikfélaga á þessu ári. Um úthlutun styrkja til leikfélaga og leikflokka yrðu væntanlega settar reglur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Í þriðja lagi er leiklistarráði og framkvæmdastjórn þess ætlað að fylgjast almennt með menntun leiklistarfólks og þá sérstaklega með framhaldsmenntun og endurhæfingu eða símenntun þess. Þegar talað er um að styðja rannsóknir og nýjungar í leiklistarmálum, er einkum átt við tilraunaleikhús, svo og ýmsar aðferðir við rekstur leikhúsa og leikflokka, er gefin hafa verið ólík nöfn, en allar stefna að því að forða leikhúsinu frá stöðnun eða afturför, en koma því í nánari snertingu við mannlíf líðandi stundar. Þessu skyld eru rannsóknarstörf í leiklistarmálum, bæði sögulegar rannsóknir og félagsfræðilegar, en hinar síðarnefndu ryðja sér nú mjög til rúms í listum og öðrum menningarmálum. Kynning á leiklist í skólum getur verið með ýmsum hætti. Beinni fræðslu í þessum efnum verður vart komið við í skyldunámsskólum eða framhaldsskólum, nema í formi valgreina, en áherslu verður væntanlega að leggja á heimsóknir leikfélaga í skóla og eigin leikstarfsemi nemenda, Kynning á leiklist fyrir almenning hlýtur einkum að fara fram í fjölmiðlum og sér í lagi í sjónvarpi og hljóðvarpi. Möguleikar sjónvarps í þessum efnum eru nær ótæmandi. Námskeið fyrir áhugafólk myndi teljast til þessara verkefna svo og uppeldisleg leiktjáning (Pedagogisk dramatik), sem rutt hefur sér mjög til rúms í öðrum löndum og dæmi eru til um að sé kennd sem námsgrein í kennaraskólum.

Í fjórða lagi að stuðla að eflingu leikritunar og útgáfu leikbókmennta, hvort heldur er í prentuðu eða fjölrituðu máli. Þetta er verkefni, sem ekki verður litið framhjá, þegar fjallað er um vanda leikhúss og leiklistar á Íslandi. Leikfélag Akureyrar hefur riðið á vaðið með raunhæfri samvinnu við leikritahöfunda. Væntanlega má finna ýmis úrræði til eflingar leikritun, bæði með hefðbundnum og öðrum hætti. Það þyrfti að veita leikritahöfundum aukin tækifæri til að afla sér frekari þekkingar á sínu sviði með kynnisferðum og námsvist erlendis svo og nánari sam-

vinnu og samskiptum við lifandi leikhús og leikara. Leikritun fyrir sjónvarp er kapituli út af fyrir sig, sem lýtur allt annarri tækni en leikritun fyrir venjulegt leikhús.

Í fimmta lagi að vera til ráðuneytis um gerð leiksviða og leiksviðsbúnaðar. Þessu verkefni hefur Bandalag íslenskra leikfélaga sinnt fram að þessu eftir því, sem óskað hefur verið eftir af byggingarnefndum félagsheimila hverju sinni.

Í sjötta lagi á leiklistarráð að stuðla að samvinnu leikhúsa og leikflokka. Mörg mikilvæg verkefni bíða úrlausnar í leiklistarmálum, sem vonir standa til að auðvelda megi lausn á með skipulegri samvinnu þeirra, stofnana, félaga og einstaklinga, sem að þessum málum vinna og samræmingu á störfum þeirra. Er hér einkum átt við skipulagningu leikferða um landið svo og hin miklu vandkvæði, sem eru að verða á að fá leiðbeinendur og leikstjóra til starfa í byggðum landsins. Enn fremur má nefna skipti á leikurum milli hinna ýmsu leikhúsa og leikfélaga.

Í sjöunda lagi er um að ræða stofnun og rekstur leikmunasafns í þágu allrar leiklistarstarfsemi í landinu. Leikfélögunum í byggðum landsins er mikið áhugamál að fá greiðan aðgang að vönduðum leikbúningum og leikmunum. Í lögum nr. 15/1965 er ákvæði um, að Bandal. íslenskra leikfélaga skuli í samráði við Þjóðleikhúsið og Leikfélag Reykjavíkur koma á fót og reka búninga-, leiktjalda- og leikmunasafn, þegar nægilegt fé sé veitt til þess á fjárlögum eða á annan hátt. Þetta ákvæði hefur alltaf verið dauður bókstafur. Þjóðleikhúsið á orðið myndarlegt safn búninga og leikmuna og sömuleiðis Leikfélag Reykjavíkur. Bandalag ísl. leikfélaga á allstórt hárkollusafn. Búningasöfn þessi eru í þröngum húsakynnum. Áður en langt um líður þarf að leita að stærra húsnæði fyrir búningasafn Þjóðleikhússins. Það er aðkallandi verkefni að koma á samvinnu milli fyrrgreindra aðila um skipulagningu og uppbyggingu slíkrar búningamiðstöðvar og mjög þýðingarmikið fyrir leiklistarstarfsemina í byggðum landsins svo og félagsstarfsemi í skólunum. Sjónvarpið á þegar orðið safn búninga, en ýmislegt um gerð leikbúninga fyrir sjónvarp lýtur öðrum reglum en fyrir leiksvið.

Í frumvarpinu er ekki vikið sérstaklega að alþjóðlegum samskiptum í leiklistarmálum, en slík samskipti geta verið mjög mikilvæg fyrir listgrein af þessu tagi. Er þar helst að nefna norræna samvinnu t. d. á sviði gestaleikja, leikmenntunar og í tækniefnum. Þótt eigi sé neitt tekið fram um það í frumvarpinu, ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að leiklistarráð komi fram af landsins hálfu í þeim samskiptum eftir því sem efni og ástæður kunna að standa til.

Um 5. gr.

Athygli er enn vakin á því að ráðinu er ekki ætlað að koma saman nema tiltölulega sjaldan og er það í samræmi við þann höfuðtilgang þess að vera fyrst og fremst umræðuvettvangur um leiklistarmál. Þessu til áréttingar er tekið fram, að ráðið skuli vera ólaunað. Að sjálfsögðu er ekkert því til fyrirstöðu, að þeir aðilar, sem eiga þar fulltrúa, greiði þeim einhverja þóknun fyrir störf sín og útlagðan kostnað vegna starfa í ráðinu. Einnig kæmi til greina, að slíkur útlagður kostnaður, t. d. ferðakostnaður, yrði greiddur af því fé, sem ráðið hefði til starfsemi sinnar.

Um 6. gr.

Eins og kunnugt er mega nefndir og ráð, sem ætlað er að vera framkvæmdaaðilar, ekki vera mjög fjölmenn, ef þau eiga að koma einhverju í verk og vera til nokkurs nýt. Um slíka framkvæmdaaðila gildir reglan: Því fámennari því betri. Æskilegastar munu vera þriggja manna nefndir, og gerði laganefndin upphaflega ráð fyrir, að í framkvæmdastjórn leiklistarráðs ættu sæti þrír menn, en m. a. til þess að koma til móts við óskir Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem æskt hefur að eiga fulltrúa í framkvæmdastjórn, hefur til samkomulags verið staðnæmst við fimm manna stjórn. Framkvæmdastjórn er ætlað að vera hinni eiginlegi framkvæmdaaðili í þeim málum, sem ráðið tekur að sér. Gera má ráð fyrir, að um talsvert starf verði að ræða og því

eðlilegt, að þóknun komi fyrir. Í reglugerð skal ákveðið nánar valdsvið framkvæmdastjórnar og verkaskipting milli hennar og leiklistarráðs. Óhjákvæmilegt er, að stjórnin fái allmikið frjálsræði við framkvæmd einstakra mála, en aðeins stærri mál verði borin undir ráðið.

Um. 7. gr.

Þar er gert ráð fyrir, að leiklistarráði sé heimilt að ráða starfsmann til þess að vinna að framkvæmd þeirra mála, sem ráðið lætur sig skipta. Eins og fram kemur í 4. grein laganna eru þessi mál býsna mörg og sum þeirra allviðamikil. Hugsanlegt er, að ráðið taki þann kost að leysa ýmis þessara verkefna með því að fela einhverri þeirra leikhússtofnana, sem fyrir eru, framkvæmd ákveðinna þátta og mæla þá með ákveðnum fjárveitingum til þeirra í því skyni, eða þá að ráðið taki sjálft að sér framkvæmd þeirra. Úr þessu verður reynslan að skera og treysta verður því, að ráðið finni hverju sinni þá lausn, sem best hentar.

Um 8. gr.

Gert er ráð fyrir, að reynt verði að setja samræmdar reglur um stuðning sveitarfélaga við leiklistarmál með það fyrir augum, að stuðningur sveitarfélaganna verði ekki minni og helst allmiklu meiri en samkvæmt núgildandi lögum. Aðstæður leikfélaganna eru hins vegar mjög mismunandi, svo að erfitt mun að setja um þetta ófrávíkjanlegar reglur. Þetta yrðu því væntanlega rammareglur, þar sem tillit yrði tekið til aðstæðna og áhuga á hverjum stað. Ekki verður fært að setja reglur um þetta efni, nema samkomulag sé um þær milli ráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga, en framkvæmdastjórn leiklistarráðs myndi væntanlega vera rétti aðilinn til þess að koma til leiðar slíku samkomulagi.

Um 9. gr.

Þegar nokkur reynsla er komin á framkvæmd laganna, mun þörf á að setja reglur um ýmis atriði, sem ekki eru sérstaklega tilgreind í lögunum, en vafalaust þarf samt að skipa með ákvæðum í reglugerð. Verður slíkt að fara eftir eðli máls og nauðsyn. Þar sem um ýmiss konar nýskipan er að ræða í frumvarpi þessu, verður að telja eðlilegt að lögbjóða endurskoðun laganna, þegar hæfileg reynsla er fengin af framkvæmd þeirra. Ber einnig á það að líta, að um málaflokk er að ræða, sem á að vera í sífelldri þróun.

Sþ. 467. Tillaga til þingsályktunar [227. mál]

um rannsókn á notagildi innlendra jarðefna til iðnaðarframleiðslu.

Flm.: Ingólfur Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara ýtarlega rannsókn á því, hvaða jarðefni innlend eru helst nýtanleg til iðnaðarframleiðslu miðað við arðsemi, staðsetningu og notagildi.

Greinargerð.

Í kennslubókum er frá því sagt, að á Íslandi séu ekki verðmæt efni í jörðu, sem geti borgað sig að vinna. Það er rétt, að hér hafa ekki fundist kol eða málmar að verulegu marki. En jarðefni eru eigi að síður mörg hér á landi, sem líklegt er að séu mjög verðmæt, ef þau verða notuð á réttan hátt. Má meðal annars nefna basalt, vikur, leir, perlustein, títaníumríkan sand, gjall, steinullarefni. Sérstakar grastegundir vaxa hér, sem henta vel til plötugerðar o. fl.

Þau efni, sem hér eru talin, munu öll finnast á Suðvesturlandi í mjög ríkum mæli og mörg þeirra einnig í öðrum landshlutum.

Líklegt má telja, að markaður fengist erlendis fyrir hráefnið óunnið, en athuga ber hvort vinnsla gæti orðið arðbær áður en að því ráði yrði horfið að flytja út óunnið efni.

Víða erlendis, svo sem í Frakklandi, Þýskalandi og Tékkóslóvakíu, hefur basalt verið notað til sérstakrar og umfangsmikillar iðnaðarframleiðslu í nokkra áratugi. Nauðsynlegt er að rannsaka hvort hagstætt gæti talist að vinna úr basalti hér á landi fyrir innlendan markað og til útflutnings. Reynslan hefur sýnt, að margt er hægt að vinna úr basalti og hefur sú vinnsla orðið að stóriðnaði í fyrrgreindum löndum.

Tilraunir eru hafnar á vinnslu perlusteins. Gefa þær tilraunir góðar vonir um jákvæðan árangur.

Ur gjalli og vikri gæti orðið um ýmiss konar iðnað að ræða, svo sem síuefni, slípisteina, margs konar fyllingarefni og ýmsa hluta til bygginga.

Framleiðsla á steinull er iðnaður, sem talið er að gæti orðið arðvænlegur til útflutnings. Verksmiðjurekstur í þeirri grein hefur reynst arðbær, þar sem aðstæður eru góðar.

Leir og títaníumríkur sandur hafa einnig reynst nauðsynleg og góð efni til margs konar iðnaðarframleiðslu, sem þekkt er í ýmsum Evrópulöndum og víðar.

Vitað er að unnt er að framleiða þilplötur úr ýmsum grastegundum og vikri, sem gæti sparað innflutning á timbri og öðru skyldu efni.

Það, sem hér hefur verið nefnt, þarfnast ýtarlegrar rannsóknar áður en ráðist er í framkvæmdir. Stofnkostnaður í hvers konar iðnaði er mikill, og verður að gera sér að fullu ljóst hversu mikill stofnkostnaður er í hverri grein. Reynsla verður einnig að fást fyrir gæðum framleiðslunnar og kostnaði á hverri framleiðslueiningu. Nauðsynlegt er að tryggt sé að framleiðslan seljist fyrir kostnaðarverði, áður en ráðist er í framkvæmdir.

Það er mikið verk og vandasamt að rannsaka til hlítar það sem hér hefur verið nefnt. En það þolir ekki bið, að úr því fáist skorið hvort arðvænlegt er að efna til iðnaðarframleiðslu úr íslenskum jarðefnum. Líkurnar eru miklar fyrir því, að jarðefnin séu mikill auður, sem þjóðin geti notfært sér á næstu árum og um langa framtíð.

Athuga ber, að hve miklu leyti er unnt að hafa not af langri reynslu og þekkingu annarra þjóða í vinnslu margs konar jarðefna í fjölbreytilegum iðnaði. Flestum mun vera ljóst, að iðnaðurinn verður á næstu árum að taka við fjölda ungmenna, sem koma á vinnumarkað. Er því þörf á að nýta þá möguleika, sem kunna að vera fyrir hendi til þess að koma upp nýjum iðngreinum. Það er mikilsvert, ef hráefnið er innlent og orkan er heimafengin.

Hliðstæð jarðefni og þau, sem hér hafa verið nefnd, eru mjög verðmæt iðnaðarhráefni víða erlendis. Mikilsverður iðnaður hefur byggst á því að vinna úr þeim á undanförnum áratugum. En nú eru þessi jarðefni víða til þurrðar gengin. Þess vegna er líklegt, að erlendir markaðir geti opnast fyrir íslenskar iðnaðarvörur úr innlendum jarðefnum í þeim löndum, sem ekki hafa lengur hráefni til framleiðslunnar.

Í landinu eru stofnanir og sérfræðingar, sem í meginatriðum geta rannsakað það sem tillagan gerir ráð fyrir. Er ætlast til, að ríkisstjórnin notfæri sér þá þekkingu, sem íslenskir vísindamenn hafa nú þegar og gætu aflað sér erlendis í þessum greinum.

Ekki þykir ástæða til að hafa þessa greinargerð lengri, þar sem tækifæri gefst til þess að ræða um efni og framkvæmd tillögunnar í framsögu eins ýtarlega og þörf gerist.

Ed. 468. Nefndarálit [211. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 80/1971, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, lögum nr. 75/1966, sbr. lög nr. 55/1973 og lög nr. 99 1975, um Fiskveiðasjóð Íslands, lögum nr. 108/1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, og lögum nr. 89/1947, um Fiskimálasjóð.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað málið og mælir með samþykkt þess óbreytts.

Alþingi, 30. mars 1976.

Steingrímur Hermannsson, form., frsm. Halldór Ásgrímsson, fundaskr. Jón G. Sólnes.
Oddur Ólafsson. Stefán Jónsson. Bragi Sigurjónsson.
Jón Árnason.

Ed. 469. Nefndarálit [212. mál]

um frv. til l. um upptöku ólöglegs sjávarafla.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað málið og mælir með samþykkt þess með eftirgreindum

BREYTINGUM:

1. Við 4. gr. Í stað „skal tekin í skriflegum úrskurði“ komi: skal tekin með skriflegum úrskurði.
2. Á eftir 4. gr. komi ný grein, sem verði 5. gr., svo hljóðandi:
   Sjávarútvegsráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

Alþingi, 30. mars 1976.

Steingrímur Hermannsson, form., frsm. Halldór Ásgrímsson, fundaskr. Jón G. Sólnes.
Oddur Ólafsson. Stefán Jónsson. Bragi Sigurjónsson.
Jón Árnason.

Ed. 470. Nefndarálit [213. mál]

um frv. til l. um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað málið og mælir með samþykkt þess óbreytts.

Alþingi, 30. mars 1976.

Steingrímur Hermannsson, form., frsm. Halldór Ásgrímsson, fundaskr. Jón G. Sólnes.
Oddur Ólafsson. Stefán Jónsson. Bragi Sigurjónsson.
Jón Árnason.

Nd. 471. Nefndarálit [108. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 frá 23. apríl 1968.

Frá allsherjarnefnd.

Vegna þessa frumvarps leitaði nefndin umsagnar Sakadóms Reykjavíkur, sem fjallar mjög um þá málaflokka, sem frumvarpið, ef að lögum verður, mundi hafa mest áhrif á.

Fram kemur í þeirri umsögn, að samkvæmt frumvarpinu hefði mátt ljúka nálega 400 þeirra 957 mála með dómssáttum, sem dæmd voru 1975. Í þessum málum þurfti þess í stað að höfða opinbera málshöfðun, en sú afgreiðsla er seinvirk og flókin. Ekki er óalgengt að mál vegna brota á umferðarlögum taki allt að einu ári áður en dómur gengur, og þarf þá að fjalla um málið í 10 skipti af hálfu 4 stofnana.

Slík afgreiðsla væri réttlætanleg, ef hún leiddi til þess að dómi yrði fullnægt, en svo hefur ekki verið af ýmsum ástæðum sem ekki verða raktar hér.

Ef frumvarpið yrði að lögum mundi verulega minnka álagið á dómendum og afgreiðsla mála verða áhrifaríkari. Með frumvarpinu er lagt til að dómari fái aukin svigrúm til að dæma sektir í stað varðhalds, en að sjálfsögðu hafa dómarar áfram lagaheimild til að dæma í strangari refsingu ef tilefni er til.

Dómendur Sakadóms Reykjavíkur, yfirsakadómari, sakadómarar og fulltrúar, mæla allir eindregið með því að frumvarpið nái fram að ganga.

Allsherjarnefnd telur að þessi breyting verði til bóta og hefur þá í huga það ástand, sem nú er í þessum málum, og þá afgreiðslu, sem umferðarlagabrot fá í raun.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með tveim breytingum. Í fyrsta lagi að niður verði felld orðin „allt að 500 000 kr.“ og í stað „fangelsi allt að einu ári“ komi: fangelsi allt að tveim árum.

Þær breytingar eru aðeins til samræmingar við önnur ákvæði laganna.

Gunnlaugur Finnsson var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 30. mars 1976.

Ellert B. Schram, form., frsm.	Svava Jakobsdóttir.	Friðjón Þórðarson.
Ingólfur Jónsson.	Páll Pétursson.	Sighv. Björgvinsson.

Nd. 472. Breytingartillaga [108. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 frá 23. apríl 1968.

Frá allsherjarnefnd.

Fyrri efnismgr. 1. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum eða reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveim árum. Sektir samkvæmt lögum þessum renna til ríkissjóðs.

Sþ. **473. Tillaga til þingsályktunar** [228. mál]

um þjónustustarfsemi sjúkrasamlags, lögreglu, rafmagnsveitna og síma í Vestur-Húnavatnssýslu.

Flm.: Ragnar Arnalds, Páll Pétursson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að því, að aukin verði þjónusta opinberra aðila á Hvammstanga við íbúa Vestur-Húnvatnssýslu og m. a. verði þar starfrækt skrifstofa sjúkrasamlags, lögregluvarðstofa og viðhaldsþjónusta frá Rafmagnsveitum ríkisins og Landssímanum.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, er Hvammstangi þjónustumiðstöð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu. Eftir að sjúkrasamlög hreppanna voru lögð niður hefur öll þjónusta og skrifstofuhald Sjúkrasamlags vestur-húnvetninga færst út úr sýslufélaginu. Stjórn sjúkrasamlagsins ákvað í desember 1974, að skrifstofuhald sjúkrasamlagsins skyldi verða á Hvammstanga frá ársbyrjun 1975, en Tryggingastofnun ríkisins hefur komið í veg fyrir, að sjúkrasamlagsstjórnin fengi þessu ráðið, eins og fram kemur í meðfylgjandi bréfi, sem birt er hér sem fylgiskjal. Þessi afskiptasemi miðstjórnarvaldsins í Reykjavík af málefnum sjálfstæðs sjúkrasamlags úti á landi er að sjálfsögðu óþolandi með öllu. Hér er um stefnumarkandi mál að ræða, sem varðar fleiri staði en Hvammstanga og Vestur-Húnvatnssýslu, enda er ljóst, að ofríki Tryggingastofnunar ríkisins í málum héraðssjúkrasamlaganna er mjög óheppilegt fyrir starfsemi þeirra. Það er að sjálfsögðu lágmarkskrafa, að stjórn héraðssjúkrasamlagsins ráði því, hvar skrifstofa sjúkrasamlagsins er, án utanaðkomandi afskipta manna, sem lítið þekkja til staðhátta. Auk þess er rétt að geta þess, að hreppsnefnd Hvammstangahrepps hefur boðið sjúkrasamlaginu samvinnu um skrifstofuhald og er því ekki líklegt, að kostnaður við rekstur sjúkrasamlagsins verði minni annars staðar. Hins vegar yrði þjónusta við íbúa Vestur-Húnavatnssýslu að sjálfsögðu talvert meiri.

Hreppsnefnd Hvammstangahrepps hefur lengi krafist þess, að lögreglumaður yrði ráðinn til starfa á Hvammstanga, en þeirri kröfu hefur ekki verið sinnt. Lögreglustörf á Hvammstanga hafa að undanförnu verið unnin í aukavinnu manns, sem gegnir öðru starfi. Á Blönduósi eru tveir lögreglumenn og einn á Skagaströnd. Sýslumaður hefur skrifstofuaðstöðu á Hvammstanga og kemur hann þangað eða fulltrúi hans einu sinni í viku.

Megn óánægja er ríkjandi heima fyrir með skipan þessara mála, og á fundi manna úr öllum hreppum Vestur-Húnavatnssýslu 12. maí 1975 var samþykkt að beina því til sýslunefndar Vestur-Húnavatnssýslu, **„hvort ekki sé tímabært, að sýslunefndin óski eftir því við viðkomandi yfirvöld, að Vestur-Húnavatnssýsla verði gerð að sérstöku lögsagnarumdæmi, en með því ætti opinber þjónusta í sýslunni að geta batnað til muna frá því, sem nú er“.**

Á sýslunefndarfundi var svo slík samþykkt gerð.

Vafalaust er mikil andstaða gegn því af kostnaðarástæðum, að sýslumannsembættum verði fjölgað. En flutningsmönnum þessarar tillögu virðist ekki til of mikils mælst, að skrifstofuaðstöðu sýslumanns verði nú a. m. k. breytt í lögregluvarðstofu með fastráðnum lögreglumanni, og má segja, að það sé lágmarksúrlausn á þessum vanda.

Sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu og hreppsnefnd Hvammstangahrepps hafa óskað eftir því, að viðgerðarmenn frá Rafmagnsveitum ríkisins og Landssímanum hafi fasta búsetu á Hvammstanga eða annars staðar í Vestur-Húnavatnssýslu. Þegar bilanir verða í vondum veðrum er sérlega illt að þurfa að sækja þessa þjónustu langan veg. Virðist eðlilegt og sanngjarnt að orðið sé við þessari kröfu.

Fylgiskjal I.

Hvammstanga, 10. des. 1974.

Tryggingastofnun ríkisins,
sjúkratryggingadeild,
Reykjavík.

Stjórn Sjúkrasamlags V-Húnavatnssýslu hefur gert eftirfarandi samþykkt:

„Stjórn Sjúkrasamlags V-Húnavatnssýslu ákveður að frá næstu áramótum skuli skrifstofuhald Sjúkrasamlags V-Húnavatnssýslu flutt frá Blönduósi til Hvammstanga.

Þess er óskað að Tryggingastofnun ríkisins vinni að því í samráði við stjórn samlagsins að flutningur skrifstofuhaldsins geti farið fram á tilteknum tíma. Aðkallandi er t. d. að huga fljótt að ráðningu á starfskrafti og aðstöðu fyrir skrifstofuhaldið, en líklegt er að hér sé um hálft starf að ræða.

Í sambandi við ákvörðunina um flutning skrifstofuhaldsins skal eftirfarandi tekið fram:

Síðan hreppa-sjúkrasamlögin voru lögð niður hefur öll þjónusta og skrifstofuhald Sjúkrasamlags V-Hún. verið á Blönduósi í Austur-Húnavatnssýslu og unnin af sýsluskrifstofu. Þó skal þess getið, að sýslumaður eða fulltrúi hans er hér með viðtalstíma oftast ca. 3—4 klst. í viku og sinnir þjónustu fyrir sýslumannsembættið og þá erindum varðandi sjúkrasamlagið um leið.

Á það hefur margoft verið bent af Vestur-Húnvetningum, að þetta fyrirkomulag á þjónustu sjúkrasamlagsins sé með öllu óeðlilegt og óviðunandi. Eðlilegt og sjálfsagt hlýtur að teljast að Sjúkrasamlag V-Húnavatnssýslu, sem þjóna á Vestur-Húnvetningum, sé með sína þjónustuskrifstofu á Hvammstanga, þar sem þjónustu- og verslunarmiðstöð héraðsins er, en þangað eiga allir sýslubúar erindi.

Í V-Húnavatnssýslu eru íbúar nú ca. 1400—1500, þeir mynda því nægilega stóra heild til að gera þá kröfu, að þeir þurfi ekki að sækja lögboðna þjónustu eins og þjónustu sjúkrasamlags í önnur héruð."

F. h. stjórnar Sjúkrasamlags V-Húnavatnssýslu.

Þórður Skúlason
(formaður).

Fylgiskjal II.

Hvammstanga, 6. febr. 1976.

Til dómsmálaráðuneytisins, Reykjavík,
og sýslumannsins í Húnavatnssýslu.

Hreppsnefnd Hvammstangahrepps fer þess hér með á leit við dómsmálaráðuneytið og sýslumann Húnavatnssýslu að þessir aðilar hlutist til um, að nú þegar ráðinn verður nýr lögreglumaður til starfa við sýslumannsembættið í Húnavatnssýslu, þá verði hann staðsettur á Hvammstanga.

Benda má á að með aukinni umferð, fólksfjölgun og umsvifum á Hvammstanga sé óforsvaranlegt að næsti lögreglumaður sé í 60 km fjarlægð. Þá má einnig minna á að á svæðinu frá Blönduósi til Borgarness er enginn lögreglumaður staðsettur og frá Blönduósi til endamarka lögsagnarumdæmisins að vestan er 100 km akstur en 40 km frá Hvammstanga, en stóraukin umferð um þjóðvegi krefst sífellt aukinna afskipta lögreglumanna.

Að vísu hefur nú um tíma verið staðsettur á Hvammstanga maður, sem vinnur starf lögreglumanns í aukavinnu, en engar líkur eru þó á að sá háttur geti orðið á til frambúðar, vegna þess að nú þegar er starf þessa manns orðið það mikið að nær ómögulegt er að sinna því með öðru starfi. Laun þessa manns fyrir aukavinnu við löggæslu á s. l. ári námu rúmlega 600 þús. krónum.

Á Blönduósi hafa nú að undanförnu starfað tveir lögreglumenn og einn á Skagaströnd. Eðlilegra væri að í öllum þéttbýlisstöðum sýslunnar, Skagaströnd, Blönduósi og Hvammstanga, væri einn lögreglumaður á hverjum stað og mundi lögreglumaðurinn á Hvammstanga fyrst og fremst þjóna vestursýslunni. Þó Blönduós sé nokkru umsvifameiri staður en t. d. Hvammstangi ætti að vera auðvelt fyrir lögreglumenn á Blönduósi og Skagaströnd að hafa nána samvinnu ef á þarf að halda, vegna lítillar fjarlægðar á milli staðanna.

Virðingarfyllst.

F. h. hreppsnefndar Hvammstangahr.
Þórður Skúlason.

Ed. 474. Lög [28. mál]

um kafarastörf.

(Afgreidd frá Ed. 31. mars.)

Samhljóða þskj. 395.

Ed. 475. Frumvarp til laga [229. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 112/1972, nr. 62/1974 og nr. 13/1975.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Fjárhæðir 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 96/1971, lög nr. 62/1974 og lög nr. 13/1975, skulu vera sem hér segir eftirgreind tímabil:

Tímabil:	1. janúar 1976 til 30. júní 1976 Kr.	Frá 1. júlí 1976 Kr.
1. Fjárhæð annarra árstekna lífeyrisþega en lífeyris almannatrygginga (reiknaðrar leigu af eigin húsnæði og tekna barna) sem ekki skerðir rétt til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar):		
Einstaklingar	46 380	120 000
Hjón	83 460	168 000

2. gr.

Í stað 2. ml. 78. gr. laga nr. 67/1971 með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 96/1971, komi nýr málsliður:

Heimilt skal, að fjárhæðir samkv. 1. mgr. 19. gr. taki sömu hlutfallsbreytingum og kveðið er á um í 1. ml. þessarar greinar um upphæðir bóta og greiðslur skv. 73. gr.

3. gr.

1. gr. þessara laga öðlast þegar gildi; 2. gr. taki gildi 1. júlí 1976.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Aðilar þeir, sem standa að hinum almennu lífeyrissjóðum verkalýðsfélaganna og nokkrum öðrum lífeyrissjóðum, hafa gert með sér samkomulag þess efnis, að greiðslum samkvæmt lögum nr. 63/1971 um eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum verði verðtryggðar á þann hátt, að í stað 5 ára meðaltals launa verði greiðsluár hvert miðaðar við grundvallarlaun í byrjun ársins. Ætlunin er, að samkomulag þetta komi til framkvæmda á árinu 1976 og að lífeyrissjóðirnir, sem aðild eiga að samkomulaginu, greiði allan kostnað af þessum auknu eftirlaunum. Sem kunnugt er greiðir ríkissjóður nú ¼ en Atvinnuleysistryggingasjóður ¾ af kostnaði við framkvæmd laga nr. 63/1971, sem áætlaður er skv. gildandi reglum 208 m.kr. árið 1976. Viðbótarkostnaður vegna fyrrgreinds samkomulags er áætlaður ámóta fjárhæð.

Til þess að hækkun eftirlauna skv. þessu samkomulagi hafi ekki í för með sér teljandi lækkun lífeyrisgreiðslna frá almannatryggingum er með þessu frumvarpi lagt til, að fjárhæð þeirra tekna, sem lífeyrisþegum er frjálst að hafa án þess að til skerðingar á tekjutryggingaruppbót á lífeyri almannatrygginga komi, verði hækkuð verulega eða úr 46 380 kr. í 120 000 kr. á ári fyrir einstaklinga og úr 83 460 kr. í 168 000 kr. á ári fyrir hjón. Af framkvæmdarástæðum er talið rétt, að þessi breyting taki ekki gildi fyrr en 1. júlí 1976, er lokið er árlegri endurskoðun á tekjutryggingarréttindum lífeyrisþega, enda skerðir það í engu lífeyrisrétt þeirra, sem njóta eftirlauna samkvæmt lögunum nr. 63/1971 og sérstakrar hækkunar úr lífeyrissjóðum frá áramótum 1975/1976 skv. samkomulagi ASÍ og vinnuveitenda að mati Umsjónarnefndar eftirlauna og Tryggingastofnunar ríkisins. Við ákvörðun um hækkun hins frjálsa tekjumarks lífeyrisþega hefur þótt rétt að hækkunin yrði almenn og næði til allra lífeyrisþega, en yrði ekki einskorðuð við aldraða eftirlaunaþega í stéttarfélögum, er nytu verðtryggingar eftirlauna eins og að ofan greinir, og væri þannig ekki gert upp á milli eigin tekna af atvinnu, eignum eða lífeyrissjóðsgreiðslum. Einkum af þessum ástæðum hefur breyting þessi í för með sér verulegan kostnaðarauka fyrir ríkissjóð, en áætlað er að útgjöld vegna breytingarinnar nemi um 200—250 m.kr. á heilu ári.

Með þessu frumvarpi er jafnframt lagt til í 2. mgr. 2. gr. að hið frjálsa tekjumark lífeyrisþega geti tekið sömu hlutfallsbreytingum og bótafjárhæðir almannatrygginga í samræmi við almennar kauplagsbreytingar, þannig að eigin tekjur lífeyrisþega af atvinnu, eignum eða úr lífeyrissjóðum geti breyst í hátt við almennar launabreytingar án þess að það valdi aukinni skerðingu tekjutryggingaruppbótar.

Ed. 476. Frumvarp til laga [230. mál]

um breyting á lögum nr. 57/1973 um atvinnuleysistryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

15. gr. 7. málsgrein d-liðs laganna orðist svo:

Sá, sem gengur undir starfsþjálfun eða sækir námskeið til þess að öðlast hæfni til að stunda ný störf, nýtur á meðan atvinnuleysisbóta í allt að 30 daga virka, ef hann naut slíkra bóta þegar starfsþjálfunin eða veran á námskeiðinu hófst, sbr. þó 2. mgr. 17. gr. Réttur til atvinnuleysisbóta helst óskertur, þótt bótaþegi sæki námskeið á vegum verkalýðssamtakanna eða almenn námskeið, sem miða að aukinni starfshæfni hans, enda standi þau skemur en einn mánuð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við gerð síðustu kjarasamninga ASÍ lýsti ríkisstjórnin yfir því, að hún myndi beita sér fyrir að svohljóðandi ákvæði yrði sett í lög um atvinnuleysisbætur:

1. E) **Réttur til atvinnuleysisbóta** haldist óskertur þótt bótaþegi sæki námskeið á vegum verkalýðssamtakanna eða almenn námskeið, sem miða að aukinni starfshæfni hans, enda standi þau skemur en 1 mánuð.

Að athuguðu máli þykir eðlilegast að ákvæðið komi sem hrein viðbót við 7. málsgr. d-liðs 15. greinar laga nr. 57/1973 um atvinnuleysistryggingar. Með því móti ætti að vera tryggt, að ekki falli niður sá réttur, sem bótaþegi nú kann að eiga eftir ákvæðum 7. málsgreinar.

Ed. 477. Frumvarp til laga [231. mál]

um breytingu á lögum nr. 63 16. apríl 1971 um eftirlaun til aldraðra í stéttarfélögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Í 3. gr. laganna komi ný málsgrein, er verði 1. málsgrein og orðist svo:

Nú verður félagi, er uppfyllir skilyrði a- og b-liðar 2. gr., eftir árslok 1971 fyrir orkutapi, sem metið er 40% eða meira og veitir honum rétt til örorkulífeyris úr lífeyrissjóði, og á hann þá rétt á örorkulífeyri samkvæmt ákvæðum 7. gr.

2. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Eftirlaun skiptast í ellilífeyri, örorkulífeyri og makalífeyri.

Fjárhæð ellilífeyris er hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna næstu 5 almanaksárin, áður en taka lífeyris hefst, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem félaginn hefur áunnið sér, margfölduðum með 1,8. Aldrei skal þó reikna með færri stigum en 5.

Fjárhæð örorkulífeyris, miðað við 100% örorku, reiknast á sama hátt og ellilífeyrir með þeirri breytingu, að auk áunninna stiga skal reikna þau stig, sem ætla má, að félaginn hefði áunnið sér fram til 70 ára aldurs, miðað við meðaltal stiga þrjú síðustu almanaksárin, áður en hann varð öryrki. Sé orkutap minna en 100%, greiðist örorkulífeyrir í hlutfalli við orkutapið. Örorkulífeyrir fellur niður við 70 ára aldur. Reiknast þá ellilífeyrir í samræmi við þann stigafjölda, sem örorkulífeyrir miðast við.

Fjárhæð makalífeyris er hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna næstu 5 almanaksárin, áður en taka lífeyris hefst, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem félaganum var reiknaður, að viðbættum 5 stigum. Falli félagi frá, áður en hann nær 76 ára aldri, skal auk áunninna stiga reikna þau stig, sem ætla má, að hann hefði áunnið sér fram til 70 ára aldurs, miðað við meðaltal stiga þrjú síðustu almanaksárin, áður en hann féll frá.

Verði það þriggja ára meðaltal stiga, sem um ræðir í 3. og 4. málsgr., talið óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis, er heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári, sem lakast er.

Maður getur notið samtímis makalífeyris og elli- eða örorkulífeyris samkvæmt lögum þessum, enda sé heildarfjárhæð eftirlauna eigi hærri en sem svarar fjárhæð ellilífeyris fyrir 20 áunnin stig.

3. gr.

Aftan við 14. gr. laganna komi ákvæði til bráðabirgða, er orðist svo:

Lífeyrisþegum, er eiga samkvæmt lögum þessum og tilheyra lífeyrissjóðum, sem II. kafli samkomulags Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna frá febrúar 1976 um lífeyrissjóðamál tekur til, skal árin 1976 og 1977 greidd sérstök uppbót umfram það, sem kveðið er á um í 8. gr., þannig að lífeyrisréttur miðist við grundvallarlaun samkvæmt 1. mgr. 6. gr., eins og þau eru samkvæmt kauptaxta í byrjun og um mitt hvors þessara ára um sig, í stað 5 ára meðaltals. Umsjónarnefnd eftirlauna reiknar uppbót þessa. Gjöld til uppbótargreiðslna þessara skulu borin af hlutaðeigandi lífeyrissjóðum með þeim hætti, að hver sjóður, sem aðild á að ofangreindu samkomulagi og undirritar samstarfssamning lífeyrissjóða þar að lútandi, skal leggja fram 4% af iðgjaldatekjum sínum hvort árið um sig. Umsjónarnefnd eftirlauna skal áætla iðgjaldatekjur sjóðanna og ákveða framlög og gjalddaga þeirra. Umsjónarnefndin annast jafnframt skiptingu fjárins milli sjóðanna í hlutfalli við áætlaðar viðbótargreiðslur hvers þeirra vegna greiðslu hinnar sérstöku uppbótar. Það sem á kann að skorta, að framlög af iðgjaldatekjum hrökkvi til þess að greiða þessa sérstöku uppbót, leggur hver sjóður til vegna sinna félaga. Umsjónarnefnd eftirlauna skal annast uppgjör milli sjóðanna eftir lok hvors árs. Um nánari framkvæmd þessara ákvæða skal fara eftir reglum, sem umsjónarnefnd eftirlauna setur og ráðherra staðfestir.

Lífeyrishækkanir, greiddar árin 1976 og 1977 af lífeyrissjóðum, er standa utan við samkomulag það, sem nefnt er í 1. málsgr., skulu ekki koma til frádráttar greiðslum samkvæmt lögum þessum, enda sé um að ræða hækkanir, sem ekki er skylt að greiða samkvæmt lögum eða reglugerð hlutaðeigandi lífeyrissjóðs og eru að dómi umsjónarnefndar eftirlauna hliðstæðar uppbótargreiðslum samkvæmt 1. málsgr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. og 2. gr. um örorkulífeyri gilda frá 1. janúar 1976.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Einn þáttur í lausn hinnar almennu kjaradeilu í febrúarmánuði sl. var samkomulag Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna um málefni lífeyrissjóða. Í samkomulagi þessu er m. a. gert ráð fyrir, að lífeyrissjóðir á samningssviði þessara samtaka ásamt nokkrum öðrum lífeyrissjóðum taki að sér að veita lífeyrisþegum sínum, sem rétt eiga samkvæmt lögum nr. 63 1971 um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, sérstaka uppbót árin 1976 og 1977, þannig að lífeyrisgreiðslur þessar verði betur verðtryggðar en hingað til. Forsenda þessa samkomulags er sú breyting á nefndum lögum, sem í frumvarpi þessu felst.

Auk ofangreindrar uppbótar, sem lífeyrissjóðunum sjálfum er ætlað að standa straum af samkvæmt sérstökum reglum, er í samkomulaginu gert ráð fyrir, að öldruðum félögum stéttarfélaga, sem verða öryrkjar, verði tryggður lífeyrisréttur að uppfylltum tilteknum skilyrðum, svipuðum þeim, er gilda um elli- og makalífeyri, en hingað til hafa lögin einungis tekið til þessara tveggja bótategunda.

Útgjöld samkvæmt núgildandi lögum eru áætluð 208 millj. kr. árið 1976, og ber atvinnuleysistryggingasjóður ¾ útgjaldanna, en ríkissjóður ¼. Með samþykkt frumvarps þessa mundu útgjöld þessara aðila vaxa lítillega vegna hinna nýju ákvæða um örorkulífevri, og sennilega hafa breytingarnar það einnig í för með sér, að menn leita réttar síns fyrr en áður og nýjar umsóknir berast frá mönnum, sem ekki hafa haft fulla vitneskju um rétt sinn. Áætlað hefur verið, að útgjöld til uppbótargreiðslna, sem lífeyrissjóðunum er ætlað að bera samkvæmt frumvarpi þessu, geti numið um 250 millj. kr. 1976.

Sem dæmi um hækkun lífeyrisgreiðslna, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, skal tekinn ellilífeyrisþegi, sem fengið hefur reiknuð 18 stig samkvæmt 6. gr. laganna. Miðað við núgildandi ákvæði hækkaði mánaðargreiðsla til slíks manns úr 7 087 kr. í 9 213 kr. 1. janúar sl., en að meðtalinni hinni sérstöku uppbót, sem hér er gert ráð fyrir, verður lífeyrir 16 949 kr. á mánuði fyrri helming þessa árs og hækkar síðan 1. júlí.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Fyrstu örorkulífeyrisþegar hinna almennu lífeyrissjóða verkalýðsfélaga, sem tóku til starfa árið 1970, öðluðust lífeyrisrétt á árinu 1972. Þeir, sem hingað til hafa öðlast slíkan rétt, eiga að sjálfsögðu skamman réttindatíma að baki, og margir eiga enn fremur skamman tíma eftir til ellilífeyrisaldurs og þar með lítil heildarrettindi. Með ákvæðum þessarar greinar eru slíkum lífeyrisþegum veitt réttindi aftur til 55 ára aldurs með sama hætti og ellilífeyrisþegum, og samkvæmt 3. málsgr. 2. gr. skal ellilífeyrir ákveðinn þannig, þegar þar að kemur, að tími frá orkutapi til 70 ára aldurs reiknast til réttindatíma.

Um 2. gr.

Breytingar, sem í grein þessari felast, eru bein afleiðing af ákvæðum 1. gr. Í 5. málsgr. felst auk þess nokkur rýmkun á reglum um áætlun stiga fram í tímann í sambandi við makalífeyri.

Um 3. gr.

Ákvæði greinarinnar um áðurnefnda uppbót fyrir árin 1976 og 1977, skiptingu útgjalda milli lífeyrissjóða og framkvæmd eru í samræmi við samstarfssamning lífeyrissjóða, sem gera skal samkvæmt áðurnefndu samkomulagi. Ákvæði síðari málsgreinarinnar taka til lífeyrissjóða, sem ekki gerast aðilar að samstarfssamningnum, en taka ákvörðun um hækkun lífeyrisgreiðslna til félaga sinna frá því, sem þær voru í árslok 1975, enda sé ekki skylt að veita slíka hækkun samkvæmt lögum eða reglugerð hlutaðeigandi lífeyrissjóðs. Er gert ráð fyrir, að uppbætur af þessu tagi, hliðstæðar uppbót samkvæmt samstarfssamningnum, valdi ekki skerðingu eða niðurfalli núverandi greiðslna samkvæmt lögum nr. 63 1971, sbr. 9. gr. laganna.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Nd. 478. Tillaga til þingsályktunar [232. mál]

um ráðstafanir til þess að hraða rannsókn sakamála.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Jónas Árnason, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera nú þegar ráðstafanir til þess, að öll þau dómaraembætti, sem hafa með höndum rannsókn umfangsmikilla sakamála, geti ráðið til starfa nauðsynlegan fjölda lögfræðinga, rannsóknarlögreglumanna og bókhaldsfróðra manna í því skyni að hraða rannsókn þessara mála svo þeim verði lokið sem allra fyrst.

Greinargerð.

Í þeim miklu umræðum, sem fram hafa farið um dómsmál nú að undanförnu, hefur m. a. komið í ljós, að þau opinberu embætti, sem fást við rannsóknir sakamála, eru mjög vanbúin að starfsliði og starfsaðstöðu. Þetta hefur gert það að

verkum, að rannsókn mála hefur dregist mjög — stundum langt úr hömlu. Einkum og sér í lagi virðist ganga mjög seint að rannsaka afbrotamál, þar sem meiri háttar fjársvik hafa átt sér stað. Slík mál krefjast þess, að umfangsmiklar bókhaldsrannsóknir eigi sér stað, en í þeim efnum eru dómstólar mjög vanbúnir og má þar t. d. nefna, að embætti ríkissaksóknara hefur ekki einn einasta endurskoðanda starfandi á sínum snærum, heldur verður embættið jafnan að leita til endurskoðenda, sem stunda sjálfstæða endurskoðunarstarfsemi, til þess að vinna slík bókhaldsrannsóknarstörf. Þessar endurskoðunarskrifstofur eru oftast störfum hlaðnar, rannsóknarstörfin verða þær að taka að sér í aukavinnu sé þá á annað borð unnt að fá þær til þess að taka þau störf að sér, og því líður oft mjög langur tími, jafnvel mörg ár, áður en bókhaldsrannsókn er lokið. Þá hefur það einnig gerst, að þegar rannsókn er komin vel á veg tengist málinu einhver viðskiptavinur endurskoðunarskrifstofunnar þannig að ekki sé talið rétt, að sú endurskoðunarskrifstofa haldi bókhaldsrannsókninni áfram. Verður þá að leita til annarrar og hefja rannsókn málsins að nýju. Allt verður þetta til þess að tefja rannsóknina, stundum úr hófi fram, en í málum sem þessum er hætta á, að afbrot fyrnist ef rannsókn liggur niðri um langan tíma. Þá verður hinn mikli dráttur á bókhaldsrannsókninni einnig til þess, að aðrir þættir í rannsókn sakamáls geta dregist eða liggja jafnvel alveg niðri. Oft er hér um að ræða mjög umfangsmikil afbrotamál þar sem mjög stórar fjárhæðir koma við sögu og þarf auðvitað ekki að lýsa því hvaða áhrif það getur haft á viðhorf almennings til réttarfarsins í landinu ef rannsóknir á mjög umfangsmiklum fjársvika- og afbrotamálum dragast mjög óhóflega á langinn, eins og dæmi eru til um. Af málum af þessu tagi má t. d. nefna svonefnt „Klúbbmál", en rannsókn á því, þ. á m. umfangsmikil bókhaldsrannsókn, hófst haustið 1972 og lauk ekki fyrr en með birtingu ákæru nú nýverið. Í öðru lagi má nefna mjög umfangsmikið mál Friðriks Jörgensens, sem tekið var til rannsóknar árið 1966 og er enn ekki lokið. Í þriðja lagi má svo nefna rannsókn á gjaldþrotamálum Vátryggingafélagsins hf., en sú rannsókn hófst fyrir alllöngu og er ekki lokið enn. Þá er það einnig talsvert áberandi hversu langan tíma það virðist taka frá því embætti skattrannsóknarstjóra lýkur rannsókn og meðferð á skattsvikamálum og þangað til þeim lýkur með ákæru og dómi. Er hægt að nefna mörg dæmi þar um, bæði nýleg og eldri.

Skortur á bókhaldsfróðum mönnum til starfa hjá dómaraembættum er ekki eina orsök þess, að rannsókn mála tekur óhæfilega langan tíma. Þessi embætti skortir yfirleitt flest, sem til þarf, bæði í aðstöðu og starfsliði. Í því sambandi vísast t. d. til viðtals við Þórð Björnsson ríkissaksóknara, sem birtist í Þjóðviljanum 6. febr. s. l., svo og til fjölmargra blaðaviðtala við bæði hann og aðra yfirmenn rannsóknar- og dómsmála þar sem mjög er undan því kvartað, að beiðnum þeirra um aukið starfslið og bætta starfsaðstöðu sé lítill skilningur sýndur. Verður gerð nánari grein fyrir þessum atriðum og fleiru í framsögu.

Á undanförnum árum hefur almenningur ekki sýnt dómsmálunum mikinn áhuga. Þetta hefur breyst mjög á undanförnum mánuðum og mun nú um fá mál meira rætt. Í ljós hefur komið að margt í þeim málum þarfnast mikilla úrbóta og ýmislegt er þar hægt að leysa með auknum fjárveitingum og meiri skilningi Alþingis og ríkisstjórnar. Þegar svo er komið, að svo illa er búið að dómstólum og þeim embættum, sem fást við rannsókn afbrotamála, að slík mál af alvarlegasta tagi dragast á langinn von úr viti með þeim afleiðingum að sjálft réttarfarið í landinu verður fyrir harðri og ákafri gagnrýni og menn velta því fyrir sér í alvöru hvort verið geti, að allir íslendingar séu ekki jafnir fyrir lögunum, þá má ekki við svo búið standa. Alþingi íslendinga verður þá að sjá til þess, að dómstólunum verði sköpuð sú aðstaða, sem geri þá hæfari til þess að verða við eðlilegum og sjálfsögðum kröfum um röska og rétta úrlausn mála. Í þeim tilgangi að þetta geti orðið með sem skjótustum hætti er þessi þingsályktunartillaga flutt.

Ed. 479. Breytingartillaga [209. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sbr. l. nr. 72 1. júní 1972 og l. nr. 58 30. apríl 1973, um breyt. á þeim lögum.

Frá Oddi Ólafssyni.

Við 1. gr. 1. efnismálsgr. orðist svo:

Húsnæðismálastjórn er heimilt að veita lán til kaupa á eldri íbúðum og til endurbóta á eigin húsnæði öryrkja og ellilífeyrisþega.

Ed. 480. Frumvarp til laga [233. mál]

um norræna vitnaskyldu.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Hinir almennu dómstólar geta kvatt menn, sem orðnir eru 18 ára, og búsettir eru eða dveljast í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, til vitnisburðar fyrir dómi hér á landi.

Við yfirheyrslur skal fara eftir ákvæðum X. kafla laga nr. 85 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði, eða XII. kafla laga nr. 74 21. ágúst 1974, um meðferð opinberra mála, nema annað leiði af 2.—8. gr. þessara laga.

2. gr.

Vitnastefnu má því aðeins gefa út, að telja verði, að vitnisburður kunni að hafa verulega þýðingu fyrir úrslit máls, og það hafi verulega þýðingu, að vitni beri vætti fyrir dómi hér á landi.

Við mat á þessu ber að taka tillit til þess, hversu mikilvægt málið er, og hvort þingsókn muni hafa veruleg óþægindi í för með sér fyrir vitni.

Einungis í undantekningartilvikum verður vitni stefnt til að bera vætti fyrir öðrum dómstóli en þeim, er dæma skal málið.

3. gr.

Hlutaðeigandi dómstóll gefur út vitnastefnur.

Í stefnu skal geta stefnufrests og hvaða viðurlögum megi beita, ef vitni mætir ekki. Dómstóllinn ákveður stefnufrest.

4. gr.

Í einkamálum getur dómstóll, skv. 124. gr. 3. mgr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85 23. júní 1946, skyldað vitni til að hafa með sér og sýna eða leggja fram skjöl, sem vitnið hefir ráð yfir.

Í refsimálum getur dómstóll, sbr. 98. gr. 3. mgr. laga nr. 74 21. ágúst 1974 um meðferð opinberra mála, skyldað vitni, svo og þann, sem brotið er gegn í refsimáli, til að hafa með sér til sýningar eða framlagningar sakargögn, sem vitnið hefir ráð yfir.

Ef unnt er, skal gefa vitni tækifæri til að tjá sig, áður en úrskurðað er um skyldu þess til að leggja fram skjal.

Nú lætur vitni undir höfuð leggjast, án lögmætra ástæðna, að hafa með sér skjal, og verður þá einungis beitt þeim viðurlögum, sem nefnd eru í 148. gr. laga nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Beita skal ákvæðum 1. mgr. 5. gr. þessara laga eftir því sem við á.

5. gr.

Eigi verður vitni krafið vættis, ef það bryti í bága við ákvæði 125. gr.—128. gr. laga nr. 85 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði, eða ákvæði 89. gr.—101. gr. laga nr. 74 21. ágúst 1974 um meðferð opinberra mála, eða sams konar ákvæði í því landi, þar sem vitni er búsett.

Í opinberum málum (refsimálum) má kveðja þann, sem brotið hefir verið gegn, fyrir rétt til yfirheyrslu skv. ákvæðum þessara laga. Ef þeir, sem brotið er gegn, eru búsettir í Finnlandi eða Svíþjóð, verða þeir ekki beittir viðurlögum, þótt þeir neiti að bera vitni og eigi verður þeim heldur refsað fyrir rangan framburð.

6. gr.

Ef vitni, sem ekki dvelst hér á landi, mætir ekki án lögmætra forfalla, eða boðar ekki forföll í tæka tíð, getur dómstóll aðeins dæmt það í sektarrefsingu og til að greiða þann kostnað, sem útivist þess hefir haft í för með sér.

7. gr.

Meðan vitni dvelst hér á landi til að fullnægja vitnaskyldu samkvæmt ákvæðum þessara laga, verður það ekki látið sæta ábyrgð fyrir refsiverðan verknað, sem það hefir framið fyrir för sína hingað til lands. Eigi verður það heldur framselt til þriðja lands í þessu skyni.

Þessi regla gildir þó ekki, ef vitni gefur í réttarhaldi samþykki sitt til ákæru, afplánunar refsingar eða til framsals, eða ef vitni dvelst meira en 15 daga hér á landi eftir að hafa fullnægt vitnaskyldu, enda hafi það óhindrað getað farið úr landi.

8. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um greiðslur til vitna, sem stefnt er til vitnisburðar samkvæmt ákvæðum þessara laga.

Um leið og vitnastefna er birt, ber að bjóða vitni þær greiðslur, sem það á rétt a til að standa straum af ferða- og dvalarkostnaði, eða hæfilega fyrirframgreiðslu í þessu skyni.

Greiðslur þessar skulu inntar af hendi fyrirfram af almanna fé.

9. gr.

Ákvæðum 1. gr.—7. gr. þessara laga skal beita eftir því, sem við á gagnvart aðiljum í barnsfaðernismálum og í hjúskaparmálum, ef dómur telur brýna nauðsyn til þess að yfirheyra aðilja til þess að ákveða hvoru foreldri beri forræði barns.

Dómur getur ákveðið, að aðiljum þessum sé greitt í samræmi við ákvæði 8. greinar.

10. gr.

Beita skal ákvæðum 4. gr., 5. gr. og 7. gr. gagnvart þeim, er mæta óstefndir sem vitni, eða aðiljar í þeim málum, sem getið er í 9. grein.

11. gr.

Þeir sem orðnir eru 18 ára gamlir og hafa búsetu hér á landi eða dveljast hér eða í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð eru skyldugir til að gefa skýrslu fyrir rétti í þessum löndum í samræmi við þær reglur, sem um þetta gilda í hlutaðeigandi landi.

Sama regla gildir um þá, sem dveljast hér á landi, en hafa búsetu í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð.

12. gr.

Sé þess krafist, má hér á landi fullnægja dómi, sem gerir manni að greiða skaðabætur vegna útivistar eða annarrar vanrækslu, enda sé dómurinn kveðinn upp í

Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð samkvæmt lögum hlutaðeigandi lands um norræna vitnaskyldu.

Við fullnustu á dómum þessum eða úrskurðum skal fara eftir ákvæðum í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um viðurkenningu dóma og fullnægju þeirra frá 16. mars 1932, sbr. lög nr. 30 23. júní 1932.

13. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður, hvenær lög þessi taka gildi. Ákveða má, að lög þessi taki einungis gildi gagnvart einu eða fleirum þeirra landa, sem upp eru talin í 1. grein.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta, sem er efnislega samhljóða þegar settum lögum eða framlögðum frumvörpum á þjóðþingum annarra Norðurlanda, fjallar um gagnkvæma vitnaskyldu þegna ríkjanna. Hafði Norðurlandaráð beint því til ríkisstjórnanna, að hlutast til um, að slíkar reglur yrðu lögfestar. Þetta frumvarp hefur Magnús Thoroddsen, borgardómari, samið að beiðni dómsmálaráðuneytisins. Vegna tiltekinna ákvæða (í 2. gr. og 8. gr.) frumvarpsins þarf að gera smávægilega breytingu á tveimur greinum einkamálalaganna og fylgir lagafrumvarp um það efni þessu frumvarpi. — Með lagafrumvarpi þessu fylgdi frá höfundi þess svohljóðandi:

Greinargerð.

Almennar athugasemdir.

Með lagafrumvarpi þessu er orðið við tilmælum Norðurlandaráðs nr. 17/1968 um norræna vitnaskyldu.

Í þessum tilmælum fer Norðurlandaráð þess á leit við ríkisstjórnirnar, að hvert Norðurlandanna setji reglur, er skyldi menn til þess að mæta sem vitni fyrir dómstólum á hinum Norðurlöndunum.

Á grundvelli þessara tilmæla hafa farið fram viðræður milli Norðurlandanna um það, að sett verði samhljóða lög um þetta efni í löndunum.

Vegna þeirra óþæginda og þess kostnaðar, sem slík vitnafyrirköll milli landa hafa í för með sér og vegna þess, að bæði í Noregi og á Íslandi gilda ákveðnar fjarlægðarreglur um skyldu vitnis til að mæta fyrir dómi, urðu fulltrúar sammála um það við umræðurnar, að því einungis skyldi kveðja vitni til að bera vætti utan heimalands síns, að það væri mjög þýðingarmikið fyrir úrslit málsins.

Hvert Norðurlandanna ákveður það sjálft fyrir hvaða dómstóla norrænum vitnum verði stefnt, en gengið er út frá því, að menn verði einungis kvaddir til að bera vitni fyrir hinum almennu dómstólum. Samkomulag var um, að stjórnvöld í heimalandi vitnis skyldu ekki hafa neitt eftirlit með vitnastefnum þessum og við vitnaleiðslur skyldi fara eftir þeim reglum, sem gilda í því landi, þar sem mál er dæmt, að svo miklu leyti, sem það væri unnt.

Fulltrúar við þessar umræður voru á einu máli um það, að hvert landanna eigi að hafa heimild til að refsa fyrir rangan framburð, sem gefinn er fyrir dómi í einhverju hinna Norðurlandanna.

Í Finnlandi hefir verið samið lagafrumvarp um norræna vitnaskyldu og í Noregi hefir verið lagt fram frumvarp um þetta efni. Í Danmörku og Svíþjóð hafa lagafrumvörp um þetta efni þegar verið staðfest. Í Svíþjóð, lög nr. 752/1974, en í Danmörku, lög nr. 221/1975.

Lögfesting þessa frumvarps mun hafa einhver aukin útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð vegna greiðslna til vitna o.fl. Ástæða er til að ætla, að mál þessi verði fá og útgjöld ríkissjóðs því óveruleg.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í grein þessari er það tekið fram fyrir hvaða ísl. dómstóla megi stefna norrænum vitnum til vitnisburðar. Með orðalaginu: „almennir dómstólar" er átt við héraðsdóm, sjó- og verslunardóm og Hæstarétt. Hins vegar kemur vitnaleiðsla fyrir sérdómstólum, t.d. Félagsdómi, Siglingadómi, ekki til greina.

Þá er því slegið föstu, að einungis þeim, sem orðnir eru 18 ára, verði stefnt til vitnisburðar, enda getur það haft í för með sér sérstaka erfiðleika að vitnastefna yngri mönnum, þar sem þá getur oft verið nauðsynlegt, að leiðsögumaður fylgi þeim, en það mundi hafa í för með sér aukin útgjöld.

Sá, sem stefnt er til vitnisburðar skal hafa búsetu eða dvalarstað á einhverju Norðurlandanna, en þarf þó ekki að vera ríkisborgari í neinu þeirra. Ekki er það heldur skilyrði, að hlutaðeigandi vitni hafi búsetu og dvalarstað í sama landinu.

Við umræðurnar var samkomulag um það, að beita skuli lögum þess lands, þar sem mál er dæmt, nema lög í heimalandi vitnis hafi verulega þýðingu fyrir réttarvernd þess. Í samræmi við þetta er kveðið svo á í grein þessari, að fara skuli eftir ákvæðum X. kafla laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85 23. júní 1936, eða XII. kafla laga um meðferð opinberra mála nr. 74 21. ágúst 1974, nema annað leiði af 2.—8. gr. laga þessara.

Um 2. gr.

Skilyrði fyrir vitnastefnum skv. lagafrumvarpi þessu eru ströng, því að einungis er heimilt að vitnastefna í mikilvægum málum, og þá því aðeins, að ætla megi, að framburðurinn muni hafa verulega þýðingu fyrir málsúrslit. Við samningu þessarar greinar er það haft í huga, að skv. íslenskum og norskum rétti gilda ákveðnar fjarlægðarreglur um vitnaskyldu, sbr. 124. gr. laga nr. 85 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði.

Samkvæmt norskum rétti getur dómur þó útvíkkað vitnaskyldu þessa, þegar hann telur það brýnt, að vitni mæti til vitnisburðar. Sams konar heimild er ekki í 124. gr. laga nr. 85 23. júní 1936. Þarf því að breyta henni.

Tilgangurinn með þessu lagafrumvarpi er að stuðla að milliliðalausri sönnunarfærslu fyrir dómi, þ.e.a.s., að sönnunargögn séu lögð fram beint fyrir þann dómstól, sem dæma á málið. Við norrænu umræðurnar voru menn þó á einu máli um það, að ekki mætti útiloka með öllu, að vitni væri stefnt til vitnisburðar fyrir öðrum dómstóli en þeim, sem dæma á málið, því að það gætu komið upp tilvik, þar sem hentugra væri, að vitni bæri fyrir öðrum dómstóli, t.d. ef allar yfirheyrslurnar færu fram fyrir þeim rétti.

Um 3. gr.

Sá dómstóll, sem dæmir mál tekur ákvörðun um það, hvort skilyrði til vitnastefnu eru fyrir hendi. Um leið ákveður hann stefnufrest fyrir vitnið.

Gengið er út frá því, að lengd stefnufrests sé ákveðin með hliðsjón af þeim fjarska, sem vitni býr í frá þingstað, svo og þeim reglum, er gilda í heimalandi vitnis.

Um 4. gr.

Ekki hefir verið talin þörf á því, að setja reglur um skyldur manna, sem búsettir eru á einhverju hinna Norðurlandanna til þess að leggja fram skjöl fyrir ísl. dómstóli. Eðlilegast er, að slík framlagning eigi sér stað fyrir hlutaðeigandi erlendum dómstóli og samkvæmt hans úrskurði eða ákvörðun.

Öðru máli gegnir hins vegar um þann, sem hefir verið stefnt til að mæta sem vitni, þá er hentugast, að honum sé um leið gert skylt að taka með sér þau sönnunargögn, sem hann hefir ráð yfir og þýðingu hafa fyrir málið. Grein þessi er samin með þetta í huga.

Um 5. gr.

Við norrænu umræðurnar var fjallað um það, hvort einungis skuli beita þeim reglum, sem gilda um undanþágu til að bera vitni, í landi því, þar sem málið er dæmt, eða hvort vitni geti einnig skorast undan að bera vitni með skírskotan til þeirra reglna, er um þetta gilda í heimalandi þess. Voru menn sammála um að velja síðari kostinn. Með þetta í huga er því slegið föstu, að vitni verði ekki krafið vættis, ef það bryti í bága við réttarfarsreglur eða löggjöf í því landi, þar sem vitni er búsett. Sömu sjónarmið ráða einnig varðandi framlagningarskylduna, skv. 4. gr.

Samkvæmt réttarfarslöggjöf Svíþjóðar (hliðstæðar reglur gilda einnig í Finnlandi) er í refsimálum óheimilt að yfirheyra þann, sem brot hefir beinst gegn, að viðlagðri refsiábyrgð og ekki verður hann heldur neyddur til að bera vitni fyrir rétti. Af þessum sökum hefir verið talið nauðsynlegt að taka það fram berum orðum, að einungis megi yfirheyra þessi vitni í samræmi við þær lagareglur, sem gilda í heimalandi þeirra. Hins vegar er heimilt, undir viðurlögum, að stefna þessum mönnum til að mæta fyrir rétti.

Til þess að beita rétt ákvæðum þessarar greinar, er dómara nauðsynlegt að þekkja þær erlendu reglur, sem gilda um undanþágur frá vitnaskyldu. Til þess að ná þessu markmiði, verða dómstólum sendar leiðbeiningarreglur um þetta, þegar lög þessi taka gildi.

Um 6. gr.

Hér eru ákveðin viðurlög, sem beita má vitni, sem mætir ekki án lögmætra forfalla. Við norrænu umræðurnar voru menn sammála um, að eigi skyldi heimilt að færa vitni með valdi á þingstað eða setja það í varðhald, nema því aðeins, að það dveldist í því landi, þar sem mál á að dæma. Einnig var samkomulag um það, að ekki mætti beita þeim „þvingunarsektum“, sem einungis þekkjast í Danmörku og á Íslandi, sbr. 131. gr. 2. mgr. laga nr. 85 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði. Eftir sem áður getur dómstóll gert vitni sektarrefsingu og skyldað það til að bæta þann kostnað, sem útivist þess hefir í för með sér.

Ef vitni neitar að svara án lögmætrar ástæðu, má beita öllum þeim þvingunarráðum, sem heimil eru í dómstólslandinu, þar á meðal frelsissviptingu. Sama máli gegnir, ef vitni neitar að sýna eða leggja fram skjöl, sem því hefir verið gert að taka með sér skv. ákvæðum 4. greinar.

Um 7. gr.

Grein þessi tryggir norrænum vitnum ákveðin grið. Þetta ákvæði er í samræmi við meginregluna í 7. gr. laga nr. 7 14. mars 1962 um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar.

Við hinar norrænu umræður töldu menn það sanngjarnast og hentugast, að allir gætu mætt sem vitni skv. þessum lögum, án þess að eiga það á hættu að verða ákærðir fyrir refsiverðan verknað, sem þeir hafa framið einhvern tíma áður. Hins vegar væri ef til vill síðar hægt að fara þess á leit að fá vitni framselt, eða bera fram tilmæli um það, að heimalandið taki að sér að sjá um ákæru og framkvæmd refsingar.

Um 8. gr.

Vegna þess, að reglur um greiðslur til vitna eru mismunandi innan Norðurlanda, þá hefir reynst nauðsynlegt, að setja ákveðnar reglur um greiðslur til norrænna vitna. Við umræðurnar var gengið út frá því, að þegar reglur um greiðslur til vitna verða endurskoðaðar, þá gerist það í norrænni samvinnu.

Samkvæmt lagafrumvarpinu er það dómsmálaráðherra, sem setur reglur um greiðslur til norrænna vitna. Þetta er annað fyrirkomulag, en mælt er fyrir í 135.

gr. laga nr. 85 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði. Þar er það dómari sem úrskurðar vitni þóknun. Þessu ákvæði þarf því að breyta lítillega.

Ákvæðið um fyrirframgreiðslu til vitnis er sett til þess að auðvelda vitni þingsókn.

Samkvæmt greininni er það hlutverk dómstólsins að ákveða í hverju tilviki, hvort fyrirframgreiðslan eigi að fara fram úr þeirri upphæð, sem nauðsynleg er vitni til þingsóknar, og í hvaða formi eigi að inna hana af hendi. (Peningum, ávísun, farseðlum t.d.).

Um 9. gr.

Við norrænu umræðurnar kom það til tals að taka upp þá reglu, að skylda málsaðilja til að mæta fyrir rétti á hinum Norðurlöndunum, þar sem framburður aðilja geti oft verið álíka mikilvægur til að upplýsa mál, eins og vitnisburður. Samkomulag náðist hins vegar ekki um þetta, og varð það ofan á, að takmarka þessa grein við aðilja að barnsfaðernismálum, sbr. XVIII. kafla laga nr. 85 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði, og við hjúskaparmál, sbr. VII. kafla laga nr. 60 29. maí 1972 um stofnun og slit hjúskapar.

Varðandi aðiljafyrirkall má vísa til skýringanna á greinum 1.—7. hér að framan.

Hvað viðvíkur greiðslum til aðilja, er lagt til að rétturinn geti metið það í hverju tilviki, hvort aðili skuli fá greiðslur eftir þeim reglum, sem gilda um greiðslur til vitna.

Um 10. gr.

Við umræðurnar urðu menn á eitt sáttir um það, að beita bæri ákvæðum 4. og 5. gr., um framlagningarskyldu og vitnaskyldu, enda þótt vitni mæti óstefnt, og yrði því eigi beitt viðurlögum 6. gr. Ef vitni mætir þannig óstefnt yrði það einungis knúið skv. 4. gr. til að leggja fram eða sýna þau skjöl, sem það hefði tekið með sér.

Einnig voru menn sammála um það, að beita griðareglu 7. gr., enda þótt vitni verði hvorki refsað né dæmt til greiðslu skaðabóta vegna útivistar.

Um 11. gr.

Þessi grein leggur skyldu á þá, sem búsettir eru á Íslandi eða dveljast hér á landi eða annars staðar á Norðurlöndum og einnig þá, sem dveljast hér á landi, en eru búsettir annars staðar á Norðurlöndum til þess að mæta og bera vitni fyrir rétti í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð. Grein þessi samsvarar 1. og 9. gr. frumvarpsins um vitnastefnur og aðiljafyrirköll frá hinum Norðurlöndunum.

Um 12. gr.

Fullnægja skal úrskurðum um bætur vegna útivistar, bæði í einkamálum og refsimálum, samkvæmt ákvæðum í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um viðurkenningu dóma og fullnægju þeirra frá 16. mars 1932, sbr. lög nr. 30 23. júní 1932.

Fullnusta sekta, sem á eru lagðar vegna útivistar (í Finnlandi og Svíþjóð hin svokölluðu „vite“) skal fara eftir ákvæðum laga nr. 69 12. desember 1963, um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð o.fl.

Um 13. gr.

Þar sem lögin eiga að taka gildi samtímis á Norðurlöndunum, er nauðsynlegt að veita dómsmálaráðherra heimild til að ákveða gildistökutíma laganna.

Ed. **481. Frumvarp til laga** [234. mál]

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði, sbr. lög nr. 33 26. apríl 1963.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Við 124. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvæði 1. málsgreinar um fjarlægðir eiga ekki við, þegar manni er stefnt til að bera vitni fyrir erlendum dómstóli samkvæmt lögum um norræna vitnaskyldu.

2. gr.

Við 135. gr. laganna, sbr. 16. gr. laga nr. 33 1963, bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þegar manni er stefnt til vitnisburðar samkvæmt ákvæðum laga um norræna vitnaskyldu, ákveður dómari vitnaþóknun samkvæmt reglum, sem dómsmálaráðherra setur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er fylgifrumvarp með frumvarpi til laga um norræna vitnaskyldu, sem lagt er fram samtímis. Samfara lögfestingu þess lagafrumvarps verður nauðsynlegt að gera tvær smábreytingar á lögum um meðferð einkamála í héraði, nr. 85 1936. Hin fyrri varðar ákvæði 124. greinar einkamálalaganna um fjarlægðarmörk í sambandi við vitnaskyldu. Hin almennu fjarlægðarmörk samkvæmt núgildandi lögum koma efalítið til nýrrar skoðunar við allsherjarendurskoðun á einkamálalögunum. Því hefur verið hreyft, að til greina kæmi að nema þau alfarið úr gildi. Ekki sýnist rétt að taka afstöðu til þessa, við breytingu af tilefni þessarar sérstöku vitnaskyldu, sem veldur því, að ákvæðinu þarf að breyta. Svo sem um er rætt, í greinargerð með frumvarpi til laga um norræna vitnaskyldu, má ætla að ekki mundi oft koma til þeitingar hinnar norrænu vitnaskyldu í samskiptum Íslands við önnur Norðurlönd. Er í því sambandi vísað til ákvæða 1. málsgr. 2. greinar lagafrumvarpsins um norræna vitnaskyldu, þar sem ákveðið er, einmitt með hliðsjón af almennum ákvæðum norskra og íslenskra laga um fjarlægðarmörk, að því aðeins skuli gefa út vitnastefnu, að telja verði að vitnisburður kunni að hafa verulega þýðingu fyrir úrslit máls og að það hafi verulega þýðingu, að vitni beri vætti fyrir dómi í því landi, en ekki, svo sem títt er, að vitnaskýrsla sé tekin á heimilisvarnarþingi vitnis, sem áfram ber að gera nema sérstakar ástæður komi til, sbr. það, sem áður var sagt.

Síðari breytingin, á 135. gr. einkamálalaganna, fjallar um þau sérstöku úrlausnarefni, sem varða greiðslu á kostnaði til vitnis, svo sem ferðakostnaði og dvalarkostnaði og þóknun fyrir vinnutap, þegar um það er að ræða. Nauðsynlegt er, að um þetta efni verði komið á samræmdum reglum í öllum löndunum. Þarf því að setja almennar, samræmdar reglur, sem ráðherra setur og gert er ráð fyrir, að samið sé um milli Norðurlandanna. Í hverju einstöku máli úrskurðar dómari um greiðslur til vitnis, samkvæmt hinum almennu reglum.

Nd. 482. Frumvarp til ættleiðingarlaga. [235. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—1976.)

I. KAFLI
Veiting ættleiðingarleyfa og lagaskilyrði fyrir þeim.

1. gr.

Dómsmálaráðherra veitir leyfi til ættleiðingar.

2. gr.

Eigi má veita leyfi til ættleiðingar, nema svnt þyki eftir könnun á málefnum væntanlegs kjörbarns og þeirra, er óska ættleiðingar, að ættleiðing sé barninu til gagns, enda sé það ætlun ættleiðenda að ala upp barnið eða barn hafi verið alið upp hjá þeim eða aðrar sérstakar ástæður liggi til ættleiðingar.

3. gr.

Eigi er manni heimilt að ættleiða barn sitt.

4. gr.

Leyfi til ættleiðingar verður veitt þeim einum, sem er 25 ára að aldri, en þó má, ef sérstaklega stendur á, veita manni, sem orðinn er tvítugur, leyfi til ættleiðingar.

5. gr.

Hjón skulu bæði standa að ættleiðingu, sbr. þó 2. málsgr., enda er hjónum einum heimilt að ættleiða saman.

Öðru hjóna má þó veita leyfi til ættleiðingar, ef hitt er horfið, geðveikt eða fáviti eða geðrænum högum þess að öðru levti er svo háttað, að það heri ekki skvn á gildi ættleiðingar. Öðru hjóna má og með samþykki hins veita leyfi til að ættleiða barn þess eða kjörbarn.

Meðan ættleiðandi er á lífi, verður kjörbarn hans eingöngu ættleitt af maka hans.

6. gr.

Eigi má ættleiða þann, sem orðinn er tólf ára, án samþvkkis hans. Samþykki skal gefa skriflega, og skal barn njóta leiðsagnar um lagaáhrif ættleiðingar, svo sem segir í 10. gr.

7. gr.

Samþvkki foreldra þarf til ættleiðingar barns undir 18 ára aldri.

Nú hefir annað foreldra eigi forræði barns eða er horfið, geðveikt eða fáviti eða geðrænum högum þess er að öðru levti svo háttað, að það má eigi láta uppi marktæka yfirlýsingu, og er þá samþvkki hins nægilegt. Ef þannig er ástatt um bæði foreldri, þarf samþykki lögráðamanns.

8. gr.

Áður en ákvörðun er tekin um umsókn um ættleiðingarleyfi, skal, ef unnt er, leita umsagnar þess foreldris, sem eigi þarf að samþvkkja ættleiðingu, sbr. 7. gr., enda sé geðrænum högum hans eigi svo háttað, að girði fyrir, að hann geti látið uppi yfirlýsingu, sem mark sé takandi á. Nú er sérstakur lögráðamaður skipaður, og skal þá leita umsagnar hans. Ennfremur skal leita umsagnar barnaverndarnefndar, sem í hlut á.

Nú er sá, sem ættleiða á, í hjúskap, og skal þá leita umsagnar maka hans.

9. gr.

Nú er sá lögræðissviptur, sem ættleiða á, og skal þá leita umsagnar lögráðamanns, áður en afstaða er tekin til ættleiðingarbeiðni.

10. gr.

Samþykki til ættleiðingar skal gefa skriflega, og skal viðkomandi staðfesta yfirlýsingu fyrir starfsmanni dómsmálaráðuneytisins eða öðrum opinberum starfsmanni eða stofnun, sem dómsmálaráðuneytið löggildir til þessa.

Samþykki er eigi gilt, nema staðfest sé hið fyrsta þremur mánuðum eftir fæðingu barns, nema alveg sérstaklega hagi til.

Rita skal á samþykkisyfirlýsingu vottorð starfsmanns dómsmálaráðuneytisins eða annars opinbers starfsmanns eða starfsmanns stofnunar, sbr. 1. málsgr., þess efnis, að viðkomandi hafi fengið fræðslu um lagaáhrif ættleiðingar og samþykkisyfirlýsingar.

Samþykki er gilt, þótt væntanlegir kjörforeldrar séu eigi nafngreindir, ef samþykki lýtur að því að ráðstafa barni til ættleiðingar til foreldris, sem barnaverndarnefnd (félagsmálastofnun) ákveður eða annar aðili, sem ráðuneytið kann að löggilda til að hafa milligöngu um ættleiðingar. Endranær er samþykki eigi gilt, nema væntanlegir kjörforeldrar séu nafngreindir.

11. gr.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að samþykki, sem gefið er fyrir opinberum starfsmanni eða starfsmanni stofnunar erlendis, jafngildi samþykki, sem gefið er fyrir opinberum starfsmanni, eða starfsmanni stofnunar hér á landi, sbr. 1. málsgr. 10. gr., og má að því leyti heimila frávik frá reglum 1.—3. málsgr. 10. gr.

12. gr.

Nú tekur aðili, sem lögbær er um að láta uppi samþykki, aftur samþykki sitt, áður en gengið er frá ættleiðingarleyfi, og er þá yfirleitt eigi heimilt að gefa út leyfið. Veita má þó leyfi til ættleiðingar, þegar svona stendur á, ef barn hefir verið í fóstri hjá ættleiðingarbeiðanda, eða þegar hagir barns mæla að öðru leyti eindregið með því, að það verði ættleitt, og afturköllun á samþykki styðst eigi við skynsamleg rök.

Nú fæst ekki samþykki lögbærs aðilja samkv. 7. og 10. gr., og er þá, ef alveg sérstaklega stendur á, heimilt að veita leyfi til ættleiðingar, ef barfir barns mæla eindregið með því, enda fallist barnaverndarráð á þá skipan mála.

Nú hefir barni verið ráðstafað af barnaverndarnefnd, og má þá samkvæmt ósk nefndar og að fengnum meðmælum barnaverndarráðs leyfa ættleiðingu á barni, þótt samþykki samkvæmt 7. og 10. gr. sé ekki til að dreifa, að gættum skilmálum 2. málsgr.

Áður en máli er ráðið til lykta samkv. 1.—3. málsgr., skal leita umsagnar foreldra, sem láta skyldu uppi samþykki samkvæmt 7. gr. Einnig skal leita umsagnar foreldris, sem eigi þarf að samþykkja ættleiðingu, sbr. 8. gr., nema dómsmálaráðuneyti telji, að slíkt sé til tjóns fyrir barnið eða valdi varhugaverðum drætti á úrlausn máls.

13. gr.

Nú er veitt leyfi til ættleiðingar samkv. 12. gr. án þess að samþykki samkvæmt 7., sbr. 10. gr., liggi fyrir, og skal ráðuneytið þá án tafar skýra þeim aðilum, sem bærir voru til að samþykkja ættleiðingu, frá leyfi og benda þeim á, að heimilt sé að bera leyfisveitingu undir dómstól.

Réttur aðili getur borið framangreinda ákvörðun dómsmálaráðuneytis undir dómstól, enda sé mál höfðað innan 6 mánaða frá því að dómsmálaráðuneyti sendi aðilja tilkynningu samkv. 1. málsgr. Stefnandi skal njóta gjafsóknarkjara.

14. gr.

Áður en ættleiðingarleyfi er veitt, skal leiða í ljós, hvort innt hafi verið gjald eða ætlun sé að greiða af hendi gjald í sambandi við ættleiðingu af hálfu annars hvors aðiljans, og ef svo er, þá hversu hátt gjaldið sé. Má ganga eftir skriflegum yfirlýsingum aðilja um þetta.

Ef ættleiðendum er greitt gjald samkv. 1. málsgr., má binda ættleiðingu því skilyrði, að tryggt sé, að greiðsla renni til kjörbarns eða framfærslu þess.

II. KAFLI
Lagaáhrif ættleiðingar.

15. gr.

Við ættleiðingu öðlast kjörbarn sömu réttarstöðu gagnvart kjörforeldrum, ættmennum þeirra og þeim, sem eru í kjörsifjum við þá, eins og væri það skilgetið barn kjörforeldra, nema lög mæli annan veg. Frá sama tíma falla niður lagatengsl barnsins og kynforeldra þess, nema lög kveði annan veg á.

Nú ættleiðir aðili barn maka síns eða kjörbarn, og fær barnið þá réttarstöðu sem væri það skilgetið barn þeirra hjóna.

Kjörbarn kennir sig til kjörforeldra, nema kjörforeldrar óski eftir því, að barn haldi fyrra kenningarnafni. Tilkynna skal presti um ættleiðingu barns og nafnbreytingu til færslu í kirkjubók. Sama gildir um niðurfellingu ættleiðingar.

16. gr.

Foreldravald og önnur lögráð, ásamt réttindum og skyldum þeim samfara, flytjast til ættleiðanda. Lýkur þá framfærsluskyldu kjörbarns og foreldris þess.

Um erfðatengsl kjörbarns og kjörforeldris fer að erfðalögum.

III. KAFLI
Niðurfelling ættleiðingar.

17. gr.

Dómsmálaráðherra getur fellt niður ættleiðingu, ef kjörforeldri og kjörbarn eru sammála um að æskja þess. Ef aðili er sviptur lögræði, þarf einnig samþykki lögráðamanns.

Nú er kjörbarn ólögráða, og verður ættleiðing þá eigi niður felld samkvæmt 1. málsgr., nema kjörforeldrar og kynforeldrar séu sammála um það, og niðurfelling ættleiðingar verði talin henta best þörfum barns. Ef kjörbarn hefir náð 12 ára aldri, þarf einnig samþykki þess. Samþykkið skal vera skriflegt, og skal barn njóta leiðsagnar um lagaáhrif ættleiðingar, sbr. 10. gr.

Nú hafa kjörforeldrar látist, og getur dómsmálaráðherra þá samkvæmt ósk kynforeldra fellt niður ættleiðingu, ef þarfir barnsins mæla með því. Nú hefir kjörbarn náð 12 ára aldri, og þarf þá samþykki þess. Um samþykki fer svo sem segir í 3. málslið 2. mgr.

18. gr.

Unnt er að fella ættleiðingu niður með dómi, sbr. 2. málsgr., ef kjörforeldri brýtur mjög af sér gagnvart barni eða vanrækir stórlega þær skyldur, sem á því hvíla vegna ættleiðingar, svo og ef telja verður að öðru leyti að það varði kjörbarn miklu, að ættleiðing sé felld niður.

Mál til niðurfellingar ættleiðingar samkv. 1. málsgr. höfðar kjörbarn. Nú er það ólögráða, geðveikt eða fáviti eða geðrænum högum þess að öðru leyti er svo háttað, að það getur ekki staðið að málssókn, og höfðar lögráðamaður þá málið eða dómsmálaráðherra eða aðili, sem hann felur það. Stefnandi nýtur gjafsóknarkjara.

19. gr.

Nú hafa hjón ættleitt barn saman, og tekur þá niðurfelling ættleiðingar til þeirra beggja, enda sé hjúskap þeirra eigi lokið.

Unnt er að fella niður ættleiðingu samkvæmt 18. gr. 1. málsgr., þótt aðeins annað kjörforeldra hafi sýnt af sér atferli, sem þar greinir.

20. gr.

Nú er barn ættleitt öðru sinni, og fellur þá fyrri ættleiðing niður, sbr. þó 15. gr. 2. málsgr.

21. gr.

Nú er ættleiðing felld niður, og falla þá úr gildi lagaáhrif ættleiðingar milli kjörbarns og kjörforeldris og ættmenna kjörforeldris. Þegar sérstaklega stendur á, getur dómstóll, sbr. 18. gr., kveðið svo á, að kjörforeldri skuli greiða fé til framfærslu barnsins.

Nú er ættleiðing felld úr gildi samkvæmt 2. eða 3. málsgr. 17. gr., og takast þá að nýju lagatengsl milli barnsins og kynforeldra þess. Ef ættleiðing er felld niður samkvæmt 18. gr., getur dómstóll ákveðið, með hliðsjón af aðdraganda að niðurfellingu ættleiðingar, aldri barns og atvikum að öðru leyti, að lagatengsl barns við kynforeldra og ættmenni þess skuli rakna við.

Kjörbarni er heimilt þrátt fyrir niðurfellinguna að halda kenningarnafni sínu, er það fékk við ættleiðingu, en getur einnig tekið upp fyrra kenningarnafn sitt.

Að öðru leyti veldur niðurfelling ættleiðingar því eigi, að lagatengsl barns við kynforeldri og aðra ættmenn rakni við.

22. gr.

Dómstóll leitar, ef hægt er, eftir áliti þeirra aðilja, sem skyldu samþykkja ættleiðingu í öndverðu eða láta uppi umsögn um ættleiðingarumsókn, áður en máli er ráðið til lykta. Dómstóll getur þó, ef sérstök rök mæla með, ákveðið, að umsagnar skuli ekki leitað, einkum ef ekki er ætlunin að láta lagatengsl barns við kynforeldri og aðra ættmenn rakna við.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

23. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um ættleiðingarumsóknir og getur mælt fyrir um sérstök eyðublöð undir þær og um gögn, er þeim skuli fylgja, og um form og efni samþykkisyfirlýsingar, svo og um könnun á umsóknum þessum, þ. á m. um félagslega könnun á högum aðilja.

24. gr.

Heimilt er að ákveða, með samningum við önnur ríki, að ríkisborgurum þeirra ríkja megi eigi veita leyfi til ættleiðingar hér á landi og að ríkisborgarar þeirra verði eigi ættleiddir hér á landi, nema með skilyrðum, sem greind séu í samningi. Slík samningsákvæði geta einnig tekið til niðurfellingar ættleiðingar, ef ríkisborgari frá ríki því, sem samningur er gerður við, á í hlut.

25. gr.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið með reglugerð, að íslenskir ríkisborgarar verði eigi ættleiddir, nema með nánar tilteknum skilyrðum í ríkjum, sem til eru greind í reglugerð, svo og að íslenskir ríkisborgarar megi því aðeins ættleiða barn í ríkjum þessum, að nánar tilteknum skilyrðum sé fullnægt.

Með hliðstæðum hætti getur dómsmálaráðherra ákveðið, að ættleiðing verði eigi felld niður í tilteknum erlendum ríkjum, svo að réttaráhrif hafi hér á landi, ef ættleiðandi er íslenskur ríkisborgari.

V. KAFLI
Gildistökuákvæði o. fl.

26. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1977.

Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 19/1953 um ættleiðingu, svo og lög nr. 33/1969 og lög nr. 58/1975 um breytingu á þeim.

27. gr.

Ákvæði 10. gr. á ekki við um samþykki, sem látið er uppi fyrir gildistöku laganna.

Ákvæði III. kafla laganna eiga einnig við um ættleiðingu, sem til er stofnað fyrir gildistöku laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið af sifjalaganefnd að tilhlutun dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og fylgdi frumvarpinu frá nefndinni svo hljóðandi:

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefir sifjalaganefnd samið, og er það þáttur í allsherjarendurskoðun nefndarinnar á íslenskri barnalöggjöf. Í nefndinni eiga sæti: Dr. Ármann Snævarr hæstaréttardómari, formaður, frú Auður Auðuns, fyrrv. alþingismaður og Baldur Möller, ráðuneytisstjóri. Ritari nefndarinnar er frú Guðrún Erlendsdóttir, hæstaréttarlögmaður, adjúnkt í sifjarétti.

I.

Upp úr 1920 voru lögfest hér á landi öll frv. norrænu samvinnunefndanna um sifjamálefni, nema frv. um ættleiðingu. Var það ekki, fyrr en 1953, að lög voru sett um það efni, og gilda þau enn, þ. e. lög nr. 19/1953. Fram til þess tíma giltu dreifð ákvæði er fest höfðu verið í lögum, auk þess sem beitt var í reynd reglum þeim, sem lögmæltar höfðu verið á Norðurlöndum á þriðja áratug aldarinnar. Á lögunum nr. 19/1953 hafa verið gerðar tvennar breytingar. Með lögum nr. 33/1969 var ákvæðinu um aldursstig í sambandi við þörf á samþykki forráðamanna breytt svo, að það var lækkað úr 21 ári í 20 ár og með lögum nr. 58/1975 var heimilað að veita ættleiðingarleyfi, þegar hjón ættleiða saman, ef annað þeirra hefur náð 20 ára aldri, enda séu „sérstakar ástæður“ fyrir hendi.

Ættleiðingarlöggjöf á hinum Norðurlöndunum hefur tekið nokkrum stakkaskiptum síðustu ár. Stafa þær breytingar m. a. af tillögum norrænna samvinnunefnda, er skiluðu sameiginlegu áliti 1954. Stefndu þær tillögur og síðar lagabreytingar að því að gera ættleiðingu áhrifaríkari að lögum en áður var, einkum í sambandi við erfðatengsl, þ. e. að lögfesta í ríkara mæli en áður hina svonefndu „sterku ættleiðingu“. Þessi viðhorf hafa að nokkru leyti náð fótfestu hér á landi, sbr. 5. gr. erfðalaga og að sínu leyti 7. gr. hjúskaparlaganna frá 1972.

Nýverið hefir ættleiðingarlögum enn verið breytt, sbr. einkum sænsk ættleiðingarlög frá 17. desember 1970, er afnámu m. a. heimild til að fella niður ættleiðingu, nema þegar ný ættleiðing á að fara fram eða þegar hjúskaparstofnun er ráðin milli kjörbarns og kjörforeldris. Dönsk heildarlög um ættleiðingu voru sett 1972 (nr.279).

Þau ganga ekki jafn langt í að þrengja kosti til að fella niður ættleiðingu sem hin sænsku lögin. Í dönsku lögunum er það markverða nýmæli, að heimiluð er ættleiðing, þótt ekki njóti við samþykkis kynforeldris, þegar alveg sérstaklega stendur á, einkum þegar barn elst upp á stofnun og foreldri skiptir sér eigi af því („gleymd börn"). Þá er betur vandað til formreglna um samþykki í nýju lögunum en hinum eldri og ýmsum atriðum varðandi samþykki hefir verið skipað að nýju með þeirri löggjöf. Í þessu sambandi má benda á áhugaverða breytingu, sem gerð var á dönsku lögræðislögunum á árinu 1972, sem felur í sér, að faðir óskilgetins barns geti, ef móðir þess vill veita samþykki til ættleiðingar, óskað þess, að honum verði fengin forráð barns. Metur stjórnvald þá hvor kosturinn sé barni fyrir bestu — að ættleiðing fari fram eða forráð barns séu falin föður. — Er lagt til í 35. gr. frv. til barnalaga, að slíkt ákvæði verði lögfest hér á landi.

Breytingar hafa enn fremur átt sér stað á ættleiðingarlöggjöf utan Norðurlanda á síðustu árum, þ. á m. í Englandi, Hollandi og Frakklandi. Stefnir þróunin í Evrópu að hinni svonefndu „sterku" eða áhrifaríku ættleiðingu, þ. e. með algerum fjölskylduskiptum, og er þróun víst lengst komin í því efni í Englandi, þar sem ættleiðing hefir m. a. í för með sér, að ríkisfang barns breytist sjálfkrafa við ættleiðingu.

Í stórum dráttum má segja, að svipuð löggjöf gildi hvarvetna á Norðurlöndum um ættleiðingu, en helst skilur á milli, þar sem eru ákvæðin um niðurfellingu ættleiðingar, sem raunar hefir hvarvetna lítið reynt á. Samningar milli Norðurlandaríkja um ættleiðingarmál, sbr. hér á landi lög nr. 29/1931 og viðaukalög nr. 62/1954, stuðla m. a. að samræmdri framkvæmd þessara mála í þeim löndum.

Hinn 24. apríl 1967 var gengið frá sáttmála um ættleiðingu á vegum Evrópuráðs. Í sáttmálanum skuldbinda samningsríkin sig til þess að skipa ættleiðingarmálum með tilteknum nánar lýstum hætti og haga framkvæmd á vissan veg, en hvorttveggja horfir að því að tryggja hag og rétt barns. Enn fremur eru önnur ákvæði, sem ríkin heita að kanna, hvort unnt sé að lögfesta. Sáttmálinn tekur aðeins til ættleiðingar barns, sem er yngra en 18 ára, er ættleiðing fer fram, eða er ógift og ólögráða. Er æskilegt að Ísland fullgildi sáttmála þennan. Er ekki annað sýnilegt en að íslensk löggjöf og lagaframkvæmd fullnægji áskilnaði sáttmála þessa, en við samningu frv. þessa hefir verið tekið tillit til sáttmálans, svo sem síðar verður greint.

II.

Hér á eftir fer skrá um fjölda ættleiðingarleyfa 1904—1974.

Ár	Ættleiðingarleyfi Meðaltöl á ári	Ættleiðingarleyfi Heildarfjöldi á tímabili	Barnsfæðingar	Hundraðshluti leyfa miðað við fæðingar
1904—1908	um 1	6	11 484	
1909—1913	3	15	11 109	
1914—1918 áætl.	5	25	12 029	
1919—1931	10	120	33 923	0.35%
1932—1941	um 15	146	25 200	0.58%
1942—1946	33	165	16 259	1.01%
1947—1951	55	274	19 503	1.60%
1952—1956	um 80	um 400	21 718	1.84%
1957—1961	um 98	489	23 682	2.06%
1962—1966	um 70	353	23 714	1.48%
1967—1971	um 72	359	21 149	1.69%
1972		81	4 584	1.76%
1973		69	4 574	1.50%
1974		77		
1975		91		
		Alls 2 670		

Sýnt er af þesari skrá, að ættleiðingar fóru mjög í vöxt eftir lok síðar heimstyrjaldar og allt til 1960. Eftir það hefir fjöldi ættleiðinga, miðað við heildartölu fæddra barna, staðið í stað, og raunar farið lækkandi. Mestur var fjöldinn bæði að heildartölu og hundraðstölu á árunum 1957—1961. Eftir 1966 hefir ættleiðingarleyfum aftur heldur farið fjölgandi hlutfallslega, en með hundraðstölum er átt við, að fjöldi leyfa er settur í tengsl við árlegan fjölda fæddra barna. Fram undir helmingur af öllum leyfum er veittur á árabilinu 1959—1974. Þegar mest kvað að ættleiðingum hér á landi var rösklega 2% lifandi fæddra barna ráðstafað til ættleiðingar, en hlutfallsleg lækkun hefir orðið síðar, sbr. skrána. Mun láta nærri, að ættleiðingar séu ámóta tíðar hér á landi og í Svíþjóð hlutfallslega, en nokkru tíðari en í Noregi og nokkru fátíðari en í Danmörku.

Bent skal á, að nokkrar félagslegar rannsóknir hafa verið framkvæmdar í sambandi við ættleiðingarleyfi hér á landi, sbr. grein Ármanns Snævarr prófessors í Tímariti lögfræðinga 1959 einkum bls. 73—79 og rit próf. Símonar Jóh. Ágústssonar Um ættleiðingu, 1964. Má m. a. benda á, að rannsóknir þessar leiða í ljós, að fjölskylduættleiðingar, einkum af hálfu stjúpforeldra, eru miklum mun tíðari hér á landi en á hinum Norðurlöndunum.

III.

Helstu breytingar, sem felast í frv.

Hér skal gefið stutt yfirlit yfir helstu breytingar, sem felast í frv., en í IV. kafla verða settar fram athugasemdir við einstakar greinar þess.

1. Í 1. gr. frv. er lagt til, að horfið verði frá þeirri tilhögun, að ættleiðingarleyfi sé gefið út af dómsmálaráðuneyti í umboði forseta Íslands, og mælir 1. gr. svo, að dómsmálaráðherra veiti leyfi þetta.

2. Rétt þykir, að kveðið sé á um það þegar í 2. gr. hverju greinimarki verði beitt, þegar meta skal, hvort ættleiðingarleyfi verði veitt, en nú er ákvæði um þetta í 8. gr. laga nr. 19/1953.

3. Í 3. gr. er lagt til, að lögfest verði sú regla, sem nú er talin gild, að manni sé eigi heimilt að ættleiða barn sitt.

4. Leyfi til ættleiðingar verður nú aðeins veitt þeim, sem er 25 ára að aldri hið minnsta. Hjónum má veita leyfi til að ættleiða barn, þótt yngri séu en 25 ára, ef sérstaklega stendur á, þó svo að þau skulu vera 20 ára að aldri, sbr. lög nr. 58/1975. Er frumvarpsgreinin svipuð, að efnisinntaki. Tekið skal fram, að ákvæði frv. ganga ekki í berhögg við 7. gr. ættleiðingarsáttmála Evrópuráðs.

5. Í 7. gr. 1. málsgr. frv. er mælt fyrir um þörf á samþykki til ættleiðingar, ef **barn er undir 18 ára aldri.** Aldursstig þetta var 21 ár, uns lög nr. 33/1969 breyttu því í 20 ár. Hér er valið aldursstigið 18 ár bæði í samræmi við norrænu ættleiðingarlögin nýju og lagaþróun almennt í sifjarétti. Vegna Norðurlandasamnings um ættleiðingu er mikilvægt, að þessu atriði sé skipað á sama veg í norrænu lögunum. 18 ára aldursstig er að vísu lítið tíðkað í ísl. lögum, en hér stendur sérstaklega á, sbr. t. d. og lög nr. 100/1952 um íslenskan ríkisborgararétt.

6. Í 1. málsgr. 8. gr. frv. er eigi mælt fyrir um, að leita skuli **umsagnar sóknarpres's.** Byggt er á, að ráðuneyti leiti oft umsagnar prests eða forstöðumanns safnaðar, en einnig þarf oft á umsögn annarra aðilja að halda, og er lagt til, að ráðuneyti meti þetta atriði hverju sinni, sbr. og 23. gr. frv. Í 2. málsgr. 8. gr. er boðið, að leita skuli **umsagnar** annars hjóna, ef ættleiða á hitt, en í lokamálslið 6. gr. núgildandi laga er áskilið, að **samþykki** síðarnefnda makans komi til.

7. Í 9. gr. frv. er boðið að leita **umsagnar lögráðamanns,** ef ættleiða á lögræðissviptan mann, en í 7. gr. ættleiðingarlaga segir, að ættleiðing geti eigi farið fram, þegar svo stendur á, nema samþykki lögráðamanns komi til.

8. Ein af höfuðbreytingum frv. frá gildandi lögum varðar samþykki til ættleiðingar. Í 1. málsgr. 10. gr. frv. er áskilið, að það sé **skriflegt,** sbr. og 6. gr. frv. og **staðfesti samþykkjandi yfirlýsingu sína** fyrir starfsmanni dómsmálaráðuneytis eða öðrum opinberum starfsmanni eða stofnun, sem dómsmálaráðuneyti löggildir til þessa.

Í 2. málsgr. 10. gr. er kveðið svo á, að samþykki sé eigi gilt, nema staðfest sé í fyrsta lagi **þremur mánuðum eftir fæðingu barns,** nema alveg sérstaklega standi á. Með þessu ákvæði er lagt til, að samþykki fyrir fæðingu barns sé eigi gilt að höfuðstefnu til. Í 3. málsgr. 10. gr. felst, að **samþykkjandi hafi hlotið fræðslu um lagaáhrif ættleiðingar,** og er boðið að rita skuli á samþykkisyfirlýsingu vottorð starfsmanns dómsmálaráðuneytis eða annars opinbers starfsmanns eða stofnunar um, að slík fræðsla hafi verið látin í té. Er vissulega mikilvægt að tryggja, að fræðsla um þetta efni sé veitt, þar eð lagaáhrif ættleiðingar eru mjög rík. Í 4. málsgr. 10. gr. er tekin afstaða til þess, hvort **samþykkisyfirlýsing, er greinir eigi nafn væntanlegra kjörforeldra** („in blanco" — samþykki) sé gilt. Er það því aðeins gilt samkv. frv., að samþykki lúti að því að ráðstafa barni til ættleiðingar til foreldris, sem barnaverndarnefnd (félagsmálastofnun) ákveður eða annar aðili, sem ráðuneytið kann að löggilda til að hafa milligöngu um ættleiðingu. Endranær er samþykki eigi gilt, nema væntanlegir kjörforeldrar séu nafngreindir. Í tengslum við þetta eru svo ákvæði 11. gr. frv., þar sem tekin er afstaða til gildis samþykkisyfirlýsingar, sem gefin er erlendis. Orkar ekki tvímælis, að reglur frv. eru tryggilegri um samþykkisyfirlýsingu en reglur þær, sem nú gilda.

9. Í 12. gr. 1. málsgr. frv. er mælt fyrir um áhrif þess, að **samþykki sé tekið aftur,** en um það efni eru eigi ákvæði í ættleiðingarlögum nr. 19/1953. Veldur afturköllun á samþykki, áður en gengið er frá ættleiðingarleyfi því almennt, að eigi er hægt að gefa út leyfið. Undantekning er þó gerð, ef barn hefir verið í fóstri hjá ættleiðingarbeiðanda eða þegar hagir barns mæla eindregið með því, að það verði ættleitt að öðru leyti og afturköllun þykir eigi styðjast við skynsamleg rök. Þessi síðasti fyrirvari tekur til beggja þeirra tilvika, sem í undantekningarreglunni felast.

10. Í 2. málsgr. 12. gr. er nýmæli, sem orðað er á grundvelli nýju ættleiðingarlaganna dönsku. Er þar heimilað ef alveg sérstaklega stendur á, að veita leyfi til ættleiðingar, ef þarfir barns mæla eindregið með því, **þótt samþykki lögbærs aðilja samkv. 7. gr., sbr. 10. gr. liggi ekki fyrir,** enda fallist barnaverndarráð á þá skipan mála. Í 3. málsgr. er einnig heimiluð ættleiðing, þótt samþykki rétts aðila sé ekki fengið, ef barnaverndarnefnd ráðstafar barni, nefndin mælir með þessari skipan og barnaverndarráð fellst á hana. Boðið er í 4. málsgr. að leita umsagnar foreldris barns o. fl. Hér eru einkum höfð í huga börn, sem foreldrar vanrækja eða hugsa ekkert um. Oft eru slík börn á stofnunum á vegum barnaverndarnefnda árum saman og sýnast næstum „gleymd". Ljóst er, að fara verður varlega í að veita ættleiðingarleyfi, þegar samþykki er eigi fengið, og jafnframt að búa þarf svo um hnúta, að aðila, sem bær var að samþykkja ættleiðingu, sé veittur kostur á að bera mál undir dómstóla, ef því er að skipta. Eru ákvæði um það efni í 13. gr. frv. Nýtur stefnandi máls gjafsóknarkjara.

11. Um **réttaráhrif ættleiðingar** segir svo almennt í 15. gr. frv., að kjörbarn öðlist sömu réttarstöðu gagnvart kjörforeldrum, ættmennum þeirra og þeim, sem eru í kjörsifjum við þá, eins og væri það skilgetið barn kjörforeldra, nema lög segi annan veg, enda falla þá niður lagatengsl barns og kynforeldris. Er mikilvægt að hafa slíka almenna stefnuyfirlýsingu í lögum, og getur hún haft gildi við einstakar lögskýringar eða skýringar á löggerningum. Til áréttingar er svo ákveði 16. gr. frv. um foreldraráð, framfærsluskyldu o. fl. Í 2. málsgr. 15. gr. segir sérstaklega, að barn, sem stjúpforeldri ættleiði, fái réttarstöðu sem væri það skilgetið barn hjónanna. Í 3. málsgr. 15. gr. er mælt fyrir um, að **kjörbarn kenni sig til kjörforeldra,** nema kjörforeldrar óski eftir að barn haldi fyrra kenningarnafni. Í 10. gr. ættleiðingarlaga segir hins vegar, að **leyfa megi** kjörbarni að kenna sig til kjörforeldris. Fer breyting fram á kenningarnafni í öllum þorra tilvika, og er tillaga frv. því raunhæfari en tilhögun 10. gr. laga nr. 19/1953 og sparar fyrirhöfn.

12. Um **niðurfellingu ættleiðingar** eru ákvæði frv. að mestu hin sömu sem í gildandi lögum, en 16. gr. laga nr. 19/1953 er þó felld niður í frv., sbr. 14 hér á eftir. Í 17. gr. 2. málsgr. frv. er veitt svigrúm til að dómsmálaráðherra geti fellt niður ætt-

leiðingu **ólögráða barns,** ef slíkt þykir henta best þörfum barns, enda séu kjörforeldrar og kynforeldrar sammála um það, en 14. gr. laga nr. 19/1953 skýtur með öllu loku fyrir það. Tekið er fram í 2. málsgr. 17. gr. frv., að leita skuli **samþykkis barns,** sem náð hefir 12 ára aldri til niðurfellingar ættleiðingar samkv. þessari grein. Er það nýmæli. Þá er það nýmæli í 17. gr., að heimilt er að fella niður ættleiðingu, ef **kjörforeldrar látast,** enda mæli þarfir barns með því. Lát kjörforeldra fellir ekki af sjálfu sér niður áhrif ættleiðingar, en vera má t. d., að ætlunin sé að annað fólk ættleiði barn eða að barn hverfi til kynforeldra. Getur verið heppilegt að hægt sé í slíkum tilvikum að fella ættleiðingu niður.

13. Krafa um niðurfellingu ættleiðingar getur stafað af framkomu og hegðun kjörforeldra. Samkv. 18. gr. frv. getur barn þá höfðað mál fyrir dómstól til niðurfellingar ættleiðingar eða lögráðamaður barns eftir atvikum eða dómsmálaráðherra eða aðili, sem hann felur málshöfðun. Efnislega greinimarkið í 18. gr. 1. málsgr. er svipað og í 15. gr. laga nr. 19/1953. Í 19. gr. 2. málsgr. er tekið fram, að unnt sé að fella niður ættleiðingu, þótt aðeins annað hjóna hafi sýnt af sér atferli, sem greinir í 1. málsgr. 18. gr.

14. Samkv. 16. gr. ættleiðingarlaga nr. 19/1953 er kjörforeldri heimilt að krefjast niðurfellingar ættleiðingar, ef kjörbarn gerist sekt um illmæli eða ofbeldi gagnvart kjörforeldri o. fl. Þessi heimild til niðurfellingar ættleiðingar er ekki í frv. Þykir eigi réttmætt að veita kjörforeldri þessa heimild. Ættleiðing er áhættusöm — eigi síður en fyrir foreldra að eignast barn — og þá áhættu verða ættleiðendur að taka. Þjóðfélagið verður að krefjast þess, að kjörforeldrar hlíti slæmri framkomu kjörbarns í þeirra garð eigi síður en kynforeldrar hljóta að hlíta samskonar hegðun kynbarns síns.

Ákvæði 2. málsgr. 16. gr. laga nr. 19/1953 um þau tilvik, er kjörbarn reynist geðveikt, hálfviti o. fl. er eigi heldur í þessu frv. Þykir eigi réttmætt að kjörforeldri geti losað sig undan foreldraskyldum við barn af þessum sökum með því að fá ættleiðingu fellda úr gildi.

15. Í 20. gr. er tekið fram, að þegar barn sé ættleitt öðru sinni, falli niður fyrri ættleiðing, sbr. þó 15. gr. 2. málsgr., þ. e. þegar maki ættleiðir barn (þ. á m. kjörbarn) maka síns. Er þetta nýmæli í frv. Ákvæði 19. gr. laga nr. 19/1953 um, að ættleiðing falli niður, ef kjörforeldri og kjörbarn stofna til hjúskapar, er eigi í frv., enda er þessu efni nú skipað annan veg, með 7. gr. laga nr. 60/1972. Samkv. því girðir ættleiðing fyrir slíkan hjúskap, uns ættleiðing hefir verið úr gildi felld. Byggir frv. á því, að það ákvæði standi til frambúðar.

16. Í 21. gr. frv. eru ákvæði um lagaáhrif þess, að ættleiðing sé felld niður. Eru réttaráhrifin að mestu hin sömu sem samkv. 20. gr. laga nr. 19/1953. 21. gr. 1. málsgr. frv. heimilar dómstól, er fjallar um mál samkv. 18. gr. frv. að kveða svo á, að kjörforeldri skuli greiða fé til framfærslu barns eftir niðurfellingu ættleiðingar. Er það nýmæli. Almennt veldur niðurfelling ættleiðingar því, að lagatengslin milli kynforeldris og kynbarns rakna við, en þó segir um niðurfellingu samkv. 18. gr., að dómstóll meti þetta atriði sérstaklega og geti ákveðið, að tengsl þessi rakni við að nýju. Þá segir almennt, að kjörbarni sé heimilt að kenna sig til kjörforeldris eftir sem áður, en samkv. 20. gr. laga nr. 19/1953 getur dómsmálaráðuneyti heimilað þetta eða dómstóll. Í 22. gr. segir um umsagnir við meðferð dómsmála, og er það nýmæli.

17. Í IV. kafla frv. er 23. gr. nýmæli, en hún heimilar dómsmálaráðuneyti að setja reglur um ættleiðingarumsóknir og um form og efni samþykkisyfirlýsingar og könnun umsókna. Þá fjallar 24. gr. frv. um samninga við önnur ríki um ættleiðingu af hálfu ríkisborgara þeirra hér á landi eða um ættleiðingu á ríkisborgurum viðkomandi ríkis hér á landi. 25. gr. frv. fjallar að sínu leyti um ættleiðingar af hálfu ísl. ríkisborgara erlendis eða ættleiðingar á ísl. ríkisborgurum erlendis. Enn fremur um niðurfellingu ættleiðingar, svo að réttaráhrif hafi hér á landi. Er gert ráð fyrir reglugerðarákvæðum um þetta efni í 25. gr. Þessi ákvæði eru fyllri en ákvæði 21. og 22. gr. laga nr. 19/1953.

IV.

Athugasemdir um einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Frv. er skipt í fjóra meginkafla, en í fimmta kafla eru ákvæði um niðurfelld lög o. fl. Í fyrsta kaflanum eru ákvæði um veitingu ættleiðingarleyfa og lagaskilyrði fyrir þeim. Í öðrum kafla er fjallað um lagaáhrif ættleiðingar, í þriðja kafla um niðurfellingu ættleiðingar og í fjórða kafla eru ýmis ákvæði, þar á meðal um ættleiðingar erlendis á ísl. börnum og ættleiðingu hér á landi á erlendum börnum.

Um I. kafla.

Í fyrsta kafla frv. eru eigi tekin með nokkur ákvæði, sem eru í ættleiðingarlögum nr. 19/1953. Þykir rétt að benda á þau á þessu stigi.

1. Í 1. málsgr. 5. gr. ættleiðingarlaga er það ákvæði, að eigi sé öðrum en hjónum heimilt að ættleiða saman, en mjög mun það fágætt, að til greina komi sameiginleg ættleiðing af hálfu annarra en hjóna.

2. Í 2. málsgr. 8. gr. er dómsmálaráðuneytinu boðið að leita sem gleggstra upplýsinga um hagi væntanlegra kjörforeldra og kjörbarns. Samkv. 2. gr. frv. er byggt á því, að framkvæmd sé rækileg athugun af hálfu ráðuneytisins á þessum málefnum og í 23. gr. frv. er gert ráð fyrir, að ráðuneytið setji sérstakar reglur um það efni.

3. Fellt er niður það ákvæði í 8. gr. 2. málsgr. ættleiðingarlaga, að skylt sé að leita umsagnar sóknarprests. Vafalaust myndi oft verða leitað umsagnar sóknarprests, en ástæðulaust þykir að lögmæla það, enda eru allmargir menn utan trúarsafnaða á landi hér. Hins vegar er haldið því ákvæði að leita skuli umsagnar barnaverndarnefndar.

4. Enn fremur er ákvæði 3. málsgr. 8. gr. eigi tekið upp í frv. um persónulega kosti væntanlegs ættleiðanda. Ráðuneytið myndi eigi veita leyfi, nema tryggt þætti að ættleiðendur væru þeim kostum búnir, að forsvaranlegt væri að fela þeim barn til uppeldis og ættleiðingar. Virðist ekki þörf á að greina þá kosti í lögum, enda verða þeir seint fulltaldir.

5. Þá ber enn að benda á, að 4. málsgr. 8. gr. ættleiðingarlaga er eigi tekin í frv., en þar segir, að leyfi til ættleiðingar verði eigi veitt, ef ættleiðandi á arfgenga niðja, nema sérstaklega standi á. Þykja eigi vera rök til að halda því ákvæði í lögum, og samrýmist það naumast nútíma viðhorfum í fjölskyldurétti.

6. Í 2. málsgr. 10. gr. er boðið að tilkynna skuli viðkomandi presti um ættleiðingu og nafnbreytingu, svo og um niðurfellingu ættleiðingar. Það ákvæði er í 15. gr. 3. málsgr. frv.

Um 1. gr.

Samkvæmt 1. gr. ættleiðingarlaga nr. 19/1953 getur aðili tekið að sér kjörbarn „með leyfi forseta Íslands, sem dómsmálaráðherra veitir í umboði hans". Fyrir lýðveldisstofnun var leyfi veitt af ráðuneytinu ad mandatum. svo sem það var nefnt, en leyfið var konungsleyfi. Ekki þykir ástæða til að halda í þetta fyrirkomulag, enda er það dómsmálaráðherra og starfsmenn hans, sem greiða til hlítar úr umsókn. Leyfi þjóðhöfðingja í einkaréttarmálefnum hafa smám saman tínt tölu á síðustu áratugum og raunar öldum, sbr. t. d. í sambandi við hjúskap. Þykir einsætt að leggja hér til, að horfið verði frá þeirri tilhögun, að ættleiðingarleyfi séu forsetaleyfi og verði það dómsmálaráðherra, sem veiti leyfi, og forseta eigi getið við það mál. Í reynd er hér eigi um efnisbreytingu að ræða, sem verulegu skipti. Bent er hér einnig á 23. gr. frumvarps.

Um 2. gr.

Þetta ákvæði svarar til 1. málsgr. 8. gr. laga nr. 19/1953, en rétt þykir að skipa þessu grundvallarákvæði, sem mælir fyrir um almennar forsendur fyrir ættleiðingu, hér í upphafi I. kafla. Orðalagi er vikið lítið eitt við, en efnisbreyting er eigi fólgin í ákvæði þessu, miðað við 1. málsgr. 8. gr. laga nr. 19/1953.

Um 3. gr.

Í ýmsum ættleiðingarlögum erlendis er tekið af skarið í lagaákvæði, að manni sé óheimilt að ættleiða barn sitt. Telja verður, að sama regla gildi hér á landi, þótt ólögfest sé. Rétt þykir að leggja til, að slík regla verði lögmælt, með því að hún er ein af grundvallarreglunum í ættleiðingarrétti.

Um 4. gr.

Þessi grein svarar til 1. gr. ættleiðingarlaga, þ. e. þess hluta hennar sem eigi er fjallað um í 1. gr. frv., svo og þeirrar breytingar, sem gerð var á 1. gr. laga nr. 19/1953 með lögum nr. 58/1975. Hér er lagt til, að haldið sé almennt í þann áskilnað, að sá einn geti fengið leyfi til ættleiðingar, sem orðinn er 25 ára gamall, þegar leyfi er veitt.

Ef sérstaklega stendur á, má þó veita leyfi manni, sem orðinn er tvítugur. Ástæðulaust þykir að sérregla sé sett um það efni, er hjón ættleiða saman. Verður heimilt samkv. greininni, ef hún nær lögfestingu, að veita hjónum ættleiðingarleyfi, þegar þau hafa náð tvítugs aldri, þótt hvorugt þeirra sé 25 ára, „ef sérstaklega stendur á“, enda eru engin rök til þess að gera frekari kröfur til aldurs hjóna í þessu efni en einstaklings, sem fær leyfi til ættleiðingar. Ef þessi grein er lögfest, er lagt til, að lög nr. 58/1975 séu brott felld. Tekið skal fram, að efnisinntak greinarinnar er svipað og í norrænu lögunum, þótt þar sé víðast áskilið, að annað hjóna sé orðið 25 ára. Svo sem fyrr segir, fær 4. gr. frv. samrýmst 7. gr. ættleiðingarsáttmála Evrópuráðs.

Um 5. gr.

Hún svarar til 3. og 4. gr. ættleiðingarlaga nr. 19/1953, og felast eigi efnislegar breytingar í 5. gr. frv.

Um 6. gr.

Fyrri málsliður 6. gr. er sama efnis og 5. gr. ættleiðingarlaga. Síðari málsliður felur í sér nýmæli. Þar er mælt svo fyrir, að samþykki barns, sem orðið er 12 ára, þegar ættleiðing fer fram, skuli gefa skriflega og njóti barn leiðsagnar um lagaáhrif ættleiðingar, svo sem segir í 10. gr. Vissulega ganga stjórnvöld eftir því í lagaframkvæmd, að samþykki sé látið uppi skriflega, en rétt þykir að slíkt form verði beinlínis lögfest. Hitt er eigi að síður nauðsynlegt, að barn eða unglingur fái rækilega leiðsögn um lagaáhrif ættleiðingar. Um efnisinntak þeirrar leiðsagnar verður fjallað í athugasemdum við 10. gr. frv.

Um 7. gr.

Þessi grein svarar til 1. málsgr. 6. gr. ættleiðingarlaga, svo sem henni var breytt með lögum nr. 33/1969, 1. gr. Efnislega felst sú ein breyting í 7. gr., að lagt er til, að þörf á samþykki foreldra verði við það bundið, að barn sé undir 18 ára aldri, en eftir gildandi lögum er þörf á samþykki foreldra, ef barn er undir 20 ára aldri. Það aldursstig var 21 ár, uns lög nr. 33/1969 tók gildi. Þessi breyting stendur í tengslum við breytt viðhorf manna á síðari árum til löggerningshæfis ungs fólks, sbr. nú síðast breytinguna á hjónavígslualdri með 1. gr. laga nr. 60/1972, sem ákveður hann 18 ár. Þykir eðlilegt að ákveða aldursstig í sambandi við einhlítt samþykki ungs manns til ættleiðingar á sér með hliðsjón af þessari þróun. Öðrum þræði er og tekið mið af síðustu breytingum ættleiðingarlaganna á Norðurlöndum. Er æskilegt að hafa samræmdar reglur í Norðurlandalögum um þetta efni. Mjög er það fágætt, að unglingur sé ættleiddur á árabilinu 18—20 ára, svo að þessi breyting hefir vafalaust ekki mikið raunhæft gildi, þótt hún að sínu leyti stuðli að almennri stefnumörkun í sambandi við löggerningshæfni ungra manna.

Um 8. gr.

Þessi grein er að öllu verulegu sama efnis og 2. málsgr. 6. gr. ættleiðingarlaga. Ef annað foreldra fer ekki með foreldravald, t. d. vegna þess að það fær eigi forræði

barns við skilnað, skal leita umsagnar þess foreldris svo sem nú er, en því er bætt við í frumvarpsgreininni, að þessa sé þó eigi þörf, ef vitrænum högum foreldris sé svo háttað, að eigi sé mark takandi á yfirlýsingu þess.

Ef sá, sem ættleiða á, er í hjúskap, er boðið í 2. málsgr. að leita **umsagnar** maka hans. Í 6. gr. ættleiðingarlaga er áskilið, að **samþykki** makans komi til. Hið breytta orðalag felur í sér, að ráðuneyti er ætlað að meta til hlítar umsókn, en andstaða maka þess, sem ættleiða á, hlyti að orka verulega á það mat.

Í greininni er ekki ákvæði, er skyldi ráðherra til að leita umsagnar sóknarprests, sbr. hér áður. Hins vegar er skylt að leita umsagnar barnaverndarnefndar, sbr. og 33. gr. laga nr. 53/1966.

Um 9. gr.

Þessi grein svarar til 7. gr. ættleiðingarlaga. Samkv 7. gr. getur ættleiðing eigi farið fram, nem **samþykki** lögráðamanns komi til. Hér er lagt til, að skylt sé að leita **umsagnar** lögráðamanns, áður en afstaða er tekin til ættleiðingarbeiðni, en umsögn lögráðamanns bindi þó eigi hendur dómsmálaráðherra, sem metur mál eftir öllum aðstæðum með efnisreglu 2. gr. að leiðarljósi.

Um 10.—13. gr.

Í þessum greinum frv. eru nánari fyrirmæli um samþykki, form þess og inntak, staðfestingu þess fyrir opinberum starfsmanni, afturköllun samþykkis, svo og ákvæði þess efnis, að þegar sérstaklega standi á megi ættleiðing fara fram, án þess að samþykki þess eða þeirra sé fengið, sem veita skyldu það samkv. almennum reglum um samþykki forráðamanna barns. Er þessara nýmæla getið hér að framan.

Ljóst er, að ættleiðing er mjög örlagarík og áhrifarík löggerningur, sem varðar mjög hag barns. Verður því að vanda sem best til alls undirbúnings að því, að ættleiðingarleyfi verði látið uppi. Stefna nýmæli frv. að því að treysta vandaða meðferð þessara mála, bæði varðandi form máls og efni. Í því sambandi er þess sérstaklega að geta, að vafasamt er, hvort að forráðamenn barna geri sér ávallt fulla grein fyrir lagaáhrifum ættleiðingar. Er vafalaust þörf á ráðgjöf og leiðsögn vegna þessa, enda sé tryggð sönnun fyrir því, að aðili hafi hlotið slíka leiðsögn. Ýmis vafamál hafa vaknað í lagaframkvæmd út af samþykki til ættleiðingar, m. a. um það, hvort laganauðsyn sé á að nafngreina í samþykkisyfirlýsingu væntanlega ættleiðendur, og enn fremur um það, hvort unnt sé að veita slíkt samþykki, áður en barn fæðist, ef það er ekki staðfest eftir fæðingu barns, svo og um afturköllun samþykkis. Er frv. ætlað að lögfesta reglur, er að þessu lúta.

Um 10. gr.

Í 1. málsgr. er það nýmæli, að samþykki til ættleiðingar skuli vera skriflegt. Reglur um þetta eru ekki í settum ættleiðingarlögum, en ávallt er gengið eftir því í lagaframkvæmd, að samþykki sé skriflegt. Er það raunar hin síðari ár að jafnaði ritað á eyðublað, sem dómsmálaráðuneyti lætur í té, sbr. um það efni 23. gr. frv. Í 1. málsgr. 10. gr. er jafnframt boðið, að samþykkisyfirlýsing skuli staðfest fyrir starfsmanni dómsmálaráðuneytis eða öðrum opinberum starfsmanni eða stofnun, sem dómsmálaráðuneytið löggildir til þessa. Þetta nýmæli horfir til réttaröryggis. Oft er það einstæð móðir, ung að árum, sem er lögbær til að samþykkja ættleiðingu, og er full ástæða til að áskilja í lögum, að samþykki sé staðfest fyrir opinberum starfsmanni, raunar einnig þótt högum samþykkjanda sé annan veg farið. Sýslumenn og bæjarfógetar og lögreglustjórar yrðu vafalaust löggiltir til þess að staðfesta undirritun, svo og væntanlega t. d. formenn barnaverndarnefndar eða starfsmaður mæðrastyrktarnefndar. Staðfesting á undirritun stendur og í tengslum við það ákvæði 3. málsgr., er mælir fyrir um, að samþykkjandi skuli hafa fengið fræðslu um lagaáhrif ættleiðingar og samþykkisyfirlýsingar. Lætur sá aðili slíka leiðsögn uppi, sem greinir í 1. málsgr. Ber samkv. 3. málsgr. að skrá sérstaklega á samþykkisyfirlýsingu vottorð viðkomandi starfsmanns þess efnis, að samþykkjandi hafi fengið

þessa fræðslu. Er með þessu stuðlað að því, að gætt verði ákvæðanna um leiðsögn í lagaframkvæmdinni. Um efni þeirrar fræðslu, sem hér er vikið að, segir það eitt, að hún skuli lúta að lagaáhrifum ættleiðingar og samþykkisyfirlýsingar. Hún á að sjálfsögðu að vera hlutlæg og verður a. m. k. að verulegu leyti bundin við settar lagareglur, einkum ákvæði ættleiðingarlaga. Ekki er gert ráð fyrir því, að hér verði um beina ráðgjöf að ræða. Vafalaust er mikil þörf á, að gefið verði út leiðbeiningarrit um ættleiðingar, ætlað almenningi.

Í 2. málsgr. greinarinnar er mælt um það hvernig fari um samþykki til ættleiðingar, sem látið er uppi fyrir fæðingu barns. Slíkt samþykki hefir verið talið gilt að ísl. rétti, sbr. hrd. 1959, bls. 49. Hér er lagt til, að slíkt samþykki sé því aðeins gilt, að það sé staðfest hið fyrsta þremur mánuðum eftir fæðingu barns og þá staðfest með þeim hætti, er segir í 1., sbr. 3. málsgr. Telja verður að ýmsu leyti varhugavert að byggja á samþykkisyfirlýsingu, sem veitt er fyrir fæðingu. Móðir barns, sem oft á ein hlut að máli, er þá oft illa á sig komin andlega og stundum líkamlega, haldin kvíða og vonleysi og eigi skyggn sem skyldi á tiltæka úrkosti. Þessi sjónarmið hafa leitt til þess sums staðar í löndum, að samþykkisyfirlýsing fyrir fæðingu barns er að lögum að vettugi virðandi. Hér þykir eðlilegast að áskilja, að staðfesting fari fram á samþykki eigi fyrr en 3 mánuðir eru liðnir frá fæðingu barns, en eigi er skotið loku fyrir að samþykkisyfirlýsing kunni að vera rituð fyrir fæðingu barnsins. Heimilt er þó samkv. 2. málsgr. að víkja frá þessu ef alveg sérstaklega stendur á. Er þar t. d. átt við það, að samþykkjandi sé horfinn, geðrænum högum hans sé svo háttað, að eigi sé mark takandi á yfirlýsingu hans eða sérstaklega sé brýnt að ganga frá ættleiðingu vegna brottflutnings ættleiðanda úr landi. Hér víkur öðru vísi við en samkv. 2. málsgr. 12. gr., því að hér er gert ráð fyrir, að fyrir liggi frumsamþykki til ættleiðingar, en það skortir á, að staðfesting fáist.

Í 4. málsgr. er tekin afstaða til gildis samþykkisyfirlýsingar, þar sem væntanlegir ættleiðendur eru eigi nafngreindir í yfirlýsingu („anonyme adoptioner"). Slíkt samþykki hefir verið talið gilt í lagaframkvæmd hér á landi, sbr. hrd. 1959, bls. 49. Þesskonar ættleiðingar geta verið varhugaverðar, enda er samþykkjanda ógerlegt að meta það mikilvæga atriði, hvort væntanlegir ættleiðendur séu hæfir uppalendur, og hæfir að öðru leyti um að sjá barni vel borgið. Viðhorfið breytist nokkuð, ef það er barnaverndarnefnd eða annar aðili, sem til þessa er löggiltur af ráðuneyti, sem ákveður, hverjir ættleiðendur verði, enda má þá telja öruggt, að slík stofnun hafi sérstaklega kynnt sér þetta efni, áður en ákvörðun er tekin um ættleiðendur. Á þessum sjónarmiðum er 4. málsgr. reist. Hún mælir svo, að samþykki sé eigi gilt, ef ættleiðenda sé ógetið, nema þegar samþykki lýtur að ráðstöfun á barni til ættleiðingar til foreldris, sem barnaverndarnefnd ákveður eða annar aðili, sem ráðuneytið kann að löggilda til að hafa milligöngu um ættleiðingu. Bent skal á, að hér er vikið að því, að dómsmálaráðuneyti kunni að löggilda aðila til að hafa milligöngu um ættleiðingu. Er væntanlega orðin þörf á að löggilda slíka aðilja, en milliganga um þetta efni krefst, ef vel er, bæði þekkingar á lagareglum og m. a. lífsreynslu og mannþekkingar hjá þeim, sem um fjallar. Hefir athygli manna víða um lönd beinst að aðiljum, sem hafa milligöngu um ættleiðingu og starfsemi þeirra. Hér er þess að gæta, að víðast hvar í löndum eru miklu fleiri, sem óska eftir börnum til ættleiðingar, en eiga þessa kost. Er þessu einnig farið svo hér á landi. Reynslan í ýmsum löndum sýnir, að hætt er við, að aðiljar takist á hendur milligöngu fyrir fjárgreiðslur, en á slíku verður að hafa þjóðfélagslegan hemil, þ. á m. með því að þeir einir geti haft milligöngu, sem til þessa eru löggiltir. Þetta málefni er eigi tekið sérstaklega til úrlausnar í frv. þessu, en á það er minnt með ákvæði 4. málsgr. 10. gr.

Um 11. gr.

Greinin víkur að samþykkisyfirlýsingum, sem gefnar eru erlendis. Getur ráðherra ákveðið, að samþykki sem veitt er fyrir opinberum starfsmanni eða stofnun erlendis jafngildi samþykki, sem gefið er fyrir opinberum starfsmanni eða stofnun hér á landi. Má að því leyti heimila frávik frá ákvæðum 1.—3. málsgr. Ljóst er þó,

að samþykki verður að vera skriflegt, og hefir það eigi gildi, nema staðfest sé 3 mánuðum hið fyrsta eftir fæðingu barns. Þá á 4. málsgr. 10. gr. alfarið við um slíkar samþykkisyfirlýsingar. Um þetta efni má einnig vísa til 24. gr. frv.

Um 12. gr.

Í þessari grein eru ýmis nýmæli, og er þeirra getið í III hér að framan.

Í 1. málsgr. er fjallað um afturköllun á samþykkisyfirlýsingu. Hefir nokkur óvissa ríkt í sifjarétti um mat á því, hvort unnt sé að veita samþykki eftir að slík yfirlýsing hefir verið tekin aftur. Lagt er til í 1. málsgr., að afturköllun, sem fram fer áður en ættleiðingarleyfi er veitt, valdi því almennt, að eigi geti orðið af ættleiðingu, og er hér byggt á því, að afturköllun sé kunn dómsmálaráðuneyti, áður en leyfi er gefið út. Ef leyfi er gefið út, þegar svona stendur á, er unnt að fá það ónýtt með dómi, nema undantekningarreglur 1. málsgr. eigi við. Eru þær fólgnar í að heimila ættleiðingu, þótt samþykki sé tekið aftur, ef barn hefir verið í fóstri hjá ættleiðingarbeiðanda eða þegar hagir barns mæla að öðru leyti eindregið með því, að það verði ættleitt. Í báðum tilvikum er sleginn við sá varnagli, að afturköllun styðjist eigi við skynsamleg rök. Á því er byggt, að þessum undantekningarreglum verði eigi beitt, nema alveg sérstaklega standi á, en eigi þykir varhugavert að leggja mat á þessu í hendur dómsmálaráðherra innan þeirra tiltölulega þröngu marka, sem greind eru í 1. málsgr. Afturköllunin getur vissulega stuðst við nánast andfélagsleg sjónarmið og verið mjög gegn hagsmunum barns, og þykir nauðsynlegt að lögfesta þær undantekningarreglur, sem felast í 1. málsgr.

Í 2. málsgr. er lagt til, að heimiluð verði ættleiðing, þótt samþykki lögbærs aðila samkv. 7. og 10. gr. liggi ekki fyrir, enda standi alveg sérstaklega á og þarfir barns mæla eindregið með því. Skilið er til, að barnaverndarráð fallist á þá skipan mála. Hér eru einkum höfð í huga hin svonefndu „gleymdu börn“, sem oft vistast á stofnunum án þess að nokkur vandamaður hugsi um þau eða jafn vel vitji þeirra. Í norrænum lögum hefir á síðustu árum verið lögfest hliðstætt ákvæði. Ber að leggja áherslu á, að mjög varlega verður að fara í að beita þessari heimild, sbr. orðin „ef alveg sérstaklega stendur á“, í 2. málsgr. og orðalagið „ef þarfir barns mæla eindregið með því.“ Áður en barnaverndarráð lætur uppi samþykki sitt myndi ráðið sjálfsagt leita umsagnar barnaverndarnefndar í umdæmi því, sem um er að ræða.

Ákvæði 3. málsgr. er þessu skylt, en þar er sérstaklega vikið að barni, sem barnaverndarnefnd hefir ráðstafað á stofnun eða til fósturs hjá einstaklingi. Má leyfa ættleiðingu þess barns, þótt samþykki lögbærs aðila samkv. 7. og 10. gr. sé ekki til að dreifa, að gættum skilyrðum 2. málsgr. Þarf þar á meðal samþykki barnaverndarráðs að koma til. Verður það vafalaust fágætt, að heimildum 2. eða 3. málsgr. verði beitt, en reynslan á Norðurlöndum hefir sýnt, að rétt sé að hafa slíkar heimildir í lögum.

I 4. málsgr. er boðið að leita skuli **umsagnar** foreldris, sem láta skyldi uppi samþykki samkv. 7. gr., svo og umsagnar foreldris, sem greinir í 8. gr., nema dómsmálaráðuneyti telji, að varhugavert sé fyrir barnið, að slíkra umsagna sé leitað eða slíkt valdi skaðsömum drætti á úrlausn máls. Samkv. þessu skal aðeins leitað **umsagnar** foreldris, sem hefir forræði barns, en eigi **samþykkis** þess. Eigi er það greint sérstaklega í ákvæðinu, að ráðuneytið geti sett aðila frest til að skila umsögn. Er vafalaust, að ráðuneytinu er slíkt heimilt án þess að þörf sé á lögmæltri reglu um það efni.

Um 13. gr.

Í þessari grein er ráðuneytinu boðið að skýra frá því án tafar, ef ættleiðingarleyfi er látið uppi án þess að samþykki liggi fyrir, sbr. 12. gr. Skal beina tilkynningu til þeirra, sem réttbærir eru til að samþykkja ættleiðingu. Ber að benda þeim á, að heimilt sé að bera leyfisveitingu undir dómstóla. Slíkt mál skal höfða innan 6 mánaða frá því, að dómsmálaráðuneyti sendi aðila tilkynningu, og skal stefnandi njóta gjafsóknarkjara og þá m. a. vegna flutnings máls fyrir Hæstarétti.

Ákvæði 13. gr. er ætlað að stuðla að réttaröryggi, enda er mikilsvert, að búa svo um hnúta, að aðili geti borið mál undir dómstóla. Metur dómstóll þá hvort lagaskilyrðum sé fullnægt til útgáfu leyfis og getur hnekkt leyfi, ef því er að skipta.

Ljóst er, að unnt er að bera útgáfu ættleiðingarleyfis almennt undir dómstóla, ef því er haldið fram, að ráðuneyti hafi eigi gætt réttra lagaskilyrða við útgáfu leyfis, sbr. 60. gr. stjórnarskrár og t. d. hrd. 1959, bls. 49.

Um 14. gr.

Þessi grein svarar til 9. gr. ættleiðingarlaga. Boðið er að leiða í ljós, hvort innt sé af hendi gjald í tengslum við ættleiðingu eða ætlun sé að gera það og hversu hátt gjald sé, ef því er að skipta. Má ganga eftir skriflegum yfirlýsingum aðilja um þetta efni. Hér er eigi skotið loku fyrir að ættleiða megi barn, þótt greiðsla komi fram vegna ættleiðingar. Í 2. málsgr. er samskonar ákvæði og nú er í 2. málsgr. 9. gr. um það, er innt er af hendi gjald vegna ættleiðingar, og má þá binda ættleiðingu því skilyrði, að tryggt sé að greiðsla renni til kjörbarns eða framfærslu þess.

Um II. kafla, 15. og 16. gr.

Hér er skipað ákvæðum um lagaáhrif ættleiðingar, en þau eru þó eigi tæmandi talin. Ákvæðin fela í sér, að ættleiðing veldur því, að barnið fær yfirleitt sömu réttarstöðu sem væri það skilgetið barn kjörforeldra gagnvart þeim, ættmennum þeirra og þeim, sem í kjörsifjum eru við ættleiðendur, nema lög mæli annan veg. Frá þeim tíma, er ættleiðing tekur gildi, rofna lagatengsl barns við kynforeldri og ættingja þeirra og þá, sem eru í kjörsifjum við þá. Um foreldravald er þessi regla sérstaklega áréttuð í 16. gr. og einnig um framfærslutengsl. Með 5. gr. erfðalaga nr. 8/1962 er þessi regla lögfest varðandi erfðatengsl kjörbarna og kjörforeldris og ættmenna þeirra.

Í ákvæðunum felst, að lagaáhrifin eru einskorðuð og óhjákvæmileg. Geta aðiljar með samþykki dómsmálaráðuneytis engu um ráðið. Hér er því lögfest ættleiðing, sem felur í sér í langflestum samböndum alger fjölskylduskipti að lögum með mjög ríkum réttaráhrifum. Eru ríkisfangslögin meðal örfárra laga, þar sem ættleiðing veldur því ekki af sjálfu sér, að kjörbarn fái sömu réttarstöðu sem skilgetið barn kjörforeldra. Hefir breskum ríkisfangslögum nú verið breytt svo, að ættleidd börn fylgja ríkisfangi ættleiðenda (föður eða móður), og þykir líklegt, að norrænum lögum verði breytt í það horf.

Ákvæði 15. og 16. gr. svara til 10.—12. gr. ættleiðingarlaga. Í 10. gr. segir, að í ættleiðingarleyfi megi ákveða að kjörbarn kenni sig til kjörforeldris. Nafnskipti fara nálega alltaf fram í lagaframkvæmd. Þykir því raunhæfara að orða ákvæði þetta svo í 3. málsgr. 15. gr., að kjörbarn kenni sig til kjörforeldris, nema kjörforeldrar óski þess, að barn haldi fyrra kenningarnafni. Eigi eru ákvæði í frv. um eiginnafn kjörbarns og heimild til breytingar á því, og þykir rétt, að um það sé fjallað í lögum um mannanöfn.

Í 13. gr. ættleiðingarlaga nr. 19/1953 segir, að eigi skapist að lögum við ættleiðingu fjölskyldutengsl milli kjörbarns og ættar kjörforeldris og eigi milli kjörbarna innbyrðis. Sýnt er af ákvæðum 15. og 16. gr. frv., að slíkt ákvæði fær eigi staðist í þessu frv. Minna má raunar á 7. gr. laga nr. 60/1972 í því sambandi og 5. gr. erfðalaga nr. 8/1962.

Vakin er athygli á, að 2. málsgr. 12. gr. ættleiðingarlaga er eigi tekin með í þessu frv., en ljóst er, að þegar skipað er forræði barns vegna skilnaðar foreldra, sbr. 47. gr. laga nr. 60/1972, er m. a. tekið tillit til þess, að náið samband hafi verið milli annars hjóna og kjörbarns fyrir giftingu.

Um III. kafla.

Ákvæði þessa kafla samsvara 14.—20. gr. ættleiðingarlaga nr. 19/1953. Veigamesta breytingin er sú, að samkv. frv. getur það eigi leitt til niðurfellingar ættleiðingar, þótt kjörbarn brjóti af sér gagnvart kjörforeldri, sbr. nú 16. gr. ættleiðingarlaganna. Er það byggt á þeim rökum að kjörforeldri hljóti að taka þá

áhættu, að kjörbarn brjóti af sér gagnvart því og geti foreldraskyldur eigi rofnað við það. Er hér farin svipuð leið í frv. sem í dönsku ættleiðingarlögunum frá 1972. Hins vegar þykir of langt gengið í sænsku ættleiðingarlögunum, sem þrengja til muna meir kosti á niðurfellingu ættleiðingar, svo sem greinir í I að framan. Ýmsar aðrar breytingar felast í ákvæðum þessa kafla frá gildandi lögum. Verður þeirra getið síðar.

Um 17. gr.

Hún fjallar um sama efni sem 14. gr. ættleiðingarlaga. Samkv. því ákvæði verður ættleiðing ekki felld niður, ef kjörbarn er ólögráða. Þetta þykir of fortakslaust ákvæði, enda getur barni verið velferðarmál, að ættleiðing sé niður felld. Rétt þykir að heimila niðurfellingu ættleiðingar, ef bæði kjörforeldri og kynforeldri eru á það sátt, þótt barn sé ólögráða. Jafnframt þykir réttmætt að áskilja, að samþykki barns komi til, ef það hefir náð 12 ára aldri. Felur 17. gr. 2. málsgr. frv. í sér nokkru sveigjanlegri tilhögun en er samkv. 14. gr. ættleiðingarlaga.

Þótt kjörforeldrar látist, fellur ættleiðing ekki niður af sjálfu sér. Barni getur verið hagsmunamál, að ættleiðing sé formlega niður felld, er svo stendur á, t. d. í því skyni að gera það kleift að ættleiðing fari fram af hálfu annarra aðilja. Samkv. 3. málsgr. er lagt til, að ættleiðing verði felld niður, þegar svo stendur á, samkv. ósk kynforeldra. Einnig í þessu tilviki er áskilið samþykki kjörbarns, ef það hefir náð 12 ára aldri.

Í 3. málsgr. 17. gr. er nýmæli, sem heimilar dómsmálaráðherra að fella niður ættleiðingu, þegar kjörforeldrar hafa látist, enda óski kynforeldrar eftir því og þarfir barns mæla með því. Einnig í þessu sambandi þarf samþykki barns, sem náð hefir 12 ára aldri. Ákvæði þetta er orðað hér að danskri fyrirmynd. Við andlát ættleiðenda fellur ættleiðing sem slík eigi niður. Getur því þurft t. d. að koma til ný ættleiðing á barni.

Um 18. gr.

Ákvæði þetta er að öllu verulegu sama efnis sem 15. gr. ættleiðingarlaga. Nokkur tilvik, sem greind eru í 15. gr. eru eigi tekin með í 18. gr., en þau koma undir orðalagið, „að það varði kjörbarn miklu, að ættleiðing sé felld niður.“ Engir tímafrestir eru orðaðir í sambandi við höfðun dómsmáls samkv. greininni, og þess er eigi getið sérstaklega, að afstaða barns, sem orðið er 12 ára, skipti hér sérstöku máli. Tekið er fram, að stefnandi í héraði njóti gjafsóknarkjara, og gilda þau kjör einnig um kostnað af áfrýjun máls, ef því er að skipta.

Um 19. gr.

Þessi grein kveður á um áhrif niðurfellingar á ættleiðingu gagnvart kjörforeldrum. Svarar hún til 17. gr. ættleiðingarlaga, en er nokkuð annars efnis.

Í 1. málsgr. segir, að niðurfelling ættleiðingar, sem hjón standi að sameiginlega, taki til þeirra beggja, ef hjúskap sé ólokið. Á þetta einnig við í því tilviki, er aðeins annað hjóna brýtur af sér gagnvart barni, sbr. 1. málsgr. 18. gr., og er þetta áréttað með 2. málsgr. 19. gr. Að vísu mætti hreyfa því að þegar svo stendur á, ætti að vera heimilt að fella niður ættleiðingu gagnvart öðru hjóna, en hún héldist gagnvart hinu. Þetta myndi þó vafalítið gefast illa, ef hjón væru samvistum, af uppeldislegum ástæðum auk þess sem lagaflækjur gætu af því stafað. Heimilt er að slíta ættleiðingu, svo að það hafi aðeins áhrif gagnvart öðru hjóna, ef hjúskap ættleiðenda er slitið, hvort sem það er vegna andláts maka, ógildingar hjúskapar eða lögskilnaðar. Mæla lagarök með því að slík málalok séu heimil.

Um 20. gr.

Oft er ættleiðing að formi niður felld, áður en til nýrrar ættleiðingar kemur, sbr. athugasemdir við 3. málsgr. 17. gr. Ef þessu fer eigi fram, er sýnilegt, að yngri ættleiðing gengur fyrir hinni eldri, enda séu báðar gildar að lögum. Sérstök viðhorf gilda um það, er stjúpi eða stjúpa ættleiða kjörbarn maka síns, en við það haggast vitaskuld ekki fyrri ættleiðing. Minna má hér almennt á ákvæði 3. málsgr. 5. gr.

Um 21. gr.

Í 21. gr. er fjallað um lagaáhrif þess, að ættleiðing sé niðurfelld a) gagnvart kjörforeldrum, sbr. 1. málsgr. og b) gagnvart kynforeldrum, sbr. 2. málsgr. Greinin samsvarar 20. gr. ættleiðingarlaga.

Niðurfelling ættleiðingar veldur því, að lagaáhrif hennar gagnvart kjörbarni og kjörforeldri og ættmennum kjörforeldris falla niður, en dómstól er þó heimilt að kveða svo á, að kjörforeldri skuli greiða fé til framfærslu kjörbarns, ef sérstaklega stendur á. Er þetta nýmæli í 1. málsgr. 21. gr., og er heppilegt að hafa slíka heimild í lögum, þótt væntalega verði henni sjaldan beitt.

Niðurfelling ættleiðingar samkv. 17. gr. 1. málsgr. veldur því ekki, að lagatengsl milli barns og kynforeldris takist að nýju, sbr. 4. málsgr. 21. gr., en hinsvegar takast tengsl þessi, ef ættleiðing er felld niður samkv. 2. eða 3. málsgr. 17. gr. Ef ættleiðing er felld niður með stoð í 18. gr., getur dómstóll ákveðið, að lagatengsl milli kynforeldra barns og ættmenna rakni við að nýju. Þessar reglur, sem hér er lagt til að lögfestar verði með norræn lög að fyrirmynd, víkja nokkuð frá gildandi lögum, sbr. lok 20. gr. ættleiðingarlaga. Er hér greint milli ýmissa tilvika frekar en gert er í 20. gr.

Í 3. málsgr. er kjörbarni heimilað að kenna sig til kjörforeldra og halda því kenningarnafni, sem það fékk við ættleiðingu þótt ættleiðing sé niður felld, en jafnframt segir, að barni sé heimilt að taka upp fyrra kenningarnafn. Hér er lagt til, að þetta mál sé alfarið háð mati barnsins sjálfs, og þar þurfi ekki að koma til leyfi ráðuneytis eða úrlausn dómstóls. Er ákvæðið því nokkuð breytt frá því, sem nú er í 20. gr. laga 19/1953. Þykir eðlilegt að ætla barninu sjálfu að meta þetta mál, og er ekki ástæða til að áskilja leyfi ráðuneytisins. Ljóst er, að barn verður að taka skjótlega afstöðu til þessa máls eftir að ættleiðing er niður felld, svo og að tilkynna verður presti (þjóðskrá) um nafnbreytingu.

Um 22. gr.

Hér er kveðið á um skyldu dómstóls til að leita álits þeirra aðilja, sem skyldu samþykkja ættleiðingu í öndverðu eða láta uppi umsögn um ættleiðingarumsókn, áður en máli er ráðið til lykta. Er það ákvæði sama efnis og 18. gr. ættleiðingarlaga. Í síðara málslið 22. gr. segir, að dómstóll geti ákveðið, ef sérstök rök mæli með því, að umsagnar skuli ekki leitað. Á það einkum við, ef ekki er ætlunin að láta lagatengsl milli barns og kynforeldra og annarra ættmenna rakna við að nýju. Síðari málsliður er nýmæli, en vænta má þess, að því undantekningarákvæði verði sjaldan beitt.

Um 23. gr.

Hér er kveðið á um reglur, er dómsmálaráðuneyti setur varðandi ættleiðingarumsóknir, form og efni þeirra og samþykkisyfirlýsingar, svo og um könnun á umsóknum þessum, þ. á m. um félagslega könnun á högum aðilja.

Að undanförnu hefir það tíðkast, að umsóknir um ættleiðingu eru ritaðar á sérstök eyðublöð, er dómsmálaráðuneyti leggur til, svo og samþykkisyfirlýsingar. Er þar og greint, hver fylgigögn skuli vera með umsókn. Í 23. gr. er gert ráð fyrir, að um þetta verði settar sérstakar reglur, þ. á m. að skilt sé að rita umsókn og samþykkisyfirlýsingu á þar til gerð eyðublöð. Er það til öryggis, að slíkt form sé á haft.

Þá er m. a. mælt fyrir um það í greininni, að reglur verði settar um könnun á umsóknum, einkum varðandi hagi barnsins, foreldra þess og væntanlegra kjörforeldra. Þarf vissulega að vanda til þeirrar könnunar, jafn örlagarík sem ættleiðing er eða getur verið. Er mikilvægt að afla upplýsinga frá vandamönnum og þeim, er vel þekkja til haga aðilja, og að viðhöfð sé könnun á heimilisaðstæðum hjá væntanlegum kjörforeldrum og leidd séu í ljós atriði, sem varða mat á uppeldishæfni þeirra og hæfni til að sjá vel borgið hag barnsins, þ. á m. um það, hvort kjörforeldrar séu reglusamt fólk, er búi við skipulegan fjárhag, heilbrigð andlega og

líkamlega og óspillt að siðferði. Oftast myndi barnaverndarnefnd eða starfsmenn hennar kanna heimilisaðstæður og er þarflegt einnig að fá umsögn sóknarprests eða forstöðumanns safnaðar um slík efni, en fleiri koma hér til greina, svo sem fyrr segir. Er hyggilegra að setja reglur um þetta efni í stjórnvaldsreglum en í lagatexta.

Svo sem fyrr segir, er gert ráð fyrir því, að sá, er samþykkir ættleiðingu, fái fræðslu um lagaáhrif ættleiðingar og lagagildi samþykkisyfirlýsingar, sbr. 10. gr. 2. málsgr. frv. Mætti setja reglur um það efni af hálfu ráðuneytis eftir að nokkur reynsla er fengin um vinnubrögð við slíka fræðslustarfsemi. Hér skal og minnt á það, er fyrr segir um nauðsyn á útgáfu fræðslurits um ættleiðingu, sem æskilegt væri að ráðuneytið beitti sér fyrir,að samið yrði og þá eftir atvikum í samráði við barnaverndarráð.

Í 23. gr. er eigi fjallað sérstaklega um félagsráðgjöf í sambandi við ættleiðingu. Svo sem fyrr segir, er eigi vikið að henni beinlínis með ákvæði 3. málsgr. 10. gr., frv. Vakin er athygli á, að vafalaust er þörf á slíkri ráðgjöf, en ætla má, að nú sé hún mest í höndum barnaverndarnefndar (Félagsmálastofnunar) og mæðrastyrksnefndar í Reykjavík og barnaverndarnefnda víða um land. Ráðgjöf varðandi mat á því, hvort ráðlagt sé að ráðstafa barni til ættleiðingar, er ótvírætt mikið vandaverk. Þarf í stærri kaupstöðum landsins að hyggja að því að koma á fót ráðgjafarstofnunum, er fjalla um fjölskyldumálefni yfirleitt, eða styrkja til muna þær stofnanir, sem fyrir eru og gætu hugsanlega annað því verkefni.

Um 24. og 25. gr.

Þessar greinar fjalla um ættleiðingu á erlendum ríkisborgurum hér á landi og ættleiðingu af hálfu erlendra ríkisborgara hér á landi, svo og um ættleiðingu á íslenskum ríkisborgurum erlendis og ættleiðingu af hálfu ísl. ríkisborgara erlendis. Þá er einnig fjallað um gildi niðurfellingar á ættleiðingu. Ákvæði greinanna svara til 21. og 22. gr. ættleiðingarlaga og eru að öllu verulegu sama efnis sem þær.

Um 26. gr.

Veitir ekki tilefni til athugasemda.

Um 27. gr.

Hér er sérstaklega tekið fram, að ákvæði 10. gr. um form og staðfestingu á samþykkisyfirlýsingu taki ekki til samþykkis, sem látið sé uppi fyrir gildistöku laganna. Hins vegar segir og, að ákvæði III. kafla um niðurfellingu ættleiðingar taki m. a. til ættleiðinga, sem til hefir verið stofnað fyrir gildistöku laganna.

Tekið skal fram, að ætla má að af hálfu utanríkisráðuneytis muni verða til þess stofnað, að sáttmáli Evrópuráðs um ættleiðingu frá 14. desember 1967 verði fullgiltur af Íslands hálfu nú á næstunni.

Nd. 483. Nefndarálit [143. mál]

um frv. til laga um flokkun og mat ullar.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundum sínum og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess óbreytts.

Alþingi, 1. apríl 1976.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr.	Pálmi Jónsson.
Ingólfur Jónsson.	Eðvarð Sigurðsson.	Friðjón Þórðarson.
	Benedikt Gröndal.	

Ed. **484. Frumvarp til laga** [236. mál]

um skotvopn, sprengiefni og skotelda.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

I. KAFLI
Um gildissvið laganna.

Með **skotvopni** er í lögum þessum átt við vopn eða tæki, sem hægt er með sprengikrafti, samanþjöppuðu lofti eða á annan þvílíkan hátt að skjóta úr kúlum, höglum eða öðrum skeytum.

Með **skotfærum** er í lögum þessum átt við hvers konar skot eða skeyti (þar með taldir einstakir hlutir þeirra svo sem hvellhettur og púður), sem gerð eru til að skjóta úr skotvopnum.

Með **sprengiefni** er í lögum þessum átt við fast eða fljótandi efni eða efnablöndu, sem hefur þann eiginleika að geta sprungið við högg, þrýsting eða hita svo og kveikiefni svo sem hvellhettur og kveikiþræðir.

Með **skoteldum** er í lögum þessum átt við flugelda, reyk-, táragas- og hvellsprengjur og ýmis konar skrautelda.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið nánar en um getur í 1. til 4. mgr., hvaða efni og tæki skuli teljast skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skoteldar. Einnig getur ráðherra ákveðið, að ákvæði laganna taki að einhverju eða öllu leyti til hluta úr efnum og tækjum, sem tilgreind eru í 1. til 4. mgr.

2. gr.

Lög þessi taka eigi til vopna, tækja og efna, samkvæmt 1. gr., sem eru í eigu landhelgisgæslu og lögreglu. Dómsmálaráðherra setur um þau sérstakar reglur.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að ákvæði laganna taki eigi til eftirgreindra tækja og efna, en getur sett um þau sérstakar reglur:

1. Naglabyssa og skothamra, sem ætlað er til að nota í byggingariðnaði.
2. Línubyssa og tilheyrandi skotfæra, merkjabyssa, eða annarra slíkra skotvopna og ýmissa skotelda, sem eingöngu er notað við björgunarstörf í skipum og á landi.
3. Byssa sem sérstaklega eru ætlaðar til hvalveiða og notaðar eru á hvalveiðibátum.
4. Annarra tækja og efna, sem valda óverulegri hættu.

3. gr.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að ákvæði laga þessara taki að einhverju eða öllu leyti til eftirgreindra hluta:

1. Annarra vopna en venjulegra skotvopna, svo sem hnúajárna, örvaboga, högg-, stungu- eða eggvopna.
2. Efna og tækja, sem eftir skilgreiningu 1. gr. teljast ekki til skotvopna, skotfæra, sprengiefna eða skotelda, en hafa svipaða eiginleika og verkanir.

4. gr.

Dómsmálaráðherra sker úr ágreiningi, sem upp kann að koma um gildissvið laganna.

II. KAFLI
Framleiðsla, innflutningur, útflutningur og verslun.

5. gr.

Enginn má framleiða skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda nema með leyfi dómsmálaráðuneytisins.

6. gr.

Leyfi samkvæmt 5. gr. má aðeins veita þeim einstaklingum, sem hafa náð 20 ára aldri og eru ábyggilegir og sýna fram á, að þeir hafi nægilega kunnáttu til þess að framleiða greindar vörur.

Heimilt er að veita skráðu félagi eða firma leyfi samkvæmt 5. gr., enda tilnefni það einn mann eða fleiri, er uppfylli skilyrði 1. mgr., til þess að annast framleiðsluna.

Dómsmálaráðherra setur, að fengnum tillögum Brunamálastofnunar ríkisins og Öryggiseftirlits ríkisins, reglur um framleiðslu á greindum vörum, þar á meðal, hvaða vörur megi framleiða, um búnað framleiðsluhúsnæðis, svo og setur hann nauðsynlegar öryggisreglur.

7. gr.

Enginn má flytja til landsins skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda nema með leyfi dómsmálaráðuneytisins. Heimilt er dómsmálaráðherra að fela lögreglustjórum að veita slík leyfi.

Leyfi samkvæmt 1. mgr. skal ætíð gefið út fyrir ákveðinni tegund og magni skotvopna, skotfæra, sprengiefna eða skotelda. Óheimilt er að tollafgreiða greindar vörur fyrr en leyfi samkvæmt 1. mgr. liggur fyrir.

Dómsmálaráðherra getur sett frekari reglur um innflutning ofangreindra efna og tækja, þar á meðal hvaða efni og tæki megi flytja til landsins.

8. gr.

Enginn má flytja úr landi skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda nema með leyfi dómsmálaráðuneytisins. Heimilt er dómsmálaráðherra að fela lögreglustjórum að veita slík leyfi.

Eigi þarf leyfi fyrir greindum tækjum og efnum, sem flutt eru úr landi með skipum eða flugförum, ef vörur þessar teljast vera nauðsynlegur búnaður skips eða flugfars.

9. gr.

Enginn má versla með skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda, hvort sem er í heildsölu eða smásölu, nema með leyfi dómsmálaráðuneytisins.

Dómsmálaráðherra getur heimilað lögreglustjórum að veita leyfi til sölu skotelda í smásölu.

10. gr.

Leyfi samkvæmt 1. mgr. 9. gr. má aðeins veita þeim einstaklingum, sem hafa verslunarleyfi, eru ábyggilegir og hafa sérþekkingu á þeim vörum, er þar um ræðir.

Leyfi samkvæmt 1. mgr. 9. gr. má aðeins veita skrásettu firma eða félagi, sem hefur verslunarleyfi, enda tilnefni firmað eða félagið ábyggilegan mann með sérþekkingu á umræddum vörum, er hafi umsjón með daglegri verslun og ábyrgist vörslu varanna ásamt stjórnendum firmans eða félagsins.

Í sérstökum tilvikum er heimilt að veita félögum leyfi til þess að selja skotelda í smásölu, enda þótt þeir hafi ekki verslunarleyfi.

Aðeins skal veita þeim leyfi, samkvæmt 9. gr., sem hafa til umráða fullnægjandi húsnæði til þess að geyma í þargreindar vörur. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um slíkt húsnæði, svo og reglur um vörslu varanna.

Áður en leyfi samkvæmt 9. gr. er veitt, skal leita umsagnar viðkomandi lögreglustjóra svo og slökkviliðsstjóra eða annarra þeirra aðila, sem með brunamál fara.

Leyfi samkvæmt 9. gr. skal eigi veita til lengri tíma en 5 ára og til skemmri tíma, ef ástæða þykir vera til að mati dómsmálaráðuneytisins.

11. gr.

Verslunareigendur, innflytjendur og framleiðendur skotvopna, skotfæra, sprengiefna og skotelda, skulu jafnan gefa viðkomandi lögreglustjóra, hvenær sem hann óskar þess, nákvæmar upplýsingar um seldar vörur og óseldar vörubirgðir.

Lögreglustjóri getur, hvenær sem er og án sérstakrar heimildar krafist þess að fá aðgang að húsnæði, þar sem skotvopn, skotfæri, skoteldar eða sprengiefni er framleitt eða þar sem birgðir af þessum vörum eru geymdar.

12. gr.

Óheimilt er þeim, sem hafa fengið verslunarleyfi samkvæmt 9. gr. að selja eða á annan hátt að afhenda þargreindar vörur öðrum en þeim, sem sýna skilríki fyrir því, að þeir megi kaupa eða taka á móti vörunum eftir ákvæðum laga þessara.

13. gr.

Óheimilt er þeim, sem fengið hafa leyfi til þess að versla með skotvopn eða sprengiefni að nota það nema með leyfi viðkomandi lögreglustjóra.

III. KAFLI
Um meðferð skotvopna og skotfæra.

14. gr.

Hver, sem vill kaupa eða á annan hátt eignast og nota skotvopn, verður að fá til þess leyfi lögreglustjóra. Leyfið veitir lögreglustjóri í því umdæmi, þar sem umsækjandi á lögheimili.

Leyfi samkvæmt 1. mgr. (skotvopnaleyfi) skulu vera skrifleg. Skal í þeim tilgreina nafn, nafnnúmer, stöðu og heimilisfang leyfishafa. Einnig skal nákvæmlega tilgreina, hvaða skotvopn eru leyfð, þar á meðal tegund, hlaupvídd og númer þess. Lögreglustjóri getur sett sérstök skilyrði í leyfið, ef hann telur þess þörf.

Skotvopnaleyfi skulu eigi gefin út til lengri tíma en 10 ára í senn og til skemmri tíma, ef ástæða þykir vera til þess.

Skotvopnaleyfi gilda hvar sem er á landinu.

15. gr.

Aðeins má veita þeim einstaklingi leyfi til þess að eignast skotvopn, er sýnir fram á, að honum sé það gagnlegt eða nauðsynlegt.

Aðeins sá einstaklingur getur fengið leyfi til þess að eiga skotvopn, sem uppfyllir eftirgreind skilyrði:

1. Hefur náð 20 ára aldri og hefur ekki verið sviptur sjálfræði.
2. Hefur ekki gerst brotlegur við ákvæði almennra hegningarlaga, áfengislaga eða laga, er varða meðferð skotvopna.
3. Hefur nægilega kunnáttu til þess að fara með skotvopn, er andlega heilbrigður, og er að öðru leyti hæfur til þess að fara með skotvopn.

Lögreglustjóri getur veitt þeim leyfi fyrir skotvopni, þótt sá hafi brotið ákvæði laga þeirra, sem tilgreind eru í 2. tölulið, ef brot er smávægilegt eða langt er um liðið að brot var framið enda sýni umsækjandi fram á að hann hafi ríka þörf fyrir að eiga skotvopn.

Dómsmálaráðherra getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, ef sérstaklega stendur á. Dómsmálaráðherra getur sett nánari skilyrði en um getur í 1. og 2. mgr., þar á meðal sett sérstakar reglur varðandi vopn, er teljast vera sérstaklega hættuleg.

16. gr.

Dómsmálaráðherra getur heimilað lögreglustjórum að veita félögum eða stofnunum leyfi til þess að eiga skotvopn, ef slíkir aðilar þurfa starfsemi sinnar vegna nauðsynlega á þeim að halda, enda sé tilnefndur ákveðinn aðili, er annist vörslu skotvopnanna og tilheyrandi skotfæra.

17. gr.

Lögreglustjórar skulu halda skrá yfir veitt skotvopnaleyfi eftir nánari reglum, er dómsmálaráðherra setur.

18. gr.

Eigendum skotvopna er óheimilt að selja, gefa eða afhenda á annan hátt skotvopn til eignar nema viðtakandi sýni fram á, að hann hafi leyfi lögreglustjóra, sbr. 14. gr.

Eigendum skotvopna er óheimilt að lána til afnota skotvopn. Dómsmálaráðherra getur þó sett reglur um, að eiganda skotvopns sé heimilt að lána það eða láta af hendi í ákveðnum tilvikum.

19. gr.

Hver sá, sem ber á sér eða notar skotvopn, skal hafa skotvopnaleyfi meðferðis og sýna það, er löggæslumaður krefst þess. Nú sýnir maður eigi skotvopnaleyfi, getur þá löggæslumaður tekið vopnið í sína vörslu til bráðabirgða, þar til viðkomandi leggur fram skilríki fyrir því, að hann hafi heimild til þess að nota vopnið.

20. gr.

Þeir, sem fara með eða nota skotvopn, skulu ætíð gæta fyllstu varúðar.

Eigi má hleypa af skoti á vegum, yfir vegi, á almannafæri eða annars staðar, þar sem hætta getur stafað af, nema nauðsyn krefji.

Eigi má maður hleypa af skoti á annars manns landi eða skjóta yfir annars manns land án leyfis landeiganda eða ábúanda nema lög mæli öðru vísi fyrir um. Mál út af þessari málsgrein skal því aðeins höfða, að sá krefjist, sem misgert var við.

21. gr.

Aðeins má afhenda þeim skotfæri, sem hafa skotvopnaleyfi. Dómsmálaráðherra getur sett nánari ákvæði um sölu skotfæra.

22. gr.

Eigendur eða umráðahafar skotfæra og skotvopna skulu ábyrgjast vörslu þeirra og sjá svo um, að óviðkomandi aðilar nái eigi til þeirra.

23. gr.

Skotfélögum eða öðrum aðilum er óheimilt að efna til skotkeppni eða skotæfinga nema á svæði, er hlotið hefur viðurkenningu lögreglustjóra.

24. gr.

Ef skotvopn eyðileggst, týnist eða því er stolið, skal eigandi þess tilkynna lögreglu þegar um það.

IV. KAFLI
Um meðferð sprengiefnis.

25. gr.

Hver sem vill kaupa sprengiefni, verður að fá til þess leyfi lögreglustjóra. Leyfið veitir lögreglustjóri í því umdæmi þar sem leyfisbeiðandi hefur lögheimili. Ef umsækjandi er ópersónulegur aðili, þá veitir sá lögreglustjóri leyfið, þar sem starfsstöð umsækjandans er.

Aðeins má veita þeim leyfi til þess að kaupa sprengiefni, sem sýna fram á, að þeim sé það nauðsynlegt.

Leyfi samkvæmt þessari grein skulu gefin út fyrir ákveðinni tegund og magni sprengiefnis.

Eigendur sprengiefna skulu ábyrgjast vörslu sprengiefnisins og sjá um, að óviðkomandi aðilar nái eigi til þess.

Sé leyfi samkvæmt 1. mgr. veitt ópersónulegum aðila, þá skal að jafnaði tilnefna ákveðinn mann eða menn, er annist vörslu sprengiefnisins.

Óheimilt er þeim, er fengið hafa leyfi til þess að kaupa sprengiefni, að afhenda það öðrum nema með leyfi viðkomandi lögreglustjóra.

26. gr.

Þeir einir mega fara með sprengiefni og annast sprengingar, sem hafa fengið leyfi lögreglustjóra til þess. Leyfið veitir lögreglustjóri í því umdæmi, þar sem umsækjandi á lögheimili.

Aðeins má veita þeim leyfi samkvæmt 1. mgr., sem hafa að mati Öryggiseftirlits ríkisins næga kunnáttu til þess að fara með sprengiefni.

Þeir, sem fara með og nota sprengiefni, skulu ætíð gæta fyllstu varúðar.

27. gr.

Sprengiefni skal geyma í sérstökum sprengiefnageymslum.

Sprengiefni má geyma á öðrum stöðum í litlum mæli, ef þörf gerist vegna notkunar, enda sé það þá geymt í þar til gerðum hirslum eða kössum.

Dómsmálaráðherra skal setja ákvæði í reglugerð um geymslu á sprengiefni, um flutning á því og um meðferð þess að fengnum tillögum Brunamálastofnunar ríkisins og Öryggiseftirlits ríkisins.

28. gr.

Nú finnst sprengiefni eða hlutir, sem ætla má að hafi að geyma sprengiefni, rekið á land eða á víðavangi, skal þá finnandi, landeigandi eða ábúandi tilkynna lögreglustjóra þegar um fundinn.

V. KAFLI
Um meðferð skotelda.

29. gr.

Skotelda má eigi selja yngri mönnum en 16 ára. Dómsmálaráðherra er þó heimilt að ákveða að selja megi yngri mönnum skotelda, ef þeir valda óverulegri hættu.

30. gr.

Þeir sem fara með skotelda skulu ætíð gæta fyllstu varúðar.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um sölu og meðferð skotelda, þ. á m. getur hann sett reglur um að eigi megi selja almenningi ýmsar skaðlegar tegundir skotelda.

VI. KAFLI
Afturköllun leyfa og málskot.

31. gr.

Leyfi samkvæmt lögum þessum getur leyfisveitandi afturkallað, hvenær sem er, ef eigi teljast lengur vera fyrir hendi nauðsynleg skilyrði fyrir leyfinu, ef leyfishafi hefur eigi farið eftir settum fyrirmælum eða ef ætla má að leyfishafi muni fara óforsvaranlega með efni og tæki, er leyfið tekur til.

Þegar um er að ræða leyfi, samkvæmt 14. gr. eða 26. gr., skal lögreglustjóri í því umdæmi, sem leyfishafi á lögheimili, taka ákvörðun um leyfissviptingu án tillits til þess, hvar leyfi er upphaflega gefið út. Ef sérstaklega stendur á getur lögreglustjóri afturkallað leyfi án þess að færa fyrir því sérstakar ástæður.

Dómsmálaráðherra getur fyrirskipað að afturkalla skuli leyfi, sem lögreglustjóri hefur veitt.

32. gr.

Þegar leyfi samkvæmt lögum þessum er afturkallað, skal sá, sem sviptur er leyfinu, skila því til lögreglu ásamt efnum og tækjum, sem hann hefur í vörslum sínum samkvæmt leyfinu.

Ef eigi eru fyrir hendi skilyrði til eignarupptöku, getur lögreglustjóri, að liðnum einum mánuði frá leyfissviptingu, ákveðið, að selja greindan varning. Söluandvirði, að frádregnum kostnaði, skal þá renna til eiganda.

Nú telur lögreglustjóri tæki eða efni svo lélegt, að eigi sé rétt að selja það, skal þá eyðileggja það eða gera óvirkt án greiðslu bóta til handa eiganda. Sama gildir um tæki og efni sem mönnum er almennt óheimilt að hafa í vörslu sinni.

33. gr.

Ákvörðun, sem lögreglustjóri tekur samkvæmt ákvæðum laga þessara og varðar einstakling, getur sá einstaklingur kært til dómsmálaráðuneytisins.

Kæra þarf að hafa borist dómsmálaráðuneytinu innan mánaðar frá því að kærandi fékk vitneskju um niðurstöðu lögreglustjóra.

Eigi frestar málskot leyfissviptingu eða verkun hennar.

VII. KAFLI
Refsingar, eignarupptaka o. fl.

34. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

35. gr.

Gera má upptækt til ríkissjóðs:

Skotvopn, skotfæri, skotelda og sprengiefni, sem flutt hefur verið til landsins eða framleitt er í landinu án heimildar eða finnst vörslulaust eða er í vörslu manns án heimildar samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Að öðru leyti skal fara um eignarupptöku samkvæmt ákvæðum 69. gr. almennra hegningarlaga.

36. gr.

Dómsmálaráðherra getur sett í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

37. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. júní 1976. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 69 frá 23. júní 1936 um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum, alls konar sprengjum og hlutum og efni í þau, svo og 23. gr. og 24. gr laga nr. 55 22. maí 1969 um brunavarnir og brunamál.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Öll skotvopnaleyfi, sem gefin hafa verið út fyrir gildistöku laga þessara, skulu falla úr gildi 1. júní 1977. Fyrir þann tíma skulu þeir, sem óska eftir framlengingu leyfa, sækja um það til viðkomandi lögreglustjóra. Nú sækir maður eigi um leyfi eða er synjað um það, skal hann þá tafarlaust skila lögreglu þeim skotvopnum og skotfærum, sem hann hefur undir höndum.
   Ef eigi eru skilyrði til eignarupptöku, þá skal fara um sölu sem segir í 32. gr.
2. Öll leyfi til verslunar og innflutnings efna og tækja samkvæmt 1. til 4. mgr. 1. gr., sem gefin hafa verið út fyrir gildistöku laga þessara, skulu falla úr gildi 1. júní 1977. Nú sækir leyfishafi ekki um framlengingu leyfis fyrir þennan tíma, eða er synjað um leyfi, skal dómsmálaráðuneytið þá ákveða, hvernig fara skuli með óseldar vörubirgðir greindra efna og tækja, er hann hefur undir höndum.
3. Öll leyfi, sem gefin hafa verið út til framleiðslu á efnum og tækjum samkvæmt 1. til 4. mgr. 1. gr. fyrir gildistöku laga þessara, skulu falla úr gildi 1. júní 1977. Nú sækir leyfishafi eigi um framlengingu leyfis fyrir þennan tíma eða er synjað um leyfi, skal dómsmálaráðuneytið þá ákveða, hvernig fara skuli með óseldar framleiðslubirgðir.
4. Öll leyfi til manna að mega annast sprengingar, sem gefin hafa verið út fyrir gildistöku laga þessara, skulu falla úr gildi 1. júní 1977.
5. Dómsmálaráðherra getur framlengt fresti þá, sem greindir eru í bráðabirgðaákvæðum þessum, svo og getur hann sett nánari reglur um aðra framkvæmd ákvæða þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hér á landi voru fyrst sett ákvæði um skráningu skotvopna, svo og ákvæði um innflutning, sölu skotvopna, skotfæra og sprengiefna, með lögum nr. 69 frá 1936. Samkvæmt heimild í lögunum var á sama ári sett reglugerð, er kvað nánar á um framkvæmd laganna.

Lögum þessi hefur ekki verið breytt og aðeins ein smávægileg breyting hefur verið gerð á reglugerðinni á árinu 1966, þgar sett voru ákvæði um svokallaða loftriffla.

Í gildandi lögum er eigi kveðið á um ýmis atriði, sem nauðsynlegt er að skýrar reglur séu um. Ákvæði skortir t. d. um meðferð, geymslu og flutning á sprengiefni. Þörf er skýrari ákvæða um ýmis atriði varðandi sölu og meðferð skotvopna og skotfæra. Einnig er þörf frekari ákvæða um meðferð, sölu og framleiðslu á skoteldum. Vegna þess hve gildandi ákvæði um skotvopn, sprengiefni og skotelda eru fábrotin, hafa í framkvæmd mótast mismunandi reglur í hinum einstöku lögsagnarumdæmum, og má þar einkum nefna reglur um skráningu skotvopna. Það er því orðin þörf á að endurskoða gildandi lög og setja skýrari og fyllri reglur um þetta efni. Með þessu frumvarpi er stefnt að því.

Enda þótt frumvarpið sé mun ýtarlegra en ákvæði gildandi laga, er þörf á að setja í reglugerð frekari ákvæði um tiltekin atriði, svo sem flutning og geymslu sprengiefnis og meðferð þess, um sölu og framleiðslu skotelda, svo og um ýmis fleiri atriði.

Haft hefur verið samráð við nokkrar stofnanir og embætti svo sem Öryggiseftirlit ríkisins, Brunamálastofnun ríkisins, slökkviliðsstjórann í Reykjavík og lögreglustjórann í Reykjavík og fleiri aðila um samningu einstakra þátta frumvarpsins. Allir þessir aðilar hafa gefið gagnlegar ábendingar.

Við samningu frumvarpsins var höfð til hliðsjónar samsvarandi löggjöf nágrannaþjóða, einkum norskar og danskar reglur. Að meginstefnu til gilda á öllum hinum Norðurlöndunum svipaðar reglur um þetta efni. Í Danmörku eru sérstök lög um vopn, er taka fyrst og fremst til skotvopna og skotfæra. Sérstök lög eru þar um sprengiefni og enn önnur um skotelda. Í Noregi eru lög um skotvopn og skotfæri. Nýlega hafa verið samþykkt í Noregi lög um sprengiefni. Í þeim lögum er fjallað bæði um sprengiefni og skotelda. Í Svíþjóð eru svipaðar reglur að þessu leyti og í Noregi.

Til álita kom, hvort setja ætti ein lög um skotvopn, skotfæri, sprengiefni og skotelda eða hvort rétt væri að hafa sérstök lög um skotvopn og skotfæri og önnur um sprengiefni og skotelda. Tekinn var fyrri kosturinn. Er það í samræmi við gildandi lög. Auk þess er hér um efni að ræða, sem svipaðar reglur hljóta að gilda um, enda enginn verulegur eðlismunur á skotfærum, skoteldum og sprengiefni.

Einnig kom til álita,hvort rétt væri að láta ákvæði frumvarpsins ná til ýmissa sprengjanlegra efna auk venjulegra sprengiefna. Sú stefna var tekin að láta frumvarpið fyrst og fremst taka til eiginlegra sprengiefna, en ekki efna, sem eru sprengjanleg undir vissum kringumstæðum.

Frumvarpið skiptist í sjö kafla. Fyrsti kaflinn fjallar um gildissvið laganna. Annar kaflinn fjallar um framleiðslu, innflutning og sölu skotvopna, skotfæra, sprengiefna og skotelda. Þriðji kaflinn fjallar eingöngu um skotvopn og skotfæri, skráningu skotvopna, meðferð og fleira. Fjórði kaflinn fjallar um sprengiefni, hverjir megi kaupa það, svo og um notkun þess, geymslu og aðra meðferð. Fimmti kaflinn fjallar um skotelda. Sjötti og sjöundi kafli frumvarpsins fjallar um ýmis sameiginleg atriði, er taka til skotvopna, skotfæra, sprengiefna og skotelda, svo sem afturköllun leyfa, áfrýjun til æðra stjórnvalds, refsingar, eignarupptöku og fleira.

Um I. kafla.

Eins og áður er getið um fjallar þessi kafli um gildissvið frumvarpsins.

Um 1. gr.

Til þess að afmarka gildissvið frumvarpsins er sá kostur tekinn að skilgreina meginhugtök þeirra efna og tækja, er frumvarpið tekur til. Hér er ekki um tæmandi skilgreiningu að ræða, heldur er hún til leiðbeiningar fyrst og fremst. Ráðherra er heimilt að ákveða frekar en um getur í 1. til 4. mgr. hvaða efni og tæki skuli teljast skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skoteldar.

Hvort tiltekið vopn eða tæki sé skotvopn samkvæmt skilgreiningu 1. mgr., getur verið vafi á. Svokallaðar naglabyssur eru ekki vopn, en teljast vera hættuleg tæki, sem mundu falla undir skilgreiningu 1. mgr.

Svo sem áður er á minnst, merkir sprengiefni í frumvarpinu aðeins venjulegt sprengiefni, en nær ekki til ýmis konar efna, sem eru sprengjanleg undir vissum kringumstæðum svo sem ýmsar eldfimar og sprengifimar gastegundir. Í þessu sambandi er rétt að hafa til hliðsjónar afmörkum hugtakanna sprengiefni og skoteldur sem fram kemur í skýringum við Brüssel-tollnafnaskrána, sem gefin er út af tollasamvinnuráðinu í Brüssel, sem Ísland er aðili að, en íslenska tollskráin byggir að öllum stofni til á þessari tollnafnaskrá, sem og öll önnur lönd Vestur-Evrópu. Einnig má benda á skilgreiningu alþjóða siglingamálastofnunarinnar I. M. C. O. á sprengiefni.

Orðið skoteldur kemur fyrst fyrir í lagamáli í lögum nr. 20 frá 1875 um brunamál í Reykjavík. Það kemur einnig fyrir í reglugerð nr. 258 frá 1964 um sölu og

meðferð á flugeldum og öðrum skoteldum. Merking hugtaksins er hér svipuð og danska orðsins fyrværkeri.

Vegna þess að hugtökin skotvopn, skotfæri sprengiefni og skoteldur eru eigi skýrt afmörkuð samkvæmt 1.—4. mgr., geta komið upp mörg takmarkatilvik. Einkum geta verið óljós mörk milli skotelda og sprengiefna.

Venjulegt sprengiefni er í flestum skotfærum og skoteldum. Ákvæði frumvarpsins um sprengiefni skv. IV. kafla frumvarpsins mundi ekki eiga við um þess konar sprengiefni, þegar það er hluti af skotfærum eða skoteldi. Í þeim tilvikum ætti ákvæði frumvarpsins um skotfæri eða skoteld við.

Í 5. mgr. er heimild fyrir ráðherra að ákveða, að ákvæði frumvarpsins taki til hluta úr efnum og tækjum skv. 1.—4. mgr. Hvort nauðsynlegt þykir að setja slík ákvæði er ekki fyllilega ljóst, en æskilegt er að ráðherra hafi slíka heimild.

Um 2. gr.

Samkvæmt 1. mgr. tekur frumvarpið ekki til vopna, tækja og efna, sem eru í eigu landhelgisgæslu og lögreglu. Aðeins tæki eða efni, sem eru í eigu ríkissjóðs, þ. e. landhelgisgæslu eða lögreglu, falla utan ákvæða frumvarpsins. Þannig mundu ákvæði frumvarpsins taka til vopna, sem eru í eigu einstakra lögreglumanna.

Í 2. mgr. eru talin upp nokkur tilvik, þar sem dómsmálaráðherra getur ákveðið, að ákvæði frumvarpsins gildi ekki um ákveðin efni og tæki, en honum er jafnframt heimilt að setja um þau sérstakar reglur.

Um naglabyssur gilda sérstakar reglur skv. reglugerð nr. 154 frá 1956, sem sett var samkvæmt heimild í lögum um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Í þessari reglugerð er fjallað um meðferð naglabyssa og sýnist því ekki vera sérstök ástæða til þess að setja frekari reglur um þessi tæki, nema um þau atriði, sem nefnd reglugerð fjallar ekki um, svo sem um innflutning og verslun.

Ekki er þörf á að setja ýtarlegar reglur um skotvopn, skotfæri eða skotelda, sem eingöngu er notað við björgunarstörf. Ekki er eðlilegt að leggja hömlur við sölu slíkra tækja. Ef setja ætti einhverjar reglur um þessi björgunartæki, þá ættu þær helst að miða að því að koma í veg fyrir, að misnotkun eigi sér stað með þeim hætti, að óviðkomandi aðilar, sem ekki þurfa á slíkum tækjum að halda, geti eignast þau og notað.

Gert er ráð fyrir, að ráðherra geti ákveðið, að lögin taki ekki til hvalveiðibyssa, en geti sett um þær sérstakar reglur.

Einnig er gert ráð fyrir, að ráðherra geti ákveðið, að lögin taki ekki til efna og tækja, sem falla mundu undir lögin samkvæmt skilgreiningu 1.—4. mgr. 1. gr., ef þau valda óverulegri hættu.

Um 3. gr.

Nauðsynlegt getur verið að setja reglur um ýmis önnur vopn en skotvopn eða efni og tæki, sem falla utan ákvæða frumvarpsins skv. skilgreiningu 1.—4. mgr. 1. gr. Það þykir því rétt að veita ráðherra heimild til þess að setja slíkar reglur. Í nágrannalöndunum gilda svipaðar reglur t. d. í Danmörku og Noregi eru lagðar hömlur við almennri sölu hnífa af tiltekinni lengd. Skv. norskum reglum er bannað að selja barni yngra en 16 ára stungu- eða höggvopn eða hnífa með blaðlengd yfir 25 cm. Skv. dönskum reglum eru lagðar hömlur við sölu beittra hnífa með blaðlengd yfir 12 cm, svo og kasthnífa og ýmissa annarra vopna og hættulegra áhalda, svo sem hnúajárna.

Benda má í þessu sambandi á, að unnt er nú að fá keypta stóra og kraftmikla örvaboga, sem eru hættulegir. Einnig eru á markaði ýmsar gerðir hættulegra hnífa.

Varðandi 2. tl. eru einkum höfð í huga ýmis konar efni og tæki, sem ekki falla undir frumvarpið samkvæmt skilgreiningu 1. gr., en hafa svipaða eiginleika. Nefna mætti óæskilegar tegundir leikfangaskotvopna. Eins er með margs konar efni, sem geta valdið óþægindum, eða jafnvel skaða.

Um 4. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringa.

Um II. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um framleiðslu, innflutning, útflutning og verslun með skotvopn, skotfæri, sprengifæri og skotelda.

Um 5. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru að verulegu leyti nýmæli.

Í gildandi lögum er eigi að finna bein ákvæði um framleiðslu greindra efna og tækja, að undanskildum ákvæðum í lögum um brunavarnir og brunamál nr. 55 frá 1969, en í 23. gr. laganna er svofellt ákvæði: „Engum er heimilt að búa til púður eða sprengiefni nema hann hafi þar til leyfi ráðherra, sem þá setur jafnframt skilyrði til öryggis almenningi og þeim, er að slíkri framleiðslu vinna.“ Þetta ákvæði er tekið óbreytt úr eldri lögum um brunavarnir og brunamál nr. 37 frá 1948. Þar sem brunavarnir og brunamál heyra undir félagsmálaráðuneytið mun í tilgreindu ákvæði átt við félagsmálaráðherra. Samkvæmt reglugerð um Stjórnarráð Íslands nr. 96 frá 1969 heyrir eftirlit með innflutningi, framleiðslu, sölu og meðferð skotvopna, skotfæra og sprengja undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið og er því eðlilegt, að fyrrgreind 23. gr. í lögum nr. 55 frá 1969 verði felld niður, enda óþörf, ef frumvarp þetta verður að lögum.

Í landinu eru hvorki skotvopna- né sprengiefnaverksmiðjur starfandi, en hins vegar eru a.m.k. tvær flugeldaverksmiðjur. Þar sem hér er um að ræða framleiðslu á hlutum, sem geta valdið skaða á mönnum og munum, er nauðsynlegt, að ríkisvaldið hafi visst eftirlit með þessari framleiðslu og setji um hana reglur.

Um 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli.

Gert er ráð fyrir, að framleiðslan verði í höndum kunnáttumanna. Í frumvarpinu eru ekki markaðar ákveðnar kröfur um kunnáttu eða með hvaða hætti megi prófa hér hæfni manna og þekkingu. Er eðlilegt, að ráðuneytið setji um þetta frekari reglur.

Hér er um að ræða framleiðslu á hættulegum varningi, sem sérstök ástæða er til að setja fyrirmæli um, einkum að því er tekur til samsetningar vörunnar og innihalds. Einnig er nauðsynlegt að tryggja umbúnað á vinnustað sem best, sérstaklega vegna sprengi- og eldhættu. Af þessum sökum er í síðustu málsgrein lögð á það áhersla, að dómsmálaráðherra setji reglur um nefnd atriði.

Um 7. gr.

Í gildandi lögum eru ákvæði þess efnis, að eigi megi flytja til landsins eða versla innanlands með neins konar skotvopn, sprengjur eða skotfæri eða efni eða hluti í þau, nema hann hafi áður fengið til þess leyfi dómsmálaráðherra. Á grundvelli þessa ákvæðis hefur heildsölum og smásölum verið veitt leyfi til innflutnings og sölu skotvopna og skotfæra og annarra nefndra vara. Leyfi þessi hafa að jafnaði verið ótímabundin. Í framkvæmd hefur ekki þurft að sækja um leyfi til ráðuneytisins fyrir hverri og einni vörusendingu. Meira eftirlit hefur þó verið með innflutningi á skoteldum. Hefur lögreglustjóraembættið í Reykjavík fylgst með innflutningi á þess konar vörum, enda ætíð hætta fyrir hendi að inn séu fluttir ýmsir skoteldar, sem óæskilegir mega teljast.

Í þessari grein er svo fyrir mælt, að ekki megi flytja til landsins skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda nema veitt leyfi sé fyrir hverri og einni vörusendingu. Með þessu ætti að vera hægt að hafa eftirlit með innflutningnum og koma í veg fyrir að inn séu fluttar vörur, sem eru óæskilegar eða óleyfilegar sam-

kvæmt settum reglum og fyrirmælum. Dómsmálaráðuneytinu er ætlað að veita þessi leyfi, en þó er jafnframt gert ráð fyrir, að dómsmálaráðherra geti falið lögreglustjórum leyfisveitingar þessar. Geta má þess, að í flestum nágrannalanda eru sams konar reglur í gildi.

Langmestur hluti umræddra vara er tollafgreiddur í Reykjavík. Rétt er í þessu sambandi að benda á ákvæði í 7. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit, er segir, að fjármálaráðherra sé heimilt að mæla svo fyir í reglugerð, að tilteknar vörur, svo sem lyf, eiturefni og aðrar slíkar vörur skuli aðeins tollafgreiða í Reykjavík. Ákvæði þetta gefur möguleika til þess, ef ástæða þykir vera til þess, að ákveða, að skotvopn og aðar umræddar vörur verði aðeins tollafgreiddar í Reykjavík, en það hefur visst hagræði í för með sér.

Hvorki í gildandi lögum eða reglugerðum er að finna reglur, er banna innflutning og notkun tiltekinna skotvopna, sprengiefna eða skotelda. Heppilegra þykir að setja um þetta reglur í reglugerð, og því er í síðustu málsgrein það sérstaklega tekið fram, að ráðherra hafi heimild til þess.

Víða erlendis gilda ákveðnar reglur um gæðamat skotvopna, bæði varðandi framleiðslu og innflutning. Hugsanlega kæmi til greina að koma slíku gæðamati á hér. Kæmi þá helst til greina að styðjast við erlendar prófanir, svo sem nú er gert með svokallaðar naglabyssur. Samkvæmt reglum um öryggisráðstafanir við notkun naglabyssa nr. 154 frá 1956 skulu eigi aðrar gerðir af naglabyssum vera á markaði en þær, sem Öryggiseftirlit ríkisins viðurkennir. Samkvæmt upplýsingum Öryggiseftirlit ríkisins er hér að verulegu leyti byggt á prófunum erlendra prófstöðva.

Í þessari grein er ekki tekið fram um heimild til handa útlendingum að flytja inn skotvopn. Í undantekningartilvikum getur verið ástæða til að veita útlendingum slíka heimild, og væri því rétt að setja reglur um það í reglugerð.

Um 8. gr.

Eðlilegt þykir að setja ákvæði um útflutning, enda þótt hér sé að svo stöddu eigi um raunhæft atriði að ræða nema í þeim tilfellum þegar eigendur skotvopna flytja með sér skotvopn við brottför frá landinu.

Um 9. gr.

Hér er sams konar leyfi að ræða og nú tíðkast þ. e. almenn leyfi til innflutnings og verslunar.

Ákvæði 2. mgr. er að því leyti nýmæli, að gert er ráð fyrir, að dómsmálaráðherra eða lögreglustjórar veiti leyfi til sölu skotelda í smásölu í stað slökkviliðsstjóra eða brunamálanefndar, eins og nú er. Svo sem áður er á minnst, er lagt til, að öll mál varðandi meðferð skotelda heyri undir lögreglustjóra landsins og dómsmálaráðuneytið.

Um 10. gr.

Í þessari grein eru tilgreind nokkur skilyrði fyrir leyfum samkvæmt 9. gr. Eru þau flest nýmæli, enda þótt í sumum tilvikum hafi í framkvæmd verið reynt að fylgja svipuðum reglum.

Í 1. og 2. mgr. er það skilyrði sett, að leyfishafi þurfi að hafa sérþekkingu á þeim vörum, er hann fær leyfi til að selja. Innihald þessa ákvæðis fer að sjálfsögðu eftir því, hvaða þekkingarkröfur gerðar kunna að vera.

Ákvæði 3. mgr. er í samræmi við tíðkanlega venju. Ýmis félagssamtök, einkum skátafélög, íþróttafélög og björgunarfélög, hafa fengið heimild til þess að selja flugelda um áramót.

Í 4. mgr. eru gerðar strangari kröfur til verslunarhúsnæðis, þar sem sala á skotvopnum og öðrum umgetnum vörum fer fram. Hér er ráðherra heimilað að setja reglur um búnað slíks verslunarhúsnæðis og um vörslu umgetinna vara.

Vegna þeirrar brunahættu, sem af sprengiefni og skoteldum stafar, er skylt samkvæmt 5. mgr. að leita álits brunamálayfirvalda áður en söluleyfi er veitt.

Samkvæmt 6. mgr. er fyrir mælt, að leyfi samkvæmt 9. gr. skuli gilda um ákveðinn tíma. Auðveldar það að fylgjast með því, að leyfishafi fullnægi á hverjum tíma settum skilyrðum.

Um 11. gr.

Auka þarf eftirlit með því, að verslanir fylgi settum reglum og eiga ákvæði 1. mgr. þessarar greinar að stuðla að því.

Ákvæði 2. mgr. gefur lögreglustjóra heimild til þess að fá aðgang að húsnæði, þar sem skotvopn, skotfæri, skoteldar og sprengiefni er framleitt eða þar sem birgðir af þessum vörum eru geymdar, án dómsúrskurðar.

Um 12. gr.

Ákvæði þessarar greinar leggja ótvíræða skyldu á verslunareigendur að afhenda eigi þessar vörur nema kaupendur leggi fram skilríki fyrir því, að þeir megi kaupa þær. Ef út af því er brugðið, gætu seljendur bakað sér refsiábyrgð og ættu á hættu, að söluleyfið yrði afturkallað.

Um 13. gr.

Ákvæði þessarar greinar þarfnast eigi skýringa.

Um III. kafla.

Þessi kafli laganna fjallar um meðferð skotvopna og skotfæra og heimild manna til þess að eiga og nota þau.

Skráning skotvopna hófst hér á landi á árinu 1936. Þá voru sett lög um meðferð skotvopna, innflutning og sölu þeirra. Ekki hefur verið fullkannað, hve mörg skotvopn eru nú skráð í landinu. Eftir upplýsingum frá lögreglustjóraembættinu í Reykjavík hafa tæplega 7 þúsund skotvopnaleyfi verið gefin út í Reykjavík frá því að byrjað var að skrá skotvopn. Þessi tala segir að vísu ekki til um raunverulegan fjölda skotvopna. Veldur því einkum, að stundum eru fleiri en eitt skotvopn skráð í sama skotvopnaleyfi, ef sami maður á fleiri en eitt skotvopn. Á móti kemur, að í greindri tölu eru skotvopn, sem orðin eru ónýt og skotvopn brottfluttra manna úr umdæminu og einnig er í sumum tilfellum sama skotvopn skráð oftar en einu sinni, ef það hefur gengið kaupum og sölum. Hjá bæjarfógetaembættinu á Akureyri fengust þær upplýsingar, að síðan 1968 hafa öll skotvopn verið endurskráð og hafa síðan þá verið endurskráð og nýskráð um 1 þúsund skotvopn. Bæjarfógeti telur, að eitthvað sé ennþá af óskráðum skotvopnum í umdæminu, sem ekki hefur verið komið með til endurskráningar. Hjá bæjarfógetaembættinu í Kópavogi fengust þær upplýsingar, að rúmlega 600 skotvopnaleyfi hafi verið gefin þar út frá því að embættið var stofnað á árinu 1955. Svo sem áður var sagt, gefa þessar tölur ekki rétta hugmynd um fjölda skotvopna. Ekki þótti vera sérstök ástæða til þess að kanna ýtarlega skotvopnafjölda í landinu. Miðað við fengnar upplýsingar er ekki ólíklegt, að um 15 til 16 þúsund skotvopn séu nú til í landinu. Flest þessi skotvopn eru haglabyssur og rifflar. Örfáar skammbyssur hafa verið skráðar.

Á árinu 1968 var gerð gangskör að því að hafa uppi á skotvopnum, sem menn áttu, en höfðu ekki fengið leyfi fyrir. Var mönnum gefinn kostur á að skila til lögreglu óskráðum vopnum eða fá þau skráð fyrir ákveðinn tíma, enda yrði ekki komið fram refsiábyrgð á hendur þeim ef þeir sinntu áskoruninni. Þessar aðgerðir leiddu til þess, að milli 200 og 300 skammbyssum var skilað. Telja verður, að mjög fáar skammbyssur séu til í landinu. Gildandi reglur um skotvopn eru fremur fábrotnar. Þeim til fyllingar hafa mótast reglur eða venjur, sem ekki eru eins um allt land. Má þar til nefna, að í sumum umdæmum er það gert að skilyrði, að

leyfishafi sé orðinn 20 ára. Annars staðar viðgengst, að yngri menn fái skotvopn, jafnvel allt niður í 16 ára. Þó mun hafa á síðari árum orðið breyting í þá átt, að víðast hvar er nú miðað við 20 ár.

Svo sem áður er minnst, hafa reglur nágrannaþjóða verið hafðar til hliðsjónar við samningu þessa frumvarps. Verður hér nú vikið að helstu reglum, sem gilda um skotvopn á Norðurlöndum, þ. e. hverjir megi eða geti fengið skotvopn til eignar og nota.

Í **Noregi** gilda þær reglur, að sá sem vill eignast skotvopn, þarf að sýna fram á, að hann hafi þörf fyrir það. Hann þarf að vera reglusamur og heiðarlegur, vera orðinn 16 ára hið minnsta, í sumum tilvikum 18 ára, og allt upp í 21 árs, þegar um hættulegri vopn er að ræða (revolver og skammbyssur). Enginn getur átt nema eitt skotvopn af hverri gerð nema hann geri sérstaklega grein fyrir þörf til að eiga fleiri. Ópersónulegur aðili getur eignast skotvopn, svo sem skotfélög og ýmsar stofnanir, sem hafa þörf fyrir það. Byssusöfn eru leyfð með leyfi ráðuneytisins.

Í **Danmörku** gilda þær reglur, að aðeins geti þeir fengið leyfi, sem sýna fram á sanngjarna ástæðu til þess að eiga skotvopn. Það eru nokkur tilvik tilgreind, þar sem eðlilegt þykir að veita leyfi, t. d. til meðlima skotfélaga í ákveðnum tilvikum eða meðlima veiðifélaga, til einstaklinga, sem sannanlega hafa not fyrir skotvopn til þess að fella veiðidýr, eða annarra, sem stunda veiðar, til ýmissa opinberra stofnana, sem þurfa á skotvopnum að halda. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að einungis í sérstökum tilvikum sé veitt leyfi fyrir skotvopni, samkvæmt dönskum reglum. Aðalreglan virðist vera sú, að menn þurfi að vera orðnir 18 ára til þess að geta fengið venjuleg skotvopn og 21 árs til þess að fá hættulegri skotvopn, t. d. skammbyssur og sjálfvirk vopn. Í undantekningartilvikum getur þó maður allt niður í 16 ára fengið slík leyfi fyrir ákveðnum tegundum skotvopna.

Í **Svíþjóð** gilda þær reglur, að leyfishafi þarf að hafa þörf fyrir skotvopnið. Skammbyssur eru leyfðar, en mun strangari kröfur eru gerðar til þeirra, sem fá slík leyfi. Aldursmarkið er yfirleitt 18 ár, en 21 árs fyrir skammbyssum. Menn þurfa að vera ábyggilegir og heiðarlegir til að geta fengið leyfi fyrir skotvopni.

Í **Finnlandi** gilda þær reglur, að sá einstaklingur, sem er ábyggilegur og reglusamur, getur fengið leyfi fyrir venjulegu skotvopni. Aldursmörk eru þar 15 til 18 ár, en upp í 21 ár, ef um skammbyssur er að ræða. Heimilt er að ákveða, að skotvopnaleyfi skuli gilda um ákveðinn tíma.

Um 14. gr.

Ákvæði 1., 2. og 4. mgr. þessarar greinar er að verulegu leyti í samræmi við núgildandi lög, enda þótt hér sé nánar tekið fram um ýmis atriði. Í mgr. er kveðið skýrt á um, að aðeins geti menn fengið leyfi hjá þeim lögreglustjóra í því umdæmi, sem menn eiga skráð lögheimili. Samkvæmt þessu geta útlendingar ekki fengið skotvopnaleyfi, sem hér dveljast, hafi þeir ekki lögheimili hérlendis. Í 1. mgr. segir, að hver, sem vill kaupa eða á annan hátt eignast og nota skotvopn, þurfi að fá til þess leyfi lögreglustjóra. Þetta þýðir, að hvers konar eigendaskipti eru óheimil án leyfis lögreglustjóra, hvort sem eignarréttur yfirfærist við sölu, gjöf, við erfð eða á annan hátt. 2. mgr. er í samræmi við núverandi framkvæmd.

3. mgr. gerir ráð fyrir, að öll leyfi verði gefin út til ákveðins tíma og ekki til lengri tíma en 10 ára í senn. Svipuð ákvæði um tímabundin leyfi gilda, t.d. í Bretlandi. Ákvæði þetta ætti að stuðla að virkara eftirliti með skráningu skotvopna. Einnig ætti þetta að verða til þess, að auðveldara væri en ella að fylgjast með því, að leyfishafar uppfylltu hverju sinni nauðsynleg skilyrði.

4. mgr. er í samræmi við viðtekna venju.

Um 15. gr.

Samkvæmt reglugerð nr. 105 frá 1936 segir, að það skuli vera aðalregla, að þeim einum sé veitt heimild til þess að eiga eða hafa í vörslum sínum skotvopn,

er sanni, að þeim sé það gagnlegt eða nauðsynlegt vegna atvinnu sinnar. Ákvæði 1. mgr. er nokkuð í samræmi við gildandi ákvæði.

Að öðru leyti er ákvæði 15. gr. að verulegu leyti nýmæli. Auk ákvæða 1. mgr. þurfa þeir, sem eignast vilja skotvopn að uppfylla ákveðin skilyrði, sem tilgreind eru í 2. mgr. Samkvæmt 1. tölulið geta aðeins þeir, sem eru 20 ára og eldri, fengið leyfi fyrir skotvopni. Í gildandi lögum er eigi tilgreindur lágmarksaldur, en ákvæði 1. töluliðar er í samræmi við þá að venju, sem hefur skapast víðast hvar á landinu. Í sumum lögsagnarumdæmum hefur þó tíðkast, að yngri menn en 20 ára fái leyfi fyrir skotvopni. Nauðsynlegt er að sömu reglur gildi um allt land.

Ákvæði 2. töluliðar er nýmæli, enda þótt reynt hafi verið að fylgja svipuðum reglum í framkvæmd. Hér er um nokkuð ströng skilyrði að ræða, en það er þó ekki svo með tilliti til ákvæða 3. mgr., þar sem lögreglustjóra er heimilt að veita þeim leyfi fyrir skotvopni, sem hafa brotið ákvæði laga þeirra, sem tilgreind eru í 2. tölulið, ef brot er smávægilegt eða langt er um liðið síðan brot var framið, enda sýni umsækjandi fram á, að hann hafi ríka þörf fyrir að eiga skotvopn. Þeir, sem gerst hafa sekir um líkamsárás eða önnur ofbeldisverk eða hafa ítrekað gerst brotlegir við áfengislög ættu að jafnaði ekki að fá skotvopnaleyfi.

Í 3. tölulið er það skilyrði sett, að umsækjandi verði að sýna nægilega kunnáttu til þess að fara með skotvopn. Hér er fyrst og fremst átt við, að viðkomandi hafi nægilega þekkingu á vopninu sjálfu, hættueiginleikum þess og kunni með það að fara og hafi jafnframt þekkingu á þeim ákvæðum laga og reglugerða, sem lúta að meðferð skotvopna svo og lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun

Í síðustu málsgrein er tekið fram, að dómsmálaráðherra geti veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, ef sérstaklega stendur á. Einnig er getið um í síðustu málsgrein, að dómsmálaráðherra geti sett frekari skilyrði en um getur í 1. og 2. mgr., þar á meðal geti hann sett sérstakar reglur varðandi vopn, sem teljast vera sérstaklega hættuleg. Ekki er alls staðar sams konar mat á því hvað teljast vera hættuleg vopn. Víðast hvar á Norðurlöndum eru strangari reglur settar um skammbyssur og sjálfvirk vopn. Í Bretlandi eru reglur, sem flokka vopn í 4 meginflokka eftir gerð og hættueiginleikum.

Um 16. gr.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir, að einungis einstaklingar geti fengið leyfi fyrir skotvopni. Í vissum tilvikum getur þurft að víkja frá þessari reglu, t. d. varðandi ýmsar stofnanir, sem þurfa að eiga skotvopn, svo sem sláturhús, Náttúrufræðistofnun Íslands, veiðimálastjóri og e. t. v. ýmsir fleiri aðilar.

Um 17. gr.

Í gildandi lögum eru ákvæði um, að lögreglustjórar skuli halda skrá yfir þá menn, er fá skotvopnaleyfi.

Um 18. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er eigendum skotvopna óheimilt að afhenda til eignar skotvopn nema kaupandi eða viðtakandi hafi leyfi til þess að eignast það. Það gæti bakað eiganda skotvopns refsiábyrgðar, ef hann afhenti manni, sem ekki hefði skotvopnaleyfi, skotvopn til eignar.

Í 2. mgr. er það tekið fram, að eiganda sé óheimilt að lána skotvopn til afnota. Jafnframt er dómsmálaráðherra heimilað að setja reglur um, að eiganda sé heimilt að lána skotvopn eða láta af hendi í ákveðnum tilvikum.

Um 19. gr.

Ákvæði þessarar greinar þarfnast ekki skýringar.

Um 20. gr.

1. mgr. skoðast sem almenn fyrirmæli um að gæta ýtrustu varkárni við meðferð skotvopna. Í 2. mgr. eru nánar tilgreind þau tilvik, þar sem bannað er að nota skotvopn. Í mörgum lögreglusamþykktum eru svipuð ákvæði, þar sem meðferð skotvopna á almannafæri er bönnuð. Eðlilegt er, að í löggjöf um skotvopn sé ákvæði um þetta efni. Hér á við almenn lagatúlkun á hugtakinu almannafæri. Utan almannafæris er einnig bannað að skjóta, ef slíkt getur valdið hættu. Eigi er nánar farið út í, hversu mikil eða hvers kyns slík hætta þurfi að vera fyrir hendi, til þess að verknaðurinn sé refsiverður samkvæmt ákvæðum greinarinnar. Í undantekningartilvikum getur verið þörf á að nota skotvopn á almannafæri, t. d. við aflífun dýra, enda mundi slíkur verknaður ekki vera refsiverður samkvæmt ákvæðum 2. mgr. Verknaður samkvæmt 2. mgr. getur verið þess eðlis, að 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga eigi við.

Ákvæði 3. mgr. er í samræmi við 40. gr. laga nr. 33 frá 1966 um fuglaveiðar og fuglafriðun, þar sem segir, að eigi megi maður hleypa af skoti í annars manns landi án leyfis landeiganda eða ábúanda nema lög mæli öðru vísi fyrir um. Brot samkvæmt 3. mgr. er þess eðlis, að eðlilegt er, að mál sé því aðeins höfðað, að sá krefjist, sem misgert er við.

Um 21. gr.

Í flestum nágrannalöndum þarf leyfi lögreglustjóra til að mega kaupa skotfæri. Hér á landi hefur ekki þurft sérstök leyfi til þess að kaupa skotfæri. Nauðsynlegt er þó að setja strangari ákvæði en nú gilda um sölu skotfæra. Það mætti auka eftirlit með sölu þeirra með því að gera verslunum skylt að halda söluskrá. Einnig mætti hugsa sér að leyfi þurfi til þess að kaupa skotfæri, sem eru sérstaklega hættuleg. Ekki þótti rétt að setja frekari ákvæði um þetta í frumvarpið, en ráðherra er veitt heimild til þess að setja frekari reglur um sölu skotfæra.

Um 22. gr.

Lögð er skylda á eigendur eða löglega umráðahafa skotfæra og skotvopna að gæta þeirra, svo að óviðkomandi aðilar nái eigi til þeirra.

Um 23. gr.

Í Reykjavík er starfandi skotfélag og á einstaka stöðum utan Reykjavíkur einnig. Þar sem skotfélög starfa hafa þau komið upp aðstöðu, þar sem meðlimum er gefinn kostur á að æfa skotfimi. Nauðsynlegt er, að viðkomandi lögreglustjóri hafi eftirlit með slíkum skotsvæðum.

Um 24. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringa.

Um IV. kafla.

Í þessum kafla er eingöngu fjallað um sprengiefni, um sölu þess til þeirra, sem þurfa að nota það og um meðferð þess. Í gildandi lögum eru ófullnægjandi reglur um þetta efni. Í lögum nr. 69 frá 1936 um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum og alls konar sprengjum og hlutum og efnum í þau, er fjallað um innflutning og sölu sprengiefnis. Í lögum nr. 55 frá 1969 um brunavarnir og brunamál í 23. og 24. gr. er fjallað um sprengiefni, svo sem áður hefur verið á minnst. Allar þessar reglur eru ófullkomnar og er því þörf á, að úr verði bætt. Enda þótt ákvæði þessa kafla séu ýtarlegri en þau lög, sem nú eru í gildi um þetta efni, er þörf á setningu reglugerðar, þar sem kveðið er á um geymslu, flutning og meðferð sprengiefnis.

Um 25. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru að verulegu leyti nýmæli. Hingað til hefur ekki þurft leyfi til þess að mega kaupa sprengiefni. Samkvæmt 4. mgr. skulu eigendur sprengiefnis ábyrgjast vörslu þess og sjá svo um, að óviðkomandi aðilar nái eigi til þess. Í 6. mgr. segir, að þeim, sem fengið hefur leyfi til þess að kaupa og eiga sprengiefni, sé óheimilt að afhenda það öðrum nema til komi leyfi lögreglustjóra.

Um 26. gr.

Samkvæmt þeim reglum, sem nú eru í gildi, veita lögreglustjórar einstaklingum, sem til þess eru hæfir, leyfi til þess að fara með og annast sprengingar. Venjulega taka umræddd leyfi til sprenginga innan ákveðins lögsagnarumdæmis. Til þessa hafa engar sérstakar þekkingarkröfur verið gerðar til þeirra, sem annast slíkar sprengingar og fá nefnd leyfi. Í einstaka tilvikum hafa innflytjendur sprengiefna haldið námskeið fyrir þá, sem annast sprengingar. Í nágrannalöndum, s. s. Noregi, er sérstök stofnun, sem annast þessi mál, svo og önnur, er varða sprengiefni. Hér á landi er engin slík stofnun til. Í 2. mgr. er svo fyrir mælt, að aðeins skuli þeir fá leyfi skv. 1. mgr., sem að mati Öryggiseftirlits ríkisins hafa næga kunnáttu til þess að fara með sprengiefni. Enda þótt á verksviði Öryggiseftirliti ríkisins sé ekki þetta verkefni, þá þótti heppilegt að fela því að annast þetta. Um þetta yrði að setja nánari reglur í reglugerð.

Um 27. gr.

Í 1. og 2. mgr. eru ákvæði um geymslu sprengiefnis. Skv. 1. mgr. skal aðeins geyma sprengiefni í sérstökum sprengiefnageymslum, þó með þeirri undantekningu, sem segir í 2. mgr., að heimilt sé að geyma sprengiefni í litlum mæli vegna notkunar annars staðar, enda sé það þá geymt í sérstökum hirslum eða kössum.

Gerð hefur verið könnun á geymsluaðstöðu sprengiefna hér á landi. Hefur komið í ljós, að mjög skortir á að geymsluaðstaða sé fullnægjandi. Einungis er nú til ein sprengiefnageymsla á landinu, sem getur talist viðunandi. Geymslu þessa byggðu ríkið og Reykjavíkurborg á árunum 1968—9. Við gerð hennar var farið nær fyrst og fremst eftir norskum reglum. Notendur geymslunnar eru, auk Reykjavíkurborgar, nokkrir aðilar ríkisins, s. s. Vegagerðin, Landhelgisgæslan, Póstur og sími, rafmagnsveiturnar og fleiri aðilar, svo og innflytjendur. Ekki mun vera föst vakt í geymslunni, en mannheld girðing er þó í kring. Það hefur verið bent á,að koma þyrfti upp birgðastöðvum víðar um landið. Auk þess væri nauðsynlegt að skapa aðstöðu til þess að geyma sprengiefni víðar. Það er því nauðsynlegt að setja skýrar regur um geymslu sprengiefnis og allan búnað sprengiefnageymsla, svo að unnt sé að bæta úr því ástandi, sem nú ríkir í þessum efnum.

Í síðustu mgr. þessarar greinar er kveðið á um, að ráðherra skuli setja ákvæði í reglugerð um flutning sprengiefnis. Reglur skortir hér á landi um flutning sprengiefnis. Varðandi flutning með skipum milli landa hafa skipsfélögin farið eftir alþjóðlegum reglum um þetta efni, sem alþjóða siglingamálastofnunin I.M.C.O. hefur sett. Geta má ákvæða í brunamálasamþykkt fyrir Reykjavík í 147. gr., en þar eru ákvæði um flutning á sprengiefni. Reglur þessar eru alls ófullnægjandi.

Um 28. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringa.

Um V. kafla.

Eins og að framan getur, eru mjög fábrotnar reglur í gildi um skotelda.

Vegna þeirrar hættu, er af skotelddum getur stafað, er nauðsynlegt að setja reglur um meðferð þeirra. Á hverju ári slasast fólk af völdum skotelda, einkum er það um áramót, þegar notkun þeirra er mest. Samkvæmt upplýsingum hjá yfirlækni Slysavarðstofunnar í Reykjavík eru um 10 slysatilvik á ári vegna spreng-

inga, og þá fyrst og fremst af völdum skotelda. Fyrir nokkrum árum síðan var slysatíðni miklu meiri en nú er. Að líkindum mun það hafa stafað fyrst og fremst af því, að um nokkurt skeið hefur notkun svokallaðra kínverja verið bönnuð, og strangara eftirlit hefur verið haft með innflutningi og sölu skotelda.

Um 29. gr.

Hér er tekið fram, að ekki megi selja yngri mönnum en 16 ára skotelda. Hér er þó ráðherra veitt heimild til þess að ákveða, að yngri menn megi kaupa skotelda, ef um er að ræða hættuminni skotelda. Svipaðar reglur eru í gildi í nágrannalöndum. Í Danmörku er þó í sumum tilvikum miðað við hærri aldursmörk.

Um 30. gr.

Í 1. mgr. er almennt ákvæði um, að ætíð skuli gæta varúðar við meðferð skotelda. Í 2. mgr. er ákvæði um, að dómsmálaráðherra skuli setja reglur um sölu og meðferð skotelda. Nú er í gildi reglugerð um þetta efni, er sett var á árinu 1964 með heimild í þágildandi lögum um brunavarnir og brunamál.

Um VI. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um afturköllun leyfa, málskot til æðra stjórnvalds um sölu á varningi, sem skilað er til lögreglu án þess að um eignaupptöku sé að ræða.

Um 31. gr.

Í 1. mgr. eru talin upp nokkur tilvik, þar sem leyfisveitandi getur svipt leyfishafa leyfi. Í gildi eru ákvæði um heimild leyfisveitanda til þess að afturkalla slík leyfi og er þar jafnframt ákvæði um, að lögreglustjóra sé heimilt að afturkalla leyfi án þess að hann þurfi að færa fyrir því ástæður. Enda þótt slíkt ákvæði þyki nokkuð strangt, þótti rétt að halda því með breyttu orðalagi, þ.e. ef sérstaklega stendur á, getur lögreglustjóri afturkallað leyfi án þess að færa fyrir því ástæður.

Í 2. mgr. er gerð undantekning frá þeirri reglu, að leyfisveitandi taki ákvörðun um leyfissviptingu. Þar er gert ráð fyrir, að lögreglustjóri í því umdæmi, þar sem leyfishafi á lögheimili, taki ákvörðun um sviptingu skotvopnaleyfa og leyfa til þeirra, er mega annast sprengingar. Rétt þykir að ákveða, að aðeins einn lögreglustjóri geti tekið ákvörðun um leyfissviptingu í hverju máli.

Í síðustu málsgrein er gert ráð fyrir, að dómsmálaráðherra geti, án þess að máli hafi verið skotið til hans, fyrirskipað að afturkalla leyfi, sem lögreglustjóri hefur veitt.

Um 32. gr.

Ákvæði 2. og 3. mgr. er nýmæli.

Leyfissvipting og eignarupptaka þarf eigi að fara saman. Ef maður fremur t. d. brot með skotvopni, er unnt að gera það upptækt. Ef sá hinn sami á hins vegar önnur skotvopn, er eigi heimilt að gera þau upptæk, en ástæða getur verið að svipta hann leyfi til þess að eiga skotvopn yfirleitt. Ákvæði 2. mgr. segir fyrir um, hvernig fara skuli með sölu á slíkum varningi. Svipaðar reglur eru í gildi í nágrannalöndum t.d. í Noregi.

Skotvopn getur verið það lélegt, að ekki sé talið forsvaranlegt að selja það, og verður þá eigandi að sæta því að fá ekki neitt fyrir það. Í þeim tilvikum er gert ráð fyrir, að skotvopnið sé eyðilagt eða gert óvirkt.

Um 33. gr.

Ákvæði þessarar greinar er í samræmi við gildandi ákvæði í reglugerð að öðru leyti en því, að kærufrestur er tiltekinn einn mánuður.

Um VII. kafla.

Þessi kafli fjallar um refsingar og eignaupptöku.

Um 34. gr.

Brot geta varðað sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

Ákvæði nágrannaþjóða er nokkuð mismunandi hvað refsingu snertir.

Í Noregi varða brot gegn samsvarandi lögum refsingu allt að 3 mánaða fangelsi, samkvæmt dönskum og sænskum lögum allt að 2 ára fangelsi, en samkvæmt finnskum lögum allt að 6 mánaða fangelsi.

Um 35. gr.

Lagt er til grundvallar ákvæði 69. gr. almennra hegningarlaga, en auk þess eru tilgreind í 1. mgr. nokkur tilvik, þar sem gera má upptækan varning. Eru þessar reglur að mestu í samræmi við gildandi ákvæði.

Um 36. gr.

Hér er almenn heimild fyrir dómsmálaráðherra að setja ákvæði í reglugerð um framkvæmd laganna. Víða er einnig í frumvarpinu vikið að heimild fyrir ráðherra að setja reglur um tiltekin atriði.

Um 37. gr.

Gert er ráð fyrir, að frumvarpið, ef það verður að lögum, taki gildi 15. júní 1976. Er þá haft í huga, að tóm gefist til nauðsynlegs undirbúnings svo sem setningu nauðsynlegra reglugerða.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Gert er ráð fyrir, að felld verði úr gildi eftirtalin leyfi: Skotvopnaleyfi, leyfi til verslunar og innflutnings, framleiðsluleyfi og leyfi til manna að annast sprengingar. Mönnum er gefinn kostur á til 1. júní 1977 að endurnýja leyfi þessi. Upp geta komið ýmis atriði, er leysa þarf úr, þegar að framkvæmd bráðabirgðaákvæða þessara kemur, og er því nauðsynlegt fyrir ráðherra að hafa hér ótvíræða heimild til þess að setja reglur um framkvæmd ákvæðanna.

Ed. 485. Frumvarp til laga [237. mál]

um breyting á lögum nr. 8 22. mars 1972 um tekjustofna sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

15. gr. orðist svo:

Aukaframlag skal veita þeim sveitarfélögum, sem skortir tekjur til greiðslu lögboðinna eða óhjákvæmilegra útgjalda.

Ennfremur er heimilt að greiða aukaframlög til sveitarfélaga, sem verða fyrir fjárhagstjóni vegna laga nr. 94 30. desember 1975.

Skilyrði þess, að sveitarfélag fái aukaframlag skv. 1. mgr. þessarar greinar er:

a. að sveitarfélag hafi lagt á fullt útsvar samkvæmt 25. gr.,
b. að sveitarfélag hafi innheimt fasteignaskatt með álagi skv. 3. mgr. 3. gr., ef félagsmálaráðuneytið hefur krafist þess sbr. þó 13. gr. laga nr. 11.1975.

c. að sveitarfélag hafi fyrir 1. október sent umsókn um aukaframlag til félagsmálaráðuneytisins, og láti fylgja umsókn nauðsynleg gögn um þörf aukaframlags, s.s. ársreikninga næstliðins árs, fjárhagsáætlun líðandi árs, greinargerð um nýtingu tekjustofna og nauðsyn aukaframlags.

Heimilt er að greiða aukaframlag skv. 2. mgr. þessarar greinar, þótt ekki sé fullnægt öllum skilyrðum skv. stafliðum a—c hér að framan.

Um greiðslu aukaframlags gildir ákvæði 2. mgr. 14. gr.

Félagsmálaráðuneytið ákveður aukaframlög að fenginni umsögn stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ráðuneytið getur krafið sveitarfélag, sem sótt hefur um aukaframlag, um frekari gögn og upplýsingar en greinir í c—lið.

Við ákvörðun aukaframlaga til einstakra sveitarfélaga skal hafa hliðsjón af því, hverjar tekjur eru af einstökum tekjustofnum í hlutaðeigandi landshluta og landinu í heild á íbúa á því ári, sem framlag er veitt.

Til að mæta útgjöldum samkvæmt þessari grein, má verja 6% af tekjum sjóðsins, svo og vaxtatekjum sjóðsins og því fé, sem ekki kemur til úthlutunar samkvæmt 2. mgr. 13. gr.

2. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Nú hefur fólksfækkun orðið í sveitarfélagi næstliðið ár og skal þá sveitarfélagið fá sérstakt aukaframlag úr Jöfnunarsjóði, sbr. e—lið 8. gr., enda sendi sveitarstjórn sjóðnum kröfu um það fyrir 15. júlí. Framlagið skal vera helmingur meðalútsvars á íbúa í landinu næstliðið ár margfaldað með íbúafækkunartölunni.

Félagsmálaráðuneytið úrskurðar fólksfækkunarframlög samkvæmt 1. mgr. og greiðir þau hlutaðeigandi sveitarfélögum fyrir 15. nóvember.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Nauðsynlegt er talið, að breyta 15. gr. gildandi tekjustofnlaga nr. 8/1972, sem fjallar um veitingu aukaframlaga úr Jöfnunarsjóði til sveitarfélaga, og 16. gr. þeirra, sem fjallar um veitingu svonefnds fólksfækkunarframlags úr sama sjóði til sveitarfélaga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Helsta nýmæli í þessari grein, sem varðar veitingu aukaframlaga úr Jöfnunarsjóði, er, að samkv. 2. mgr. hennar er heimilað að greiða aukaframlög til sveitarfélaga, sem verða fyrir fjárhagstjóni vegna ákvæða laga nr. 94 30. desember 1975 um breytingar á lögum vegna nokkurra verkefna sveitarfélaga og kostnaðar við þau. Þetta ákvæði er sett inn í lögin í samræmi við yfirlýsingu félagsmálaráðherra, er hann gaf þar um á fundi í neðri deild Alþingis hinn 19. desember 1975.

Skilyrði þess að sveitarfélag fái aukaframlag skv. 1. mgr. þessarar greinar, er einnig að það hafi innheimt fasteignaskatt með álagi samkvæmt 3. mgr. 3. gr., ef félagsmálaráðuneytið hefur krafist þess, sbr. þó 13. gr. laga nr. 11/1975, en þar segir, að í sveitarfélagi þar sem bæði er þéttbýli og dreifbýli sé sveitarstjórn heimilt að undanþiggja fasteignir í dreifbýli álagi á fasteignaskatt, sbr. 3. mgr. Samkvæmt þessu yrði það ekki gert að skilyrði fyrir veitingu aukaframlags, að fasteignaskattur í dreifbýli yrði innheimtur með álagi.

Þá skal sveitarfélag einnig fyrir 1. október ár hvert hafa sent félagsmálaráðuneytinu umsókn sína um aukaframlag, og er það tímamark sett bæði til að skapa aðhald hjá þeim sveitarfélögum, sem sækja um aukaframlag, og einnig og ekki síður til að tryggja ráðuneytinu nauðsynlegt svigrúm til að kanna gögn þau, sem skulu fylgja umsóknunum.

Það er einnig nýmæli í þessari grein, að heimilað er að greiða aukaframlag skv. 2. mgr. hennar, þótt ekki sé fullnægt skilyrðum skv. stafliðum a—c.

Reynslan hefur sýnt að nauðsynlegt er að hafa slíka heimild í lögunum. Aðstæður geta sakpast fyrirvaralaust í sveitarfélögum, sem gera tafarlausa greiðslu aukaframlags nauðsynlega og sjálfsagða, og nægir í því sambandi að nefna tjónin af snjóflóðunum í Norðfirði í desember 1974 og af jarðskjálftunum á Kópaskeri í janúar 1976, en í þeim tilfellum báðum var hlutaðeigandi sveitarfélögum veitt aukaframlag úr Jöfnunarsjóði þegar í stað.

Þá er það nýmæli í þessari grein, að félagsmálaráðuneytið skal afla umsagnar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga áður en það ákveður aukaframlög til einstakra sveitarfélaga, og verður að telja öflun slíkrar umsagnar eðlilega og sjálfsagð.

Þá er það loks nýmæli, að í þessari grein er gert ráð fyrir að auka megi fé það, sem nota má til veitingar aukaframlaga úr Jöfnunarsjóði frá því sem er í gildandi tekjustofnalögum, en þar segir m.a. að draga skuli frá úthlutanarfé 5% af tekjum Jöfnunarsjóðs til að mæta aukaframlagsútgjöldum, en í grein þessari er m.a. gert ráð fyrir að til þess að mæta útgjöldum skv. henni megi verja 6% af tekjum Jöfnunarsjóðs. Aukningu þessa á fé til aukaframlaga má telja nauðsynlega m.a. með tilliti til aukinna greiðslukvaða sbr. 2. mgr. greinarinnar.

Um 2. gr.

Fólksfækkunarframlag er nú miðað við landsmeðaltal útsvara á íbúa. Þar eð fólksfækkun er fyrst og fremst í fámennum strjálbýlishreppum, þar sem tekjur eru lágar og útsvarsstigi yfirleitt lágur, hefur reynslan sýnt, að fólksfækkunarframlög eru miklu hærri á íbúa en útsvör í hlutaðeigandi sveitarfélagi, í flestum tilvikum meira en tvöfalt hærri. Nefna má tvö dæmi úr skýrslum ársins 1975:

Hreppur A, A-Barðastrandarsýslu:

Útsvar 2%.
Álögð útsvör kr. 156 400.
Íbúafjöldi 22.

Framlag úr Jöfnunarsjóði	kr.	93 840
Fólksfækkunarframlag	—	108 159
Fólksfækkunarframlag pr. íbúa, sem fækkað hefur um	—	36 053
Útsvarstekjur hreppsins pr. íbúa	—	7 109

Fólksfækkun milli ára 1973 og 1974: 3.

Hreppur B, Rangárvallasýslu:

Útsvar 9%.
Álögð útsvör kr. 6 146 100.
Íbúafjöldi 287.

Framlag úr Jöfnunarsjóði	kr.	1 980 300
Fólksfækkunarframlag	—	648 954
Fólksfækkunarframlag pr. íbúa, sem fækkað hefur um	—	36 053
Útsvarstekjur hreppsins pr. íbúa	—	21 414

Fólksfækkun milli ára 1973 og 1974: 18.

Ed. 486. Nefndarálit [195. mál]

um frv. til laga um skattfrelsi bókmennta- og tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Undirritaðir nefndarmenn eru sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 5. apríl 1976.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Jón Helgason, fundaskr. Ragnar Arnalds.
Jón G. Sólnes. Axel Jónsson. Albert Guðmundsson.

Nd. 487. Nefndarálit [162. mál]

um frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 frá 29. mars 1961.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til meðferðar og leggur til að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Fyrri málsl. 1. gr. hljóði svo:
Í hreppum, þar sem ekki er starfandi sveitarstjóri eða annar starfsmaður við stjórn sveitarfélagsins, skulu oddvitar eiga rétt á launum úr sveitarsjóði vegna starfa sinna skv. 39. gr.

Ellert B. Schram skrifar undir með fyrirvara. Fjarstödd voru Stefán Valgeirsson og Geirþrúður H. Bernhöft.

Alþingi, 2. apríl 1976.

Gunnlaugur Finnsson, form., frsm. Ellert B. Schram, fundaskr., með fyrirvara. Ólafur G. Einarsson.
Magnús T. Ólafsson. Eðvarð Sigurðsson.

Ed. 488. Frumvarp til laga [212. mál]

um upptöku ólöglegs sjávarafla.

(Eftir 2. umr. í Ed., 5. apríl.)

1. gr.

Ólöglegur sjávarafli er sá afli eða hluti afla:

1. sem ekki nær lágmarksstærð þeirri, sem ákveðin er í lögum, reglugerðum eða sérstökum veiðileyfum.
2. sem umfram er ákveðinn hámarksafla, sem bátum er settur.
3. sem aflað er með ólöglegum veiðarfærum.
4. sem aflað er á svæðum þar sem viðkomandi veiðar eru bannaðar eða án þess að tilskilin veiðileyfi séu fyrir hendi.

2. gr.

Ólöglegur sjávarafli skal gerður upptækur, og andvirði hans renna í sérstakan sjóð, sem varið skal í þágu fiskirannsókna og vísindalegs eftirlits með fiskveiðum eftir nánari ákvörðun sjávarútvegsráðuneytisins. Er upptaka óháð því, hvort um refsiverðan verknað hefur verið að ræða. Ákvæði þessarar greinar skulu víkja fyrir ákvæðum sérlaga um upptöku afla.

3. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið úrskurðar hvort um ólöglegan sjávarafla er að ræða samkvæmt lögum þessum og í hve miklu magni. Leiki vafi á um magn ólöglegs sjávarafla er heimilt að áætla það magn eftir framkomnum gögnum.

Ráðuneytið úrskurðar ennfremur, hvert skuli vera andvirði hins ólöglega afla, sem gera skal upptækan, og skal þá miða við heildsöluverðmæti aflans, eða þess hluta hans, sem við á.

Ráðuneytið byggir ákvarðanir sínar samkvæmt þessari grein á upplýsingum sérstakra eftirlitsmanna þess, starfsmanna Framleiðslueftirlits sjávarafurða og öðrum tiltækum sönnunargögnum. Ráðuneytið skal jafnan gefa hlutaðeigandi kaupendum og seljendum meints ólöglegs sjávarafla kost á að gera grein fyrir sínu máli.

4. gr.

Ákvörðun ráðuneytis um upptöku afla skal tekin með skriflegum úrskurði. Málinu má vísa til meðferðar sakadóms, en ekki skal það fresta því, að ráðuneytið geti innheimt andvirði þess ólölega afla, sem það gerir upptækan, hjá kaupendum eða seljendum þess afla, eftir því sem við á hverju sinni. Úrskurði ráðuneytisins má fullnægja með aðför að viku liðinni frá birtingu hans.

5. gr.

Sjávarútvegsráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 489. Frumvarp til laga [46. mál]

um breyting á lögum um fasteignasölu, nr. 47 11. júní 1938.

(Eftir 2. umr. í Ed., 5. apríl.)

1. gr.

Ný grein, sem verður 14. gr. laganna, orðist svo:

Skylt er að geta þess í öllum skjölum varðandi fasteignakaup, svo sem kauptilboðum, kaupsamningum, skuldabréfum og afsölum, hver hafi samið skjöl þessi. og skal geta nafns og nafnnúmers. Enn fremur skulu þeir, sem fasteignaviðskipti annast, geta nafns síns í auglýsingum, eins þótt viðskiptin séu rekin í nafni skrásetts firma.

2. gr.

Ný grein, sem verður 15. gr. laganna, orðist svo:

Ákvæði laga þessara ná einnig til kaupa og sölu skráningarskyldra skipa, sbr. 1. gr. laga um skráningu skipa, nr. 53 1970.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 490. Frumvarp til laga [108. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 frá 23. apríl 1968.

(Eftir 2. umr. í Nd., 5. apríl.)

1. gr.

80. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn lögum þessum eða reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveim árum. Sektir samkvæmt lögum þessum renna til ríkissjóðs.

Ef brot gegn lögum þessum eða reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, er framið eftir fyrirmælum eða með vitund og vilja bifreiðareigandans eða stjórnanda í starfi, skal honum einnig refsað fyrir brotið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 491. Frumvarp til laga [23. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 23 3. maí 1972 og lög nr. 25 24. apríl 1974.

(Eftir 2. umr. í Nd., 5. apríl.)

1. gr.

Á eftir liðnum „Létt bifhjól“ í 2. gr. komi nýr liður, svo hljóðandi:

Beltabifhjól: Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og/eða til að draga annað ökutæki og er búið beltum og eftir atvikum hjólum eða meiðum og er 400 kg eða minna að eigin þyngd.

2. gr.

6. gr. orðist svo:

Dráttarvélar og beltabifhjól skulu búin öruggum tengibúnaði og tækjum þeim, sem um getur í 5. gr., eftir því sem við á og nánar skal ákveðið í reglugerð.

3. gr.

10. gr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra getur með reglugerð sett frekari ákvæði um gerð ökutækja, búnað o. fl. Hann getur og veitt nauðsynlegar undanþágur fyrir ökutæki, sem ætluð eru til sérstakra nota, og enn fremur kveðið á um áritanir og merki, sem nauðsynlegt er að setja á ökutæki til eftirlits.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að óheimilt sé að nota tiltekna hluti eða búnað í ökutæki eða til verndar ökumanni, farþegum eða öðrum vegfarendum, sem eigi hafa hlotið viðurkenningu bifreiðaeftirlits ríkisins. Hann getur og bannað viðskipti með hluti eða búnað, sem ekki hefur verið viðurkenndur.

4. gr.

1. og 2. mgr. 11. gr. orðist svo:

Áður en bifreið, bifhjól, létt bifhjól, beltabifhjól eða dráttarvél er tekin í notkun skal eigandi ökutækisins eða umráðamaður senda lögreglustjóra þess

umdæmis, sem hann er búsettur í, tilkynningu um það. Sama er um tengi- eða festivagna, sem eru 500 kg að eigin þyngd eða meira.

Fullnægi ökutækið settum reglum, skráir lögreglustjóri það í ökutækjaskrá. Jafnframt skulu sett skráningarmerki á ökutækið. Á bifreiðum skulu vera tvö skráningarmerki, að framan og að aftan. Á öðrum skráningarskyldum ökutækjum skal vera eitt skráningarmerki.

5. gr.

Á eftir 3. mgr. 28. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Enginn má stýra beltabifhjóli nema hann hafi skírteini til aksturs bifreiða, bifhjóla, dráttarvéla eða léttra bifhjóla.

6. gr.

55. gr. breytist sem hér segir:

a. Á eftir 2. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:
   Lengd ökutækis má ekki vera meiri en 12 m. Ökutæki með festivagni má þó vera 15 m að lengd og ökutæki með tengivagni 18 m.
b. 6. mgr., sem verður 7. mgr., orðist svo:
   Ákvæðin hér að framan um breidd, lengd og hæð ökutækis gilda einnig um farm þess.

7. gr.

Í stað orðsins „vegamálastjóri“ í 3. og 4. mgr. 56. gr. komi: veghaldari.

8. gr.

57. gr. orðist svo:

Við bifreið, beltabifhjól eða dráttarvél má aðeins tengja einn tengivagn eða festivagn. Lögreglustjóri getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þessum, ef sérstök nauðsyn er, enda komi samþykki vegamálastjóra til um akstur á vegum utan kaupstaða.

Skráningarskyldan tengi- eða festivagn má aðeins tengja við bifreið, beltabifhjól eða dráttarvél, sem til þess er talin hæf og hefur um það áritun í skráningarskírteini. Auk skráningarmerkis skal hver tengi- eða festivagn auðkenndur að aftan skráningartölu dráttartækisins.

9. gr.

1. mgr. 58. gr. orðist svo:

Til dráttar tengitækis má nota beltabifhjól, dráttarvél eða vinnuvél. Enn fremur bifreið, sem skráð er til aksturs með tengivagn eða viðurkennd til aksturs með tengitæki. Ekki má aka með meira en eitt tengitæki.

10. gr.

70. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 25 24. apríl 1974, breytist sem hér segir:

a. 1. mgr. orðist svo:
   Eiganda skráðs, vélknúins ökutækis er skylt að kaupa í vátryggingafélagi, sem viðurkennt er af dómsmálaráðherra, og halda við vátryggingu fyrir ökutæki sitt, sem nemi kr. 12 000 000 fyrir bifreið og kr. 6 000 000 fyrir önnur ökutæki.
b. Í stað „kr. 400 000.00“ í 2. mgr. komi: kr. 600 000.

11. gr.

Í stað „2‰“ í 1. mgr. 73. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 23 3. maí 1972 og 2. gr. laga nr. 25 24. apríl 1974, komi: 1.25‰.

12. gr.

Á eftir „Bifreiðaeftirlit ríkisins“ í 2. mgr. 83. gr. komi: Bílgreinasambandið.

13. gr.

Ákvæði 4. gr. um skráningu beltabifhjóla koma til framkvæmda 1. maí 1976.
Ákvæði 10. og 11. gr. koma til framkvæmda 1. maí 1976.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 492. Nefndarálit [73. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur haft frumvarp þetta til meðferðar og sent til umsagnar húsnæðismálastjórnar ríkisins. Setti húsnæðismálastjórn fram jákvæðar ábendingar um mál þetta, en taldi eðlilegast að það yrði tekið til meðferðar ásamt öðrum þáttum húsnæðislöggjafarinnar af nefnd þeirri, sem nú vinnur að heildarendurskoðun hennar. Með tilvísun til þessa leggur nefndin til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Eggert G. Þorsteinsson og Steingrímur Hermannsson.

Alþingi, 5. apríl 1976.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm.	Steinþór Gestsson, fundaskr.	Helgi Seljan, með fyrirvara.
Axel Jónsson.	Jón Helgason.	

Nd. 493. Nefndarálit [163. mál]

um frv. til laga um breyt. á almennum hegningarlögum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 1. apríl 1976.

Ellert B. Schram, form.	Gunnlaugur Finnsson, fundaskr.	Friðjón Þórðarson, frsm.
Ingólfur Jónsson.	Sighvatur Björgvinsson.	Svava Jakobsdóttir.
	Páll Pétursson.	

Ed. **494. Frumvarp til laga** [238. mál]

um skipulag ferðamála.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

I. KAFLI

Tilgangur og yfirstjórn.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að þróun ferðamála og skipulagningu ferðaþjónustu fyrir íslenskt og erlent ferðafólk, sem mikilvægs þáttar í íslensku atvinnulífi, bæði með hliðsjón af þjóðhagslegri hagkvæmni og umhverfisvernd.

2. gr.

Samgönguráðuneytið fer með yfirstjórn mála þeirra, sem lög þessi taka til.

II. KAFLI

Ferðamálaráð Íslands.

3. gr.

Ferðamálaráð Íslands fer með stjórn ferðamála undir yfirstjórn samgönguráðuneytisins.

4. gr.

Samgönguráðherra skipar menn í Ferðamálaráð til fjögurra ára í senn.

Skulu tveir skipaðir án tilnefningar, og skal annar þeirra vera formaður ráðsins og hinn varaformaður.

Aðra fulltrúa í Ferðamálaráð skipar ráðherra eftir tilnefningu, en eftirtaldir aðilar tilnefna einn mann hver:

1. Félag hópferðamanna
2. Félag íslenskra ferðaskrifstofa
3. Félag leiðsögumanna
4. Félag sérleyfishafa
5. Ferðafélag Íslands
6. Flugleiðir hf.
7. Náttúruverndarráð
8. Samband íslenskra sveitarfélaga
9. Samband veitinga- og gistihúsaeigenda.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Ferðamálaráð skal koma saman til fundar ekki sjaldnar en sex sinnum á ári. Þóknun ráðsmanna greiðist af þeim aðilum, sem hafa tilnefnt þá.

5. gr.

Ferðamálaráði skal skipuð sérstök stjórn, sem í skulu eiga sæti þeir tveir ráðsfulltrúar, sem samgönguráðherra skipar beint, svo og fulltrúar þeir í Ferðamálaráði, sem tilnefndir eru af Félagi íslenskra ferðaskrifstofa, Flugleiðum hf. og Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda. Formaður og varaformaður Ferðamálaráðs skulu jafnframt vera formaður og varaformaður stjórnar.

Varastjórn skal að öðru leyti skipuð á sama hátt. Ráðherra setur stjórninni starfsreglur og ákveður henni þóknun.

6. gr.

Að fenginni umsögn stjórnar Ferðamálaráðs ræður samgönguráðherra ferðamálastjóra, sem annast daglega stjórn Ferðamálaráðs, samkvæmt því sem stjórn ráðsins ákveður. Ráðningartími ferðamálastjóra skal vera 4 ár í senn. Heimilt er að endurráða ferðamálastjóra svo oft sem vera vill.

Ferðamálastjóri situr fundi og stjórnarfundi Ferðamálaráðs með málfrelsi og tillögurétti.

7. gr.

Verkefni Ferðamálaráðs eru:

1. Skipulagning og áætlanagerð um íslensk ferðamál.
2. Landkynning.
3. Þátttaka í fjölþjóðlegu samstarfi um ferðamál.
4. Aðstoð við einstök ferðamálafélög og starfsemi þeirra.
5. Skipulagning náms og þjálfunar fyrir leiðsögumenn skv. sérstakri reglugerð þar að lútandi.
6. Forganga um hvers konar þjónustu- og upplýsingastarfsemi fyrir ferðamenn.
7. Samstarf við náttúruverndarráð, og aðra hlutaðeigandi aðila, um að umhverfi, náttúru- og menningarverðmæti spillist ekki af starfsemi þeirri, sem lög þessi taka til.
8. Frumkvæði um fegrun umhverfis og snyrtilega umgengni á viðkomu- og dvalarstöðum ferðafólks.
9. Könnun á réttmæti kvartana um misbresti á þjónustu við ferðamenn.
10. Undirbúningur og stjórn almennra ráðstefna um ferðamál, sem haldnar skulu eigi sjaldnar en annað hvort ár.
11. Önnur þau verkefni, sem Ferðamálaráði eru falin með lögum þessum eða á annan hátt.

8. gr.

Lagt skal sérstakt gjald á vörusölu Fríhafnarinnar í Keflavík, og skal það nema 10% af árlegu söluverðmæti.

Gjald þetta rennur óskipt til Ferðamálaráðs Íslands, sem ráðstafar því til landkynningarverkefna á sínum vegum.

Ferðamálaráði er heimilt að veita einka- eða opinberum aðilum styrki af þessu fé til að koma upp eða endurbæta aðstöðu fyrir ferðamenn á stöðum, sem fjölsóttir eru. Ákvarðanir stjórnar Ferðamálaráðs um ráðstöfun þessa fjár skulu staðfestar af ráðherra.

Kostnaður af starfsemi Ferðamálaráðs skal að öðru leyti greiddur úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt á fjárlögum.

III. KAFLI
Ferðaskrifstofa ríkisins.

9. gr.

Ríkisstjórnin skal láta starfrækja ferðaskrifstofu. Nefnist hún Ferðaskrifstofa ríkisins og fer samgönguráðuneytið með yfirstjórn hennar.

10. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins skal annast alla þá starfsemi, sem um er fjallað í 14. gr. laga þessara, svo og annað er fellur undir almennan ferðaskrifstofurekstur.

Starfsemi hennar skal einkum beinast að fyrirgreiðslu og skipulagningu ferða fyrir íslenska og erlenda ferðamenn um Ísland.

11. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins skal starfrækja sumarhótel í húsnæði heimavistarskóla, eftir því sem um semst við forráðaaðila skólanna.

Við þessa starfrækslu skal þess gætt að ekki sé efnt til óæskilegrar samkeppni við hótel á viðkomandi stöðum, sem rekin eru allt árið.

12. gr.

Ráðherra ræður forstjóra fyrir Ferðaskrifstofu ríkisins. Forstjóri ræður annað starfsfólk skrifstofunnar og stjórnar allri starfsemi hennar og ber ábyrgð gagnvart ráðherra.

13. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins greiðir fasteignaskatt samkvæmt II. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga, landsútsvar samkvæmt III. kafla sömu laga, svo og aðstöðugjald samkvæmt V. kafla sömu laga.

IV. KAFLI

Almennar ferðaskrifstofur.

14. gr.

Ferðaskrifstofa merkir í lögum þessum fyrirtæki, sem tekur að sér að veita í atvinnuskyni, að einhverju eða öllu leyti, eftirgreinda þjónustu fyrir almenning:

a. Upplýsingar um ferðir innanlands eða erlendis.
b. Hvers konar umboðssölu farmiða með skipum, bifreiðum, flugvélum eða járnbrautum.
c. Útvegun gistihúsnæðis.
d. Skipulagningu og sölu hópferða, innanlands eða erlendis, og móttöku erlendra ferðamanna.

Samgönguráðuneytið sker úr, ef ágreiningur verður um hvort starfsemi telst falla undir a.-d lið hér að framan, svo og um það, hvort um ferðaskrifstofustarfsemi sé að ræða í skilningi laga þessara.

15. gr.

Óheimilt er að stunda störf þau, er greind eru í 14. gr., svo og að nota í nafni eða auglýsingum einstaklinga, félaga eða fyrirtækja orðið ferðaskrifstofa eða hliðstæð erlend heiti, nema hafa til þess leyfi samgönguráðuneytisins.

16. gr.

Hver sá, sem vill reka ferðaskrifstofu, skal sækja um leyfi til ráðuneytisins. Leitað skal umsagnar stjórnar Ferðamálaráðs Íslands um allar slíkar umsóknir.

17. gr.

Skilyrði til að geta öðlast leyfi til reksturs ferðaskrifstofu er, að forstöðumaður hennar uppfylli eftirtalin skilyrði:

a. Fjárræði og forræði á búi sínu.
b. Búseta á Íslandi.

Ennfremur skal einn eða fleiri af starfsmönnum ferðaskrifstofunnar á hverjum tíma hafa að baki staðgóða reynslu við almenn ferðaskrifstofustörf.

Leyfi má veita félagi eða fyrirtæki, enda sé stjórnin innlend og aðsetur hér á landi, og gilda um slíka ferðaskrifstofu sömu ákvæði og að ofan greinir.

Nú telur ráðuneytið að málavöxtum athuguðum, að ekki sé unnt að reka starfsemi þá, sem sótt er um leyfi fyrir samkvæmt lögum þessum á viðunandi hátt, og skal þá umsókninni synjað.

18. gr.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu má því aðeins veita, að umsækjandi setji bankatryggingu, sem eigi sé lægri en 7.0 millj. kr.

19. gr.

Ekki má greiða af tryggingarfé samkv. 18. gr. aðrar kröfur en þær, sem aðfararhæfur dómur er fenginn fyrir eða viðurkenning skiptarréttar, enda séu kröfurnar sprottnar af ferðaskrifstofurekstri tryggingarfjáreiganda.

Þó má víkja frá skilyrði 1. mgr. komi það í ljós að ferðaskrifstofa geti vegna fjárhagsörðugleika ekki annast heimflutning viðskiptavina sinna. Getur ráðuneytið þá annast eða falið öðrum að annast þennan flutning, og greiðist kostnaður við hann af tryggingarfénu, og hefur kostnaður af slíkum flutningi forgang fram yfir aðrar kröfur.

20. gr.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu fellur niður:

a. Ef leyfishafi verður gjaldþrota eða sviptur fjárræði.
b. Ef trygging sú, sem sett er samkvæmt 17. gr., rýrnar, fellur niður eða fullnægir ekki þeim reglum sem ráðuneytið setur.
c. Ef leyfishafi hættir að hafa búsetu hér á landi.

Ef félag er leyfishafi eða annar en leyfishafi veitir daglegum rekstri ferðaskrifstofunnar forstöðu, fellur leyfið niður, ef einhverra þeirra skilyrða er misst, sem uppfylla ber samkvæmt lögum þessum, eða er forstöðumaður annast, enda sé ekki ráðinn nýr forstöðumaður, sem uppfylli skilyrði laga þessara innan þess frests, sem ráðuneytið setur.

21. gr.

Nú andast leyfishafi og er þá eftirlifandi maka hans, ef hann situr í óskiptu búi, heimilt að halda áfram rekstrinum í eitt ár, enda sé fullnægt hinum almennu skilyrðum um ábyrgð og ekki ástæða til afturköllunar leyfis samkvæmt 20. gr.

Ákvæði þessa kafla taka ekki til Ferðaskrifstofu ríkisins. Ráðuneytið setur reglur um á hvern hátt eigendum og umráðamönnum samgöngutækja er heimilt að skipuleggja og selja farseðla í ferðir með slíkum samgöngutækjum, þannig að fæði eða næturgisting fylgi. Binda má slíka heimild tilteknum skilyrðum um hreinlætisaðstöðu og annan aðbúnað, svo og tryggingarfé.

Ráðuneytið ákveður einnig, hvaða íslensk ferðafélög eru undanþegin ákvæðum laga þessara, að því er lýtur að ferðum innanlands.

V. KAFLI
Ferðamálasjóður.

23. gr.

Ferðamálasjóður er eign ríkisins og lýtur stjórn samgönguráðherra.

Ferðamálasjóður er stofnlánasjóður þeirra starfsgreina, sem ferðaþjónusta einkum byggist á. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að þróun íslenskra ferðamála með lánveitingum.

24. gr.

Fé Ferðamálasjóðs má ráðstafa á eftirgreindan hátt:

1. Sjóðurinn veitir einka- og opinberum aðilum lán til framkvæmda við gisti- og veitingastaði gegn fullnægjandi tryggingum.
2. Sjóðnum er heimilt að veita einka- og opinberum aðilum, gegn fullnægjandi tryggingum, lán til annarra þátta ferðamála en í 1. lið greinir, svo framarlega sem með lánveitingunni er stuðlað að þróun íslenskra ferðamála.

25. gr.

Tekjur Ferðamálasjóðs eru þessar:

1. Árlegt framlag úr ríkissjóði, eigi lægra en 40 millj. kr.
2. Tekjur af starfsemi sjóðsins.

26. gr.

Ferðamálasjóði er heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka allt að 300 milljón króna lán eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, ef árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins nægir ekki til, að hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu.

Fjármálaráðherra er heimilt að ábyrgjast slík lán fyrir hönd ríkissjóðs.

27. gr.

Fela skal bankastofnun að annast umsjón Ferðamálasjóðs, vörslu hans, bókhald, innheimtu og útborganir.

28. gr.

Umsóknir um lán úr Ferðamálasjóði skulu sendar stjórn Ferðamálaráðs, sem fjallar um þær og ákveður einstakar lánveitingar.

Allar lánveitingar úr sjóðnum skulu staðfestar af ráðherra.

29. gr.

Til engrar einstakrar framkvæmdar má á sama ári veita hærra lán en sem nemur ⅓ hluta þess fjármagns, sem Ferðamálasjóður getur haft til umráða til útlána á árinu að lánsfé meðtöldu.

30. gr.

Lán úr Ferðamálasjóði skulu veitt til allt að 15 ára. Lán má veita afborgunarlaust fyrstu tvö árin.

Ráðherra ákveður vexti og önnur kjör þeirra lána, er sjóðurinn veitir, með tilliti til þess, að sjóðurinn sé skaðlaus af starfsemi sinni.

Lánin skulu tryggð með veði í fasteign eða á annan jafntryggan hátt og heimilt er að binda greiðslur afborgana og vaxta vísitölu byggingarkostnaðar.

Nú tekur Ferðamálasjóður erlent lán, og skal það þá endurlánað með gengistryggingu.

31. gr.

Við afgreiðslu lána skal þess gætt, að lánveiting valdi ekki óeðlilegri samkeppni við fyrirtæki, sem starfandi eru fyrir.

32. gr.

Ferðamálasjóður er undanþeginn öllum sköttum til ríkis og sveitarfélaga, svo og stimpilgjöldum af lánsskjölum varðandi eigin lántökur sjóðsins, en ekki útlánsskjölum.

33. gr.

Reikningar Ferðamálasjóðs skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

34. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að þeir aðilar, sem skipuleggja hópferðir um Ísland, skuli, samkvæmt nánari reglum, sem settar yrðu þar að lútandi, kaupa

tryggingu hjá viðurkenndu tryggingarfélagi vegna kostnaðar, sem hljótast kynni af leit eða björgun farþega, sem ferðast á þeirra vegum.

Ennfremur er ráðherra heimilt að ákveða, að sömu aðilar skuli hafa í nánar tilteknum ferðum leiðsögumenn sem hlotið hafa sérstaka þjálfun til þessa starfa samkvæmt frekari ákvæðum í reglugerð.

35. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að fenginni umsögn stjórnar Ferðamálaráðs Íslands, að greiddur skuli aðgangseyrir að fjölsóttum ferðamannastöðum, sem eru eign ríkisins, enda sé fé það, sem þannig safnast, að frádregnum innheimtukostnaði, eingöngu notað til fegrunar og snyrtingar viðkomandi staðar, og til að bæta aðstöðu til móttöku ferðamanna, sem þangað koma.

36. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 100 000.00 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með brot gegn lögunum skal farið að hætti opinberra mála.

37. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1976.

Jafnframt falla úr gildi lög um ferðamál nr. 4 14. febrúar 1969.

Ákvæði til bráðabirgða I.

Við gildistöku laga þessara tekur Ferðamálaráð Íslands við öllum eignum, réttindum og skuldbindingum Ferðamálaráðs þess, sem starfaði samkvæmt lögum nr. 4/1969. Jafnframt tekur Ferðamálaráð Íslands við þeim verkefnum frá Ferðaskrifstofu ríkisins, sem ráðinu ber samkvæmt þessum lögum.

Ferðamálasjóður samkvæmt lögum þessum kemur í stað samnefnds sjóðs samkvæmt eldri lögum og tekur við eignum hans og skuldbindingum.

Ákvæði til bráðabirgða II.

Ferðaskrifstofur þær, sem fengið hafa leyfi og starfandi eru við gildistöku laga þessara, skulu fyrir árslok 1976 leggja fyrir ráðuneytið tryggingarskilríki í samræmi við 18. gr. og reglur þær, sem ráðuneytið setur, og eiga þær þá rétt til að fá útgefin ný leyfi.

Sé trygging samkvæmt 18. gr. laga þessara ekki sett innan tilskilins frests, falla leyfi niður.

Ákvæði til bráðabirgða III.

Framlag úr ríkissjóði til Ferðamálasjóðs samkvæmt 25. gr. laga þessara verði 25 millj. kr. árið 1977.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem ráðuneytið skipaði 18. ágúst 1975 til að endurskoða gildandi lög um ferðamál nr. 4/1969, og skyldi endurskoðunin byggð á frv. um skipulag ferðamála, sem lagt var fram á Alþingi 1973, en hefur ekki hlotið afgreiðslu þar. Í nefndina voru skipuð Ólafur S. Valdimarsson, skrifstofu-

stjóri, formaður; Birgir Þorgilsson, sölustjóri; Heimir Hannesson, lögfræðingur; Vigdís Finnbogadóttir, leikhússtjóri; og Þorvarður Elíasson, framkvæmdastjóri.

Frumvarpið er flutt óbreytt frá tillögum nefndarinnar, ef frá eru taldar nokkrar minniháttar lagfæringar, sem ráðuneytið hefur gert.

Nefndin lét eftirfarandi greinargerð og fylgiskjöl fylgja tillögum sínum, og hefur greinargerðin verið samræmd fyrrnefndum lagfæringum á frv. sjálfu:

Í fáum greinum hefur orðið eins ör framþróun á undanförnum aldarfjórðungi eða svo og í ferðamálum. Gildir það jafnt um Ísland og önnur lönd. Með þessari öru framþróun fylgir svo sem vænta má, að nauðsynlegt er að endurskoða öðru hverju lög um ferðamál og heildarskipulag þeirra.

Núgildandi lög um ferðamál eru að meginstofni til frá árinu 1964 eða um 12 ára gömul. Ljóst var orðið fyrir nokkrum árum, að æskilegt var að endurskoða þau, og skipaði þáverandi samgönguráðherra snemma árs 1972 nefnd í því skyni. Hún skilaði frumvarpi til laga ásamt greinargerð í árslok 1972 og í febrúar 1973 lagði ríkisstjórnin frumvarp fyrir Alþingi um skipulag ferðamála, en þar voru tillögur nefndarinnar teknar óbreyttar upp. Frumvarpið hlaut ekki afgreiðslu á þessu þingi og var lagt aftur fyrir á næsta þingi. Hafði það verið afgreitt í e. d. og beið atkvæðagreiðslu eftir 2. umræðu í n.d., þegar þingrofið varð í maí 1974.

Við umræður um frumvarpið á Alþingi og meðal þeirra aðila sem málið snerti mest, komu fram athugasemdir og ábendingar varðandi einstaka þætti þess, sem ástæða hefur þótt til að kanna nánar. Jafnframt hefur þróunin í ferðamálum verið svo hröð á undanförnum árum, að einstök atriði í frumvarpinu þurfa fyrir þær sakir breytinga við.

Skipaði samgönguráðuneytið því með bréfi, dags. 18. ágúst 1975, nýja nefnd til endurskoðunar á gildandi lögum um ferðamál. Skyldi endurskoðunin grundvölluð á frumvarpi því, sem áður er nefnt, en jafnframt mæltist ráðuneytið sérstaklega til þess, að nefndin hefði eftirtalin atriði í huga við endurskoðun sína:

1. Yfirstjórn verði gerð einfaldari og viðaminni en frumvarpið gerir ráð fyrir m. a. með niðurfellingu ákvæða um árlegt ferðamálaþing, en hins vegar ef um ferðamálaþing væri að ræða yrði það á u. þ. b. 4 ára fresti eða eftir hverjar alþingiskosningar og ákvæði sett í frumvarpið um hvernig það skuli uppbyggt. Auk þessa verði yfirstjórn ferðamála þannig að hægt sé að sameina þar hugmyndina um stjórn Ferðamálastofnunar og Ferðamálaráðs. Hlutverk þessarar yfirstjórnar er að sjálfsögðu stefnumótandi í ferðamálum.
2. Öll sölustarfsemi, þ. m. t. rekstur Ferðaskrifstofu ríkisins og sumarhótela verði eins og nú er sérstök stofnun er heyri, eins og nú er, beint undir samgönguráðuneytið.
3. Reynt verði sérstaklega að finna leiðir til að girða fyrir ólögmætan ferðaskrifstofurekstur einkaaðila.
4. Réttur leiðsögufólks verði tryggður í lögunum að því leyti er ferðaskrifstofur nota leiðsögu í ferðir sínar.

Varðandi lið 1. leggur nefndin til, að starfssvið núverandi Ferðamálaráðs verði fært verulega út frá því sem nú er, m. a. með yfirtöku verkefna frá Ferðaskrifstofu ríkisins. Þessi nýja stofnun, sem í frumvarpinu hefur hlotið nafnið Ferðamálaráð Íslands, er í raun réttri byggð á núverandi Ferðamálaráði með nokkuð nýju verksviði, breyttri samsetningu ráðsins og með sérstakri stjórn, sem á að gera ráðið starfhæfara en það er í dag. Auk þeirra verkefna sem þetta nýja Ferðamálaráð tekur við af Ferðaskrifstofu ríkisins er gert ráð fyrir ýmsum nýjum verkefnum, eins og nánar er skýrt í 7. gr. frumvarpsins, en þau leiðir óhjákvæmilega af síbreyttum viðhorfum í ferðamálum.

Ferðaskrifstofa ríkisins verður nú hrein söluskrifstofa á borð við þær skrifstofur einkaaðila, sem starfandi eru á Íslandi í dag. Um tvennt hefur hún þó nokkra

sérstöðu: Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að Ferðaskrifstofa ríkisins starfi fyrst og fremst að því að auka og auðvelda ferðalög íslendinga og útlendinga um Ísland. Í öðru lagi er Ferðaskrifstofu ríkisins gert að skyldu að halda uppi starfsemi Edduhótelanna, eins og hún hefur gert um mörg undanfarandi ár, en án þeirrar starfsemi væri erfitt að halda uppi nauðsynlegri hótelþjónustu við erlenda og innlenda ferðamenn, sem ferðast um landið.

Varðandi 3. lið vill nefndin taka fram, að erfitt er að girða fyrir ólögmætan rekstur einkaaðila á ferðaskrifstofum með beinum og ítarlegum lagafyrirmælum. Hefur nefndin orðið sammála um að láta nægja í þessu skyni ákvæði 15. gr., en þar segir svo: „Óheimilt er að stunda störf þau, er greind eru í 14. gr., svo og að nota í nafni eða auglýsingum einstaklinga, félaga eða fyrirtækja orðið ferðaskrifstofa eða hliðstæð erlend heiti, nema hafa til þess leyfi samgönguráðuneytisins".

Það verður svo að vera á valdi þeirra, sem fylgjast eiga með því að farið sé eftir lögunum, að ákvæðum þessarar greinar sé beitt, eftir því sem við á.

Varðandi rétt leiðsögufólks og að hann verði tryggður í lögunum, að því leyti sem ferðaskrifstofa notar leiðsögu í ferðir sínar, hefur nefndin gert eftirfarandi tillögur:

1. Gert ráð fyrir að Félag leiðsögumanna eigi einn fulltrúa í ferðamálaráði.
2. Gert er ráð fyrir því í 7. gr., að meðal verkefna Ferðamálaráðs sé „skipulagning náms og þjálfunar fyrir leiðsögumenn skv. sérstakri reglugerð þar að lútandi".
3. Loks er ráðherra í 34. gr. gefin heimild til að ákveða, „að sömu aðilar skuli hafa í nánar tilteknum ferðum leiðsögumenn, sem hlotið hafa sérstaka þjálfun til þessara starfa skv. frekari ákvæðum í reglugerð".

Nefndin gerir ráð fyrir, að við samningu reglugerðarákvæða samkvæmt 2. og 3. lið sé haft samráð við Félag leiðsögumanna.

Nefndin telur, að réttur leiðsögufólks sé með þessum ákvæðum tryggður, eins og unnt er að sinni.

Aðrar helstu breytingar, sem nefndin hefur gert frá núgildandi lögum og frá frv. því, sem nefndin skyldi styðjast við, eru þessar:

1. Það nýmæli er tekið upp, að gert er ráð fyrir því að sérstakt gjald sé lagt á vörusölu Fríhafnarinnar í Keflavík. Lagt er til að þetta gjald nemi 10% af árlegu söluverðmæti Fríhafnarinnar, og renni óskipt til Ferðamálaráðs Íslands, sem notar það svo aftur til landkynningar. Það skal tekið fram hér, að nefndin gerir ráð fyrir, að gjald það sem Ísl. markaður hf. greiðir nú til Ferðaskrifstofu ríkisins samkv. samningi milli varnarmáladeildar utanríkisráðuneytisins og Ísl. markaðar hf., renni, ef frv. þetta verður að lögum, til Ferðamálaráðs Íslands.

2. Skilyrði þau sem forstjóra eða eiganda ferðaskrifstofu eru sett um nám og starfsreynslu, eru felld niður, enda í sjálfu sér auðvelt að sniðganga þau. Hins vegar er gert ráð fyrir, að einn eða fleiri af starfsmönnum hverrar ferðaskrifstofu hafi staðgóða reynslu í ferðamálum, og yrði þá ráðuneytið að úrskurða um það í hvert sinn, hvort þessum skilyrðum væri fullnægt.

3. Tryggingafé ferðaskrifstofu er hækkað í 7 millj. kr. Gert er ráð fyrir því, að við ráðstöfun tryggingarfjár njóti kröfur vegna heimflutnings farþega, sem kunna að vera í ferð á vegum viðkomandi ferðaskrifstofu, forgangs framyfir aðrar kröfur. Rétt er að taka það fram hér, að nefndin teldi eðlilegra, að ferðaskrifstofurnar hefðu sjálfar sameiginlegan tryggingarsjóð, sem tæki að sér nauðsynlegar tryggingar á skuldbindingum þeirra. Meðan svo er ekki er nauðsynlegt, að opinberir aðilar grípi inn með ákvæðum eins og þeim, sem hér er gerð tillaga um. Ættu ferðaskrifstofurnar sjálfar frumkvæði að annarri skipan, sem fullnægjandi gæti talist að dómi ráðuneytisins, teldi nefndin eðlilegt, að lagafyrirmælum í þessa átt yrði breytt í samræmi við það.

4. Ferðamálasjóður, sem samkvæmt gildandi lögum má aðeins lána til framkvæmda við gisti- og veitingastaði, fær nú samkvæmt frumvarpinu heimild til að veita lán til einka- og opinberra aðila til annarra þátta ferðamálanna, enda sé stuðlað að þróun íslenskra ferðamála með þeim lánveitingum. Jafnframt er heimild hans til árlegra lánveitinga til einstakra staða nokkuð rýmkuð, og vísitölutrygging á útlánum sjóðsins gerð að heimildarákvæði, en ekki skyldu eins og nú er.

5. Það nýmæli er í frumvarpinu, að ráðherra er veitt heimild til þess að ákveða, að þeir aðilar, sem skipuleggi hópferðir um Ísland skuli kaupa tryggingu hjá viðurkenndu tryggingarfélagi vegna kostnaðar, sem hljótast kynni af leit eða björgun farþega sem ferðast á þeirra vegum. Jafnframt er ráðherra heimilt að ákveða, að sömu aðilar skuli hafa í nánar tilteknum ferðum leiðsögumenn, sem hlotið hafa sérstaka þjálfun til þessa starfa skv. frekari ákvæðum í reglugerð.

Þau atriði sem hér hafa verið nefnd, eru nánar skýrð í athugasemdum við einstakar greinar frv.

Fskj. með frv. gefa hugmynd um fjölda erlendra ferðamanna til Íslands, tekjur af þeim, svo og starfsemi Ferðamálasjóðs. Ýmsar aðrar gagnlegar upplýsingar um ferðamál koma fram í greinargerð með ferðamálafrv. frá 1973—1974, svo og í fskj. með því frv. Þótti nefndinni ekki ástæða til að endurtaka þær upplýsingar hér og vísast um þær til áðurgreinds frv.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Rétt hefur þótt að skipa efni frv. í eftirgreinda kafla:

I. kafli — Tilgangur og yfirstjórn
II. kafli — Ferðamálaráð Íslands
III. kafli — Ferðaskrifstofa ríkisins
IV. kafli — Almennar ferðaskrifstofur
V. kafli — Ferðamálasjóður
VI. kafli — Ýmis ákvæði.

Auk þess eru í frv. ákvæði til bráðabirgða.

I. KAFLI
Tilgangur og yfirstjórn.

Um 1. gr.

Í gr. er almennt lýst tilgangi frumvarpsins og tekið fram, að við þróun og skipulagningu ferðamála skuli bæði hafa hliðsjón af þjóðhagslegri hagkvæmni og umhverfisvernd. Greinin skýrir sig að öðru leyti sjálf.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir, að eins og áður fari samgönguráðuneytið með yfirstjórn ferðamála.

II. KAFLI
Ferðamálaráð Íslands.

Um 3. gr.

Eins og komið hefur fram í hinni almennu greinargerð hér á undan, er í frv. gert ráð fyrir, að Ferðamálaráði því, sem nú situr, verði fengin aukin verkefni og það verði jafnframt endurskipulagt. Hér fær ráðið heitið Ferðamálaráð Íslands í stað einungis Ferðamálaráð, en nefndin telur nauðsynlegt að afmarka stöðu ráðsins í heiti þess, sérstaklega þó gagnvart erlendum aðilum.

Um 4. gr.

Í þessari grein er fjallað um skipun aðila í Ferðamálaráð.

Verða fulltrúarnir í Ferðamálaráði samkvæmt þessari grein 11 að tölu, að meðtöldum þeim tveimur fulltrúum, sem ráðherra skipar án tilnefningar. Samsetning ráðsins er hér nokkuð önnur en skv. núgildandi lögum. Til þess að ráðið yrði ekki of fjölmennt hefur nefndin reynt að stefna að því, að þeir aðilar ættu fyrst og fremst fulltrúa í ráðinu, sem hafa beinna hagsmuna að gæta og starfa beint að ferðamálum. Undantekning frá þessu meginsjónarmiði er þó aðild Náttúruverndarráðs og Sambands ísl. sveitarfélaga. Nefndin telur nauðsynlegt að hafa náið samstarf við Náttúruverndarráð um mótun ferðamálastefnu og því eigi fulltrúi frá því að vera í Ferðamálaráði. Aðild Samb. ísl. sveitarfélaga er ætlað að veita ferðamálafélögunum, sem yfirleitt starfa meira eða minna leyti á vegum sveitarfélaganna, sinn fulltrúa í Ferðamálaráði.

Í greininni eru ákvæði um, að Ferðamálaráð skuli koma saman til fundar ekki sjaldnar en sex sinnum á ári, en að sjálfsögðu getur það komið saman oftar, ef einstakir fulltrúar óska sérstaklega eftir eða aðrar gildar ástæður eru fyrir hendi.

Um 5. gr.

Hér er lagt til, að Ferðamálaráði skuli skipuð sérstök stjórn, sem í eigi sæti þeir tveir ráðsfulltrúar, sem samgönguráðherra skipar beint, svo og fulltrúar þeir í Ferðamálaráði, sem tilnefndir eru af Félagi ísl. ferðaskrifstofa, Flugleiðum hf. og Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda, en þessir þrír aðilar eru fulltrúar stærstu atvinnugreinanna í ráðinu. Gert er ráð fyrir, að formaður og varaformaður Ferðamálaráðs séu formaður og varaformaður stjórnar.

Um 6. gr.

Embætti ferðamálastjóra, sem hér er fjallað um, er að nokkru leyti hliðstætt embætti núverandi framkvæmdastjóra Ferðamálaráðs, en miklu umfangsmeira. Nefndin taldi rétt, að í þetta embætti væri einungis ráðið til fjögurra ára í senn. Hins vegar er að sjálfsögðu hægt að endurráða ferðamálastjóra, þegar og ef svo ber undir. Rétt þykir að taka hér fram, að ferðamálastjóri geti ekki átt sæti í stjórn Ferðamálaráðs, en almennt er talið stjórnunarlega rangt, að forstöðumenn stofnana eigi jafnframt sæti í stjórnum þeirra. Hins vegar situr ferðamálastjóri stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétti.

Um 7. gr.

Í þessari grein eru verkefni Ferðamálaráðs Íslands skilgreind, en gert er ráð fyrir nánari skilgreiningu í reglugerð, sem sett verði síðar. Segja má, að í aðalatriðum sé verkefnum þeim, sem Ferðaskrifstofu ríkisins og Ferðamálaráði eru falin með gildandi lögum, haldið auk nýrra verkefna sem bætast við. Skulu verkefnin skýrð hér nokkru nánar:

1. Gert er ráð fyrir, að Ferðamálaráð Íslands vinni að staðaldri að skipulagningu og áætlanagerð um íslensk ferðamál. Undirstaða þessarar vinnu er að sjálfsögðu söfnun talnalegra upplýsinga og markaðskannanir á miklu víðtækari grundvelli en áður hefur verið. Fyrstu skrefin í skipulagningu þessara mála með langtímasjónarmið í huga hafa þegar verið stigin með gerð sérstakrar ferðamálakönnunar og ferðamálaáætlunar, sem bandarískt fyrirtæki hefur unnið að fyrir tilstuðlan Sameinuðu þjóðanna og íslenskra ferðamálayfirvalda.
2. Landkynningarstarfsemi er að sjálfsögðu nátengd þeirri skipulagningu, sem getið er hér á undan. Landkynning getur í sjálfu sér verið margs konar og þjónað margvíslegum tilgangi, en hér er fyrst og fremst átt við landkynningu, sem beinist að því í aðalatriðum að vekja áhuga annarra þjóða á því að heim-

sækja Ísland, dvelja í landinu og njóta þess, sem þjóðin getur boðið ferðamanninum. Nokkur landkynning hefur á undanförnum árum verið á vegum Ferðaskrifstofu ríkisins, en miklu minni en æskileg getur talist, enda hefur mjög takmörkuðum fjármunum verið veitt til landkynningar af hálfu ríkissjóðs. Einnig hefur veruleg landkynning átt sér stað á vegum einkaaðila.

3. Með þátttöku í samstarfi við aðrar þjóðir um ferðamál, er fyrst og fremst átt við samstarf Norðurlandaþjóðanna á vegum NTTK (Nordisk Turist Trafik Komité), en þetta samstarf felur m. a. í sér rekstur landkynningarskrifstofu í New York, sem íslendingar taka þátt í. Auk þess hefur verið haldið uppi samstarfi á undanförnum árum af hálfu Ferðamálaráðs við ferðamálayfirvöld OECD, og af hálfu Ferðaskrifstofu ríkisins, m. a. við ETC (European Travel Commission).
4. Starfsemi ferðamálafélaga getur haft verulega þýðingu í því efni að dreifa ferðum um landið, þannig að sem flestir íbúar þess hafi menningarlegan og efnahagslegan ávinning af ferðamálum. Eðlilegt er, að Ferðamálaráð aðstoði félögin eftir mætti, veiti þeim leiðbeiningar og hvetji þau.
5. Nauðsyn ber til, að haldið sé uppi námi og þjálfun fyrir leiðsögumenn. Lagt er til, að sérstök reglugerð um þetta efni verði gefin út. Nefndinni þykir eðlilegt, að í kjölfar náms og þjálfunar fylgi starfsréttindi fyrir leiðsögumenn, sem gætu verið mismunandi víðtæk. Um samningu reglugerðar um þetta efni er rétt að hafa samráð við Félag leiðsögumanna, sem raunar á einnig samkvæmt þessu frv. aðild að Ferðamálaráði Íslands.
6. Með forgöngu um hvers konar þjónustu- og upplýsingastarfsemi fyrir ferðamenn er m. a. átt við stofnsetningu gistimiðstöðvar, hugsanlega einnig miðstöðvar um sölu veiðileyfa í ám og vötnum, svo og ráðstefnumiðstöðvar. Fleiri þættir geta að sjálfsögðu komið hér til.
7. Nefndin leggur áherslu á, að Ferðamálaráð Íslands hafi sem mest samstarf við Náttúruverndarráð og aðra hlutaðeigandi aðila, varðandi verndun umhverfis, náttúru- og menningarverðmæta.
8. Einnig er ætlast til að Ferðamálaráð Íslands geti haft frumkvæði um fegrun umhverfis og snyrtilega umgengni á þeim stöðum, sem ferðafólk sækir.
9. Erlendis eru víða starfandi sérstakar nefndir, sem fjalla um kvartanir ferðamanna um misbresti á þjónustu ferðaskrifstofa og skyldra aðila. Að áliti n. er eðlilegasti aðilinn til að fjalla um slíkar kvartanir Ferðamálaráð Íslands, hvort sem stofnunin ákveður að gera það sjálf, eða eiga frumkvæðið að sérstakri nefnd, sem um þessi mál fjalli.
10. Ferðamálaráðstefnur þær, sem haldnar hafa verið árlega síðan Ferðamálaráð var stofnað árið 1964 hafa að áliti þeirra sem best þekkja gefið góða raun. Hins vegar er e. t. v. full þétt að halda slíkar ráðstefnur árlega, en sjálfsagt þykir, að halda þessari starfsemi áfram eigi sjaldnar en annað hvort ár.

Um 8. gr.

Hér er lagt til, að sérstakt gjald sé lagt á vörusölu Fríhafnarinnar í Keflavík, sem nemi 10% af árlegu söluverðmæti hennar. Miðað við sölu ársins 1974 myndi þetta gjald nema rúmum 40 millj. kr. Lagt er til, að gjaldið renni óskipt til Ferðamálaráðs Íslands, sem noti það svo aftur til greiðslu á kostnaði sínum við landkynningu. Telur nefndin mikils virði að fá á þennan hátt fast framlag til landkynningar og rökrétt að leggja þennan skatt á sölu Fríhafnarinnar, sem eingöngu fær tekjur sínar af verslun við ferðamenn.

Einnig gerir nefndin ráð fyrir, að heimilt sé að verja einhverju af þessu fé til styrkja til einka- eða opinberra aðila til endurbóta á aðstöðu eða til að koma upp aðstöðu á stöðum, sem eru fjölsóttir af ferðamönnum. Athygli skal vakin á, að hér er um heimild að ræða og ekki ætlast til, að hún sé notuð nema mjög takmarkað.

III. KAFLI
Ferðaskrifstofa ríkisins.

Um 9. gr.

Hér er um óbreytt fyrirkomulag að ræða frá því sem nú er.

Um 10. gr.

Eins og getið er í almennu greinargerðinni er í þessu frv. gert ráð fyrir, að Ferðaskrifstofa ríkisins sé í aðaldráttum rekin sem almenn ferðaskrifstofa. N. þykir þó rétt, að Ferðaskrifstofa ríkisins taki ekki, frekar en nú er, þátt í samkeppninni um sumarleyfisferðir íslendinga til útlanda, heldur skuli starfsemi hennar fyrst og fremst beinast að því að skipuleggja ferðir fyrir íslenska og erlenda ferðamenn um Ísland og greiða fyrir slíkum ferðalögum.

Um 11. gr.

Annað skilyrði í rekstri Ferðaskrifstofu ríkisins er, að henni er gert að starfrækja sumarhótel í húsnæði heimavistarskóla, eins og Ferðaskrifstofan hefur raunar þegar gert í allmörg ár. Þessi rekstur er nauðsynlegur til að geta haldið uppi eðlilegum áföngum í ferðum hópa um landið. Yfirleitt hefur ekki verið um það að ræða að rekstur Eddu-hótelanna hafi verið í beinni samkeppni við hótel, sem rekin eru allt árið. N. þykir sjálfsagt, að Ferðaskrifstofan forðist slíka samkeppni, en láti heilsárshótelið njóta viðskipta eftir því sem unnt er, enda er rekstur slíkra hótela jafnan erfiður hvar á landinu sem er og reksturinn yfir veturinn gjarnan byggður á arðbærum rekstri yfir sumartímann.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Eðlilegt þykir, að Ferðaskrifstofa ríkisins greiði fasteignaskatt, landsútsvar og aðstöðugjald.

IV. KAFLI
Almennar ferðaskrifstofur.

Um 14. gr.

Grein þessi er efnislega hliðstæð 1. gr. í gildandi lögum um ferðamál nr. 4/1969.

Um 15. gr.

Greinin er óbreytt frá 2. gr. gildandi laga að öðru leyti en því, að bætt er í greinina ákvæði um að óheimilt sé að stunda störf þau, sem greind eru í 13. gr., nema hafa til þess leyfi samgönguráðuneytisins, en það er hvergi beinlínis tekið fram í gildandi lögum, þótt þau hafi ætíð verið túlkuð á þann veg.

Um 16. gr.

Greinin er hliðstæð 3. gr. gildandi laga og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 17. gr.

Hér hafa þær breytingar verið gerðar frá gildandi lögum, að felld eru niður skilyrði, sem forstöðumaður ferðaskrifstofu þurfi að uppfylla varðandi lágmarksaldur, nám og starfsreynslu við ferðaskrifstofustörf, enda er ljóst, að auðvelt er

að sniðganga þessi ákvæði. N. hefur þótt rétt að setja í staðinn ákvæði um, að einn eða fleiri af starfsmönnum hverrar ferðaskrifstofu skuli á hverjum tíma hafa að baki staðgóða reynslu við almenn ferðaskrifstofustörf.

Um 18. gr.

Tryggingar þær, sem íslenskar ferðaskrifstofur hafa sett samkvæmt gildandi lögum, hafa undantekningalaust verið bankatryggingar. Samkvæmt lögunum nemur tryggingin fyrir hverja ferðaskrifstofu nú 1.5 millj. kr., sem er allt of lág fjárhæð til að veita viðskiptamönnum ferðaskrifstofa nokkra fjárhagslega tryggingu. Er því fjárhæðin hækkuð í 7 millj. kr., sem er í samræmi við hækkun vísitölu frá því núverandi trygging var sett.

Um 19. gr.

Þessi grein er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því, að kostnaður við heimflutning farþega, geti viðkomandi ferðaskrifstofa vegna fjárhagslegra örðugleika ekki flutt þá heim, nýtur forgangs við greiðslu af tryggingafé. Þessi breyting er gerð með hliðsjón af reynslu ferðaskrifstofa erlendis. Hins vegar fannst n. ekki gerlegt að tryggja fyrirframgreiðslur farþega inn á ferðir sem forgangskröfur, heldur yrði að gilda um slíkar greiðslur sömu reglur og aðrar skuldir viðkomandi ferðaskrifstofu.

Í almennu greinargerðinni var fjallað nokkuð um, að æskilegt væri, að viðkomandi ferðaskrifstofur sæju sjálfar um tryggingar sem þessar, en eðlilegt er að sérstök trygging sé sett varðandi starfsemi ferðaskrifstofa, enda er það gert víða erlendis, þ. á m. á Norðurlöndunum, þótt í nokkuð mismunandi formi sé.

Um 20. gr.

Hinar almennu ástæður þess, að leyfi til reksturs ferðaskrifstofa falli niður, eru óbreyttar frá gildandi lögum. Fellt er niður ákvæði um, að ráðuneytið geti afturkallað leyfi fyrirvaralaust, ef það telur sannað, að um sé að ræða hjá ferðaskrifstofu meiri heildarvanskil en tryggingarfé nemur. Ákvæði eru í gildandi lögum um skilaskyldu ferðaskrifstofa á endurskoðuðum reksturs- og efnahagsreikningi undanfarandi árs til ráðuneytisins.

Þau hefur nefndin fellt niður í þessu frv., enda hefur komið í ljós, að þótt þeim sé fylgt eftir eins og unnt er, getur ekki orðið um fullnægjandi eftirlit að ræða. Lítur n. einnig svo á, að óæskilegt sé, að haft sé meira opinbert eftirlit með þessari starfsemi en annarri verslunarstarfsemi í landinu, enda fyrir hendi sérstök bankatrygging, sbr. 18. gr.

Um 21. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Í greininni er gert ráð fyrir því, að maka leyfishafa, sem situr í óskiptu búi, sé heimilt að halda rekstrinum áfram í eitt ár eftir lát hans. Vilji makinn hins vegar halda rekstrinum lengur áfram, þarf hann að sækja um rekstrarleyfi samkvæmt ákvæðum þessa kafla og auk þess að sjálfsögðu að fullnægja almennum skilyrðum um tryggingarfé. Eins árs fresturinn er hugsaður til þess að veita maka eða dánarbúinu frest til búskipta, til sölu á fyrirtækinu eða þess háttar aðgerða, sem eru afleiðingar af fráfalli leyfishafa. Almennt er ekki talin þörf á að hafa þennan frest lengri en eitt ár.

Um 22. gr.

Í 8. gr. gildandi laga er að finna hliðstæð ákvæði og í 1. mgr., en samkvæmt þeim er Ferðaskrifstofa ríkisins undanþegin því að setja tryggingu eða öðlast leyfi

til ferðaskrifstofureksturs, enda hér um að ræða ríkisfyrirtæki og ríkissjóður því ábyrgur fyrir skuldbindingum skrifstofunnar.

Í 2. mgr. gr. er gert ráð fyrir því, að ákveðið verði nánar í reglugerð á hvern hátt eigendum og umráðamönnum samgöngutækja sé heimilt að skipuleggja og selja farseðla í eigin ferðir með slíkum tækjum, þannig að fæði eða næturgisting fylgi. Ákvæði um þetta efni eru í 8. gr. gildandi laga, en eðlilegra þykir, að þau verði framvegis í reglugerð, svo sem hér er lagt til. Nýmæli er það í gr., að heimild þessi geti náð bæði til eigenda og umráðamanna samgöngutækja. Þykir ekki ástæða til að binda heimildina því, að viðkomandi aðili sé raunverulegur eigandi allra samgöngutækja þeirra, sem notuð eru, heldur nægi að hann sé umráðamaður þeirra og myndi hann þá í flestum tilvikum vera eigandi þeirra að hluta. Þá er það nýmæli í gr., að unnt er í reglugerð að binda heimild þá, sem hér um ræðir, tilteknum skilyrðum varðandi hreinlætisaðstöðu og annan aðbúnað, svo og um tryggingarfé. Mál varðandi hreinlæti, einkum í öræfaferðum, sem er algengust þeirra tilvika, sem falla undir þessa gr., verður að taka föstum tökum og hafa um þau náið samráð við Náttúruverndarráð, Heilbrigðiseftirlit ríkisins og aðra hlíðstæða aðila.

Vel virðist koma til greina að setja það skilyrði fyrir slíkum ferðum, ef um er að ræða verulega starfsemi, að tryggingarfé sé þá sett, ekki síður en í almennum ferðaskrifstofurekstri. Myndi slíkt væntanlega verða ákveðið í hverju einstöku tilviki, svo og upphæð tryggingafjárins.

Ákvæði 3. mgr. eru ný að því leyti, að í 8. gr. gildandi laga er talað um „viðurkennd ferðafélög“, en hér er gert ráð fyrir, að ákveðið verði í reglugerð, hvaða ferðafélög skuli undanþegin ákvæðum laganna. Í framkvæmd njóta nú þrjú félög slíkrar viðurkenningar þ. e. Ferðafélag Íslands, Bandalag íslenskra farfugla og Útivist.

V. KAFLI
Ferðamálasjóður.

Um 23.—24. gr.

Samkvæmt þessum greinum er gert ráð fyrir nokkuð víðtækara starfssviði Ferðamálasjóðs en samkvæmt gildandi lögum. Samkvæmt þeim má sjóðurinn lána til framkvæmda við gisti- og veitingastaði, og er hann því í reynd ekki almennur ferðamálasjóður, heldur hótelsjóður.

Í ljós hefur komið að með þessu móti verða vissir þættir ferðamála út undan við fjármálalega fyrirgreiðslu þar sem Ferðamálasjóður hefur ekki heimild til að lána til þeirra og aðrir aðilar telja sér það ekki skylt. Er því lagt til að sjóðnum verði heimilað að veita lán gegn fullum tryggingum til annarra þátta ferðamála en framkvæmda við gisti- og veitingastaði, enda verði með þessum lánveitingum stuðlað að þróun íslenskra ferðamála.

Um 25. gr.

Hér er lagt til að framlag á fjárlögum til Ferðamálasjóðs verði ekki lægra en 40 millj. kr., en framlagið er í fjárlögum fyrir árið 1976 16 150 þús. kr.

Um 26. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 27. gr.

Búnaðarbanki Íslands hefur frá upphafi annast um Ferðamálasjóð á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í greininni.

Um 28. gr.

Samkvæmt 29. gr. gildandi laga um ferðamál skulu umsóknir um lán úr Ferðamálasjóði sendar Ferðamálaráði sem gerir rökstuddar tillögur til samgönguráðherra um lánveitingar, en hann ræður útlánum af fé sjóðsins. Fyrirkomulag þetta þótti nokkuð þungt í vöfum og var það því einfaldað með því að fela sérstakri nefnd, sem í eiga sæti tveir fulltrúar frá Ferðamálaráði og einn frá ráðuneytinu, að fjalla um allar umsóknir um lán úr sjóðnum og gera tillögur um lán. Eðlilegt er, að þetta verkefni fari nú yfir til stjórnar Ferðamálasjóðs, en jafnframt er sú breyting gerð, að stjórnin ákveður einstakar lánveitingar, en þær skulu hins vegar hljóta staðfestingu ráðherra.

Um 29. gr.

Í stað ⅕ hluta kemur hér ⅓ hluti. Þar sem sjóðurinn hefur yfir litlu lánsfjármagni að ráða á hverju ári, hafa lán hans til stærri framkvæmda oft komið að minni notum en æskilegt væri, þar sem hann hefur orðið að halda sig við ofangreint hlutfall. Rétt þykir, að rýmka þetta skilyrði nokkuð.

Um 30. gr.

Hér er um óbreytt fyrirkomulag að ræða frá því sem verið hefur, nema að því er varðar vísitölutryggingu. Yfirleitt hafa lán úr Ferðamálasjóði verið veitt til 15 ára og í nokkrum tilvikum veittur afborgunarfrestur fyrstu tvö árin, enda greiðast þá lánin upp á næstu 13 árum. Vextir hafa verið ákveðnir með hliðsjón af vöxtum á því lánsfé, sem sjóðurinn hefur haft til endurlána. Aldrei hefur verið um að ræða nema í mesta lagi ½% vaxtamun.

Í 3. mgr. segir, að heimilt sé að binda greiðslur afborgana og vaxta vísitölu byggingarkostnaðar. Hér er um að ræða tvær breytingar frá gildandi lögum. Í fyrsta lagi er nú skylt samkv. lögunum að vísitölubinda útlán Ferðamálasjóðs og í öðru lagi eru þau nú bundin framfærsluvísitölu samkvæmt ákvæðum í reglugerð um Ferðamálasjóð.

Lagt er til, að heimild til vísitölubindingar komi í stað skyldu um vísitölubindingu. Það hlýtur að verulegu leyti að vera komið undir því fjármagni, sem sjóðurinn hefur til ráðstöfunar hverju sinni, hvers konar kjör þurfa að vera á útlánum hans, og því er þessi breyting gerð. Hins vegar er sjálfsagt að halda óbreyttu ákvæði um, að erlent lánsfé sé endurlánað með gengistryggingu.

Einnig er lagt til, að séu lánin vísitölubundin, sé miðað við vísitölu byggingarkostnaðar, enda fyrst og fremst um að ræða lán til byggingarframkvæmda.

Um 31.—33. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

Um 34. gr.

Heimildarákvæðin í þessari grein eru nýmæli.

Mjög algengt er, að gera þurfi út björgunarleiðangra til leitar að týndum ferðamönnum eða til flutnings á slösuðu ferðafólki á sjúkrahús. Þessi störf hafa hingað til að mestu eða öllu leyti verið unnin í sjálfboðavinnu, að sjálfsögðu með verulegum kostnaði fyrir viðkomandi aðila. Eðlilegt er, að þeir aðilar, sem skipuleggi hópferðir, beri fjárhagslega ábyrgð í slíkum tilvikum og tryggi sig gegn henni. Því er þetta heimildarákvæði sett í frv., en nánari skilgreiningu þarf í reglugerð.

Til þess að koma í veg fyrir óhöpp, eins og þau, sem að ofan greinir, ber brýna nauðsyn til, að leiðsögumenn með ferðum, sérstaklega í óbyggðum landsins, séu fyllilega starfi sínu vaxnir. Töluvert virðist algengt, að svo sé ekki, og ekki síst, þegar erlendir hópar ferðast hér um með erlenda leiðsögumenn, sem ekki hafa nægilega þekkingu á íslenskum aðstæðum og íslensku veðurfari. Því er síðari heimildargreinin tekin inn, en um hana gildir sama og fyrri heimildina, að frekari skilgreining þarf að koma í reglugerð.

Um 35. gr.

Grein þessi er óbreytt frá 36. gr. gildandi laga um ferðamál.

Enda þótt þessi heimild hafi lítið verið notuð, þykir sjálfsagt að hafa þennan möguleika opinn áfram. Gjöld sem þessi eru algeng í öðrum ferðamannalöndum, og ekki er óeðlilegt, að fjár til upppbyggingar og viðhalds viðkomandi staðar verði aflað hjá þeim, sem þangað koma, í stað þess að verja til þess almannafé. Innheimta slíks gjalds er tiltölulega auðveld og færi þá ýmist fram á staðnum sjálfum eða væri innheimt sem hluti af fargjaldi fyrir hópa, sem til staðarins koma.

Um 36.—37. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I—III.

Þessi bráðabirgðaákvæði þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Fylgiskjal I.

Fjöldi erlendra ferðamanna til Íslands 1950—1975.

Ár	Tala	Árleg aukning í %
1950	4 383	
1951	4 084	÷6.8
1952	4 823	18.1
1953	6 380	32.3
1954	6 847	7.3
1955	9 107	33.0
1956	9 607	5.5
1957	9 279	÷3.4
1958	10 111	9.0
1959	12 296	21.6
1960	12 806	4.1
1961	13 629	6.4
1962	16 835	23.5
1963	17 360	3.1
1964	22 383	28.9
1965	28 879	29.0
1966	34 733	20.3
1967	37 728	8.6
1968	40 447	7.2
1969	44 099	9.0
1970	52 908	20.0
1971	60 719	14.8
1972	68 026	12.0
1973	74 019	8.8
1974	68 456	÷7.5
1975	71 676	4.7

Fylgiskjal II.

Beinar og óbeinar gjaldeyristekjur vegna erlendra ferðamanna árin 1969—1974.
(Í millj. kr.).

	1969	1970	1971	1972	1973	1974
Innlend flugfélög	341.2	531.9	665.3	589.7	800.0	750.0
Erlend flugfélög	10.6	9.6	9.6	13.6	0.0	1.1
Fríhöfnin í Keflavík	53.7	69.3	82.1	84.6	90.3	128.5
Íslenskur markaður h.f.	–	23.8	75.4	84.1	75.1	86.5
Ferðaskrifstofur	71.8	97.3	104.7		166.4	486.2
Hótel	21.6	43.4	54.7	553.0	72.9	78.4
Ferðamenn	181.0	215.2	231.3		741.5	841.8
	679.9	990.5	1 223.1	1 325.0	1 946.2	2 372.5
% af heildarútflutningsverðmæti	7.2%	7.8%	9.3%	7.9%	7.5%	7.2%

Fylgiskjal III.

Lánveitingar Ferðamálasjóðs 1964—1975.

	Tala lána	Tala staða	Lánsfjárhæð í þús. kr.	Lánsfjárhæð í %
Reykjavík	12	7	19 900	12.9
Kaupstaðir	32	14	38 930	25.3
Kauptún	43	18	48 245	31.3
Sveitir	44	22	40 520	26.3
Annað	6	4	6 500	4.2
	137	65	154 095	100.0

Ed. 495. Frumvarp til laga [239. mál]

um Orkubú Vestfjarða.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Ríkissjóður Íslands og sveitarfélög á Vestfjörðum skulu setja á stofn orkufyrirtæki, er nefnist Orkubú Vestfjarða.

2. gr.

Tilgangur fyrirtækisins skal vera að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum, þar sem hagkvæmt þykir. Skal Orkubú Vestfjarða eiga og reka vatnsorkuver og dísilraforkustöðvar til raforkuframleiðslu, ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til raforkuflutnings og raforkudreifingar. Fyrirtækið skal eiga og reka jarðvarmavirki og nauðsynlegt flutningskerfi og dreifikerfi fyrir heitt vatn. Skal fyrirtækið og eiga og reka fjarvarmakyndistöðvar ásamt nauðsynlegu dreifikerfi.

Fyrirtækið skal annast virkjunarrannsóknir og aðrar undirbúningsrannsóknir eftir því sem ákveðið er hverju sinni.

3. gr.

Orkubú Vestfjarða er sameignarfélag ríkisins og sveitarfélaga á Vestfjörðum.

Eignarhluti ríkissjóðs skal vera 40%, en eignarhlutir sveitarfélaganna skulu nema samtals 60%.

Eignarhlutdeild sveitarfélaganna skiptist innbyrðis í hlutfalli við íbúatölu þeirra.

Eignarhlutföllum verður ekki breytt nema til samræmis við íbúafjölda, sbr. 9. gr. og engum sameignarfélaga er heimilt að ganga úr fyrirtækinu án samþykkis allra sameigenda.

Fyrirtækið er sjálfstæður réttaraðili og hefir sjálfstæðan fjárhag og reikningshald.

Heimili þess og varnarþing er á Ísafirði.

4. gr.

Sameigendur beri einfalda óskipta ábyrgð á skuldbindingum Orkubús Vestfjarða gagnvart kröfuhöfum. Innbyrðis skiptist ábyrgð samkvæmt eignarhlutföllum.

5. gr.

Rafmagnsveitur ríkisins og ríkissjóður, svo og orkuveitur sveitarfélaga á Vestfjörðum skulu afhenda Orkubúi Vestfjarða til eignar sem stofnframlag öll mannvirki sín á Vestfjörðum í raforkuverum, rafstöðvum, kyndistöðvum og jarðvarmavirkjunum ásamt tilheyrandi flutnings- og dreifikerfi, enda yfirtaki fyrirtækið skuldir, sem svarar til stofnkostnaðar af mannvirkjum þeim, sem það tekur við.

6. gr.

Iðnaðarráðherra veitir Orkubúi Vestfjarða einkaleyfi til þeirrar starfsemi, sem felst í tilgangi fyrirtækisins samkvæmt 2. gr. Ráðherra er þó heimilt, að fengnu áliti stjórnar Orkubús Vestfjarða, að ákveða, að rekstur einstakra orkumannvirkja skuli vera undanþeginn, svo sem bygging og rekstur mannvirkja til raforkudreifingar, jarðvarmaveitna og fjarvarmaveitna með kyndistöðvum innan þeirra sveitarfélaga, sem þess óska.

7. gr.

Stjórn Orkubús Vestfjarða skal skipuð 5 mönnum. Á aðalfundi skulu fulltrúar sveitarfélaganna kjósa 3 menn og jafnmarga til vara. Iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra skulu skipa einn mann hvor og einn mann hvor til vara. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Undirskrift meiri hluta stjórnar bindur félagið.

8. gr.

Stjórn Orkubús Vestfjarða hefir á hendi yfirstjórn á framkvæmdum fyrirtækisins og rekstri.

Stjórn Orkubús Vestfjarða ræður framkvæmdastjóra, er veitir fyrirtækinu forstöðu. Framkvæmdastjóri skal annast allan daglegan rekstur fyrirtækisins. Skal hann eiga sæti á stjórnarfundum og hafa þar málfrelsi og tillögurétt, en eigi atkvæðisrétt.

9. gr.

Aðalfund Orkubús Vestfjarða skal halda fyrir 1. júní ár hvert. Stjórnin boðar til aðalfundar með dagskrá og með tveggja vikna fyrirvara. Á aðalfundi eiga sæti fulltrúar sameignaraðila, sem fara með atkvæðisrétt í hlutfalli við eignarhlutdeild umbjóðenda sinna. Fyrir aðalfund skal leggja skrá um skiptingu eignarhlutdeildar sameignaraðila og atkvæðisrétt samkvæmt manntali 1. desember árið áður. Fulltrúar sveitarfélaganna fara með eitt atkvæði fyrir hvern íbúa í hverju viðkomandi sveitarfélagi. Fulltrúi ríkisins fer með atkvæðisrétt sem svarar til 40% heildaratkvæða. Afl atkvæða ræður á aðalfundi.

Á aðalfundi skal fjalla um eftirgreind mál:

1. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra.
2. Lagðir skulu fram til samþykktar endurskoðaðir reikningar félagsins.
3. Kosning stjórnar skv. 7. gr.
4. Kosning eins endurskoðanda, en fjármálaráðherra skal tilnefna annan. Varamenn skal velja með sama hætti.

10. gr.

Stjórn Orkubús Vestfjarða setur gjaldskrá um verð á seldri orku til notenda.

Gætt skal almennra arðsemissjónarmiða við setningu gjaldskrár.

Gjaldskrá öðlast eigi gildi fyrr en hún hefir verið staðfest af iðnaðarráðherra og birt í Stjórnartíðindum eða Lögbirtingablaði.

11. gr.

Heimilt er stjórn Orkubús Vestfjarða að taka lán til þarfa fyrirtækisins og taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum í sama skyni.

Stjórnin getur ekki skuldbundið eignaraðila að því er varðar greiðsluskuldbindingar og ábyrgð á lánum til framkvæmda og breytinga á mannvirkjum, nema að fengnu samþykki þeirra. Þó þarf stjórnin ekki að leita slíks samþykkis, ef samanlagðar skuldbindingar og ábyrgðir, sem gengist er undir á hverju ári, eru minna en 10% af brúttótekjum fyrirtækisins á næstliðnu ári.

12. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á lánum, er Orkubú Vestfjarða tekur til orkuframkvæmda. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum, er ríkisstjórnin ákveður, og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

Ríkisstjórninni er einnig heimilt að taka lán, er kæmi að hluta eða að öllu leyti í stað ábyrgðar skv. 1. mgr. Lánið endurlánar ríkisstjórnin Orkubúi Vestfjarða með þeim kjörum og skilmálum, sem hún ákveður.

13. gr.

Orkubú Vestfjarða er undanþegið tekjuskatti, útsvari, aðstöðugjaldi, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sýslu- og sveitarfélaga.

14. gr.

Ráðherra getur heimilað Orkubúi Vestfjarða að taka eignarnámi jarðhitaréttindi, vatnsréttindi, lönd og mannvirki og önnur réttindi, sem nauðsynleg eru til framkvæmda samkvæmt lögum þessum. Um framkvæmd eignarnáms fer eftir lögum nr. 11/1973.

15. gr.

Þegar eftir gildistöku laga þessara skal iðnaðarráðherra gangast fyrir, að sameignarsamningur sé gerður milli aðila og stofnfundur fyrirtækisins haldinn samkvæmt reglum 9. gr. eftir því sem við á. Skal þessu lokið á árinu 1976.

Iðnaðarráðherra setur reglugerð, þar sem nánar skal ákveðið um framkvæmd þessara laga og starfsemi Orkubús Vestfjarða. Skal stjórn Orkubús Vestfjarða undirbúa reglugerðina í samráði við eignaraðila.

16. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 47/1948 um hitaaflsstöð og hitaveitu á Ísafirði, lög nr. 54/1954 um orkuver Vestfjarða, ásamt síðari breytingu, sbr. lög nr. 32/1973, svo og aðrar heimildir í lögum fyrir Rafmagnsveitur ríkisins til virkjunar fallvatna á Vestfjörðum.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 23. júlí 1975 skipaði iðnaðarráðherra, Gunnar Thoroddsen, 7 manna nefnd til þess að vinna að orkumálum Vestfjarða og kanna viðhorf sveitarfélaga á Vestfjörðum til stofnunar Vestfjarðavirkjunar, með tilvísun til ályktunar Al-

þingis frá 5. apríl 1971 um orkumál Vestfjarða. Var nefndinni falið m.a. „að gera tillögur um, hvernig staðið verði að stofnun Vestfjarðavirkjunar, sem verði sameign ríkisins og sveitarfélaganna þar ,og hafi það verkefni að annast framleiðslu og dreifingu raforku og hagnýtingu jarðvarma í þessum landshluta."

Í nefndina voru skipaðir eftirtaldir menn: Engilbert Ingvarsson, rafveitustjóri, Mýri, Snæfjallahreppi; Guðmundur H. Ingólfsson, bæjarfulltrúi, Ísafirði; Ingolfur Arason, hreppsnefndarmaður, Patreksfirði; Jóhann T. Bjarnason, framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfjarða, Ísafirði; Karl E. Loftsson, oddviti, Hólmavík; Ólafur Kristjánsson, forseti bæjarstjórnar, Bolungarvík, og Þorvaldur Garðar Kristjansson, alþingismaður, formaður Orkuráðs, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar.

Með þingsályktuninni frá 5. apríl 1971 var ríkisstjórninni falið að kanna óskir sveitarfélaganna á Vestfjörðum um þátttöku í virkjunarframkvæmdum með það fyrir augum að stofna sameignarfyrirtæki ríkisins og sveitarfélaganna. Fer og ekki á milli mála, að á undanförnum árum hefur verið vaxandi áhugi fyrir því á Vestfjörðum, að Vestfirðingar taki orkumálin þar í eigin hendur í samvinnu við ríkið. Þetta hefur m.a. komið fram í stefnumarkandi ályktun, sem Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur gert á þingum sínum, þar sem orkumál Vestfjarða hafa verið margrædd. Þessi afstaða fer saman við tillögur Sambands ísl. sveitarfélaga um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, þar sem lagt er til, að orkuöflun verði í höndum sameignarfyrirtækja ríkis og sveitarfélaga. Er þetta og í samræmi við niðurstöður á ráðstefnu Sambands íslenskra rafveitna 1972 um skipulag orkumála, þar sem mörkuð var sú meginstefna, að orkuvinnslufyrirtæki séu sameign sveitarfélaga og ríkis og framtíðarskipan yrði sú, að landinu verði skipt í svæði með hvert sitt landshlutafyrirtæki í orkumálum. Í þessu sambandi má og minna á, að skömmu áður en orkulögin frá 1967 voru sett hafði Alþingi samþykkt lög um Landsvirkjun og Laxárvirkjun, tvö orkufyrirtæki í sameign ríkis og sveitarfélaga fyrir tiltekin svæði í landinu. Segja má, að með þeirri samþykkt hafi Alþingi markað þá stefnu að skipta landinu í orkuveitusvæði eftir hagkvæmum landfræðilegum mörkum og stjórnunarlegum, t.d. í samræmi við núverandi kjördæmaskipun. Þessi stefna felur í sér, að komið verði á fót landshlutafyrirtæki um orkumál Vestfjarða, Vestfjarðavirkjun, sem nefndin leggur til að nefnist Orkubú Vestfjarða.

Hugmyndin um Orkubú Vestfjarða byggist á hagkvæmissjónarmiðum fyrir þjóðarheildina. Gert er ráð fyrir, að fyrirtækið sé sameign ríkisins og sveitarfélaga, þar sem hvor aðili um sig gegni veigamiklu hlutverki. Orkuframleiðslan á Vestfjörðum er staðbundið verkefni, og því eðlilegt, að staðarþekking sveitarstjórna komi til við stjórn þessara mála, sem svo mjög varðar hag fólksins og framtíð byggðar í þessum landshluta. Hins vegar krefjast orkuver mikils stofnfjármagns og mikilla fjárhagslegra skuldbindinga og ábyrgðar, sem ríkið eitt megnar að láta í té. Þess vegna er það eðlilegt, að ríkisvaldið með sína fjármálalegu ábyrgð, heildarstjórn og yfirsýn yfir orkumál landsins verði sameignaraðili að Orkubúi Vestfjarða, enda verði eignaraðild að fyrirtækinu eigi síður miðuð við markaðshlutdeild en beint framlag fjármuna í formi fjár eða eldri virkjana og veitukerfa. Slík skipulagsleg uppbygging Orkubús Vestfjarða, þar sem íbúarnir taka á sig skyldur samfara rétti til að ráða eigin málum í samvinnu og með aðstoð ríkisvaldsins er besta tryggingin fyrir þjóðhagslega hagkvæmri skipan orkumálanna í þessum landshluta. Samt sem áður verður að gera ráð fyrir, að þrátt fyrir bætt skipulag og meiri hagkvæmni verði ekki lokið gagnvart Vestfjörðum því hlutverki ríkisins í orkumálum að jafna milli landshluta aðstöðu, sem stafar ýmist af misjöfnum landfræðilegum aðstæðum eða mismunun í orkuframkvæmdum á fyrri tíð. Stefnt er að því, að orkuverð á veitusvæði Orkubús Vestfjarða verði sambærilegt við það, sem best gerist annars staðar í landinu, hvort sem það yrði gert með verðjöfnunargjaldi, svo sem nú er, með sérstökum orkuskatti, sem á yrði lagður, eða með öðrum hætti. En áherla er á það lögð, að grundvöllur verðjöfnunar verði

eigi síður bein framlög ríkisins til kostnaðarsamra framkvæmda, en verðjöfnunargjald á þá, sem búa við hagkvæm orkukerfi.

Með framangreind grundvallarsjónarmið í huga hefur nefndin unnið að verkefni sínu, kynnt sér sjónarmið sveitarfélaga um stofnun Orkubús Vestfjarða og samið frumvarp það til laga sem hér er um að ræða.

Hér fara á eftir skýringar við einstakar greinar frumvarpsins og fylgiskjöl.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir, að stofnun Orkubús Vestfjarða grundvallist á frjálsum samningum, sbr. 15. gr., 1. mgr. Af þessu leiðir, að í orðalagi greinarinnar felst, að ekki þurfa öll sveitarfélög á Vestfjörðum að vera aðilar að fyrirtækinu. Aftur á móti er þess vænst, að öll sveitarfélögin sjái sér hag í því að eiga aðild að Orkubúi Vestfjarða.

Um 2. gr.

Samkvæmt grein þessari nær hlutverk fyrirtækisins til alls orkuiðnaðar á Vestfjörðum, hvort heldur orkugjafinn er vatnsafl, jarðvarmi, olía eða annað. Orkuvinnsla og orkudreifing heyrir hvorutveggja til verkefna fyrirtækisins. Það er hlutverk fyrirtækisins að virkja vatnsafl og jarðhita, svo að grunnorka Vestfjarða verði að öðru jöfnu framleidd innan landshlutans.

Um 3. gr.

Grein þessi kveður á um félagsformið og eignarhlutdeild.

Rétt þykir, að samvinna ríkisins og sveitarfélaanna á Vestfjörðum í orkumálum þessa landshluta sé í formi sameignarfélags. Er þetta sama félagsform og haft er annars staðar á slíkum landshlutafyrirtækjum ríkis og viðkomandi sveitarfélaga, svo sem á Landsvirkjun, Laxárvirkjun og Hitaveitu Suðurnesja. Ekki er þó gert ráð fyrir, að eignarhlutdeild sameignaraðila sé í beinu hlutfalli við stofnframlag hvers og eins. Horfst er í augu við þá staðreynd, að sveitarfélögin eru ekki þess megnug að leggja fram reiðufé í stofnframlag í slíkum mæli að raunhæft gildi hafi. Hins vegar er gert ráð fyrir, að þeir aðilar, sem eiga orkumannvirki á Vestfjörðum, hvort heldur er ríki eða sveitarfélög, leggi þau fram til hins nýja fyrirtækis, sbr. um 5. gr.

Skipting eignaraðildar milli ríkisins annars vegar og sveitarfélaganna hins vegar tekur mið af því, að mannvirki Rafmagnsveitna ríkisins á Vestfjörðum hafa verið reist til að þjóna fólkinu í þessum landshluta. Hið háa orkuverð sem fólkið þar hefir greitt, hefir verið framlag þess til þessara mannvirkja. Með tilliti til þessa og annarra sjónarmiða varðandi markaðshlutdeildina er skipting eignaraðildar milli ríkissjóðs og sveitarfélaganna ákveðinn.

Ákvæðið um skiptingu eignarhlutdeildar sveitarfélaganna innbyrðis byggir á þeirri hugsun, að rétt sé að hlutur hvers einstaklings í þessu almenningsfyrirtæki vegi jafnmikið, hvar sem hann er búsettur á Vestfjörðum. Af þessari reglu leiðir, að eignarhlutföllum verður ekki breytt nema til samræmis við íbúafjölda, sbr. 9. gr. Í því tilfelli, að einhver sveitarfélög verði ekki með í stofnun fyrirtækisins en gerist síðar eignaraðilar, breytast eignarhlutföll innbyrðis milli sveitarfélaganna, þannig að fylgt sé grundvallarreglunni um, að hlutur hvers einstaklings verði hinn sami hvar í sveit sem hann kann að vera settur.

Um 4. gr.

Kveðið er svo á, að ábyrgð sameigenda á skuldbindingum Orkubús Vestfjarða gagnvart kröfuhöfum skiptist innbyrðis samkvæmt eignarhlutföllum. Eignarhlutfall ríkisins er fastákveðið 40%, en eignarhlutfall sveitarfélaganna innbyrðis getur verið breytilegt. Skipting ábyrgðar fer eftir eignarhlutföllum eins og þau eru, þegar ábyrgð verður virk.

Um 5. gr.

Orkubú Vestfjarða hefur starfsemi sína með yfirtöku á rekstri þeim, sem Rafmagnsveitur ríkisins og orkuveitur sveitarfélaga á Vestfjörðum hafa með höndum. Á vegum þessara aðila er öll orkuvinnsla og orkudreifing á Vestfjörðum í dag. Þessari eignayfirfærslu skal fylgja, að Orkubú Vestfjarða yfirtaki skuldir, sem svara til stofnkostnaðar af mannvirkjum þeim, sem það tekur við.

Í eigu sveitarfélaga á Vestfjörðum eru nú Rafveita Ísafjarðar, Rafveita Patrekshrepps, Rafveita Snæfjalla í Snæfjalla- og Nauteyrarhreppi og Rafveita Reykjarfjarðar- og Ögurhrepps. Reiknað er með, að Orkubú Vestfjarða yfirtaki eignir þessara fyrirtækja svo og eignir annarra sveitarfélaga á Vestfjörðum í Orkumannvirkjum, sem kynni að verða stofnað til á þeim tíma, sem líður, þar til gengið hefir verið frá stofnun Orkubús Vestfjarða.

Gert er ráð fyrir, að eignir, sem ríkissjóður á, tilheyrandi orkuiðnaðinum á Vestfjörðum, verði yfirfærðar til fyrirtækisins á sama hátt og eignir Rafmagnsveitna ríkisins. Hér eru sérstaklega höfð í huga Suður-Fossárvirkjun, sem nú er á framkvæmdastigi.

Um 6. gr.

Ákvæðin um einkaleyfi til handa Orkubúi Vestfjarða eru í samræmi við orkulög nr. 58/1967, en mótast af því, að fyrirtækið er stofnað með frjálsu samkomulagi, sbr. um 1. gr. Hugsa mætti, að eitthvert sveitarfélag, sem réði yfir orkumannvirkjum, kjósi að standa utan við fyrirtækið. Sömuleiðis er um að ræða rafmagnsvirkjun í einkaeign, þar sem er virkjun Jóns Fannbergs í Mjóafirði. Þá má það vera, að eitthvert sveitarfélag, sem er aðili að Orkubúi Vestfjarða, vilji hafa sjálft á hendi einhverja takmarkaða þætti starfrækslunnar innan síns umdæmis. Með tilliti til slíkra tilvika, sem hér hafa verið nefnd, er ráðherra heimilað að gera undanþágu frá einkaleyfi Orkubús Vestfjarða. Gert er þó ráð fyrir, að slíkar undanþágur verði ekki veittar nema að fenginni umsögn stjórnar Orkubús Vestfjarða.

Um. 7. og 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Tala samanlagðra atkvæða í félaginu breytist samkvæmt breytingum, sem verða á íbúatölu sveitarfélaganna, og af því leiðir breytingu á tölu atkvæða, sem ríkið fer með, þar sem hlutur ríkisins af heildaratkvæðamagni skal jafnan vera 40%.

Gert er ráð fyrir, að ákvæðum þessarar greinar sé beitt á stofnfundi og aukafundum félagsins eftir því sem við á.

Um 10. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við ákvæði Orkulaga nr. 58/1967 og almennar reglur um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, samkvæmt lögum nr. 64/1943.

Um 11. gr.

Í þessari grein eru almenn ákvæði um valdsvið stjórnar Orkubús Vestfjarða að því er tekur til skuldbindinga. Rétt þykir að takmarka vald hennar gagnvart hverjum einstökum eignaraðila til að skuldbinda hann fjárhagslega með því að óskilja samþykki hvers og eins. Ákvæði þetta á þó því aðeins við, að um fjárskuldbindingar til framkvæmda, nývirkja og endurbóta á mannvirkjum fyrirtækisins sé að ræða, enda myndi þá að jafnaði um háar upphæðir að tefla. Hins vegar þykir ekki ástæða til að gera venjulegan rekstur fyrirtækisins þyngri í vöfum en venja er til, og því þarf ekki sérstakt samþykki aðila, þegar samanlagðar skuldbindingar og ábyrgðir, sem gengist er árlega undir, nema minna en 10% af brúttótekjum fyrirtækisins næsta ár á undan.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 13. gr.

Hér er sams konar ákvæði og nú gildir um Rafmagnsveitur ríkisins.

Um 14. gr.

Æskilegt er, að samningar geti tekist milli aðila um kaup á eignum og réttindum, sem nefnd eru í grein þessari, og að reynt verði til þrautar að ná samkomulagi áður en til eignarnáms kemur.

Um 15., 16. og 17. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Jakob Gíslason, fyrrv. orkumálastjóri:

Um eignir Rafmangsveitna ríkisins á Vestfjörðum, rekstur þeirra o. fl.

Inngangur.

Starfsemi Rafmagnsveitna ríkisins hófst á Vestfjörðum með byggingu Þverárvirkjunar í Strandasýslu, lagningu línu frá henni til Hólmavíkur og endurbyggingu innanbæjarkerfis þar. Virkjunin tók til starfa 1954. Rafmagnsveitur ríkisins yfirtóku um leið rekstur rafveitunnar á Hólmavík. Tveim árum síðar, árið 1956, var lögð lína frá Þverárvirkjun til Drangsness, og þorpið og bæir á Selströnd fengu rafmagn.

Það ár lögðu Rafmv. rík. einnig línu frá orkuveri Ísafjarðarkaupstaðar í Engidal til Súðavíkur, endurbyggðu innanbæjarkerfi og tóku við rekstri þess.

Í marsmánuði 1958 tók Reiðhjallavirkjun í Bolungarvík til starfa, en Mjólkárvirkjun í Arnarfirði í lok júlímánaðar sama ár. Orkuflutningskerfið frá Mjólkárvirkjun var lagt til Ísafjarðar og allra kauptúnanna á sjálfum Vestfjörðunum, einnig Bolungarvíkur. Reiðhjallavirkjunin var ekki nægilega stór fyrir Bolungarvíkurkauptún. Rafmv. ríkisins endurbyggðu innanbæjarkerfi og yfirtóku rekstur í öllum kauptúnum nema Patreksfirði.

Í lok árs 1961 höfðu Rafmv. rík. auk þessa lagt raflínur í 69 býli í Stranda-, Barðastrandar- og Ísafjarðarsýslum, að því er skýrslur herma. Nú eru rafvædd býli í þessum sýslum talin vera 270—280 að tölu, en órafvædd 60—70.

Áður en Rafmv. rík. hófu starfsemi sína á Vestfjörðum (áramót 1953—54), var samanlagt afl rafstöðva þar um 2600 kW og árleg orkuvinnsla 2,1 milli. kWh. Nú í árslok 1975 er afl rafstöðva Rafmv. rík. 14600 kW og annarra 2600 kW, samtals 17200 kW, en árleg orkuvinnsla hjá Rafmv. rík. um 20 millj. kW, öðrum 8 millj., samtals 38 millj. kWh.

Þetta er að afli til tæpl. 4% af afli allra raforkuvera landsins, en orkuvinnslan 2% af heildarorkuvinnslunni. Íbúatala þessa landhluta var í des. 1974 9 940, eða 4 6% af íbúatölu landsins.

Eignir Rafmagnsveitna ríkisins á Vestfjörðum.

Eftirfarandi tafla I veitir yfirlit yfir eignir Rafmagnsveitna ríkisins samkvæmt ársreikningi 1974, stofnkostnað, upprunalegan og endurmetinn, svo og afskriftir og bókfærða eign.

Stofnkostnaðurinn hefur verið endurmetinn fram til ársloka 1973 eftir reglum, sem stillt var upp á árinu 1969 af nefnd, er þá hafði fjárhag Rafmv. ríkisins sérstaklega til athugunar. Endurmatið er í megindráttum „uppfærsla“ samkvæmt verðlagsvísitölum. Reglurnar gera ráð fyrir, að endurmat fari fram árlega, en það hefur aðeins verið unnið fram til ársloka 1973.

Afskriftir fara fram árlega og reiknast í hundraðshlutum af endurmetnum stofnkostnaði, eins og hann er í upphafi reikningsársins. Hundraðshlutatölur miðast við endingu („nothæfi“) mannvirkja sem hér segir:

Virkjanir	2.5 % á ári
Dieselstöðvar: hús	3.33% á ári
Dieselstöðvar: vélar og búnaður	6.7 % á ári
Aðalorkuflutningslínur	3.33% á ári
Dreifiveitur í bæjum og sveitum	4.0 % á ári
Hús og lóðir	2.0 % á ári

Tafla I. Eignir Rafmagnsveitna ríkisins á Vestfjörðum 31. des. 1974.

Vatnsaflsstöðvar.	Upprunalegur stofnkostn.	Endurmetinn stofnkostn.	Afskriftir	Bókfærð eign
Reiðhjallavirkjun (400 kW)	13 180	104 523		
Þverárvirkjun (1736 kW)	21 054	117 872		
Mjólkárvirkjun, í rekstri (2400 kW)	96 821	395 435		
Mjólkárvirkjun, í smíðum (5700 kW)	362 529	362 529		
Samtals	493 584	980 359	231 429	748 930
Dísilstöðvar.				
Sveinseyri (150 kW)	1 893	2 868		
Bíldudalur (500 kW)	10 571	16 404		
Þingeyri (500 kW)	10 091	12 859		
Flateyri (580 kW)	8 292	14 075		
Suðureyri (310 kW)	3 506	4 899		
Bolungarvík (420 kW)	6 148	8 036		
Súðavík (177 kW)	1 978	2 815		
Drangsnes (80 kW)	2 682	4 004		
Hólmavík (1620 kW)	17 917	25 198		
Flatey á Breiðaf. (45 kW)	550	833		
Reykhólar, í smíðum (640 kW)	4	4		
Samtals	63 632	91 995	25 357	66 638
Aðalorkuveitur.				
Aðalorkuveitur, í rekstri	42 691	321 678		
Aðalorkuveitur, í smíðum	3 174	3 174		
Samtals	45 865	324 852	118 743	206 109
Innanbæjarveitur.				
Sveinseyri	3 358			
Bíldudalur	6 708			
Þingeyri	3 777			
Flateyri	4 962			
Suðureyri	6 432			
Bolungarvík	17 107			
Súðavík	6 076			
Drangsnes	866			
Hólmavík	8 005			
Flatey á Breiðaf.	985			
Reykhólar og Borðeyri	1 098			
Samtals	59 374	168 183	77 350	90 833

Sveitaveitur.	Upprunalegur stofnkostn.	Endurmetinn stofnkostn.	Afskriftir	Bókfærð eign
Sveitaveitur, í rekstri	82 353	188 573		
Sveitaveitur, í smíðum	59 302	59 302		
Samtals	141 655	247 875	60 545	187 330
Aðrar eignir.				
Hús og landareignir	14 260	14 260		
Birgðahús og áhöld	23 511	23 511		
Samtals	37 771	37 771	3 615	34 156
Alls	841 881	1 851 035	517 039	1 333 996

Samandreginn efnahagsreikningur Rafmv.rík. í heild og Vestfjarðasvæðis þeirra sérstaklega í árslok 1974 er sem hér segir (Kkr):

	Rafmv. rík. í heild	Vestfjarðasvæðið
Eignir:		
Stofnkostn. mannvirkja, endurmetinn til 31/12 '73 ..	9 443 746	1 851 035
÷ afskriftir	3 265 446	517 039
Bókfærð eign í mannv.	6 178 300	1 333 996
Vörubirgðir	177 891	38 410
Sjóður, skuldunautar o. fl.	430 138	92 874
	6 786 329	1 465 280
Skuldir:		
Samningsbundin lán	3 245 861	700 834
Aðrar skuldir	1 672 149	361 044
Eigið fé	1 868 319	403 402
	6 786 329	1 465 280

Um skiptingu áhvílandi skulda á einstök mannvirki eða flokka þeirra gefa ársreikningar og bókhald Rafmv.rík. lítið sem ekkert til kynna. Lán eru jafnvel ekki sundurgreind eftir þeim landshlutum, sem féð er notað í. Hér eru skuldirnar taldar hvíla á Vestfjarðarsvæðinu í réttu hlutfalli við skiptingu bókfærðra eigna milli landshluta.

Afskriftir eru hér settar 1 013 784 Kkr. hærri en í ársreikningum Rafmv. rík. 1974 og eigið fé þar af leiðandi hér sömu upphæð lægra en í ársreikningunum. Skýring þessa er sú, að í reikningum Rafm. rík. hafa sveitaveiturnar ekki verið afskrifaðar að þeim hluta stofnkostnaðar til, sem greiddur er með fjárveitingum úr ríkissjóði. Hér er þessi hluti afskrifaður á sama hátt og aðrar sveitaveitur.

Í þeim efnahagsreikningi Rafmv. rík. fyrir árið 1974, sem hér er fram settur, er eigið fé (skuldlausar eignir) þeirra í árslok Kkr. 1 868 319. Í útgefnum efnahagsreikningi fyrir árið 1973 er eigið fé Kkr. 3 900 761. Skýring og sundurliðun þessarar lækkunar eigin fjár um Kkr. 2 032 442, er sem hér segir:

„Leiðrétting" afskrifta sveitaveitna fram til ársloka 1973	928 972
Leiðrétting afskrifta sveitaveitna 1974	84 812
Verðbr. skulda vegna gengis- og vísitölubrevtinga 1974	883 181
Skuldaaukning til greiðslu á rekstrarhalla 1974	135 477
Samtals	2 032 442

Tafla I sýnir einnig upprunalegan stofnkostnað mannvirkjanna á Vestfjörðum, samtals Kkr. 841 881. Endurmetinn stofnkostnaður Kkr. 1 851 035, er þannig 120% hærri en hinn upprunalegi. Fyrir Rafm. rík. í heild eru þessar tölur Kkr. 5 541 797 og 10 051 775, og endurmetinn stofnkostnaður þeirra í heild þannig 81% hærri en hinn upprunalegi en þetta fer að sjálfsögðu mjög eftir aldri mannvirkjanna.

Fylgiskjal II.

RAFVEITA ÍSAFJARÐAR

Efnahagsreikningur 31. desember 1974.

Eignir:

		í þús. kr. 1974	1973
Veltufjármunir:			
Sjóður	kr.	61 824	74
Bankainnstæða	—	868 345	11
Gjaldendur	—	12 823 943	6 405
Skuldunautar	—	1 730 637	1 281
Bæjarsjóður Ísafjarðar — víxill	—	400 000	400
Óhafnir vextir	—	79 955	13
Fyrirframgreiðslur	—	38 364	0
Birgðir varahluta og efnis	—	2 070 483	1 966
Birgðir olíu	—	1 024 808	175
Veltufjármunir alls	kr.	19 098 359	10 325
Fastafjármunir:			
Virkjanir og dreifikerfi	kr.	31 919 000	35 705
Virkjanir og dreifikerfi	—	5 188 034	2 692
Fossavatnsstífla	—	43 787 399	22 802
Vararafstöð	—	172 083	0
Aðrar fasteignir	—	1 585 600	1 669
Bifreiðir	—	564 078	657
Verkfæri og áhöld	—	163 583	184
Veðskuldabréf	—	291 000	340
Stofnsjóðsinnstæða	—	3 477	3
Bæjarsjóður Ísafjarðar — viðskiptaskuld	—	1 765 260	3 761
Fastafjármunir alls	kr.	85 439 514	67 813
Eignir samtals	kr.	104 537 873	78 138

Ísafirði, 19. ágúst 1975.

Jakob Ólafsson
rafveitustjóri.

Skuldir:

		í þús. kr. 1974	1973
Skammtímaskuldir:			
Samþykktir víxlar	kr.	1 435 000	350
Skuldheimtumenn	—	17 583 643	9 165
Ógreiddir vextir	—	764 522	365
Skammtímaskuldir alls	kr.	19 783 165	9 880
Langtímaskuldir:			
Tryggingastofnun ríkisins	kr.	236 722	371
Ríkissjóður	—	122 723	123
Handhafaskuldabréf	—	3 400	3
Framkvæmdasjóður Íslands	—	21 071 000	5 017
Lánasjóður sveitarfélaga	—	2 700 000	3 000
Bjargráðasjóður	—	207 500	0
Langtímaskuldir alls	kr.	24 341 345	8 514
Skuldir alls	kr.	44 124 510	18 394
Eigið fé:			
Endurmat eigna 1969	kr.	44 338 628	44 339
Höfuðstóll	—	16 074 735	15 405
Eigið fé alls	kr.	60 413 363	59 744
Skuldir og eigið fé samtals	kr.	104 537 873	78 138

Framanskráður reksturs- og efnahagsreikningur fyrir Rafveitu Ísafjarðar ásamt reikningi fyrir fjármagnsstreymi og sundurliðunum er saminn eftir bókum fyrirtækisins að lokinni endurskoðun.

Ísafirði, 19. ágúst 1975.

Endurskoðunarskrifstofa Svavars Pálssonar

Atli Hauksson
löggildur endurskoðandi.

Sundurliðun fastafjármuna.

Virkjanir og dreifikerfi.	Matsverð 1969	Afskrifað 1974	Afskrifað alls 1969/1974	Bókfært verð metinna eigna 31/12 1974
Stíflur	Kr. 4.893.000	Kr. 185.600	Kr. 1.113.600	Kr. 3.779.400
Pípur	— 6.856.000	— 597.000	— 3.582.000	— 3.274.000
Byggingar	— 7.082.000	— 282.700	— 1.696.200	— 5.385.800
Vélar með búnaði	— 14.880.000	— 1.248.700	— 7.492.200	— 7.387.800
Háspennulínur og spennistöðvar	— 3.936.000	— 377.600	— 2.265.600	— 1.670.400
Háspennukerfi, Ísafirði	— 2.374.000	— 140.400	— 842.400	— 1.531.600
Spennistöðvar í bæjarkerfi	— 2.818.000	— 327.700	— 1.966.200	— 851.800
Lágspennukerfi – jörð	— 5.870.000	— 333.000	— 1.998.000	— 3.872.000
Lágspennukerfi – loftlínur	— 1.535.000	— 52.900	— 317.400	— 1.217.600
Ýmiss búnaður	— 2.100.000	— 131.300	— 787.800	— 1.312.200
Götuljósakerfi	— 2.291.000	— 109.100	— 654.600	— 1.636.400
	Kr. 54.635.000	Kr. 3.786.000	Kr. 22.716.000	Kr. 31.919.000
Aðrar fasteignir.				
Áhaldahús	Kr. 1.436.000	Kr. 57.400	Kr. 344.400	Kr. 1.091.600
Túngata 19	— 650.000	— 26.000	— 156.000	— 494.000
	Kr. 2.086.000	Kr. 83.400	Kr. 500.400	Kr. 1.585.600

Virkjanir og dreifikerfi.	Kostnaðarverð	Afskrifað 1974	Afskrifað alls pr. 31/12 1974	Bókfært verð pr. 31/12 1974
Geymsluskúr í rafstöð	Kr. 130.627	Kr. 13.063	Kr. 57.477	Kr. 73.150
Arnardalslína 1.722.476				
÷ endurgreitt 1.254.000	— 468.476	— 46.848	— 215.392	— 253.084
Stíflur (Þverlækjarveita)	— 934.756	— 93.475	— 373.900	— 560.856
Stíflur	— 77.791	— 7.780	— 11.670	— 66.121
Spennistöðvar	— 2.031.142	— 126.452	— 231.170	— 1.799.972
Spennistöð Kirkjubóli	— 226.411	— 22.641	— 33.952	— 192.459
Lágspennukerfi – jörð	— 901.238	— 66.857	— 131.183	— 770.055
Háspennukerfi, Ísafirði	— 728.099	— 38.860	— 41.315	— 686.784
Götuljós	— 358.596	— 34.611	— 102.499	— 256.097
Ljósavél	— 300.000	— 30.000	— 45.000	— 255.000
Lágspennukerfi – loftlínur	— 244.911	— 12.245	— 12.245	— 232.666
Ýmiss búnaður	— 43.990	— 2.200	— 2.200	— 41.790
	Kr. 6.446.037	Kr. 495.032	Kr. 1.258.003	Kr. 5.188.034
Fossavatnsstífl.	Kr. 44.341.669	Kr. 554.270	Kr. 554.270	Kr. 43.787.399
Bifreiðir.				
Í–174	Kr. 455.405	Kr. 0	Kr. 454.405	Kr. 1.000
Í–174 – endurbygging 1973	— 350.000	— 87.500	— 175.000	— 175.000
Í–1428	— 373.165	— 74.633	— 251.886	— 121.279
Í–1428 – vél	— 230.686	— 46.137	— 92.274	— 138.412
Jeppakerra	— 20.966	— 4.193	— 12.579	— 8.387
Í–1416	— 160.000	— 40.000	— 40.000	— 120.000
	Kr. 1.590.222	Kr. 252.463	Kr. 1.026.144	Kr. 564.078
Verkfæri og áhöld.				
Vinnuvélar	Kr. 674.903	Kr. 49.057	Kr. 673.903	Kr. 1.000
Skrifstofuvélar	— 337.016	— 1.289	— 336.016	— 1.000
Mælitæki	— 72.645	— 7.264	— 46.348	— 26.297
Rafmótor	— 17.255	— 1.725	— 2.588	— 14.667
Dælur	— 67.102	— 3.355	— 3.355	— 63.747
Önnur verkfæri	— 192.915	— 19.291	— 184.030	— 8.885
Vinnuskúr	— 56.455	— 5.645	— 8.468	— 47.987
	Kr. 1.418.291	Kr. 87.626	Kr. 1.254.708	Kr. 163.583

Fylgiskjal III.

RAFVEITA PATREKSHREPPS

Efnahagsreikningur 31. desember 1975.

Veltufjármunir:

Innstæða á hlr. nr. 3861, L. Í.	kr.	5 623		
Innstæða á hlr. nr. 51, L. Í.	—	343 551		
Innstæða á hlr. nr. 355, Eyrarsparisj.	—	3 471		
Innstæða á sparisjóðsbók 2202	—	48 465		
Innstæða á hlr. nr. 87, S. Í.	—	83 596		
			kr.	484 706
Rafmagnsveitur ríkisins	kr.	6 335 567		
Rafmagnsgjaldendur 1969	—	290 249		
Rafmagnsgjaldendur	—	5 109 102		
Suðurfossárvirkjun	—	85 000		
			—	11 743 418

Fastafjármunir:

Dieselvél D-348	kr.	12 687 323		
÷ afskriftir	—	1 268 732		
			—	11 418 591
Dieselvélar Ruston	kr.	12 768 000		
÷ afskriftir	—	1 276 800		
			—	11 491 200
Dreifikerfi	kr.	60 000 000		
÷ afskriftir	—	4 800 000		
	Kr.	55 200 000		
Aukning 1975	—	3 595 000		
			—	58 795 000
Götulýsing	kr.	9 000 000		
÷ afskriftir	—	900 000		
			—	8 100 000
Stöðvarhús	kr.	7 214 000		
÷ afskrifað	—	288 560		
			—	6 925 440
Áhöld	kr.	150 509		
÷ afskrifað 1975 kr. 11 305				
afskrifað áður — 124 153				
	—	135 458		
			—	15 051
Bifreiðin B - 472	kr.	100 000		
÷ Fyrning 1975 kr. 15 000				
Fyrning áður — 5 000				
	—	20 000		
			—	80 000
Áhöld			—	68 563
			Kr.	**109 121 969**

Skammtímaskuldir:

Skuld á hlr. nr. 340, Eyrarsparisj.		kr.	330 316
Ýmsir skuldheimtumenn	kr. 1 192 750		
Ýmsir skuldheimtumenn	— 74 944		
Ýmsir skuldheimtumenn	— 135 335		
		—	1 403 029

Lán til langs tíma:

Eyrarsparisjóður	kr. 3 000 000		
Byggðasjóður	— 4 000 000		
Ríkissjóður	— 216 046		
Tryggingastofnun ríkisins	— 100 000		
		—	7 316 046

Höfuðstóll:

Eignir umfram skuldir 1. jan. 1975	kr. 7 463 423		
+ endurmat eigna	— 88 384 890		
	Kr. 95 843 313		
+ tekjur umfram gjöld samkv. rekstrarreikningi	— 4 224 265		
		—	100 072 578
		Kr.	109 121 969

Framanskráður rekstrar- og efnahagsreikningur hinn 31. des. 1975 er saminn eftir bókum Rafveitu Patrekshrepps og framkomnum upplýsingum.

Reykjavík, 19. febrúar 1975.

Sigurður Guðmundsson
löggiltur endurskoðandi.

Endurmat eigna 1975.

	Endurmat	Bókf. verð 1. jan. 1975
Dieselvélar	kr. 12 768 000	kr. 18 021
Dreifikerfi	— 60 000 000	— 248 024
Götulýsing	— 9 000 000	— 103 480
Stöðvarhús	— 7 214 000	— 227 585
	Kr. 88 982 000	Kr. 597 110
Bókfært verð 1. jan. 1975	— 597 110	
Hækkun vegna endurmats	kr. 88 384 890	

Endurmat er tilfært skv. upplýsingum rafveitustjóra.

Fylgiskjal IV.

RAFVEITA SNÆFJALLA

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1975.

Eignir:

Orkuver við Mýraá		kr. 2 642 000	
Afskrifað áður	kr. 227 000		
Afskrifað 1975	— 66 000		
		— 293 000	
			kr. 2 349 000
Dreifikerfi í Snæfjallahreppi		kr. 1 071 000	
Afskrifað áður	kr. 126 000		
Afskrifað 1975	— 45 000		
		— 171 000	
			— 900 000
Dreifikerfi í Nauteyrarhreppi		kr. 10 906 013	
+ viðbót á árinu 1975		— 8 693 987	
	Í árslok	kr. 19 600 000	
Afskrifað 1975		— 700 000	
			— 18 900 000
Blævadalsárvirkjun		kr. 17 051 080	
+ viðbót á árinu		— 1 748 920	
			— 18 800 000
Dieselvél		kr. 60 085	
Afskrifað áður	kr. 6 000		
Afskrifað 1975	— 3 000		
		— 9 000	
			— 51 085
			Kr. 41 000 085

Skuldir:

Lán Bjargráðasjóðs	kr. 785 000	
Lán Byggðasjóðs	— 4 500.000	
Lán Ríkisábyrgðasjóðs	— 7 362 914	
Lán Orkusjóðs	— 305 554	
Lán Lánasjóðs sveitarfélaga	— 450 000	
Lán Brunabótafélags Íslands	— 500 000	
Lán Ríkissjóðs	— 3 500 000	
Lán Nauteyrarhrepps	— 700 000	
		kr. 18 103 468
Víxillán í Landsbanka Ísafirði	kr. 500 000	
Víxillán í Sparisjóði Bolungarvíkur	— 500 000	
Ógreiddir vextir og opinber gjöld	— 2 614 146	
Lánadrottnar í viðskiptareikningum	— 3 874 558	
		— 7 488 704
Eignarhlutur Snæfjallahrepps	kr. 2 130 000	
Eignarhlutur Nauteyrarhrepps	— 2 130 000	
		— 4 260 000

Ríkisframlag til sveitarf. rafv.	kr.	10 936 000	
Ríkisframlag til sveitarf. 1975	—	170 000	
			— 11 106 000
Rekstrarafgangur 1975	kr.	264 100	
+ tekjuhalli frá fyrra ári	—	222 187	
			— 41 913
			Kr. 41 000 085

Ed. 496. Frumvarp til laga [240. mál]

um breyting á lögum nr. 6/1974, um tollskrá o. fl. (vegna fatlaðs fólks).

Flm.: Stefán Jónsson, Helgi F. Seljan.

1. gr.

Á eftir 37. lið 3. gr. laga nr. 6/1974, um tollskrá o. fl., komi nýr liður, svo hljóðandi, en aðrir liðir merkist skv. því:

Að lækka eða fella niður gjöld að fenginni umsögn tryggingaráðs eða Tryggingastofnunar ríkisins af talstöðvum í bifreiðar fatlaðs fólks sem lamað er eða bæklað til gangs. Eftirgjöf þessi nái einnig til smíðaefnis í slíkar talstöðvar fyrir fatlaða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með öðru frumvarpi um breyt. á lögum nr. 30/1941, um fjarskipti, leggja flutningsmenn til að gefin verði eftir starfrækslugjöld af talstöðvum í bifreiðar fólks, sem svo illa er fatlað til gangs að öryggi þess er í hættu ef bíll bilar á vegum úti, eða bifreið festist vegna ófærðar. Landssími Íslands lætur nú smíða miðbylgjustöðvar, sem þykja allgóðar til notkunar í bílum. Kosta stöðvar þessar 380 þúsund krónur og eru heldur ódýrari en innfluttar stöðvar samsvarandi. Tollur af smíðaefni í stöðvar þessar nemur 35%. Talstöðvar af þessari tegund eru í tollflokki nr. 85-15-32, og er tollur af þeim einnig 35%. Þess má geta að algengt er að útgerðarmenn, sem láta smíða fiskiskip erlendis og búa þau tækjum þar, fái eftirgjöf innflutningstolla af talstöðvum.

Ed. 497. Frumvarp til laga [241. mál]

um breyting á lögum nr. 30/1941, um fjarskipti.

Flm.: Stefán Jónsson, Helgi F. Seljan.

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er ráðherra að fenginni umsögn tryggingaráðs og Tryggingastofnunar ríkisins að veita fötluðu fólki, lömuðu eða bækluðu til gangs, undanþágu frá greiðslu starfrækslugjalds vegna talstöðva í bifreiðum þess.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hér er um að ræða mjög svo brýna nauðsyn fyrir fatlaða, að stuðlað verði að því að þeir geti haft talstöð í bíl sínum. Ætlast er til þess af hálfu flutningsmanna, að undanþága þessi nái einungis til fólks, sem svo illa er bæklað til gangs, að það kemst tæpast eða ekki hjálparlaust milli húss og bifreiðar í sæmilegu veðri, en slíkt fólk getur átt líf sitt undir því, ef bíll bilar á vegum úti, festist í ófærð eða lendir út af vegi, að geta þá kallað á hjálp.

Samkvæmt upplýsingum Landssímans er starfrækslugjald talstöðva nú, frá 1. apríl 1976, kr. 10 200.00 auk söluskatts, en að sjálfsögðu yrði hann einnig gefinn eftir. Í gjaldinu felst greiðsla fyrir nánar tilgreindan fjölda samtala.

Í öðru frumvarpi, sem flutningsmenn leggja fram samtímis, er gert ráð fyrir annarri fyrirgreiðslu sem miðar að því að auðvelda fötluðu fólki, sem slíks þarfnast, að komast yfir talstöð í bifreið sína.

Ed. 498. Nefndarálit [229. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 67/1971, um almannatryggingar, sbr. l. nr. 96/1971, nr. 112/1972, nr. 62/1974 og nr. 13/1975.

Frá heilbrigðis- og tryggingánefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið. Hún er samþykk efni þess og leggur einróma til að það verði samþykkt.

Alþingi, 6. apríl 1976.

Oddur Ólafsson, form., frsm.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr.	Ásgeir Bjarnason.
Steinþór Gestsson.	Albert Guðmundsson.	Helgi F. Seljan.
	Eggert G. Þorsteinsson.	

Ed. 499. Nefndarálit [230. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 57/1973, um atvinnuleysistryggingar.

Frá heilbrigðis- og tryggingánefnd.

Nefndin ræddi frumvarpið á fundi sínum í dag og leggur einróma til að það verði samþykkt.

Alþingi, 6. apríl 1976.

Oddur Ólafsson, form., frsm.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr.	Ásgeir Bjarnason.
Steinþór Gestsson.	Albert Guðmundsson.	Helgi F. Seljan.
	Eggert G. Þorsteinsson.	

Ed. 500. Nefndarálit [231. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 16. apríl 1971, um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum.

Frá heilbrigðis- og tryggingaNefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Hún er samþykk efni þess og leggur til að **það verði samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 6. apríl 1976.

Oddur Ólafsson, form., frsm.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr.	Ásgeir Bjarnason.
Steinþór Gestsson.	Albert Guðmundsson.	Helgi F. Seljan.
	Eggert G. Þorsteinsson.	

Ed. 501. Nefndarálit [198. mál]

um frv. til laga um Búnaðarbanka Íslands.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á fundum sínum. Ekki náðist samstaða um afgreiðslu þess. Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Minni hluti nefndarinnar skilar séráliti.

Alþingi, 6. apríl 1976.

Steinþór Gestsson, form., frsm.	Ingi Tryggvason, fundaskr.	Bragi Sigurjónsson, með fyrirvara.
Axel Jónsson.	Ásgeir Bjarnason.	Jón Árnason.

Sþ. 502. Tillaga til þingsályktunar [242. mál]

um skiptingu Byggingarsjóðs ríkisins eftir kjördæmum.

Flm.: Páll Pétursson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á því hvort ekki sé tímabært og réttmætt að breyta lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins, nr. 30 frá 1970, þannig að árlegum lánveitingum Bygingarsjóðs ríkisins verði, a. m. k. að hluta, skipt á milli kjördæma samkv. ákvörðun Alþingis, svo sem gert er með Vegasjóð.

Greinargerð.

Undanfarin ár hefur þróunin orðið sú að mestur hluti nýrra íbúðarhúsa hefur risið á höfuðborgarsvæðinu. Þessi þróun tók stökk með samningum ríkisins og verkalýðshreyfingarinnar um framkvæmdir í Breiðholti. Þessar framkvæmdir voru fjármagnaðar að verulegu leyti af Byggingarsjóði ríkisins. Byggingarsjóði var gert að skyldu að greiða 80% af kostnaði við 1000 íbúðir á móti 20% frá kaupanda, og við leiguíbúðirnar 250 þurfti Reykjavíkurborg einungis að greiða 20% og reiknaði gatna-

gerðargjöldin upp í það. Byggingarsjóður varð að taka á sig þessar skyldur án þess að honum væri útvegað aukafjármagn í þessu skyni, og kom það að sjálfsögðu niður á þjónustu við einstaklinga og byggingarfélög. Einkum var þetta áberandi á landsbyggðinni þar sem þjóðfélagsþróunin hefur verið sú, að fólki hefur þótt öruggara að festa fé sitt í íbúðarhúsnæði á Reykjavíkursvæðinu en annars staðar á landinu, hvað þá að geyma það í bönkum.

Þegar byggðastefnan ruddi sér til rúms voru sett lög um byggingu 1000 leiguíbúða á vegum sveitarfélaga í dreifbýli, nr. 58 frá 1973, en þessar 1000 leiguíbúðir var heimilað að reisa á næstu 5 árum, þ. e. a. s. 1974, 1975, 1976, 1977 og 1978. Lögin voru þannig orðuð að heimilt væri að lána 80% í stað þess að í reglugerðinni um Breiðholtsíbúðirnar sagði: „skylt er að lána 80%".

Ekki var Byggingarsjóði útvegað aukafjármagn vegna leiguíbúðaframkvæmdanna fremur en vegna Breiðholtsframkvæmdanna. Leiguíbúðirnar hafa vegna orðalags reglugerðar ekki orðið forgangsframkvæmdir, svo sem var um Breiðholtsframkvæmdir, heldur verið látnar sitja á hakanum.

Árin 1974 og 1975 voru samþykkt lán vegna byggingar um 200 leiguíbúða og sveitarfélögunum auk þess heimilað að hefja byggingu 81 íbúðar á eigin kostnað án þess að gefin væru fyrirheit um greiðslu eða greiðslufyrirkomulag á hluta ríkisins. Hinn 1. apríl 1976 var búið að samþykkja lán vegna byggingar 73 af þessari 81 íbúð, en þá voru óafgreiddar 393 umsóknir frá fyrra ári um leiguíbúðir. Fyrirheitin um leiguíbúðirnar 1000 munu hafa haft það í för með sér að heldur hefur dregið úr fjölda umsókna einstaklinga í dreifbýlinu um íbúðalán á meðan umsóknum af höfuðborgarsvæðinu fjölgar stöðugt. Þetta er iskyggileg þróun. Húsnæðismálastofnunin úthlutaði seint í mars 2. hluta lána til þeirra sem fengu byrjunarlán 1. sept. 1975. Úthlutað var 139 milljónum 670 þúsundum, þar af fóru til íbúða í Reykjavík og á Reykjanesi 123 millj. 760 þús., en í hlut allra annarra landsmanna komu aðeins 15 milljónir 910 þúsundir. Þessa þróun verður að stöðva. Flm. telur að eðlilegt sé að Alþingi láti þetta mál til sín taka og hafi hönd í bagga með skiptingu fjármagnsins eftir kjördæmum. Jafnframt virðist það vel geta komið til greina að veita hærri lán til bygginga á þeim landssvæðum þar sem sannanlega er dýrara að byggja, bæði vegna veðráttu og flutningskostnaðar og annarra orsaka. Einnig getur þetta orðið nauðsynlegur þáttur í byggðastefnu.

Ed. 503. Nefndarálit [198. mál]

um frv. til laga um Búnaðarbanka Íslands.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Undirritaður telur það eðlilegt, að svipuð löggjöf gildi um Búnaðarbanka Íslands og aðra ríkisbanka. Hins vegar getur það vart talist brýn nauðsyn að setja lög um það helst í bankamálum okkar nú að fjölga bankastjórum. Undirritaður telur, að heimild til ráðningar aðstoðarbankastjóra hefði verið nægileg breyting nú.

Á hitt skal lögð höfuðáhersla, að unnið verði að heildarendurskoðun á öllu okkar bankakerfi og sett verði heildarlöggjöf um bankamál. Í þeirri endurskoðun ber að hafa að leiðarljósi sameiningu banka og aukna hagræðingu í kerfinu öllu, jafnt varðandi ríkisbanka sem einkabanka. Vísast í því efni til ítarlegs nefndarálits bankamálanefndar frá árinu 1973 þessu til áréttingar. Þar af leiðandi treystir undirritaður sér ekki til að mæla með frv., sem í eðli sínu gengur þvert á þessa meginstefnu.

Alþingi, 7. apríl 1976.

Helgi F. Seljan.

Ed. **504. Frumvarp til laga** [243. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969.

Flm.: Helgi F. Seljan, Oddur Ólafsson, Jón Helgason, Bragi Sigurjónsson.

1. gr.

12. gr. laganna breytist svo:

Í stað „Vínveitingaleyfi skulu ekki veitt lengur en til fjögurra ára í senn“ í 5. málsgr. komi: Vínveitingaleyfi skulu ekki veitt lengur en til eins árs í senn.

Í stað „Fyrir vínveitingaleyfi skal greiða í hvert sinn kr. 4000.00 í ríkissjóð“ í 6. málsgr. komi: Fyrir vínveitingaleyfi skal greiða í hvert sinn kr. 40 000.00 í ríkissjóð.

2. gr.

Í stað síðari málsliðar 3. málsgr. 16. gr. laganna komi:

Dómsmálaráðuneytið skal gefa út sérstök áfengiskaupaskírteini með nafnnúmeri og mynd skírteinishafa. Öll sala og afhending áfengis á útsölustöðum og póstafgreiðslustöðvum skal óheimil, nema gegn framvísun þessara sérstöku skírteina. ÁTVR skal skylt að skrá á nafnnúmer hvers kaupanda öll áfengiskaup hans.

3. gr.

Síðasta málsgr. 20. gr. laganna orðist svo:

Ungmennum yngri en 20 ára er óheimil dvöl eftir kl. 8 að kvöldi á veitingastað, þar sem vínveitingar eru leyfðar. Dyraverðir, eftirlitsmenn og framreiðslumenn skulu láta ungmenni, er koma á slíka staði eða dveljast þar eftir kl. 8 að kvöldi, sanna aldur sinn á þann hátt að sýna nafnskírteini með mynd eða á annan fullnægjandi hátt, enda sé ástæða til að ætla, að hlutaðeigandi hafi ekki náð 20 ára aldri.

4. gr.

Á eftir 30. gr. laganna komi ný grein, sem orðist svo:

Gæsluvistarsjóði ber að fjármagna „Leiðbeiningarstöð í ofdrykkjuvörnum“, enda sé hún rekin sem sjálfstæð stofnun. Leiðbeiningarstöðinni ber fyrst og fremst að beita sér að ofdrykkjuvörnum í atvinnulífinu og skipuleggja starf sitt þannig að það nái til allra landshluta. Stöðin taki til starfa strax og aðstæða til skyndiafvötnunar (3—5 sólarhr.) er fengin, en þó eigi síðar en 1. júní 1976.

5. gr.

33. gr. laganna breytist svo:

Í stað „10 000— 50 000“ komi: 30 000— 80 000.
Í stað „20 000—100 000“ komi: 60 000—140 000.
Í stað „40 000—200 000“ komi: 80 000—300 000.
Í stað „400“ komi: 1 000.
Í stað „1 000—30 000“ komi: 5 000—80 000.
Í stað „400“ komi: 1 000.

6. gr.

34. gr. laganna breytist svo:

Í stað „5 000—50 000“ komi: 20 000—150 000.

7. gr.

36. gr. laganna breytist svo:

Í stað „5 000—50 000“ komi: 20 000—150 000.

8. gr.

37. gr. laganna breytist svo:
Í stað „2 000—20 000“ komi: 5 000— 50 000.
Í stað „4 000—50 000“ komi: 20 000—150 000.

9. gr.

39. gr. laganna breytist svo:
Í stað „2 000—20 000“ komi: 5 000— 50 000.
Í stað „4 000—50 000“ komi: 20 000—150 000.

10. gr.

40. gr. laganna breytist svo:
Í stað „500—10 000“ komi: 5 000—50 000.

11. gr.

41. gr. laganna breytist svo:
Í stað „500— 5 000“ komi: 5 000— 50 000.
Í stað „1 000—20 000“ komi: 10 000—100 000.

12. gr.

42. gr. laganna breytist svo:
Í stað „500—20 000“ komi: 5 000— 50 000.
Í stað „1 000—40 000“ komi: 10 000—100 000.
Í stað „500— 4 000“ komi: 5 000— 50 000.

13. gr.

43. gr. laganna breytist svo:
Í stað „500—10 000“ komi: 5 000—50 000.
Í stað „500— 5 000“ komi: 5 000—50 000.
Í stað „500—20 000“ komi: 5 000—50 000.
Í stað „500— 4 000“ komi: 5 000—50 000.
Í stað „100— 500“ komi: 5 000—50 000.
Í stað „800— 6 000“ komi: 5 000—50 000.

14. gr.

44. gr. laganna breytist svo:
Í stað „500—5 000“ komi: 5 000—50 000.

15. gr.

45. gr. laganna breytist svo:
Í stað „1 000— 5 000“ komi: 5 000— 50 000.
Í stað „2 000—10 000“ komi: 10 000—100 000.

16. gr.

46. gr. laganna breytist svo:
Í stað „500—40 000“ komi: 5 000—100 000.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta þingi var kjörin nefnd skipuð 5 mönnum, einum tilnefndum af hverjum þingflokki, til að kanna stöðu áfengismála í landinu og gera þar á nokkra úttekt.

Nefndin hefur þegar unnið töluvert starf og m. a. viðað að sér mörgum og merkum upplýsingum, sem varpa skýrara ljósi á það mikla vandamál sem hér um ræðir.

Nefndin leitaði til fjölmargra aðila um land allt í þessu skyni og óskaði ekki aðeins upplýsinga, heldur og álits þessara sömu aðila á umfangi þessa vandamáls og leiðum til úrbóta. Gleggsta einkenni þeirra svara, sem nefndin fékk, er ákveðin krafa um breytingar á gildandi löggjöf, en þó alveg sérstaklega um ákveðnari framkvæmd löggjafarinnar.

Í framhaldi af þessu starfi sínu ákvað nefndin að leita eftir því við alþingismenn úr öllum flokkum, að þeir flyttu í frumvarpsformi nokkrar þær breytingar á áfengislögunum, sem nefndin öll er sammála um að fá breytingu á. Þessar breytingar liggja hér fyrir í frumvarpsformi og aðalatriðið er hjá nefndinni að kanna viðhorf Alþingis til breytinga yfirleitt og þá alveg sérstaklega þeirra, sem hér eru beint settar fram.

Annar þáttur málsins mun svo koma fram í formi þingsályktunartillögu um fræðslumál þau, er snert geta á einhvern hátt áfengisvandamálið og hugsanlega lausn þess. Hefur einnig verið leitað til þingmanna um flutning þeirrar tillögu, sem nefndin stendur öll að, en er sérstaklega samin af Herði Zóphaníassyni skólastjóra í Hafnarfirði. Endanlegu áliti mun svo skilað til þingflokka. En nefndin telur málið enga bið þola, að á það komist hreyfing, og hefur því falið okkur að koma helstu tillögum sínum á framfæri til umræðu og væntanlegrar afgreiðslu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þessi grein fjallar um vínveitingaleyfi, annars vegar að leyfistími sé eitt ár í stað fjögurra nú. Stytting leyfistíma veitir ákveðið aðhald og bætt eftirlit. Lögð er hins vegar til tíföldun leyfisgjalds og miðað við lengd leyfistíma er um fertugfalda hækkun að ræða. Nefndin hefði þó gjarnan viljað gera tillögur um enn meiri hækkun, en lætur hér við sitja. Núgildandi upphæð er út í bláinn og svo fáránlega lág, að engu tali tekur.

Um 2. gr.

Hér er komið að öðru umdeildasta atriði frv., en það er um sérstök áfengiskaupaskírteini. Tvennt veldur tillögugerð af þessu tagi: Annars vegar stórbætt eftirlit með áfengiskaupum unglinga undir lögaldri. Hins vegar auðveldar skráningarskylda ÁTVR það, að upp megi koma um leynivínsala eða þá, sem af einhverjum annarlegum ástæðum (svo sem fyrir unglinga) kaupa óeðlilegt magn áfengra drykkja. Varatillaga nefndarinnar er um hin venjulegu nafnskírteini í stað sérstakra áfengiskaupaskírteina, sem beinlínis eru sett fram sem nokkur hemill á áfengiskaup almennt, þó skammt muni e. t. v. duga eins og flest annað, sem í þessu efni er gert.

Um 3. gr.

Hér er um breytingu á 20. gr. að ræða, sem felur í sér m. a. niðurfellingu þessara orða í 1. málslið 4. málsgr.: „nema í fylgd með foreldrum sínum eða maka“, og tilsvarandi síðar. Um þetta atriði eitt sér og þó einkum um aldurstakmarkið sjálft: 20 ár, 19 ár, 18 ár, hefur mjög verið rætt í nefndinni, enda sitt sýnst hverjum. Hér er þó aðallega um samræmingaratriði að ræða, þ. e. að aðgangur að vínveitingahúsi og leyfi til vínkaupa séu bundin við sama aldur. Hér er miðað við 20 ár, en í nefndinni hefur einnig komið fram, að 18 ára markið kæmi almennt til greina, gegn því að þar yrði betur fylgt eftir með aðhaldi og eftirliti. Grein þessi er m. a. sett fram til umræðna um þetta almennt, og þær upplýsingar, sem nefndin hefur undir höndum um reynslu annarra þjóða, munu þá verða veittar í umræðum og í nefnd deildarinnar.

Þess skal getið, að um samhljóða álit er að ræða erlendis frá um þetta atriði, þ. e. lækkun aldurstakmarks hefur í för með sér enn meiri drykkju, sem færist jafnframt enn neðar í aldursflokkunum.

Um 4. gr.

Hér er rætt um sérstaka leiðbeiningarstöð í ofdrykkjuvörnum sem þýðingarmikinn lið í baráttunni varðandi þá, sem þegar hafa halloka farið, en vilja snúa við. Steinar Guðmundsson, einn nefndarmanna, hefur hér um gert ákveðna tillögu, sem nefndin hefur fallist á, og byggir hana á hugmyndum og starfsemi annarra þjóða í þessu efni þar sem verulegur árangur hefur náðst.

Hér yrði tengingin við atvinnulífið og aðstoð í því efni eitt meginverkefnið.

Nánari grein verður gerð í framsögu og vitnað til ítarlegrar greinargerðar Steinars hér um.

Bent er á það sérstaklega að forsendan sé aðstaða til skyndiafvötnunar.

Um 5.—16. gr.

Hér eru lagðar til verulegar breytingar á sektarupphæðum til nokkurs samræmis við verðlagsþróun síðustu ára. Þarfnast að öðru leyti ekki sérstakra skýringa.

Ed. 505. Breytingartillögur [99. mál]

við frv. til laga um skráningu og mat fasteigna.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Í stað „landamarka“ í lið 1 komi: landamerkja.
   b. 2. mgr. orðist svo:
      Ef um er að ræða sérgreindan eignarrétt eða sérstaka notkun einstakra hluta mannvirkja, sem eðlilegt er að skoða sem sjálfstæðar eindir, skal samkvæmt lögum þessum farið með slíka eignarhluta sem fasteignir, enda liggi skipting og eignarhlutföll fyrir í þinglýstum heimildum.

2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Skráning skv. 1. gr. á fasteignum skv. 2. gr. skal fela í sér nýjustu upplýsingar, sem á hverjum tíma eru tiltækar og fasteignina varða, auk nauðsynlegra greinitalna hverrar fasteignar. Setja skal í reglugerð ákvæði um söfnun og skráningu upplýsingaatriða svo og um helstu skrár gefnar út á grundvelli þeirra.

3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Upplýsingar skv. 3. gr. skulu skráðar og skráningu þeirra breytt þegar landsstærðir breytast, notkun lands breytist, svo sem við gerð lóðarsamnings eða úthlutun lóðar, en ella á byggingartíma mannvirkis, þegar mannvirki er tekið í notkun og loks þegar mannvirki er breytt eða eytt.
   Upplýsingar skulu einnig skráðar við eignaskipti eða breytingu á notkun eignar svo og umráðum eignar, sbr. 12. gr. Heimilt er að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar, þ. á m. um hve oft fasteignir skuli skoðaðar af Fasteignamati ríkisins.

4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Skráningaraðila er heimilt að höfðu samráði við viðkomandi stjórnvöld að takmarka söfnun og skráningu upplýsinga um einstakar eignir eða tegundir eigna séu eignir þess eðlis að slík upplýsingasöfnun er erfið og/eða þjónar ekki opinberum hagsmunum.

Fasteignamati ríkisins ber að annast gerð og samræmingu hvers konar greinitalnakerfa sem notuð eru um fasteignir við skráningu þeirra, þar með talin gerð staðgreinitölukerfis (matrikel) sem taki til landsins alls. Heimilt er að skylda fasteignaeigendur til að sjá um auðkenningu fasteigna samkvæmt greinitalnakerfi Fasteignamats ríkisins.

5. Við 6. gr.
   a. Í stað „Fasteignaskrá“ í 1. og 3. málslið 1. mgr. komi: Fasteignamat ríkisins.
   b. 2. mgr. orðist svo:
      Ráðherra hefur heimild til að fela öðrum opinberum aðilum, þ. m. t. einstökum sveitarfélögum eða samstarfsstofnunum þeirra, skráningu fasteigna skv. lögum þessum, ef slík breyting þykir hagkvæm.

6. Við 7. gr. Í stað „Fasteignaskrá“ í 1. málsl. komi: Fasteignamat ríkisins.

7. Við 8. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Við Fasteignamat ríkisins skal starfa ráðgefandi nefnd þeirra aðila sem nýta eða nýtt geta skrána við starfsemi sína. Í nefndinni skulu eiga sæti þrír fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga, þar af einn þeirra tilnefndur af Reykjavíkurborg, og einn fulltrúi frá hverjum eftirtalinna aðila:
      Brunabótafélagi Íslands,
      Hús- og landeigendasambandi Íslands,
      Sambandi íslenskra viðskiptabanka,
      Landmælingum Íslands,
      Hagstofu Íslands,
      Þjóðhagsstofnun og
      Skipulagsstjórn ríkisins.
   b. Í 1. málsl. 2. mgr. komi: Fasteignamat ríkisins — í stað „Fasteignaskrá“.
   c. Í 1. málsl. 3. mgr. komi: Fasteignamats ríkisins — í stað „Fasteignaskrár“.
   d. Í 4. málsl. 4. mgr. komi: Fasteignamats ríkisins — í stað „Fasteignaskrár“.

8. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Viðkomandi sveitarstjórn er ábyrg fyrir að Fasteignamati ríkisins berist upplýsingar um lönd og lóðir og breytingar á þeim, svo og um öll mannvirki, sem gerð eru í umdæmum þeirra hvers um sig, og um breytingar á þeim og eyðingu þeirra.
   Sveitarstjórn skal að jafnaði fela byggingafulltrúa viðkomandi sveitarfélags upplýsingagjöf um fyrrgreind atriði. Þar sem byggingafulltrúar eru ekki starfandi skal sveitarstjórn fela upplýsingagjöfina öðrum aðila í hendur að fengnu samþykki Fasteignamats ríkisins. Eigendum fasteigna er skylt að veita þær upplýsingar um fasteignir sem um er beðið.
   Fasteignamat ríkisins kveður á um form, efni og tímasetningu þessarar upplýsingagjafar. Byggingafulltrúar eða aðrir, sem sveitarstjórn hefur falið upplýsingagjöf skv. 2. mgr., eru ábyrgir fyrir að upplýsingar séu efnislega réttar.
   Sveitarstjórn getur lagt fyrir þá aðila, sem leggja teikningar og önnur gögn fyrir byggingarnefnd, að skila þeim einnig í því formi sem Fasteignamat ríkisins ákveður.
   Fasteignamat ríkisins getur leyst sveitarstjórnir undan ábyrgð skv. 1. mgr. á upplýsingasöfnun um einstakar tegundir fasteigna og lagt hana á aðra aðila, enda er opinberum stofnunum, sem slíkum upplýsingum safna á sínu verksviði, skylt að leggja Fasteignamati ríkisins til þær upplýsingar.
   Fasteignamat ríkisins sendir hverju sveitarfélagi árlega skv. nánari ákvörðun í reglugerð skrá með nægum upplýsingum um fasteignir til að gengið verði úr skugga um að aðilar skv. 2. mgr. hafi fullnægt upplýsingaskyldu sinni.

9. Við 10. gr. Í stað „Fasteignaskrá“ komi: Fasteignamat ríkisins.

10. Við 11. gr. Í stað „Fasteignaskrá“ í 1. mgr. komi: Fasteignamat ríkisins.

11. Við 12. gr.
a. Í stað „Fasteignaskrá“ í 1., 2., 3. og 4. mgr. komi: Fasteignamat ríkisins.
b. Í 1. mgr. falli niður orðin „sbr. 3. gr. i.f.“
c. Í 2. mgr. falli niður orðin „þ. á m. um söluverð eða leigu.“

12. Við 13. gr. Í stað „Fasteignaskrá“ komi: Fasteignamat ríkisins.

13. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
Fasteignamat ríkisins veitir þeim, er þess óska, upplýsingar úr skránni og er jafnframt heimilt að veita þjónustu um úrvinnslu á þeim.
Verðlangning þessarar þjónustu skal miðast við endurheimtu kostnaðar Fasteignamats ríkisins, að því marki sem fjárlög á hverjum tíma gera ráð fyrir. Við verðlangingu þjónustu til sveitarfélaga skal tekið sérstakt tillit til upplýsingasöfnunar þeirra, sbr. 3. gr.

14. Á eftir 15. gr. komi ný grein (16. gr., í IV. kafla) er hljóði svo:
Eftirtaldar eignir eru undanþegnar fasteignamati:
1. Vegir, götur og torg í eign ríkisins eða sveitarfélaga, sem ætluð eru almenningi til umferðar án endurgjalds, ásamt tilheyrandi landssvæðum og mannvirkjum í þágu samgangna, svo sem brúm, ljósastólpum, götuvitum, umferðarskiltum, vegvísum, gjaldmælum og biðskýlum.
2. Hvers konar svæði í eign ríkis eða sveitarfélaga, sem ætluð eru til fegrunar í þágu almennings og til umferðar eða dvalar án endurgjalds.
3. Rafveitur, þ. á m. línur til flutnings raforku ásamt burðarstólpum og spennistöðvum. Meta skal eftir venjulegum reglum hús, sem reist eru yfir aflstöðvar og spennistöðvar, og þær lóðir er þau standa á.
4. Vatnsveitur, þ. á m. brunnar, geymar og dælubúnaður. Skólpveitur, þ. á m. skólpleiðslur og hreinsibrunnar.
5. Uppfyllingar og dýpkanir til hafnarbóta ásamt bryggjum og hafnargörðum, ef höfn er eign hafnarsjóðs, skv. hafnalögum, nr. 45/1973, eða ríkis og sveitarfélaga. Land á hafnarsvæði, sem ekki er í beinum tengslum við hafnargerðina, er ekki undanþegið mati né heldur dráttarbrautir, þurrkvíar eða önnur slík mannvirki, þótt í eign framangreindra aðila sé.
6. Flugbrautir flugvalla í eign opinberra aðila ásamt brautarljósum og öðrum búnaði flugbrauta, svo sem aðflugs- og lendingartækjum, og enn fremur þau landssvæði umhverfis flugbrautir, sem eru ónýtanleg vegna flugumferðar.
7. Lönd, er í samræmi við gildandi reglur hafa verið ákveðin greftrunarstaðir manna, ásamt mannvirkjum, sem eru í beinum tengslum við það markmið.
8. Fjarskiptavirki í eign opinberra aðila, en meta skal þó eftir venjulegum reglum hús, sem reist eru yfir fjarskiptavirki, svo og lóðir eða lönd, sem fjarskiptavirki eða hús yfir þau standa á.
9. Vitar.
10. Ráðherra getur í reglugerð undanþegið ákveðnar fasteignir eða tegundir fasteigna, fasteignamati.

15. 16. gr. (verður 17. gr.) orðist svo:
Skráð matsverð fasteignar skal vera gangverð umreiknað til staðgreiðslu, sem ætla má að eignin hefði í kaupum og sölum í nóvembermánuði næst á undan matsgerð, miðað við heimila og mögulega nýtingu fasteignarinnar á hverjum tíma.
Sé slíkt gangverð sambærilegra eigna ekki þekkt skal skráð matsverð ákveðið eftir bestu fáanlegri vitneskju um sambærilegt gangverð með hliðsjón af kostnaði

við gerð mannvirkja, aldri þeirra, legu eignar með tilliti til samgangna, nýtingarmöguleikum, hlunnindum, jarðvegsgerð, gróðurfari, náttúrufegurð og öðrum þeim atriðum sem kunna að hafa áhrif á gangverð eignarinnar.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um mat fasteigna.

16. Við 18. gr. (verður 19. gr).
a. Í stað „Fasteignaskrá“ í 1. og 2. mgr. komi: Fasteignamat ríkisins.
b. 3. mgr. orðist svo:
Fasteignamati ríkisins er heimilt að fengnu samþykki ráðherra að ráða trúnaðarmenn í einstökum kjördæmum, er annist mat og/eða skoðun fasteigna. Ef til kemur skal í reglugerð setja nánari ákvæði um ráðningu og starfssvið trúnaðarmanna.

17. Við 19. gr. (verður 20. gr.). Í 1. og 2. mgr. komi: Fasteignamat ríkisins — í stað „Fasteignaskrá“.

18. Við 20. gr. (verður 21. gr.). Í 1. mgr. komi í stað orðsins „Fasteignaskrár“ orðin: Fasteignamats ríkisins.

19. Við 21. gr. (verður 22. gr.). Í stað „Fasteignaskrá“ í 1. málsl. komi: Fasteignamat ríkisins.

20. Við 24. gr. (verður 25. gr.). Í stað orðsins „Fasteignaskrár“ komi orðin: Fasteignamats ríkisins.

21. Við 25. gr. (verður 26. gr.). Í 1. mgr. komi í stað orðsins „Fasteignaskrá“ orðin: Fasteignamat ríkisins.

22. 28. gr. (verður 29. gr.) orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 28 29. apríl 1963, um fasteignamat og fasteignaskráningu. Umboð yfirfasteignamatsnefndar skv. lögum nr. 28/1963 fellur niður við gildistöku laganna svo og umboð millimatsmanna skv. 22. gr. laga nr. 28/1963, þó svo, að þeir skulu skila gögnum fyrir árið 1976 eftir því sem Fasteignamat ríkisins ákveður. Þá eru stöður við Fasteignamat ríkisins, sem ekki eru uppsegjanlegar með 3 mánaða fresti eða skemmri, lagðar niður frá gildistökudegi laganna, sbr. 14. gr. laga nr. 38/1954.

23. Við ákvæði til bráðabirgða II. Í stað orðsins „Fasteignaskrá“ komi orðin: Fasteignamat ríkisins.

24. Við ákvæði til bráðabirgða III. Í stað orðsins „Fasteignaskrá“ í 1. og 2. málsl. komi orðin: Fasteignamat ríkisins.

25. Við ákvæði til bráðabirgða IV. Ákvæðið orðist svo:
Nú vinnst eigi tími til skráningar einstakra hluta fasteigna í landinu, sbr. 2. mgr. 2. gr., fyrir 1. nóvember 1976 og skal Fasteignamati ríkisins þá heimilaður frestur til að ljúka þeirri skráningu til 1. nóvember 1977.

26. Við ákvæði til bráðabirgða V. Ákvæðið falli niður.

27. Inn komi nýtt ákvæði til bráðabirgða (verður nr. V.), svo hljóðandi:
Áður en nýtt fasteignamat tekur gildi hinn 1. desember 1976, sbr. 3. mgr. 26. gr., skal fara fram endurskoðun á ákvæðum gildandi laga sem fasteignamat hefur áhrif á, þannig að samþykkt þessara laga valdi ekki breytingum á gjöldum af fasteignum.

Ed. 506. Nefndarálit [99. mál]

um frv. til l. um skráningu og mat fasteigna.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á nokkrum fundum, þ. á m. á sameiginlegum fundum með fjárhags- og viðskiptanefnd Nd.

Umsagnir bárust frá Verkfræðingafélagi Íslands, Reykjavíkurborg, Sambandi ísl. sveitarfélaga, Fasteignamati ríkisins, Þjóðhagsstofnun, bæjarstjórn Akureyrar og Þróunarstofnun Reykjavíkurborgar.

Til fundar við nefndina komu Þorsteinn Ólafsson deildarstjóri í fjármálaráðuneytinu, Gaukur Jörundsson prófessor og Guttormur Sigurbjörnsson forstjóri Fasteignamats ríkisins.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem koma fram á þskj. 505.

Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja öðrum breytingartillögum.

Alþingi, 7. apríl 1976.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Jón Helgason, fundaskr. Axel Jónsson.
Bragi Sigurjónsson. Ragnar Arnalds. Albert Guðmundsson.
Jón G. Sólnes.

Ed. 507. Nefndarálit [223. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, um stofnun norræna fjárfestingarbankans.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 7. apríl 1976.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Jón Helgason, fundaskr. Axel Jónsson.
Bragi Sigurjónsson. Ragnar Arnalds. Albert Guðmundsson.
Jón G. Sólnes.

Nd. 508. Nefndarálit [157. mál]

um frv. til l. um aðild að samningi um stofnun aðstoðarsjóðs á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Fjárhags- og viðskiptanefnd Nd. hefur fjallað um frv. og mælir með samþykkt þess. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Gylfi Þ. Gíslason.

Alþingi, 7. apríl 1976.

Ólafur G. Einarsson, form.	Lárus Jónsson, fundaskr., frsm.	Sverrir Bergmann.
Tómas Árnason.	Ólafur B. Óskarsson.	Lúðvík Jósepsson.

Sþ. **509. Breytingartillaga** [178. mál]

við till. til þál. um nefnd til að endurskoða lög um veitingu prestakalla.

Frá Karvel Pálmasyni, Sverri Hermannssyni, Páli Péturssyni, Helga F. Seljan og Sighvati Björgvinssyni.

Aftan við 1. málsgr. tillögugreinarinnar bætist:
Þó skal endurskoðunin ekki hafa í för með sér afnám prestskosninga í núverandi mynd.

Nd. **510. Nefndarálit** [144. mál]

við frv. til laga um flokkun og mat á gærum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin samþykkir að mæla með frv. með þeim breytingum, sem fram koma á þskj. 511.

Alþingi, 7. apríl 1976.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr.	Pálmi Jónsson.
Ingólfur Jónsson.	Eðvarð Sigurðsson.	Benedikt Gröndal.
	Friðjón Þórðarson.	

Nd. **511. Breytingartillaga** [144. mál]

við frv. til laga um flokkun og mat á gærum.

Frá landbúnaðarnefnd.

II. kafli (fyrirsögn og 2. gr.) orðist svo:

Um meðferð á gærum og um sölumat þeirra við afhendingu.

2. gr.

Sláturleyfishöfum er skylt að hlíta fyrirmælum lögskipaðra gærumatsmanna um fyrirristu, fláningu, kælingu, söltun, frágang og geymslu gæra. Gærumatsmaður skal yfirfara gærurnar við afhendingu, meta ástand þeirra og gefa vottorð þar um. Í vottorðinu skal tilgreina tölu og nettóþyngd saltlausra gæra. Nánari ákvæði um meðferð á gærum og framkvæmd sölumats og gerð vottorðs skal setja í reglugerð.

Ed. 512. Frumvarp til laga [244. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja þrjár landareignir í Hálshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.

Flm.: Ingi Tryggvason, Jón G. Sólnes, Stefán Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hálshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu eftirtaldar jarðeignir:

1. Eyðijörðina Eyvindará.
2. Eyðijörðina Heiðarhús.
3. Afréttarlandið Bleiksmýrardal vestri.

Náist ekki samkomulag um söluverð jarðeignanna, skal það ákveðið af dómkvöddum mönnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni hreppsnefndar Hálshrepps.

Eyðibýlin Eyvindará og Heiðarhús á Flateyjardalsheiði hafa ekki verið í byggð síðan um aldamót, en land þeirra notað sem afréttur fyrir Hálshrepp og upprekstrarland frá einum bæ í Grýtubakkahreppi.

Sá hluti Bleiksmýrardals, sem er í eigu ríkisins og lagt er til að seldur verði ásamt eyðijörðunum, liggur í afrétt Hálshrepps.

Má því teljast eðlilegt, að allar þessar landareignir komist í eigu hreppsfélagsins, eins og lagt er til í þessu frumvarpi, og þar með komið til móts við fyrrnefndar óskir sveitarstjórnarinnar.

Ed. 513. Nefndarálit [145. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 42/1969, um afréttamálefni, fjallskil o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur leitað umsagnar Búnaðarfélags Íslands, Landgræðslu ríkisins og Sambands ísl. sveitarfélaga og fengið jákvæðar umsagnir þeirra allra um frv. Eftir að hafa fjallað um frv. á nokkrum fundum urðu nefndarmenn sammála um að mæla með samþykkt frv. með þeim breytingum, sem nefndin flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 6. apríl 1976.

Steinþór Gestsson, form., frsm.	Ingi Tryggvason, fundaskr.	Axel Jónsson.
Ásgeir Bjarnason.	Helgi F. Seljan.	Bragi Sigurjónsson.
	Jón Árnason.	

Ed. 514. Breytingartillögur [145. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 42/1969, um afréttamálefni, fjallskil o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 3. gr.

1. Við 15. gr. 1. málsgr. Fyrir „hreppsnefndum“ komi: sveitarstjórnum.
2. Við 17. gr. 1. málsgr. Fyrir „einstaka hreppa“ komi: einstök sveitarfélög.
3. Við 18. gr. b-lið. Fyrir „hreppsnefnd“ komi: sveitarstjórn, fyrir „hrepps“ komi: sveitarfélags, fyrir „hreppsnefndir“ komi: sveitarstjórnir, og fyrir „nágranna-hreppa“ komi: nágrannasveitarfélög.
4. Við 19. gr. 1. málslið. Fyrir „hreppsnefndar“ komi: sveitarstjórnar.
5. Við 20. gr. Hvarvetna í greininni komi: sveitarstjórn — fyrir „hreppsnefnd“ og: sveitarfélag — fyrir „hrepp“.
6. Við 23. gr. 2. málslið. Fyrir „venjulegt sveitarfélag sé að ræða“ komi: önnur sveitarfélög og einstaklinga innan þeirra sé að ræða.
7. Við 24. gr. Við 5. málsgr. bætist svo hljóðandi: enda sé það land, ef um heimaland er að ræða, girt fjárheldri girðingu.

Sþ. 515. Tillaga til þingsályktunar [245. mál]

um fasteignamiðlun ríkisins.

Flm.: Ingi Tryggvason, Steingrímur Hermannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta framkvæma á þessu ári könnun á hagkvæmni þess, að stofnuð verði fasteignamiðlun ríkisins, og undirbúa löggjöf þar um, ef niðurstaða könnunarinnar verður jákvæð.

Greinargerð.

Á síðasta Alþingi var flutt þingsályktunartillaga, sem efnislega er samhljóða þingsályktunartillögu þeirri, sem nú er flutt, en hlaut ekki afgreiðslu. Nú er gert ráð fyrir, að ríkisstjórnin láti kanna, hvort hagkvæmt sé að setja á stofn fasteignamiðlun ríkisins, og ef niðurstaða slíkrar könnunar verður jákvæð, þá verði sett löggjöf um stofnun og starfrækslu slíkrar fasteignamiðlunar. Tilgangurinn með stofnun slíks fyrirtækis væri fyrst og fremst sá að lækka kostnað við miðlun fasteigna. Ef vel væri á haldið og fasteignaviðskipti almennt beindust til fasteignamiðlunar ríkisins, yrði enn fremur dregið úr þeim verðbólguhvata, sem núgildandi fyrirkomulag fasteignasölu vissulega er, a. m. k. þegar eftirspurn er umfram framboð.

Flestir þeir, er fasteignir selja, kaupa aðrar í staðinn. Örar verðhækkanir á fasteigamarkaði koma því fáum aðilum til fjárhagslegs ávinnings.

Ef starfræksla fasteignasölu ríkisis gæti lækkað kostnað við fasteignasölu og auk þess dregið úr almennri verðlagsþenslu væri mikilvægum áfanga náð. Öllum er kunnugt, að fasteignaviðskipti hafa aukist mjög mikið hér á landi á undanförnum árum og fer sú starfsemi sífellt vaxandi. Á árinu 1975 fóru fram 2608 afsöl fasteigna í Reykjavík og var samanlagt skráð verðmæti þeirra 3 405 227 436 kr. Samkvæmt upplýsingum borgarfógetaembættisins í Reykjavík er meiri hluti afsala án skráðs verðs á fasteign þeirri sem seld er og er þá verð eignarinnar áætlað. Áætlunin miðast yfirleitt við skráð fasteignamatsverð eignarinnar, nema augljóst sé, að söluverð hafi verið hærra, t. d. ef áhvílandi skuldir, sem fylgja eigninni,

eru hærri en fasteignamatsverð. Hús í smíðum eru metin eftir rúmmetrafjölda og byggingarstigi, þegar salan fer fram. Fullvíst verður að telja, að samanlagt raunverulegt söluverð fasteigna í Reykjavík árið 1975 sé miklum mun hærra en skýrsla borgarfógeta ber með sér. Ef meðalverð hverrar fasteignar, sem seld var í Reykjavík á árinu 1975, hefur verið 5 millj. kr., er heildarverðmætið rúmir 13 milljarðar. Sé meðalverðmæti hverrar fasteignar hins vegar 6 millj. kr., þá er heildarverðmæti seldra fasteigna í Reykjavík samtals 15.6 milljarðar. Venja mun, að fasteignasalar taki 2% af söluverði fasteignar sem þóknun fyrir það verk sitt að selja eignina. Umboðslaun af þeim 3.4 milljörðum, sem skráðar heimildir telja söluverð fasteigna í Reykjavík 1975, ættu því að vera rúmlega 68 millj. kr. og þykir sjálfsagt ýmsum ekki mjög stór upphæð. Sé hins vegar gert ráð fyrir þeim tölum, sem áður voru nefndar, að meðalsöluverð fasteignar sé annaðhvort 5 eða 6 millj., þá er heildarupphæð söluþókunar samkvæmt því á að giska 260—300 millj. kr. Hér er eingöngu miðað við Reykjavík og tölurnar, sem vafalítið eru of lágar, aðeins settar fram til að sýna fram á, að um umfangsmikinn atvinnurekstur er að ræða og að tekjur af fasteignasölu, eins og hún er nú rekin, ættu að geta staðið undir verulegu fyrirtæki á vegum ríkisins.

Fyrirkomulag á fasteignamiðlun ríkisins gæti verið með ýmsu móti. T. d. gæti verið hugsanlegt að tengja starfsemi hennar embættum sýslumanna og bæjarfógeta svo og Húsnæðismálastofnun ríkisins með einhverjum hætti. Slíkt þarf þó nánari athugunar við. Hér er ekki gert ráð fyrir, að ríkisvaldið fái neina einokunaraðstöðu til fasteignamiðlunar. Einstaklingar hefðu frjálsar hendur með að leita til annarra fasteignamiðlana, kysu þeir það heldur.

Í sambandi við fasteignamiðlun ríkisins kemur margt til skoðunar, sem kanna þarf áður en frá löggjöf er gengið. En ef starfsemi slíkrar þjónustu gæti leitt til lækkunar á íbúðaverði, er til mikils að vinna.

Nd. 516. Breytingartillögur [23. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. l. nr. 23 3. maí 1972 og l. nr. 25 24. apríl 1974.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 8. gr. 2. málsl. 2. mgr. falli niður.
2. Við 13. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Ákvæði 4. gr. um skráningu beltabifhjóla koma til framkvæmda 1. júní 1976. Nægilegt er þá, að beltabifhjól, sem tekin hafa verið í notkun fram til 1. júní 1976, séu tilkynnt til skráningar fyrir 1. október 1976.

Nd. 517. Nefndarálit [180. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 74 21. ágúst 1974, um meðferð opinberra mála.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 7. apríl 1976.

Ellert B. Schram, form., frsm.	Gunnlaugur Finnsson, fundaskr.	Ingólfur Jónsson.
Páll Pétursson.	Svava Jakobsdóttir.	Friðjón Þórðarson.

Ed. 518. Nefndarálit [23. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 23 3. maí 1972 og lög nr. 25 24. apríl 1974.

(Eftir 3. umr. í Nd., 7. apríl.)

Samhljóða þskj. 491 með þessum breytingum:

8. gr. hljóðar svo:
57. gr. orðist svo:
Við bifreið, beltabifhjól eða dráttarvél má aðeins tengja einn tengivagn eða festivagn. Lögreglustjóri getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þessum, ef sérstök nauðsyn er, enda komi samþykki vegamálastjóra til um akstur á vegum utan kaupstaða.
Skráningarskyldan tengi- eða festivagn má aðeins tengja við bifreið, beltabifhjól eða dráttarvél, sem til þess er talin hæf og hefur um það áritun í skráningarskírteini.

13. gr. hljóðar svo:
Ákvæði 4. gr. um skráningu beltabifhjóla koma til framkvæmda 1. júní 1976. Nægilegt er þó, að beltabifhjól, sem tekin hafa verið í notkun fram til 1. júní 1976, séu tilkynnt til skráningar fyrir 1. október 1976.
Ákvæði 10. og 11. gr. koma til framkvæmda 1. maí 1976.

Sþ. 519. Fyrirspurnir. [246. mál]

I. Til landbúnaðarráðherra um lánamál landbúnaðarins.

Frá Ólafi B. Óskarssyni.

1. Hve mikið fjármagn fær Stofnlánadeild landbúnaðarins til ráðstöfunar á árinu 1976?
2. Hvaða flokkar framkvæmda verða látnir sitja á hakanum um lánveitingar, ef ráðstöfunarfé Stofnlánadeildar nægir ekki?
3. Hvað hyggst ríkisstjórnin gera til að auðvelda ungu fólki að hefja búskap?

II. Til iðnaðarráðherra um rafdreifikerfi í sveitum.

Frá Ólafi B. Óskarssyni.

1. Hefur ríkisstjórnin áform um endurbyggingu rafdreifikerfis í sveitum landsins til að gera mögulega rafhitun húsa?
2. Ef svo er:
   a. hefur áætlun verið gerð um þessa framkvæmd,
   b. hver er áætlaður kostnaður,
   c. hvenær er áætlað að framkvæmdum ljúki?

Ed. 520. Lög [15. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940.

(Afgreidd frá Ed. 7. apríl.)

Samhljóða þskj. 403.

Nd. 521. Nefndarálit [112. mál]

um frv. til l. um Lánasjóð dagvistunarheimila.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. nefndarinnar, þingmenn stjórnarflokkanna, vill vísa frumvarpinu til ríkisstjórnarinnar, en ég mæli með samþykkt þess.

Aðalefni frumvarpsins er að afla fjár til byggingar dagvistunarheimila. Lagt er til að allir þeir, sem greiða vinnulaun og nú eru skyldir að greiða launaskatt, greiði viðbótargjald sem nemi 0.25% af launaskattsstofni í þessu skyni. Slíkt gjald mundi nema um 220—230 millj. kr. á ári.

Í frumvarpinu er við það miðað, að gjald þetta renni í sérstakan Lánasjóð dagvistunarheimila undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins. Lánasjóðnum er síðan ætlað það hlutverk að veita sveitarfélögum, sem hlotið hafa styrk úr ríkissjóði, eða fengið samþykki fyrir styrk, viðbótar-fjárstuðning til þess að koma upp dagvistunarheimilum.

Ljóst er að brýn þörf er á að styðja sveitarfélög til að koma upp dagvistunarheimilum. Bygging dagvistunarheimila er dýr og njóti sveitarfélögin ekki annars stuðnings en smávægilegra fjárveitinga á fjárlögum, eins og verið hefur, mun seint ganga að leysa það verkefni sem hér er um að ræða.

Í frumvarpinu er lagt til að atvinnurekendur greiði nokkurt gjald til stuðnings dagvistunarheimilum. Slík tillaga er eðlileg og sanngjörn. Með tilkomu dagvistunarheimila geta fleiri konur tekið þátt í hinu almenna atvinnulífi og yrði það að sjálfsögðu atvinnurekstrinum til góðs. Vegna skorts á vinnuafli í ýmsum greinum hafa atvinnurekendur þegar orðið að taka á sig nokkur útgjöld til þess að leysa dagvistunarvandamál, og sýnist því fullkomlega eðlilegt að lagt verði gjald á allan atvinnurekstur í því skyni að flýta fyrir byggingu dagvistunarheimila.

Alþingi, 8. apríl 1976.

Lúðvík Jósepsson.

Sþ. 522. Skýrsla

utanríkisráðherra um utanríkismál.

Inngangur.

Ég mun halda þeirri venju minni að gefa Alþingi árlega skýrslu um utanríkismál og samskipti Íslands við aðrar þjóðir bæði tvíhliða viðskipti og þátttöku í alþjóðastofnunum.

Þróun alþjóðamála.

Ef ég ætti að benda á eitt atriði, sem er einkennandi fyrir ástandið í alþjóðamálum í dag, mundi ég telja að það væri ákvörðun Fords Bandaríkjaforseta að hætta að nota franska orðið „détente“ um samskipti austurs og vesturs, en segja í þess stað, að koma verði á friði í skjóli valds, þ. e. að forsendan fyrir því, að dregið sé úr spennu í samskiptum stórveldanna, sé nægur hernaðarmáttur og viðbúnaður.

Á þessu ári eru forsetakosningar í Bandaríkjunum og hefur það að sjálfsögðu sín áhrif á samskipti austurs og vesturs og þróun í alþjóðamálum almennt. Fram

hefur komið, að hinn almenni kjósandi í Bandaríkjunum er óánægður með stefnu Bandaríkjanna gagnvart Sovétríkjunum. Mönnum finnst Sovétríkin hafa unnið hvern sigur á fætur öðrum í viðskiptum landanna og vitnað er til framleiðslu eldflauga, skriðdreka og skipa meðan talað er um afvopnun, róið undir deilum í Austurlöndum nær, reynt hefur verið að ná yfirráðum í Portúgal gegnum minni hluta, sem þó ekki tókst, stuðningur við samþykktina í Sameinuðu þjóðunum um zionisma og nú síðast að kúbanskir hermenn voru sendir til Angóla.

Afstaða Bandaríkjanna á alþjóðavettvangi virðist fara harðnandi, en framtíðin mun skera úr því hvaða áhrif þetta kann að hafa á hinar svonefndu SALT-viðræður (takmörkun langdrægra kjarnavopna) í Genf og eins umræður um niðurskurð herstyrks í Mið-Evrópu, sem fram hafa farið í Vínarborg. Það er skoðun mín að verði ekki áframhaldandi minnkun spennu milli austurs og vesturs í mynd SALT-samnings og frekari samkomulags um afvopnun, hafi harla lítið áunnist með Öryggisráðstefnunni í Helsinki og í öryggismálum almennt.

Tvennt er það sem gleðjast ber yfir í þróun mála hér í Evrópu. Ég á þar við í fyrsta lagi þær breytingar sem orðið hafa á Spáni, sem vonandi leiða til að stofnuð verði þar lýðræðisstjórn og komið á pólitísku frelsi án þess að til blóðsúthellinga komi.

Í öðru lagi er það hinn mikli pólitíski þroski, sem portúgalska þjóðin hefur sýnt í hinni snöggu umhverfingu, sem varð á högum hennar. Ég er sannfærður um að það er ósk okkar allra að þær kosningar, sem nú fara í hönd, verði til þess að styrkja lýðræðið og að þær fari fram án vandræða og hörmunga.

Vonandi á sá dagur eftir að renna upp að friður ríki í löndunum fyrir botni Miðjarðarhafs. Nú geisar borgarastyrjöld í Líbanon og hætta er á að hún breiðist út og úr verði styrjöld á svæðinu. Ég tel alveg nauðsynlegt að Sameinuðu þjóðirnar grípi þegar inn í þetta mál og komi á vopnahléi svo hægt sé að byrja að reyna að finna lausn á þessu sorglega vandamáli Líbanonþjóðarinnar. Eins og ég hef margsagt áður, þá er það skoðun mín að eina lausn mála sé sú, að framkvæmdar verði samþykktir Sameinuðu þjóðanna, því að eini möguleikinn á varanlegum friði á þessu landssvæði er að fullt tillit sé tekið til allra aðila, og þar á meðal lögmætra réttinda palestínumanna og tilveruréttar allra ríkja á svæðinu.

Það ber að harma þegar bornar eru fram á vettvangi Sameinuðu þjóðanna tillögur, sem þjóna þeim tilgangi einum að spilla fyrir möguleikum á samkomulagi í þessum erfiðu deilum. Hér á ég við tillöguna er lagði að jöfnu zionisma og apartheid í kynþáttamálum. Ég mun rekja hér á eftir nokkuð nákvæmlega sögu þess máls í Sameinuðu þjóðunum.

Einnig verð ég að láta í ljós vonbrigði yfir meðferð Kóreumálsins hjá Sameinuðu þjóðunum á síðasta allsherjarþingi. Samþykktar voru tvær tillögur, sem gengu í berhögg hvor við aðra, en slík afgreiðsla stuðlar ekki að því að auka áhrif Sameinuðu þjóðanna í heiminum. Ég lagði áherslu á þetta atriði á fundi utanríkisráðherra í Stokkhólmi nú fyrir skömmu og hvatti til þess að Norðurlandaþjóðirnar ynnu saman að því að koma í veg fyrir slíka málsmeðferð í framtíðinni. Ég vík nánar að þessu máli síðar.

Nú er nýlokið borgarastyrjöld í Angóla og hefur Ísland viðurkennt Angólaríkið.

Stórveldin hafa enn styrkt aðila með vopnum og herafla og verður að líta á þá þróun sem mjög varhugaverða, enda virðist hún þegar vera farin að hafa áhrif á samskipti þeirra.

Það hlýtur að vera ósk allra að hinum undirokuðu þjóðum í Afríku, sem enn ekki hafa fengið frelsi, auðnist að ná því sem allra fyrst og án þess að til bardaga komi.

Ísland mun styðja allar tillögur og ráðstafanir sem Sameinuðu þjóðirnar beita sér fyrir í þessum efnum.

Sérfræðingarnir telja að ýmislegt bendi til þess að ástandið í efnahagsmálum í heiminum fari nú aðeins batnandi. Virðist nokkuð vera að draga úr áhrifum

hinna geysilegu hækkana á olíu, þó enn þá búi mörg iðnaðarríkin við mikið atvinnuleysi. Vonandi er að þessi þróun haldi áfram á öllum sviðum efnahags- og þróunarmála í heiminum.

Ég mun nú víkja að þátttöku Íslands í hinum ýmsu alþjóðastofnunum og utanríkisþjónustunni almennt.

Sameinuðu þjóðirnar.

30. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna stóð yfir í New York frá 16. sept. til 17. des. 1975, eða í þrjá mánuði eins og venja er. Ég sótti þingið í byrjun og flutti þar ræðu í almennum umræðum hinn 29. sept. Í ræðu minni gerði ég nokkra grein fyrir afstöðu okkar til ýmissa alþjóðamála og starfa Allsherjarþingsins. Gerði ég jafnframt grein fyrir útfærslu fiskveiðilögsögu Íslands í 200 mílur og grundvallarsjónarmiðum okkar á Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna.

Meðal hörðustu deilumála þingsins voru, eins og á 29. allsherjarþinginu, Palestínumálið og ástandið í Suður-Afríku. Eins og ég gat um í inngangsorðum mínum, vakti tillaga um að leggja „zíonisma“ að jöfnu við kynþáttastefnu og apartheid mesta athygli og deilur og fjalla ég nánar um meðferð þessa máls hér á eftir. Einnig var fjallað um Kýpurdeiluna og Kóreuvandamálið.

Palestínumálinu var eins og áður vísað beint til Allsherjarþingsins án fyrri afgreiðslu í nefnd. Hófust umræður um það 3. nóv. og stóðu í fimm daga. Rösklega 40 lönd tóku þátt í umræðunum, sem voru á köflum mjög hatrammar.

Að umræðum loknum samþykkti Allsherjarþingið tvær ályktunartillögur í málinu.

Egyptar lögðu fyrstir fram tillöguuppkast, sem flest önnur Arabalönd gátu ekki sætt sig við, fyrr en gerðar höfðu verið á því verulegar breytingar. Tillagan kveður svo á um, að bjóða skuli Frelsishreyfingu palestínumanna (PLO) á jafnréttisgrundvelli að taka þátt í öllum fundum og ráðstefnum, sem haldnar eru á vegum S. þ. um deilumálin í Austurlöndum nær. Jafnframt er lagt til við Öryggisráðið að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að Palestínuþjóðinni verði gert kleift að njóta þjóðernisréttinda sinna í samræmi við ályktunartillögu frá síðasta Allsherjarþingi.

Tillagan var samþykkt með 101 atkvæði gegn 8 (Bandaríkin, Bretland, Costa Rica, Holland, Honduras, Ísrael, Nicaragua og Sambandslýðveldið Þýskaland), 25 sátu hjá, þ. á m. Ísland, Danmörk, Noregur, Svíþjóð og önnur EBE-lönd, Ástralía, Austurríki, Japan, Kanada og Nýja-Sjáland.

Síðari tillagan fjallar einkum um, að Allsherjarþingið kjósi nefnd 20 ríkja, sem gera skuli tillögu um á hvern hátt Palestínuþjóðin nái réttindum sínum í samræmi við ályktun frá síðasta þingi. Nefndin á að skila skýrslu til Öryggisráðsins fyrir 1. júní 1976. Eftir að Öryggisráðið hefur fjallað um þá skýrslu skal nefndin ganga frá skýrslu fyrir 31. Allsherjarþingið.

Tillaga þessi var samþykkt með 93 atkvæðum gegn 18, 27 ríki sátu hjá. Ísland greiddi atkvæði á móti, ásamt m.a. Danmörku, Noregi, Bandaríkjunum, Beneluxlöndunum, Bretlandi, Sambandslýðveldinu Þýskalandi og Kanada. Finnland og Svíþjóð voru meðal þeirra ríkja, sem sátu hjá.

„Ástandið í Austurlöndum nær“ var á dagskrá 28. og 29. Allsrerjarþingsins, en á báðum þeim þingum var afgreiðslu þessa máls frestað. Á 30. Allsherjarþinginu var þessi dagskrárliður hins vegar tekinn fyrir að tilhlutan Arabalandanna.

Umræður um málið hófust á Allsherjarþinginu 1. desember. Um 40 ríki tóku þátt í umræðunum og voru það flest sömu ríki og töluðu í umræðunni um Palestínumálið, sem greint er frá hér á undan. Arabalöndin og Austur-Evrópulöndin höfðu sig langmest í frammi og var umræðan því mjög einhliða gagnrýni á Ísrael og raunar að mestu endurtekning á Palestínuumræðunni.

Nokkur óháð ríki og ríki frá Austur-Evrópu báru fram tillögu í málinu, sem að mestu var byggð á tillöguuppkasti frá Arabalöndunum. Arabaríkin gerðust ekki

meðflytjendur að tillögunni, þegar ljóst var, að óháðu ríkin vildu ekki samþykkja að ganga lengra í kröfu um að ísraelsmenn drægju sig til baka frá arabískum landssvæðum en þeim, sem hernumin voru eftir 1967.

Í tillögunni er lýst þungum áhyggjum yfir áframhaldandi hernámi ísraelsmanna á arabískum landssvæðum. Fullyrt er, að nauðsynlegt sé til varanlegrar lausnar á vandamálunum að kalla Genfarráðstefnuna saman sem fyrst með þátttöku allra viðkomandi aðila, þ. á m. Frelsishreyfingar palestínuaraba (PLO). Hvatt er til, að öll ríki forðist að láta Ísrael í té hernaðarlega og efnahagslega aðstoð, og farið fram á það við Öryggisráðið, að það geri nauðsynlegar ráðstafanir, samkvæmt ákveðinni tímaáætlun, að framkvæmdar verði allar ályktanir Allsherjarþingsins og Öryggisráðsins, sem miða að varanlegum friði á svæðinu.

Tillagan var samþykkt með 84 atkvæðum gegn 17, 27 sátu hjá. Ísland, Danmörk, Noregur, Bandaríkin, Ísrael, Kanada og flest EBE-löndin greiddu m. a. atkvæði á móti. Finnland, Svíþjóð, Ástralía, Japan og nokkur önnur Vestur-Evrópuríki voru meðal þeirra, sem sátu hjá.

Fastafulltrúi gaf skýringu á atkvæði Íslands eftir atkvæðagreiðsluna um tillöguna og sagði m. a. að réttlát og varanleg lausn vandamálanna yrði að grundvallast á ályktunum Öryggisráðsins.

Hann sagði að afstaða Íslands í þessu máli markaðist af ósk um, að lögmæt réttindi Palestínuþjóðarinnar næðu fram að ganga, en jafnframt að réttindi allra ríkja á svæðinu yrðu tryggð. Hann kvað Ísland hafa greitt atkvæði á móti tillögunni einkum vegna þess, að í hana vantaði nauðsynlegt jafnvægi.

Samkvæmt ályktun 29. Allsherjarþingsins hefur framkvæmdastjóri S. þj. gengist fyrir viðræðum milli Kýpurstjórnar og fulltrúa tyrkneska minni hlutans á Kýpur. Þessar viðræður báru takmarkaðan árangur og leystu engin pólitísk vandamál.

Þrjár efnistillögur komu fram í málinu: Í fyrsta lagi tillaga frá Kýpur, sem lýsir tyrki algjörlega ábyrga fyrir ástandinu á Kýpur. Í öðru lagi tillaga frá Tyrklandi, þar sem ekki var minnst á, að erlent herlið skyldi dregið til baka frá eyjunni, og hvorki vísað til samþykkta Öryggisráðsins um málið né til ályktunar síðasta Allsherjarþings. Í þriðja lagi báru fimm óháð ríki (Alsír, Guyana, Indland, Júgóslavía og Mali) fram tillögu, sem í aðalatriðum var byggð á málamiðlunartillögu þessara sömu landa á síðasta þingi. Í tillögu þessari er nokkuð farið bil beggja, en þess þó eindregið krafist, að erlent herlið hverfi frá Kýpur.

Tillaga óháðu ríkjanna var samþykkt með 111 gegn 1 (Tyrkland), 9 sátu hjá, þ. á m. Bandaríkin, Chile, Ísrael og nokkur lönd múhameðstrúarmanna.

Samkomulag varð um málamiðlunaryfirlýsingu varðandi Kóreumálið á 28. Allsherjarþinginu, þar sem hvatt var til að viðræður ríkjanna um sameiningu með friðsamlegum hætti héldu áfram á grundvelli sameiginlegrar yfirlýsingar þeirra frá 4. júlí 1972. Þær vonir, sem bundnar voru við þessa yfirlýsingu, hafa með öllu brugðist og samskipti ríkjanna farið versnandi síðastliðin tvö ár.

Mörg ríki tóku þátt í þessum umræðum. Kína og Sovétríkin meðal annarra töluðu máli Norður-Kóreu og gagnrýndu Bandaríkin harðlega. Af hálfu Bandaríkjanna var lýst yfir eindregnum stuðningi við Suður-Kóreu og ítrekuð tillaga, sem utanríkisráðherra Bandaríkjanna bar fram í almennu umræðunni á Allsherjarþinginu þess efnis, að kölluð yrði saman sérstök ráðstefna um Kóreumálið með þátttöku Norður- og Suður-Kóreu, Kína og Bandaríkjanna.

Tvær tillögur voru lagðar fram í málinu og tókst ekki að ná samkomulagi milli deiluaðila um málamiðlunartexta.

Japan hafði framsögu um tillögu stuðningslanda Suður-Kóreu. Í tillögunni segir, að vopnahléssamningurinn frá 1953 sé nauðsynleg forsenda fyrir friði og öryggi á svæðinu. Bent er á, að Bandaríkin séu reiðubúin að leysa upp herstjórn S. þj. í Kóreu með því skilyrði að aðrir aðilar, sem hluta eiga að máli, komist að samkomulagi um að viðhalda vopnahléssamningnum. Kóreuríkin eru hvött til að hefja viðræður að nýju um sameiningu Kóreu með friðsamlegum hætti. Allir hlutaðeigandi aðilar eru einnig hvattir til að hefja viðræður, sem miðuðu að því að leysa

upp herstjórn S. þj. og jafnframt að gera ráðstafanir til að viðhalda vopnahléssamningnum.

Tillagan var samþykkt í nefndinni með 59 gegn 51, 29 sátu hjá. Öll Norðurlöndin greiddu atkvæði með tillögunni nema Finnland, sem sat hjá. Á Allsherjarþinginu var tillagan einnig samþykkt með sömu atkvæðatölum.

Alsír hafði framsögu um tillögu, sem borin var fram af 42 stuðningslöndum Norður-Kóreu. Í þeirri tillögu er talið nauðsynlegt að leysa upp herstjórn S. þj. og draga til baka allar erlendar hersveitir í Suður-Kóreu, sem þar eru undir fána S. þj. Hinir raunverulegu aðilar að vopnahléssamningnum, þ. e. Bandaríkin og Norður-Kórea, eru hvattir til að vinna að gerð friðarsamnings í stað vopnahléssamningsins. Bæði Kóreuríkin eru einnig í tillögunni hvött til að halda ákvæði hinnar sameiginlegu yfirlýsingar þeirra frá 1972 og gera m. a. ráðstafanir til að komast hjá vopnuðum átökum og fækka í herliði beggja ríkjanna.

Tillagan var í nefndinni samþykkt með 51 gegn 38, 50 sátu hjá. Ísland, Danmörk og Noregur greiddu atkvæði á móti ásamt flestum vestrænum ríkjum. Finnland og Svíþjóð sátu hjá og það sama gerðu flest Asíuríki og Suður-Ameríkuríki. Allsherjarþingið samþykkti einnig tillöguna með 54 gegn 43, 42 sátu hjá. Afstaða Íslands byggðist á því, að ekki var einu orði minnst á Suður-Kóreu í tillögunni, en slíkt leiddi ekki til varanlegrar lausnar.

Að því er varðar efnahags- og þróunarmál urðu störfin í 2. nefnd á 30. Allsherjarþinginu af eðlilegum ástæðum eins konar framhald af 7. aukaþinginu, sem fjallaði um þróunarmál og alþjóðlega efnahags- og viðskiptasamvinnu. Sjöunda þinginu lauk daginn sem 30. þingið var sett. Á aukaþinginu tókst að ná málamiðlunarsamkomulagi um ályktun um þessi málefni.

Ekki tókst þó að ná einingu um stærsta málið, sem var til meðferðar hjá nefndinni, þ. e. um „endurskoðun áætlunarinnar um annan þróunaráratug Sameinuðu þjóðanna“. Greinilegt var, að þróunarlöndin vildu stíga skref fram á við frá því málamiðlunarsamkomulagi, sem náðst hafði á 7. aukaþinginu um þróunar- og efnahagsmálefni. Sum iðnvæddu ríkin voru hins vegar ekki tilbúin enn til að ganga lengra en þau höfðu gert með samkomulaginu á 7. aukaþinginu. Þessi ríki vildu m. a. bíða eftir niðurstöðum Parísarráðstefnunnar og 4. ráðstefnu UNCTAD, áður en þau féllust á frekari tilslakanir.

Hópur ríkjanna 77 lagði fram í 2. nefnd uppkast að tillögu um endurskoðun þróunaráætlunarinnar. Ákveðið var að þetta uppkast yrði grundvöllur í samningaviðræðum í óformlegri vinnunefnd innan 2. nefndar, sem þau lönd, sem þess óskuðu, gátu tekið þátt í.

Þrátt fyrir langar og strangar samningaviðræður heppnaðist ekki að ná einingu án atkvæðagreiðslu um ályktun um endurskoðun á markmiðum annars þróunaráratugs S. þj. Nefndin samþykkti ályktunina um endurskoðunina með 94 atkvæðum, enginn á móti, 7 ríki sátu hjá. Fjöldi ríkja, fyrst og fremst úr hópi hinna iðnvæddu, gerðu fyrirvara um fjölmargar greinar ályktunarinnar og töldu sig þar með ekki vera bundin af ákvæðum þeirra.

Allsherjarþingið samþykkti ályktunina með 123 atkvæðum, enginn á móti, 8 ríki sátu hjá.

Er tillaga Efnahags- og félagsmálaráðsins (Ecosoc) um áætlunina um framkvæmd áratugsins gegn kynþáttamisrétti kom til umræðu í 3. nefndinni lögðu Kúba, Suður-Jemen, Líbýa, Sómalía og Sýrland fram breytingartillögu, sem fól í sér að stimpla zíonisma sem hliðstæða kynþáttastefnu og apartheid. Þar af leiðandi skyldi áratugnum og baráttunni gegn kynþáttastefnu og kynþáttamisrétti ekki síður beint gegn zíonisma en gegn apartheid. Er þessi breytingartillaga hafði verið lögð fram tilkynntu Alsír, Marokkó, Jórdan, Írak, The Union of Arab Emirates, Guinea, Súdan og Afganistan sig sem meðflutningsaðila að breytingartillögunni.

Í umræðunum um breytingartillöguna lýsti fulltrúi Ítalíu, fyrir hönd Efnahagsbandalagsríkjanna, því yfir, að yrði breytingartillagan samþykkt mundu ríkin 9 greiða atkvæði gegn tillögunni í heild svo breyttri. Bandaríkin lýstu því sama

yfir og kom fljótt í ljós, að mikill meirihluti hinna vestrænu ríkja var sömu skoðunar. Þessi breytingartillaga olli klofningi í hópi Afríkuríkja. Mörg þeirra lýstu því yfir, að þau óttuðust að samþykkt breytingartillögunnar gæti eyðilagt áætlunina um baráttuna gegn kynþáttastefnu og kynþáttamisrétti, sem full eining hafði náðst um í Efnahags- og félagsmálaráðinu.

Að beiðni flytjanda breytingartillögunnar var umræðum um áratuginn gegn kynþáttamisrétti frestað um nokkra daga í nefndinni. Fljótt kom í ljós, að Arabaríkin höfðu í hyggju að draga breytingartillöguna til baka, en leggja í stað þess fram nýja sjálfstæða tillögu, er fól í sér efni breytingartillögunnar. Ágreiningur kom upp milli Arabaríkjanna og Afríkuríkja um orðalag á nýrri tillögu. Afríkuhópurinn lagði á það áherslu að Arabaríkin flyttu þetta mál undir öðrum dagskrárlið í von um að það mundi fremur firra áætlunina um áratuginn gegn kynþáttamisrétti tjóni. Arabaríkin urðu ekki við þeim óskum.

Er málið kom að nýju til umræðu í nefndinni kom upp vandamál í sambandi við þingsköp. Samningaþófið milli Arabaríkjanna og Afríkuríkjanna hafð dregist á langinn, og var frestur til að leggja fram nýjar sjálfstæðar tillögur undir þessum dagskrárlið útrunninn. Eftir langar umræður um þingsköp samþykkti nefndin hins vegar með atkvæðatölunum 75-22-26 að leggja mætti fram hina sjálfstæðu tillögu, sem kvað á um að zíonismi væri eitt form kynþáttastefnu.

Þegar hin sjálfstæða tillaga var lögð fram í nefndinni stóðu eftirtalin ríki að flutningi hennar: Afganistan, Alsír, Bahrain, Kúba, Dahomey, Suður-Jemen, Egyptaland, Guinea, Írak, Jórdanía, Kuwait, Líbanon, Líbýa, Máritanía, Marokkó, Óman, Qatar, Saudi-Arabía, Sómalía, Súdan, Sýrland, Túnis, Arabísku emirötin og Úkraina.

Sierra Leone lagði fram formlega tillögu um, að tillögunni yrði fresta til 31. þingsins. Zambía lýsti strax yfir stuðningi við þessa tillögu Sierra Leone. Umræður um tillögu Sierra Leone urðu hins vegar stuttar, þar sem Arabaríkin lögð fram dagskrártillögu um lokun umræðu og atkvæðagreiðslu um tillögu Sierra Leone. Tillagan um að fresta málinu til 31. þingsins var felld með 68 atkvæðum gegn 45, 16 ríki sátu hjá. Öll vestræn ríki greiddu atkvæði með frestuninni, að undanteknum Portúgal og Tyrklandi. Spánn og Grikkland voru fjarstödd atkvæðagreiðsluna. Afríkuhópurinn klofnaði í atkvæðagreiðslunni. Afríkuríkin fyrir sunnan Sahara skiptust þannig, að 12 greiddu atkvæði með frestuninni, en 16 voru á móti.

Allmörg vestræn ríki kusu að flytja atkvæðaskýringar fyrir atkvæðagreiðsluna um þær þrjár tillögur undir dagskrárlið 68, sem nú lágu fyrir nefndinni. Fulltrúi Svíþjóðar flutti atkvæðaskýringu af hálfu norrænu landanna fimm. Minnt var á, að norrænu ríkin væru meðal hinna dyggustu í baráttunni gegn kynþáttastefnu og kynþáttamisrétti. Hins vegar mundi samþykkt zíonisma-tillögunnar hafa í för með sér róttæka breytingu á markmiðum áætlunarinnar um áratuginn gegn kynþáttamisrétti. Norrænu ríkin mundu þess vegna greiða atkvæði með Ecosoc-tillögunum tveimur, en gegn tillögunni varðandi zíonisma. Yrði zíonisma-tillagan samþykkt í nefndinni áskildu norrænu löndin sér rétt til að endurskoða afstöðu sína til Ecosoc-tillagnanna tveggja, þegar þær kæmu til afgreiðslu á þinginu.

Ecosoc-tillagan um áætlunina um áratuginn gegn kynþáttamisrétti var samþykkt í nefndinni með 124 atkvæðum gegn 1 (Ísrael), 2 ríki sátu hjá (Malawi og Papua New Guinea).

Ecosoc-tillagan um alþjóðaráðstefnuna í sambandi við áratuginn gegn kynþáttamisrétti var samþykkt með atkvæðatölunum 126-1-1, Ísrael greiddi atkvæði á móti og Papua New Guinea sat hjá. Þá kom til atkvæða tillagan varðandi zíonisma. Tillagan var samþykkt með atkvæðatölunum 70-29-27 (16 ríki voru fjarstödd atkvæðagreiðsluna.) Öll vestræn ríki greiddu atkvæði gegn tillögunni, að undanteknum Spáni, Portúgal og Tyrklandi, sem greiddu atkvæði með henni. Grikkland var fjarverandi atkvæðagreiðsluna. Japan og Rúmenía sátu hjá ásamt allmörgum Suður-Ameríkuríkjum. Allmörg Afríkuríki sátu hjá, en meiri hluti þeirra kaus að greiða atkvæði með tillögunni.

Þegar tillagan kom til afgreiðslu á þinginu, lagði fulltrúi Belgíu fram tillögu um að zíonisma-tillögunni yrði frestað til 31. þingsins. Tillaga Belgíu var felld með 67 atkvæðum gegn 55, 15 ríki sátu hjá.

Zíonisma-tillagan í heild var síðan samþykkt á þinginu með atkvæðatölunum 72-35-32.

Eftirfarandi ríki greiddu atkvæði gegn tillögunni: Efnahagsbandalagsríkin, Svíþjóð, Finnland, Ísland, Noregur, Bandaríkin, Kanada, Austurríki, Ástralía, Nýja-Sjáland, Bahamas, Barbados, Mið-Afríkulýðveldið, Costa Rica, Dóminikanska lýðveldið, El Salvador, Fiji, Haiti, Honduras, Ísrael, Fílabeinsströnd, Líbería, Malawi, Nicaragua, Panama, Swaziland og Uruguay.

Eftirtalin ríki sátu hjá við atkvæðagreiðsluna: Grikkland, Japan, Argentína, Bhutan, Bólivía, Botswana, Burma, Chile, Columbia, Ecuador, Eþíópía, Gabon, Ghana, Guatemala, Jamaica, Kenya, Lesotho, Máritíus, Nepal, Papua New Guinea, Paraguay, Perú, Filippseyjar, Sierra Leone, Singapore, Thailand, Togo, Trinidad og Tobago, Efri Volta, Venezúela, Zaire og Zambía.

Rúmenía var fjarstödd atkvæðagreiðsluna. Tillagan um áætlunina um áratuginn gegn kynþáttamisrétti var síðan samþykkt í þinginu með atkvæðatölunum 117 gegn 18, 5 ríki sátu hjá (norrænu ríkin voru meðal þeirra, sem greiddu atkvæði gegn tillögunni).

Tillagan um alþjóðaráðstefnuna í sambandi við áratuginn gegn kynþáttamisrétti var samþykkt í þinginu með atkvæðatölunum 116-18-7. Norrænu ríkin voru meðal þeirra sem greiddu atkvæði gegn tillögunni.

Hugmyndin um stofnun Háskóla Sameinuðu þjóðanna var fyrst borin fram fyrir 10 árum af U Thant, þáverandi framkvæmdastjóra S. þj. Það var 27. Allsherjarþingið, sem ákvað að setja Háskóla S. þj. á stofn. 28. Allsherjarþingið samþykkti stofnskrá skólans og ákvað að höfuðstöðvar skólans skyldu verða í Tókíó. Ráðinn hefur verið rektor háskólans, bandaríkjamaðurinn James Hester. Ráðinn hefur verið helmingur þess 60 manna starfsliðs, sem ráðgert er að starfi í höfuðstöðvum skólans í Tókíó.

Ráð háskólans, skipað 24 fulltrúum, sem tilnefndir eru af aðalframkvæmdastjóra S. þj. og framkvæmdastjóra UNESCO í sameiningu, hefur mótað skipulag á starfsemi skólans og unnið að vali á verkefnum fyrir hann.

Ráðgert er að fjármagna starfsemi háskólans með frjálsum framlögum frá ríkisstjórnum, stofnunum, háskólum og einstaklingum. Er stefnt að því að koma upp rekstrarsjóði er nemi 500 milljónum dollara. Japan hefur lagt fram 100 milljónir dollara, sem dreifast til greiðslu á árin 1975 til 1980. Venezúela hefur lofað 10 milljón dollara framlagi og Bandaríkin sömu upphæð. Svíþjóð lagði háskólanum til 1 milljón sænskra króna á árinu 1975 og Noregur mun leggja skólanum til 1 milljón króna á árinu 1976.

Ætlunin er, að háskólinn dreifi starfsemi sinni um allan heim og setji upp svæðismiðstöðvar, a. m. k. eina í hverri heimsálfu. Auk þessa eru fyrirhuguð tengsl við rannsókna- og menntastofnanir í ýmsum löndum. Slík tengsl gætu orðið með margvíslegum hætti eftir aðstæðum og yrðu samkomulagsatriði milli háskólans og viðkomandi stofnunar hverju sinni.

Ísland hefur frá því fyrsta stutt hugmyndina um háskóla S. þj. og látið í ljós áhuga á að kanna möguleika á þátttöku í starfsemi hans. Var í fyrstu einkum hugleidd samvinna við háskólann varðandi rannsóknir á auðlindum hafsins, en athyglin beinist nú frekar að samvinnu við háskólann um rannsóknir og kennslu á sviði jarðhitaorku.

Í þessu sambandi má geta þess, að á fundi Auðlindanefndar S. þj. í Tókíó í mars 1975 hafði Ísland frumkvæði að flutningi tillögu, sem samþykkt var einróma um, að Háskóli S. þj. beitti sér fyrir rannsóknum og fræðslu varðandi nýtingu jarðhita. Þessari hugmynd hefur verið mjög vel tekið, og má nú telja verulegar líkur á, að eitt af verkefnum háskólans verði á þessu sviði.

Komið hefur verið á framfæri við rektor háskólans fyrstu hugmyndum íslenskra stjórnvalda um hugsanlega samvinnu um þessi mál og jafnframt leitað eftir viðbrögðum háskólans, m. a. um kostnaðarhliðina.

Til grundvallar umræðum um málefni háskólans í 2. nefnd lágu skýrslur háskólaráðsins og var þeim fylgt úr hlaði í nefndinni af rektor háskólans. Skýrði hann frá, að unnið væri nú að því að setja saman nákvæma framkvæmdaáætlun um starfsemi háskólans í framtíðinni. Rektor lýsti vonbrigðum sínum yfir því, að aðeins fimm ríki hefðu fram til þessa lagt háskólanum til fé, og lét í ljós vonir um, að fleiri ríki mundu sýna stuðning sinn við háskólann í verki með fjárframlögum.

Í almennu umræðunum um málefni háskólans gáfu allmörg ríki ádrátt um fjárframlög til skólans. Nokkur ríki létu í ljós áhuga á að taka upp samvinnu við skólann. Fastafulltrúi Íslands tók þátt í almennu umræðunum og skýrði þar m. a. frá, að ríkisstjórn Íslands hefði í athugun tillögur um samvinnu við háskólann á sviði rannsókna og fræðslu um nýtingu jarðhitaorku.

Grikkland lýsti áhuga á að koma upp rannsóknastofnun í samvinnu við háskólann á sviði haffræði og fiskveiða.

Venezúela hafði frumkvæði að undirbúningi að tillögu um málefni háskólans. Ísland gerðist meðflutningsaðili að þeirri tillögu ásamt fleiri ríkjum. Mexikó kom fram með allmargar breytingartillögur, sem höfðu að markmiði að mynda formlegt samband milli háskólans og hins nýstofnaða Háskóla þriðja heimsins í Mexikó City. Eftir alllangar óformlegar samningaviðræður, sem Ísland tók virkan þátt í, tókst að ná samkomulagi um hóflega orðaða tillögu um háskólann og starfsemi hans. Í tillögunni er lýst yfir samþykki við samþykkt háskólaráðsins um forgangsverkefni háskólans, skólinn er hvattur til að taka upp samvinnu við menntastofnanir um heim allan, einkum slíkar stofnanir í þróunarlöndunum. Þá er skorað á aðildarríkin að leggja háskólanum til fé. Tillagan var samþykkt án atkvæðagreiðslu bæði í 2. nefnd og á þinginu.

Sem kunnugt er, hefur verið samstarf milli Íslands og Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1972. Á þessum tíma hefur Ísland fengið að jafnaði 200 þúsund dala framlag á ári frá Þróunarstofnuninni, en heildarfjárframlag stofnunarinnar var ákveðið 1 milljón dala á 5 árum. Fé þetta hefur runnið til 20 verkefna á ýmsum sviðum þjóðfélagsins, þ. á m. málmleitar, ferðamála, útflutningsstarfsemi iðnaðarins, lax- og silungsrannsókna, fiskvinnslurannsókna, landbúnaðarrannsókna og fleira. Samkvæmt áætluninni var ráðgert að framlagi Þróunarstofnunar S. þj. væri lokið í árslok 1976, en í marsmánuði s. l. bárust þær fregnir frá Þróunarstofnuninni að allar greiðslur til verkefna á Íslandi hefðu verið stöðvaðar, þar sem upphaflegt fjárframlag hefði þegar verið greitt í árslok 1975 og auk þess hefðu greiðslur farið sem svarar rúmlega 400 þúsund dölum fram úr áætlun. Hefur þetta komið nokkuð illa niður á vissum verkefnum hérlendis sem ráðgert var að ljúka með fjármagni frá stofnuninni. Ég skýrði frá því í skýrslu um utanríkismál á síðastliðnu ári að þar sem styrkir Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna væru fyrst og fremst ætlaðir hinum fátækari þróunarlöndum, hlyti það að vera kappsmál að Ísland stefndi að því að árlegt framlag þess yrði sem svari því sem stofnunin greiðir hérlendum aðilum. Svo hefur ekki orðið í framkvæmd og, sem fyrr segir, erum við nú í 400 þúsund dala skuld við stofnunina umfram þá 1 milljón dali sem okkur var úthlutað.

Hafréttarráðstefnan.

Á fundi ráðstefnunnar, sem hófst í New York 15. mars og mun standa til 7. maí, eru til umræðu þeir þrír kaflar frumvarpsins að hafréttarsáttmála, sem fyrir lágu frá formönnum aðalnefndanna þriggja, svo og fjórði kaflinn, sem forseti ráðstefnunnar hefur lagt fram og fjallar um lausn deilumála. Ekki er gert ráð fyrir, að störfum ráðstefnunnar verði lokið á þessum fundum, heldur verði annar fundur að koma til og er hann ráðgerður í Genf frá 15. júlí fram í septemberbyrjun. Standa vonir til að á þessum síðari fundi verði hægt að komast að heildarniðurstöðu, þannig að undir-

ritun hafréttarsáttmála geti farið fram í Caracas skömmu síðar. Ekkert verður þó fullyrt um, hvort sú áætlun muni standast.

Störfin á New York-fundinum fara fram á óformlegum fundum í aðalnefndunum þremur, en auk þess í starfshópum, sem öll þátttökuríki geta átt fulltrúa í. Mun þá hver hópur ræða tiltekinn málaflokk. Auk þess hefur Evensen-nefndin haldið reglulega fundi og stöðugir fundir eru í hinum ýmsu svæðahópum (Suður-Ameríka, Asía o. s. frv.) og í strandríkjahópnum. Málum verður þannig smám saman þokað áfram til afgreiðslu í aðalnefndum og loks á allsherjarfundi. Þar sem öll málin eru nátengd og eiga að leysast í heild, verður ekki um það að ræða, að sérstakir þættir séu afgreiddir óðruvísi en sem liður í heildarlausn. Verður þá aðallega um það að ræða að finna málamiðlun í einstökum atriðum. Er þá líklegt að gefa þurfi eftir á ýmsum sviðum til að fá önnur atriði tryggð og mun sú hugsun ganga í gegnum alla málaflokka og einnig milli þeirra, en alls liggja nú fyrir ráðstefnuninni um 400 greinar.

Enda þótt störf í undirbúningsnefnd Hafréttarráðstefnunnar og störf á ráðstefnuninni sjálfri hafi farið fram síðan 1970 (og varðandi alþjóðahafsbotnssvæðið frá 1967), hefur aldrei verið gripið til atkvæðagreiðslna, heldur hafa störfin miðast við það að reyna að ná endanlegri heildarlausn með samkomulagi. Hafa þá allir gert sér grein fyrir því, að enda þótt e. t. v. væri hægt að ná ⅔ atkvæða fyrir ýmsum þáttum málanna, jafnvel einhvers konar heildarlausn, þá mundi sú lausn ekki binda þau ríki, sem ekki vildu gerast aðilar að endanlegum hafréttarsáttmála. Það er einmitt þess vegna sem allan tímann hefur verið unnið að þessum málum með heildarlausn fyrir augum sem gæti hlotið stuðning sem allra flestra. Verður því að hafa í huga öll atriði málsins til þess að hægt sé í ljósi þess að finna þann farveg, sem allir eða flestallir geta átt samleið í.

Í stórum dráttum er aðstaðan á ráðstefnunni nú þessi:

A. Alþjóðahafsbotnssvæðið.

Hér eru enn mikil átök um völd fyrirhugaðrar hafsbotnsstofnunar. Þróunarríkin hafa alltaf viljað, að stofnunin sjái sjálf um hagnýtingu auðlinda á svæðinu og hafi þar algera yfirstjórn, en iðnþróuðu ríkin hafa frá upphafi talið að stofnunin ætti aðeins að úthluta leyfum til ríkja eða fyrirtækja. Auk þess er mikill ágreiningur um fyrirkomulag stofnunarinnar sjálfrar, þ. e. samsetningu einstakra deilda hennar, þings, ráðs, o. s. frv. og völd þeirra. Ýmsar málamiðlunartillögur hafa verið ræddar og hefur málið þokast talsvert áfram. Er þá jafnframt miðað við það bak við tjöldin, að einhver afsláttur af hálfu þróunarríkjanna komi til greina til að tryggja réttindi í sambandi við efnahagslögsöguna. Inn í allt þetta blandast svo spurningin um stærð svæðisins, þar sem þau ríki, sem víðáttumikil landgrunn hafa, vilja hafa yfirráð yfir þeim einnig utan 200 mílna svæðisins, en t. d. Afríkuríkin vilja að svæðið utan 200 mílna verði eign alþjóðahafsbotnsstofnunarinnar. Rætt er um þá málamiðlun, að einhvers konar arðskipting komi til greina á landgrunnssvæðinu utan 200 mílna, þannig að alþjóðahafsbotnsstofnunin fái þaðan tekjur. Væntanlega verður niðurstaðan sú áður en lýkur, en allt hangir þetta sem sagt saman.

B. Yfirráðasvæði ríkja.

Hér koma til reglur um grunnlínur, landhelgi, landgrunn og efnahagslögsögu. Miðað er við svipaðar grunnlínur og á 1958-ráðstefnunni, þ. á m. beinar grunnlínur, og allt að 12 mílna landhelgi. Þá er miðað við allt að 200 mílna efnahagslögsögu er taki til lífrænna og ólífrænna auðlinda í landgrunni og hafi. Hins vegar eru mikil átök um nánara efni efnahagslögsöguhugtaksins og eru þar þrjár höfuðstefnur: Í fyrsta lagi, að strandríki hafi mjög víðtæk réttindi, sem nánast mundi þýða sama og landhelgi. Í öðru lagi, að strandríki hafi aðeins rétt til hagnýtingar auðlinda, en að öll önnur réttindi tilheyri alþjóðasamfélaginu. Í þriðja lagi eru svo mismunandi blæbrigði af millileiðum, þar sem átök eru um, að hvað miklu leyti strandríki geti

haft yfirráð yfir vísindalegum rannsóknum og ráðstöfunum gegn mengun. Á ráðstefnunni er unnið eftir þriðju leiðinni og reynt að finna milliveg er tryggi bæði hagsmuni strandríkisins og hagsmuni hins alþjóðlega samfélags af siglingafrelsi o. s. frv. Allt er þetta í deiglunni og málamiðlanir eru skoðaðar í samhengi við aðra málaflokka. Hér koma einnig til kröfur um réttindi annarra ríkja innan efnahagslögsögu strandríkisins. Er þar aðallega um að ræða kröfur frá landluktum ríkjum og landfræðilega afskiptum ríkjum, sem ekki hafa aðstöðu til að koma upp slíku svæði hjá sér. Mikil átök eru um þessar kröfur.

C. Reglur á úthafinu utan efnahagslögsögu.

Hér kemur til endurskoðun á reglum frá 1958-ráðstefnunni bæði um siglingafrelsi, verndun fiskstofna, ráðstafanir gegn mengun o. s. frv.

D. Umferð um sund.

Mikið hefur þokast í áttina til samkomulags í þessu efni og er þar um að ræða jafnvægi milli siglingafrelsis annars vegar og hins vegar að tryggðir séu hagsmunir strandríkja. Vonir standa til, að samkomulag geti náðst um þetta atriði.

E. Lausn deilumála.

Í áðurnefndum kafla um lausn deilumála er gert ráð fyrir mjög viðamiklu kerfi varðandi lausn deilumála og er þá gert ráð fyrir sérstökum dómstóli og sérstökum nefndum, er fjalli um ágreining. Eins og nú standa sakir, er gert ráð fyrir því í 18. grein þessa uppkasts, að ágreiningur varðandi þau atriði, sem úrskurðarvald strandríkisins nær til samkvæmt samningnum, verði ekki borinn undir þessar stofnanir nema sérstaklega standi á. Uppkastið var rætt á almennum fundi ráðstefnunnar 5. og 6. apríl, en ekkert verður fullyrt á þessu stigi um það, hver niðurstaðan verður. Uppkastið verður rætt lið fyrir lið í sérstakri nefnd þar sem allir eiga sæti.

Eins og áður segir eru öll þessi mál enn í deiglunni. Aðalverkefni íslensku sendinefndarinnar hefur frá upphafi verið að vinna að heildarlausn er tryggi yfirráð strandríkis yfir auðlindum allt að 200 mílum frá ströndum, þannig að strandríki ákveði sjálft leyfilegan hámarksafla fiskstofna og möguleika sína til að hagnýta hann, svo og að úrskurður þriðja aðila um ágreining í því efni komi ekki til greina. Varðandi öll önnur atriði er stefnan sú að hafa samvinnu við aðrar sendinefndir um alls konar málamiðlanir, er þoki málum áfram áleiðis að þessu höfuðmarki. Er því nauðsynlegt af Íslands hálfu að fylgjast sem best með öllu sem er að gerast, bæði á fundum og bak við tjöldin, og taka þátt í hinum ýmsu starfshópum og undirnefndum. Er það feiknamikið starf, en árangurinn hefur verið góður hingað til. Þetta verður áfram verkefni íslensku sendinefndarinnar og verður enn að leggja höfuðáherslu á að fyrirbyggja það, að þau atriði. sem okkur varða mestu, fari úr böndum. Sérstök athygli beinist þá að kaflanum um lausn deilumála, sem óneitanlega er nú í aukinni hættu eftir þau átök, sem átt hafa sér stað á Íslandsmiðum. Verður sendinefndin að sjálfsögðu að vaka vel á verðinum og láta engin tækifæri ónotuð.

Frumdrög þau, sem nú eru til umræðu, voru lögð fram eftir að störfum síðasta fundar var lokið. Hafa þau því enn ekki verið rædd á ráðstefnunni. Hins vegar hafa kaflarnir um landgrunn, ráðstafanir gegn mengun og vísindalegar rannsóknir verið ræddir á fundum Evensen-nefndarinnar og munu þær umræður flýta fyrir störfum ráðstefnunnar.

Landhelgismálið.

Hinn 25. nóv. 1975 ákvað breska ríkisstjórnin að senda herskip inn fyrir fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að aðstoða breska togara við veiðar og vernda þá gegn íslenskum varðskipum. Í þriðja skipti á 17 árum notaði breska ríkisstjórnin hervald

til þess að neyða íslendinga til að láta undan í deilumáli, sem viðkemur lífshagsmunum íslendinga. Breska ríkisstjórnin notaði einnig herflugvélar af Nimrod-gerð, þyrlur, dráttarbáta, birgðaskip og önnur aðstoðarskip til þess að aðstoða herskipin. Ein af þeim aðferðum, sem herskipin og dráttarbátarnir beita, er að sigla á íslensku varðskipin og hafa þau á þann hátt hvað eftir annað valdið miklum skemmdum á varðskipunum og stofnað lífi áhafna þeirra í mikla hættu — oft víðs fjarri breskum togurum. Eitt slíkt atvik átti sér stað innan óvefengjanlegrar lögsögu Íslands, aðeins tvær sjómílur frá landi. Íslenska ríkisstjórnin hefur að sjálfsögðu sent ströng mótmæli gegn innrás breskra herskipa inn í íslenska fiskveiðilögsögu og lýst yfir að íslensk varðskip muni halda áfram að framfylgja íslenskum lögum og reglum eftir bestu getu innan íslensku fiskveiðilandhelginnar. Um leið var tilkynnt að engar viðræður gætu átt sér stað fyrr en herskipin hefðu verið kölluð út úr landhelginni.

Enda þótt ljóst hafi verið að íslenski fiskstofninn var þegar kominn í hættu á síðastliðnu ári, var íslenska ríkisstjórnin reiðubúin að hefja samningaviðræður um viss fiskveiðiréttindi innan fiskveiðilögsögunnar. Hinn 28. nóv. 1975 var undirritaður samningur við Belgíu og V-Þýskaland um fiskveiðiréttindi. Hinn 10. mars 1976 var undirritaður samningur milli Noregs og Íslands þar sem norska ríkisstjórnin viðurkennir rétt íslensku ríkisstjórnarinnar til þess að ákveða hámarksafla innan 200 mílna fiskveiðilögsögunnar. Jafnframt var undirritað samkomulag við landsstjórn Færeyja hinn 20. mars s. l. Eina ríkið, sem ekki hefur viljað viðurkenna hið sérstaka vandamál Íslands, er Bretland. Hinn 17. nóv. 1975 var bresku ríkisstjórninni tilkynnt að ríkisstjórn Íslands væri reiðubúin að hefja viðræður enda þótt ljóst væri orðið að íslenski togaraflotinn gæti auðveldlega veitt allan þann fisk sem fiskifræðingar álíta að öruggt sé að veiða í nágrenni við landið á árunum 1976 og 1977. Hinn 7. jan. 1976 átti sér stað mjög alvarlegur atburður á íslensku fiskimiðunum, þegar breska freigátan ANDROMEDE sigldi á varðskipið ÞÓR og olli miklum skemmdum. Síðdegis þann dag lýsti forsætisráðherra Íslands því yfir, að ef önnur slík ásigling ætti sér stað mundi íslenska ríkisstjórnin vera tilneydd til að slíta stjórnmálasambandi við Bretland. Svar breska flotans var að sigla enn einu sinni á íslenskt varðskip hinn 9. jan. s. l. og olli sá árekstur jafnvel meira tjóni heldur en áreksturinn þann 7. Hinn 8. jan. 1976 ákvað íslenska ríkisstjórnin að gera vissar ráðstafanir í deilunni, m. a. að gefa ríkisstjórnum hinna NATO-landanna skýrslu um hið alvarlega ástand, sem upp hefði komið vegna ólöglegrar valdbeitingar breska flotans, og að leita stuðnings þeirra innan Atlantshafsbandalagsins. Einnig var ákveðið að biðja hr. Joseph Luns, aðalframkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins, að koma til Íslands til viðræðna. Dr. Luns kom til Íslands hinn 14. jan. 1976 og ræddi vandamálið við íslenska stjórnmálaleiðtoga, en hélt síðan til London þar sem hann ræddi málið við breska stjórnmálaleiðtoga. Hinn 16. jan. tilkynnti forsætisráðherra Íslands á blaðamannafundi, að ef bresku herskipin yrðu kölluð út úr landhelginni væru íslendingar reiðubúnir að hefja viðræður við breta um hugsanlega lausn á deilunni. Ef hins vegar bresku herskipin hefðu ekki verið kölluð út úr fiskveiðilandhelginni inn 2—3 daga mundi íslenska ríkisstjórnin slíta stjórnmálasambandi við breta. Hinn 19. jan. 1976 lýsti íslenska ríkisstjórnin því yfir að ef bresku herskipin og Nimrod-þoturnar héldu áfram starfsemi sinni innan íslensku 200 mílna fiskveiðilandhelginnar eftir miðnætti 24. jan. mundi ríkisstjórnin líta svo á að stjórnmálasambandi milli Bretlands og Íslands hefði verið sagt upp. Þennan sama dag tilkynnti breska stjórnin að hún mundi kalla herskip sín út úr landhelginni og að forsætisráðherra Íslands væri boðið til London til að ræða við breska forsætisráðherrann. Forsætisráðherra Íslands heimsótti Bretland dagana 24.—27. jan. ásamt fylgdarliði til að kanna möguleika á samkomulagi við breta. Eftir að tillögur breta um mögulega samninga við íslendinga höfðu verið rannsakaðar nákvæmlega af íslensku ríkisstjórninni, stjórnmálaflokkum og utanríkismálanefnd Alþingis, flutti forsætisráðherra breska sendiherranum á Íslandi eftirfarandi svar hinn 3. febr. 1976:

„Með tilvísun til viðræðna milli forsætisráðherra Íslands og Bretlands skal eftirfarandi tekið fram: Eftir að hafa íhugað meginatriði viðræðnanna álítur íslenska

ríkisstjórnin að þær tillögur, sem komu fram af breskri hálfu um hámarksafla breskra togara, séu óaðgengilegar. Íslenska ríkisstjórnin er samt sem áður tilbúin að hefja viðræður við ríkisstjórn Bretlands um samning til skamms tíma.“

Breska ríkisstjórnin lýsti því yfir að hún væri reiðubúin að hefja viðræður við íslendinga um skammtímasamning. En að kvöldi 5. febr. 1976 höfðu bresk herskip enn á ný farið inn fyrir íslenska fiskveiðilögsögu og Nimrod-þoturnar fylgdu brátt í kjölfar. Breska ríkisstjórnin notaði það yfirskin að íslenskt varðskip hafði þann dag skorið á togvíra breska togarans LOCH ERIBOLL. Togari þessi var þá að veiðum innan friðaða svæðisins norð-austur af Íslandi, en þetta svæði er lokað öllum skipum, þ. á m. íslenskum skipum, allt árið, og er talið eitt af mikilvægustu hrygningarsvæðum og uppeldisstöðvum fyrir fisk í nágrenni við Ísland. Varðskipið skar ekki togvíra togarans fyrr en honum höfðu verið gefnar margítrekaðar aðvaranir um að draga inn net sín og færa sig út af svæðinu. Allan þann dag, eins og síðar, voru bresku togurunum gefin stöðug fyrirmæli af skipstjórnarmönnum verndarskipanna, og þá sérstaklega dráttarbátsins LLOYDSMAN, að hlýða ekki fyrirskipunum íslensku varðskipanna. Íslenska ríkisstjórnin mótmælti harðlega þessum endurteknu afskiptum breska flotans og lýsti því yfir að enginn grundvöllur væri fyrir frekari viðræðum meðan herskipin héldu sig innan íslensku fiskveiðilögsögunnar. Eftir að bresku freigátunar höfðu enn einu sinni farið inn fyrir íslensku fiskveiðilögsöguna hefði íslenska ríkisstjórnin getað framkvæmt yfirlýsingu sína frá því í janúar um að slíta strax stjórnmálasambandi við Bretland. En þar sem aðalframkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins, dr. Luns, hafði boðið aðstoð sína við að reyna að fá herskipin kölluð enn einu sinni út úr landhelginni og vegna þess að hann hafði hvatt íslensku ríkisstjórnina til þess að fresta einhliða aðgerðum, þar til hann hefði kynnt sér málið rækilega, var ákvörðuninni um stjórnmálasambandsslit frestað í næstum tvær vikur. Hinn 6. febr. 1976 tilkynnti utanríkisráðuneyti Bretlands, að breska togaraútgerðin hefði samþykkt að fækka togurum sínum við Ísland úr 139 í 105 og að minnka heildarafla sinn niður í 100 000 tonn á ári, eða 7 000 tonn af borski á mánuði. Rétt er að benda á að það er athyglisvert að í janúar 1975 var meðalfjöldi breskra togara á Íslandsmiðum 15 togarar á dag og í febrúarmánuði 1975 var sambærileg tala 26 togarar á dag. Í janúar og febrúar 1976 var tala þessara togara u. þ. b. 40 og stundum um 50 og þar yfir. Til dæmis var hinn 16. jan. 1976 51 breskur togari að veiðum við Ísland, og 17. jan. voru þeir 52. Með hliðsjón af því að bresk togaraútgerð er á undanhaldi og að breskum togurum fækkar stöðugt er aðeins hægt að líta á þessa fjölgun sem beina ógnun við íslendinga. Hvað viðvíkur þeim hámarksafla, sem bretar leggja til, þ. e. 100 000 tonn á ári, skal geta þess að árið 1975 var heildarafli þeirra um 113 000—115 000 tonn, þannig að sú yfirlýsing breta að takmarka afla sinn við 100 000 tonn 1976 hefur enga þýðingu.

Hinn 7. febr. 1976 hélt breski togaraflotinn undir vernd breskra herskipa inn á friðuðu svæðin norð-austur af Íslandi. Togaraflotinn hefur síðan að mestu leyti stundað veiðar sínar innan þess svæðis og nýleg úttekt á svæðinu, sem gerð var 13. febr. 1976, staðfestir það, sem lengi hefur verið vitað, að langstærsti hlutinn af veiðinni er ungur fiskur og fiskur undir lágmarksstærð. Þetta er þess vegna ekkert annað en rányrkja af verstu tegund.

Það friðaða svæði, sem minnst er á hér að ofan, er lokað fyrir allri veiði allt árið, samkvæmt nýjum reglugerðum, sem gengu í gildi 5. febr. 1976, en svæði þetta var áður lokað yfir tímabilið frá apríl fram í júní ár hvert. Breska ríkisstjórnin lýsti því yfir að henni hafi ekki verið tilkynnt um þessar nýju friðunarreglur íslendinga. Þetta er rétt. Þar sem bretum hafa ekki verið veitt leyfi til þess að veiða innan 200 mílna fiskveiðilögsögu íslendinga getur það ekki talist rökrétt að þeim sé tilkynnt hvaða reglugerðir séu í gildi á þessu svæði. En þetta er engin afsökun þar sem breskum embættismönnum var skýrt frá þessum nýju reglugerðum í sambandi við viðræður forsætisráðherranna í London í janúar, auk þess sem þessar reglugerðir voru birtar opinberlega á Íslandi á venjulegan hátt, og breska sendiráðið í Reykjavík hlýtur að hafa tilkynnt ríkisstjórn sinni þessar aðgerðir. Að lokum má geta þess að ís-

lenska landhelgisgæslan hefur hvað eftir annað tilkynnt breskum togurum að þeir væru að veiða innan friðaðs svæðis.

Ásiglingar á íslensk varðskip hafa verið tíðar. Hinn 6. febr. 1976 sigldi breska freigátan JUNO tvisvar á varðskipið TÝ. Hinn 12. febr. 1976 sigldi breska freigátan DIOMEDE á varðskipið BALDUR norð-austur af Íslandi og urðu töluverðar skemmdir á varðskipinu. Gerði freigátan fjórar tilraunir til viðbótar til þess að sigla á BALDUR, en varðskipinu tókst í hvert skipti að forðast árekstur. Sú ásökun breska varnarmálaráðuneytsins að BALDUR, sem aðeins gengur 17 sjómílur á klukkustund, hefði siglt fyrir stefni DIOMEDE, sem gengur mun hraðar, eða um það bil 30 sjómílur, er auðvitað fráleit.

Hinn 14. febr. 1976 fékk íslenska ríksistjórnin skýrslu frá dr. Luns um viðræður hans við breska ráðherra í London nokkrum dögum áður um nýjar hugmyndir breta til að semja við íslendinga. Þessar hugmyndir voru athugaðar nákvæmlega, en niðurstaðan varð sú að þær gætu ekki skapað grundvöll fyrir samkomulagi. Íslenska ríkisstjórnin taldi ekki fært að halda áfram stjórnmálasambandi við Bretland, sem hvað eftir annað beitir íslensku þjóðina hervaldi. Var stjórnmálasambandi þess vegna slitið hinn 19. febr. 1976.

Á fundi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn hinn 28. febr.—4. mars 1976 sendi forsætisnefnd samtakanna frá sér yfirlýsingu til ríkisstjórna Norðurlanda, þar sem hún tekur m. a. fram, að nærvera bresku freigátanna við Ísland komi í veg fyrir friðsamlega lausn og að nauðsynlegt sé að kalla þær í burtu til þess að auðvelda lausn fyrir báða aðila.

Í fréttatilkynningu, sem birt var að loknum fundi utanríkisráðherra Norðurlanda, sem haldin var í Stokkhólmi dagana 25. og 26. mars s. l., kom hið sama fram og hefur stuðningur bræðraþjóðanna aldrei komið skýrar í ljós.

Bretar halda áfram árásum sínum á íslensku varðskipin og virðast þær frekar hafa færst í aukana undanfarna daga. Ég tel að þakka beri hæfni og ákveðni íslensku skipherranna að ekki hafa hlotist meiðsl eða dauði af völdum ofsa bretanna.

Norðurlandasamvinna.

Allir íslendingar eru sammála um gildi norrænnar samvinnu. Má vera að sú sé ástæða þess, hversu tiltölulega lítið er rætt um hana. Hvað sem um það má segja, er ljóst að þátttakan í Norðurlandasamvinnunni er einn helsti hornsteinn íslenskrar utanríkisstefnu.

Norðurlandaráð er samstarfsvettvangur þjóðþinga Norðurlandanna, svo sem kunnugt er. Forsætisnefndin hefur viðamiklu hlutverki að gegna milli funda Norðurlandaráðs. Mikinn hluta þess tíma, sem skýrsla mín nær yfir, hefur frú Ragnhildur Helgadóttir alþingismaður haft það vandasama verk með höndum að vera, fyrst norrænna kvenna, forseti ráðsins.

Fimm fastar undirnefndir starfa mikið allt árið um kring. Fjalla þær um efnahags-, menningar-, félags-, samgöngu- og lagamál. Fer mikilvægt starf fram í þessum nefndum, starf sem stöðugt eflir norræna samvitund.

Á vegum norðurlandaráðs hafa ýmsar stofnanir verið settar á laggirnar víða um Norðurlöndin, má t. d. nefna Kjarnorkumálastofnunina, Þjóðfélagsmálastofnunina, Samastofnunina, Eldfjallastofnunina og Norræna húsið. Af meiri háttar norrænum skoðanaskiptum er skemmst að minnast 24. þings Norðurlandaráðs, sem haldið var í Kaupmannahöfn 28. febr.—4. mars s. l. Verður stuðningsyfirlýsing þess þings við málstað Íslands í fiskveiðilögsögudeilunni við breta lengi í minnum höfð.

Eins og ég gat um áður var á fundi utanríkisráðherra Norðurlanda 25. og 26. mars s. l. samþykkt yfirlýsing hliðholl okkar málstað í landhelgisdeilunni. Var þar endurtekið það norræna álit, að bresku herskipin verði að yfirgefa íslensku fiskveiðilögsöguna til þess að hægt sé að leysa deiluna. Eru þessar tvær yfirlýsingar um utanríkismál sérstaklega eftirtektarverðar og marka að sumu leyti tímamót í sögu Norðurlandaráðs.

Auk 24. þings Norðurlandaráðs, reglubundinna ráðherrafunda og nefndarfunda má nefna samningastörfin sem ávallt eru mikil á hverju ári. Sem dæmi má taka Norðurlandasamning um stofnun Norrænna fjárfestingarbankans og staðsetningu hans í Helsingfors, sem undirritaður var í desember. Einnig má nefna Norðurlandasamning um erfðir og skipti á dánarbúum sem annað dæmi um samning, sem ekki lætur mjög mikið yfir sér, en styrkir engu að síður ásamt mörgum öðrum svipuðum það margslungna samstarf, sem Norðurlöndin hafa komið sér upp.

Norðurlönd hafa komið ár sinni vel fyrir borð með nokkuð mismunandi hætti í milliríkjasamskiptum, en þau eru einhuga að því er viðvíkur eflingu norræns samstarfs. Mismunandi fyrirkomulag á samskiptum þeirra við önnur ríki hefur að sjálfsögðu fyrst og fremst sprottið af viðleitni Norðurlandanna hvers um sig til að gæta sem best eigin hagsmuna, en um leið hefur þessi fjölbreytni á vissan hátt orðið þeim sem heild styrkur. Og með hinu nána samstarfi sín í milli um alþjóðamál, t. d. á Sameinuðu þjóða-þingum, hefur þeim oft tekist að hafa áhrif til farsællar þróunar langt umfram það, sem ætla mætti um ekki fjölmennari ríki. Þess er að vænta, að norrænt samstarf haldi áfram að eflast og dafna.

Evrópuráðið.

Eins og ég hef minnst á í fyrri skýrslum mínum um utanríkismál hafa á undanförnum árum átt sér stað allmiklar umræður um framtíðarhlutverk Evrópuráðsins. Var það einkum stækkun Efnahagsbandalagsins á öndverðu árinu 1972 sem kom þessum umræðum á stað. Hafa þær haldið áfram síðan með nokkrum hléum, en niðurstaða þeirra virðist ótvírætt vera sú að Evrópuráðið muni um ófyrirsjáanlega framtíð hafa mjög gagnlegu hlutverki að gegna sem vettvangur frjálsra skoðanaskipta á sviði stjórnmála álfunnar.

Umræður þær, sem hér er vikið að, um verksvið og framtíð Evrópuráðsins, hafa að sjálfsögðu verið mjög tengdar umræðum um aukin völd Evrópuþingsins, sem er ráðgjafarþing þeirra níu landa, er aðild eiga að Efnahagsbandalagi Evrópu. Hafa þar verið uppi hugmyndir um að kjósa fulltrúa á Evrópuþingið beinni kosningu og fá því í hendur aukin völd, jafnvel ráðgjafarvald. Svipaðar hugmyndir hafa af og til einnig skotið upp kollinum varðandi ráðgjafarþing Evrópuráðsins, en þær hins vegar fengið misjafnar undirtektir.

Landhelgismál Íslands hefur öðru hverju komið til umræðu á vegum Evrópuráðsins, bæði í einstökum nefndum, svo sem fiskveiðinefndinni, sem er undirnefnd landbúnaðarnefndar, og sömuleiðis á fundum ráðgjafarþingsins sjálfs. Á þetta jafnt við um deiluna um fiskveiðar milli Íslands og V-Þýskalands, áður en samningar tókust um lausn þeirrar deilu, sem um núverandi deilu Íslands við breta um fiskveiðiréttindi. Er óhætt að fullyrða að þessar umræður hafi getað talist jákvætt innlegg í lausn deilunnar milli Íslands og V-Þýskalands á sínum tíma, en auk þess hefur Evrópuráðið verið ágætis vettvangur til þess að kynna málstað Íslands á sviði landhelgis- og fiskveiðimála, og hefur hvert tækifæri, sem gefist hefur, verið notað til þess að koma á framfæri skoðunum er styðja hinn íslenska málstað í þessu máli. Deila Íslands og Bretlands um fiskveiðar hefur nokkrum sinnum verið á dagskrá hjá Evrópuráðinu í vetur og er það enn.

Eins og ég hef áður getið um hefur Evrópuráðið látið Kýpur-deiluna mjög til sín taka og reynt eftir megni að koma fram með gagnlegar tillögur til þess að leysa þá hörð og erfiðu deilu. Þá hafa atburðirnir í Portúgal og ástandið í stjórnmálum þar verið mjög til umræðu, einkum innan ráðgjafarþingsins. Virðist svo sem Evrópuráðið hafi haft góð áhrif á þróun mála þar í landi og nú nýlega undirritaði stjórn Portúgals aðild að menningarmálasáttmála Evrópuráðsins og líta sumir á það sem fyrsta skrefið í þá átt að Portúgal gerist fullgildur aðili að þeim lýðræðislegu samtökum sem Evrópuráðið er. Ef Portúgal skyldi gerast aðili að Evrópuráðinu, þá verður það 18. landið sem tengist þeim samtökum með fullri aðild.

Eins og kunnugt er eiga þrír fulltrúar Alþingis sæti í ráðgjafarþingi Evrópu-

ráðsins og eru það þingmennirnir Ingvar Gíslason fyrir Framsóknarflokkinn, Þorvaldur Garðar Kristjánsson forseti efri deildar fyrir Sjálfstæðisflokkinn og Stefán Jónsson fyrir Alþýðubandalagið. Varamaður í þessari þingmannanefnd er Pétur Sigurðsson alþingismaður.

Fulltrúar Íslands í Mannréttindadómstól Evrópu og í Mannréttindanefndinni eru þeir sömu og áður, þ. e. a. s. prófessor Þór Vilhjálmsson og dr. Gaukur Jörundsson prófessor. Nú hefur sá fyrrnefndi verið skipaður dómari í Hæstarétti Íslands og má því búast við að hann geti ekki gengt áfram störfum sem fulltrúi Íslands í Mannréttindadómstólnum.

Fulltrúar Íslands, og þá einkum ýmissa ráðuneyta stjórnarráðsins og sérstofnana ríkisins, sóttu á árinu sem leið fjölda funda í nefndum sem starfa á vegum Evrópuráðsins að ýmiskonar athugunum og skoðanaskiptum á ýmsum sviðum stjórnsýslunnar.

Viðskiptamál 1975.

Á árinu 1975 voru gerðir þrír nýir viðskiptasamningar: við Sovétríkin, Pólland og Kúbu. Samningurinn við Sovétríkin gildir í 5 ár frá 1. jan. 1976—31. des. 1980, og er með honum lagður grundvöllur undir áframhaldandi viðskipti við Sovétríkin með sömu vörutegundir og svipað magn og undanfarin ár. Helsta breytingin, sem leiðir af nýja samningnum, er sú, að viðskipti landanna greiðast í frjálsum gjaldeyri og hætt er við jafnkeypisfyrirkomulagið samkvæmt eindreginni ósk Sovétríkjanna. Í reynd hefur ekki tekist að halda jöfnuði í viðskiptum milli landanna síðan heimsmarkaðsverð á olíu hækkaði 1973, og er ekki búist við, að þessi breyting hafi í för með sér nein veruleg áhrif á viðskiptin.

Nýi viðskiptasamningurinn við Pólland gildir einnig í 5 ár frá ársbyrjun 1976 til ársloka 1980. Hann er í öllum aðalatriðum samhljóða fyrri viðskiptasamningi við Pólland. Bæði löndin skuldbinda sig til að veita innflutningi hvors annars bestukjör samkvæmt GATT-sáttmálanum. Allar greiðslur milli landanna fara fram í frjálsum Bandaríkjadollurum eða öðrum skiptanlegum gjaldmiðli.

Viðskiptasamningurinn við Kúbu var undirritaður 24. nóv. 1975 og gildir hann til ársloka 1977. Síðasti viðskiptasamningurinn við Kúbu rann út 3. okt. 1964, en þá höfðu engin viðskipti átt sér stað milli landanna í 3 ár. Er þess vænst, að samningagerð þessi greiði fyrir sölu á saltfiski til Kúbu, sem legið hefur niðri í mörg ár, en enn sem komið er hafa engin viðskipti tekist á grundvelli nýja samningsins.

Samkvæmt aðildarsamningi Íslands að EFTA og fríverslunarsamningi Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu lækkuðu verndartollar á iðnaðarvörum innfluttum frá aðildarríkjum þessara samtaka um 10% um síðustu áramót, og eru því nú 40% af þeim tollum, sem giltu fyrir inngönguna í EFTA. Allir tollar á íslenskum vörum, sem falla undir EFTA-samninginn, féllu strax niður við inngöngu Íslands í EFTA, en tollar á iðnaðarvörum frá Íslandi hafa lækkað í Efnahagsbandalaginu um 80%. Þessar tollalækkanir ná þó ekki til sjávarafurða, sem samið var sérstaklega um í bókun nr. 6, sem fylgdi fríverslunarsamningnum. Gildistaka þessara tollfríðinda er háð því skilyrði, að viðunandi lausn náist fyrir aðildarríki Efnahagsbandalagsins á sviði fiskveiðiréttinda. Þótt samið hafi verið við Þýskaland og Belgíu um fiskveiðiréttindi, hafa þessi tollfríðindi ekki tekið gildi, af því að Bretland hefur getað beitt neitunarvaldi sínu. Tollar á sjávarafurðum í gömlu Efnahagsbandalagslöndunum hafa því enn þá ekki lækkað, eins og samningurinn kveður á um, og af sömu sökum hafa tollar verið lagðir að nýju á sjávarafurðir, eins og t. d. frysta rækju, freðfiskflök og lagmeti í Danmörku og í Bretlandi frá 1. jan. 1974, sem hafa farið hækkandi og verða 1. júlí 1977 orðnir hinir sömu og ytri tollur Efnahagsbandalagsins, svo framarlega sem bókun nr. 6 tekur ekki gildi. Hingað til hafa allar tilraunir til þess að fá Efnahagsbandalagið til að endurskoða afstöðu sína ekki borið neinn árangur.

Á vegum GATT í Genf fara nú fram viðræður um tollalækkanir og afnám annarra viðskiptahamla. Hófust þessar viðræður með ráðherrafundi GATTs í Tókíó í sept.

1973 og var gert ráð fyrir, að þeim lyki á árinu 1975. Það hefur ekki reynst mögulegt og er núna búist við, að samningunum ljúki árið 1977 eða jafnvel 1978. Í þeim almennu umræðum, sem fram hafa farið, hefur Ísland haft samstöðu með Finnlandi, Noregi og Svíþjóð og staðið að sameiginlegum yfirlýsingum um nauðsyn frjálsra og óháðra viðskipta. Hafa þessi lönd lagt á það mikla áherslu, að áríðandi sé að komast hjá nýjum innflutningshöftum og takmörkunum á viðskiptum á þeim erfiðleikatímum, sem gengið hafa yfir undanfarin ár.

Öryggismál.

Eins og að framan greinir hefur fastaráð Atlantshafsbandalagsins og aðalframkvæmdastjóri þess komið mikið við sögu í landhelgismálinu. Fastafulltrúi Íslands þar upplýsir ráðið stöðugt um þróun mála og framferði breta við strendur Íslands.

Framkvæmd á samkomulagi ríkisstjórnarinnar við stjórn Bandaríkjanna, sem gert var hinn 22. okt. 1974, gengur nokkurn veginn að óskum.

Framkvæmdir standa yfir við byggingu 132 húseininga á Keflavíkurflugvelli og verður þeim lokið í okt. 1976. Auk þess hefjast framkvæmdir við 200 húseiningar á næstu vikum og er áætlað að þær verið tilbúnar til íbúðar í árslok 1977. Jafnframt er unnið að því að fá fjárveitingu fyrir 160 íbúðareiningum hjá Bandaríkjaþingi, sem ráðgert er að komnar verði upp í árslok 1978. Verður þá að fullu séð fyrir húsnæðisþörfum varnarliðsmanna og fjölskyldna þeirra innan Keflavíkurflugvallar.

Unnið er að því að aðskilja almennt farþegaflug frá starfsemi varnarliðsins og mun varnarliðið sjá um að byggja veg að nýju flugstöðvarbyggingunni, aðkeyrslu að flugbrautum og eldsneytisgeymslur, en íslendingar standa sjálfir straum af kostnaði við flugstöðvarbygginguna. Nýr flugturn verður byggður á vegum varnarliðsins, en hann kemur í stað núverandi flugturns, sem orðin er úreltur.

Fækkun í varnarliðinu um 420 hermenn gengur samkvæmt áætlun. Verkefni, sem áður voru í höndum varnarliðsmanna, eru nú framkvæmd af íslenskum aðilum og íslendingar hafa verið ráðnir í störf varnarliðsmanna. Sem dæmi má nefna að Póstur og sími hefur tekið að sér að manna lóranstöð strandgæslunnar á Keflavíkurflugvelli, Flugleiðir hafa tekið að sér þjónustu við farþegaflug varnarliðsins og samningar standa yfir um að Flugleiðir sjái einnig um vöruafgreiðslu fyrir varnarliðið. 139 íslendingar hafa verið ráðnir í stað varnarliðsmanna og auk þess verða 76 íslendingar ráðnir í stað varnarliðsmanna á næstu mánuðum. Íslenskir starfsmenn á vegum varnarliðsins eru nú um 900 talsins. 70—100 manns verða ráðnir yfir sumarmánuðina, eins og venja hefur verið. Um það bil 250 stöður varnarliðsmanna hafa verið lagðar niður og er það samkvæmt áætlun.

Beinu sambandi hefur verið komið á allan sólarhringinn milli varnarliðsins og landhelgisgæslunnar til að tryggja fulla samvinnu við björgun úr sjávarháska. Gerðar hafa verið ráðstafanir til að koma fyrir bensínleiðslum í varðskipum fyrir björgunarþyrlur til að lengja flugþol þeirra í björgunarleiðöngrum. Einnig er gert ráð fyrir samvinnu við þjálfun íslendinga í tækniskólum landhelgisgæslu Bandaríkjanna.

Ráðstafanir verða gerðar til að hafa samvinnu milli varnarliðsins og flugmálastjórnar Íslands um aukið öryggi í flugmálum er snerta báða aðila í senn. Gerð hefur verið úttekt af varnarliðinu er varðar flugöryggi og gerð áætlun til umbóta. Fyrsti hluti áætlunarinnar er bygging nýs flugturns og radars á Keflavíkurflugvelli, sem hefst í okt. 1976 og mun sérstök samstarfsnefnd sjá um að öllum öryggisþörfum verði fullnægt, bæði fyrir farþegaflug og flug varnarliðsins. Fimm ára áætlun hefur verið gerð til að bæta lendingarskilyrði á Keflavíkurflugvelli, sem mun gera flugvöllinn hæfari til lendingar við slæm veðurskilyrði.

Varnarliðið hefur undanfarið haft samvinnu við Almannavarnir ríkisins um aðgerðir vegna náttúruhamfara og stórslysa og gerð hefur verið áætlun um björgunaraðgerðir vegna stórslysa á Keflavíkurflugvelli og Reykjanesi.

Almennt.

Svo sem kunnugt er hefur utanríkisráðuneytið til umráða húsnæði að Hverfisgötu 115, Reykjavík. Núverandi húsnæði er þó aðeins hugsað sem bráðabirgðalausn. Langtímalausnin mun haldast í hendur við þær úrbætur sem gerðar verða á húsnæðismálum stjórnarráðsins alls.

Oft hefur það valdið erfiðleikum hve starfsmenn utanríkisráðuneytisins eru fáir, því að almennum verkefnum fer stöðugt fjölgandi. Auk þess hefur margt aukið störfin á undanförnum árum. Má þar fyrst og fremst nefna landhelgismálið, en einnig fjöldamörg önnur verkefni sem sinna verður. Á móti má að vísu nefna, að telex-samband við öll íslensku sendiráðin gerir það að verkum að þau eru nú í miklu nánari tengslum við utanríkisráðuneytið en áður. Sendiráðin fá á hverjum degi símskeyti með helstu fréttum að heiman. Fleira mætti nefna, sem sýnir aukna upplýsingamiðlun innan utanríkisþjónustunnar.

Ísland hefur nú formlegt stjórnmálasamband við 60 lönd. Auk þess höfum við ræðissamband við nokkur lönd. Við höfum nú ræðismenn í 147 borgum í 43 löndum.

Á tímabilinu 1. 2. 1975— 31. 3. 1976 tók Ísland upp stjórnmálasamband við eftirtalin ríki:

1) Bangladesh, 2) Bahama-eyjar, 3) Thailand, 4) Tanzaníu, 5) Angólu, 6) Albaníu, 7) Írak.

Ekki er hægt að segja að hér sé um afdrifaríka atburði að ræða þar sem hér eiga fjarlæg ríki hlut að máli, en engu að síður er það athyglisvert, er Ísland viðurkennir 7 þriðja heims ríki í einu.

Í utanríkisþjónustu allra landa er það talið auka starfshæfni starfsmanna að þeir séu fluttir milli landa með nokkurra ára fresti. Er talið heppilegt að þeir kynnist sem flestum stöðum og störfum og víkki þannig sjóndeildarhringinn.

Samkvæmt forsetaúrskurði 22. mars 1976 um sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og sendiræðisskrifstofur eru íslensk sendiráð enn 11 að tölu.

Umdæmi sendiráðanna eru nú sem hér segir:

a. **Kaupmannahöfn.** Auk Danmerkur er umdæmi sendiráðsins Ítalía, Tyrkland og Ísrael.

b. **Osló.** Auk Noregs er umdæmi sendiráðsins Alþýðulýðveldið Pólland og Alþýðulýðveldið Tékkóslóvakía.

c. **Stokkhólmur.** Auk Svíþjóðar er umdæmi sendiráðsins Finnland, Sambandslýðveldið Júgóslavía og Albanía.

d. **London.** Auk Stóra-Bretlands og Norður-Írlands er umdæmi sendiráðsins lýðveldið Írland, Holland og Nígería. En á meðan Ísland hefur ekki stjórnmálasamband við Bretland, þá er lýðveldið Írland í umdæmi sendiráðsins í Kaupmannahöfn, Holland í umdæmi sendiráðsins í Bruxelles og Nígería í umdæmi sendiráðsins í París.

e. **París.** Auk Frakklands er umdæmi sendiráðsins Spánn og Portúgal. Forstöðumaður sendiráðsins er fastafulltrúi Íslands hjá Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnuninni í París (OECD) og hjá Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).

f. **Moskva.** Auk Sovétríkjanna er umdæmi sendiráðsins Alþýðulýðveldin Búlgaría, Rúmenía, Ungverjaland og Mongólía; auk þess Lýðræðislýðveldið Þýskaland.

g. **Bonn.** Auk Sambandslýðveldisins Þýskalands er umdæmi sendiráðsins Austurríki, Grikkland, Sviss og Vatikanríkið. Forstöðumaður sendiráðsins er fastafulltrúi Íslands hjá Evrópuráðinu.

h. **Bruxells.** Auk Belgíu er umdæmi sendiráðsins Luxembourg. Forstöðumaður sendiráðsins er jafnframt sendiherra hjá stjórn Efnahagsbandalags Evrópu og fastafulltrúi Íslands hjá Norður-Atlantshafsráðinu.

i. **Washington.** Auk Bandaríkja Ameríku er umdæmi sendiráðsins Kanada, Mexikó, Brasilía, Argentína, Chile, Perú, Bahama-eyjar og Kúba.

j. **Genf.** Forstöðumaður fastanefndarinnar í Genf er jafnframt fastafulltrúi hjá Evrópuskrifstofu Sameinuðu þjóðanna og öðrum stofnunum S. þj. í Genf. Forstöðumaður fastanefndarinnar er einnig fastafulltrúi hjá stjórn Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og auk þess er hann sendiherra í Kenýa, Tanzaníu, Egyptalandi og Eþíópíu.

k. **New York.** Forstöðumaður fastanefndarinnar í New York er fastafulltrúi Íslands hjá höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna. Annar maður veitir aðalræðisskrifstofunni forstöðu.

Merkustu nýmæli í ofangreindum forsetaúrskurði eru vafalítið þau, að starfsmaður utanríkisþjónustunnar með búsetu í Reykjavík er nú sendiherra í fjarlægum löndum, sem Ísland hefur stjórnmálasamband við. Hér er fyrst og fremst um ríki í Afríku og Asíu að ræða.

Samstarfið við utanríkismálanefnd.

Að lokum vil ég þakka utanríkismálanefnd fyrir samstarfið á árinu. Ég hef reynt að sitja sem flesta fundi hennar til að skýra afstöðu ríkisstjórnarinnar til hinna ýmsu mála og eins til að nefndin fái að fylgjast sem best með gangi utanríkismála. Ég hugsa gott til samstarfsins við nefndina í framtíðinni.

Nd. 523. Nefndarálit [207. mál]

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1974.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur borið frumvarpið saman við ríkisreikninginn og er sammála um að mæla með samþykkt þess. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Gylfi Þ. Gíslason.

Alþingi, 8. apríl 1976.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm.	Lárus Jónsson, fundaskr.	Lúðvík Jósepsson.
Tómas Árnason.	Ólafur B. Óskarsson.	Sverrir Bergmann.

Nd. 524. Nefndarálit [112. mál]

um frv. til laga um Lánasjóð dagvistunarheimila.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess.

Frv. var sent til umsagnar tveggja aðila. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga bendir á, að eðlilegra væri að efla Lánasjóð sveitarfélaga til þess að hann verði færari að gegna því hlutverki, sem eðli málsins samkvæmt heyrir undir hann.

Menntamálaráðuneytið bendir einnig á, að verkefni þetta ætti fremur heima hjá Lánasjóði sveitarfélaga en nýjum sjóði, sérstaklega stofnuðum til að sinna þessu verkefni.

Undirrituðum nefndarmönnum er ljóst að ýmis sveitarfélög eiga örðugt með að fullnægja þörfinni fyrir dagvistunarstofnanir vegna fjárskorts. Hins vegar eru þeir

ósammála þeirri aðferð, sem frumvarpið gerir ráð fyrir til að leysa þennan fjárhagsvanda, og telja einnig vafasamt að rétt sé að skattleggja atvinnureksturinn í landinu sérstaklega til að standa undir framlögum í formi 0.25 launaskatts til myndunar umrædds lánasjóðs.

Með vísun til framanritaðs og í trausti þess, að Lánasjóður sveitarfélaga verði efldur til þess að hann verði betur í stakk búinn til að sinna þessu verkefni sínu sem öðrum, leggur meiri hluti nefndarinnar til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Minni hlutinn, Lúðvík Jósepsson, skilar séráliti.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Gylfi Þ. Gíslason.

Alþingi, 8. apríl 1976.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm. Lárus Jónsson, fundaskr. Ólafur B. Óskarsson.

Tómas Árnason. Sverrir Bergmann.

Ed. 525. Breytingartillögur [236. mál]

við frv. til l. um skotvopn, sprengiefni og skotelda.

Frá Eggert G. Þorsteinssyni og Braga Sigurjónssyni.

1. Við II. kafla (5.—13. gr.). Kaflinn orðist svo:

II. KAFLI
Framleiðsla, innflutningur, útflutningur og verslun.

5. gr.

Enginn nema ríkisstjórnin má framleiða skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda, sbr. 1. gr., né aðra hluti, sem lög þessi taka til samkvæmt 3. gr.

Heimilt er þó dómsmálaráðherra að leyfa flugeldaverksmiðjur, enda starfi við þær einn maður eða fleiri, sem að dómi ráðherra hafa nægilega kunnáttu til að framleiða greindar vörur.

Dómsmálaráðherra setur, að fengnum tillögum Brunamálastofnunar ríkisins og Öryggiseftirlits ríkisins, reglur um framleiðslu á greindum vörum, þar á meðal hvaða vörur megi framleiða, um búnað framleiðsluhúsnæðis, svo og setur hann nauðsynlegar öryggisreglur.

6. gr.

Enginn nema ríkisstjórnin má flytja til landsins eða frá því nokkra gerð af skotvopnum, skotfærum, sprengiefni eða skoteldum, sbr. 1. gr., eða aðra hluti, sem lög þessi taka til samkvæmt 3. gr.

Ákvæði 1. mgr. ná ekki til greindra tækja eða efna, sem flutt eru til eða frá landinu með skipum eða flugförum, ef vörur þessar teljast vera nauðsynlegur búnaður skips eða flugfars.

7. gr.

Enginn nema ríkisstjórnin má versla í smásölu með skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda.

Heimilt er þó að veita einstaklingum eða félögum leyfi til smásölu á skoteldum, enda hafi aðilar verslunarleyfi og ábyrgist örugga vörslu vörunnar. Dómsmálaráðherra setur reglur um slíka smásölu, m. a. um húsnæði og hvaða vörur megi selja.

Í sérstökum tilvikum er heimilt að veita félögum leyfi til að selja skotelda í smásölu, enda þótt þau hafi ekki verslunarleyfi.

Áður en smásöluleyfi er veitt, skal leita umsagnar viðkomandi lögreglustjóra, svo og slökkviliðsstjóra eða annarra þeirra aðila, sem með brunamál fara. Leyfi skal eigi veita til lengri tíma en þriggja ára í senn.

8. gr.

Starfsemi samkv. 5.—7. gr. ber nafnið **Skotvopnasala ríkisins**, og setur dómsmálaráðherra reglur um hana.

9. gr.

Ríkissjóður leggur Skotvopnasölunni til nauðsynlegt starfsfé, og er heimilt að taka það að láni.

Skotvopnasalan greiðir lögbundin aðflutningsgjöld af vörum sínum, svo og önnur gjöld. Ríkisstjórnin ákveður álagningu á vörurnar í heildsölu og smásölu.

Ágóði af Skotvopnasölu ríkisins greiðist í ríkissjóð, nema hvað hluti hans leggst í varasjóð samkvæmt reglum, er ríkisstjórnin setur.

10. gr.

Dómsmálaráðherra skipar forstjóra Skotvopnasölu ríkisins og tvo endurskoðendur.

11. gr.

Skotvopnasala ríkisins skal skrá hverja sölu eftir nánari reglum, sem dómsmálaráðherra setur.

Skotvopnasalan veitir lögreglustjórum eða rannsóknarlögreglu ríkisins nákvæmar upplýsingar um allar vörur og kaupendur, þegar þess er óskað.

Lögreglustjóri eða rannsóknarlögregla ríkisins geta, hvenær sem er og án sérstakrar heimildar, fengið aðgang að húsnæði, þar sem skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skoteldar er framleitt eða þar sem birgðir af þessum vörum eru geymdar.

12. gr.

Óheimilt er Skotvopnasölu ríkisins eða þeim, sem fá smásöluleyfi samkv. 7. gr., að selja eða á annan hátt afhenda vörur, sem lög þessi ná til, öðrum en þeim, sem sýna skilríki fyrir því, að þeir megi kaupa eða taka á móti vörunum eftir ákvæðum þessara laga.

13. gr.

Skotvopnasala ríkisins skal gera ítrustu ráðstafanir til að fyrirbyggja innbrot eða þjófnað, svo og við alla flutninga á vörum.

Allar auglýsingar skotvopna, skotfæra og sprengiefna eru bannaðar.

2. Við 21. gr. Síðari málsl. falli niður.

Ed. 526. Breytingartillaga [238. mál]

við frv. til laga um skipulag ferðamála.

Frá Ragnari Arnalds.

Á eftir 29. gr. komi ný grein, sem hljóði svo:

Telji Ferðamálaráð, að heimavistarbygging í þágu skóla, sem ríkissjóður kostar að einhverju leyti, henti til starfrækslu sumargistihúss, getur það farið fram á, að byggingarteikningum sé hagað svo, að húsnæðið fullnægi þeim kröfum, sem

gerðar eru til rekstrar gistihúss, enda sé Ferðamálaráð eða viðkomandi byggingaraðili reiðubúinn að bera ábyrgð á þeim viðbótarkostnaði, sem af breytingunum leiðir. Jafnframt er heimilt í þessu skyni að veita Ferðamálaráði eða viðkomandi byggingaraðila lán úr ríkissjóði fyrir milligöngu Ferðamálasjóðs, allt að 20 millj. kr. árlega.

Nd. 527. Frumvarp til laga [162. mál]

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 frá 29. mars 1961.

(Eftir 2. umr. í Nd., 8. apríl.)

1. gr.

40. gr. laganna orðist svo:

Í hreppum, þar sem ekki er starfandi sveitarstjóri eða annar starfsmaður við stjórn sveitarfélagsins, skulu oddvitar eiga rétt á launum úr sveitarsjóði vegna starfa sinna skv. 39. gr. Skulu laun oddvita vera 6% af rekstrartekjum sveitarsjóðs og fyrirtækja sveitarfélaga.

Ef um er að ræða sérstakar, umfangsmiklar framkvæmdir á vegum sveitarfélags, sem oddviti sér um, skal oddviti eiga rétt á sérstakri þóknun fyrir þau störf skv. ákvörðun sveitarstjórnar.

Láti oddviti í té húsnæði og aðra aðstöðu vegna skrifstofuhalds, fundarhalda o. fl. í þágu sveitarfélags, á hann rétt á sérstakri greiðslu fyrir þá þjónustu, og skal hreppsnefnd meta hana hverju sinni.

Í hreppum, þar sem sveitarstjóri er starfandi, skal þóknun oddvita ákveðin með sama hætti og annarra sveitarstjórnarmanna skv. 24. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1977.

Sþ. 528. Tillaga til þingsályktunar [247. mál]

um staðfestingu á niðurstöðum viðræðna um heimildir færeyinga til fiskveiða innan fiskveiðilandhelgi Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

Alþingi ályktar að staðfesta niðurstöðu viðræðna um heimildir færeyinga til fiskveiða við Ísland, sem undirrituð var hinn 20. mars 1976. Niðurstaðan er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Tillaga sú til þingsályktunar, sem hér liggur fyrir, staðfestir, ef samþykkt verður, niðurstöðu viðræðna við færeyinga. Niðurstaðan heimilar línu- og togveiðar Færeyinga í fiskveiðilandhelginni utan 12 sjómílna frá grunnlínu. Auk þess eru gefin leyfi til handfæraveiða svipað og í fyrri samningi, að öðru leyti en því að breytingar á grunnlínupunktum frá þeim tíma hafa haft í för með sér nokkrar breytingar á veiðisvæðum. Heildarafli færeyskra skipa á Íslandsmiðum skal eigi fara fram úr 17 000 smálestum á ársgrundvelli og þar af skal þorskafli ekki vera meira en 8 000 tonn. Skipan þessi um veiðar færeyskra skipa kemur í stað eldra fyrirkomulags, sem féll úr gildi 13. nóvember 1975. Þetta fyrirkomulag er ótímabundið og uppsegjanlegt af hvorum aðila fyrir sig með sex mánaða fyrirvara.

Fylgiskjal.

VIÐRÆÐUR
milli fulltrúa ríkisstjórnar Íslands og landsstjórnar Færeyja.

Þann 12. mars 1976 fóru fram í Reykjavík viðræður milli fulltrúa ríkisstjórnar Íslands og landsstjórnar Færeyja um aðstöðu Færeyinga til fiskveiða við Ísland.

Á grundvelli framhaldsviðræðna milli aðila varð niðurstaðan sú, að skipum, sem skrásett eru í Færeyjum, skulu heimilar fiskveiðar innan fiskveiðimarka samkvæmt reglugerð nr. 299 frá 15. júlí 1975 um fiskveiðilandhelgi Íslands, sem hér segir:

1. Handfæraveiðar.

Handfæraveiðar skulu heimilar innan fiskveiðilögsögu Íslands utan 4 sjómílna frá grunnlínu og utan 6 sjómílna við Grímsey. Þó skulu handfæraveiðar heimilar að grunnlínu á tveimur svæðum, sem afmarkast þannig:

a) að vestan af línu réttvísandi norður frá grunnlínupunkti nr. 1 (Horn 66°27′4 n.br., 22°24′3 v.lgd.) og að austan af línu réttvísandi norður frá grunnlínupunkti nr. 6 (Rauðinúpur 66°30′7 n.br., 16°32′4 v.lgd.)
b) að norðan af línu réttvísandi norðaustur frá grunnlínupunkti nr. 9 (Langanes 66°22′7 n.br., 14°31′9 v.lgd.) og að sunnan af línu réttvísandi austur frá grunnlínupunkti nr. 10 (Glettinganes 65°30′5 n.br., 13°36′3 v.lgd.).

Á tímabilinu frá 1. janúar til 15. maí skulu handfæraveiðar þó bannaðar innan 12 sjómílna á svæði, sem afmarkast að austan af línu, réttvísandi suður frá grunnlínupunkti nr. 29 (Surtsey 63°17′6 n.br., 20°36′3 v.lgd.) og að vestan af línu, réttvísandi í vestur frá grunnlínupunkti nr. 32 (Skálasnagi 64°51′3 n.br., 24°02′5 v.lgd.).

2. Línuveiðar.

Línuveiðar skulu heimilar í fiskveiðilandhelginni utan 12 sjómílna frá grunnlínu í samræmi við eftirfarandi reglur:

SAMRÁÐINGAR
millum umboð fyri Ríkisstjórn Íslands og Føroya landsstýri.

12. mars 1976 vóru í Reykjavík samráðingar millum umboð fyri Ríkisstjórn Íslands og Föroya landsstýri um stöðu föroyinga til fiskiveiðu undir Íslandi.

Grundað á samráðingarnar millum partarnar varð niðurstöðan tann, at skip, ið eru skrásett í Föroyum, skulu hava rætt til fiskiskap innan fiskimarkið eftir reglugerð nr. 299 frá 15. juli 1975 um landleið Íslands, sum her skilað til:

I. Snörisveiða.

Snörisveiða er loyvd á landleið Íslands uttan fyri 4 fjórðingar frá grundlinjunum og uttan fyri 6 fjórðingar við Grímsey. Tó er snörisveiða loyvd inn at grundlinjunum í tveimum stöðum, ið verða avmarkaði soleiðis:

a. Vestureftir av linju í rættvísandi norðan frá grundlinjupunkti nr. 1 (Horn 66°27′4 N, 22°24′3 W) og eystureftir av linju í rættvísandi norðan frá grundlinjupunkti nr. 6 (Rauðinúpur 66°30′7 N, 16°32′4 W).
b. Norðureftir av linju í rættvísandi landnyrðing frá grundlinjupunkti nr. 9 (Langanes 66°22′7 N, 14°31′9 W) og suðureftir av linju í rættvísandi eystan frá grundlinjupunkti nr. 10 (Glettinganes 65°30′5 N, 13°36′3 W).

Í tíðarskeiðinum 1. januar til 15. mai er snörisveiða tó ikki loyvd innan fyri 12 fjórðingar á einum öki, sum avmarkast eystureftir av linju í rættvísandi sunnan frá grundlinjupunkti nr. 29 (Surtsey 63°17′6 N, 20°36′3 W) og vestureftir av linju í rættvísandi vestan frá grundlinjupunkti nr. 32 (Skálasnagi 64°51′3 N, 24°02′5 W).

II. Línuveiða.

Línuveiða er loyvd á landleiðinni uttan fyri 12 fjórðingar frá grundlinjum eftir hesum reglum:

Sjávarútvegsráðuneyti Íslands skal tilkynnt um nöfn, skrásetningarnúmer og stærð þeirra skipa, sem æskja ofangreindrar heimildar skv. 1. og 2, og getur þá ráðuneytið veitt veiðileyfi, er gildi í ákveðinn tíma í senn, þó að jafnaði eigi skemur en í 4 mánuði. Ráðuneytið getur afturkallað útgefin veiðileyfi einstakra skipa, ef um brot á reglum þessum verður að ræða.

3. Togveiðar.

Tilteknum veiðiskipum, 10 að tölu, samkvæmt lista, sem færeyska landstjórnin lætur í té og samþykktur er af íslenskum stjórnvöldum, skulu heimilar togveiðar í fiskveiðilandhelginni utan 12 sjómílna frá grunnlínu. Hvers konar vinnsla afla um borð í skipum þessum skal óheimil.

4. Almenn ákvæði.

Heildarafli færeyskra skipa á Íslandsmiðum á ársgrundvelli skal eigi fara fram úr 17 000 smálestum, og af því magni skal þorskafli ekki vera meiri en 8 000 tonn.

Færeysk skip, er veiðar stunda samkvæmt framangreindu, skulu hlíta sömu reglum og íslensk skip við sams konar veiðar, þar á meðal reglum um möskvastærð botnvörpu og flotvörpu, lágmarksstærðir fisktegunda, friðunarsvæði og öðrum reglum um lokun svæða.

Staðsetning færeyskra skipa skal daglega tilkynnt íslensku landhelgisgæslunni meðan þau stunda veiðar á hafsvæðinu umhverfis Ísland.

Aflamagn færeyskra skipa skal á hverjum tíma tilkynnt Fiskifélagi Íslands. Skipan þessi um veiðar færeyskra skipa á Íslandsmiðum kemur í stað eldra fyrirkomulags um sama efni og getur hvor aðili sagt því upp með sex mánaða fyrirvara.

Reykjavík, 20. mars 1976.

Staðfest:

Einar Ágústsson.

Matthías Bjarnason.

Fiskimálaráð Íslands fær boð um növn, skrásetningarnummur og stödd á tveimum skipum, sum ynskja nevndu loyvi eftir I og II, og kann tá fiskimálaráðið veita veiðuloyvi galdandi fyri ávíst tíðarskeið í senn, tó vanliga ikki fyri stytri tíðarskeið en 4 mánaðir. Fiskimálaráðið kann taka aftur givin loyvi til einstök skip, sum brotið hava hesar reglur.

III. Trolveiða.

Tilskilaðum trolarum, 10 í tali, eftir lista, sum Föroya landsstýri ger, og sum er góðkendur av íslendskum stjórnarmyndugleikum, er loyvt at veiða á landleiðinni uttan fyri 12 fjórðingar frá grundlinjum. Eingin viðgerð av veiðu er loyvd umborð á hesum skipum.

IV. Almennar reglur.

Heildarveiðan hjá föroyskum skipum undir Íslandi má ikki vera hægri enn 17 000 tons uppá ársgrundarlag, og av hesi mögd má veiðan av toski ikki fara upp um 8 000 tons.

Föroysk skip, sum fiska undir hesum treytum, skulu lúka somu reglur sum íslendsk skip í somu fiskiveiðu, harímillum reglur um meskustödd á botntroli og flótitroli, minstamát fyri fiskaslög, fírðingaröki og reglur um stongd öki.

Föroysku skipini skulu dagliga siga íslendsku sjóverjuni frá, hvar tey eru stödd, meðan tey veiða undir Íslandi.

Henda skipanin um fiskivinnuna undir Íslandi hjá föroyskum skipum kemur í staðin fyri eldri fyriskipan um sama evni og kann verða uppsögd við 6 mánaða freist av báðum pörtum.

Reykjavík, 20. mars 1976.

Staðfest:

Atli Dam.

F. Isaksen.

Sþ. **529. Tillaga til þingsályktunar** [248. mál]

um staðfestngu á samkomulagi við ríkisstjórn Noregs um takmarkaðar veiðar norskra skipa innan fiskveiðilögsögu Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

Alþingi ályktar að staðfesta samkomulag við ríkisstjórn Noregs í samræmi við orðsendingar þær, sem prentaðar eru með tillögu þessari.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Tillaga sú til þingsályktunar, sem hér liggur fyrir, staðfestir, ef samþykkt verður, samkomulag það, sem ríkisstjórnin hefur gert við ríkisstjórn Noregs, varðandi heimild til að veiða innan fiskveiðilandhelgi Íslands, utan 12 sjómílna frá grunnlínu. Er hér um að ræða leyfi til línuveiða sem sjávarútvegsráðuneytið veitir til 2—4 mánaða í senn. Íslensk stjórnvöld munu ein ákveða hámarksafla þ. á m. þorskafla, sbr. 1. grein samkomulagsins. Samkomulagið er ótímabundið og uppsegjanlegt af hvorum aðila fyrir sig með sex mánaða fyrirvara.

Fylgiskjal I.

Orðsending utanríkisráðherra Íslands til sendiherra Noregs.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 10. mars 1976.

Háttvirti sendiherra.

Ég leyfi mér að viðurkenna móttöku orðsendingar yðar, dags. í dag, sem er á þessa leið:

„Ég leyfi mér að vísa til viðræðna milli fulltrúa ríkisstjórna Íslands og Noregs og staðfesti hér með, að eftirfarandi samkomulag náðist milli fulltrúanna:

Ríkisstjórnir Íslands og Noregs hafa orðið ásáttar um eftirfarandi raunhæfa tilhögun í sambandi við útfærslu íslensku fiskveiðilögsögunnar í 200 sjómílur:

1. Samkvæmt samkomulagi þessu skal á tímabilinu 15. febrúar til 1. desember veita u. þ. b. 45 skipum, er stunda línuveiðar, allt að 125 fet að stærð, skrásettum í Noregi, leyfi til fiskveiða á svæðinu milli 12 og 200 sjómílna utan við grunnlínur umhverfis Ísland. Í sérstökum tilvikum getur einnig verið um það að ræða, að leyfi verði veitt öðrum skipum til téðra veiða. Aðiljar byggja á, að ekki séu fleiri en u. þ. b. 30 línuveiðiskip, sem stundi veiðar samtímis. Íslensk stjórnvöld munu ákveða hámarksafla, þ. á m. þorskafla. Leyfin skulu veitt í samræmi við eftirfarandi reglur:
   a. Norsk stjórnvöld skulu tilkynna íslenska sjávarútvegsráðuneytinu nafn, skráningarnúmer og stærð skips, sem óskað er veiðiheimildar fyrir, svo og nafn skipstjóra.
   b. Íslenska sjávarútvegsráðuneytið veitir skipum, sem í hlut eiga, leyfi til línu- og handfæraveiða. Leyfin eru veitt til 2—4 mánaða í senn, og er heimilt að endurnýja þau.
2. Norsk skip, sem stunda veiðar samkvæmt ofangreindum ákvæðum, skulu hlíta sömu reglum sem íslensk fiskveiðiskip við sams konar veiðar, og tilkynna skulu þau íslenskum stjórnvöldum staðsetningu skipa daglega.
3. Norsk stjórnvöld skulu gefa Fiskifélagi Íslands misserislega skýrslu um veiðimagn, sem aflað er á grundvelli ofangreindra ákvæða.

4. Samkomulag þetta haggar í engu sjónarmiðum samningsaðilja varðandi mörk lögsögu milli landa þeirra.
5. Hvor aðili um sig getur fellt samkomulag þetta úr gildi með 6 mánaða fyrirvara.

Ef ríkisstjórn yðar lýsir sig samþykka framangreindu, leyfi ég mér að leggja til, að samkomulag þetta milli ríkisstjórna Íslands og Noregs gangi í gildi til bráðabirgða þann dag, er svarbréf yðar er dagsett og endanlega, þegar ríkisstjórnirnar báðar hafa tilkynnt, að stjórnarskrárákvæðum þeirra sé fullnægt."

Ég leyfi mér að staðfesta, að ríkisstjórn Íslands er sammála ofangreindu og fellst á, að orðsending yðar og þetta svar skoðist sem samkomulag milli ríkisstjórnanna er tekur gildi til bráðabirgða í dag og endanlega, þegar ríkisstjórnirnar báðar hafa tilkynnt, að stjórnarskrárákvæðum þeirra hafi verið fullnægt.

Ég nota þetta tækifæri til þess að fullvissa yður, herra sendiherra, um sérstaka virðingu mína.

Einar Ágústsson.

Hr. sendiherra Olav Lydvo,
Norska sendiráðið,
Reykjavík.

Fylgiskjal II.

Orðsending sendiherra Noregs til utanríkisráðherra Íslands.

Reykjavík, 10. mars 1976.

Herr Utenriksminister,

Jeg har den ære å henvise til drøftelser mellom representanter for våre to regjeringer, og å bekræfte den enighet som er oppnådd i følgende form:

Regjeringen i Norge og Island er i forbindelse med utvidelsen av den islandske fiskerigrense til 200 nautiske mil blitt enige om følgende praktiske ordning.

1. Efter denne avtale skal det i tiden 15. februar—1. desember gis tillatelse for ca. 45 linefartøyer av størrelse opp til 125 fot, registrert i Norge, til å drive fiske i området mellom 12 og 200 nautiske mil utenfor Islands grunnlinjer. Det kann i spesielle tilfeller også gis tillatelse for andre fartøyer til å fiske som nevnt. Partene forutsetter at det ikke vil være flere enn ca. 30 linefartøyer som driver fiske til samme tid. Islandske myndigheter skal bestemme den tillatte totalfangst, inklusive torskefangst. Tillatelse skal gis etter følgende bestemmelser:
   a. Norske myndigheter skal gi meddelelse til Islands fiskeridepartement om navn, registreringsnummer, størrelse og fører for de fartøyer det gjelder.
   b. Islands fiskeridepartement vil gi tillatelse til fiske med line og håndsnøre for de fartøyer det gjelder. Slike tillatelser gis for et tidsrom av 2—4 måneder og kan fornyes.
2. Norske fartøyer som driver fiske i henhold til ovennevnte bestemmelser skal følge samme regler som islandske fartøyer under samme slags fiske, og daglig gi melding til islandske myndigheter om deres posisjon.
3. Norske myndigheter skal hvert halvår gi Fiskifélag Íslands oppgave over fangster tatt i samsvar med bestemmelsene ovenfor.
4. Intet i denne avtale skal anses å prejudisere partenes syn med hensyn til den innbyrdes avgrensning av deres jurisdiksjonsområder.
5. Partene kan hver for seg med 6 måneders varsel bringe denne avtale til opphør.

Dersom Deres Regjering er enig i ovenstående, har jeg den ære å foreslå at dette brev og Deres svarbrev skal utgjøre en avtale mellom våre to regjeringer, som trer midlertidig i kraft ved datoen for Deres svarbrev og trer endelig i kraft når de to regjeringer har meddelt hverandre at deres konstitusjonelle krav er oppfyllt.

Motta, herr Utenriksminister, forsikringen om min mest utmerkede høyaktelse.

Olav Lydvo.

Hans Eksellense
Utenriksminister Einar Ágústsson
Reykjavík.

Nd. 530. Lög [143. mál]

um flokkun og mat ullar.

(Afgreidd frá Nd. 8. apríl.)

Samhljóða þskj. 304.

Nd. 531. Nefndarálit [229. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 67/1971, um almannatryggingar, sbr. l. nr. 96/1971, nr. 112/1972, nr. 62/1974 og nr. 13/1975.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið. Hún er samþykk efni þess og leggur einróma til að það verði samþykkt.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Jóhann Hafstein, Vilborg Harðardóttir og Ragnhildur Helgadóttir.

Alþingi, 28. apríl 1976.

Jón Skaftason, form., frsm.
Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr.
Karvel Pálmason.
Guðmundur H. Garðarsson.

Nd. 532. Frumvarp til laga [144. mál]

um flokkun og mat á gærum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 8. apríl.)

Samhljóða þskj. 305 með þessari breytingu:

II. kafli hljóðar svo:

II. KAFLI

Um meðferð á gærum og um sölumat þeirra við afhendingu.

2. gr.

Sláturleyfishöfum er skylt að hlíta fyrirmælum lögskipaðra gærumatsmanna um fyrirristu, fláningu, kælingu, söltun, frágang og geymslu gæra. Gærumatsmaður skal yfirfara gærurnar við afhendingu, meta ástand þeirra og gefa vottorð þar um. Í vottorðinu skal tilgreina tölu og nettóþyngd saltlausra gæra. Nánari ákvæði um meðferð á gærum og framkvæmd sölumats og gerð vottorðs skal setja í reglugerð.

Sþ. **533. Tillaga til þingsályktunar** [249. mál]

um eflingu bændaskólans á Hólum í Hjaltadal.

Flm.: Pálmi Jónsson, Stefán Valgeirsson, Páll Pétursson, Lárus Jónsson, Ragnar Arnalds, Ingvar Gíslason, Ólafur B. Óskarsson, Ingi Tryggvason, Bragi Sigurjónsson, Jón G. Sólnes, Stefán Jónsson.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að skipa nefnd til þess að gera áætlun um eflingu bændaskólans á Hólum í Hjaltadal. Skal áætlunin við það miðuð, að með framkvæmd hennar megi minnast á myndarlegan hátt aldarafmælis skólans árið 1982.

Stefnt verði að því, að nefndin ljúki störfum eigi síðar en innan 12 mánaða.

Greinargerð.

Á Búnaðarþingi 1976 var samþykkt ályktun um eflingu bændaskólans á Hólum í Hjaltadal, sem er efnislega í samræmi við þá tillögu, sem hér er flutt.

Ályktun þessi ásamt greinargerð er prentuð hér með sem fylgiskjal. Flm. þessarar þingsályktunartillögu þykir við hæfi að veita þessu máli aukna áherslu með því að flytja það inn á Alþingi í trausti þess, að einnig þar fái það brautargengi.

Bændaskólinn á Hólum hóf starfsemi sína árið 1882. Það ár var eitt hið harðasta á þeirri öld og áratugurinn í heild frá 1880—90 mesta harðæristímabil, sem yfir landið hefur gengið síðan móðuharðindunum lauk. Á þeim árum jaðraði oft við bjargarskort fyrir fólk og fénað og er þá vægt til orða tekið. Þröngir kostir þessara ára megnuðu ekki að drepa í dróma framsýni og þrautseigju þeirra, sem hófu skólastarfið og þokuðu því smám saman til aukins þroska. Rík ástæða er til að minnast þeirra með virðingu, sem af litlum efnum lyftu Grettistaki.

Hólaskóli hefur alla stund verið virt menntastofnun og má vera kappsmál okkar nútíðarmanna og ekki síst norðlendinga, að vegur hans fari ekki minnkandi. Hlýhugur og þakklæti til skólans mun ríkjandi hjá flestum þeirra, sem þar hafa stundað nám, eða að öðru leyti haft kynni af því starfi, sem þar hefur verið unnið.

Hólastaður, saga hans og reisn að fornu og nýju, á sér ekki síður djúpar rætur í hugum norðlendinga og fjölda annarra landsmanna. „Heim að Hólum“ er enn sagt í heilum héruðum norðanlands. Þessi málvenja segir lengri sögu en mörg orð.

Með þessari tillögu er lagt til að landbúnaðarráðherra skipi nefnd til að gera áætlun um eflingu bændaskólans á Hólum og sé við það miðað, að með framkvæmd þeirrar áætlunar megi minnast á myndarlegan hátt aldarafmælis skólans. Þótt sex ár séu þangað til skólinn verður 100 ára, er ekki seinna vænna að hefja gerð slíkrar áætlunar, og er því lagt til, að nefndin hraði störfum og ljúki þeim innan árs. Verkefni á sviði uppbyggingar skólasetursins eru næg og getur þurft að vinna þau í áföngum. Það verður starf nefndarinnar að velja þau verkefni og meta hvernig að skuli unnið, en það er von flm., að það starf megi bera þann ávöxt, að Hólaskóli geti á árinu 1982 horft til nýrrar aldar með efldum þrótti og fullri sæmd.

Fylgiskjal.

Ályktun Búnaðarþings 1976 um erindi Hjartar E. Þórarinsson o. fl. um eflingu bændaskólans á Hólum í Hjaltadal.

Búnaðarþing beinir því til landbúnaðarráðherra, að hann láti gera áætlun um alhliða eflingu bændaskólans á Hólum í Hjaltadal. Sé áætlunin við það miðuð, að framkvæmd hennar sé lokið, þegar skólinn á 100 ára afmæli árið 1982.

Árið 1882, „árið, sem ekkert sumar kom á Norðurlandi“, hóf bændaskólinn á Hólum í Hjaltadal göngu sína. Kjarkur og bjartsýni þeirra manna, sem hrundu því

hugsjónamáli í framkvæmd, eins og þá var háttað högum þjóðarinnar, er í sannleika aðdáunarverð. Fá íslenskir bændur, og þó öðrum fremur norðlendingar, seint fullþakkað það framtak, sem svo giftusamlega tókst til, að skólinn hefur komist klakklaust yfir alla erfiðleika til þessa dags og er nú einn elsti starfandi skóli landsins.

Ekki er því að leyna, að nokkuð skortir á, að nægilega vel hafi verið að Hólaskóla búið af hálfu ríkisvaldsins um framlög til viðhalds og uppbyggingar skólasetursins. Að margra áliti er skólinn of lítill að húsakosti og nemendafjölda. Af því leiðir, að mannafli til kennslu, félagsstarfs og annarra nauðsynja margs konar er alls ónógur, til þess að staðurinn megi rísa undir þeim kröfum, sem til hans verður að gera vegna samtíðar og sögu. Þá skortir mikið á, að útihús skólabúsins séu viðunandi og samboðin slíkum stað, og hitaveita er draumur, sem forráðamenn heima á Hólum hafa alið með sér um nokkurt skeið.

Maklegt væri að minnast aldarafmælis skólans árið 1982 með myndarlegu, vel skipulögðu átaki til eflingar hans. Til þess, að slíkt megi gerast í viðráðanlegum áföngum, er ekki seinna vænna að hefjast handa um gerð áætlunar.

Ed. 534. Nefndarálit [185. mál]

um frv. til laga um sérstakt lögsagnarumdæmi í Austur-Skaftafellssýslu.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd sendi frumvarpið til umsagnar dómsmálaráðuneytisins og sýslumannsins í Skaftafellssýslu. Nefndin ræddi frv. á nokkrum fundum og athugaði umsagnir. Varð nefndin sammála um að mæla með samþykkt þess.

Alþingi, 8. apríl 1976.

Ingi Tryggvason, form., frsm.	Axel Jónsson, fundaskr.	Jón G. Sólnes.	Oddur Ólafsson.
Geir Gunnarsson.	Eggert G. Þorsteinsson.	Halldór Ásgrímsson.	

Ed. 535. Breytingartillaga [99. mál]

við brtt. á þskj. 505 (Skráning og mat fasteigna).

Frá Halldóri Ásgrímssyni.

Við 7. tölulið a.

Í upptalningu á eftir „Þjóðhagsstofnun“ komi: Sambandi íslenskra tryggingafélaga.

Ed. 536. Frumvarp til laga [99. mál]

um skráningu og mat fasteigna.

(Eftir 2. umr. í Ed., 8. apríl.)

I. KAFLI

Markmið, skilgreiningar og söfnun skráningaratriða.

1. gr.

Halda skal skrá um allar fasteignir í landinu þar sem fram komi upplýsingar um eiginleika eignanna og rétt til þeirra. Hverja fasteign skal meta til verðs eftir

því sem næst verður komist á hverjum tíma og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Skráin skal vera tæk til skýrsluvélavinnslu sem gerir mögulega frekari úrvinnslu þeirra skráningar- og matsupplýsinga sem skráin geymir.

2. gr.

Fasteign skv. lögum þessum telst vera annað tveggja:

1. Land, þ. e. hver sá skiki lands sem vegna sérgreinds eignar- eða afnotaréttar, hagnýtingar, auðkenna eða landamerkja getur talist sjálfstæð eind.
2. Mannvirki, þ. e. hvert það mannvirki sem gert hefur verið í landi eða á eða verið við það tengt, með hliðsjón af þeim rétti til lands sem mannvirkinu fylgir.

Ef um er að ræða sérgreindan eignarrétt eða sérstaka notkun einstakra hluta mannvirkja, sem eðlilegt er að skoða sem sjálfstæðar eindir, skal samkvæmt lögum þessum farið með slíka eignarhluta sem fasteignir, enda liggi skipting og eignarhlutföll fyrir í þinglýstum heimildum.

3. gr.

Skráning skv. 1. gr. á fasteignum skv. 2. gr. skal fela í sér nýjustu upplýsingar, sem á hverjum tíma eru tiltækar og fasteignina varða, auk nauðsynlegra greinitalna hverrar fasteignar. Setja skal í reglugerð ákvæði um söfnun og skráningu upplýsingaatriða svo og um helstu skrár gefnar út á grundvelli þeirra.

4. gr.

Upplýsingar skv. 3. gr. skulu skráðar og skráningu þeirra breytt þegar landsstærðir breytast, notkun lands breytist, svo sem við gerð lóðarsamnings eða úthlutun lóðar, en ella á byggingartíma mannvirkis, þegar mannvirki er tekið í notkun og loks þegar mannvirki er breytt eða eytt.

Upplýsingar skulu einnig skráðar við eignaskipti eða breytingu á notkun eignar svo og umráðum eignar, sbr. 12. gr. Heimilt er að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar, þ. á m. um hve oft fasteignir skuli skoðaðar af Fasteignamati ríkisins.

5. gr.

Skráningaraðila er heimilt að höfðu samráði við viðkomandi stjórnvöld að takmarka söfnun og skráningu upplýsinga um einstakar eignir eða tegundir eigna séu eignir þess eðlis að slík upplýsingasöfnun er erfið og/eða þjónar ekki opinberum hagsmunum.

Fasteignamati ríkisins ber að annast gerð og samræmingu hvers konar greinitalnakerfa sem notuð eru um fasteignir við skráningu þeirra, þar með talin gerð staðgreinitölukerfis (matrikel) sem taki til landsins alls. Heimilt er að skylda fasteignaeigendur til að sjá um auðkenningu fasteigna samkvæmt greinitalnakerfi Fasteignamats ríkisins.

II. KAFLI

Skipulag og stjórn.

6. gr.

Gerð og viðhald þeirrar skráningar, sem um ræðir í lögum þessum, annast sérstök ríkisstofnun sem nefnist Fasteignamat ríkisins. Stofnunin starfar á ábyrgð fjármálaráðuneytisins og undir umsjón þess. Fasteignamat ríkisins er A-hluta stofnun skv. lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga.

Ráðherra hefur heimild til að fela öðrum opinberum aðilum, þ. m. t. einstökum sveitarfélögum eða samstarfsstofnunum þeirra, skráningu fasteigna skv. lögum þessum, ef slík breyting þykir hagkvæm.

7. gr.

Fasteignamat ríkisins starfar undir stjórn forstjóra sem ráðherra ræður til starfsins. Ráðherra ræður fast starfsfólk að fenginni umsögn forstjóra en forstjóri ræður starfsfólk til tímabundinna starfa og kaupir sérfræðilega aðstoð eftir því sem nauðsyn ber til og heimildir fjárlaga hverju sinni segja til um. Hann ákveður einnig innra skipulag stofnunarinnar að fengnu samþykki ráðherra.

8. gr.

Við Fasteignamat ríkisins skal starfa ráðgefandi nefnd þeirra aðila sem nýta eða nýtt geta skrána við starfsemi sína. Í nefndinni skulu eiga sæti þrír fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga, þar af einn þeirra tilnefndur af Reykjavíkurborg, og einn fulltrúi frá hverjum eftirtalinna aðila:

Brunabótafélagi Íslands,
Hús- og landeigendasambandi Íslands,
Sambandi íslenskra viðskiptabanka,
Landmælingum Íslands,
Hagstofu Íslands,
Þjóðhagsstofnun,
Sambandi íslenskra tryggingafélaga og
Skipulagsstjórn ríkisins.

Fasteignamat ríkisins getur veitt fleiri aðilum rétt til þátttöku í störfum nefndarinnar eftir því sem henta þykir.

Ráðgjafarnefnd skv. þessari grein er vettvangur fyrir umræður um hvað eina, sem varðar starfsemi Fasteignamats ríkisins. Nefndin gerir tillögur og ábendingar, eftir því sem henni þykir við þurfa, til forstjóra og ráðuneytis um viðfangsefni skrárinnar og lausn þeirra.

Fundi í ráðgjafarnefnd skal að jafnaði halda ekki sjaldnar en tvisvar á ári. Nefndin kýs sér sjálf formann til tveggja ára í senn. Formaður kallar nefndina saman og stýrir fundum. Forstjóri Fasteignamats ríkisins skal sitja fundi nefndarinnar.

III. KAFLI

Framkvæmd fasteignaskráningar.

9. gr.

Viðkomandi sveitarstjórn er ábyrg fyrir að Fasteignamati ríkisins berist upplýsingar um lönd og lóðir og breytingar á þeim, svo og um öll mannvirki, sem gerð eru í umdæmum þeirra hvers um sig, og um breytingar á þeim og eyðingu þeirra.

Sveitarstjórn skal að jafnaði fela byggingafulltrúa viðkomandi sveitarfélags upplýsingagjöf um fyrrgreind atriði. Þar sem byggingafulltrúar eru ekki starfandi skal sveitarstjórn fela upplýsingagjöfina öðrum aðila í hendur að fengnu samþykki Fasteignamats ríkisins. Eigendum fasteigna er skylt að veita þær upplýsingar um fasteignir sem um er beðið.

Fasteignamat ríkisins kveður á um form, efni og tímasetningu þessarar upplýsingagjafar. Byggingafulltrúar eða aðrir, sem sveitarstjórn hefur falið upplýsingagjöf skv. 2. mgr., eru ábyrgir fyrir að upplýsingar séu efnislega réttar.

Sveitarstjórn getur lagt fyrir þá aðila, sem leggja teikningar og önnur gögn fyrir byggingarnefnd, að skila þeim einnig í því formi sem Fasteignamat ríkisins ákveður.

Fasteignamat ríkisins getur leyst sveitarstjórnir undan ábyrgð skv. 1. mgr. á upplýsingasöfnun um einstakar tegundir fasteigna og lagt hana á aðra aðila, enda er opinberum stofnunum, sem slíkum upplýsingum safna á sínu verksviði, skylt að leggja Fasteignamati ríkisins til þær upplýsingar.

Fasteignamat ríkisins sendir hverju sveitarfélagi árlega skv. nánari ákvörðun í reglugerð skrá með nægum upplýsingum um fasteignir til að gengið verði úr skugga um að aðilar skv. 2. mgr. hafi fullnægt upplýsingaskyldu sinni.

10. gr.

Fasteignamati ríkisins ber að hafa frumkvæði að samræmingu á gagnasöfnun um atriði, sem snerta fasteignir, og koma í veg fyrir tvíverknað í því efni.

11. gr.

Fasteignamat ríkisins getur, hvenær sem það telur þörf á, látið endurskoða upplýsingar sem fyrir liggja um einstakar fasteignir, einstakar tegundir fasteigna eða fasteignir á tilteknum svæðum.

Slík endurskoðun skal jafnan fara fram ef sýnt er að upplýsingar í fasteignaskrá gefa ekki rétta lýsingu á fasteign eða fasteignum sem um ræðir.

Eigandi fasteignar eða annar aðili, sem telur sig eiga hagsmuna að gæta í lýsingu fasteignar eða mati, getur krafist endurskoðunar skv. 1. mgr. Séu þessir hagsmunir að mati stofnunarinnar svo miklir að réttlæti endurskoðun skal sú endurskoðun fara fram svo fljótt sem við verður komið.

Breyting á fasteignaskrá, hvernig sem til hennar er stofnað, skal tilkynnt skráðum eiganda fasteignar bréflega strax og slík breyting hefur verið gerð.

12. gr.

Eigandi er ábyrgur fyrir tilkynningu til Fasteignamats ríkisins um breytingar á umráðum yfir skráðri eign sinni samkvæmt fasteignaskrá. Við eigendaskipti er fyrrverandi eigandi ábyrgur fyrir tilkynningu um þá breytingu.

Fasteignamat ríkisins kveður á um form og efni slíkra tilkynninga og er eigendum skylt að veita allar þær upplýsingar sem um er beðið.

Þinglýsingardómurum er við þinglýsingu afsala skylt að ganga úr skugga um, að tilkynningarskyldu hafi verið fullnægt, og hlutast til um gerð tilkynningar og sendingu ef þess gerist þörf. Fasteignasölum er einnig skylt í starfi sínu að stuðla að gerð slíkra tilkynninga og sendingu. Fasteignamati ríkisins er heimill aðgangur að skattframtölum til að sannreyna upplýsingar um fasteignir eða afla þeirra.

Fasteignamati ríkisins er heimilt að undirbúa og gefa út staðlaðar gerðir afsala, kaupsamninga og leigusamninga um fasteignir og fasteignaréttindi þar sem samrit viðkomandi skjals er sjálfkrafa fullnægjandi tilkynning til skrárinnar.

13. gr.

Fasteignamati ríkisins ber að safna gögnum eftir föngum og vinna úr þeim yfirlitsupplýsingar um gangverð fasteigna við kaup og sölu og breytingar á því. Eftir því sem við verður komið skulu niðurstöður þessara rannsókna birtar almenningi jafnóðum.

14. gr.

Fasteignamat ríkisins veitir þeim, er þess óska, upplýsingar úr skránni og er jafnframt heimilt að veita þjónustu um úrvinnslu á þeim.

Verðlagning þessarar þjónustu skal miðast við endurheimtu kostnaðar Fasteignamats ríkisins, að því marki sem fjárlög á hverjum tíma gera ráð fyrir. Við verðlagningu þjónustu til sveitarfélaga skal tekið sérstakt tillit til upplýsingasöfnunar þeirra, sbr. 3. gr.

15. gr.

Opinberir aðilar, ríkisstofnanir, ríkisfyrirtæki, sveitarfélög og allar stofnanir þeirra skulu í öllum viðskiptum og í hvers konar verðmætisviðmiðunum nota upplýsingar fasteignaskrárinnar sem grundvöll viðskipta sinna eftir því sem við getur átt.

IV. KAFLI

Fasteignamat og framkvæmd þess.

16. gr.

Eftirtaldar eignir eru undanþegnar fasteignamati:

1. Vegir, götur og torg í eign ríkisins eða sveitarfélaga, sem ætluð eru almenningi til umferðar án endurgjalds, ásamt tilheyrandi landssvæðum og mannvirkjum í þágu samgangna, svo sem brúm, ljósastólpum, götuvitum, umferðarskiltum, vegvísum, gjaldmælum og biðskýlum.
2. Hvers konar svæði í eign ríkis eða sveitarfélaga, sem ætluð eru til fegrunar í þágu almennings og til umferðar eða dvalar án endurgjalds.
3. Rafveitur, þ. á m. línur til flutnings raforku ásamt burðarstólpum og spennistöðvum. Meta skal eftir venjulegum reglum hús, sem reist eru yfir aflstöðvar og spennistöðvar, og þær lóðir er þau standa á.
4. Vatnsveitur, þ. á m. brunnar, geymar og dælubúnaður. Skólpveitur, þ. á m. skólpleiðslur og hreinsibrunnar.
5. Uppfyllingar og dýpkanir til hafnarbóta ásamt bryggjum og hafnargörðum, ef höfn er eign hafnarsjóðs, skv. hafnalögum nr. 45/1973, eða ríkis og sveitarfélaga. Land á hafnarsvæði, sem ekki er í beinum tengslum við hafnargerðina, er ekki undanþegið mati né heldur dráttarbrautir, þurrkvíar eða önnur slík mannvirki, þótt í eign framangreindra aðila sé.
6. Flugbrautir flugvalla í eign opinberra aðila ásamt brautarljósum og öðrum búnaði flugbrauta, svo sem aðflugs- og lendingartækjum, og enn fremur þau landssvæði umhverfis flugbrautir, sem eru ónýtanleg vegna flugumferðar.
7. Lönd, er í samræmi við gildandi reglur hafa verið ákveðin greftrunarstaðir manna, ásamt mannvirkjum, sem eru í beinum tengslum við það markmið.
8. Fjarskiptavirki í eign opinberra aðila, en meta skal þó eftir venjulegum reglum hús, sem reist eru yfir fjarskiptavirki, svo og lóðir eða lönd, sem fjarskiptavirki eða hús yfir þau standa á.
9. Vitar.
10. Ráðherra getur í reglugerð undanþegið ákveðnar fasteignir eða tegundir fasteigna fasteignamati.

17. gr.

Skráð matsverð fasteignar skal vera gangverð umreiknað til staðgreiðslu, sem ætla má að eignin hefði í kaupum og sölum í nóvembermánuði næst á undan matsgerð, miðað við heimila og mögulega nýtingu fasteignarinnar á hverjum tíma.

Sé slíkt gangverð sambærilegra eigna ekki þekkt skal skráð matsverð ákveðið eftir bestu fáanlegri vitneskju um sambærilegt gangverð með hliðsjón af kostnaði við gerð mannvirkja, aldri þeirra, legu eignar með tilliti til samgangna, nýtingarmöguleikum, hlunnindum, jarðvegsgerð, gróðurfari, náttúrufegurð og öðrum þeim atriðum sem kunna að hafa áhrif á gangverð eignarinnar.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um mat fasteigna.

18. gr.

Við ákvörðun matsverðs skv. 17. gr. skal eftir föngum finna tölfræðilega fylgni gangverðs við ýmsar staðreyndir um seldar eignir, s. s. stærð, gerð, búnað, stað o. s. frv., og sennilegt gangverð ákvarðað með útreikningum á grundvelli þeirra vísbendinga.

Huglægu, órökstuddu mati skal ekki beitt nema engra annarra kosta sé völ um ákvörðun matsverðs.

Ákvæði skulu sett í reglugerð um aðferð við útreikning staðgreiðsluvirðis miðað við mismunandi greiðslukjör við kaup og sölu.

19. gr.

Fasteignamat ríkisins annast mat fasteigna samkvæmt lögum þessum.

Fasteignamat ríkisins skal leitast við að tryggja samræmingu í matsstörfum og samræmingu upplýsinga sem máli skipta við framkvæmd mats. Þá er Fasteignamati ríkisins heimil útvegun sérfræðilegrar aðstoðar við mat eigna eftir því sem þörf krefur.

Fasteignamati ríkisins er heimilt að fengnu samþykki ráðherra að ráða trúnaðarmenn í einstökum kjördæmum, er annist mat og/eða skoðun fasteigna. Ef til kemur skal í reglugerð setja nánari ákvæði um ráðningu og starfssvið trúnaðarmanna.

20. gr.

Fasteignamat ríkisins skal hlutast til um að allar nýjar eða breyttar eignir, sem upplýsingar berast um skv. 9. gr., skuli metnar frummati innan tveggja mánaða frá því að upplýsingar um þær bárust Fasteignamati ríkisins nema sérstakar ástæður hamli.

Fasteignamati ríkisins er heimilt að höfðu samráði við hlutaðeigandi stjórnvöld að meta ásláttarmati eignir sem eru þess eðlis að venjulegt mat er erfitt og/eða þjónar ekki opinberum hagsmunum.

21. gr.

Aðili, sem verulega hagsmuni getur átt í matsverði eignar og sættir sig ekki við skráð mat skv. 19. og 20. gr., getur krafist nýs úrskurðar Fasteignamats ríkisins um matið. Krafa um endurmat skal vera skrifleg og studd rökum og nauðsynlegum gögnum.

Nýtt matsverð skal þegar skráð í fasteignaskrá og gildir með þeim almennu breytingum sem á því geta orðið, sbr. 22. gr., þar til því er hrundið með nýju mati eða yfirmati.

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að sá sem krefst endurmats beri kostnað af því mati ef krafan er bersýnilega tilefnislaus.

22. gr.

Fasteignamati ríkisins er heimilt, sé þess krafist af hálfu fjármálaráðuneytisins eða sveitarfélags, að taka til endurmats einstakar tegundir eigna eða eignir í tilteknum hverfum, sveitarfélögum eða landshlutum, með gildistöku frá þeim tíma sem Fasteignamat ríkisins ákveður, ef það telur matsverð ekki í samræmi við gangverð eins og til er ætlast samkvæmt lögum þessum. Endurmat einstakra eigna skal fara fram eftir ákvæðum 21. gr.

23. gr.

Yfirmat fasteigna annast yfirfasteignamatsnefnd fyrir landið allt.

Nefndina skipar fjármálaráðherra þremur mönnum og þremur til vara til þriggja ára í senn, úr hópi tíu manna sem Hæstiréttur tilnefnir.

Kostnaður við yfirmat greiðist úr ríkissjóði. Yfirfasteignamatsnefnd getur þó gert eiganda fasteignar að greiða kostnað vegna tilefnislausrar kæru til nefndarinnar.

24. gr.

Hagsmunaaðilar skv. 21. gr. geta kært niðurstöðu endurmats samkvæmt þeirri grein til yfirfasteignamatsnefndar. Kæra skal vera skrifleg og studd rökum og nauðsynlegum gögnum. Um meðferð máls fyrir nefndinni, framlagningu gagna eða málflutning fer eftir ákvörðun nefndarinnar.

Nefndin skal úrskurða slíkt mál innan þriggja mánaða frá kæru nema sérstök heimild fyrir frestun sé veitt af hálfu ráðuneytisins. Niðurstaða kærumáls skal þegar tilkynnt aðila þess og nýtt matsverð þegar skráð í fasteignaskrá.

Úrskurður yfirfasteignamatsnefndar er fullnaðarúrskurður.

25. gr.

Nú varðar mat eða yfirmat á tiltekinni fasteign starfsmann Fasteignamats ríkisins, sem mat framkvæmir, eða yfirmatsnefndarmann, maka hans, skylda menn honum eða tengda að feðgatali eða niðja, kjörbarn hans eða kjörforeldri, fósturbarn eða fósturforeldri, og skal hann þá víkja sæti, þegar mat fer fram, og annar settur í hans stað.

26. gr.

Yfirfasteignamatsnefnd ber í nóvembermánuði ár hvert að ákveða framreikningsstuðla fyrir skráð matsverð fasteigna með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins á grundvelli gagna sem Fasteignamat ríkisins safnar og vinnur úr, sbr. 13. gr. Gerir Fasteignamat ríkisins tillögur um slíka framreikningsstuðla eftir því sem yfirfasteignamatsnefnd óskar eftir. Stuðlar þessir geta verið misjafnir, til hækkunar eða lækkunar fyrir mismunandi tegundir eigna, byggðahverfi, sveitarfélög eða landshluta, eftir mati nefndarinnar.

Ef eignir í einstökum sveitarfélögum verða fyrir verulegum og óvenjulegum verðbreytingum hefur hlutaðeigandi sveitarstjórn umsagnarrétt áður en yfirfasteignamatsnefnd tekur ákvörðun skv. 1. mgr.

Skráðu matsverði fasteigna skal breytt í fasteignaskrá í samræmi við ofangreinda stuðla og skal það verð talið fasteignamatsverð frá og með 1. desember til jafnlengdar næsta ár nema sérstakt endurmat komi til.

27. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Áður en slík reglugerð er sett skal um hana leitað umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

28. gr.

Um brot gegn ákvæðum laga þessara skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum nema þyngri refsing komi til samkvæmt öðrum lögum.

29. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 28 29. apríl 1963, um fasteignamat og fasteignaskráningu. Umboð yfirfasteignamatsnefndar skv. lögum nr. 28/1963 fellur niður við gildistöku laganna svo og umboð millimatsmanna skv. 22. gr. laga nr. 28/1963, þó svo, að þeir skulu skila gögnum fyrir árið 1976 eftir því sem Fasteignamat ríkisins ákveður. Þá eru stöður við Fasteignamat ríkisins, sem ekki eru uppsegjanlegar með 3 mánaða fresti eða skemmri, lagðar niður frá gildistökudegi laganna, sbr. 14. gr. laga nr. 38/1954.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Fasteignamat samkvæmt aðalmati 1970, með þeim breytingum sem á því hafa verið gerðar lögum samkvæmt, gildir þar til því er breytt samkvæmt ákvæðum þessara laga.

II.

Fasteignamat ríkisins tekur við öllum eignum og gögnum sem nú eru í vörslu fasteignamatsins í Reykjavík eða utan Reykjavíkur, þar með talin hvers konar kerfisgögn og forrit vegna vélavinnslu fasteignaskrár.

III.

Jafnhliða framkvæmd 4. mgr. 12. gr. laganna skal Fasteignamat ríkisins búa fasteignaskrá sína svo úr garði að flytja megi skrásetningu réttinda yfir fasteignum, sem nú fer fram við þinglýsingu, inn í fasteignaskrá þegar slík breyting þykir tímabær. Því til undirbúnings er Fasteignamati ríkisins heimilt að gera og gefa út staðlaðar gerðir skuldabréfa með veði í fasteignum sem falla mundu að slíku nýju skráningarkerfi eignar- og veðréttar á fasteignum.

IV.

Nú vinnst eigi tími til skráningar einstakra hluta fasteigna í landinu, sbr. 2. mgr. 2. gr., fyrir 1. nóvember 1976 og skal Fasteignamati ríkisins þá heimilaður frestur til að ljúka þeirri skráningu til 1. nóvember 1977.

V.

Áður en nýtt fasteignamat tekur gildi hinn 1. desember 1976, sbr. 3. mgr. 26. gr., skal fara fram endurskoðun á ákvæðum gildandi laga sem fasteignamat hefur áhrif á, þannig að samþykkt þessara laga valdi ekki breytingum á gjöldum af fasteignum.

Ed. 537. Lög [195. mál]

um skattfrelsi bókmennta- og tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs.

(Afgreidd frá Ed. 8. apríl.)

Samhljóða þskj. 407.

Ed. 538. Frumvarp til laga [145. mál]

um breyting á lögum nr. 42/1969, um afréttamálefni, fjallskil o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed., 8. apríl.)

1. gr.

Fyrsta mgr. 13. gr. falli niður.

2. gr.

14. gr. laganna falli niður. 15. gr. verður 14. gr.

3. gr.

III. kafli laganna orðist svo:

Um verndun beitilands og um ítölu.

15. gr.

Stjórnum fjallskiladeilda og sveitarstjórnum, þegar um heimalönd er að ræða, er skylt að fylgjast með ástandi afrétta og heimalanda, og skulu þær hafa um það samráð við gróðurverndarnefnd viðkomandi sýslu og Landgræðslu ríkisins.

Berist þessum aðilum rökstuddar ábendingar um, að nýtingu afréttar eða heimalanda sé ekki hagað á skynsamlegan hátt, eða að um ofbeit sé að ræða, er þeim skylt að leita álits gróðurverndarnefndar og Landgræðslu ríkisins um málið og um aðgerðir til úrbóta.

16. gr.

Þar sem talin er þörf bættrar meðferðar afréttar og verndar á gróðri, að mati gróðurverndarnefndar og Landgræðslu ríkisins, er stjórnum fjallskiladeilda heimilt að grípa til eftirtalinna aðgerða:

a) Ákveða, að fjallgöngur á hausti skuli færðar fram, eða að smalað sé af tilteknum hlutum afréttar fyrir göngur.
b) Ákveða, hvenær fyrst megi reka hverja búfjártegund á afrétt.
c) Láta girða sérstök svæði á afréttum eða í heimalöndum fyrir hrossabeit.
d) Banna, að stóðhross séu rekin á afrétt, enda séu þau þá undanskilin fjallskilum.
e) Eiga frumkvæði að félagslegum aðgerðum til hagabóta í samráði við gróðurverndarnefnd og Landgræðslu ríkisins.
f) Eiga frumkvæði að ítölu, ákvæði 17.—25. gr.

17. gr.

Ítölu má gera í afrétti og heimalönd fyrir heilar sýslur, einstök sveitarfélög eða hreppshluta, að fullnægðum skilyrðum laga þessara, enda sé gætt að brjóta ekki í bága við lög um sauðfjárveikivarnir.

18. gr.

Eftirtaldir aðilar geta farið þess á leit við sýslunefndir, að athugun verði gerð á því, hvort þörf sé fyrir ítölu, og krafizt ítölu, ef niðurstaða athugunar er á þann veg, að hennar sé talin þörf:

a) Einstakir bændur, búi þeir á viðkomandi svæði eða á nærliggjandi svæði, þar sem um verulegan samgang búfjár er að ræða á milli svæðanna.
b) Sveitarstjórn viðkomandi sveitarfélags og sveitarstjórnir nágrannasveitarfélaga, ef verulegur samgangur búfjár er á milli þeirra.
c) Sýslunefndir aðliggjandi sýslna, ef verulegur samgangur búfjár er á milli þeirra.
d) Gróðurverndarnefnd viðkomandi sýslu og gróðurverndarnefnd í nágrannasýslu, ef verulegur samgangur búfjár er á milli sýslnanna.
e) Landgræðsla ríkisins.

19. gr.

Nú hefur sýslunefnd borizt ósk um, að gerð verði ítala í ákveðið landsvæði, og er þá skylt að leita álits hlutaðeigandi sveitarstjórnar, gróðurverndarnefndar og Landgræðslu ríkisins á málinu. Telji einhver þessara aðila þess þörf, skal gera athugun á beitarþoli og notkun landsins og gefa um það álitsgerð.

20. gr.

Telji gróðurverndarnefnd og Landgræðsla ríkisins, eða hlutaðeigandi sveitarstjórn, aðgerða þörf, ítölu eða annarrar gróðurverndar, þá skal stjórn fjallskiladeildar, sýslunefnd, ef heil fjallskilaumdæmi eiga hlut að máli, eða sveitarstjórn, ef um heimalönd er að ræða, boða til fundar alla bændur innan þess svæðis, sem um ræðir. Ef um heilt fjallskilaumdæmi eða meira er að ræða, er heimilt að boða til fulltrúafundar, þar sem fulltrúar einstakra sveitarfélaga eða fjallskiladeilda eiga fundarsetu, kosnir af bændafundum í hlutfalli við bændafjölda hvers sveitarfélags eða deildar. Fulltrúafundur getur því aðeins ráðið málinu til lykta, að allar deildir séu því samþykkar.

Sá telst bóndi, er hefur lögbýli til ábúðar. Í fundarboði skal geta um fundarefni. Fundur telst lögmætur, ef meira en helmingur atkvæðisbærra manna mætir. Hver maður hefur eitt atkvæði, og eigi fleiri, þótt hann nytji eða búi á tveimur eða fleiri lögbýlum. Gróðurverndarnefnd viðkomandi sýslu og fulltrúi frá Landgræðslu ríkisins eiga rétt til setu á fundinum með málfrelsi og tillögurétt. Skylt er að boða þeim slíka fundi.

Skrá skal í fundargerð, hve margir bændur eru á viðkomandi svæði, svo og hve margir hafa greitt atkvæði um fundarefnið.

Verði samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögmætum fundi að gera ítölu eða grípa til annarra aðgerða til að létta af afréttum eða heimalöndum, sbr. a—e-lið 16. gr., er sú samþykkt bindandi.

Samþykkt um ítölu í afrétti eða heimalönd skal send viðkomandi sýslunefnd, og skal hún annast um, að ítala sé gerð.

Ef aðeins er um að ræða eina fjallskiladeild, eitt sveitarfélag eða hluta sveitarfélags, og fundur samþykkir ítölu einróma, má fela stjórn fjallskiladeildar eða sveitarstjórn að sjá um framkvæmd ítölu. Skylt er þó ætíð að leita aðstoðar sérfróðra manna við ítölumatið.

Fundarályktanir um aðrar aðgerðir samkvæmt heimildum í a—e-lið 16. gr. skal senda viðkomandi fjallskiladeild.

Nú er tillaga um ítölu eða aðrar aðgerðir felld við atkvæðagreiðslu, og er þeim, sem aðgerða hefur krafizt, þá heimilt að vísa málinu til landgræðslustjóra, sem fer með það, samkvæmt 23. gr. landgræðslulaga nr. 17/1965. Skylt er að hlíta þeirri ítölu, sem þannig er ákveðin.

21. gr.

Þegar sýslunefnd hefur borizt fundarályktun um ítölu samkvæmt 20. gr., annast sýslumaður um skipun 3ja manna ítölunefndar. Sýslumaður tilnefnir formann nefndarinnar, en Búnaðarfélag Íslands og Landgræðsla ríkisins sinn manninn hvort. Varamenn skulu tilnefndir af sömu aðilum.

22. gr.

Ítala skal svo ákvörðuð, að fullskipað sé í landið en ekki ofskipað miðað við beitarþol. Byggja skal á beitarþolsrannsóknum svo sem við verður komið, jafnframt skal tekið tillit til aðstæðna hverju sinni.

Búfé skal lagt í einingar með hliðsjón af tillögum sérfræðinga í fóðurfræði og beitarþolsrannsóknum. Ítölunefnd er heimilt að ákveða hlutfallstölu einstakra búfjártegunda, sé gróðurfar landsins mjög einhæft.

23. gr.

Ef innan ítöluumdæmis er kaupstaður eða kauptún, sem hefur umráðarétt jarðnæðis, er grasnyt fylgir, hefur kauptúnið sem heild beitarrétt í heimahögum og afrétti í hlutfalli við beitiland jarðarinnar, eftir sömu reglum og um getur í 22. og 24. gr. Um rétt einstaklinga innan viðkomandi kaupstaðar eða kauptúns fer eins og um önnur sveitarfélög og einstaklinga innan þeirra sé að ræða. Nú er kauptún í landi jarðar, sem er einkaeign, og skal þá við ítölu úthluta jörðinni í heild, þar með talið kauptúnið, því, sem henni ber í hlutfalli við aðrar jarðir, en íbúar kauptúnsins semji hver fyrir sig við umráðamann jarðarinnar um beitarréttindi í heimalandi og afrétti.

24. gr.

Þegar ítölunefnd hefur ákveðið heildartölu búfjár, sem hafa má á hverju svæði, sendir hún úrskurðinn viðkomandi sýslumanni, sem birtir hann viðkomandi aðilum og Landgræðslu ríkisins. Sveitarstjórn hefur eftirlit með því, að eigi sé haft fleira í högum en ítölunefnd hefur ákveðið.

Nú er fleira búfé á ákveðnu ítölusvæði en þar má ganga samkvæmt úrskurði ítölunefndar, og má þá fela ítölunefnd að ákveða hlutdeild hvers býlis af heildarsveitarréttindum.

Nú hefur hreppsnefnd eða stjórn fjallskiladeildar gert tillögur um hlutdeild einstakra býla í ítölu, og getur þá sá, sem ekki vill una þeim, skotið málinu til ítölunefndar, sem sker úr.

Réttur hvers lögbýlis skal vera í hlutfalli við beitarþol heimalands jarðarinnar. Hafi það ekki verið metið, má leggja til grundvallar landverð jarðarinnar eftir fasteignamati að frádregnum hlunnindum og að frádregnu verðmæti þess hluta

af fullræktuðu landi, sem ætla má að nota verði til heyöflunar. Taka má tillit til sérstakra búskaparhátta á jörðinni.

Heimilt er sveitarfélagi, sem ekki fyllir ítölu sína í afrétti, að leyfa öðru sveitarfélagi, sem á upprekstur í sameiginlegt afréttarland, að fylla ítöluna, enda komi gjald fyrir, sem ítölunefnd ákveður. Hafi ábúandi færra búfé í heimahögum en svarar ítölu hans, má hann taka af öðrum innan sama hrepps, en eigi utan, nema með samþykki sveitarstjórnar. Sama gildir um eyðijarðir, noti eigandi þær ekki fyrir eigin fénað. Hafi hreppsbúar ekki þörf nytjalandsins, en sveitarstjórn synjar jarðeiganda að taka fénað utan hrepps, getur hann krafizt beitarleigu eftir mati ítölunefndar, enda sé það land, ef um heimaland er að ræða, girt fjárheldri girðingu.

Nú hefur ítala verið ákveðin í afréttarland, og er þá sveitarstjórn heimilt að jafna niður fjallskilakostnaði í hlutfalli við ítölu hvers býlis.

25. gr.

Til þess að gera ítölu í land, sem er innan tveggja eða fleiri lögsagnarumdæma eða er eign fleiri en eins lögsagnarumdæmis, tilnefnir landbúnaðarráðherra einn mann í nefnd og er hann formaður, stjórn Búnaðarfélags Íslands annan og landgræðslustjóri hinn þriðja.

26. gr.

Kostnaður við störf ítölunefndar greiðist af því sveitarfélagi, sem hlut á að máli. Nú er ítala gerð í lönd tveggja eða fleiri sveitarfélaga, og skiptist þá kostnaðurinn milli þeirra eftir meðaltalstölu búpenings síðastliðin fimm ár. Rísi ágreiningur um reikning ítölunefndar eða skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga, sker Búnaðarfélag Íslands úr.

27. gr.

Sá, er ekki vill una úrskurði ítölunefndar, getur krafizt yfirítölumats innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu ítöluúrskurðar. Krafan sendist landbúnaðarráðherra, sem skipar þrjá menn í yfirítölunefnd, og sé einn þeirra formaður. Starfar nefndin samkvæmt ákvæðum 22. gr.

Kostnaður greiðist á sama hátt og segir í 26. gr., ef nefndin breytir ítölu um 10 af hundraði eða meira, ella af þeim, er krafðist endurskoðunar.

28. gr.

Nú telur einhver, að ítölu sé ekki fylgt, og getur hann þá kært málið til sýslumanns.

Nú verður sannað, að einhver bóndi hefur fleira búfé í afrétti eða heimahögum en hann hefur rétt til samkvæmt ítölu, og skal þá sýslumaður gera viðkomanda að greiða sekt til fjallskilasjóðs.

Sektarfé skal verja til gróðurbóta á viðkomandi landi.

Sekt skal vera sem samsvarar 1/10 af meðallambsverði fyrir hverja fjallskilaeiningu, sem er umfram leyfilega tölu, en tvöfalda má sekt fyrir hvert ítrekað brot. Heimilt er að láta sektir niður falla, ef sönnur verða færðar á, að um ásetning hafi ekki verið að ræða.

29. gr.

Skylt er að taka ítölu til endurmats, þegar 4 ár eru liðin frá þeim tíma, að ákvörðun um ítölu tók gildi, ef a. m. k. ¼ ábúenda, sem hlut eiga að máli, krefjast þess, eða ef landgræðslustjóri, stjórn fjallskiladeildar eða gróðurverndarnefnd telur þess þörf.

30. gr.

Nánari ákvæði um ítölu má setja í fjallskilasamþykkt.

4. gr.

Tölurðð greina í kafla IV.—X. breytist í samræmi við framantaldar breytingar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **539. Frumvarp til laga** [250. mál]

um stjórnmálaflokka.

Flm.: Benedikt Gröndal.

1. gr.

Frjálst er fólki að mynda stjórnmálaflokka til að efla skoðanamyndun, standa að framboðum í kosningum til opinberra starfa og hafa áhrif á framvindu þjóðmála.

2. gr.

Lýðræðisleg samtök íslenskra ríkisborgara, sem uppfylla skilyrði 4. gr., teljast stjórnmálaflokkar, ef þau bjóða fram í a. m. k. fjórum kjördæmum við alþingiskosningar.

3. gr.

Stjórnmálaflokkar skulu tilkynna dómsmálaráðuneytinu stofnun sína og störf, svo sem fyrir er mælt í 6. gr.

Stjórnmálaflokkar, sem skráðir hafa verið, eiga rétt og bera skyldur samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Stjórnmálaflokkar teljast hafa lýðræðislega skipan, ef fullnægt er eftirtöldum atriðum:

1) Flokkarnir eru opnir öllum landsmönnum, sem ekki eru félagar í öðrum stjórnmálasamtökum, hvar sem þeir búa á landinu.
2) Allt flokksfólk á kost á að kjósa með jöfnum atkvæðisrétti fulltrúa til þings eða landsfundar, sem fer með æðsta vald innan flokksins.
3) Slíkt þing eða landsfundur setur flokknum lög, mótar stefnu hans og kýs a. m. k. þriggja manna æðstu stjórn hans.
4) Frambjóðendur flokksins í hverju kjördæmi eru annaðhvort valdir í beinum kosningum af flokksfólki og e. t. v. óflokksbundnu stuðningsfólki eða af fulltrúum kosnum af því. Endanleg kosning frambjóðenda er leynileg.
5) Lög flokksins, stefnuskrá og stefnumarkandi samþykktir, svo og niðurstöður kosninga í æðstu trúnaðarstöður innan flokksins, eru birt opinberlega.
6) Reikningar flokksins eru endurskoðaðir af kjörnum endurskoðendum, samþykktir af æðstu stofnun flokksins og birtir.

5. gr.

Stjórnmálaflokkar skulu skrá sig hjá dómsmálaráðuneytinu með því að leggja fram afrit af lögum sínum og stefnuskrá, svo og nöfn, heimilisföng og nafnnúmer stjórnarmanna. Senda skulu flokkar ráðuneytinu breytingar á lögum, stefnuskrá eða stjórn ekki sjaldnar en á tveggja ára fresti.

Nýr flokkur skal auk ofangreindra upplýsinga senda ráðuneytinu nöfn, heimilisföng og nafnnúmer flokksfólks, jafnmörg og meðmælendur framboðslista skulu vera í einhverjum fjórum kjördæmum samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 1959.

Flokkar, sem ekki fullnægja ákvæðum þessarar greinar, hljóta ekki aðstoð samkvæmt 11. og 12. gr.

6. gr.

Nafn stjórnmálaflokks, stytting þess eða skammstöfun, má ekki líkjast nöfnum flokka, sem fyrir eru.

Flokkur skal halda sama listabókstaf við alþingiskosningar svo lengi sem hann starfar, sbr. 40. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 52 1959.

Breyti flokkur um nafn, ræður hann hvort hann heldur listabókstaf sínum eða fær nýjan. Óski flokkur að breyta um listabókstaf, skal það leyft.

7. gr.

Lög stjórnmálaflokka skulu tryggja jafnrétti alls flokksfólks í störfum og ákvörðunum flokksins.

Aðeins kjósendur mega taka þátt í vali frambjóðenda við alþingiskosningar, og þeir einungis í því kjördæmi, þar sem þeir eru á kjörskrá. Enginn má taka þátt í vali frambjóðenda nema í einni deild flokks í kjördæmi sínu. Um kosningu frambjóðenda innan flokka gilda ákvæði 102.—104. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 1940.

Í lögum stjórnmálaflokka skulu, auk þess sem þau fullnægja skilyrðum 4. gr., vera ákvæði um nafn flokks, heimili og varnarþing, kosningu endurskoðenda, slit flokksins og hvernig breyta megi lögunum.

8. gr.

Þeir, sem ekki hafa náð sjálfræðisaldri, mega ekki vera félagar í stjórnmálafokki eða neinum samtökum innan hans.

Stjórnmálaflokkar mega ekki halda uppi áróðri eða neins konar annarri pólitískri starfsemi, sem er vísvitandi beint að þeim, er ekki hafa náð sjálfræðisaldri.

9. gr.

Stjórnmálaflokkar, sem eru skráðir samkvæmt 5. gr., svo og önnur samtök, sem bjóða fram lista við alþingiskosningar, eru bókhaldsskyld. Nær sú skylda til flokkanna eða samtakanna, svo og deilda innan þeirra eða á vegum þeirra, hvers konar sjóða eða stofnana, sem eru eign þeirra, starfa í þágu þeirra eða eru tengd þeim.

Halda skal sérstaka reikninga yfir bein útgjöld vegna hverra kosninga til Alþingis og birta í a. m. k. einu landsmálablaði innan 6 mánaða eftir að kosningum lauk.

Allir reikningar samkvæmt 1. mgr. skulu sendir dómsmálaráðuneytinu og birtir í aðalmálgagni flokks eða einu landsmálablaði.

10. gr.

Stjórnmálaflokkar eru skattfrjálsir.

11. gr.

Stjórnmálaflokkar, sem uppfylla skilyrði laga þessara, fá styrk úr ríkissjóði til starfsemi sinnar, þegar Alþingi veitir til þess fé á fjárlögum.

Þegar að loknum næstu alþingiskosningum eftir að slík fjárveiting hefur átt sér stað, skiptir dómsmálaráðuneytið fénu í jafnmarga hluti og gild atkvæði voru í öllum kjördæmum landsins. Skal hver flokkur fá þann hlut margfaldaðan með heildartölu atkvæða, er honum voru greidd á öllu landinu. Skiptist fjárveiting ekki að fullu á þennan hátt, skal geyma eftirstöðvar og bæta við fjárveitingu við næstu kosningar.

Á öðru ári eftir kosningar getur ráðuneytið greitt hverjum flokki 10% af styrk hans við síðustu kosningar, á þriðja ári 15% og í byrjun kosningaárs, eða þegar þing hefur verið rofið og efnt til kosninga, 35%. Dregst þetta fé frá heildarúthlutun að kosningum loknum.

Flokki, sem ekki bauð fram við síðustu kosningar, en uppfyllir skilyrði þessara laga og hefur látið skrá sig skv. 5. gr., má greiða á öðru ári sem svarar ½% allra gildra atkvæða í síðustu kosningum, á þriðja ári ½% og í byrjun kosningaárs, eða þegar þing hefur verið rofið og efnt til kosninga, 1%, sem jafnað verður að loknum kosningum. Verði ekki af framboði eða nái slíkur flokkur ekki 2% atkvæða, ber flokknum að endurgreiða fé, og skal flokksstjórn persónulega ábyrg fyrir því.

12. gr.

Landssími Íslands leggur endurgjaldslaust til tæki til að útvarpa frá framboðsfundum fyrir alþingiskosningar, ef meiri hluti frambjóðenda í hverju kjördæmi óskar og útvarpsráð veitir samþykki sitt.

Hagstofa Íslands veitir stjórnmálaflokkum endurgjaldslaust 3 eintök af kjörskrám þeirra kjördæma, er þeir bjóða fram í, þar af eitt á límmiðum.

Fyrir alþingiskosningar á hver framboðslisti rétt á að senda endurgjaldslaust í pósti eitt bréf, allt að 50 g að þyngd, til hvers kjósanda á kjörskrá.

Frá þriðja degi eftir að framboðsfrestur rennur út til þriðja dags eftir kjördag skal hver framboðslisti í hverju kjördæmi fá til afnota eitt símanúmer og símatæki fyrir hverja 10 000 kjósendur eða hluta af þeirri tölu, sem eru á kjörskrá í kjördæminu.

13. gr.

Verði sönnuð á frambjóðanda, kjörinn, skipaðan eða ráðinn trúnaðarmann stjórnmálaflokks, brot á 102.—104. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 1940, eða XVII. kafla laga um kosningar til Alþingis (Um óleyfilegan kosningaáróður eða kosningaspjöll), missir flokkurinn allan frekari stuðning við þær kosningar, og ef um alvarlegt brot er að ræða, við næstu kosningar.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Undanfarin ár hefur komið fram hörð gagnrýni á það valdakerfi, sem íslenska þjóðin býr við. Hafa stjórnmálaflokkarnir orðið mjög fyrir barðinu á þeirri gagnrýni, en þeir hafa verið kenndir við misrétti, misbeitingu valds, samtryggingu hagsmuna, annarlega fjáröflun og lélega frammistöðu í því meginhlutverki að stjórna landinu.

Oft hefur það viðkvæði heyrst, að setja þurfi lög um stjórnmálaflokka, og hafa margir forustumenn flokkanna sjálfra tekið undir það.

Hér hefur verið gerð tilraun til þess að setja saman frumvarp til slíkra laga um stjórnmálaflokka. Þar eð hér er um að ræða frumsmíð, og erlendar fyrirmyndir eru fáar, ber að líta á þetta frumvarp sem drög, ætluð til að vekja umræður á föstum grunni. Flutningsmaður áskilur sér rétt til að skipta um skoðun varðandi einstök atriði frumvarpsins, og Alþýðuflokkurinn hefur að sjálfsögðu algerlega frjálsar hendur um málið á þessu stigi.

Þegar samið er frumvarp til laga um stjórnmálaflokka í ljósi þeirrar gagnrýni, sem höfð hefur verið í frammi hér á landi, vakna ýmsar spurningar, sem hugsanleg lög þyrftu að fjalla um.

Eru stjórnmálaflokkar nauðsynlegir, og ef svo er, hvert er hlutverk þeirra í stjórnskipan lýðveldisins?

Eru lýðræðislegar starfsaðferðir hafðar í heiðri innan flokkanna, t. d. við val forustumanna og frambjóðenda til Alþingis, sveitarstjórna og annarra ábyrgðastarfa?

Hvar fá flokkarnir fé til að standa straum af dýrum rekstri og áróðri, að ekki sé minnst á kosningabaráttu? Hvernig hafa flokkarnir farið að því að komast yfir stóreignir, svo sem húsbyggingar? Nota þeir völd sín í þágu þeirra, sem greiða þeim fé? Geta peningamenn keypt áhrif og opinbera fyrirgreiðslu á Íslandi?

Nauðsyn stjórnmálaflokka.

Stjórnmálaflokkar hafa alltaf verið tortryggðir, eins og við má búast um slíkar stofnanir, sem nærast á mismunandi skoðunum og hagsmunum, en eru bornar uppi

af misvitrum mönnum. Fyrsti forseti Bandaríkjanna, George Washington, gekk svo langt að vara þjóðina í kveðjuræðu sinni við hættum í sambandi við flokkana, sem þá voru að skjóta rótum í hinu unga lýðveldi.

Flokkar geta verið ærið ólíkir, svo að þeir eigi fátt sameiginlegt nema nafnið. Sumir eru baráttutæki hagsmunahópa, eins og skattgreiðendaflokkur Glistrups hins danska; eða þjóðarbrota, eins og Skoski þjóðernissinnaflokkurinn eða Sænski flokkurinn í Finnlandi; eða flokkur bænda, verkamanna eða auðmagns. Sumir eru baráttutæki fyrir klíkur eða einstaka menn, eins og Tammany Hall í New York og Demókrataflokkurinn er í Chicago. Sumir eru heiðarlegir, aðrir gerspilltir, flestir einhvers staðar þar á milli.

Ekki er langt síðan svokallaðir fjöldaflokkar komu fram á sjónarsviðið, en þeir byggjast að sjálfsögðu á fjölmiðlatækni nútímans. Margir þeirra berjast fyrir ákveðnum hugsjónum um þjóðfélag og mannleg samskipti, aðrir hafa óljósan málefnagrundvöll, en sterka hefð að baki.

Augljóst er, að nútíma þjóðfélög komast vart af án stjórnmálaflokka, nema vopnaður her eða sérlega heilsteypt valdastétt styðji ríkisstjórn. Flokkarnir eiga að vera tengiliðir milli valdhafa og fólksins, halda uppi áróðri og fræðslu, verja ráðamenn eða gagnrýna, velja fólk til endurnýjunar í valdastöðum og halda saman stuðningshópum ríkisstjórna — eða stjórnarandstöðu.

Þrátt fyrir mikla þýðingu stjórnmálaflokka er yfirleitt ekki minnst á þá í stjórnarskrám hinna eldri lýðræðisríkja, og sárafá lönd hafa sett sérstök lög um þá. Þó hefur þetta verið að breytast smám saman og stjórnkerfin að gangast við flokkunum.

Þegar frjálsar kosningar komu til sögunnar, varð að setja um þær ítarleg lög, og eru stjórnmálaflokkar víða nefndir í þeim. Hér á landi eru þeir ekki nefndir í stjórnarskránni, en koma fram í kosningalögunum. Á hinum Norðurlöndunum er sömu sögu að segja, en í Noregi, Danmörku og Svíþjóð var sú kvöð tekin upp að skylda flokka til að skrá sig hjá ráðuneyti. Í Noregi gilda enn lög frá 1920 þess efnis, að flokkur verði við fyrstu skráningu að leggja fram lista yfir 1000 stuðningsmenn. Um þessar mundir er rætt um að hækka þetta upp í 2000—3000 af ótta við nýjan nasistaflokk.

Eftir síðari heimsófrið þurftu nokkur Evrópuríki að setja sér nýjar stjórnarskrár, og eru stjórnmálaflokkar nefndir í sumum þeirra, er hlutverk þeirra og þýðing þar með staðfest. Þannig settu vestur-þjóðverjar þessi orð í upphaf 21. greinar stjórnarskrár sinnar 1949: „Stjórnmálaflokkar stuðla að þróun hins pólitíska vilja fólksins. Þá er frjálst að stofna."

Ítalir gerðu hið sama í 49. gr. stjórnarskrár sinnar og frakkar í stjórnarskrá fimmta lýðveldisins. Vestur-þjóðverjar munu þó vera þeir einu, sem fylgdu stjórnarskrá sinni eftir með því að setja sérstakan lagabálk um stjórnmálaflokka. Var það raunar umdeilt vegna ákvæða um fjáröflun flokkanna, og sama ástæða mun valda því, að önnur ríki hafa ekki sett slík lög. Þó eru til sérstök lög um opinbera aðstoð við stjórnmálaflokka í nokkrum löndum.

Ýmis lög, er banna misnotkun stjórnmálaflokka og spillingu í opinberu lífi, hafa að sjálfsögðu verið til um langt skeið. Hafa þau haft mikil áhrif í þá átt að gera stjórnmálaflokka nútímans, hvað sem annars má um þá segja, opnari og heiðarlegri en margir þeirra voru áður fyrr.

Árin 1950—51 var mikið rætt um þessi mál í Svíþjóð og sett á laggirnar nefnd til að fjalla um lagasetningu um stjórnmálaflokka. Deilan um það, hvort setja bæri slík lög, snerist nálega eingöngu um fjáröflun flokkanna. Vitað var, að sænsku flokkarnir fengu aðeins hluta af rekstrarfé sínu frá flokksfólki, en öfluðu sér verulegra upphæða frá öðrum aðilum, jafnaðarmenn frá verkalýðshreyfingu og samvinnuhreyfingu, en borgaraflokkarnir frá einkafyrirtækjum. Þótti varhugavert að setja lög um þessi efni, er krefðust birtingar á nöfnum gefenda og upphæðum, þar

sem mörg fyrirtæki, félög og jafnvel einstaklingar mundu hætta að styrkja flokkana, ef leynd væri ekki yfir þeim verknaði. Töldu og ýmsir, að lög um birtingu nafna þeirra, er gæfu fé til stjórnmálaflokka, jöðruðu við brot á stjórnarskrárákvæðum um leynilegar kosningar. Varð því ekkert úr lagasetningu um stjórnmálaflokka í Svíþjóð, heldur var farið inn á braut vaxandi ríkisstyrkja til flokkanna til að draga úr þörf þeirra fyrir fjárframlög sterkra aðila, sem kynnu að setja skilyrði með gjöfum sínum. Ríkisstyrkur til sænsku flokkanna nemur á þessu ári um 1600 milljónum íslenskra króna.

Hvergi hafa áhrif fjármagns á stjórnmál verið meiri en í Bandaríkjunum, og ekkert ríki hefur gengið eins langt í lagasetningum til að takmarka fjárframlög einstaklinga og fyrirtækja til frambjóðenda og krefjast birtingar. Þar hefur einnig verið farið inn á þá braut að greiða ríkisstyrki til þeirra, er keppa um framboð í forsetakosningum, og eru þeir styrkir meðal annars í formi mótframlags gegn smáframlögum einstaklinga. Taki frambjóðandi við ríkisaðstoð, sem er freistandi, verður hann um leið að gangast undir strangar reglur varðandi alla aðra fjáröflun.

Fjármögnun flokka á Íslandi.

Hér á landi halda allir stjórnmálaflokkar uppi margvíslegri fjáröflun umfram það, sem flokksfólk greiðir í félagsgjöld. Happdrætti og skemmtanahald er notað meira eða minna í því skyni.

Mest munar þó um það fé, sem flokkarnir fá frá ýmsum gefendum, sem eru einstaklingar, fyrirtæki, samtök og ef til vill fleiri aðilar. Um þessa hlið er ekkert gert opinbert, nema þegar upp kemst um mál eins og svokallað Ármannsfellsmál.

Hér er komið að einu þýðingarmesta atriði í starfi stjórnmálaflokkanna. Ef lög væru sett til að skylda flokka til að birta nöfn gefenda og upphæðir fjárgjafa, er víst, að fjölmargir aðilar mundu kippa að sér hendi. Þó má ætla, að ýmsir mundu fara krókaleiðir til að koma fjármunum til flokkanna eða verða þeim að sambærilegu gagni, og eru þeir, sem gefa fé í von um að fá eitthvað í staðinn, líklegastir til að leita vafasamara úrræða. Væri þá lagasetningin til þess eins að hindra þá fjáröflun, sem engar kvaðir eða hættur fylgja.

Í frumvarpinu er valin sú braut að setja strangar reglur um bókhald flokka og birtingu reikninga. Mundi vonandi koma fram, ef um óeðlilegar fjárgjafir væri að ræða, og flokksfólk jafnt sem andstæðingar gæti þá krafist upplýsinga. Þá er gert ráð fyrir margvíslegri ríkisaðstoð við flokkana í þeirri von, að það dragi verulega úr þeirri nauðsyn, sem oft knýr stjórnmálamenn til að taka við vafasömum fégjöfum.

Meginefni frumvarpsins.

Ekki er ástæða til að skýra hverja grein frumvarpsins, en meginefni þess er þetta:

1) Stjórnmálaflokkar eru skilgreindir og lýst megineinkennum lýðræðislegs flokksskipulags.
2) Sett eru ákvæði til að tryggja jafnrétti allra flokksmanna, sérstaklega við val frambjóðenda, og bent á, að óflokksbundið fólk gæti tekið þátt í slíku vali.
3) Sett eru nokkur almenn lagaákvæði um val frambjóðenda við alþingiskosningar. Frumvarpið fjallar ekki um aðrar kosningar, svo sem forsetakosningar eða sveitarstjórnarkosningar.
4) Stjórnmálaflokkum er gert að láta skrá sig hjá dómsmálaráðuneytinu.
5) Flokkar og aðrir aðstandendur framboða í þingkosningum eru gerðir bókhaldsskyldir og þeim gert að birta reikninga sína opinberlega.

6) Stjórnmálaflokkum er veitt bein og óbein aðstoð ríkisins við starfsemi þeirra til þess að gera þá óháða fjárframlögum einstaklinga, stofnana og fyrirtækja.
7) Gert er ráð fyrir stofnun nýrra flokka til þess að núverandi flokkakerfi festist ekki um of.

Verði sett lög eitthvað svipuð þessu frumvarpi, mundu þau opna stjórnmálaflokkana, tryggja lýðræðislega starfshætti þeirra og jafnrétti alls flokksfólks. Ætti þetta að draga mjög úr tortryggni í garð flokkanna og gera þá hæfari til að gegna hinu mikilvæga hlutverki þeirra í stjórnskipan lýðveldisins.

Nd. 540. Frumvarp til laga [251. mál]

um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Flm.: Sverrir Hermannsson, Jón Skaftason, Garðar Sigurðsson, Sighvatur Björgvinsson, Karvel Pálmason, Guðlaugur Gíslason.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að viðgangi og hagkvæmustu nýtingu fiskstofna innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi.

2. gr.

Í fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í reglugerð nr. 299 15. júlí 1975, skulu erlendum skipum bannaðar allar veiðar samkvæmt ákvæðum laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

Íslenskum skipum eru bannaðar veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, nema þar sem sérstakar heimildir eru veittar til slíkra veiða í lögum þessum.

3. gr.

Íslenskum skipum er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu innan fiskveiðilandhelginnar á þeim veiðisvæðum og veiðitímum, sem nú verða greind, enda undanþiggi ráðherra ekki tiltekin svæði slíkum veiðum. Þegar rætt er um viðmiðunarlínu er átt við línu, sem dregin er umhverfis landið á milli eftirtalinna staða:

	N.br.:	V.lgd.:
1. Horn (grp. 1)	66°27′4	22°24′3
2. Selsker (viti)	66°07′5	21°30′0
3. Ásbúðarrif (grp. 2)	66°08′1	20°11′0
4. Siglunes (grp. 3)	66°11′9	18°49′9
5. Flatey (Skjálfanda) (grp. 4)	66°10′3	17°50′3
6. Mánareyjar (Lágey) (grp. 5)	66°17′8	17°06′8
7. Rauðinúpur (grp. 6)	66°30′7	16°32′4
8. Rifstangi (grp. 7)	66°32′3	16°11′8
9. Hraunhafnartangi (grp. 8)	66°32′2	16°01′5
10. Langanes (grp. 9)	66°22′7	14°31′9
11. Skálatáarsker	65°59′7	14°36′4
12. Almenningsfles	65°33′1	13°40′5
13. Glettinganes (grp. 10)	65°30′5	13°36′3
14. Norðfjarðarhorn (grp. 11)	65°10′0	13°30′8
15. Gerpir (grp. 12)	65°04′7	13°29′6
16. Hólmur (Seley) (grp. 13)	64°58′9	13°30′6
17. Skrúður (Þursi) (grp. 15)	64°54′1	13°36′8
18. Papey (viti)	64°35′5	14°10′5
19. Hvítingar (grp. 18)	64°23′9	14°28′0

	N.br.:	V.lgd.:
20. Stokksnes (grp. 19)	64°14′1	14°58′4
21. Hrollaugseyjar (grp. 20)	64°01′7	15°58′7
22. Ingólfshöfði (grp. 22)	63°47′8	16°38′5
23. Hvalsíki (grp. 23)	63°44′1	17°33′5
24. Meðallandssandur I (grp. 24)	63°32′4	17°55′6
25. Meðallandssandur II (grp. 25)	63°30′6	17°59′9
26. Mýrnatangi (grp. 26)	63°27′4	18°11′8
27. Kötlutangi (grp. 27)	63°23′4	18°42′8
28. Lundadrangur (grp. 28)	63°23′5	19°07′5
29. Bakkafjara (skúr við sæstreng)	63°32′3	20°10′9
30. Knarrarós (viti)	63°49′4	20°58′6
31. Hafnarnes	63°50′6	21°23′5
32. Selvogur (viti)	63°49′3	21°39′1
33. Krísuvíkurberg (viti)	63°49′8	22°04′2
34. Reykjanes (aukaviti)	63°48′0	22°41′9
35. Önglabrjótsnef	63°49′0	22°44′3
36. Stafnes (viti)	63°58′3	22°45′5
37. 1. sjm. r/v V af Garðskagavita	64°04′9	22°43′6
38. Göltur (Hellnagöltur)	64°44′2	23°35′6
39. Malarrif (viti)	64°43′7	23°48′2
40. Dritvíkurtangi	64°45′0	23°55′3
41. Skálasnagi	64°51′3	24°02′5
42. Öndverðarnes (viti)	64°53′1	24°02′7
43. Skor (viti)	65°24′9	23°57′2
44. Bjargtangar (grp. 33)	65°30′2	24°32′1
45. Kópanes (grp. 34)	65°48′4	24°06′0
46. Barði (grp. 35)	66°03′7	23°47′4
47. Straumnes (grp. 36)	66°25′7	23°08′4
48. Kögur (grp. 37)	66°28′3	22°55′5
49. Horn (grp. 38)	66°27′9	22°28′2

Þar sem í lögum þessum er rætt um lengd skipa, er miðað við mestu lengd samkvæmt mælingum Siglingamálastofnunar ríkisins.

Þar sem í lögum þessum er rætt um skip 39 metrar að lengd og minni, eru undanskildir skuttogarar með aflvél 1000 bremsuhestöfl eða stærri.

A. NORÐURLAND.

A1. Frá línu réttvísandi norður frá Horni (vms 1) að línu réttvísandi norðaustur frá Langanesi (vms 10) er heimilt allt árið að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.

A2. Heimilt er að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Grímseyjar.

A3. Heimilt er að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Kolbeinseyjar (67°08′8 N, 18°40′6 V).

B. AUSTURLAND.

B1. Frá línu réttvísandi norðaustur frá Langanesi (vms 10) að línu, sem dregin er réttvísandi austur frá Hvítingum (vms 19) er heimilt allt árið að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.

B2. Heimilt er að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 5 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Hvalbaks (64°35′8 N, 13°16′6 V).

C. SUÐAUSTURLAND.

C1. Frá línu réttvísandi austur frá Hvítingum (vms 19) að línu réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.

C2. Á svæði milli lína, sem dregnar eru réttvísandi austur frá Hvítingum (vms 19) og réttvísandi suður af Ingólfshöfða (vms 22) er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 1. maí—31. janúar utan línu, sem dregin er 9 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.

C3. Á svæði milli lína, sem dregnar eru réttvísandi suður frá Ingólfshöfða (vms 22) og réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 15. september— 31. janúar utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.

C4. Frá línu réttvísandi austur frá Hvítingum (vms 19) að línu réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) er skipum, sem eru 39 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.

C5. Frá línu réttvísandi austur frá Hvítingum (vms 19) að línu réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) er skipum, sem eru 26 metrar að lengd og minni, heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.

D. SUÐURLAND.

D1. Utan línu, sem dregin er úr punkti í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) í punkt í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey (63°17'6 N, 20°36'3 V) er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu.

D2. Utan línu, sem dregin er úr punkti í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður úr Lundadrang (vms 28) í punkt í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey, eru skipum, sem eru 39 metrar að lengd og minni, heimilar veiðar með botnvörpu og flotvörpu allt árið.

D3. Utan línu, sem dregin er úr punkti í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey (63°17'6 N, 20°36'3 V) í punkt í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Geirfugladrang, er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu.

D4. Á tímabilinu 1. ágúst—31. desember er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er úr punkti í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) í punkt í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey (63°17'6 N, 20°36'3 V).

D5. Frá línu réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) að línu réttvísandi suðvestur frá Reykjanesaukavita (vms 34) er skipum, sem eru 39 metrar að lengd og minni, heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 16. maí—31. desember utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.

D6. Frá línu réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) að línu réttvísandi suðvestur frá Reykjanesaukavita (vms 34) er skipum, sem eru 26 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.

D7. Öll veiði er bönnuð allt árið á svæði, þar sem vatnsleiðsla og rafstrengur liggur milli Vestmannaeyja og meginlandsins. Svæði þetta takmarkast að austan af

línu, sem dregin er þannig, að Bjarnarey að vestan beri í Elliðaey að austan og að vestan takmarkast það af línu, sem dregin er þannig, að austurkant Ystakletts og Faxaskersvita beri saman. Ennfremur er öll veiði bönnuð á svæði, þar sem sæsímastrengir liggja frá Vestmannaeyjum til útlanda, á 200 metra belti beggja megin við strengina.

E. REYKJANES- OG FAXAFLÓASVÆÐI.

E1. Utan línu, sem dregin er 5 sjómílur utan við Geirfugladrang úr punkti í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Geirfugladrang í punkt í 6 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Skálasnaga (vms 41), er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu.

E2. Á tímabilinu 1. nóvember—31. desember er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu á svæði, sem að sunnan markast af línu dreginni réttvísandi suður frá Reykjanesaukavita (vms 34) og að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi vestur frá Reykjanesvita (vms 35).

E3. Frá línu réttvísandi suðvestur frá Reykjanesaukavita (vms 34) að línu réttvísandi vestur frá Skálasnaga (vms 41) er skipum, sem eru 39 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.

F. BREIÐAFJÖRÐUR.

F1. Utan línu, sem dregin er frá punkti í 6 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Skálasnaga (vms 41), þaðan í punkt 65°05′0 N og 24°27′5 V, þaðan í punkt 65°05′0 N og 24°42′5 V og þaðan í punkt í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms 44), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið.

F2. Utan línu, sem dregin er frá punkti í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Skálasnaga (vms 41) í punkt í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms 44) er skipum, sem eru 39 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið.

F3. Á tímabilinu 1. júní—31. desember er skipum, sem eru 26 metrar að lengd eða minni heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu á Snæfellsnesi, norðan við línu réttvísandi vestur frá Skálasnaga (vms 41) og utan við viðmiðunarlínu milli Öndverðarnesvita (vms 42) og Skorarvita (vms 43). Að norðan takmarkast svæði þetta af 65°16′0 N.brd.

G. VESTFIRÐIR.

G1. Frá línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms 44) að línu réttvísandi norður frá Horni (vms 49) er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.

4. gr.

Ráðherra er heimilt að veita frekari togveiðiheimildir en greindar eru í lögum þessum í takmarkaðan tíma á tilgreindum veiðisvæðum, ef hafís lokar venjulegum veiðisvæðum innan fiskveiðilandhelginnar, enda komi til meðmæli Hafrannsóknastofnunarinnar.

5. gr.

Ráðherra er heimilt að skipta veiðisvæðum milli veiðarfæra og takmarka þannig veiðiheimildir þær, sem veittar eru í lögum þessum, með því að banna notkun ákveðinna gerða af veiðarfærum á tilteknum veiðisvæðum í takmarkaðan tíma.

6. gr.

Nú á sér stað á tilteknu veiðisvæði seiða- og smáfiskadráp í þeim mæli, að varhugavert eða hættulegt getur talist, og skal þá sjávarútvegsráðuneytið gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sporna við því. Er ráðuneytinu heimilt með tilkynningu að banna allar togveiðar á þeim svæðum, svo og aðrar veiðar, ef nauðsynlegt þykir. Jafnan skal umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar liggja fyrir, áður en slíkar tímabundnar veiðitakmarkanir eru úr gildi numdar.

7. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga þessara getur sjávarútvegsráðuneytið auglýst ný friðunarsvæði og breytingar á eldri friðunarsvæðum, þar sem veiðar með botnvörpu og flotvörpu eða fleiri gerðum veiðarfæra eru bannaðar á tilteknum svæðum í íslenskri fiskveiðilandhelgi, enda hafi áður verið leitað álits Hafrannsóknastofnunarinnar um slíkar ákvarðanir.

8. gr.

Stefnt skal að því, að auk eftirlits Landhelgisgæslunnar skuli sérstök eftirlitsskip, sem gerð verði út af Hafrannsóknastofnuninni, fylgjast með fiskveiðum í fiskveiðilandhelginni í því skyni að koma í veg fyrir óhóflegt smáfiskadráp. Skipstjóri hvers gæsluskips skal vera sérstakur trúnaðarmaður sjávarútvegsráðherra og skal ráðinn af honum í samráði við Hafrannsóknastofnunina. Skipstjórar þessir hafi reynslu af fiskveiðum, þ. á m. togveiðum og séu staðkunnugir á viðkomandi eftirlitssvæði.

Þá getur ráðherra sett sérstaka trúnaðarmenn um borð í veiðiskip eftir því sem þurfa þykir og er skipstjórum veiðiskipa skylt að veita eftirlitsmönnum þessum þá aðstoð og aðstöðu um borð í skipum sínum, sem nánar er ákveðið í erindisbréfum útgefnum af ráðuneytinu til handa eftirlitsmönnum þessum.

Hvenær sem skipstjórar eftirlitsskipa, leiðangursstjórar rannsóknaskipa Hafrannsóknastofnunarinnar eða sérstakir trúnaðarmenn sbr. 2. mgr. verða varir við, að um verulegt magn af smáfiski sé að ræða í afla skips eða skipa, geta þeir lokað ákveðnu svæði, sem þeir afmarka í þessu skyni, fyrir öllum togveiðum í allt að tvo sólarhringa.

Skyndilokanir skv. 3. mgr. taka gildi um leið og þær eru tilkynntar í útvarpi eða í fjarskiptatæki af viðkomandi trúnaðarmönnum ráðherra eða leiðangursstjórum.

Hafrannsóknastofnuninni og sjávarútvegsráðuneytinu skulu tilkynntar forsendur slíkra skyndilokana um leið og ákvörðun þar að lútandi hefur verið tekin. Ráðuneytið ákveður þá í samráði við Hafrannsóknastofnunina innan tveggja sólarhringa hvort og þá hvaða ráðstafanir eru nauðsynlegar til verndunar ungfisks á viðkomandi svæði.

9. gr.

Starfsmenn Framleiðslueftirlits sjávarafurða skulu fylgjast með samsetningu landaðs sjávarafla og gera ráðuneytinu þegar viðvart, er þeir verða varir við ólöglegt magn smáfisks í afla.

Skipstjórum veiðiskipa er skylt að veita þær upplýsingar um samsetningu afla í afladagbók, sem Fiskifélag Íslands segir fyrir um á hverjum tíma.

10. gr.

Þegar rökstutt álit Hafrannsóknastofnunarinnar liggur fyrir um það, að einstakir fiskstofnar séu hættulega ofveiddir og viðkoma þeirra sé í yfirvofandi hættu,

getur ráðherra í samráði við hana og að fenginni umsögn Fiskifélags Íslands, sett reglur um hámark þess afla, sem veiða má af hverri fisktegund á tilteknu tímabili, vertíð eða heilu ári.

11. gr.

Nú er togskip í fiskveiðilandhelgi þar sem því er óheimil veiði og skulu þá veiðarfæri öll vera í búlka innanborðs, þannig að toghlerar séu í festingum og botnvörpur bundnar upp.

12. gr.

Ráðherra setur reglur um hvað eina, sem snertir framkvæmd laga þessara svo sem um gerð, útbúnað og frágang veiðarfæra, um lágmarksmöskvastærðir netja og um lágmarksstærðir þeirra fisktegunda, sem landa má. Skulu reglur um þessi atriði aldrei ganga skemmra en alþjóðasamþykktir um sama efni, sem Ísland hefur eða mun staðfesta fyrir sitt leyti.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skulu dragnótaveiðar heimilar samkvæmt sérstökum eða almennum leyfum ráðherra. Getur ráðherra ákveðið, að dragnótaveiði sé heimil á tilteknu svæði eða svæðum á tímabilinu 15. júní til 20. desember eða skemmri tíma. Leyfi til dragnótaveiða samkvæmt slíkri ákvörðun má veita íslenskum skipum, sem eru 20 metrar að lengd og minni. Ráðherra setur þau skilyrði fyrir leyfisveitingunni, sem honum þykja nauðsynleg.

14. gr.

Veiðar á rækju, humri, síld, loðnu, spærlingi og kolmunna, í botnvörpu og flotvörpu skulu háðar sérstökum eða almennum leyfum ráðherra. Ráðherra getur bundið leyfi þessi eða úthlutun þeirra þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja.

Ráðherra getur einnig ákveðið í reglugerð, að aðrar veiðar í tiltekin veiðarfæri skuli háðar sérstökum eða almennum leyfum.

15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. er ráðherra heimilt að veita rannsóknaskipum og vísindamönnum leyfi til að nota botnvörpu, flotvörpu og dragnót í rannsóknaskyni í fiskveiðilandhelginni á svæðum, sem annars eru lokuð þessum veiðarfærum.

Ennfremur er ráðherra heimilt að veita leyfi á annars lokuðum svæðum til veiðitilrauna með botnvörpu og flotvörpu á fisktegundum, sem ekki hafa verið hagnýttar, enda fari slíkar veiðitilraunir fram undir eftirliti Hafrannsóknastofnunarinnar.

16. gr.

Veiðiheimildir samkvæmt 13.—15. gr. skulu jafnan vera tímabundnar, og skal ávallt leita umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar áður en þær eru veittar. Auk þess skal ráðherra leita umsagnar Fiskifélags Íslands eða annarra aðila, þegar honum þykir ástæða til.

17. gr.

Brot gegn 2. gr., 3. gr. og 5.—8. gr. laga þessara varða sektum svo sem hér segir:

1. Ef skip er 39 metrar að lengd eða minna, skulu sektir nema 4000—20 000 gullkrónum.
2. Ef skip er meira en 39 metrar að lengd, skulu sektir nema 14 000—40 000 gullkrónum.

Allar sektir samkvæmt þessari grein eru miðaðar við gullkrónur, sbr. lög nr. 4, 11. apríl 1924.

Brot samkvæmt framansögðu skulu og varða upptöku á veiðarfærum, þar með töldum dragstrengjum, svo og öllum afla innanborðs. Nú næst ekki í skipstjóra, og er þá einnig heimilt að gera upptækt skipið sjálft eða andvirði þess að hluta. Upptöku má einnig beita, þótt ekki sé höfðað refsimál út af brotum og þótt refsimáli verði ekki komið fram. Máli til upptöku má þá beina gegn eigendum skipsins, umboðsmönnum þeirra eða umráðamönnum þess.

Leggja má löghald á skipið og selja það að undangenginni aðför til lúkningar sektum samkvæmt þessari grein og kostnaði.

18. gr.

Brot gegn 11. gr., reglum settum samkvæmt 10. og 12. gr. eða ákvæðum leyfisbréfa settum samkvæmt 13.—15. gr., varða sektum 2000—14 000 gullkr., sbr. lög nr. 4, 11. apríl 1924, og upptöku afla samkvæmt lögum um upptöku ólöglegs sjávarafla eftir því sem við á. Ef brot falla ekki undir ákvæði þeirra laga skal um upptöku afla og veiðarfæra fara svo sem greinir í 17. gr., ef um ítrekað brot er að ræða.

Nú er ljóst af öllum atvikum, að skipið hefur hvorki verið að veiðum innan fiskveiðimarka né undirbúningur gerður í því skyni og má ljúka málinu með áminningu, þegar um fyrsta brot er að ræða, en ef um ítrekað brot er að ræða, með sektum 2000—14 000 gullkrónum, samanber lög nr. 4, 11. apríl 1924.

19. gr.

Hver sá maður, er leiðbeinir skipi við ólöglegar botnvörpu- eða flotvörpuveiðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi, eða liðsinnir því við slíkar veiðar, eða hjálpar hinum brotlegu til að komast undan hegningu fyrir þær, skal sæta sektum, 2000—14 000 gullkrónum, sbr. lög nr. 4, 11. apríl 1924. Sömu hegningu skal hver sá sæta, sem er í togveiðiskipi eða á bát við skipshliðina, þegar það er að ólöglegum veiðum í landhelgi, nema hann geti gert þá grein fyrir dvöl sinni þar, að líklegt þyki, að hann eigi enga hlutdeild í hinum ólöglega veiðiskap þess.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um þá menn, sem eru lögskráðir skipverjar á veiðiskipinu.

20. gr.

Skipstjóra, er gerir sig sekan um ítrekað brot á lögum þessum, má auk sektarhegninga samkvæmt 17. gr., 18. gr. 1. mgr. og 19. gr. láta sæta fangelsi allt að 6 mánuðum. Auk þess má og endranær, þegar miklar sakir eru, láta skipstjóra sæta sömu refsingu fyrir fyrsta brot á greinum þessum.

Einnig er heimilt að svipta skipstjóra skipstjórnarréttindum í tiltekinn tíma fyrir ítrekuð brot á lögum þessum, svo og svipta skip rétti til tiltekinna veiða í allt að 30 daga.

21. gr.

Sektarfé eftir lögum þessum, svo og andvirði upptækra verðmæta rennur í Landhelgissjóð Íslands. Um sölu upptæks afla og veiðarfæra skal jafnan leita samþykkis stjórnarráðsins. Aldrei má þó selja hinum seka veiðarfæri, og afla því aðeins, að knýjandi nauðsyn sé fyrir hendi.

22. gr.

Um mál þau, sem rísa af brotum gegn lögum þessum, skal fara að hætti opinberra mála.

23. gr.

Frá gildistöku þessara laga falla úr gildi lög nr. 102, 27. desember 1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni og síðari lög um

breytingar á þeim lögum, sbr. lög nr. 14, 26. mars 1974 og lög nr. 72, 14. október 1975. Þó halda gildi sínu lög nr. 73, 5. desember 1975. Ennfremur halda gildi sínu reglugerðir þær, sem settar hafa verið samkvæmt ofangreindum lögum.

24. gr.

Lög þessi öðlast gildi .....

Greinargerð.

Samkvæmt 18. gr. laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, skal sjávarútvegsráðuneytið láta endurskoða þau lög fyrir 31. desember 1975.

Vegna þessa ákvæðis reit sjávarútvegsráðherra stjórn Fiskifélags Íslands eftirfarandi bréf 9. desember 1974:

„Samkvæmt 18. gr. laga nr. 102 27. desember 1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni skal ráðuneytið láta endurskoða þau lög fyrir 31. desember 1975. Þykir tímabært að hefja nú endurskoðun þessa og er það ósk ráðuneytisins að Fiskifélag Íslands veiti forystu og skipi 5 manna nefnd í þessu skyni. Væru í þeirri nefnd fulltrúar frá LÍÚ-bátadeild, FÍB, FFSÍ, Sjómannasambandi Íslands auk fulltrúa Fiskifélagsins, sem yrði formaður nefndarinnar.

Verkefni nefndarinnar yrði að halda fundi með sjómönnum og útvegsmönnum um land allt, svo og samtökum þeirra og öðrum hagsmunasamtökum, og móta síðan drög að tillögum um breytingar á lögum nr. 102/1973 að fengnum sjónarmiðum ofangreindra aðila. Er þess óskað að nefndin hefji starfið upp úr næstu áramótum og ljúki því fyrir vorið 1975.

Ráðuneytið mun greiða kostnað vegna starfa nefndarinnar."

Þá tilkynnti ráðherra, að hann myndi fara þess á leit við þingflokkana, að þeir tilnefndu menn í nefndina, þegar fyrir lægju drög að tillögum um breytingar á lögum nr. 102/1973 og þeim reglugerðum um fiskveiðar, sem nefndin óhjákvæmilega mundi jafnframt endurskoða.

Samkvæmt tilnefningu þeirra samtaka, sem greind voru í bréfinu voru eftirgreindir menn skipaðir í nefndina: Már Elísson frá Fiskifélagi Íslands, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Marteinn Jónasson frá Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda, Gunnar Hallgrímsson frá Sjómannasambandi Íslands, Ingólfur Stefánsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Ólafur Björnsson frá Landssambandi ísl. útvegsmanna.

Nefndin hóf störf í ársbyrjun 1975. Var Guðmundur Ingimarsson, fulltrúi hjá Fiskifélagi Íslands, ráðinn ritari nefndarinnar, jafnframt veitti Ingimar Einarsson, lögfræðingur nefndinni aðstoð í lögfræðilegum efnum, en Ingimar var varamaður Marteins Jónassonar í nefndinni.

Nefndin ritaði forystumönnum samtaka sjómanna og útvegsmanna um land allt bréf, þar sem þess var óskað, að tilnefndir væru fulltrúar með umboði til þess að ræða við nefndina og gera tillögur um efni nýrra laga og reglugerða um fiskveiðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi. Jafnframt var þess farið á leit við erindreka Fiskifélags Íslands og formenn fjórðungssamtaka, að þeir tilnefndu fulltrúa og hefðu forgöngu um að kalla saman fundi.

Nefndin ákvað að fara tvær ferðir umhverfis landið, þá fyrri til að kynnast sjónarmiðum og hina síðari til þess að kynna sjónarmið sín og sjónarmið þau, sem fram hefðu komið hjá fulltrúum einstakra landshluta í fyrri yfirferðinni. Ennfremur voru ráðnir fundir með fiskifræðingum, forstjórum Landhelgisgæslunnar og Framleiðslueftirlits sjávarafurða og fleiri aðilum.

Nefndin hóf fundi með landshlutafulltrúum hinn 15. febr. 1975. Voru haldnir fundir í Keflavík, Reykjavík, Stykkishólmi, Ísafirði, Akureyri, Reyðarfirði og Vestmannaeyjum. Þá voru haldnir fundir á Hornafirði og Þorlákshöfn og með Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Ægi, svo og Útvegsmannafélagi Reykjavíkur samkvæmt sérstakri beiðni þessara aðila.

Á þessum fundum voru settar á laggirnar samstarfsnefndir fyrir hvern landshluta, sem áttu sæti í fulltrúar sjómanna, útvegsmanna og vinnslustöðva, auk forystumanna fjórðungssambanda og deilda Fiskifélagsins. Var hlutverk þeirra að ganga frá álitsgjörðum og tillögum til nefndarinnar um ákvæði nýrra laga og reglugerða.

Álitsgerðir þessar bárust nefndinni almennt í apríl og maí. Eins og við mátti búast, kom í ljós ágreiningur um marga þætti málsins, einkum um efni reglugerða. En þó mátti og merkja allvíðtæka samstöðu um þýðingarmikil atriði.

Eftir að nefndin hafði fengið þessar athugasemdir og eftir fund með fiskifræðingum tóku nefndarmenn til við að samræma hinar ýmsu álitsgerðir, er fram höfðu komið, draga þar af ályktanir og móta drög að sjálfstæðum tillögum nefndarinnar.

Hinn 2. júlí hófst önnur ferð nefndarinnar til viðræðna við fulltrúa landshlutasamtaka. Farið var í hvern landshluta, en auk þess fóru einstakir nefndarmenn til funda víðar, eftir beiðni, til að útskýra hugmyndir nefndarinnar um efni og túlkun nýrra laga um fiskveiðar.

Þá voru haldnir tveir fundir til viðbótar með sérfræðingum Hafrannsóknastofnunar. Lögðu þeir fram skýrslu hinn 29. ágúst, sem síðar var endurskoðuð og lögð fram nokkuð breytt 13. október s. l. Þá hafði nefndin fyrir nokkru lokið við að semja tillögur að nýjum lögum og reglugerðum.

Með bréfi dags. 30. september 1975, skipar sjávarútvegsráðherra síðan eftirgreinda menn í nefndina samkvæmt tilnefningu þingflokkanna:

Guðlaugur Gíslason, frá Sjálfstæðisflokknum,
Sverrir Hermannsson, frá Sjálfstæðisflokknum,
Jón Skaftason, frá Framsóknarflokknum,
Steingrímur Hermannsson, frá Framsóknarflokknum,
Garðar Sigurðsson, frá Alþýðubandalaginu,
til vara Lúðvík Jósepsson,
Jón Ármann Héðinsson, Alþýðuflokknum,
Karvel Pálmason, Samtökum frjálslyndra og vinstri manna.

Þá skipaði hann Jón B. Jónasson, fulltrúa í sjávarútvegsráðuneytinu ritara nefndarinnar.

Eftir að fulltrúar þingflokkanna voru skipaðir í nefndina, hélt nefndin á tímabilinu 4. nóvember 1975 til 17. febrúar 1976 24 fundi, þar sem til umræðu voru þau drög að frumvarpi til laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og að þeim reglugerðum, sem undirbúningsnefndin hafði samið.

Kom þegar í ljós allmikill skoðanamunur í nefndinni um ýmis mikilvæg atriði bæði milli alþingismanna og undirbúningsnefndarinnar og einnig meðal alþingismannanna sjálfra. Leiddi þetta til þess, að samstaða náðist ekki um ýmis veigamikil atriði, og var því afl atkvæða oft að ráða hvernig einstökum atriðum var skipað í frumvarpi því til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, sem síðan var sent til ráðherra ásamt greinargerð í lok febrúar 1976.

Í lok desember 1975 hafði nefndin gert ýmsar tillögur um breytingar á gildandi reglugerðum um fiskveiðimál og hefur ráðherra þegar farið eftir flestöllum tillögum nefndarinnar um þau efni og gefið út reglugerðir þar að lútandi. Breytingar þessar eru:

1. Breytingar á lágmarksstærð þorsks, ýsu og ufsa, sem landa má.
2. Takmarkanir á þorskveiðum með flotvörpu.

3. Veigamiklar breytingar á friðunarsvæðum fyrir Norðausturlandi. Ennfremur ný friðunarsvæði umhverfis Hvalbak, í Berufjarðarál og Papagrunni og fyrir Vesturlandi.
4. Breyting á hrygningarsvæðum á Selvogsbanka og nýtt hrygningarsvæði í Faxaflóa.
5. Breytingar á línu- og netasvæðinu fyrir Suður- og Suðvesturlandi á vertíðinni 1976.
6. Stækkun á leyfilegri lágmarksmöskvastærð í botnvörpu, flotvörpu og dragnót.

Er frumvarp fiskveiðilaganefndar barst ráðuneytinu í lok febrúar 1976 var ljóst að einkum var ágreiningur um þrjú atriði í frumvarpinu. Eitt þeirra varðandi hina formlegu hlið þess, hvort banna bæri togveiðar í fiskveiðilandhelginni og síðan veita tilgreindar heimildir eins og gert er í lögum 102/1973, eða hvort togveiðar skyldu almennt heimilar og síðan bannaðar á tilgreindum svæðum. Hin tvö atriðin voru efnisatriði og varðaði annað skipulag leyfisbundinna veiða en hitt, hvernig standa bæri að skyndilokunum sbr. 8. gr. Ennfremur voru ýmis lögfræðileg vafaatriði varðandi heimildir trúnaðarmanna ráðherra og fiskifræðinga til lokunar svæðum.

Voru því haldnir í ráðuneytinu þrír fundir með alþingismönnum nefndarinnar, formanni hennar, ráðherra og starfsmönnum ráðuneytisins. Ennfremur var leitað álits prófessors Gauks Jörundssonar um lögfræðileg atriði varðandi formlega uppsetningu kaflans um togveiðiheimildir og heimildirnar til skyndilokana.

Eftir fundi þessa og að fengnu áliti prófessors Gauks Jörundssonar var ákveðið að leggja frumvarpið fram í þeirri mynd, sem það er nú komið hér í.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu breytingum á gildandi lögum, sem felast í frumvarpinu. Að öðru leyti vísast til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

1. Frumvarp þetta er að því leyti víðtækara en gildandi lög nr. 102/1973, að það tekur til allra veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, en lög nr. 102/1973 taka eingöngu til veiða með botnvörpu, flotvörpu og dragnót. Ráðherra gæti því með stoð í frumvarpi þessu sbr. 12. gr., sett reglur um allar tegundir veiða, en samkvæmt gildandi lögum verður að setja reglur um aðrar veiðar en með botnvörpu, flotvörpu og dragnót með stoð í lögum nr. 44/1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins. Þetta breytir að vísu ekki miklu um heimildir ráðherra til stjórnunar fiskveiða, en er til mikillar samræmingar einkum með tilliti til refsinga fyrir brot á reglugerðum. Samkvæmt gildandi lögum er t. d. refsirammi fyrir brot á reglugerð um lágmarksstærðir fisktegunda ekki hinn sami eftir því hvort veitt er með botnvörpu, flotvörpu og dragnót eða í öðrum veiðarfæri. Eru lágmarks- og hámarkssektir samkvæmt lögum 44/1948 miklu lægri.

2. Allverulegar breytingar verða, samkvæmt frumvarpi þessu, á togveiðiheimildunum og vísast í því efni til athugasemda við 3. gr.

Varðandi togveiðiheimildir íslenskra skipa eru í frumvarpi þessu tvö nýmæli. Hið fyrra er það, að lagt er til að togveiðiheimildir skipa verði miðaðar við mestu lengd skipa (samkvæmt mælingum Siglingamálastofnunar ríkisins) í stað þess að miða við stærð eftir brúttórúmlestum. Er þetta lagt til vegna þess, að samkvæmt núgildandi mælingareglum er hægt að koma við ýmsum ráðum, sem engu skipta um afkastagetu skipsins, til þess að tvö skip, sem eru jafnlöng, djúp og breið, mælist mjög misstór í brúttórúmlestum talið. Eru slíkar „niðurmælingar“ talsvert algengar. Tíðkast að miða veiðiheimildir skipa frekar við lengd en brúttórúmlestir í öðrum löndum. Er mjög óeðlilegt, að einn aðili geti tryggt sér aukin veiðiréttindi með slíkum niðurmælingum umfram annan, sem á nánast sams konar skip. Er hér lagt til að í stað þess að miða við skip:

105 brúttórúmlestir komi 26 metrar að lengd
350 brúttórúmlestir komi 39 metrar að lengd

og í stærsta flokki yrðu síðan skip lengri en 39 metrar (í gildandi lögum skip stærri en 350 brúttórúmlestir) og skuttogarar með aflvél 1000 bremsuhestöfl eða stærri sbr. 2. mgr. 2. gr. l. 102/1973.

Annað nýmæli í 3. gr. frumvarpsins er, að við ákvörðun togveiðiheimilda er ekki stuðst við þær grunnlínur eða grunnlínupunkta, sem liggja til grundvallar fiskveiðilandhelginni sjálfri, heldur er dregin ný viðmiðunarlína milli tilgreindra lögbundinna viðmiðunarstaða. Þykir þetta henta betur við margar ákvarðanir um fiskveiðarnar sjálfar, og ennfremur má telja, að það sé eðlileg afleiðing af því, að togveiðiheimildirnar eru lögbundnar, að viðmiðunarlínurnar, sem liggi þeim til grundvallar, séu einnig lögbundnar, því annars myndi breyting á grunnlínupunkti í reglugerð 299/1975 um fiskveiðilandhelgi Íslands leiða til þess, að togveiðiheimildirnar í frumvarpi þessu breyttust.

3. Verulegt nýmæli felst í 8. gr. frumvarpsins um skyndilokanir veiðisvæða. Nýlegar upplýsingar um ástand fiskistofnanna við Ísland, ásamt þeim atburðum, er gerst hafa á viðkvæmum fiskimiðum, er fiskiskip hafa stundað stórfellt smáfiskadráp, hafa valdið því, að mjög hefur verið um það rætt, að taka þyrfti upp skjótvirkt eftirlit á fiskimiðunum í því skyni að koma í veg fyrir slíka atburði. Hefur starf nefndarinnar beinst mjög að þessu vandamáli og voru allir nefndarmenn sammála um það, að tilgreindum aðilum yrði gert heimilt að stöðva veiðar á tilgreindum svæðum, ef þeir yrðu varir við smáfiskadráp. Sjá nánar í athugasemd við 8. gr. Nánar verður gerð grein fyrir þessum breytingum og öðrum í athugasemdum við einstakar greinar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þetta upphafsákvæði frumvarpsins er nýmæli og jafnvel þótt það hafi ef til vill ekki mikið lagalegt gildi, þykir rétt, að í upphafi komi fram skýrt og ótvírætt, hvert sé meginstefnumark frumvarpsins.

Um 2. gr.

Þessi grein er tekin óbreytt úr gildandi lögum, og gefur ekki tilefni til sérstakra athugasemda, frekar en gert er grein fyrir í almennu greinargerðinni um uppsetningu kaflans um togveiðiheimildir.

Varðandi 1. mgr. 2. gr. um veiðar erlendra skipa, skal þó vakin athygli á, að í 12. gr. laga 33/1922 segir: „Með lögum þessum eru ekki skert á neinn hátt réttindi þau, sem samkvæmt ríkjasamningum kynnu að vera veitt öðrum."

Um 3. gr.

Í þessari grein eru tilgreind þau veiðisvæði og veiðitímar, sem íslenskum skipum er heimilt að stunda veiðar með botnvörpu og flotvörpu innan íslensku fiskveiðilandhelginnar.

Uppsetning þessa kafla er hin sama og í lögum 102/1973 sbr. almenna greinargerð. Vísað er ennfremur til almennrar greinargerðar varðandi viðmiðunarlínur og veiðiheimildir skipa eftir stærðarflokkum.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim breytingum á gildandi lögum, sem felast í frumvarpinu varðandi togveiðiheimildir íslenskra skipa.

A. Norðurland.

Í frumvarpi þessu er togveiðiheimildum breytt nokkuð frá því, sem nú er. Eru breytingarnar einkum fólgnar í aukinni friðun, enda alkunn staðreynd, að þarna eru einhverjar mestu uppeldisstöðvar þorsks á íslensku landgrunni.

Samkvæmt frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því, að hvergi verði togveiðar leyfðar nær landi en 12 sjómílur frá viðmiðunarlínu fyrir Norðurlandi ennfremur ekki nær fjörumarki Grímseyjar og Kolbeinseyjar en 12 sjómílur. Samkvæmt gildandi lögum er bátum 350 brúttórúmlestir og minni heimilt að veiða upp að 9 sjómílum frá tilteknum punktum fyrir Norðurlandi og öllum skipum upp að 9 sjómílum frá fjörumarki Grímseyjar og upp að 3 sjómílum frá fjörumarki Kolbeinseyjar. Í þessu sambandi skal það tekið fram, að togveiðar hafa með reglugerð verið bannaðar 12 sjómílur umhverfis Kolbeinsey frá því í lok maí 1975.

Sú breyting að miða ekki lengur við grunnlínu, sbr. almenna greinargerð, heldur sérstaka lögbundna viðmiðunarlínu hefur engin áhrif á togveiðiheimildir fyrir Norðurlandi vegna þess að í gildandi lögum er fyrir Norðurlandi ekki miðað við grunnlínupunkta heldur sömu punkta og í frumvarpinu eru gerðir að viðmiðunarpunktum.

Á það skal bent, að frumvarp þetta breytir í engu sérstökum reglugerðum um friðunarsvæði, sem nú eru í gildi um tvö slík svæði fyrir Norðurlandi, auk Kolbeinseyjarsvæðisins. Eru það svæðin í Reykjafjarðarál og svæðið milli Rifstanga og Langaness.

B. Austurland.

Á svæði frá Langanesi að Hvítingum er í frumvarpinu sú breyting gerð, að Skálatáarsker á Digranesi er gert að viðmiðunarstað, en samkvæmt gildandi lögum er grunnlínan dregin beint úr Langanesi í Glettinganes. Þessi breyting leiðir til þess að aðeins víðtækari heimildir verða til togveiða fyrir stærri skip á Digranesflaki. Hins vegar kemur þar á móti, að fellt er niður togsvæðið fyrir báta 350 lestir og minni milli Langaness og Ósflesar, sem opið er allt árið og nær allt upp að þremur sjómílum frá fjörumarki í Héraðsflóanum.

Samkvæmt frumvarpinu eru togveiðar öllum heimilar utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við viðmiðunarlínu, eins og er í gildandi lögum sbr. þó svæðið milli Langaness og Ósflesar.

Að miða við sérstaka viðmiðunarlínu í stað grunnlínu breytir engu um togveiðiheimildir fyrir Austurlandi, nema því, sem áður er sagt um Skálatáarsker.

Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir, að bannaðar verði togveiðar innan línu, sem dregin er í 5 sjómílna fjarlægð um Hvalbak. Í gildandi lögum miðast þetta svæði við 4 sjómílur umhverfis eyna, en var breytt með reglugerð í janúar 1976 í 5 sjómílur.

C. Suðausturland.

Á svæðinu frá Hvítingum að Lundadrang gerir frumvarpið ráð fyrir að reglan verði miklu einfaldari en nú er, án þess að um mjög verulegar breytingar á heildartogveiðiheimildum verði að ræða.

Skipum, sem eru 26 metrar að lengd eða minni, verður heimilt, samkvæmt frumvarpinu, að veiða upp að 3 sjómílum frá fjörumarki meginlandsins á þessu svæði. Í þessu felst sú breyting á gildandi lögum, að togveiðar báta í minnsta flokki á svæðinu frá Hvalsnesi og að 18°00′0 v.lg. verða ekki bundnar við tímabilið 1. maí til 1. mars, ennfremur verður fellt niður bann það, sem er á togveiðum innan 6 sjómílna frá grunnlínu á svæði frá Hvalsnesi að 15°45′0 v.lg. á tímabilinu 1. maí til 1. október.

Skipum, sem eru 39 metrar að lengd eða minni, verður samkvæmt frumvarpinu leyft að stunda togveiðar utan 4ra sjómílna frá viðmiðunarlínu, en samkvæmt gildandi lögum er skipum í miðflokki 350 lestir og minni heimilt að veiða að línu, sem dregin er 4 sjómílur frá fjörumarki meginlandsins á þeim svæðum og tímum, sem minnstu bátunum er heimilt samkvæmt gildandi lögum að veiða upp að 3 sjó-

mílum frá fjörumarki meginlandsins. Að miða heimildir þessara skipa við viðmiðunarlínu en ekki fjörumark breytir verulega um veiðiheimildir þeirra, en hér kemur á móti, að veiðiheimildirnar samkvæmt frumvarpinu eru veittar allt árið en í gildandi lögum eru þær tímabundnar eins og áður hefur verið gert grein fyrir.

Skip, sem eru lengri en 39 metrar, fá veiðiheimildir utan 12 sjómílna frá viðmiðunarlínu og eru það sömu veiðiheimildir og skip yfir 350 lestir hafa samkvæmt gildandi lögum.

Skip þessi fá samkvæmt frumvarpi þessu tvö veiðihólf. Eystra hólfið, sem samkvæmt frumvarpinu er hið sama og í gildandi lögum, er opið að 9 sjómílum frá viðmiðunarlínu en samkvæmt frumvarpinu er lagt til, að svæði þetta verði opið á tímabilinu 1. maí til 31. janúar en samkvæmt gildandi lögum er það opið frá 1. maí til 1. mars.

Vestra hólfið samkvæmt frumvarpi þessu nær frá Ingólfshöfða að Lundadrang, og er skipum í stærsta flokki heimilt á tímabilinu 15. september til 31. janúar að stunda togveiðar upp að 4 sjómílum frá viðmiðunarlínu. Vestara hólfið samkvæmt lögum 102/1973 er milli 17°00'0 v.lg. og Lundadrangs og á því svæði mega skip yfir 350 lestum veiða upp að 6 sjómílum frá grunnlínu á tímabilinu 1. ágúst til 31. desember.

Þess skal getið hér, að óverulegur munur er á grunnlínu- og viðmiðunarlínu á þessu svæði, einungis grunnlínupunkturinn Tvísker er ekki tekinn upp sem viðmiðunarstaður.

Að lokum skal á það bent, að á þessu svæði er friðunarsvæðið í Berufjarðarál og Papagrunni sbr. reglugerð 65/1976.

D. Suðurland.

Allverulegar breytingar felast í frumvarpi þessu á gildandi veiðiheimildum, á svæðinu milli Lundadrangs og Reykjanesaukavita. Einkum eru hér takmarkaðar veiðar báta í milliflokki (26—39 metrar að lengd), jafnframt er fellt niður svæði fyrir minnsta flokk báta þar sem þeim var heimilt að stunda veiðar alveg að ströndlandsins á tímabilinu 1. janúar til 15. september.

Á þessu svæði hafa skip 26 metrar að lengd eða minni heimild að stunda togveiðar utan línu í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins og er það sömu heimildir og skip 105 lestir og minni hafa nú.

Skip, sem eru frá 26—39 metrar að lengd hafa samkvæmt frumvarpinu heimild til þess að stunda togveiðar utan fjögurra sjómílna frá viðmiðunarlínu á tímabilinu 16. maí til 31. desember. Á öðrum tíma m. a. yfir vetrarvertíðina verða þau að stunda togveiðar utan línu, sem dregin er úr punkti í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Lundadrang um punkt í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey í punkt í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Geirfugladrang. Samkvæmt gildandi lögum hafa skip, sem eru í miðflokki (350 lestir og minni) heimild til togveiða allt árið utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við grunnlínu milli Lundadrangs, Geirfuglaskers, Einidrangs, Selvogs, Hópsness og Eldeyjardrangs.

Samkvæmt frumvarpi þessu er skipum í stærsta flokki (lengri en 39 metrar) heimilt að stunda togveiðar utan línu sem dregin er úr punkti í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Lundadrang í punkt í 12 sjómílur réttvísandi suður frá Surtsey, þó er þessum skipum heimilt samkvæmt frumvarpinu að stunda togveiðar á áðurgreindu svæði á tímabilinu 1. ágúst til 31. desember upp að línu, sem dregin er úr punkti í 4ra sjómílna fjarlægð frá Lundadrang í punkt í 4ra sjómílna fjarlægð frá Surtsey. Allt árið er skipum í stærsta flokki heimilt að stunda togveiðar utan línu sem dregin er úr punkti 4 sjómílur réttvísandi frá Surtsey í punkt í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi frá Geirfugladrang.

Samkvæmt gildandi lögum hafa skip, sem eru stærri en 350 lestir, heimild til þess að stunda veiðar utan 12 sjómílna frá grunnlínu á þessu svæði. Jafnframt hafa þau tvö tímabundin veiðihólf.

Hið eystra nær frá Lundadrang að 21°00'0 v.lg. og veitir þeim togveiðiheimild upp að 6 sjómílum frá grunnlínu á tímabilinu 1. ágúst til 31. desember. Hið vestra veitir þeim togveiðiheimild upp að 4 sjómílum frá grunnlínu tímabilið 1. janúar til 15. maí á svæði frá 21°00'0 v.lg. að línu réttvísandi suður frá Reykjanesaukavita.

Togveiðiheimildir þær, sem hérna hefur verið lýst, takmarkast af friðunarsvæðinu á Selvogsbanka sbr. reglugerð 17/1976.

E. Reykjanes- og Faxaflóasvæði.

Á þessu svæði verða samkvæmt frumvarpinu óverulegar breytingar á togveiðiheimildum gildandi laga fyrir báta í minnsta og miðflokki þó færist togveiðilínan aðeins inn í norðanverðum Faxaflóa, jafnframt er lagt til, að felld verði úr gildi heimild skipa í minnsta flokki (105 lestir og minni) til togveiða upp að 3 sjómílum frá fjörumarki á svæði frá línu réttvísandi suðvestur úr Reykjanesaukavita að línu réttvísandi 240° frá Hafnarbergi.

Samkvæmt frumvarpinu er skipum 39 metrar að lengd og minni heimilt að veiða á svæði frá Reykjanesaukavita að Skálasnaga utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.

Samkvæmt gildandi lögum er skipum 350 lestir og minni heimilt að stunda togveiðar utan línu, í 6 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins á svæði frá Reykjanesaukavita að línu réttvísandi 240° frá Hafnarbergi, þaðan utan línu sem dregin er úr punkti í 4 sjómílur 240° réttvísandi frá Hafnarbergi í punkt í 4 sjómílur réttvísandi frá Garðskaga og þaðan í punkt í 4 sjómílur réttvísandi suðvestur af Gálavíkurtanga.

Breyting á togveiðiheimildum stærstu skipanna er sú, að þeir fá auknar heimildir suðvestur af Reykjanesi.

Samkvæmt frumvarpinu fá skip, sem lengri eru en 39 metrar, heimild til togveiða utan línu, sem dregin er 5 sjómílur utan við Geirfugladrang, úr punkti í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Geirfugladrang í punkt í 6 sjómílna fjarlægð réttvísandi frá Skálasnaga, ennfremur er þessum skipum heimilt að stunda togveiðar utan 12 sjómílna frá viðmiðunarlínu á svæði, sem markast af línum dregnum réttvísandi suður frá Reykjanesaukavita og réttvísandi vestur frá Reykjanesvita.

Samkvæmt núgildandi lögum er skipum í stærsta flokki (yfir 350 lestir) heimilt að stunda togveiðar utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan grunnlínu, á svæði frá línu réttvísandi suður frá Reykjanesaukavita að línu réttvísandi 240° frá Hafnarbergi, þaðan að línu réttvísandi suðvestur frá Gálavíkurtanga er þessum skipum heimilt að stunda togveiðar utan línu, sem dregin er 6 sjómílur utan við grunnlínu.

F. Breiðafjörður.

Á þessu svæði verða samkvæmt þessu frumvarpi ekki neinar breytingar á gildandi togveiðiheimildum. Þær breytingar, sem eru gerðar á orðalagi þessarar greinar stafa eingöngu af því, að nú er miðað við sérstakar viðmiðunarlínur en ekki grunnlínur og ennfremur miðast togveiðiheimildir skipa við lengd þeirra en ekki brúttórúmlestir.

Takmarkanir eru gerðar á togveiðiheimildum á þessu svæði með reglugerð nr. 17/1976.

G. Vestfirðir.

Fyrir Vestfjörðum eru engar breytingar gerðar á gildandi togveiðiheimildum með frumvarpi þessu. Vísast því til athugasemda við F-lið þessarar greinar.

Um 4. gr.

Þessi grein er tekin óbreytt úr núgildandi lögum og þykir ekki gefa tilefni til sérstakra athugasemda.

Um 5. gr.

Þessi grein er að mestu samhljóða 4. gr. laga 102/1973, þó er heimild ráðherra gerð nokkru víðtækari, því samkvæmt gildandi lögum er honum aðeins heimilt að skipta veiðisvæðum milli veiðarfæra utan 12 sjómílna frá grunnlínu, þó þannig að heimilt er honum að setja með auglýsingu sérstök línu- eða netasvæði innan 12 sjómílna frá grunnlínu. Þá er í frumvarpi þessu ennfremur felld niður skylda ráðherra til að ákveða friðun fyrir botnvörpu á tilteknum svæðum, þar sem línuveiðar eru stundaðar í ríkum mæli, ef fram koma tilmæli um slíkt frá heildarsamtökum sjómanna og útvegsmanna á viðkomandi stöðum sbr. 3. mgr. 4. gr. núgildandi laga.

Með því að hafa ákvæði þetta eins og hér er lagt til í frumvarpinu er hægt að koma við hvers konar skiptingu veiðisvæða milli veiðarfæra, eftir því sem aðstæðurnar krefjast hverju sinni. Yrðu vafalaust sett sérstök línusvæði, ef fram kæmu tilmæli eins og lýst er í 3. mgr. 4. gr. núgildandi laga.

Um 6. gr.

Þessi grein er tekin óbreytt úr núgildandi lögum, sbr. 5. gr. laga 102/1973, og gefur ekki tilefni til sérstakra athugasemda.

Um 7. gr.

Þessi grein er tekin óbreytt úr núgildandi lögum, sbr. 6. gr. laga 102/1973, að öðru leyti en því, að frumvarpið tekur til allra veiða í íslenskri fiskveiðilandhelgi, en núgildandi lög 102/1973 aðeins til veiða með botnvörpu, flotvörpu og dragnót. Er því hægt með stoð í frumvarpinu að auglýsa ný friðunarsvæði og breytingar á eldri friðunarsvæðum t. d. vegna hrygningar fisks, sem tæki til allra veiðarfæra. Núna þarf að setja reglugerðir um friðunarsvæði vegna hrygningar, með tilvísun bæði í lög 102/1973 og lög 44/1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

Um 8. gr.

Grein þessi kemur í stað 7. gr. laga 102/1973. Meginstefnan, sem mörkuð er í 8. gr., er sú, að tekið verði upp eftirlit á miðunum í því skyni að forða óhóflegu smáfiskadrápi.

Í 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins segir, að stefnt skuli að því, að auk eftirlits Landhelgisgæslunnar, skuli sérstök eftirlitsskip, sem Hafrannsóknastofnunin geri út, fylgjast með fiskveiðum í fiskveiðilandhelginni í því skyni að koma í veg fyrir óhóflegt smáfiskadráp. Í grein þessari er ekki kveðið fastar að orði en, að stefnt skuli að þessu, enda er það undir fjárveitingavaldinu komið hvenær slíkir eftirlitsbátar verða að veruleika.

Í 2. mgr. 8. gr. er ráðherra veitt heimild til þess að setja sérstaka trúnaðarmenn um borð í veiðiskip, og skipstjórum skylt að veita þeim þá aðstoð og aðstöðu um borð í skipum, sem ákveðið yrði í erindisbréfum, sem gefin yrðu út til handa þessum eftirlitsmönnum. Yrði hér um að ræða t. d. aðstöðu til þess að athuga afla og veiðarfæri, aðstoð við að komast milli veiðiskipa og aðgangur að talstöðvum veiðiskipa, sbr. 4. mgr. þessarar greinar. Virðist þetta vera sú leið til eftirlits, sem virkust er, en hefur jafnframt minnstan kostnað í för með sér. Í 3. mgr. 8. gr. er síðan skipstjórum eftirlitsskipa, trúnaðarmönnum og ennfremur leiðangursstjórum rannsóknaskipa Hafrannsóknastofnunarinnar veitt heimild til þess að loka ákveðnum svæðum í allt að tvo sólarhringa verði þeir varir við verulegt magn smáfisks í afla.

Samkvæmt 4. mgr. 8. gr. taka þessar lokanir gildi, þegar þær eru tilkynntar í fjarskiptatæki eða útvarpi. Þetta er fljótvirkasta leiðin sem fær þykir, til að þessar lokanir taki gildi.

Í síðustu málsgrein þessarar greinar, er að lokum, þeim sem lokað hefur svæðum gert skylt að hafa samband við Hafrannsóknastofnunina og sjávarútvegsráðuneytið og gera þeim grein fyrir athugunum sínum. Er þessum stofnunum síðan gert skylt innan tveggja sólarhringa að taka ákvarðanir um hvað gera skuli, þ. e. a. s. hvort loka skuli svæðinu með heimild í 6. gr. eða láta frekari athuganir fara fram á svæðinu.

Um 9. gr.

Auk eftirlits á hafi úti ber nauðsyn til að fylgjast með löndunum á fiskafla. Er sú skylda lögð á starfsmenn Framleiðslueftirlits sjávarafurða enda ber þeirri stofnun samkvæmt 5. mgr. 2. gr. laga 108/1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða „í samráði við ráðuneytið að hafa eftirlit með aflasamsetningu fiskiskipa eftir því, sem þurfa þykir og ennfremur, að ekki séu heimildarlaust unnar ofangreindar sjávarafurðir, sem ekki ná lágmarksstærðum þeim, sem fyrir er mælt í lögum og reglum.“ Grein þessi er miðuð við það, að frumvarp til laga um upptöku ólöglegs sjávarafla, sem lagt hefur verið fram á Alþingi, verði að lögum, en samkvæmt því er það á valdi ráðuneytisins að gera slíkan afla upptækan. Verði þetta frumvarp til laga um upptöku ólöglegs sjávarafla ekki að lögum, gætu starfsmenn Framleiðslueftirlits sjávarafurða kært brot á ákvæðum reglugerðar um lágmarksstærðir beint til hlutaðeigandi sakadóms eins og verið hefur, eða ráðuneytið hefði um það milligöngu.

Loks er í 9. gr. ákvæði um skyldu skipstjóra til að gefa Fiskifélagi Íslands upplýsingar um aflasamsetningu. Um áratuga skeið hafa skipstjórar á togurunum haldið afladagbækur fyrir Fiskifélag Íslands, þar sem skráðar eru margvíslegar upplýsingar um gang veiðanna. Upplýsingar þessar hafa orðið að miklu gagni. Með þeim hefir ekki verið krafist upplýsinga um magn undirmálsfisks sérstaklega. En auðvelt er fyrir Fiskifélag Íslands að óska þeirra upplýsinga einnig, ekki síst þegar skylda til að gefa slíkar upplýsingar hefur verið lögfest. Vonir standa til, að þetta fyrirkomulag geti orðið til að skapa enn aukið aðhald. Ennfremur sem slíkar upplýsingar gætu orðið fiskifræðingum að gagni yrðu þær samviskulega skráðar.

Um 10. gr.

Grein þessi er nýmæli, en þarfnast tæpast skýringa. Ljóst er, að nauðsynlegt kann að reynast að setja reglur um hámark þess afla, sem má taka t. d. af þorski á þessu ári, enda hefur Hafrannsóknastofnunin í raun lagt til slíkan veiðikvóta.

Um 11. gr.

Grein þessi er tekin óbreytt úr gildandi lögum, sbr. 7. gr. laga 102/1973, og þarfnast ekki skýringa. Í þessu sambandi skal getið að nauðsynlegt er að gefa út reglugerð varðandi frágang veiðarfæra skuttogara í fiskveiðilandhelginni, en hann er með öðrum hætti en tíðkast á síðutogskipum, sem þessi grein miðast við. Væri heimilt að gefa út slíka reglugerð með stoð í 12. gr.

Um 12. gr.

Grein þessi er sama efnis og 9. gr. laga 102/1973, sbr. þó það, sem sagt er í almennu greinargerðinni, um mismunandi gildissvið þessa frumvarps og gildandi laga 102/1973.

Um 13. gr.

Þessi grein kemur í stað 1. tl. 10. gr. laga 102/1973. Í þessari grein frumvarpsins felast eftirfarandi breytingar á gildandi ákvæðum: Veitt er aukið svigrúm til

veitingar dragnótarveiðileyfa þar sem lagt er til að veiðitímabilið verði lengt eða geti staðið frá 15. júní til 20. desember ár hvert en í gildandi lögum er veiðitímabilið frá 15. júní til 31. október nema fyrir Norðurlandi, þar sem veiðitímabilið er frá 15. júlí til 30. nóvember. Jafnframt er fellt niður lögbundið bann við dragnótaveiðum í Faxaflóa, sem samkv. l. 102/1973 stendur til 1. júlí 1976. Á það skal bent, að ráðherra er auðvitað heimilt að stytta veiðitímabilin og banna veiðar á tilgreindum svæðum í leyfisbréfum. Í þessu sambandi skal getið að leyfileg möskvastærð í poka dragnótar hefur verið stækkuð úr 120 mm í 170 mm. Hið aukna svigrúm til dragnótaveiða ætti að geta leitt til aukningar á veiðum á vannýttum kolamiðum, en stækkun möskvans í poka dragnótar hindrar að langmestu leyti, samkvæmt rannsóknum Hafrannsóknastofnunarinnar, veiðar á smáfiski.

Breyting felst einnig í þessari grein frumvarpsins, að í stað þess að miða veitingu dragnótaleyfa við báta 45 lestir og minni er miðað við lengd skipa eða 20 metrar eða minni. Er þetta í samræmi við það, sem sagt er um „niðurmælingar“ í almennri greinargerð.

Um 14. gr.

1. mgr. 14. gr. frumvarpsins kemur í stað 2.—6. tl. 10. gr. laga 102/1973. Hér er um formbreytingu og einföldun að ræða, en ekki efnisbreytingu, sem ekki þarfnast skýringa. Þykir einsýnt, að gildandi leyfakerfi verði að vera óbreytt áfram, enda virkasta ráðið til eftirlits og aðhalds með þessum veiðum, þar sem notaðar eru smáriðnar botnvörpur og flotvörpur á svæðum, þar sem hætta er á seiða- eða smáfiskadrápi.

2. mgr. 14. gr. veitir ráðherra heimild til að leyfisbinda aðrar veiðar í tiltekin veiðarfæri. Veiðar t. d. á skelfiski, síld í hringnót og hrognkelsaveiðar hafa verið leyfisbundnar með stoð í lögum 44/1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, en rétt þykir að hafa þessa heimild í þessu frumvarpi.

Um 15. gr.

15. gr. frumvarpsins svarar til 7.—8. tl. 10. gr. laga 102/1973 og þarfnast ekki skýringar.

Um 16. gr.

16. gr. frumvarpsins svarar til síðustu málsgreinar 10. gr. laga 102/1973 og þarfnast ekki skýringar.

Um 17. gr.

Fiskveiðilaganefndin gerði ráð fyrir í tillögum sínum, að flokkar skipa með tilliti til refsinga fyrir brot yrðu tveir í stað briggja í gildandi lögum. Í greinargerð með frumvarpi sínu segir nefndin, að „í eðli sínu er brot hið sama eða svipað, hvort heldur það er framið á stóru skipi eða smáu, auk þess sem minni skipin hafa að jafnaði rýmri veiðiheimildir en hin stærri og eiga þar með auðveldara með að staðsetja sig en stærri skipin, þar sem þau veiða nær landi.“

Hér er í grein þessari miðað við lengd skipa í stað brúttórúmlestir og er það í samræmi við sams konar breytingar á veiðiheimildunum.

Gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu að lágmarksrefsing skipa í minni flokknum, sem jafngildir tveimur minnstu flokkunum samkvæmt núgildandi lögum, hækki úr 2000 í 4000 gullkrónur. Hámarksrefsing er aftur á móti hin sama og í gildandi lögum eða 20 000 gullkrónur. Á það skal bent hér, að dómstólar hafa yfirleitt dæmt lágmarksrefsingu fyrir landhelgisbrot báta í minnsta flokki samkvæmt núgildandi lögum.

Lágmarksrefsing skipa í efri flokkunum, sem jafngildir stærsta flokknum samkvæmt núgildandi lögum, lækkar samkvæmt frumvarpinu úr 15 000 í 14 000 gullkrónur, og hámarksrefsingin lækkar úr 60 000 í 40 000 gullkrónur.

Önnur atriði þessarar greinar eru óbreytt frá gildandi ákvæði 11. gr. laga 102/1973.

Loks skal á það bent, að í upphafi greinargerðar nefndarinnar við refsikaflann segir: „Viðurlög við brotum eru ætíð matsatriði. Á það að sjálfsögðu jafnt við fiskveiðilagabrot sem önnur brot. Nefndin er ekki tilbúin til þess að taka afdráttarlausa afstöðu til þessa máls."

Um 18. og 19. gr.

Þessar greinar frumvarpsins eru teknar að mestu óbreyttar úr gildandi lögum sbr. 12. og 13. gr. laga 102/1973 að öðru leyti en því, að samkvæmt þeim er lágmarksrefsing fyrir brot gegn þessum greinum og reglum settum samkvæmt þeim hækkuð úr 1000 gullkrónum í 2000 gullkrónur. Þá er og hámarksrefsing samkvæmt þessum greinum lækkuð úr 15 000 gullkrónum í 14 000 gullkrónur, til samræmis við ákvæði 17. greinar.

Í 1. mgr. 18. gr. er vísað til laga um upptöku ólöglegs sjávarafla, en frumvarp þess efnis liggur nú fyrir Alþingi sbr. greinargerð með 9. gr. Vísast hér til greinargerðar með frumvarpi til laga um upptöku ólöglegs sjávarafla.

Um 20. gr.

Efni 20. gr. er tekið óbreytt úr gildandi lögum sbr. 14. gr. laga 102/1973. Þó leggur nefndin til að því nýmæli verði bætt inn í þessa grein, að við ítrekun brots gegn lögum þessum megi svipta skip heimild til tiltekinna veiða í allt að 30 daga. Tímalengdin hlýtur sjálfsagt að ákvarðast af eðli brotsins og fyrir nefndinni vakir ekki síst það, að ákvæði þessu sé beitt vegna margítrekaðra landhelgisbrota.

Um 21. og 22. gr.

Þessar greinar eru teknar óbreyttar úr gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.


Um 23. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringa. Hér eru felld úr gildi gildandi lög 102/1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni ásamt síðari breytingum með lögum 14/1974 og 72/1975.


Ákvæði laga nr. 73 5. desember 1975 halda þó gildi sínu, en þessi lög taka til brota þýskra togara innan fiskveiðilandhelginnar, meðan samkomulag milli Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands er í gildi. Ennfremur er í þessari grein tekið ótvírætt fram, að þær reglugerðir, sem settar hafa verið með stoð í lögum 102/1973 t. d. um möskvastærðir botnvörpu og flotvörpu, lágmarksstærðir fisktegunda og reglugerðir um friðunarsvæði, halda gildi sínu.


Um 24. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringa. Hér er ekki sett í frumvarpið ákveðið tímamark hvenær lögin skuli öðlast gildi, enda hlýtur það að vera undir framgangi þess á Alþingi komið.



Heimild til botnvörpu- og flotvörpuveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands samkv. frumvarpi þessu.


24°
20°
16°
12°
67°
65°
63°
ÍSLAND
350 t allt árið
350t allt árið
105t 1. júni-31.des.
Lokað 1.mai-1.okt
1.mai-31.des
1.mai-1.mars
105 t 1.jan-15.sept
350t 1.mai-1.mars
350 t allt árið
105t 1.mai-1.mars
1.ágúst-31.des
1.jan-15.mai
105 t allt árið
HEIMILD TIL BOTNVÖRPU- OG FLOTVÖRPUVEIÐA Í FISKVEIÐILANDHELGI ÍSLANDS
SAMKV. LÖGUM 27.DES.1973



Friðunarsvæði í fiskveiðilandhelgi Íslands, 27. apríl 1976.

Nd. 541. Frumvarp til laga [252. mál]

um breyting á lögum nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. lög nr. 2 11. febrúar 1970 og lög nr. 66 30. apríl 1973 um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

2. mgr. 61. gr. orðist svo:

Sömu refsingu skal sá sæta, sem selur eða afhendir, kaupir eða veitir viðtöku vörum, enda viti hann eða megi vita, að þær séu ólöglega innfluttar.

2. gr.

2. mgr. 71. gr. orðist svo:

Sektir samkvæmt lögum þessum mega nema allt að kr. 4 000 000.

3. gr.

2. mgr. 76. gr. orðist svo:

Þó er tollyfirvöldum heimilt að ákveða sekt fyrir ólöglegan innflutning, ef brot er skýlaust sannað og ætla má, að brot varði ekki hærri sekt en kr. 60 000, enda játist sökunautur undir þá ákvörðun og greiði sektina þegar í stað. Við slíka sektarákvörðun skal greina í bókun, skýrt og stutt, brot það, sem um er að tefla, refsiákvæði, sem það varðar við, og ítrekunarverkun á síðari brot, ef því er að skipta. Nú hefur skýlaust sannað brot einnig upptöku eignar í för með sér, og getur tollyfirvald undir því skilorði, er nú var sagt, ákveðið eignaupptöku, enda fari verðmæti eigi fram úr kr. 100 000.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér þrjár breytingar á lögum nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. lög nr. 2/1970 og lög nr. 66/1973 um breyting á þeim lögum, og eru þær þessar:

Um 1. gr.

Lagt er til, að 2. mgr. 61. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit verði orðuð á þann veg, að viðtaka á ólöglega innfluttum vörum, hvort sem hún er gegn endurgjaldi eða ekki, verði ótvírætt gerð að sjálfstæðu broti. Núverandi orðalag málsgreinarinnar gefur tilefni til að ætla, að viðurlög séu einungis við því atferli að selja eða afhenda ólöglega innfluttar vörur en að annað atferli varði eigi við lög. Sé litið til athugasemda við frumvarp til laga um tollheimtu og tollaeftirlit, nú l. 59/1969, sbr. A-deild Alþingistíðinda 1968, bls. 598, er ljóst að ætlast mun hafa verið til í upphafi, að greinin næði efnislega til ofangreinds atferlis.

Um 2. mgr. 61. gr. segir eftirfarandi:

„2. mgr. greinarinnar svarar til 2. mgr. 39. greinar gildandi laga, með þeirri breytingu, að brotið er gert sjálfstætt". Tilvitnun til gildandi laga á við lög nr. 68/1956 um tollheimtu og tolleftirlit, en í 2. mgr. 39. gr. þeirra laga var svohljóðandi ákvæði:

„Sömu refsingu skulu þeir sæta, sem aðstoða þá, sem hafa ólöglega innflutt vöru eða tollsvikið hana, við að selja hana, svo og þeir, sem kaupa vörur, sem þeir vita, að eru ólöglega innfluttar, eða mega vita það, eftir öllum atvikum að dæma".

Með breytingu á 2. mgr. 61. gr í ofangreinda átt verður eigi dregin í efa heimild í lögum um tollheimtu og tolleftirlit til refsingar vegna þess atferlis, sem

lýst er í greininni og jafnframt aukinn varnaður almennt við ólöglegum innflutningi til landsins.

Um 2. og 3. gr.

Samkvæmt gildandi lögum um tollheimtu og tolleftirlit er hámarksfjárhæð sekta bundin við kr. 500 000 og heimild tollyfirvalda til ákvörðunar sekta fyrir ólöglegan innflutning m. a. bundin því skilyrði, að brot varði eigi hærri sekt en kr. 20 000. Vegna verðlagsbreytinga og neikvæðra áhrifa þeirra á markmið þau, sem stefnt er að með nefndri lagasetningu, þ. e. að auka varnað og að létta verulegu álagi af dómstólum með því að eigi er nauðsynlegt að vísa smærri brotum almennt til meðferðar dómstólanna, er lagt til, að nefndum sektarmörkum verði breytt þannig, að hámarksfjárhæð sekta verði hækkuð í kr. 4 000 000 og heimild tollyfirvalda til að ákvarða sektir verði bundin við hámarkssekt kr. 60 000.

Eigi er talin þörf á að hækka að svo stöddu núgildandi hámarksheimild tollyfirvalda til eignarupptöku, sem nú nær til verðmæta allt að kr. 100 000.

Ed. 542. Nefndarálit [210. mál]

um frv. til laga um orlof.

Frá félagsmálanefnd.

Félagsmálanefnd Ed. hefur fjallað um frv. þetta, sem byggt er á tillögum nefndar sem þáverandi félagsmálaráðherra skipaði 20. ágúst 1974 til að endurskoða gildandi lög og reglugerðir um orlof. Meðal annars fékk félagsmálanefnd á fund sinn þrjá af þeim mönnum, sem skipað höfðu framangreinda endurskoðunarnefnd, þá Guðmund Karl Jónsson deildarstjóra, Snorra Jónsson framkvæmdastjóra og Barða Friðriksson skrifstofustjóra.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt með breytingum, sem tillögur eru gerðar um á sérstöku þingskjali.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Axel Jónsson og Steingrímur Hermannsson.

Alþingi, 26. apríl 1976.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm. Steinþór Gestsson, fundaskr. Jón Helgason.
Eggert G. Þorsteinsson. Helgi Seljan.

Ed. 543. Breytingartillögur [210. mál]

við frv. til laga um orlof.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 7. gr. Ný málsgrein komi, er verði 3. mgr., sem hér segir:
   Veikist launþegi hér innanlands í orlofi það alvarlega, að hann geti ekki notið orlofsins, skal hann á fyrsta degi, t. d. með símskeyti, tilkynna vinnuveitanda um veikindin og hjá hvaða lækni hann hyggst fá læknisvottorð. Fullnægi hann tilkynningunni og standi veikindin samfellt lengur en þrjá sólarhringa, á launþegi rétt á uppbótarorlofi jafnlangan tíma og veikindin sannanlega vöruðu. Undir framangreindum kringumstæðum skal launþegi ávallt færa sönnur á veikindi sín með læknisvottorði. Vinnuveitandi á rétt á að láta lækni vitja laun-

þega, er veikst hefir í orlofi. Uppbótarorlof skal, eftir því sem kostur er, veitt á þeim tíma, sem launþegi óskar. Orlofi skal þó alltaf lokið fyrir upphaf næsta orlofstímabils.

2. Við 18. gr. Greinin orðist sem hér greinir:
   Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 16 26. febr. 1943 og lög nr. 87 24. des. 1971 með síðari breytingum.
3. Ákvæði til bráðabirgða komi sem hér greinir:
   Lög þessi gilda um orlofsárið 1976—1977.

Sþ. 544. Tillaga til þingsályktunar [253. mál]

um áfengisfræðslu.

Flm.: Sigurlaug Bjarnadóttir, Helgi F. Seljan, Ingvar Gíslason, Oddur Ólafsson, Bragi Sigurjónsson, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar, að brýn þörf sé markvissra aðgerða í þágu áfengisvarna í landinu. Sérstaklega beri að leggja rækt við hvers konar fyrirbyggjandi fræðslu- og upplýsingastarf.

Í því skyni skorar Alþingi á ríkisstjórnina að beita sér fyrir:

1. Að hraðað verði sem kostur er skipulagningu og undirbúningi Skólarannsókna ríkisins á áfengisfræðslu í öllum skólum landsins og endurskoðun á gildandi reglugerð um slíka fræðslu.
2. Að fjölmiðlar, og þá einkum sjónvarpið, verði nýtt með skipulegum hætti í þessu skyni. Þannig verði reglulega teknir upp í dagskrá sjónvarpsins fræðslu- og skemmtiþættir í samráði við áfengisvarnaráð og aðra þá aðila, sem vinna að bindindisstarfi og áfengisvörnum.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi er borin fram í framhaldi af störfum nefndar þeirrar er kjörin var á síðasta þingi af öllum þingflokkum til að kanna ástand í áfengismálum okkar og leggja að starfi loknu fram ábendingar og tillögur er að gagni mættu koma til að ráða nokkra bót á þessu mikla þjóðfélagsvandamáli.

Nefnd þessi vann mikið og gott starf milli þinga og fram eftir vetri, safnaði miklum upplýsingum og leitaði álits og umsagnar fjölmargra aðila. Gaf hún jafnframt fulltrúum þingflokka kost á að fylgjast með starfinu og lagði að lokum fram drög að frumvarpi til laga um ýmsar breytingar á gildandi áfengislögum og að þingsályktunartillögu er varðar sérstaklega fræðslu- og upplýsingahlið áfengismála.

Frumvarpið hefur þegar verið lagt fram á þingskjali 504.

Í gildandi áfengislögum, 31. gr., eru skýr ákvæði um áfengisfræðslu í öllum íslenskum skólum er opinbers styrks njóta. Væri þeim ákvæðum framfylgt í raun þyrftum við ekki að hafa áhyggjur af þessari hlið málsins. En því miður hefur framkvæmdin á þessari lagagrein, eins og við á um mörg önnur ágæt lagaákvæði, orðið margfalt ófullkomnari en skyldi þrátt fyrir góðan vilja og skilning margra skólamanna á mikilvægi þessa máls. Áfengisfræðsla er viðkvæm og vandmeðfarin og getur gert meiri skaða en gagn, sé ekki rétt á haldið.

Samkvæmt upplýsingum frá fulltrúa skólarannsókna nú nýverið er nú undirbúningur hafin af ráðuneytisins hálfu að skipulegri fræðslu um áfengismál og er ætlunin að fella þá fræðslu inn í námsefni í samfélagsfræði annars vegar og líffræði hins vegar. En þessi undirbúningur er ekki langt á veg kominn og því full ástæða til að knýja á um að honum verði hraðað eftir föngum. Jafnframt er nauðsynlegt að endurskoða núgildandi reglugerð um bindindisfræðslu með tilliti til nýrra upp-

lýsinga um þessi mál, nýrra kennsluhátta og nýrrar kennslutækni. Frá þeim tíma er þessi reglugerð var samin — árið 1956 — hafa orðið margar gerbreytingar í þjóðfélagi okkar, sem nauðsynlegt er að taka mið af.

Í öðrum lið tillögunnar er farið fram á aukið liðsinni fjölmiðla í baráttunni gegn áfengisbölinu. Er þar sérstaklega bent á sjónvarpið sem vafalaust er hvað áhrifamesta tækið, sem við höfum yfir að ráða til að ná athygli fólks á öllum aldri. Hljóðvarpið hefur þegar um alllangt skeið haldið uppi ágætum þáttum um áfengismál, og ber að virða þá góðu viðleitni. Nefndin bendir réttilega á, að mikið væri unnið, ef hægt væri að svipta hinum falska dýrðarljóma af áfenginu með markvissri fræðslu og áróðri í fjölmiðlum — dagblöðum og útvarpi.

Athyglisverðar fréttir um áfengismál af innlendum og erlendum vettvangi í fréttatímum sjónvarps, auk sérstakra umræðuþátta, t. d. í Kastljósi, sem vel væri vandað til, gætu tvímælalaust orðið hér að liði. Þá væri og eðlilegt og sjálfsagt, að um þessi efni væri fjallað í íþróttaþáttum fjölmiðla og áhersla lögð á, að áfengi og íþróttir fara ekki saman.

Ríkisfjölmiðlum ber tvímælalaus siðferðileg skylda til að sinna þessum málum af meiri alvöru en hingað til, svo drjúg tekjulind sem ágóði af áfengissölu er íslenska ríkinu. Sá ágóði er þó að stórum hluta blekking ein, og enginn vafi er á, að aukin bindindissemi þjóðarinnar og minnkandi áfengisneysla mundi skila margföldum arði í betra og heilbrigðara þjóðlífi.

Nd. 545. Lög [157. mál]

um aðild Íslands að samningi um stofnun aðstoðarsjóðs á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar.

(Afgreidd frá Nd. 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 338.

Nd. 546. Lög [180. mál]

um breyting á lögum nr. 74 21. ágúst 1974 um meðferð opinberra mála.

(Afgreidd frá Nd. 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 373.

Nd. 547. Frumvarp til laga [254. mál]

um Fiskveiðasjóð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Fiskveiðasjóður Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Sjóðurinn lýtur sérstakri stjórn, eins og segir í lögum þessum. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk Fiskveiðasjóðs er að efla framleiðslu og framleiðni í fiskveiðum, fiskiðnaði og skyldri starfsemi með því að veita stofnlán með veði í fiskiskipum, nýsmíðuðum og eldri, vinnslustöðvum, vélum og mannvirkjum, sem að dómi sjóðs-

stjórnar eru í þágu sjávarútvegsins, þ. á m. skipasmíðastöðvum, dráttarbrautum, viðgerðarverkstæðum, veiðarfæragerðum og verbúðum.

Stjórn Fiskveiðasjóðs er heimilt að setja á fót sérstaka tæknideild, er sé stjórninni til ráðuneytis um tæknileg atriði í sambandi við mat á lánsumsóknum og til þess að fylgjast með smíði og búnaði fiskiskipa, fiskvinnslustöðva og annarra mannvirkja, sem Fiskveiðasjóður veitir lán til, svo og að fylgjast með nýjungum á þeim sviðum.

3. gr.

Auk stofnfjár samkvæmt 3. gr. laga nr. 75 13. maí 1966 um Fiskveiðasjóð Íslands skal fjáröflun til Fiskveiðasjóðs vera með eftirtöldum hætti:

a) Vextir af lánum og öðrum kröfum.
b) Útflutningsgjöld af sjávarafurðum, sem renna til sjóðsins lögum samkvæmt.
c) Til viðbótar tekjum sjóðsins skv. b-lið, greiðir ríkissjóður honum árlega fjárhæð er nemi ¾ hlutum af tekjum skv. b-lið.
d) Til viðbótar framlagi til sjóðsins skv. b- og c-liðum greiðir ríkissjóður honum árlega 35 millj. kr.
e) Lántökur innanlands og erlendis, sbr. þó 7. gr. laga nr. 30/1960.

4. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs getur ákveðið stofnun nýrra lánaflokka. Skal nánar kveðið á um þá í reglugerð, sem ráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins.

5. gr.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Fiskveiðasjóðs gagnvart innlendum aðilum og greiðir þær, ef eignir og tekjur sjóðsins hrökkva ekki til. Einnig ábyrgist ríkissjóður greiðslu allra lána, svo og efndir allra skuldbindinga, sem Fiskveiðasjóður tekur við af sjóðum og stofnunum þeim, sem nefndar eru í 3. gr. laga nr. 75/1966.

6. gr.

Fiskveiðasjóður heyrir undir ráðherra þann, sem fer með sjávarútvegsmál. Skal stjórn hans vera í höndum 7 manna, sem ráðherra skipar til tveggja ára í senn og skulu 6 þeirra skipaðir skv. tilnefningum og 1 án tilnefningar. Hver eftirgreindra aðila tilnefnir 1 fulltrúa í stjórnina: Seðlabanki Íslands, Landsbanki Íslands, Útvegsbanki Íslands, Landssamband ísl. útvegsmanna. Eftirtalin samtök í fiskiðnaði tilnefna sameiginlega 1 fulltrúa: Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sjávarafurðadeild Sambands ísl. samvinnufélaga og Sölusamband ísl. fiskframleiðenda. Verði þessir aðilar ekki sammála um tilnefningu, skal ráðherra tilnefna fulltrúa þennan. Sjómannasamband Íslands og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands skulu tilnefna sameiginlega 1 fulltrúa, en verði þessir aðilar ekki sammála skal ráðherra tilnefna hann. Jafnmargir varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna 7 stjórnarmanna. Til þess að fundur sjóðsstjórnar sé lögmætur, þarf meirihluti stjórnarinnar að sitja hann, og ræður einfaldur meirihluti fundarins ákvörðun stjórnarinnar.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna.

7. gr.

Verkefni stjórnar Fiskveiðasjóðs eru þessi:

a) Ákvarðanir um lántöku og aðra fjáröflun til starfsemi sjóðsins og útgáfu skjala í því sambandi.
b) Ákvarðanir um rekstrar- og greiðsluáætlanir Fiskveiðasjóðs, er gerðar skulu fyrirfram 1 ár í senn.

c) Ákvarðanir um útlán sjóðsins og lánakjör.
d) Úrskurður reikninga sjóðsins og ákvörðun um ráðstöfun tekjuafgangs, svo og ákvörðun um afskriftir af kröfum hans.
e) Ráðning forstjóra sjóðsins. Heimilt er einnig að ráða aðstoðarforstjóra.
f) Skipun matsnefndar.
g) Ákvarðanir um laun og starfskjör annarra starfsmanna sjóðsins.

8. gr.

Forstjóri sjóðsins hefur á hendi alla daglega starfsemi sjóðsins eftir nánari fyrirmælum í reglugerð og skv. ákvörðunum sjóðsstjórnar. Í reglugerð má einnig ákveða, að sjóðsstjórnin geti veitt forstjóra heimild til að ákveða lánveitingar úr sjóðnum innan tiltekinna marka. Forstjórinn ræður starfsmenn sjóðsins og segir þeim upp störfum.

9. gr.

Handbært fé Fiskveiðasjóðs skal geymt í viðskiptareikningi í Seðlabankanum. Þó er sjóðnum heimilt að geyma fé í viðskiptareikningum við aðra banka eða sparisjóði, ef svo stendur á, að sú lánastofnun, sem hlut á að máli, hefur veitt bráðabirgðalán til framkvæmda, sem stjórn Fiskveiðasjóðs hefur samþykkt að veita lán til, enda sé innistæðunni haldið innan þess hundraðshluta útlagðs kostnaðar við verkið, sem ætla má að lánið úr sjóðnum nemi.

10. gr.

Starfsár Fiskveiðasjóðs er almanaksárið. Af tekjum hvers árs skal greiða kostnað við rekstur sjóðsins svo og töp vegna afskrifaðra lána. Forstjóri sjóðsins skal sjá um að ganga frá reikningum hans fyrir 1. mars ár hvert og hafa afhent þá stjórn sjóðsins. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af tveimur mönnum, sem ráðherra skipar til tveggja ára í senn. Ráðherra staðfestir reikninga sjóðsins að fengnum úrskurði stjórnar og endurskoðenda. Ársreikninga skal birta í Stjórnartíðindum.

11. gr.

Öll lán Fiskveiðasjóðs til fiskiskipa skulu tryggð með 1. veðrétti í skipunum. Til nýrra fiskiskipa, sem smíðuð eru innanlands, mega lán nema ¾ hlutum kostnaðar eða matsverðs, þess er lægra reynist, en allt að ⅔ hlutum kostnaðarverðs eða matsverðs með sama hætti, séu skipin smíðuð erlendis. Til eldri fiskiskipa mega lán nema ¼ hluta kaupverðs eða matsverðs, þess er lægra reynist, og skulu þá meðtaldar eftirstöðvar af lánum sjóðsins, sem fyrir kunna að vera.

12. gr.

Lán, sem veitt eru gegn veði í öðrum eignum en skipum, að viðbættum lánum, sem hvíla á eigninni við veðsetningu með forgangsveði, mega hæst nema 60% af matsverði.

13. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs ákveður lánstíma að höfðu samráði við sjávarútvegsráðherra og stjórn Seðlabankans.

14. gr.

Umsækjendur um lán úr Fiskveiðasjóði geta valið um, hvort heldur þeir leggi lánbeiðnir sínar fyrir Fiskveiðasjóð eða viðskiptabanka sinn. Þær lánbeiðnir, sem lagðar eru fyrir viðskiptabanka umsækjenda, skal viðskiptabankinn senda Fiskveiðasjóði ásamt umsögn sinni. Fiskveiðasjóður skal á sama hátt leita umsagnar viðskiptabanka umsækjenda um umsóknir þær, er honum berast beint, áður en þær eru afgreiddar.

15. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs skal ákveða vaxtakjör, dráttarvexti og lántökugjald, að höfðu samráði við sjávarútvegsráðherra og Seðlabankann, enda séu vextirnir ekki hærri en Seðlabankinn ákveður vexti hæsta af sambærilegum skuldum.

Vextir af lánum greiðast eftir á á gjalddögum afborgana. Stjórn sjóðsins ákveður gjalddaga lána við hina ýmsu lánaflokka.

Lántakendur skulu greiða matskostnað og annan beinan kostnað skv. nánari ákvörðun sjóðsstjórnar.

16. gr.

Nú tekur sjóðurinn erlent fé að láni og lánar það innanlands, og er þá heimilt að semja svo um við lántakendur, að þeir beri halla eða njóti hagnaðar, er verða kann vegna gengisbreytinga, þannig að vaxta- og afborganagreiðslur hækki eða lækki í íslenskum krónum í hlutfalli við slíkar breytingar.

17. gr.

Skylt er þeim, sem lán fá úr Fiskveiðasjóði, að láta reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té afrit af rekstrar- og efnahagsreikningum fyrirtækja sinna í því formi, sem reikningaskrifstofan ákveður.

18. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs skal skipa sérstaka matsnefnd til þess að meta þær eignir, sem í ráði er að veðsetja Fiskveiðasjóði. Skal nefndin skipuð þremur mönnum. Nefndin kýs sér formann. Skal nefndinni heimilt með samþykki stjórnar Fiskveiðasjóðs að skipa menn til þess að meta eignir á sínum vegum, enda skal hún endurskoða matið og staðfesta það. Eignir skulu metnar til endurkaupsverðs, að frádregnum eðlilegum afskriftum, er miðast við rýrnun eignarinnar, frá því að hún var ný. Skal matsnefndin semja nákvæmar reglur um framkvæmd matsins, sem staðfestar skulu af stjórn Fiskveiðasjóðs. Lánbeiðendur greiða matskostnað.

Heimilt er matsnefndinni, eftir því sem henni þykir rétt, að notfæra sér möt, sem unnin hafa verið á vegum Fiskveiðasjóðs, Ríkisábyrgðarsjóðs og Stofnlánadeildar sjávarútvegsins eftir 1961.

19. gr.

Fiskveiðasjóður er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast. Öll skjöl viðvíkjandi lánum, sem sjóðurinn veitir eða tekur, eru undanþegin stimpilgjöldum.

20. gr.

Skylt skal lántakendum að hafa hinar veðsettu eignir svo hátt vátryggðar, að vel nægi fyrir áhvílandi lánum, og tekur veðréttur Fiskveiðasjóðs jafnan einnig til vátryggingarfjárins. Ef til útborgunar vátryggingarfjár kemur, getur Fiskveiðasjóður krafist þess, að honum sé greidd beint upphæð, sem svarar til áhvílandi láns eða lána hans, enda sé tekið fullt tillit til þeirra veðhafa, er á undan eru í veðröð.

Öllum skuldunautum Fiskveiðasjóðs er skylt að láta sjóðnum í té árlegt afrit af rekstrar- og efnahagsreikningum sínum í því formi, sem hann ákveður.

21. gr.

Heimilt er að telja lán eða eftirstöðvar láns úr Fiskveiðasjóði fallin í gjalddaga án uppsagnar:

a) Þegar greiðslur af lánum eru ekki inntar af hendi á réttum gjalddaga,
b) við eigendaskipti að veði fyrir láni, ef veðið ferst eða rýrnar verulega í verði, er selt eða sett á uppboð, enda skal bæði seljanda og kaupanda skylt að tilsjóðnum eigendaskipti þegar í stað,

c) ef hin veðsetta eign er ekki starfrækt í 6 mánuði eða meira samfleytt, eðli sínu samkvæmt og tilgangi,
d) ef hin veðsetta eign er flutt úr þeim stað, þar sem hún var starfrækt, er lán var veitt,
e) ef lántaki hættir störfum eða breytir rekstri sínum að verulegu leyti að dómi sjóðsstjórnar.

22. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefur Fiskveiðasjóður heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms, hvað veð í fasteignum og skipum með tilheyrandi áhrærir, skv. lögum um nauðungaruppboð nr. 57 frá 1949, sbr. lög um veð frá 4. nóvember 1887, 3. gr., og skal í þessu sambandi heimilt að semja svo um, að uppboð á hinu veðsetta megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara. Nú er skip eða fasteign, sem Fiskveiðasjóður á veð í, seld á nauðungaruppboði og ber þá uppboðshaldara að tilkynna Fiskveiðasjóði um uppboðið svo tímanlega, að hann geti látið fulltrúa sinn mæta við uppboðið.

23. gr.

Skuldunautar Fiskveiðasjóðs eru skyldir til þess að fullnægja öllum kvöðum og skuldbindingum, sem á þá eru lagðar í lögum og reglugerðum fyrir Fiskveiðasjóð.

24. gr.

Sjávarútvegsráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um starfsemi Fiskveiðasjóðs.

25. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 75 13. maí 1966 um Fiskveiðasjóð Íslands ásamt síðari breytingum sbr. lög nr. 33/1970, lög nr. 55/1973, lög nr. 99/1975 og 3. gr. laga nr. /1976.

26. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 28. febrúar 1975 skipaði sjávarútvegsráðherra nefnd til þess að endurskoða lög nr. 75 13. maí 1966 um Fiskveiðasjóð Íslands. Í nefnd þessa voru skipaðir eftirtaldir menn:

Davíð Ólafsson, samkvæmt tilnefningu Seðlabanka Íslands. Hann var jafnframt skipaður formaður nefndarinnar. Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson, skv. tilnefningu Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, Sjávarafurðadeildar SÍS og Sölusambands ísl. fiskframleiðenda. Kristján Ragnarsson, skv. tilnefningu Landssambands ísl. útvegsmanna. Einar B. Ingvarsson, aðstoðarmaður ráðherra, og Jón Skaftason, alþingismaður, án tilnefningar.

Nefndin lauk störfum seint á árinu 1975 og með bréfi dagsettu 5. desember 1975 skilaði hún í frumvarpsformi tillögum sínum um breytingu á lögum nr. 75 13. maí 1966, ásamt ítarlegri greinargerð um það breytingarfrumvarp.

Sjávarútvegsráðherra taldi rétt, að breytingar þessar yrðu felldar inn í lögin um Fiskveiðasjóð og lét því útbúa í ráðuneyti sínu þetta heildarfrumvarp til laga um sjóðinn. Inn í frumvarp þetta eru teknar allar tillögur nefndarinnar, sem áður er getið, nema hvað snertir ákvæði 6. gr. frumvarpsins um stjórn Fiskveiðasjóðs. Nefndin gerði tillögu um að stjórn sjóðsins skyldi vera í höndum 5 manna, en frumvarp þetta gerir ráð fyrir því að þeir verði 7. Annar þessara tveggja manna, sem þannig bætast við, skal skipaður skv. sameiginlegri tilnefningu Sjómannasam-

bands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, en hinn skal skipaður af ráðherra án tilnefningar. Þá er einnig gerð sú breyting frá tillögum nefndarinnar, að ráðherra skipar skv. frumvarpinu formann og varaformann úr hópi hinna 7 stjórnarmanna, en nefndin hafði gert ráð fyrir því, að þessir menn yrðu kosnir af stjórninni.

Í greinargerð nefndarinnar, sem fyrr er getið, eru að finna eftirgreindar athugasemdir:

„Lög þau, sem nú gilda um Fiskveiðasjóð Íslands, voru að meginefni sett árið 1966 og tóku gildi 1. janúar 1967. Með þeirri lagasetningu voru gerðar ýmsar breytingar á sjóðnum, m. a. sem afleiðing af því, að Stofnlánadeild sjávarútvegsins var sameinuð Fiskveiðasjóði. Þótti þá m. a. eðlilegt að gefa Landsbanka Íslands og Seðlabanka Íslands, sem höfðu haft með Stofnlánadeildina að gera, aðild að stjórn Fiskveiðasjóðs ásamt Útvegsbankanum, sem fram að þeim tíma hafði einn haft á hendi stjórn sjóðsins.

Á þeim níu árum, sem liðin eru frá því þessi lög voru sett, hafa orðið miklar breytingar á starfsemi Fiskveiðasjóðs á þann veg, að umsvif hans hafa aukist mjög til að mæta þeim auknu kröfum, sem til hans hafa verið gerðar um stofnlán til sjávarútvegsins. Hafa útlán hans aukist mjög mikið, svo sem sjá má af yfirlitinu, sem hér fer á eftir, sem sýnir útlán Fiskveiðasjóðs á árunum 1967—1974 og áætlun fyrir árið 1975, skipt eftir því til hvers lánin hafa farið.

Tafla 1.

Ár	Innl. skipasmíði	Erl. skipakaup	Tæki og viðg.	Gengisj.-lán	Hraðfr. hús	Aðrar fasteign.	Samtals
1967	52,5	191,7	31,2	–	3,7	62,7	341,8
1968	45,6	171,3	41,0	150,9	98,7	39,0	546,5
1969	89,1	–	43,1	20,6	98,9	21,3	273,0
1970	111,2	40,8	50,1	14,6	8,0	37,4	262,1
1971	294,4	166,9	109,9	17,1	40,5	53,3	682,1
1972	538,4	181,7	198,7	13,5	213,2	117,8	1 263,3
1973	614,5	1 109,5	192,8	20,7	227,0	84,0	2 248,5
1974	427,6	1 690,7	211,3	25,6	202,5	102,9	2 660,6
1975[1])	1 500,0	1 225,0	400,0	20,0	600.0	200,0	3 945,0

1) Áætlað.

Langmest hefur aukningin orðið í innlendu skipasmíðinni og tækjum og viðgerðum á skipum, en hvort tveggja þetta er unnið af skipasmíðastöðvunum. Kemur hér og í erlendu skipakaupunum fram sú mikla aukning fiskiskipastólsins, sem hófst upp úr 1970. Mikil aukning hefur einnig orðið á útlánum til fiskvinnslunnar bæði hraðfrystihúsanna og annarrar fiskvinnslu. Endurspegla þessar tölur allvel afkomu sjávarútvegsins á þessu tímabili. Árin 1967—1969 voru mikli erfiðleikaár, eftir að hvort tveggja gerðist í senn á þessu tímabili, að síldveiðarnar brugðust með öllu og verðlag á frystum fiski stórlækkaði. Framkvæmdir voru þá litlar bæði í byggingu skipa og vinnslustöðva, þar sem skorti algerlega eigið fé fyrirtækjanna til að geta ráðist í framkvæmdir og eftirspurn eftir lánsfé því í lágmarki. Þetta breyttist mjög um og upp úr 1970 þegar hagur sjávarútvegsins vænkaðist verulega, einkum vegna hagstæðrar þróunar verðlags á útflutningsmörkuðum. Á yfirstandandi ári er áætlað, að heildarútlán sjóðsins verði nálægt 4000 millj. kr.

Þessi mikla aukning útlána hefur aukið mjög á vandamál fjáröflunar til sjóðsins á þessu tímabili og mikil vandamál eru þar framundan. Framan af var meginhluti fjáröflunarinnar falinn í afborgunum og vöxtum af lánum og hluta af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum. Sjóðurinn þurfti á tiltölulega litlu lánsfé að halda til að

geta fullnægt eftirspurn eftir lánum. Þetta breyttist mjög þegar kom fram yfir árið 1970 og eftirspurnin eftir lánum óx hröðum skrefum. Fjáröflun eftir þeim leiðum, sem áður getur, hrökk þá skammt enda voru vextir lágir af lánum úr sjóðnum. Árið 1971 var ákveðið, að ríkissjóður legði fram árlega 35 millj. kr. til sjóðsins en það dugði skammt. Árið 1973 var svo enn ákveðið með breytingu á lögum sjóðsins, að innheimt skyldi sérstakt útflutningsgjald af sjávarafurðum, 1%, er gengi óskipt til sjóðsins og ríkissjóður legði jafnmikið á móti. Þetta átti að gilda til loka árs 1975. Loks var svo ákveðið á þessu ári að leggja til Fiskveiðasjóðs kr. 300 millj. úr gengismunarsjóði. Þessi framlög hafa vissulega haft mikla þýðingu í fjáröflun til sjóðsins, en þrátt fyrir það hefur orðið í æ ríkari mæli að afla lánsfjár og þá einkum erlends lánsfjár auk innlends verðtryggðs lánsfjár. Undanfarin fimm ár hafa að jafnaði yfir þrír/fimmtu af fjáröfluninni verið lánsfé og nær helmingur erlent fé. Hlýtur þetta að bitna mjög á lántakendum sjóðsins í framtíðinni, þar sem vaxtakostnaður sjóðsins verður mikill og gengisáhættan einnig mikil, sem lántakendur bera. Þessi þróun hefur leitt til þess, að eigið fé sjóðsins hefur farið ört minnkandi undanfarin ár, eða frá 1970 er það nam nær 50% af efnahagsreikningi sjóðsins, í tæplega 24% á árinu 1974, og á árinu 1975 má búast við, að það komist niður í 20%. Er augljóst af þessu, að sjóðurinn má ekki við því nú að missa þann tekjustofn, sem hið sérstaka útflutningsgjald er og mótframlag ríkissjóðs. Er því lagt til í þessu frumvarpi, að þessi ákvæði verði framlengd um ótiltekinn tíma og verður reynslan að leiða í ljós hversu lengi þess verður þörf. Eftirfarandi yfirlit sýnir fjáröflun til Fiskveiðasjóðs á árunum 1969—1974 og áætlun fyrir 1975 og hlutfallslega skiptingu eftir uppruna.

Tafla 2.

Fjármagnsöflun Fiskveiðasjóðs 1969—1974.

	1969		1970		1971		1972		1973		1974		1975[2]	
	m.kr.	%	m.kr.	%	m.kr.	%	m.kr.	%	m.kr.	%	m.kr.	%	m.kr.	%
Eigið framl. nettó[1]	361	62,2	266	59,6	282	37,9	310	25,6	425	17,1	253	13,0	350	9,0
Útfl.gj. og ríkisframl.	103	17,8	50	11,2	84	11,3	84	6,9	172	6,9	538	27,7	1 075[3]	27,8
Lántökur	116	20,0	130	29,2	378	50,8	818	67,5	1 886	76,0	1 151	59,3	2 444	63,2
	580	100,0	446	100,0	744	100,0	1 212	100,0	2 483	100,0	1 942	100,0	3 869	100,0

1) Hér er um að ræða það fjármagn, sem kemur úr rekstri sjóðsins, þ. e. innkomnar afborganir og vextir af útistandandi lánum að frádregnum afborgunum og vöxtum, sem sjóðurinn verður að greiða af lánum, sem hann hefur tekið svo og rekstrarkostnaði.

2) Tölurnar fyrir árið 1975 eru áætlaðar.

3) Hér er meðaltalið kr. 300 millj., sem greitt var úr gengismunarsjóði 1975, samkv. c-lið 1. gr. laga nr. 55 27. maí 1975.

Á undanförnum árum hafa verið uppi raddir um breytta skipan stjórnar Fiskveiðasjóðs. Hafa ýmsar tillögur verið uppi um það m. a. á Alþingi, svo sem um aðild útvegsmanna, sjómanna og fiskvinnslunnar að stjórn sjóðsins. Hefur í því sambandi verið vísað til annarra atvinnuvegasjóða, þar sem aðild atvinnuveganna að stjórnum viðkomandi sjóða er með mismunandi hætti. Í þessu frv. hefur þótt eðlilegt að veita þeim aðilum, sem njóta eiga lána úr sjóðnum aðild að stjórn hans og er það hliðstætt því, sem er með aðra atvinnuvegasjóði.“

Síðar í greinargerð nefndarinnar segir svo:

„Þrátt fyrir þá breytingu, sem gerð var á skipan stjórnar sjóðsins með lögum frá 1966, var enn haldið við hinum formlegu tengslum við Útvegsbankann, sam-

kvæmt því sem segir í núgildandi lögum, 1. gr., að sjóðurinn sé „í umsjá Útvegsbanka Íslands, með aðskildum fjárhag- og bókhaldi“. Af þessu leiddi, að í 8. gr. laganna var ákveðið m. a., að stjórn Útvegsbankans réði starfsmenn sjóðsins og yfirleitt að sömu ákvæði, að því er varðaði starfsmenn sjóðsins, skyldu gilda og um starfsmenn Útvegsbankans. Í 10. gr. er svo ákvæði um frágang reikninga sjóðsins, þar sem Útvegsbankanum ásamt forstjóra sjóðsins er ætlað að annast það. Í raun inni hefur þó þróunin orðið sú, að þessi ákvæði hafa verið hrein formsatriði, nema það sem snýr að starfsliði sjóðsins. Með þessu frumvarpi er gert ráð fyrir, að tengsl Fiskveiðasjóðs við Útvegsbankann verði rofin en af því mun leiða, að tryggja verður að starfslið sjóðsins missi einskis í við það, að því varðar rétt til lífeyris eða annað það, sem máli skiptir og er eðlilegt, að samið verði um það við Útvegsbankann.

Þá er sú breyting gerð með frumvarpi þessu, að gert er ráð fyrir, að Fiskveiðasjóður geti veitt lán út á eldri fiskiskip. Hingað til hefur sjóðnum aðeins verið ætlað það hlutverk, að því er skip snertir, að lána út á ný fiskiskip. Á undanförnum árum hefur orðið mikill flutningur á fiskiskipum milli eigenda og einnig milli landshluta. Stendur þetta aðallega í sambandi við öra uppbyggingu fiskiskipaflotans. Þegar um sölu á eldri skipum er að ræða, er það oftast svo, að stofnlán, sem á skipunum hvíla, eru orðin lág. Seljendum er hins vegar mikil nauðsyn á að fá greiðslu í reiðu fé, þar sem fjármögnun nýrra skipa er oftast tengd sölu gamalla skipa. Það er ekki óalgengt, að kaupendur eldri skipa séu aðilar, sem eru að hefja útgerð og ráða ekki yfir miklu fjármagni til kaupanna og eiga því erfitt með miklar útborganir við kaupin. Hér mundi Fiskveiðasjóður koma inn í með lánveitingu til kaupenda slíks skips. Framhjá því má hins vegar ekki líta, að með slíkum lánveitingum er ekki verið að lána út á raunverulega verðmætisaukningu skipanna og hætt er við, að það leiði til óeðlilegrar hækkunar á verði eldri skipa. Verður því að fara gætilega í sakirnar þegar settar verða reglur um þessar lánveitingar. Á það ber og að líta, að þetta leiðir óhjákvæmilega til aukinnar fjárþarfar Fiskveiðasjóðs en geta sjóðsins til að sinna því, sem hingað til hafa verið hans aðalverkefni er nú þanin til hins ýtrasta. Á undanförnum tveimur þingum hafa verið flutt frv. um þetta efni og var frv. því, sem flutt var á síðasta þingi, vísað til ríkisstjórnarinnar, en því jafnframt lýst yfir, að málið skyldi tekið upp í sambandi við endurskoðun á lögum Fiskveiðasjóðs, sem þá stóð yfir og leitt hefur til samnings þessa frumvarps.“

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Breyting á 1. gr. laganna leiðir af því, sem áður segir, um breytingu á stöðu Fiskveiðasjóðs gagnvart Útvegsbankanum.

Um 2. gr.

Breyting á 2. gr. laganna felst í því, að hlutverk sjóðsins er víkkað og tekur nú einnig til þess að veita lán út á eldri skip.

Þá er hér einnig veitt heimild til stjórnar Fiskveiðasjóðs til að setja upp sérstaka tæknideild við sjóðinn, er sé sjóðsstjórninni til ráðuneytis um tæknileg atriði í sambandi við lánsumsóknir o. fl.

Um allmörg undanfarin ár hefur Fiskveiðasjóður haft samvinnu við Fiskifélag Íslands um slíka þjónustu og árið 1973 var gerður fastur samningur um það við Fiskifélagið. Hefur sú þjónusta, sem Fiskveiðasjóður hefur þannig fengið verið mjög gagnleg. Það þykir hins vegar rétt, þegar til framtíðarinnar er litið, að sjóðstjórnin hafi heimild til að skipa þessum málum á annan veg og þyrfti það þó ekki að útiloka að samvinna gæti haldist í vissum tilvikum, eins og verið hefur.

Um 3. gr.

Í upphafi þessarar greinar er vísað til 3. gr. laga nr. 45 13. maí 1966 um stofnfé sjóðsins, en ekki þótti ástæða til þess að taka þá grein í heild sinni upp í frumvarp þetta þar sem sú eignayfirtaka, sem þar er gert ráð fyrir, hefur fyrir löngu átt sér stað. Ekki þykir neitt óeðlilegt við að vísa þannig í lög, sem síðan eru felld úr gildi í þessu sama frumvarpi, enda má segja að þetta sé í samræmi við það sem gert var þegar lög nr. 75/1966 tóku við af fyrri lögum um Fiskveiðasjóð Íslands, Stofnlánadeild sjávarútvegsins og Skuldaskilasjóð útvegsmanna.

Þessi grein fjallar annars um fjáröflun til Fiskveiðasjóðs og hafa á því orðið nokkrar breytingar frá því að lögin voru sett 1966. Eru þær breytingar nú felldar hér inn í, svo sem nú verður skýrt. Liðir a og b eru óbreyttir frá því, sem er í gildandi lögum. Um lið c er það að segja, að með lögum nr. 55/1973 og lögum nr. 99/1975 var sú breyting gerð á 4. gr. laga nr. 75/1966, um Fiskveiðasjóð, að bætt var við stafliðunum c og d og tekjur sjóðsins þar með auknar um 1% af f.o.b.-verði útfluttra sjávarafurða skv. c-lið og um jafnhátt framlag frá ríkissjóði árlega skv. d-lið. Með lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum nr. 5 13. febrúar 1976 var c-liður greinarinnar felldur niður og 1% gjaldið þar með fellt inn í lög um útflutningsgjald. Eftir stendur d-liður, um framlag ríkissjóðs. Og þar sem ekki er ætlunin að fella hann niður, verður að breyta orðalagi hans, því að eins og áður segir, vísar hann til c-liðar um jafnhátt framlag. Skv. útreikningum Þjóðhagsstofnunar nemur framlag ríkissjóðs í þessu tilfelli ¾ hlutum tekna Fiskveiðasjóðs skv. lögum um útflutningsgjald og er því lagt til í frumvarpi þessu að þannig verði greinin orðuð. D- og e-liðir greinarinnar eru teknir óbreyttir úr gildandi lögum.

Um 4. og 5. gr.

Þessar greinar eru teknar óbreyttar úr gildandi lögum (5. og 6. gr. laga nr. 75/1966).

Um 6. gr.

Hér eru ákvæði um þær breytingar á skipan stjórnar sjóðsins sem getið var í almennum athugasemdum hér að framan. Auk þess sem tala stjórnarmanna er aukin um tvo frá því sem nú er, er gerð sú breyting, frá því sem verið hefur, að í stað þess að bankarnir þrír tilnefni alla stjórnarmennina, þá verða skv. grein þessari tilnefndir einn frá hverjum banka, einn frá hverjum eftirtalinna aðila sjávarútvegsins, sjómönnum, útvegsmönnum og fiskverkendum eða öllu heldur sölusamtökum fiskiðnaðarins, auk þess sem ráðherra skipar svo einn mann án tilnefningar. Hér er gert ráð fyrir þeim möguleika, að þessir þrír aðilar verði ekki sammála um tilnefningu manna í stjórnina og skal þá ráðherra tilnefna þá, svo stjórnin sé fullskipuð. Varamenn eru skipaðir á sama hátt. Hér er auk þess gerð sú breyting frá gildandi lögum, að ráðherra skipar formann og varaformann í stað þess að stjórnin kjósi þá.

Um 7. gr.

Þýðingarmestu ákvæði þessarar greinar eru í liðunum b og c, um áætlanagerð og útlánaákvarðanir. Reynslan hefur sýnt, að áríðandi er að gera sem fastmótaðastar áætlanir um útlán úr sjóðnum. Framkvæmd slíkra áætlana getur að vísu verið ýmsum vandkvæðum háð á verðbólgutímum en með áætlanagerðinni er ætlað að leggja þær megin línur, sem farið skuli eftir við lánveitingar svo sem hvaða verkefni skuli sitja fyrir um lánveitingar, þegar fjármagnsmöguleikar eru takmarkaðir. Verða slíkar áætlanir að miðast við breytilegar þarfir sjávarútvegsins.

Vegna þeirrar breytingar, sem gert er ráð fyrir á stöðu sjóðsins gagnvart Útvegsbankanum, eru í þessari grein ákvæði þess efnis, að í stað þess að nú er kveðið svo á, að um laun, kjör og réttarstöðu starfsliðs sjóðsins gildi sömu ákvæði og um starfsmenn Útvegsbankans, þá verður það hlutverk sjóðsstjórnarinnar að taka ákvörðun um það, sbr. d-lið. Þá er heimilað að ráða aðstoðarforstjóra, sem eðlilegt er miðað við vaxandi starfsemi sjóðsins.

Um 8. gr.

Grein þessi er nýmæli. Hér er kveðið svo á, að forstjóri hafi á hendi alla daglega starfsemi sjóðsins eftir nánari fyrirmælum í reglugerð og skv. ákvörðun sjóðsstjórnar. Enn fremur verður það hlutverk forstjóra að ráða starfsmenn sjóðsins. Þá þykir eðlilegt að sjóðsstjórnin geti veitt forstjóra tilteknar heimildir til þess að ákveða lánveitingar án þess að hver einstök lánveiting sé samþykkt af stjórninni, t. d. þar sem mjög fastmótaðar reglur gilda um lánveitingar. Ákvæði um slíkt yrðu sett í reglugerð.

Um 9. gr.

Grein þessi er tekin óbreytt úr gildandi lögum.

Um 10. gr.

Breyting á þessari grein leiðir einnig af breyttri stöðu sjóðsins gagnvart Útvegsbankanum. Þar sem nú er gert ráð fyrir að Útvegsbankinn og forstjóri sjóðsins gangi frá reikningum sjóðsins, þá verður það nú forstjórinn, er sér um að ganga frá reikningunum en þannig hefur þetta í raun verið í framkvæmd. Þá er skipun endurskoðenda miðuð við kjörtímabil stjórnar, tvö ár.

Um 11. gr.

Vegna þess, sem áður segir um lánveitingar út á eldri skip, er við 11. gr. núgildandi laga bætt ákvæði um nánari reglur um slík lán. Hér er kveðið svo á, að lán til eldri fiskiskipa megi ekki nema meiru en ¼ hluta kaupverðs eða matsverðs, þess er lægra reynist, og skulu þá meðtaldar eftirstöðvar af lánum sjóðsins, er fyrir kunna að vera. Er ákvæði þetta í samræmi við það, sem var í frumvarpi, er lá fyrir síðasta alþingi, er vísað var til ríkisstjórnarinnar með tilvísun til þess að lög sjóðsins væru í endurskoðun, og ákvæði um þetta efni yrði væntanlega í þeim breytingum, sem lagðar yrðu fyrir næsta, þ. e. a. s. þetta þing. Nánari ákvæði um lán þessi, svo sem lánstími og önnur kjör, verða ákveðin á sama hátt og önnur lánakjör sjóðsins, með ákvörðun sjóðsstjórnar að höfðu samráði við sjávarútvegsráðherra og stjórn Seðlabankans, sbr. 13. og 15. gr. laga sjóðsins.

Um 12., 13. og 14. gr.

Þessar greinar eru teknar óbreyttar úr núgildandi lögum.

Um 15. gr.

Á þessari grein er gerð sú breyting, frá því sem er í 15. gr. núgildandi laga, að í stað þess að ákveða í lögunum hæð lántökugjalds ¼% er það sett á vald sjóðstjórnar að ákveða það eins og önnur lánakjör, með þeim takmörkunum, sem gilda um aðrar ákvarðanir um lánakjör. Lántökugjaldið er hluti af lánakjörum og því eðlilegt, að því sé hægt að breyta á sama hátt og öðrum lánakjörum eftir því, sem aðstæður krefjast. Eins og áður hefur verið bent á, þarf Fiskveiðasjóður á sífellt vaxandi lánsfé að halda til þess að fullnægja eftirspurn eftir lánum og verður þá að greiða lántökugjald af þeim lánum eins og almennt tíðkast. Eðlilegt er, að lántakendur Fiskveiðasjóðs greiði að sínum hluta þann kostnað, enda mun upphæð lántökugjaldsins upphaflega hafa verið við það miðuð. Er því nauðsynlegt að hafa möguleika til sveigjanleika í þessu eins og um önnur lánakjör.

Um 16.—24. gr.

Greinar þessar eru teknar óbreyttar úr gildandi lögum.

Um 25. og 26. gr.

Greinar þessar þurfa ekki skýringa við.

Sþ. 548. Tillaga til þingsályktunar [255. mál]

um skipun nefndar til að kanna eðli og útbreiðslu atvinnusjúkdóma.

Flm.: Svava Jakobsdóttir, Eðvarð Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sérfróðra manna til að gera ítarlega könnun á eðli og útbreiðslu atvinnusjúkdóma hérlendis, svo sem vegna vinnuálags, of langs vinnudags, hraða eða sjálfvirkni vinnunar, umgengni við hættuleg efni, mengað andrúmsloft, hávaða, kulda, eða vegna annars, sem snertir aðbúnað starfsfólks á vinnustað.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, mun það vera eitt af sérkennum íslensks atvinnulífs, hve vinnutími er allajafna langur hjá þorra verkafólks. Lengstur er hann þó hjá þeim er framleiðslustörf stunda, til sjávar og sveita. Ástæður þessa eru margar og eiga eflaust rætur að rekja til fámennis í harðbýlu landi. En þó verður ekki fram hjá því litið, að kjör verkafólks eru yfirleitt það naumt skömmtuð, að dagvinnutekjur einar nægja engan veginn til framfæris.

Verkafólk neyðist því til að leggja á sig óhóflega langan vinnudag og er 10—12 klukkustunda vinnudagur algengur, jafnvel 6 daga vikunnar. Ekki er vitað til þess, að gerð hafi verið könnun á raunverulegum vinnutíma verkafólks hér á landi, en slík könnun kynni að breyta ýmsum hefðbundnum skoðunum um raunveruleg lífskjör verkafólks, því að óneitanlega er það einn hluti af nauðsynlegum lífskjörum að hafa tíma og efni á tómstundum, þátttöku í félagslífi o. þ. h.

Tillaga sú, sem hér er á ferðinni, er hins vegar um það að kannað verði af sérfróðum mönnum, hverjar séu afleiðingar svo mikillar vinnu og þess aðbúnaðar, sem hérlendur atvinnurekstur býður verkafólki. Ástæða er til að ætla, að vinnuálag sé t. d. yfirleitt mikið í ýmsum greinum framleiðslunnar, svo sem í fiskvinnu, þar sem oft er skortur á vinnuafli, og ástæða er til að ætla að almennt standi íslenskir atvinnuvegir langt að baki erlendum hvað snertir aðbúnað á vinnustöðum. Atvinnusjúkdómar geta auðvitað verið mismunandi og margvíslegir. Nokkrar rannsóknir um atvinnusjúkdóma hafa verið gerðar, flestar bundnar ákveðnum vinnustöðum. En til þess að heildar vitneskja fáist um eðli og útbreiðslu atvinnusjúkdóma hlýtur einnig að þurfa að skyggna vinnumál af sjónarhóli félagslæknisfræði.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja könnun sem þessa nauðsynlega og sjálfsagt mál að fylgjast stöðugt með vinnumálum að þessu leyti.

Nd. 549. Nefndarálit [211. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 80/1971, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, lögum nr. 75/1966, sbr. lög nr. 55/1973 og lög nr. 99/1975, um Fiskveiðasjóð Íslands, lögum nr. 108/1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, og lögum nr. 89/1947, um Fiskimálasjóð.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað málið og mælir með samþykkt þess óbreytts.

Alþingi, 28. apríl 1976.

Pétur Sigurðsson, form., frsm. — Sverrir Hermannsson, fundaskr. — Garðar Sigurðsson.

Jón Skaftason. — Guðl. Gíslason. — Tómas Árnason.

Sighvatur Björgvinsson.

Nd. 550. Nefndarálit [213. mál]

um frv. til l. um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað málið og mælir með samþykkt þess óbreytts.

Alþingi, 28. apríl 1976.

Pétur Sigurðsson, form., frsm.
Sverrir Hermannsson, fundaskr.
Garðar Sigurðsson.
Jón Skaftason.
Guðl. Gíslason.
Tómas Árnason.
Sighvatur Björgvinsson.

Ed. 551. Nefndarálit [209. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sbr. lög nr. 72 1. júní 1972 og lög nr. 58 30. apríl 1973 um breyting á þeim lögum.

Frá félagsmálanefnd.

Félagsmálanefnd hefur fjallað um frv. þetta og meðal annars sent það til umsagnar húsnæðismálastjórnar.

Nefndin mælir með að frv. verði samþykkt með breytingu, sem tillaga er gerð um á sérstöku þingskjali.

Nefndin hefur og rætt breytingartillögu frá Oddi Ólafssyni á þskj. 479 og mælir með samþykkt hennar.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Steingrímur Hermannsson og Eggert G. Þorsteinsson.

Alþingi, 28. apríl 1976.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm.
Steinþór Gestsson, fundaskr.
Jón Helgason.
Axel Jónsson.
Helgi F. Seljan.

Ed. 552. Breytingartillaga [209. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sbr. lög nr. 72 1. júní 1972 og lög nr. 58 30. apríl 1973 um breyting á þeim lögum.

Frá félagsmálanefnd.

Ný grein komi er verði 3. gr. á þessa leið:

2. mgr. B-liðar 8. gr. breytist svo:

Í stað orðanna „Á næstu 5 árum er heimilt að veita slík lán út á allt að 1000 íbúðir“ komi: Á næstu 5 árum skal veita slík lán út á eigi færri en 150 íbúðir hvert ár eða samtals 750 íbúðir, enda sé eftirspurn eftir lánum þessum af hálfu sveitarfélaga.

Nd. 553. Nefndarálit [230. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 57/1973, um atvinnuleysistryggingar.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin ræddi frumvarpið á fundi sínum í dag og leggur einróma til að það verði samþykkt.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Jóhann Hafstein, Vilborg Harðardóttir og Ragnhildur Helgadóttir.

Alþingi, 28. apríl 1976.

Jón Skaftason, form., frsm. Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr. Karvel Pálmason.
Guðmundur H. Garðarsson.

Nd. 554. Nefndarálit [231. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 16. apríl 1971, um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Hún er samþykk efni þess og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Jóhann Hafstein, Vilborg Harðardóttir og Ragnhildur Helgadóttir.

Alþingi, 28. apríl 1976.

Jón Skaftason, form., frsm. Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr. Karvel Pálmason.
Guðmundur H. Garðarsson.

Nd. 555. Breytingartillögur [127. mál]

við frv til l. um breyt. á lögum nr. 101 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

1. 1. gr. orðist svo:
   1. gr. laganna breytist þannig:
   a) Í stað orðanna „5 mönnum kosnum af Stéttarsambandi bænda" í 1. málsgr. komi: 7 mönnum kosnum af Stéttarsambandi bænda.
   b) Á eftir orðunum „Samband eggjaframleiðenda" í 2. málsgr. bætist: eða Hagsmunafélag hrossabænda.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna „sbr. 18. gr. þessara laga" komi: sbr. 14. gr. þessara laga.
3. Á eftir 2. gr. bætist við ný grein, sem verði 3. gr., svo hljóðandi:
   Við 1. málsgr. 21. gr. laganna bætist:
   að fengnum tillögum Hagsmunafélags hrossabænda.

4. 3. gr. (sem verður 4. gr.) orðist svo:
   1. málsl. 1. málsgr. 23. gr. laganna orðist svo:
   Framleiðendur sölumjólkur á hverju mjólkursölusvæði velja sér stjórn, er hefur á hendi stjórn mjólkurmálanna á því sölusvæði, þ. á m. heildsöludreifingu mjólkur, rjóma, skyrs og annarra skyldra mjólkurvara.
5. 2. málsgr. 4. gr. (sem verður 5. gr.) orðist svo:
   Sexmanna nefnd ákveður hverju sinni verð á mjólk og rjóma í heildsölu og smásölu, sbr. 2. málsgr. 6. gr. Í því sambandi skal hún einnig ákveða losunargjald, sem heildsöluaðila er heimilt að taka í hvert skipti sem mjólk, rjómi eða aðrar skyldar mjólkurvörur eru afgreiddar við dyr smásöluverslunar eða aðra útsölustaði. Getur nefndin ákveðið gjald þetta jafnhátt að krónutölu, hvort sem afgreitt er mikið eða lítið magn vöru hverju sinni, sé um sölu í þéttbýli að ræða. Heildsöluaðila (samsölu eða mjólkurbúi) er heimilt að selja mjólk og mjólkurvörur á hinu skráða smásöluverði til aðila, sem ekki reka smásöluverslun. Skal þá ekki taka losunargjald.
6. 5. gr. (sem verður 6. gr.) orðist þannig:
   26. gr. laganna orðist svo:
   Þar sem eitt mjólkurbú er starfandi á mjólkursölusvæði, skal stjórn þess annast alla heildsölu á mjólk, rjóma, skyri, súrmjólk, jógurt og öðrum skyldum mjólkurafurðum, sbr. 1. málsgr. 25. gr.
7. Fyrri málsgr. 6. gr. (sem verður 7. gr.) orðist svo:
   Nú er starfandi mjólkurbú eða samsala, sem Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur viðurkennt, og er þá öðrum óheimilt að selja mjólk, rjóma, skyr, súrmjólk og aðrar skyldar mjólkurafurðir í heildsölu á því sölusvæði.
8. 7. gr. (sem verður 8. gr.) orðist svo:
   28. gr. laganna orðist þannig:
   Skylt er mjólkurbúum, sem fengið hafa einkaleyfi til heildsölu á mjólk, sbr. ákvæði 25. gr., að sjá um að ætíð sé nóg neyslumjólk til á sölusvæði þeirra, sé þess nokkur kostur. Öll mjólk og allur rjómi, sem seldur er frá sölumiðstöð mjólkurbúa samkvæmt lögum þessum, skal vera gerilsneyddur.
   Verslanir, sem leyfi hljóta til sölu á mjólk, rjóma og skyri, skulu einatt hafa á boðstólum allar vörutegundir, sem mjólkursamsala og mjólkursamlögin hafa til sölu á hverjum tíma.
   Nú telja héraðsdýralæknir, mjólkureftirlitsmaður eða héraðslæknir, að mjólk frá einhverjum framleiðanda sé ekki söluhæf, og geta þeir þá, hver um sig eða allir saman, stöðvað mjólkursölu frá viðkomandi framleiðanda.
   Um framkvæmd þess sölubanns skal setja ákvæði í reglugerð.
   Nú telur heilbrigðisnefnd eða héraðslæknir meðferð sölumjólkur áfátt hjá einhverju mjólkurbúi eða mjólkursöluaðila (verslun), og getur heilbrigðisnefndin þá stöðvað sölu mjólkur frá þeim aðila og krafist úrbóta á því sem áfátt er, áður en sala hefur verið leyfð að nýju. Um slíkar aðgerðir ber nefndinni að hafa samráð við Heilbrigðiseftirlit ríkisins.
9. Við 8. gr. (sem verður 9. gr.) Í stað orðanna „Það fé" í 2. málsgr. komi: Því fé.
10. Við 9. gr. (sem verður 10. gr.)
   a) Upphaf 1. málsgr. orðist svo:
      Verðmiðlun á búvörum skal haga þannig, að sama verð fáist fyrir sams konar vörur komnar á vinnslustað miðað við meðalvinnslukostnað og nýtingu. Verðjöfnunargjald skal teljast til dreifingarkostnaðar. Skal því hagað þannig:
   b) b-liður orðist svo:
      Mjólk og mjólkurvörur: Greiða skal sérstakt gjald af allri innveginni mjólk í mjólkursamlög og skal verja því til þess að koma á hentugri vinnuskiptingu milli þeirra svo og til verðmiðlunar milli mjólkursölusvæða. Í því sambandi er heimilt að taka tillit til mismunandi fjármagnskostnaðar mjólkurbúanna. Þá er og heimilt að verja fé til jöfnunar á flutningskostnaði mjólkur að samlagi, ef þörf krefur að mati Framleiðsluráðs.

e-liður orðist svo:

Heimilt er að taka verðjöfnunargjald af öllum búvörum til að jafna halla af útflutningi, ef verðábyrgð skv. 12. gr. nægir ekki. Gjald þetta hefur ekki áhrif á dreifingarkostnað eða útsöluverð, sbr. 1. málsgr. 12. gr.

11. **10. gr. (sem verður 11. gr.)** orðist svo:

Sláturleyfishafar og stjórnir mjólkursamlaga eða mjólkursölusvæða og aðrir, sem versla með gjaldskyldar vörur skv. 40. gr., skulu standa Framleiðsluráði skil á verðjöfnunargjaldi skv. fyrirmælum þess. Selji framleiðandi búvörur sínar beint til neytenda ber honum að standa skil á verðjöfnunargjaldi til Framleiðsluráðs.

Gjald þetta er heimilt að taka lögtaki.

Framleiðsluráð annast um framkvæmd verðjöfnunar og aflar sér þeirra gagna, sem þörf er á í því skyni. Skylt er einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum, er starfa fyrir landbúnaðinn, að veita Framleiðsluráði upplýsingar, er að þessu lúta og þær geta látið í té.

12. Við bráðabirgðaákvæði. 1. málsl. orðist svo:

Breytingar þær, sem felast í 3.—8. gr. frá eldri ákvæðum, skulu koma til framkvæmda eigi síðar en 1. febrúar 1977.

Ed. 556. Nefndarálit [161. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 26 16. nóv. 1907, um skipan sóknarnefnda og héraðsnefnda.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið umsagnir frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og biskupi Íslands.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum, sem hún flytur tillögur um á sérstöku þingskjali.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Steingrímur Hermannsson og Ingi Tryggvason.

Alþingi, 28. apríl 1976.

Axel Jónsson, form., frsm. Steinþór Gestsson, fundaskr. Bragi Sigurjónsson.
Þorv. Garðar Kristjánsson. Ragnar Arnalds.

Ed. 557. Breytingartillögur [161. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 26 16. nóv. 1907, um skipan sóknarnefnda og héraðsnefnda.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

4. gr. laganna orðist svo:

Sóknarnefndarmenn eru 3 í sóknum, sem færri hafa sóknarmenn en 500, ella 5, uns tala sóknarmanna er 1000. Kjósa má tvo menn til viðbótar í sóknarnefnd fyrir hver full tvö þúsund sóknarmanna, sem við bætast. Þó skulu aldrei fleiri í sóknarnefnd en ellefu alls. Kjósa skal jafnmarga varamenn, sem taka sæti í forföllum aðalmanna.

2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

6. gr. laganna orðist svo:

Kosningin gildir til fjögurra ára. Á fyrsta aðalsafnaðarfundi eftir að lög þessi öðlast gildi skal kjósa sóknarnefndir eftir þeim í öllum sóknum. Að

tveimur árum liðnum skal minni hluti kjörinna nefndarmanna, svo og varamanna, ganga úr nefndinni og skal dregið um hverjir ganga úr nefndinni, en hinn hlutinn að fjórum árum liðnum. Samkvæmt þessu fara síðan ávallt hinar tvær deildir nefndarmanna frá annað hvert ár á víxl.

Kosningar skulu vera óhlutbundnar.

Sþ. 558. Nefndarálit [55. mál]

um till. til þál. um kjördæmaskipan.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu tillögunnar og getur undirritaður ekki mælt með samþykkt hennar.

Í tillögunni er lagt til að fela stjórnarskrárnefnd þeirri, sem nú er að störfum, að leggja fram tillögur um breytingar á kjördæmaskipan eða kosningalögum, sem miði að því að jafna atkvæðisrétt kjósenda frá því sem nú er, án þess þó að þar sé tekið fram, hvað langt eigi að ganga í þá átt.

Í niðurlagi greinargerðarinnar er hins vegar sagt, að það sé álit flutningsmanna tillögunnar, að stjórnarskrárnefndin skuli móta tillögur sínar um kjördæmamálið með það meginatriði í huga, að atkvæðisrétturinn verði sem jafnastur, og með samþykkt þessarar tillögu lýsi Alþingi yfir vilja sínum og stuðningi við þá meginstefnu.

Enda þótt gera þurfi breytingar á núverandi skipan þessara mála, m. a. vegna fólksflutninga síðustu árin, þá réttlætir það ekki, að Alþingi fari nú að samþykkja tillögu, sem túlkuð er sem viljayfirlýsing um algera jöfnun á atkvæðisrétti. Þar væri líka um alveg nýja stefnu að ræða, því að henni hefur aldrei verið fylgt, hvorki við kjördæmabreytinguna 1959, þegar miðað var við allt að þrefaldan atkvæðamismun bak við hvern þingmann, né áður, meðan að mestu var kosið í einmenningskjördæmum. Ég legg því til, að málið verði afgreitt með eftirfarandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem Alþingi hefur kosið stjórnarskrárnefnd til að endurskoða stjórnarskrána og nefndin er enn að störfum, þá telur Alþingi ekki rétt að samþykkja þessa tillögu, enda muni samþykkt hennar ekki stuðla að farsælli lausn þess máls, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 27. apríl 1976.

Jón Helgason.

Ed. 559. Frumvarp til laga [210. mál]

um orlof.

(Eftir 2. umr. í Ed. 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 441 með þessum breytingum:

7. gr. hljóðar svo:

Geti starfsmaður ekki vegna veikinda farið í orlof á þeim tíma, sem vinnuveitandi ákveður samkvæmt 5. gr., skal hann sanna forföll sín með vottorði sjúkrasamlagslæknis síns eða héraðslæknis. Getur starfsmaður þá krafist orlofs á öðrum tímum en ákveðið er í 4. gr., en þó ekki síðar en svo, að orlofi hans sé lokið fyrir 31. maí næstan á eftir.

Geti starfsmaður ekki vegna veikinda farið í orlof fyrir þann tíma, á hann rétt á að fá orlofsfé sitt greitt, ef hann sannar veikindi sín á sama hátt og að ofan greinir.

Veikist launþegi hér innanlands í orlofi það alvarlega, að hann geti ekki notið orlofsins, skal hann á fyrsta degi, t. d. með símskeyti, tilkynna vinnuveitanda um veikindin og hjá hvaða lækni hann hyggst fá læknisvottorð. Fullnægi hann tilkynningunni og standi veikindin samfellt lengur en þrjá sólarhringa, á launþegi rétt á uppótarorlofi jafnlangan tíma og veikindin sannanlega vöruðu. Undir framangreindum kringumstæðum skal launþegi ávallt færa sönnur á veikindi sín með læknisvottorði. Vinnuveitandi á rétt á að láta lækni vitja launþega, er veikst hefir í orlofi. Uppbótarorlof skal, eftir því sem kostur er, veitt á þeim tíma, sem launþegi óskar. Orlofi skal þó alltaf lokið fyrir upphaf næsta orlofstímabils.

18. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 16 26. febr. 1943 og lög nr. 87 24. des. 1971 með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:
Lög þessi gilda um orlofsárið 1976—1977.

Nd. 560. Lög [163. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum.

(Afgreidd frá Nd. 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 344.

Nd. 561. Nefndarálit [52. mál]

um frv. til l. um breyt. á búfjárræktarlögum, nr. 31 24. apríl 1973.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Aftan við 18. gr. laganna bætist eftirfarandi málsgreinar:
Búnaðarfélagi Íslands ber að sjá um að hreinrækta íslenska forustuféð. Semja ber við einstaklinga, sauðfjárræktarfélög eða ríkisbú að annast þetta verkefni undir umsjón og eftirliti félagsins.
Framlag til þessarar stofnræktar skal vera tvöfalt miðað við aðra stofnrækt sauðfjár.
Aðeins einn aðili getur notið framlags í hverjum landsfjórðungi auk Vestfjarða eða mest 5 á landinu öllu.
Framlag á stofnrækt forustufjár miðist minnst við 8 ær, skýrslufærðar, og mest 15 hjá hverjum stofnræktaraðila.

Alþingi, 28. apríl 1976.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr.	Pálmi Jónsson.
Eðvarð Sigurðsson.	Friðjón Þórðarson.	Ingólfur Jónsson.

Nd. 562. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 101 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á mörgum fundum og sent það til umsagnar ýmissa aðila. Umsagnir bárust frá nokkrum þeirra og voru flestar jákvæðar, þótt þar kæmu fram allmargar ábendingar um breytingar.

Einnig kvaddi nefndin á sinn fund Svein Tryggvason framkvæmdastjóra Framleiðsluráðs landbúnaðarins, Stefán Björnsson forstjóra Mjólkursamsölunnar í Reykjavík, Skúla Johnsen borgarlækni, Baldur Johnsen frá Heilbrigðiseftirliti ríkisins og fulltrúa frá Kaupmannasamtökum Íslands, og gáfu þeir nefndinni ýmsar mikilvægar upplýsingar.

Nefndin varð eigi sammála um afgreiðslu málsins. Leggur undirritaður meiri hl. nefndarinnar til, að frv. verði samþykkt með allmörgum breytingum, sem fluttar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 28. apríl 1976.

Stefán Valgeirsson, form., frsm. Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr. Pálmi Jónsson.

Friðjón Þórðarson. Ingólfur Jónsson.

Ed. 563. Breytingartillögur [210. mál]

við frv. til laga um orlof.

Frá Albert Guðmundssyni.

1. Við 1. gr. 3. málsgr. orðist svo:
   Orlofsnefnd hefur umsjón með framkvæmd orlofslaganna og afgreiðir kvartanir frá launþegum og vinnuveitendum, sem telja sig misrétti beitta samkvæmt lögum þessum.
2. Við 5. gr. 3. málsgr. orðist svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 1. málsgr. 4. gr. laga þessara er skólafólki heimilt að taka allt orlof sitt utan orlofstímabilsins.
3. Við 8. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Atvinnurekandi skal greiða í orlofsfé til lausráðinna starfsmanna 8⅓% af launum, þegar laun eru greidd.
4. Við 12. gr. Greinin falli niður.
5. Við 13. gr. Greinin falli niður.
6. Við 14. gr. Greinin falli niður.
7. Við 16. gr. 3. liður 1. málsgr. falli niður.

Ed. **564. Frumvarp til laga** [256. mál]

um breyting á lögum nr. 101/1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Flm.: Albert Guðmundsson.

1. gr.

32. gr. laganna orðist svo:

Framleiðsluráð landbúnaðarins getur annast sölumál fyrir matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu. Í því starfi skal það stuðla að því, að fullnægt verði sanngjörnum óskum framleiðenda og neytenda.

2. gr.

34. gr. laganna orðist svo:

Varðandi innflutning og sölu matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu gilda ákvæði laga nr. 17/1927, um varnir gegn sýkingu nytjajurta, eins og við á.

3. gr.

36. gr. laganna orðist svo:

Grænmetisverslun landbúnaðarins vinnur að því, að komið verði upp þar sem hentugt þykir vönduðum og hæfilega stórum geymslum fyrir garðávexti og grænmeti á helstu framleiðslu- og sölustöðum með hliðsjón af samgöngum og öðrum aðstæðum.

4. gr.

37. gr. laganna orðist svo:

Til þess að tryggja árvissa sölu garðávaxta skal Grænmetisverslun landbúnaðarins leitast við að hafa tiltæk úrræði til að taka á móti og koma í verð þeim hluta garðávaxtaframleiðslu, sem ekki selst til manneldis hverju sinni.

5. gr.

Fyrsti málsliður 38. gr. laganna falli niður.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977.

Greinargerð.

Með þessu frumvarpi er lagt til, að einokunarákvæði um sölu á matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu verði numin úr lögum. Ekki er gerð önnur breyting á starfsemi Grænmetisverslunar landbúnaðarins. Lagt er til, að lögin taki ekki gildi fyrr en 1. janúar 1977, þannig að Grænmetisverslun landbúnaðarins, núverandi framleiðendur og hugsanlegir nýir heildsöludreifendur fái nokkurn aðlögunartíma, þar til lögin taka gildi.

Ed. **565. Frumvarp til jarðalaga.** [257. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

I. KAFLI

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja, að nýting lands utan skipulagðra þéttbýlissvæða sé eðlileg og hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og að eignarráð á landi og búseta á jörðum sé í samræmi við hagsmuni sveitarfélaga og þeirra, sem landbúnað stunda.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála, sem lög þessi taka til.

3. gr.

Lög þessi taka til jarða, jarðarhluta, afréttarlanda, öræfa, lóða og landspildna, svo og til ítaka, skóga, vatnsréttinda, veiðiréttinda og hvers konar annarra hlunninda, hvort sem þau eru skilin frá jörð eða ekki. Þéttbýlissvæði, sem skipulögð eru fyrir fasta búsetu manna, sem ekki stunda landbúnað, eru undanskilin ákvæðum laga þessara.

Rísi ágreiningur um, hvað teljast skuli landbúnaður skv. lögum þessum eða um starfssvið jarðanefnda að öðru leyti, sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi.

II. KAFLI

Um jarðanefndir.

4. gr.

Í hverri sýslu skal starfa jarðanefnd skipuð þrem mönnum og jafnmörgum til vara, sem kosnir skulu hlutfallskosningu, ef óskað er. Búnaðarsamband viðkomandi sýslu tilnefnir 2 menn í jarðanefnd og sýslunefnd 1 mann. Skulu þeir, sem tilnefndir eru, kunna góð skil á byggð og búháttum í sýslunni. Ráðherra skipar formann nefndarinnar úr hópi tilnefndra manna.

Allir jarðanefndarmenn skulu vera búsettir á starfssvæði nefndarinnar.

Jarðanefnd skal skipuð til fjögurra ára í senn.

5. gr.

Jarðanefndir skulu, hver á sínu svæði, vera sveitarstjórnum til aðstoðar við framkvæmd laga þessara, sbr. 1. gr., með því að:

1. Fylgjast með eigendaskiptum og öðrum ráðstöfunum fasteigna skv. nánari fyrirmælum laga þessara.
2. Gera tillögur um úthlutun landssvæða til félagsræktunar, byggingar sumarbústaða og almennra útilífsnota, þar sem þörf er talin fyrir land í því skyni.
3. Fylgjast með því, að sveitarstjórn gæti ákvæða gildandi laga um mannvirkjagerð í sveitum, töku hvers konar jarðefna og stuðla að góðri umgengni lands og mannvirkja.
4. Gæta þess, ásamt sveitarstjórnum, að búseta á jörðum sé í samræmi við ákvæði ábúðarlaga.
5. Vera landnámsstjórn til aðstoðar við framkvæmd landnámslaga, hver á sínu svæði.

6. gr.

Nú eru fyrirhuguð aðilaskipti að réttindum yfir fasteign eða stofnun slíkra réttinda, svo sem fyrir kaup, gjöf, skipti, nauðungarsölu á uppboði, þar með tal-

inni útlagningu til veðhafa, bússkipti, félags- og sameignarslit, fyrirframgreiðslu arfs, lán eða leigu, og er þá jafnan skylt að tilkynna það sveitarstjórn og jarðanefnd og afla samþykkis þeirra til ráðstöfunarinnar. Sama gildir um eigendaskipti að hlutum í félögum, sem eiga fasteignir, sem lög þessi taka til.

Nú telja sveitarstjórn og jarðanefnd, að ráðstöfun fasteignar sé andstæð hagsmunum sveitarfélagsins, og er þá rétt að synja um áformaða ráðstöfun eignarinnar.

Nú verða sveitarstjórn og jarðanefnd ekki sammála um meðferð máls og getur þá hvor um sig skotið ágreiningsefninu til ráðherra, sem fellir úrskurð, að fenginni umsögn Búnaðarfélags Íslands og Landnáms ríkisins.

Samþykkis þarf ekki að afla:

1. Ef eigandi ráðstafar fasteignaréttindum til einhvers þeirra, sem upp eru taldir í 1. tölulið 26. gr. laga þessara.
2. Þegar ríkissjóður kaupir fasteignir eða selur.
3. Þegar banki eða önnur opinber lánastofnun, sem á veð í fasteign, lögveðshafar eða lögtakshafar vegna opinberra gjalda kaupa eða fá útlagða eign á nauðungaruppboði.
4. Þegar veiðifélög ráðstafa veiðiréttindum.
5. Þegar leigðar eru slægjur, námur eða vatnsréttindi.

Ákvæði greinar þessarar taka ekki til aðilaskipta að eignarréttindum fyrir lögerfðir eða ráðstöfun slíkra réttinda til annars hjóna við bússkipti vegna skilnaðar, en tilkynna skal þó sveitarstjórn og jarðanefnd um breytingar á eignaraðild, sem verða með þessum hætti.

7. gr.

Þegar samþykkis sveitarstjórnar og jarðanefndar til ráðstöfunar á fasteign er leitað, ber þeim að afgreiða erindið innan 30 daga frá því að það barst. Hafi svar þá ekki borist, er hin áformaða ráðstöfun heimil næstu 6 mánuði.

8. gr.

Nú neita sveitarstjórn og/eða jarðanefnd að samþykkja áformaða sölu fasteignar, sbr. 6. gr., og ráðherra staðfestir þá ákvörðun, og getur þá eigandi eða umráðamaður eignarinnar gert kröfu til þess, að sveitarsjóður eða ríkissjóður kaupi eign þá, sem hann vildi láta af hendi. Náist ekki samkomulag um verð, skal kaupverð eignarinnar ákveðið samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms, nr. 11/1973.

9. gr.

Óheimilt er að þinglýsa skjölum varðandi ráðstöfun fasteignar, sem lög þessi taka til, nema fyrir liggi samþykki viðkomandi sveitarstjórnar og jarðanefndar, sbr. þó 6. og 7. gr.

10. gr.

Í sveitarfélögum, sem ekki eru skipulagsskyld, er óheimilt að byggja sumarbústaði án samþykkis sveitarstjórnar og jarðanefndar.

Ef um sumarbústaðahverfi er að ræða, skulu þau skipulögð.

Það telst sumarbústaður, ef bygging er reist til þess að búa í að sumri til og einungis endrum og eins á öðrum tímum árs.

Ávallt skal við byggingu sumarbústaða fullnægt kröfum heilbrigðisyfirvalda um frágang rotþróa, olíutanka og annað, sem mengunarhætta getur stafað frá.

11. gr.

Þar sem jarðanefndir gera tillögur um land til útilífs fyrir almenning, skal eftir því sem aðstæður leyfa nota land í opinberri eigu.

Tillögur jarðanefndar skulu lagðar fyrir viðkomandi sýslunefnd og ber henni að afla samþykkis hlutaðeigandi sveitarstjórnar og Landnáms ríkisins, áður en þær koma til framkvæmda.

Nú hljóta tillögur jarðanefndar um land, sem ekki er í opinberri eign, staðfestingu til almennra útivistarafnota, og skal þá jarðanefnd hlutast til um, að sýslunefnd eða sveitarfélög fái umráða- eða eignarrétt á landinu.

12. gr.

Land, sem við gildistöku laga þessara er nýtt til landbúnaðar, má ekki taka til annarra nota, nema heimild sé til slíks í lögum. Að öðrum kosti þarf samþykki ráðherra, enda hafi það áður verið samþykkt af jarðanefnd og Landnámi ríkisins.

Samþykki Landnáms ríkisins, jarðanefnda og sveitarstjórna þarf til að skipta landi jarða og sameiginlegu landi fleiri jarða, til að sameina jarðir og til að leggja lönd eða jarðir til afrétta.

Stofnun nýrra býla er háð samþykki jarðanefnda og staðfestingu Landnáms ríkisins.

13. gr.

Þar sem skipting jarðar hefur átt sér stað, og bú er ekki rekið á úrskiptum jarðarhluta, er ráðherra heimilt að leyfa eiganda og ábúanda jarðar þeirrar, sem skipt var úr, að fengnum meðmælum sveitarstjórnar, jarðanefndar og landnámsstjórnar, að leysa til sín hinn úrskipta jarðarhluta og leggja hann til hinnar upphaflegu jarðar. Á sama hátt er eiganda og ábúanda nýbýlis heimilt að leysa til býlis síns það, sem eftir stendur af landi hinnar upphaflegu jarðar, sé ekki rekinn þar sjálfstæður búskapur.

Séu nýbýlin fleiri en eitt, getur einn eigandi krafist þess lands, sem ónytjað er skv. framansögðu. Skulu þá skipti gjörð af Landnámi ríkisins að fengnum tillögum jarðanefndar. Náist ekki samkomulag um verð, skal um mat og greiðslu bóta fara eftir lögum um eignarnám.

14. gr.

Nú er jörð í sameign, en einn sameigenda rekur bú á jörðinni og hefur þar fasta búsetu, og getur ráðherra þá leyft honum að leysa til sín eignarhluta meðeigenda sinna, enda hafi sveitarstjórn, jarðanefnd og landnámsstjórn mælt með því. Náist ekki samkomulag um verð á hinum innleystu hlutum, skal fara um mat og greiðslu bóta eftir lögum um framkvæmd eignarnáms.

15. gr.

Ef meðferð jarða, lands eða landsnytja er ekki í samræmi við ákvæði laga þessara og ábúðarlaga, og þörf er á landinu til bættrar aðstöðu viðkomandi byggðarlags, getur landbúnaðarráðherra heimilað sveitarstjórn eignarnám á slíkum eignum, enda hafi jarðanefnd og landnámsstjórn mælt með eignarnámi.

16. gr.

Skylt er hreppstjórum, oddvitum, ráðunautum, eigendum og ábúendum jarða, og öðrum, sem til þess hafa aðstöðu, að láta í té upplýsingar um jarðir og ábúð á þeim, eftir því sem þörf kann að verða á samkvæmt lögum þessum.

17. gr.

Ákvörðunum sveitarstjórna eða jarðanefnda er heimilt að skjóta innan eins mánaðar til landbúnaðarráðuneytisins, og skal úrskurður ráðuneytisins kveðinn upp innan fjögurra vikna frá því, er kæra barst.

18. gr.

Nú er fasteign ráðstafað andstætt fyrirmælum laga þessara, og varðar sú ráðstöfun refsingu, sbr. 61. gr. Auk þess getur sveitarstjórn þá, með samþykki jarðanefndar og ráðherra, höfðað mál til ógildingar ráðstöfuninni með kröfu um, að sveitarfélagið fái þau umráð og not fasteignar, er ráðstöfunin laut að og með sömu skilmálum. Þó getur sveitarstjórn krafist mats á endurgjaldi í samræmi við ákvæði 25. gr. Málsókn skal hefjast innan þriggja mánaða frá því að jarðanefnd barst vitneskja um ráðstöfunina, og ber að halda málinu áfram með eðlilegum hraða.

19. gr.

Jarðanefnd skal ákveða aðsetursstað sinn í samráði við viðkomandi sýslunefnd og búnaðarsamband.

Rétt er, þar sem við verður komið, að jarðanefnd og búnaðarsamband hafi samvinnu um skrifstofuhald.

Jarðanefnd er heimilt að kaupa sérfræðilega aðstoð, þegar þörf krefur.

Rita skal fundargerðir á öllum fundum jarðanefndar, og halda ber skýrslu yfir allar ráðstafanir fasteigna, sem nefndin fjallar um.

20. gr.

Kostnaður við störf jarðanefndar greiðist að hálfu af viðkomandi sýslu og búnaðarsambandi og að hálfu af ríkissjóði.

Landbúnaðarráðherra ákveður þóknun til jarðanefndarmanna.

III. KAFLI
Forkaupsréttur.

21. gr.

Eigi að selja fasteignarréttindi, sem lög þessi taka til, sbr. 3. gr., á sveitarstjórn þess sveitarfélags, þar sem eignin er, forkaupsrétt að þeim, nema um ráðstöfun ættaróðals sé að ræða, sbr. og 26. gr. laga þessara.

Nú hefur leiguliði setið jörð í 10 ár eða lengur og á hann þá forkaupsrétt á undan sveitarstjórn, enda taki hann jörðina til ábúðar og fullra nytja.

22. gr.

Ef fasteignarréttindi eru seld á opinberu uppboði eða lögð veðhafa út, getur forkaupsréttarhafi skv. 21. gr. gengið inn í hæsta boð.

Uppboðshaldara er skylt að tilkynna forkaupsréttarhafa uppboðsþing um leið og það er ákveðið. Skal forkaupsréttarhafi tilkynna uppboðshaldara innan 5 sólarhringa frá slitum uppboðs, að hann neyti forkaupsréttar síns.

23. gr.

Forkaupsréttur skv. 21. gr. skal jafnan boðinn skriflega þeirri sveitarstjórn, sem hlut á að máli. Söluverð og aðrir skilmálar skal jafnframt tilgreint á tæmandi hátt. Ef um er að ræða makaskipti á fasteignarréttindum, tilgreini seljandi, hversu hátt hann metur hin framboðnu réttindi til peningaverðs, og hefur þá forkaupsréttarhafi rétt til þess að kaupa þau því verði eða á matsverði skv. 25. gr. Sveitarstjórn skal svara forkaupsréttartilboði skriflega innan fjögurra vikna frá því að henni barst tilboð. Vanræki sveitarstjórn að svara innan þess tíma, hefur hún í það sinn glatað rétti sínum til að kaupa.

Yfirlýsing um afsal forkaupsréttar skal miðuð við ákveðinn kaupanda og fellur úr gildi sex mánuðum frá dagsetningu.

24. gr.

Ef eigandi eða annar rétthafi fasteignar ráðstafar fasteignarréttindum andstætt fyrirmælum laga þessara um forkaupsrétt, getur forkaupsréttarhafi, sem órétti var beittur, krafist þess, að salan verði ógilt, enda sé málssókn til þess hafin innan sex mánaða frá því að hann fékk vitneskju um misfelluna og málinu fram haldið með hæfilegum hraða.

25. gr.

Nú er forkaupsréttarhafa boðið að neyta forkaupsréttar, en tilgreint kaupverð er óeðlilega hátt eða skilmálar ósanngjarnir miðað við almennar viðskiptavenjur, þannig að ætla má að gert sé í því skyni að halda forkaupsréttarhafa frá að neyta réttar síns. Forkaupsréttarhafi getur þá, að fengnu samþykki jarðanefndar, krafist mats dómkvaddra manna á eigninni og gildir það þá sem söluverð.

Ákveði forkaupsréttarhafi að krefjast mats skal það gert innan 15 daga frá því að tilboð barst og matsgerð lokið innan 3ja vikna þar frá.

Forkaupsréttarhafa ber síðan innan einnar viku að ákveða, hvort hann neytir forkaupsréttar skv. matsgerðinni.

Matsmenn ákveða hvernig matskostnaður greiðist.

26. gr.

Ákvæði laga þessara um forkaupsrétt koma ekki til framkvæmda:

1. Þegar jarðeigandi selur eða afhendir jörð maka sínum, barni sínu, barnabarni, kjörbarni, fósturbarni, systkini eða foreldri, enda taki viðtakandi jörðina til ábúðar og fullra nytja.
2. Þegar ríkissjóður ráðstafar fasteignarréttindum.

Falli fasteignarréttindi við erfðir til annarra en þeirra, er greinir í 1. tölulið, á hreppsnefnd rétt á að fá þau keypt því verði, sem þau eru lögð erfingjum til arfs.

IV. KAFLI

Um jarðir í opinberri eigu.

27. gr.

Jarðadeild landbúnaðarráðuneytisins fer með málefni jarða í ríkiseign, nema annað sé ákveðið í lögum.

28. gr.

Ráðherra er heimilt að selja jarðir eða jarðarhluta í ríkiseign þeim sveitarfélögum, sem jarðirnar eru í, enda mæli jarðanefnd með sölu og geri tillögur um söluverð, sem endanlega er ákveðið af ráðherra eða samkvæmt matsgerð dómkvaddra manna.

Ríkisjarðir, sem ekki byggjast samkvæmt ábúðarlögum og ekki eru teknar til sérstakra nota í þágu hins opinbera, er heimilt að leigja lengst til 10 ára í senn. Sé sótt um jörð til fastrar ábúðar, sem er leigð lausri leigu, er heimilt að segja slíkum samningi upp fyrir áramót miðað við næstu fardaga þar eftir. Leigusamninga um lóðir úr ríkislandi er heimilt að gera til allt að 50 ára, enda séu þeir gerðir í samræmi við skipulagsákvæði.

29. gr.

Ábúendur ríkisjarða og jarða í eigu opinberra stofnana og sjóða, — nema ákvæði gjafabréfa og skipulagsskráa mæli gegn því, — sem hafa fengið erfða- eða lífstíðarábúð á jörðum sínum, hafa rétt til að fá ábúðarjarðir sínar keyptar, ef þeir fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. Hafa búið á jörðinni minnst 10 ár.
2. Gefa út við undirskrift kaupsamnings skuldbindingu um að gera jörðina að ættaróðali og leggja fram nauðsynleg skilríki þar að lútandi.
3. Leggja fram yfirlýsingu hlutaðeigandi hreppsnefndar um, að ábúandi hafi setið jörðina vel og að hreppsnefndin mæli með, að hann fái jörðina keypta.
4. Leggja fram meðmæli jarðanefndar viðkomandi sýslu með kaupum.

Ákvæði greinar þessarar taka þó ekki til jarða, sem þörf er á til opinberra nota eða skiptingar í náinni framtíð, heldur ekki til jarða, sem að dómi Búnaðarfélags Íslands og hlutaðeigandi náttúruverndarnefndar eru líklegar til að verða nýttar til annars en búrekstrar, svo sem fólkvangar, sumarbústaðalönd eða til annarra útilífsnota, og ekki til þeirra jarða, sem að dómi Náttúruverndarráðs hafa sérstök náttúrufyrirbæri innan sinna landamarka.

Námaréttindi og réttur til efnistöku skulu undanskilin sölu, sömuleiðis vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþörf, ásamt nauðsynlegri aðstöðu til að hagnýta þau réttindi.

Náist ekki samkomulag um verð milli kaupanda og seljanda, skal mat dómkvaddra manna ráða.

Sé áformuð sala jarðar eða jarðarhluta, sem seldur hefur verið af ríkissjóði skv. grein þessari, á ríkissjóður forkaupsrétt fyrir hlutfallslega sama verð og jörðin var seld á að viðbættum verðmætisauka vegna framkvæmda eftir að ríkissjóður seldi jörðina.

V. KAFLI
Jarðasjóður.

30. gr.

Við jarðadeild landbúnaðarráðuneytisins skal starfrækja sjóð, er nefnist Jarðasjóður ríkisins.

Hlutverk sjóðsins er, skv. nánari ákvörðun laga þessara, að aðstoða sveitarfélög og bændur við eigendaskipti að jörðum og stuðla að því með lánveitingum og framlögum, að búseta á jörðum og nýting lands verði í sem mestu samræmi við hagsmuni viðkomandi sveitarfélags.

Erindi, sem Jarðasjóði berast varðandi kaup og sölu jarða eða lánveitingar skulu send til umsagnar Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda áður en þau eru afgreidd.

31. gr.

Jarðasjóði ríkisins er heimilt að kaupa jarðir, sem svo er ástatt um er hér greinir, enda hafi sveitarstjórn hafnað forkaupsrétti.

1. Jarðir, sem ekki seljast með eðlilegum hætti, en eigandi þeirra verður að hætta búskap vegna aldurs eða vanheilsu.
2. Jarðir, sem hafa óhagstæð búskaparskilyrði.
3. Jarðir, sem ekki njóta framlaga og lána, sem veitt eru til umbóta á lögbýlum, sbr. jarðræktarlög, nr. 79/1972.
4. Jarðir, sem eru afskekktar og liggja illa við samgöngum.
5. Jarðir, sem eigendur hafa ekki tök á að sitja lengur vegna áhvílandi skulda, enda sitji seljendur jarðirnar áfram.
6. Jarðir, sem hreppsnefndir hafa hafnað forkaupsrétti á, en jarðanefnd viðkomandi sýslu mælir með, að Jarðasjóður kaupi.
7. Jarðir, sem hlunnindi eða önnur sérstök verðmæti fylgja eða eru þýðingarmiklar fyrir sveitarfélög til að koma betra skipulagi á byggð.
8. Jarðir, sem heppilegar teljast til almennra útilífsnota.

32. gr.

Nú hefur jörð, sem 2.—4. töluliður 31. gr. tekur til, undanfarin 5 ár verið í leiguábúð bónda, sem vill halda áfram búrekstri, og er þá Jarðasjóði heimilt að veita bónda þessum lán til að kaupa aðra jörð með góð framtíðarbúskaparskilyrði. Jarðasjóði er heimilt að veita sveitarfélögum lán til jarðakaupa, þá er þau neyta forkaupsréttar, skv. III. kafla laga þessara.

33. gr.

Við ákvörðun kaupverðs, samkv. 31. gr., skal af hálfu kaupanda höfð hliðsjón af gangverði hliðstæðra jarða, sé þess kostur, og fjármunum þeim, sem eigandi hefur lagt í jörðina. Náist ekki samkomulag um kaupverð, er hvorum aðila um sig heimilt að óska mats á jörðinni, samkvæmt ákvæðum 36. greinar.

Jarðasjóði skal ætlað það fjármagn á fjárlögum, að hann geti sinnt hlutverki sínu skv. lögum þessum, að lágmarki kr. 12 000 000.00 ár hvert, auk þess skal greiða andvirði seldra ríkisjarða í Jarðasjóð.

34. gr.

Jarðir, sem ríkið eignast, samkvæmt 31. gr. laga þessara, má selja sveitarfélögum eða upprekstrarfélögum, sem jörðin heyrir til, enn fremur einstaklingum til varanlegrar ábúðar, ef það, að dómi jarðanefndar, verður til að styðja aðra byggð í viðkomandi sveitarfélagi. Setja skal í sölusamninga ákvæði um meðferð jarðarinnar.

Heimilt er og, að fengnum meðmælum jarðanefndar, að selja jarðir þessar öðrum jarðeigendum í sama sveitarfélagi, til þess að bæta búrekstraraðstöðu þeirra.

Ábúendur jarða, sem selt hafa jarðir sínar skv. 5. tölulið 31. gr., eiga rétt á að kaupa þær aftur, ef þeir óska þess.

Náist ekki samkomulag um verð milli Jarðasjóðs og kaupanda, er hvorum aðila um sig heimilt að óska mats nefndar þeirrar, er starfar samkvæmt 36. gr.

35. gr.

Jarðanefnd og Búnaðarfélagi Íslands er skylt, áður en kaup fara fram, að rannsaka búrekstrarskilyrði þeirra jarða, sem ríkinu eru boðnar til kaups, skv. 1.—7. tölulið 31. greinar, og gera álitsgjörð um það, hvort réttmætt sé og æskilegt, samkvæmt ákvæðum þessara laga, að ríkið kaupi.

36. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar þrjá menn í nefnd til fjögurra ára í senn til að meta kaupverð jarða, sem Jarðasjóður áformar að kaupa og mats er óskað á. Einn nefndarmanna skal skipaður án tilnefningar, annar samkvæmt tilnefningu Stéttarsambands bænda, en þriðji nefndarmaðurinn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar, og er hann formaður nefndarinnar.

Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Landbúnaðarráðherra ákveður þóknun nefndarmanna, er greiðist úr Jarðasjóði með öðrum kostnaði.

37. gr.

Jarðasjóður ríkisins er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum af ónytjuðum jörðum sjóðsins, öðrum en fasteignaskatti og fjallskilum. Öll skjöl, sem gefin eru út af sjóðnum og í hans nafni, skulu undanþegin stimpilgjaldi og þinglýsingargjöldum.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett Jarðasjóði og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal landbúnaðarráðuneytinu gert aðvart svo tímanlega, að unnt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

VI. KAFLI
Um óðalsjarðir.

38. gr.

Sérhverjum jarðeiganda er heimilt að gera jörð sína að ættaróðali, ef þessi skilyrði eru fyrir hendi:

a. Að jörðin sé svo stór eða svo gæðarík, að afraksturinn af búi, er jörðin getur borið, með hlunnindum, er henni fylgja, geti framfært að minnsta kosti meðalfjölskyldu, að dómi Búnaðarfélags Íslands og viðkomandi jarðanefndar.
b. Að fyrir liggi samþykki barna jarðeiganda, 16 ára og eldri, um að jörðin sé gerð að ættaróðali.
c. Að á jörðinni hvíli ekki aðrar veðskuldir en þær, sem kunna að hafa verið teknar í Stofnlánadeild Búnaðarbanka Íslands, Orkusjóði eða Lífeyrissjóði bænda vegna þeirra framkvæmda á jörðinni, sem þessar stofnanir lána til, eða lánastofnanir, sem koma kunna í þeirra stað.

39. gr.

Þegar jörð er gerð að ættaróðali, skal skylt að láta fylgja henni hlunnindi og annað það, er jörðinni hefur fylgt og jarðeigandi á, enn fremur afurðir, sem framleiddar eru á jörðinni og eru nauðsynlegar við búreksturinn, svo sem áburð, hey o. fl. Jarðeigandi skal auk þess láta fylgja jörðinni skjöl, er varða jörðina frá fyrri tíð og eru í hans vörslu, einnig myndir og muni, er hafa minningargildi fyrir þá bændur eða bændaætt, er situr eða setið hefur jörðina.

40. gr.

Nú óskar jarðeigandi að gera jörð sína að ættaróðali, og skal hann þá afhenda sýslumanni yfirlýsingu þar að lútandi ásamt lýsingu af jörð og jarðarhúsum og skilríki fyrir því, að fullnægt sé ákvæðum 38. gr.

Þegar sýslumaður hefur sannfært sig um, að fullnægt sé ákvæðum laganna um stofnun ættaróðals, skal hann færa jörðina á skrá um ættaróðul í sérstaka bók, er fylgi embættinu. Enn fremur skal hann senda Búnaðarfélagi Íslands um hver áramót skýrslu um þær jarðir, sem gerðar hafa verið að ættaróðali á árinu í umdæmi hans, ásamt staðfestu samriti af gerningi þar að lútandi.

Búnaðarfélag Íslands skal láta gera fyrirmynd, í samráði við landbúnaðarráðuneytið, að gerningi, þar sem fram sé tekið, auk þess sem áður er tilgreint, þáverandi fasteignamat jarðarinnar, jarðarverð sér og húsaverð sér, svo og tölur, er sýni stærð ræktaðs lands og ræktanlegs, meðaltal af afrakstri jarðarinnar síðustu 3 árin, hlunnindi og aðra aðstöðu til búrekstrar.

Verði misbrestur á, að stjórn Búnaðarfélags Íslands berist þau gögn, er að framan greinir, skal stjórn félagsins krefjast, að úr því verði bætt.

41. gr.

Allar tryggingar, sem stofnað hefur verið til vegna ættaróðalsins eða þess, sem því fylgir, tilheyra óðalinu ásamt skaðabótum, sem greiddar eru samkvæmt þeim.

42. gr.

Nú hefur bóndi gert jörð sína að ættaróðali, og eiga þá skylduerfingjar hans kröfu til þess, að viðtakandi (óðalserfingi) greiði fráfarandi eða búi hans fjárhæð sem svarar hálfu fasteignamati jarðarinnar.

Frá þessari greiðslu ber að draga áhvílandi veðskuldir, er viðtakandi tekur að sér.

43. gr.

Eignir óðalsbónda og konu hans, aðrar en ættaróðalið og fylgifé þess, erfast samkvæmt ákvæðum erfðalaga.

44. gr.

Skylt er þeim, sem óðal hlýtur, að lofa fyrrverandi óðalsbónda og konu hans, ef með þarf, að dveljast á óðalsjörðinni meðan þau kjósa, enda sé honum það ekki um megn.

Rísi ágreiningur um þetta atriði, sker sýslumaður úr.

45. gr.

Erfðafjárskattur greiðist ekki af ættaróðali eða fylgifé þess við afhendingu óðalsins til erfingja eða viðtakanda.

46. gr.

Jarðeigandi og aðrir geta ánafnað ættaróðali fylgifé, svo sem kvikfénað, verkfæri, húsmuni eða annað, og er það þá fylgifé óðalsins, sem skylt er að halda við og endurnýja. Jarðræktarstyrkur, byggingarstyrkur og aðrir opinberir styrkir, sem veittir eru til umbóta á óðalsjörðum, verða eign óðalsins.

47. gr.

Heimilt er eiganda ættaróðalsins, að fengnu samþykki skv. 12. gr. laga þessara að skipta því milli erfingja í tvö eða fleiri býli, enda fullnægi hin nýju býli ákvæðum 38. greinar.

Þegar skipti eru ákveðin, skal gera landamerki milli hinna nýju ættaróðala, svo sem þörf krefur. Skjöl og minjagripir, sem til eru, tilheyra gamla óðalinu.

48. gr.

Heimilt er óðalsbónda að taka lán með veði í óðalinu til húsabóta eða annarra varanlegra umbóta á jörðinni í Stofnlánadeild Búnaðarbanka Íslands, í Orkusjóði og Lífeyrissjóði bænda, samkvæmt þeim reglum, er um slík lán gilda á hverjum tíma.

49. gr.

Þegar eigendaskipti verða á óðalsjörð, skal kveðja til úttektarmenn hreppsins.

Úttektarmenn skulu færa í úttektarbók lýsingu á jörðinni, mannvirkjum hennar og fylgifé, svo að auðvelt sé að gera sér grein fyrir ástandi jarðarinnar og öðru, er henni fylgir.

Verði ágreiningur um afhendingu ættaróðals, sem úttektarmenn geta ekki jafnað, getur hvor aðili um sig krafist yfirúttektar og fer um það samkvæmt 44. gr. ábúðarlaga.

50. gr.

Nú krefst skuldheimtumaður, að gerð sé aðför í ættaróðali vegna áhvílandi veðskulda eða opinberra gjalda af eigninni, og skal sýslumaður þá tilkynna óðalseiganda um kröfuna með símskeyti eða á annan jafntryggan hátt. Geti óðalseigandi ekki innan mánaðar fullnægt skuldheimtumanni, svo að hann taki kröfuna aftur, skal sýslumaður þá þegar kveðja til fundar þá, er vegna frændsemi koma til greina sem erfingjar óðalsins, eða forráðamenn þeirra ásamt óðalseiganda með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, Skuldheimtumanni eða umboðsmanni hans ber að koma á slíkan fund. Á fundinum skal sýslumaður hlutast til um, að ákveðið sé, hver taki við óðalinu og taki að sér aðkallandi greiðslur.

Nú vill enginn af hlutaðeigendum taka við jörðinni, og skal þá sýslumaður selja hana með tilheyrandi fylgifé, enda hafi hlutaðeigandi hreppur hafnað kaupum á jörðinni.

51. gr.

Eigi má gera aðför í ættaróðali eða selja það til lúkningar skuldum öðrum en áhvílandi veðskuldum eða opinberum sköttum, er hvíla á eigninni sjálfri. Sama gildir um fylgifé óðalsins.

52. gr.

Þegar óðalsbóndi bregður búi eða deyr og hefur ekki ráðstafað óðalsréttindum, skal sýslumaður, sbr. þó 56. gr., kveðja til fundar þá, er næstir standa til að erfa óðalið, og skal þar tekin ákvörðun um, hver tekur við því, eða ákveða annan fund síðar, ef það telst nauðsynlegt.

Nú treystist enginn, sem rétt hefur til óðalsins, að taka við því, og skal þá sýslumaður ráðstafa jörðinni ásamt fylgifé hennar sem ættaróðali í samráði við fráfarandi óðalseiganda eða maka hans, ef á lífi eru, annars sýslunefnd. Söluverð jarðarinnar má ekki fara yfir fasteignamatsverð hennar, en skal þó ekki vera lægra en áhvílandi veðskuldir og greiðist með jöfnum afborgunum á 10 árum.

53. gr.

Nú tekur maður af annarri ætt við ættaróðalinu, og falla þá minjagripir ættarinnar til erfingja fráfarandi óðalsbónda ásamt andvirði jarðarinnar að frádregnum veðskuldum og kostnaði.

54. gr.

Ættaróðal og fylgifé þess gengur óskipt til eftirgreindra aðila og í þessari röð, ef óðalseigandi hefur ekki gert aðrar ráðstafanir:

a) Það hjóna, er lengur lifir, heldur réttinum, meðan það lifir.
b) Til barna þess hjónanna, sem óðalsréttinn stofnaði eða erfði. Á sama hátt fá kjörbörn óðalsrétt.
c) Til barnabarna óðalsbónda, systkina hans og barna þeirra.

55. gr.

Foreldrar koma sér saman um, hvert af börnum eða fjarskyldari erfingjum, að börnum frágengnum, skuli erfa óðalið. Þessi ráðstöfun skal tilkynnt sýslumanni ekki síðar en þegar óðalsbóndi er fullra 60 ára, og skal sýslumaður hlutast til um, að þessi ákvörðun sé gerð í viðurvist hans.

Verði hjón eigi ásátt um, hvert af börnunum skuli hljóta réttinn, skal það hjónanna, er erfði óðalið, ráða viðtakanda.

Sé engin ákvörðun tekin, skal skiptafundur ákveða viðtakanda eða viðtakendur, ef heimilt er að skipta jörðinni, sbr. 47. gr., og sitji það barn eða þau börn fyrir, sem hafa að staðaldri unnið með foreldrum sínum á jörðinni og eru líklegust til að stunda þar áframhaldandi búskap. Náist eigi samkomulag, sker skiptaráðandi úr.

56. gr.

Þegar svo stendur á, að óðalserfingi hefur ekki náð lögaldri, er skipti fara fram, skal fjárráðamaður hans byggja jörðina öðrum um stundarsakir, óski erfingi eða fjárráðamaður fyrir hans hönd ekki að taka jörðina til ábúðar. Á umráðamanni (eftirlifandi maka, óðalserfingja eða lögráðamanni) hvíla sömu skyldur gagnvart óðalinu og á óðalsbónda, meðan hann fer með það. En hafi óðalseigandi ekki tekið jörðina til ábúðar, þegar hann er 26 ára gamall, skal sýslumaður ráðstafa henni til næstu erfingja, sbr. 52. gr.

Óski ekkert barnanna að nota óðalsréttinn og nytja jörðina áfram, þá er foreldrum heimilt að ánafna hana fósturbarni. Nú er óðalsbóndi eða kona hans síðasti maður, er erfðarétt hefur til óðalsins, eða enginn af þeim, sem rétt hefur til óðalsins, treystist til að taka við því, er þau bregða búi eða að þeim látnum, og er þá óðalsbónda og maka hans heimilt að gefa óðalið, enda verði það ættaróðal þiggjanda.

57. gr.

Nú deyr það hjónanna, er óðalsréttinn erfði, barnlaust, enda hafi hjónin ekki tekið kjörbarn, og hafa þá næstu erfingjar rétt til að taka við óðali, þó ekki fyrr en að einu ári liðnu frá andláti óðalseiganda.

Slíti óðalseigandi og kona hans samvistum, heldur það hjónanna óðalinu, sem erfði það.

58. gr.

Enginn óðalseigandi getur átt nema eitt ættaróðal. Nú erfir maður fleiri en eitt ættaróðal, og er honum þá heimilt að velja milli þeirra, en sá, er næstur stendur til arfs, tekur við hinu.

Við ákvörðun á búshluta maka og erfðahlutum erfingja, skal telja óðal á því verði, sem viðtakanda þess ber að gjalda fyrir það samkvæmt 42. gr.

Ákvæði erfðalaga um skylduarf eru því ekki til fyrirstöðu, að óðalsbóndi ráðstafi óðali til eins erfingja samkvæmt því, sem nánar greinir í þessum kafla, en andvirði óðalsins samkvæmt 42. gr. rennur í búið.

59. gr.

Óðalsbóndi fyrirgerir óðalsrétti sínum, ef hann:

a) Greiðir ekki samningsbundna vexti og afborganir af þeim skuldum, sem á ættaróðalinu hvíla, svo að það leiði til kröfu um sölu, sem hann getur ekki afstýrt.
b) Telur sér heimili annars staðar en á ættaróðalinu eða hættir að reka búskap, sbr. þó 56. gr.
c) Ef hann að áliti sýslunefndar, enda skal leitað umsagnar viðkomandi hreppsnefndar, og jarðanefndar situr óðalið svo illa, að það mundi varða útbyggingu eftir ábúðarlögum.

60. gr.

Þegar óðalsbóndi verður að bregða búi vegna elli, vanheilsu eða af öðrum þeim ástæðum, sem valda því, að honum er ókleift að halda áfram búskap, er landbúnaðarráðherra heimilt að leysa óðalið frá óðalsákvæðum, ef engir þeirra ættingja, sem rétt hafa til óðalsins, vilja taka við því til ábúðar, enda mæli sýslunefnd, Búnaðarfélag Íslands og jarðanefnd með þeirri ráðstöfun. Samþykki landbúnaðarráðherra lausn óðals frá óðalsákvæðum, er óðalsréttarhafa heimilt að selja það við því verði og þeim kaupanda, er hann kýs, enda hafi þeir, sem forkaupsrétt eiga að lögum, hafnað honum.

61. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að kr. 100 000.00. Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála.

62. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 40/1948, nr. 54/1967 og I.—VII. kafli laga nr. 102/1962.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Búnaðarþing 1971 samþykkti ályktun um að fela Búnaðarfélagi Íslands að hlutast til um við landbúnaðarráðherra að skipa nefnd, til þess að endurskoða eftirtalin lög:

1. Lög um kauprétt á jörðum nr. 40 frá 5. apríl 1948.
2. Ábúðarlög nr. 36 29. mars 1961.

3. Lög um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða nr. 102 21. desember 1962.
4. Lög um Jarðeignasjóð ríkisins nr. 54 27. apríl 1967.

Hlutverk þeirrar nefndar, sem skipuð yrði, skyldi vera að gera frumvarp til nýrra laga um framangreind efni eða breytingartillögur á gildandi lögum, þar sem þess yrði meðal annars gætt, að aðstaða sveitarfélaga og einstaklinga búsettra innan þeirra við að ná og halda eignar- og umráðarétti á landi innan viðkomandi sveitarfélaga, yrði tryggð sem best, einnig að ábúðar- og erfðaábúðarlög verði gerð einföld og réttlát í framkvæmd.

Hinn 18. ágúst 1971 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til þess að starfa að þessu verkefni. Nefndina skipuðu Ásgeir Bjarnason, alþingismaður, formaður, Sveinbjörn Dagfinnsson, skrifstofustjóri, og Árni Jónasson, fulltrúi. Dr. juris Gaukur Jörundsson, prófessor hefur verið nefndinni til ráðuneytis við samningu frumvarps þessa.

Nefndin hefur haldið marga fundi og átt viðræður við ýmsa varðandi viðfangsefni sitt. Meðal annarra búnaðarmálastjóra, formann Stéttarsambands bænda, framkvæmdastjóra Sambands sveitarfélaga, skipulagsstjóra, skógræktarstjóra, auk viðræðna við ýmsa bændur og sveitarstjórnarmenn.

Nefndin hefur aflað sér upplýsinga um meðferð jarða og fasteigna utan þéttbýlissvæða í Noregi, Svíþjóð og Danmörku.

Þá hefur nefndin farið yfir núgildandi ábúðarlög, lög um ættaróðul, ættarjarðir, óðalsrétt og erfðaábúð. Nefndin kynnti sér hver væri fjöldi skráðra ættaróðala og ættarjarða við öll sýslumannsembættin. Niðurstaða þeirra athugana er sú, að mjög fáir bændur hafa gert jarðir sínar að ættaróðulum, aðrir en þeir, sem keypt hafa jarðir af ríkinu, en þá er það skylda.

Allmörg dæmi eru þess, að bændur, sem eiga óðalsjarðir, hafa fengið jarðir sínar leystar undan ákvæðum óðalslaga samkvæmt heimild í lögum nr. 18 frá 1968. Ættarjarðir eru sárafáar skráðar, þó að vitað sé að mikill fjöldi jarða hefur verið lengur í eigu eða ábúð sömu ættar en 75 ár, og við athugun nefndarinnar upplýstist, að andstaða er meðal eigenda fjölda jarða, að þær verði gerðar að ættarjörðum.

Að fengnum upplýsingum og eftir athugun á gildandi lagaákvæðum um framanskráð efni var ákveðið að leitast við að stytta ábúðarlögin frá 1961, auk efnisbreytinga, sem á þeim yrðu gerðar. Ákvæði um ættaróðul, óðalsrétt og erfðabúð halda sér lítið breytt, en kaflinn um ættarjarðir er felldur úr gildi.

Ákveðið var að taka efni það, sem fjallað hefur verið um saman í tvo lagabálka, sem bera heitin Jarðalög og Ábúðarlög. Í Jarðalögunum eru nýmæli í íslenskum lögum um meðferð á landi og eignarhald á jörðum, landi og landspildum.

Í Jarðalög eru tekin ákvæði um jarðanefnd hvernig skuli fara með hvers konar aðilaskipti að umráðum yfir fasteignum og fasteignaréttindum, auk þess ákvæði um forkaupsrétt að jörðum, jarðir í opinberri eign, Jarðeignasjóð og óðalsjarðir.

Frumvarp til jarðalaga var lagt fram á Alþingi árið 1973, en hlaut ekki afgreiðslu.

Hinn 28. ágúst 1975 skipaði landbúnaðarráðherra að nýju nefnd til að fjalla um frv. til jarðalaga og frv. til ábúðarlaga.

Nefndina skipuðu:

Árni Jónasson, erindreki, Ásgeir Bjarnason, alþm., Ingi Tryggvason, alþm., Pálmi Jónsson, alþm., Stefán Valgeirsson, alþm., Steinþór Gestsson, alþm. og Sveinbjörn Dagfinnsson, ráðuneytisstjóri.

Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á frumvarpinu frá því, sem var, þegar það var lagt fram árið 1973.

Stutt yfirlit yfir afskipti ríkisvalds og sveitarstjórna af eignahreyfingum á jörðum, lóðum og lendum, utan skipulagðra svæða í Noregi, Svíþjóð og Danmörku, sem fylgdi frumvarpinu 1973.

NOREGUR

Samkvæmt lögum, sem sett voru á tímabilinu frá árinu 1909 til 1920 þarf leyfi landbúnaðarráðuneytisins til þess að eigendaskipti geti orðið að landeignum utan skipulagðra svæða og gildir þar jafnt, hvort um er að ræða skóglendi, mýrlendi, fjalllendi eða ræktað land. Ákvæðum þessara laga hefur verið beitt allt fram til þessa dags og þannig, að hvenær sem eigendaskipti eru áformuð að landi eða **bújörð** verður að leggja inn beiðni um heimild til eigendaskiptanna, áður en þau eru endanlega framkvæmd. Í norskum lögum frá 18. mars 1955, jarðalögum, er ákvæði um forkaupsrétt ríkisins að bújörðum, skóglendum og fjalllendum, sem áformað er að setja eða að láta af hendi á annan hátt. Tilgangur þessara lagaákvæða er sá að reyna að tryggja það, að land verði nýtt á sem hagkvæmastan hátt fyrir þjóðfélagið og þá, sem hafa afkomu sína af landbúnaði. Enn fremur er það tilgangurinn að gæta þess svo sem tök eru á að hafa hamlandi áhrif á miklar verðhækkanir lands. Mörg dæmi eru þess, að norska landbúnaðarráðuneytið hafi neitað að heimila eigendaskipti að jörð, þar sem að mati ráðuneytisins hefur verið um of hátt kaupverð að ræða. Slíkar neitanir byggjast gagngert á því að gera það, sem tök eru á, til þess að halda verðlagi lands niðri. Slík afstaða er m. a. rökstudd með því, að norska ríkið hafi aukið verðmæti lands með framlögum og eigin framkvæmdum.

Beiðni um eigendaskipti að landi, þar sem ástæða er til að ætla að áformað sé að skipta landi niður í hagnaðarskyni, t. d. í sumarbústaðalóðir, er að jafnaði neitað. Norska ríkið er ekki skylt að kaupa land, sem það leyfir ekki sölu á. Ákvæði er í lögum um það, að engri þeirri jörð, sem hægt er að nota til landbúnaðar megi skipta niður, nema að áður fengnu sérstöku samþykki landbúnaðarstjórnar viðkomandi **héraðs.**

Algengt er, að norska ríkið noti forkaupsréttarheimild sína og kaupi þær jarðir og landspildur, sem til sölu eru eða eigendaskipti eru áformuð á af öðrum ástæðum. Slíkt er nær undantekningarlaust gert í hagræðingarskyni, til þess að fella saman jarðir í stærri einingar eða á annan hátt að auka hagkvæmni við landbúnað, og eru þessar eignir því að öllu jafnaði seldar aftur innan tiltölulega skamms tíma frá því að ríkið **eignaðist þær.**

Til þess að annast kaup og sölu fasteigna og lands í þessu skyni starfar sérstakur sjóður, er Norðmenn kalla Jordfond og fær hann fjárveitingu eftir því, sem þörf krefur á fjárlögum hvers árs.

Fyrir Stórþinginu liggur nú frumvarp að lögum um leyfi, til þess að eignast fasteign (konsesjonsloven). Tilgangurinn með þessu lagafrumvarpi er, að lögin komi í stað þeirra laga, sem áður hafa gilt um eigendaskipti að fasteignum á dreifbýlissvæðum og taka nánari afstöðu til þarfa landbúnaðarins, þéttbýlissvæða, almennrar náttúruverndar og útilífsáhugamála. Í því eru ákvæði um, að ekki geti orðið eigendaskipti að fasteignum utan skipulagðra svæða, nema með leyfi ráðuneytisins, og jafnframt er í frumvarpinu ákvæði um forkaupsrétt ríkis og sveitarfélaga að þeim fasteignum, sem til sölu eru eða eigendaskipti eru áformuð á. Í frumvarpinu er tekið fram, að leyfi til eigendaskipta skuli ekki veitt, þar sem ástæða þykir til að ætla, að kaupandinn ætli sér fyrst og fremst að afla eignarinnar til þess að ávaxta á þann hátt fé og heldur ekki ef ástæða er til þess að ætla að sá, sem eignina ætlar að kaupa eða yfirtaka, ætli sér með því að hafa fjárhagslegan ávinning af að selja eignina aftur eða hluta af henni innan skamms tíma.

SVÍÞJÓÐ

Í Svíþjóð hafa verið í gildi lög allt frá árinu 1916, sem hafa í för með sér vissar takmarkanir á rétti manna til þess að hafa frjáls eigendaskipti að bújörðum. Nú gilda um þetta efni lög nr. 290 frá 1965. Í 1. gr. þeirra laga segir, að ekki megi verða eigendaskipti að fasteign, sem sé skattlögð sem jörð, nema með leyfi viðkomandi landbúnaðarráðs, ef um er að ræða kaup, skipti eða gjöf, viðbót við fyrri eign eða skipti út úr eign. Landbúnaðarráð eru lögboðin í öllum lénum Svíþjóðar.

Undantekningar eru frá þessu ákvæði laganna, m. a. ef eignin er keypt af ríki eða sveitarfélagi, ef eignin er keypt á nauðungaruppboði, eða þéttbýli er skipulagt á henni. Í lögunum segir, að umsókn um leyfi til eigendaskipta sé heimilt að neita, þegar ástæða er til að ætla, að aðaltilgangurinn með kaupunum sé ekki sá að reka landbúnað á eigninni. Enn fremur segir í lögunum, að þegar ríkið neitar um leyfi til eigendaskipta að fasteign, þá sé það skylt, ef seljandinn hefur rekið þar landbúnað, að kaupa eignina á því verði, sem seljandinn átti kost á að fá fyrir eignina, en skyldan nær ekki til þess að kaupa, ef verðið telst óeðlilega hátt.

Framkvæmd þessara laga er þannig, að þegar kaup á fasteignum eru áformuð, þá eru umsóknir lagðar til landbúnaðarráðs viðkomandi léna, sem eru undir stjórn landbúnaðarráðuneytisins en fjallað er um leyfin í landbúnaðarráðuneytinu. Þegar neitað er um leyfi til sölu á jörð af hagkvæmnisástæðum, er venja að ríkið kaupi slíkar eignir. Þegar kaup virðast áformuð í því skyni að hafa af því sérstakan fjárhagslegan ávinning, þá er það meginregla, samkvæmt upplýsingum þeirra, sem hafa með framkvæmd laganna að gera, að neita um leyfi til sölu.

Takmark laga þessara er að auka hagkvæmni í landbúnaði og í nýtingu lands. Aðalreglan er sú, að leyfi eru veitt til sölu jarða, og meira frjálsræði ríkir nú á þessu sviði, heldur en var. Samkvæmt ársskýrslu sænska landbúnaðarráðuneytisins fyrir árið 1970 yfir störf landbúnaðarráða landsins, hefur á því ári verið neitað um leyfi til þess að selja jarðir eða fasteignir utan þéttbýlissvæða í 543 tilvikum. Þess hefur verið gætt, áður en leyfi er veitt til sölu eða eigendaskipta að fasteign, að hafa samband við viðkomandi sveitarfélag og athuga, hvort það samþykkir þá ráðstöfun og sveitarfélög eiga síðan 1968 forkaupsrétt að slíkum eignum, sem til sölu eru. Yfirvöld hafa heimild til að hafa áhrif á söluverð lands samkvæmt 4. gr. laga nr. 290/1965, og í greinargerð með þeim lögum er tekið fram, að sérstök ástæða sé til að neita um kaup á landi til annarra en þeirra, sem vinna við landbúnað sem aðalstarf, einkum þegar ljóst er, að um sé að ræða „spekulations eða kapitalplacerings“ kaup, sem þar að auki, vegna hinna verðhækkandi áhrifa, sem slík kaup hafa á land, samrýmast ekki frumhagsmunum þjóðarheildar. Eins og áður kemur fram, er reynt eftir bestu getu að hafa áhrif á aukna hagkvæmni í nýtingu lands og að fella saman lendur og skákir í hagræðingarskyni, og flest öll kaup ríkisins á landi byggjast á þeim rökum. Samkvæmt ársskýrslu landbúnaðarráðuneytisins var eign sænska ríkisins í landbúnaðarfasteignum í ársbyrjun 1972 20 023 ha. akurlendis, 120 172 ha. af skógi, og heildarverðmæti þessa lands er metið á 118 613 þús. s. kr. Á árinu 1972 keypti ríkið í 1552 tilfellum land, samtals 8790 ha. akurlendis og 40 699 ha. af skógi, en matsverð þessara eigna er 63 111 þús., en kaupverð 116 538 000.00. Á sama ári áttu sér stað 2623 sölur á ríkiseignum, og voru seldir 10 405 ha. af akurlendi og 47 108 ha. af skógi. Matsverð þessara eigna var 73 004 000 s. kr. en söluverðið var 127 785 000 s. kr. Í árslok 1972 var heildareign ríkisins í landbúnaðarfasteignum þessi: Akurlendi 18 268 ha., skóglendi 110 847 ha., og er heildarmatsverð þessara eigna 106 980 000 s. kr.

Tími sá, sem líður frá því að ríkið eignast land og þar til það hefur verið selt aftur, er að jafnaði 2 ár, akurlendi, en 3 ár, skóglendi.

All mörg dæmi eru þess, að ríkið kaupi eignir af bændum, sem þurfa að yfirgefa eignir sínar og fara í önnur störf. Sænska ríkið kaupir einnig af hliðstæðum ástæðum og Jarðeignasjóður gerir hér.

DANMÖRK

Samkvæmt dönskum lögum er skylt að reka bú á bújörðum, en landbúnaðarráðuneytið getur upphafið þá skyldu, þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Eigi að leigja jörð til lengri tíma en 15 ára, þarf samþykki landbúnaðarráðuneytisins varðandi tímalengd samningsins.

Skilyrði fyrir því að geta fengið jörð eða hluta af jörð til umráða skv. afsali eða leigusamningi, er m. a. að viðkomandi sé minnst 20 ára gamall, taki sér fasta búsetu á viðkomandi jörð og hafi landbúnaðarstörf að aðalatvinnu.

Sé þessu skilyrðum ekki fullnægt, er því aðeins hægt að fá ráð yfir jörð eða jarðarhluta að landbúnaðarráðherra veiti leyfi til þess.

Slíkt leyfi skal að jafnaði ekki veita, ef ástæða er til að ætla, að stefnt sé að því að ná umráðum yfir eign til þess að ávaxta á þann hátt fé, ef mikið ósamræmi er milli kaupverðs eignar og raunverðs, ef eignin telst óheppileg til sjálfstæðs búrekstrar og jörðinni yrði betur ráðstafað til að bæta rekstur, sem þegar er fyrir á svæðinu.

Félagssamtök, stofnanir, jafnt opinberar sem einkastofnanir geta ekki fengið ráð á jörðum eða jarðahlutum, nema að fengnu samþykki landbúnaðarráðuneytisins.

Í lögum um öflun fasteigna til fristunda og útilífsáhugamála er ríkinu veitt heimild til að ráðstafa árlega allt að 100 milljónum danskra króna til að kaupa sjálft jarðir og jarðarhluta, eða veita sveitarfélögum og félagasamtökum lán í sama skyni.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Á undanförnum árum hefur eftirspurn eftir landi til annarra nota en landbúnaðar farið stórvaxandi. Einkum hafa jarðir verið keyptar háu verði, þar sem góð aðstaða er til að setja niður sumarbústaði, eða eftirsóknarverð hlunnindi fylgja jörðum, svo sem veiði.

Verð slíkra jarða er þegar orðið svo hátt, að sjaldnast er viðráðanlegt fyrir bændur að kaupa þær, og reynist oft fullerfitt fyrir sveitarfélög, þrátt fyrir að þau eiga lögboðinn forkaupsrétt.

Afleiðingin er því sú, að margar vildisbújarðir hafa verið skákaðar niður, en það hefur torveldað eðlilegan búrekstur, og á mörgum hefur föst búseta lagst niður, vegna jarðarkaupa félagssamtaka eða manna, sem ekki hyggja á búskap.

Rétt verður að teljast að gefa þéttbýlisbúum og öðrum, sem eftir sækjast, kost á landspildum til ræktunar og útivistar og til að reisa sumardvalarhús.

Reynslan sýnir hins vegar nú þegar, að brýn þörf er á að fylgjast með slíkum ráðstöfunum lands og hafa áhrif á hvar og hvernig landi er ráðstafað á þann hátt. Að öðrum kosti vofir yfir stórfelld röskun á búsetuaðstöðu fólks á dreifbýlissvæðum umfram það, sem þegar er orðið og óeðlileg verðhækkun lands.

Lögum þessum er m. a. ætlað að veita byggðarlögunum meira áhrifavald í þessu efni, styrkja aðstöðu bænda, bændaefna og sveitarfélaga til jarðakaupa, skapa aðstöðu til að fylgjast með öllum ráðstöfunum fasteigna og fasteignaréttinda, utan skipulagðra þéttbýlissvæða og hafa áhrif á verðlag þeirra.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Lögunum er ætlað að ná til alls lands og landsréttinda utan skipulagðra þéttbýlissvæða, en með því er átt við svæði, sem hafa t. d. sameiginlega gatnagerð, holræsagerð o. s. frv., sem unnin er af viðkomandi sveitarstjórn.

Um 4. gr.

Jarðanefndum er ætlað að starfa í hverri sýslu. Jafnframt leggist niður landnámsnefndir skv. l. nr. 45/1971. Verksvið jarðanefnda er mun víðtækara en verksvið landbúnaðarnefndanna. Búseta jarðanefndarmanna innan starfssvæðis þeirra ætti að tryggja þekkingu á staðháttum og hagsmunum byggðarlaganna.

Um 5. gr.

Jarðanefnd er ætlað að fylgjast með og halda skráðum öllum ráðstöfunum fasteigna og fasteignaréttinda, hafa áhrif á, hvaða landsvæði verða tekin til útivistar og ræktunar og fylgjast með búsetu á jörðum.

Um 6. gr.

Með þeim undantekningum, sem upp eru taldar í 1.—5. tölulið er skylt að afla samþykkis jarðanefndar og sveitarstjórnar til hvers konar ráðstöfunar fasteigna, og til þess að halda skráningu réttri, er tilkynningaskyldan undantekningarlaus. Auk þess er greininni ætlað að hafa hamlandi áhrif á fasteignaviðskipti, sem teljast verða óhagstæð viðkomandi sveitarfélagi.

Um 7. gr.

Rétt þykir að gefa jarðanefnd og sveitarstjórn nokkurn tíma til að afgreiða erindi, sem berast, m. a. má reikna með að fara þurfi á þann stað, sem erindið varðar.

Um 8. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 9. gr.

Til þess að fyrirbyggja eftir föngum ólögmætar ráðstafanir skv. lögunum er óheimilt að þinglýsa skjölum, nema þau beri með sér, að jarðanefnd hafi fjallað um þau.

Um 10. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 11. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 12. gr.

Rétt þykir að hafa meiri gát á um afnot landbúnaðarlands, skiptingu þess og sameiningu jarða eða stofnun nýbýla, heldur en verið hefur. Þess vegna þurfa slík mál nú að fara fyrir fleiri aðila en áður, til þess að fá afgreiðslu.

Um 13. gr.

Mörg dæmi eru þess, að landi hefur verið skipt út úr jörðum, án þess að það hafi síðan verið nýtt á eðlilegan hátt til búrekstrar, en oft orðið til þess að rýra búrekstraraðstöðu þeirrar jarðar, sem land var tekið frá, og er greininni ætlað að bæta úr erfiðleikum, sem af slíku skapast.

Um 14. gr.

Sameign ábúanda og annarra að jörð getur, vegna ólíkra hagsmuna og sjónarmiða, leitt til margvíslegra erfiðleika. Rétt þykir að veita þeim, sem jörð situr, möguleika á að komast út úr þeim erfiðleikum, sem sameign getur valdið, með því að kaupa skv. eignarnámsmati hluti meðeigenda sinna. Sama regla á við þegar fleiri en einn reka bú á jörð sem er í sameign með öðrum, sem ekki reka bú á jörðinni.

Um 15. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 16. gr.

Upplýsingaskylda um jarðir auðveldar nauðsynlega gagnaöflun og framkvæmd laga þessara.

Um 17. gr.

Rétt þykir að gefa nokkurn tíma fyrir landbúnaðarráðuneytið til að athuga þau mál, sem til þess kann að verða skotið eftir meðferð hjá jarðanefndum m. a. getur þurft athuganir á vettvangi.

Um 18. gr.

Óhjákvæmilegt er í því skyni að tryggja áhrif laga þessarra að veita heimild til að rifta ráðstöfunum, sem gerðar eru á þann hátt, að fyrirmæli laganna eru sniðgengin.

Um 19. gr.

Talið er að því hagræði og stjórnunarlegur ávinningur, að búnaðarsambönd og jarðanefndir hafi sameiginlegt skrifstofuhald, þar sem þess er kostur. Hagkvæmt verður að telja, með tilliti til afgreiðslu þeirra erinda, sem fyrir jarðanefndir verða lögð, að þær séu staðsettar á sama stað og sýsluskrifstofur.

Um 20. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 21. gr.

Greinin kemur í stað 2. gr. laga nr. 40/1948.

2. mgr. um kauprétt leiguliða sem setið hefur sömu jörð í 10 ár eða lengur er breyting frá því sem nú er.

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 40/1948 hefur leiguliði eftir 3ja ára búsetu kauprétt á undan sveitarstjórn.

Þessi réttur leiguliða eftir tiltölulega skamma búsetu getur leitt til misnotkunar og því er talið rétt að lengja búsetutíma sem leiðir til kaupréttar ábúanda á undan sveitarstjórn. Noti ábúandi sér ekki kaupréttinn, verður forkaupsréttur sveitarfélags aftur virkur.

Um 22. gr.

Í greininni er það nýmæli, að eigi að selja eign á nauðungaruppboði, er tilkynningarskylda á fógeta gagnvart forkaupshafa.

Um 23. gr.

Í greininni er ekki efnisbreyting frá því, sem er í núgildandi lögum, önnur en sú, að frestur, sem sveitarstjórn hefur nú til þess að svara forkaupsréttarboði, er 15 dagar en frestur þessi er lengdur í fjórar vikur. Nauðsyn var talin til að lengja frest sveitarstjórna svo þeim gæfist rýmri tími til fjármagnsútvegunar og annarra athugana vegna kaupa. Rétt verður að telja að binda afsal forkaupsréttar við nafn.

Um 24. gr.

Greinin fjallar um sama efni og 6. gr. laga nr. 40/1948.

Um 25. gr.

Greinin er nýmæli og ætluð til þess að fyrirbyggja, að sveitarstjórnum sé skákað frá í að nota kaupréttarheimild sína, vegna þess að verð sé sett mjög hátt á eignir, jafnvel án þess að greiðsla skv. því sé áformuð.

Um 26. gr.

Í greinina er bætt við frá því, sem nú er í 4. gr. l. nr. 40/1948, að forkaupsréttur verður ekki virkur, ef eigandi selur maka sínum eða barnabarni. Skv. 2. tölulið eiga sveitarfélög ekki forkaupsrétt gagnvart sölum ríkissjóðs, enda á slík sala sér aðeins stað samkvæmt lögum. Einnig er bætt við ákvæði um skyldur viðtakanda til að reka bú á jörðinni.

Um 27. gr.

Rétt þykir af hagkvæmnisástæðum að hafa sem mest af því, er varðar jarðir og land í ríkiseign á einni hendi. Þess vegna er einnig gert ráð fyrir, að jarðadeild ráðuneytisins fari með málefni jarða og lendna, í ríkiseign, nema annað sé sérstaklega ákveðið.

Um 28. gr.

Með almennri lagaheimild til að selja sveitarfélögum jarðir sparast að setja heimildarlög um slíkt hverju sinni.

Í lögum eru ekki ákvæði um leigu lands eða jarða í ríkiseign, önnur en um leigu til búrekstrar. Rétt þykir að setja í lög ákvæði um hámarkstímalengd samninga.

Um 29. gr.

Greinin fjallar um sama efni og 47. gr. l. nr. 102/1962, en auknum skilyrðum þarf að fullnægja, svo jörð sé seld ábúanda.

Um 30. gr.

Nú eru í gildi lög um Jarðeignasjóð nr. 54/1967, með breytingum frá 13. mars 1972. Þau lög eru nú felld inn í jarðalögin með nokkrum breytingum.

Um 31. gr.

Í greinina hefur verið bætt tveimur nýjum töluliðum, 6., 7. og 8., frá því, sem er í gildandi lögum, til þess að rýmka heimild Jarðasjóðs til að kaupa jarðir í því skyni að stuðla að framkvæmd laga þessara.

Um 32. gr.

Í greinina er sett ákvæði um heimild Jarðasjóðs til þess að lána sveitarfélögum til jarðakaupa, ef þau nota sér forkaupsrétt.

Um 33. gr.

Í 34. gr. er sú efnisbreyting frá því, sem er í núgildandi lögum, að hámarksverð jarða, sem sjóðurinn kaupir, er ekki lengur bundið við fasteignamat, heldur opnast möguleiki, að verðið fari hærra, ef raunverulegt verðmæti jarðarinnar er meira. Auk þess er nú hægt að ljúka kaupum með samningum milli kaupanda og seljanda, en samkvæmt lögum var skylt að láta meta jarðir.

Gert er ráð fyrir að hækka framlag til Jarðasjóðs um helming frá því, sem nú er. Aðrar verulegar efnisbreytingar eru ekki í kaflanum um Jarðasjóð frá því sem nú gildir.

Um 34. gr.

Greinin er um sama efni og 6. gr. laga nr. 54/1967, sbr. 3. gr. laga nr. 11/1972.

Um 35. gr.

Greinin er um sama efni og 7. gr. laga nr. 54/1967, í stað Landnáms ríkisins kemur nú Jarðanefnd.

Um 36. gr.

Greinin er hliðstæð 8. gr. laga nr. 54/1967, en í stað þess að fjármálaráðuneytið tilnefni mann í nefnd, til að meta kaupverð jarða, kemur nú landbúnaðarráðuneytið.

Um 37. gr.

Greinin fjallar um sama og 10. gr. l. nr. 54/1967, en gert er að auki ráð fyrir að Jarðasjóður greiði fjallskil.

Um 38. gr.

Greinin er efnislega eins og 1. gr. laga nr. 102/1962.

Um 39. gr.

Greinin er samhljóða 2. gr. laga nr. 102/1962.

Um 40. gr.

Greinin kemur í stað 3. gr. l. 102/1962.

Um 41. gr.

Greinin er samhljóða 4. gr. laga nr. 102/1962.

Um 42. gr.

Greinin er nokkuð breytt frá 5. gr. laga nr. 102/1962, sem veitir aðeins erfingjum í fyrsta lið kröfu á óðalserfingja við yfirtöku óðals og aðeins á hendur fyrsta viðtakanda eftir að jörð var gerð að ættaróðali.

Um 43. gr.

Greinin er um sama efni og 6. gr. laga nr. 102/1962.

Um 44. gr.

Greinin er samhljóða 7. gr. laga nr. 102/1962.

Um 45. gr.

Greinin er samhljóða 9. gr. laga nr. 102/1962.

Um 46. gr.

Greinin er upphaf 10. gr. laga nr. 102/1962.

Um 47. gr.

Greinin er sama efnis og fyrri málsgrein 11. gr. laga nr. 102/1962, en síðari málsgreinar hennar falla niður.

Um 48. gr.

Upphaf 12. gr. laga nr. 102/1962 fjallar um sama efni. Að öðru leyti er sú grein felld niður.

Um 49. gr.

Greinin er samhljóða 14. gr. laga nr. 102/1962, nema að síðari hluti 14. gr. er felldur niður.

Um 50. gr.

Greinin er samhljóða 15. gr. laga nr. 102/1962.

Um 51. gr.
Greinin er samhljóða 16. gr. laga nr. 102/1962.

Um 52. gr.
Greinin er samhljóða 17. gr. laga nr. 102/1962.

Um 53. gr.
Greinin fjallar um sama og 18. gr. laga nr. 102/1962, en breytingar hafa verið gerðar.

Um 54. gr.
Greinin er samhljóða 19. gr. laga nr. 102/1962.

Um 55. gr.
Greinin er samhljóða 20. gr. laga nr. 102/1962.

Um 56. gr.
Greinin er samhljóða 21. og 22. gr. laga nr. 102/1962.

Um 57. gr.
Greinin er samhljóða 23. gr. laga nr. 102/1962.

Um 58. gr.
Greinin er samhljóða 24. gr. laga nr. 102/1962.

Um 59. gr.
Greinin er að mestu samhljóða 25. gr. laga nr. 102/1962.

Um 60. gr.
Greinin er samhljóða 2. gr. laga nr. 18/1968.

Nd. 566. Nefndarálit [99. mál]

um frv. til laga um skráningu og mat fasteigna.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur farið yfir frumvarpið, eins og það er komið frá Ed. Áður hafði verið fjallað um málið á sameiginlegum fundum fjárhags- og viðskiptanefnda beggja þingdeilda og þá kannaðar þær umsagnir, sem bárust.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum, sem hún flytur tillögur um á sérstöku þingskjali. Hin fyrri er til samræmis vegna breytingar, sem gerð var á nafni stofnunarinnar í Ed. Hin síðari vegna þess að sú málsgrein hefur fallið niður fyrir mistök.

Alþingi, 29. apríl 1976.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm.	Lárus Jónsson, fundaskr.	Sig. Blöndal.
Ólafur B. Óskarsson.	Tómas Árnason.	Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 567. Breytingartillögur [99. mál]

við frv. til laga um skráningu og mat fasteigna.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 12. gr. Í stað orðsins „skrárinnar" síðast í greininni komi: fasteignamatsins.
2. Við 17. gr. Við bætist ný málsgrein, er verði þriðja mgr.:
   Bújarðir skulu metnar miðað við notkun þeirra til búskapar á meðan þær eru nýttar þannig.

Ed. 568. Nefndarálit [152. mál]

um frv. til l. um breyt. á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á allmörgum fundum og leggur einróma til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 29. apríl 1976.

Oddur Ólafsson, form., frsm.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr.	Ásgeir Bjarnason.
Eggert G. Þorsteinsson.	Helgi Seljan.	Albert Guðmundsson.
	Steinþór Gestsson.	

Ed. 569. Nefndarálit [218. mál]

um frv. til l. um breyt. á lyfsölulögum, nr. 30 29. apríl 1963.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið, fengið umsagnir um það og leggur til að það verði samþykkt, með þeim breytingum er hún flytur tillögur um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 29. apríl 1976.

Oddur Ólafsson, form., frsm.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr.	Ásgeir Bjarnason.
Eggert G. Þorsteinsson.	Helgi Seljan.	Albert Guðmundsson.
	Steinþór Gestsson.	

Ed. 570. Breytingartillögur [218. mál]

við frv. til l. um breyt. á lyfsölulögum, nr. 30 29. apríl 1963.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. Við 1. gr. 2. málsgr. hefjist svo:
   Yfirdýralæknir og einn héraðsdýralæknir taka.
2. Við 2. gr. Fyrir orðið „stofnunum" í 1. málsgr. komi: heilbrigðisstofnunum.

Nd. 571. Nefndarálit [223. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun Norræna fjárfestingabankans.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 29. apríl 1976.

Ólafur G. Einarsson, form.	Lárus Jónsson, fundaskr., frsm.	Sig. Blöndal.
Ólafur B. Óskarsson.	Tómas Árnason.	Gylfi Þ. Gíslason.

Ed. 572. Frumvarp til laga [258. mál]

um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

I. KAFLI

1. gr.

Lög þessi taka til allra starfsmanna sem eru félagar í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja eða félagi innan vébanda þess og skipaðir eru, settir eða ráðnir í þjónustu ríkisins, ríkisstofnana eða atvinnufyrirtækja ríkisins með föstum tíma-, viku- eða mánaðarlaunum, enda verði starf þeirra talið aðalstarf.

Ákvæði laganna taka þó ekki til

1. ráðherra, hæstaréttardómara né saksóknara ríkisins;
2. starfsmanna ríkisbanka né lánastofnana ríkisins.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

2. gr.

Um laun og önnur starfskjör þeirra starfsmanna, sem lög þessi taka til, skal fara eftir ákvæðum laga þessara og kjarasamninga er gerðir eru samkvæmt þeim. Kjarasamningur greinist í tvo þætti, aðalkjarasamning og sérkjarasamning.

3. gr.

Fjármálaráðherra fer með fyrirsvar ríkissjóðs við gerð og framkvæmd kjarasamninga samkvæmt lögum þessum. Hann skipar nefnd manna til að annast samninga af sinni hendi.

4. gr.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja fer með fyrirsvar starfsmanna um gerð aðalkjarasamnings samkvæmt lögum þessum og aðrar ákvarðanir í sambandi við hann.

Bandalagið skal velja sér samninganefnd sem fer með umboð þess til samningagerðar. Tilkynna skal samninganefnd ríkisins eigi síðar en við uppsögn samninga hverjir skipi samninganefnd.

Einstök félög innan bandalagsins fara með fyrirsvar félagsmanna sinna um gerð sérkjarasamninga. Stjórnir einstakra félaga eða sérstaklega kjörnar nefndir skulu fara með umboð félags síns til samningagerðar. Heimilt er þó félagi að fela

samninganefnd heildarsamtakanna að annast gerð sérsamninga. Stjórn heildarsamtakanna skal eigi síðar en við uppsögn kjarasamninga tilkynna samninganefnd ríkisins hvaða félög fari með samningsrétt um gerð sérkjarasamninga.

5. gr.

Ríkisstarfsmaður, sem lög þessi taka til, á rétt til að vera félagi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja eða félags innan vébanda þess, eftir nánari reglum í samþykktum bandalagsins. Ríkisstarfsmaður samkvæmt þessum lögum má eigi vera félagi eða aðili að félagi annarra viðurkenndra heildarsamtaka.

6. gr.

Ríkisstarfsmaður, sem eigi er innan vébanda heildarsamtaka þeirra sem viðurkenningu hafa hlotið samkvæmt þessum lögum eða öðrum, skal greiða gjald til þeirra heildarsamtaka og aðildarfélags er hann ætti að tilheyra sem er jafnt og það gjald er mönnum í sambærilegri stöðu er gert að greiða séu þeir innan heildarsamtaka.

II. KAFLI

7. gr.

Í aðalkjarasamningi skal kveðið á um fjölda launaflokka, meginreglur til viðmiðunar um skipan í launaflokka, föst laun, vinnutíma, þar með taldar vinnuvökur, laun fyrir yfirvinnu, orlof, ferðakostnað, fæðisaðstöðu, fæðiskostnað, tryggingar, starfsmenntun og annað sem aðilar verða sammála um.

Í sérkjarasamningi skal kveðið á um röðun manna og starfsheita í launaflokka svo og þau kjaraatriði sem aðalkjarasamningur tekur ekki til og eigi eru lögbundin.

Um aukatekjur og hlunnindi, sem líkt er farið, skal kveða á í reglugerð sem fjármálaráðherra setur.

8. gr.

Kjarasamningar skulu vera skriflegir. Þeir skulu gerðir til eigi skemmri tíma en tveggja ára miðað við mánaðamót.

9. gr.

Uppsagnarfrestur kjarasamnings af hendi beggja aðila skal eigi vera skemmri en 3 mánuðir. Uppsögn aðalkjarasamnings felur í sér uppsögn sérsamninga. Sérkjarasamningum verður ekki sagt upp sérstaklega.

Uppsögn skal vera skrifleg og send í ábyrgðarbréfi eða kynnt viðtakanda á annan sannanlegan hátt.

10. gr.

Kjarasamningur framlengist um eitt ár í senn, m. a. með óbreyttum uppsagnarfresti, hafi honum eigi verið sagt upp réttilega.

11. gr.

Í samþykktum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja skal vera ákveðið hver taki ákvörðun um uppsögn kjarasamnings, boðun verkfalls og hvernig ákvörðun þar um skuli tekin.

12. gr.

Aðili, er segir upp kjarasamningi, skal samtímis uppsögn senda gagnaðila sínum kröfugerð og megintillögur um nýjan aðalkjarasamning og skulu samningsviðræður þá þegar upp teknar.

Þegar liðinn er mánuður frá upphafi uppsagnarfrests skulu aðildarfélög Bandalags starfsmanna ríkis og bæja senda gagnaðila sínum megintillögur sínar og kröfugerð um sérsamninga.

13. gr.

Endurrit af uppsögn aðalkjarasamnings svo og tillögur og kröfugerð um nýja samninga skal senda sáttasemjara ríkisins í vinnudeilum samtímis og gögn þessi eru send gagnaðila.

14. gr.

Nú rennur kjarasamningur út vegna uppsagnar og skal þó eftir honum farið uns nýr kjarasamningur hefur verið gerður eða vinnustöðvun hefst.

15. gr.

Hafi samningar ekki tekist á fyrstu 60 dögum uppsagnarfrests skal sáttasemjari ríkisins í vinnudeilum taka deilu um aðalkjarasamning til meðferðar og leita um sættir. Heimilt er hvorum aðila að vísa kjaradeilu fyrr til sáttasemjara.

Sáttasemjari skal kveðja tvo menn með sér til að vinna að lausn kjaradeilu. Menn þessir skulu hafa réttindi og skyldur sáttasemjara í starfi sínu.

16. gr.

Unnið skal að gerð sérkjarasamninga jafnhliða því sem unnið er að gerð aðalkjarasamnings.

Ef gerð sérkjarasamninga er ekki lokið innan 45 daga frá undirritun aðalkjarasamnings, samþykkt sáttatillögu eða miðlunartillögu skal Kjaranefnd skv. 30. gr. taka deilu til meðferðar. Skal nefndin úrskurða um ágreiningsefni innan 45 daga. Gildir úrskurður hennar sem samningur sama tíma og aðalkjarasamningur.

17. gr.

Aðilar kjarasamnings bera fébótaábyrgð á samningsrofum þeim sem þeir sjálfir eða lögmætir fulltrúar þeirra gerast sekir um í störfum sínum fyrir þá. Á samningsrofum einstakra félagsmanna bera heildarsamtök eða einstök félög því aðeins ábyrgð að þeim verði gefin sök á samningsrofinu.

Ekki er heimilt að gera aðför í fundarhúsum, styrktarsjóðum, orlofssjóðum, orlofsheimilum eða menningarsjóðum heildarsamtaka eða einstakra félaga vegna þessarar ábyrgðar enda séu eignir þessar skýrt aðgreindar frá öðrum eignum og óheimilt að verja þeim til almennra þarfa.

III. KAFLI

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 33/1915, um verkfall opinberra starfsmanna, er Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja heimilt að gera verkfall í þeim tilgangi að stuðla að framgangi krafna sinna í deilu um aðalkjarasamning með þeim skilyrðum og takmörkunum sem sett eru í lögum þessum og lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

19. gr.

Ákvörðun um vinnustöðvun ber að tilkynna ríkissáttasemjara og þeim, sem hún beinist gegn, skemmst 15 sólarhringum áður en hún skal hefjast.

Verkfallsboðun skal vera skrifleg og send í ábyrgðarbréfi eða kynnt viðtakanda á annan sannanlegan hátt.

20. gr.

Óheimilt er að hefja vinnustöðvun

1. ef ágreiningur er einungis um atriði sem Félagsdómur á úrskurðarvald um, nema til fullnægingar dómum hans;
2. ef tilgangur vinnustöðvunarinnar er að þvinga stjórnvöld til að framkvæma athafnir, sem þeim lögum samkvæmt ber ekki að framkvæma, eða framkvæma

ekki athafnir, sem þeim lögum samkvæmt er skylt að framkvæma, enda sé ekki um að ræða athafnir þar sem stjórnvöld eru aðili sem vinnuveitandi;
3. ef samþykkt hefur verið sáttatillaga sáttanefndar samkvæmt 24. gr.;
4. til stuðnings aðila í annarri kjaradeilu.

21. gr.

Hafi verkfall verið boðað skal sáttanefnd leggja fram sáttatillögu um aðalkjarasamninga a. m. k. fimm sólarhringum áður en verkfall skal hefjast. Sáttanefnd ber að ráðgast við samninganefndir aðila áður en hún leggur fram sáttatillögu.

Sáttanefnd ákveður í samráði við samninganefndir aðila hvernig atkvæðagreiðslu skuli háttað, þar á meðal um fjölda kjörstaða, og hvenær hún skuli fram fara.

Fjármálaráðherra greiðir atkvæði vegna ríkissjóðs.

Hver ríkisstarfsmaður innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sem á í kjaradeilu, hefur atkvæðisrétt. Leggja skal fram kjörskrá áður en atkvæðagreiðsla hefst. Félagsdómur dæmir um kjörskrárdeilur.

Atkvæðagreiðsla skal vera skrifleg og leynileg og standa í minnst 2 daga. Sáttanefnd eða fulltrúum hennar er heimilt að vera á kjörfundum.

22. gr.

Þegar sáttatillaga samkvæmt 21. gr. hefur verið lögð fram getur sáttanefnd frestað boðuðu verkfalli í allt að 15 sólarhringa. Haft skal samráð við samninganefndir aðila áður en verkfallsfrestun er ákveðin.

23. gr.

Jafnskjótt og atkvæðagreiðslu er lokið skulu atkvæði og kjörgögn send sáttanefnd.

Talning atkvæða fer fram undir stjórn sáttanefndar og er hvorum aðila heimilt að hafa umboðsmann viðstaddan talningu.

24. gr.

Sáttatillaga telst felld ef helmingur greiddra atkvæða hið minnsta er á móti henni enda hafi ekki færri en helmingur atkvæðisbærra ríkisstarfsmanna á kjörskrá greitt atkvæði. Annars telst sáttatillaga samþykkt.

Sáttanefnd úrskurðar um öll vafaatriði sem rísa kunna við atkvæðagreiðslur. Er úrskurður sáttanefndar endanlegur.

Sáttatillaga, sem hefur verið samþykkt, telst gildur aðalkjarasamningur frá þeim degi er atkvæðagreiðsla fór fram og næstu 24 mánuði, sbr. 8. gr.

25. gr.

Nú er vinnustöðvun hafin og sáttatilraunir sáttanefndar hafa ekki borið árangur og er henni þá rétt að leggja fram miðlunartillögu til lausnar kjaradeilu. Sáttanefnd ber að ráðgast við samninganefndir aðila áður en hún leggur fram miðlunartillögu.

Um atkvæðagreiðslur um miðlunartillögu gilda ákvæði 21., 23. og 24. gr. eftir því sem við á.

IV. KAFLI

26. gr.

Þótt löglegt verkfall sé hafið er starfsmönnum, sem í verkfalli eru, skylt að starfa svo að haldið verði uppi nauðsynlegri öryggisvörslu og heilsugæslu. Kjaradeilunefnd ákveður hvaða einstakir menn skuli vinna í verkfalli og hún skiptir

vinnuskyldu á milli manna. Um laun og kjör þessara manna meðan á verkfalli stendur skal fara eftir þeim kjarasamningi sem gerður verður að loknu verkfalli.

27. gr.

Kjaradeilunefnd skal skipuð níu mönnum. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja skal nefna til þrjá menn. Fjármálaráðherra skal nefna til þrjá menn. Tveir skulu kosnir af sameinuðu Alþingi og einn nefndur af Hæstarétti og skal hann vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu valdir á sama hátt. Nefndarmenn skulu skipaðir eða kosnir til fjögurra ára.

Neiti bandalagið eða fjármálaráðherra að nefna menn í nefndina eða menn þeir sem nefndir hafa verið neiti að starfa, skulu þeir þrír nefndarmenn sem kjörnir eru af Alþingi og Hæstarétti nefna menn í nefndina þannig að hún verði fullskipuð.

V. KAFLI

28. gr.

Þrátt fyrir önnur ákvæði laga þessara er mönnum þeim, sem skipa störf þau er upp eru talin í 29. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins með síðari breytingum, og eru félagar í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, óheimilt að gera verkfall.

29. gr.

Um laun og önnur kjör þeirra manna, sem eru félagar í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og um ræðir í 28. gr., skal samið af samninganefnd bandalagsins og viðkomandi starfsmannafélagi. Hafi samningar eigi tekist innan 45 daga frá gerð aðalkjarasamnings skal leggja deiluna fyrir Kjaranefnd sem úrskurðar endanlega um hana.

VI. KAFLI

30. gr.

Kjaranefnd skal skipuð fimm mönnum til fjögurra ára í senn.

Hæstiréttur skipar þrjá nefndarmenn. Skal einn þeirra vera lögfræðingur og formaður nefndarinnar.

Fjármálaráðherra skipar einn nefndarmann.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja skal nefna einn mann í nefndina.

Sömu aðilar skipa varamenn í Kjaranefnd.

Neiti heildarsamtök eða fjármálaráðherra að nefna menn í nefndina eða neiti þeir menn, sem nefndir hafa verið, að starfa í nefndinni, skulu þeir þrír nefndarmenn sem skipaðir eru af Hæstarétti nefna menn í þeirra stað þannig að nefndin verði fullskipuð.

31. gr.

Kjaranefnd sker til fullnaðar úr ágreiningi aðila um þessi atriði:

1. Röðun manna og starfsheita í launaflokka og önnur atriði í sérkjarasamningi, sbr. 2. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 16. gr.
2. Deilum sem rísa kunna á samningstímabili um skipan manna í launaflokka og önnur kjaraatriði sem um er fjallað í sérkjarasamningi.
3. Laun og starfskjör þeirra manna sem um ræðir í 28. gr., sbr. 29. gr.
4. Kjör þeirra sem eru félagar í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja en ekki í einstöku aðildarfélagi bandalagsins.

Einstök félög fara með fyrirsvar starfsmanna fyrir Kjaranefnd þegar fjallað er um þau mál sem um ræðir í 1.—3. tl.

32. gr.

Aðilar skulu leggja ágreiningsefni sín skriflega fyrir Kjaranefnd, lýsa því sem þeir eru sammála um og setja fram sjónarmið sín og rökstyðja.

33. gr.

Kjaranefnd aflar sér sjálf nauðsynlegra gagna og upplýsinga og er henni rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum, þar með töldum embættismönnum.

Kjaranefnd getur kvatt sérfróða menn til starfa í þágu nefndarinnar og til ráðuneytis um úrlausn mála.

VII. KAFLI

34. gr.

Félagsdómur dæmir í málum sem rísa á milli samningsaðila um gildi verkfalls, ágreining um skilning á kjarasamningi, félagsréttindi ríkisstarfsmanna, kjörskrárdeilur og hverjir falli undir ákvæði 29. gr. laga nr. 38/1954.

35. gr.

Þegar Félagsdómur fer með slík mál nefnir Bandalag starfsmanna ríkis og bæja svo og fjármálaráðherra dómara til setu í dómnum í stað þeirra sem nefndir hafa verið af Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja rekur mál fyrir Félagsdómi vegna sjálfs sín, félaga innan sambanda sinna og svo starfsmanna sem hlut eiga að máli. Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum laga um stéttarfélög og vinnudeilur um sóknaraðild máls fyrir Félagsdómi.

VIII. KAFLI

36. gr.

Ríkisstarfsmenn einir skulu velja menn í samninganefndir og í þeim mega aðeins eiga sæti félagsmenn í félögum ríkisstarfsmanna. Sama gildir þegar stjórnir félaga fara með samninga og aðrar þær ákvarðanir eru teknar er varða kjör ríkisstarfsmanna.

Enginn ríkisstarfsmaður má taka þátt í atkvæðagreiðslu eða ákvörðun um kjaramál nema í einu félagi innan heildarsamtakanna.

37. gr.

Ákvæði í ráðningarsamningi er ógilt ef það brýtur í bága við kjarasamning starfsmanni í óhag.

38. gr.

Nú er sett á fót ný ríkisstofnun og skal þá ákveða kjör starfsmanna hennar með samkomulagi milli fjármálaráðherra og þeirra aðildarfélaga viðurkenndra heildarsamtaka sem í hlut eiga.

Náist ekki samkomulag milli þessara aðila skal Kjaranefnd skera úr deilunni.

Sama gildir ef stofnaðar eru nýjar stöður við stofnanir ríkisins.

39. gr.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja skal nefna tvo menn í samstarfsnefnd og fjármálaráðherra tvo. Hlutverk nefndarinnar skal vera að stuðla að samræmingu á framkvæmd laga þessara. Þá skal leggja fyrir nefndina deilumál sem upp kunna

að rísa. Verði samkomulag í samstarfsnefnd um atriði skal það bindandi fyrir báða aðila.

Heimilt er að koma á fót sérstökum samstarfsnefndum einstakra félaga og fjármálaráðherra til að fjalla um ágreiningsmál sem upp koma.

40. gr.

Kostnaður við Kjaradeilunefnd og Kjaranefnd, þar á meðal laun nefndarmanna eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

41. gr.

Starfsmenn borgar-, bæjar- og sveitarstjórna svo og sýslufélaga hafa samningsrétt samkvæmt ákvæðum laga þessara að því breyttu að einstök félög starfsmanna, sem hlutaðeigandi sveitarstjórnir eða sýslunefndir viðurkenna, fara með allan samningsrétt. Skal nánar kveðið á um þetta í reglugerð er félagsmálaráðherra skal setja að höfðu samráði við stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Í reglugerð þessari má kveða á um aðra fresti en ákveðnir eru í lögum þessum svo og hliðstæð ákvæði og um getur í 29. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins með síðari breytingum.

IX. KAFLI

42. gr.

Á hverri vinnustöð, þar sem a. m. k. fimm menn vinna, er starfsmönnum heimilt að kjósa úr sínum hópi einn trúnaðarmann. Á vinnustöð, þar sem fimmtíu menn eða fleiri vinna, má kjósa tvo trúnaðarmenn. Trúnaðarmenn skal kjósa til tveggja ára í senn. Val trúnaðarmanna skal tilkynna vinnuveitanda og stjórn stéttarfélags þegar í stað.

Heimilt er einstökum félögum að semja um aðra skipan á vali trúnaðarmanna en að framan greinir.

43. gr.

Trúnaðarmaður skal gæta þess að vinnuveitandi og fulltrúar hans haldi kjarasamning og réttur starfsmanna sé í hvívetna virtur, einkum um orlof, vinnuvernd, öryggi og hollustuhætti.

Starfsmönnum ber að snúa sér til trúnaðarmanns með umkvartanir sínar. Ber trúnaðarmanni að rannsaka málið þegar í stað er umkvartanir berast eða hann hefur ástæðu til að ætla að gengið sé á rétt starfsmanna eða stéttarfélags á vinnustöð hans af hálfu vinnuveitanda. Komist trúnaðarmaður að þeirri niðurstöðu að umkvartanir eða grunur hafi við rök að styðjast ber honum að krefja vinnuveitanda eða umboðsmann hans um lagfæringu.

Trúnaðarmaður skal gefa starfsmönnum á vinnustöðinni svo og stéttarfélagi, er í hlut á, skýrslu um kvartanir starfsmanna jafnskjótt og við verður komið. Enn fremur gefur hann sömu aðilum skýrslu um hvað vinnuveitandi hafi brotið af sér við starfsmenn og stéttarfélag þeirra svo og hvaða lagfæringar hafi fengist fram.

Trúnaðarmaður á rétt til að rækja skyldur sínar í vinnutíma enda geri hann yfirmanni sínum grein fyrir erindi sínu hverju sinni.

Á vinnustaðnum skal honum veitt aðstaða til þess m. a. að eiga einkaviðræður við samstarfsmenn sína, halda með þeim fundi í kaffitímum eða við lok vinnudags, þar sem því verður við komið, veita honum aðgang að síma o. s. frv.

44. gr.

Gefa skal trúnaðarmanni upplýsingar um ef staða losnar á vinnustað hans eða í ráði er að bæta við starfsmanni. Jafnframt skal láta honum í té upplýsingar um ráðningarkjör og um það hverjir sækja um starfann.

Trúnaðarmaður skal í engu gjalda þess í starfi eða á annan hátt að hann hefur valist til þessa trúnaðarstarfs.

Óheimilt er að flytja trúnaðarmann í lægri launaflokk meðan hann gegnir starfi trúnaðarmanns.

Sé trúnaðarmaður valinn úr hópi starfsmanna sem ráðnir eru með uppsagnarfresti skal hann að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnunni.

45. gr.

Brot á lögum þessum varða stöðumissi, sektum eða varðhaldi.

46. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1977, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða. Jafnframt falla úr gildi gagnvart félagsmönnum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og félaga innan vébanda þess ákvæði laga nr. 33/1915.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Ákvæði II. kafla laganna svo og ákvæði VI. kafla skulu gilda um þá sérkjarasamninga sem gerðir verða í framhaldi af aðalkjarasamningi, dags. 1. apríl 1976, eftir því sem við á, svo og ákvæði VII. kafla. Ef gerð sérkjarasamninga á árinu 1976 verður ekki lokið fyrir 1. júní skal Kjaranefnd samkvæmt II. kafla taka deilu til meðferðar og ljúka úrskurði um ágreiningsefni fyrir 1. júlí og gildir úrskurður hennar sem samningur frá og með 1. júlí.

II.

Heimilt er að segja upp aðalkjarasamningi, dags. 1. apríl 1976, með þeim fyrirvara er um getur í 9. gr. laganna miðað við 1. júlí 1977. Skal um aðdraganda þeirrar samningsgerðar, verkfallsboðanir o. fl. farið samkvæmt þessum lögum eftir því sem við á.

III.

Kjaradeilunefnd samkvæmt IV. kafla laga þessara skal skipuð og taka til starfa eigi síðar en 1. jan. 1977.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við gerð aðalkjarasamnings milli Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og fjármálaráðherra nú í vor gerðu samningsaðilar samkomulag um takmarkaðan verkfallsrétt opinberra starfsmanna innan vébanda Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Yfirlýst var að lagafrumvarp, sem samið yrði á grundvelli samkomulagsins, yrði lagt fram á þessu þingi sem stjórnarfrumvarp. Í samkomulagi þessu segir:

1. Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins verði óbreytt um sinn í meginatriðum. Fjármálaráðherra mun skipa nefnd til að endurskoða þau lög. Miðað er við að æviráðning verði ekki felld niður en þrengd. Þeir sem þegar hafa æviráðningu haldi henni.
2. Sett verði ný lög í stað laga nr. 46/1973 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og laga nr. 33/1915 um bann við verkfalli opinberra starfsmanna. Lög þessi öðlist gildi þ. 1. júlí 1977. Þó skulu ákvæði um gerð sérkjarasamninga öðlast gildi þegar í stað og gilda um þá sérkjarasamninga sem gerðir verða eftir birtingu þessara laga. Aðalkjarasamningur falli úr gildi við gildstöku laganna sé honum sagt upp með þeim fyrirvara sem um getur í 4. lið, (með verkfallsheimild).

3. Aðalkjarasamningar verði gerðir af heildarsamtökum sem ráðherra viðurkennir. Einstök félög hafi heimild til að gera sérkjarasamninga. Í aðalkjarasamningi skal ákveða um föst laun, fjölda launaflokka, vinnutíma, laun fyrir yfirvinnu, orlof, ferðakostnað, fæðiskostnað, fæðisaðstöðu, tryggingar og starfsmenntun, meginreglur um röðun o. fl. sem aðilar eru sammála um. Í sérkjarasamningi skal kveða á um röðun manna og starfsheita í launaflokka svo og kjaraatriði sem aðalkjarasamningur tekur ekki til og eigi eru lögbundin. Um aukatekjur og hlunnindi, sem líkt er farið, skal ákveða í reglugerð.
4. Aðalkjarasamningur gildi skemmst í 24 mánuði frá gildistökudegi miðað við mánaðamót. Uppsagnarfrestur verði skemmst 3 mánuðir. Lögbundinn endurskoðunarréttur með gerðardómi eða verkfallsrétti fylgir ekki aðalkjarasamningi.
5. Uppsögn aðalkjarasamnings í heild felur í sér uppsögn sérkjarasamninga sem á honum byggjast.
6. Ef sérkjarasamningi er ekki lokið innan 45 daga frá undirritun aðalkjarasamnings fari deilan til kjaranefndar sem taki ákvörðun, sem jafngildi samningi, innan 45 daga frá því að hún tók deilu til meðferðar.
7. Kjaranefnd skal skipuð fimm mönnum til fjögurra ára. Þrír skipaðir af Hæstarétti, einn af viðkomandi heildarsamtökum og einn af fjármálaráðherra. Kjaranefnd starfi milli samninga og má skjóta til hennar deilumálum um sérsamninga.
8. Leggja skal öll deilumál fyrst fyrir samstarfsnefnd. Þar séu fjórir menn, tveir frá heildarsamtökum en tveir frá fjármálaráðherra. Verði þeir sammála þá sé það bindandi.
9. Almenn regla að heimilt sé að gera verkföll og verkbönn til að stuðla að framgangi krafna í vinnudeilum. Verkfallsheimild nær aðeins til aðalkjarasamnings.
10. Þessum mönnum er óheimilt að gera verkfall:
    a. Hæstaréttardómarar, ríkissaksóknari, sáttasemjari ríkisins.
    b. Héraðsdómarar, saksóknarar, hæstaréttarritari og starfsmenn Hæstaréttar, lögreglustjórar, fulltrúar lögreglustjórans í Reykjavík, tollstjórar, tollgæslustjórar og fulltrúar saksóknara.
    c. Ráðuneytisstjórar, skrifstofustjórar og deildarstjórar í ráðuneytum, sendiherrar og starfsmenn íslenskra sendiráða erlendis, skrifstofustjóri og deildarstjórar á skrifstofu Alþingis og starfsfólk skrifstofu forseta Íslands.
    d. Starfsmenn sáttasemjara ríkisins.
    e. Starfsmenn Alþingis, forsætisráðuneytis, utanríkisráðuneytis og launadeildar fjármálaráðuneytisins sem eigi falla undir c-lið.
    f. Forstöðumenn stjórnsýslustofnana ríkisins og staðgenglar þeirra.
    g. Forstöðumenn atvinnurekstrar og þjónustufyrirtækja ríkisins og staðgenglar þeirra, nema þeir séu ráðnir sérstakri ráðningu.
    h. Aðrir þeir er gegna embættum sem öldungis verður jafnað til embætta þeirra manna sem getið er í lið a.—g.

    Gengið verði frá sérstakri skrá um þær stöður sem falla undir f, g og h-liði.
11. Kjör þeirra manna sem um ræðir í a-lið 10. gr. og þeirra starfsmanna sem eigi eru innan vébanda heildarsamtaka verði ákveðin af kjaranefnd. Um kjör þeirra sem um ræðir í b—h lið 10. gr. skal samið af viðkomandi heildarsamtökum og starfsmannafélögum sem þeir eru aðilar að. Hafi samningar eigi tekist innan 30 daga frá gerð aðalkjarasamnings skal leggja deiluna fyrir kjaranefnd sem úrskurðar um hana.
12. Um boðun verkfalls fari samkvæmt samþykktum heildarsamtaka.
13. Kjaradeila skal ganga til sáttasemjara ríkisins ekki síðar en mánuði fyrir lok uppsagnarfrests. Strax og deila er komin til sáttasemjara skal hann kveðja til tvo menn til starfa með sér að sáttum.
14. Verkfall skal boða með 15 daga fyrirvara.

    Verkfall má ekki hefja fyrr en sáttatillaga hefur verið felld. Sáttanefnd

skal leggja fram sáttatillögu a. m. k. fimm sólarhringum fyrir lok verkfallsboðunarfrests.

Þegar sáttatillaga hefur verið lögð fram getur sáttanefnd frestað verkfalli í allt að 15 daga.

Eftir að verkfall er hafið getur sáttanefnd alltaf komið fram með miðlunartillögur eftir venjulegum reglum.

Samúðarverkföll eru óheimil.

Sáttatillaga og miðlunartillaga telst felld ef yfir 50% greiddra atkvæða er á móti henni enda hafi yfir 50% á kjörskrá greitt atkvæði. Annars telst tillaga samþykkt. Sett verði ákvæði um kjörskrár, kjörskrárkærur o. fl. Sáttanefnd telji atkvæði og úrskurði um talningu.

Kosning skal standa í a. m. k. 2 daga.

15. Halda skal uppi nauðsynlegri öryggisgæslu og heilsugæslu þrátt fyrir verkfall. Kjaradeilunefnd ákveður hvaða einstakir starfsmenn skuli vinna í verkfalli. Í nefndinni skulu eiga sæti níu menn. Þrír skulu valdir af fjármálaráðherra, þrír af heildarsamtökum launþega og tveir kjörnir af sameinuðu Alþingi, einn skipaður af Hæstarétti og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu valdir á sama hátt. Fulltrúar í kjaradeilunefnd skulu kjörnir til fjögurra ára. Skipta má vinnuskyldu milli manna.
16. Sett verði sérstök ákvæði um trúnaðarmenn.
17. Sett verði sérstök viðurlagaákvæði.
18. Breytt verði ákvæðum um fjármögnun lífeyrisréttinda lífeyrisþega í hinum verðtryggðu lífeyrissjóðum starfsmanna ríkisins. Lífeyrissjóðirnir verði skyldaðir til að ávaxta 30% af heildarútlánafé sínu í verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs. Miðað verði við að ríkissjóður ábyrgist og greiði einungis þann hluta lífeyrisins sem lífeyrissjóðirnir sjálfir geta ekki risið undir með tekjum sínum af vöxtum og verðbótum af ofangreindum verðtryggðum lánum. Félagsmálaráðherra ákveður nánar með reglugerð sambærilegar reglur um lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga.

Fyrir liggur að efnisatriði þessara draga ná einungis til Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og kunna því ákvæði þau í drögum þessum sem einungis varða félagsmenn annarra launþegasamtaka að breytast.

Umræður um þetta samkomulag stóðu í nokkuð langan tíma við forsvarsmenn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Bandalags háskólamanna. Upphaflega var það gert að skilyrði að samkomulag næðist við bæði bandalögin um frumvarp til laga um samningsrétt opinberra starfsmanna, en Bandalag háskólamanna gat ekki sætt sig við tveggja ára samning án endurskoðunarréttar á samningstímanum skv. 4. gr. samkomulagsins, jafnframt því sem þeir töldu upptalningu skv. 10. gr. samkomulagsins vera of viðtæka. Lagafrumvarp það sem hér er lagt fram nær eingöngu til þeirra opinberu starfsmanna sem eru félagar í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja eða félaga innan vébanda þess.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin taki eingöngu til þeirra aðila sem eru félagar í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja enda verði starf þeirra talið aðalstarf.

Lögin taka ekki til ráðherra, hæstaréttardómara, saksóknara ríkisins eða bankastarfsmanna enda þótt þeir séu félagsmenn í BSRB. Gildir því óbreytt löggjöf og reglur um þessa aðila.

Rétt þótti að heimila fjármálaráðherra að ákveða með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar. Félagsmálaráðherra getur á sama hátt skv. 41. gr. sett nánari ákvæði hér um vegna starfsmanna sveitarstjórna.

Um 2. gr.

Greinin tryggir aðilum að gengið verði til tvískiptra samninga og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Hér er gert ráð fyrir að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja sé í fyrirsvari við gerð aðalkjarasamnings en einstök félög innan vébanda bandalagsins fari með samningsumboð við gerð sérsamninga.

Um 5. gr.

Ríkisstarfsmaður, sem lög þessi taka til, getur ekki verið félagi eða aðili að félagi innan annarra viðurkenndra heildarsamtaka. Hér er nauðsynlegt að ekki fari milli mála hvort um kjör einstaklinga fari eftir þessum lögum eða lögum nr. 46/1973 hvað varðar samningsrétt. Vilji ríkisstarfsmaður skipta um félag á samningstímanum gildir út það samningstímabil sá aðalkjarasamningur og sérkjarasamningur sem félag það gerði er hann var aðili að.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa. Efnislega samhljóða 5. mgr. 3. gr. laga nr. 46/1973.

Um 7. gr.

Hér er gert ráð fyrir að aðalkjarasamningur verði nokkuð víðtækari en nú er, þannig að öll almenn kjaraatriði verði upp tekin í aðalkjarasamningi. Sérkjarasamningar verði því þrengdir og taka fyrst og fremst til röðunar manna og starfsheita í launaflokka.

Um 8. gr.

Kjarasamningar verði gerðir til eigi skemmri tíma en tveggja ára og gætu orðið lengri, þannig að kjarasamningar yrðu ekki alltaf lausir á sama árstíma. Ekki er gert ráð fyrir lögbundnum endurskoðunarrétti á samningstímanum þótt kjarabreytingar eigi sér stað á vinnumarkaðinum.

Um 9. og 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Hér er ekki gerð krafa um ákveðið form eða atkvæðagreiðslu um uppsögn samninga eða boðun verkfalls þar sem verkfall verður ekki hafið fyrr en að undangenginni almennri atkvæðagreiðslu skv. 21. gr.

Um 12. gr.

Gert er ráð fyrir að kröfugerð um sérsamninga liggi fyrir mánuði áður en aðalkjarasamningur gengur til sáttasemjara.

Um 13. og 14. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Hér er gert ráð fyrir að deilan fari sjálfkrafa til sáttasemjara mánuði fyrir lok uppsagnarfrests. Aðilar geta þó vísað deilu fyrr til sátta.

Sáttasemjari skipar sjálfur sáttanefnd og er gert ráð fyrir að það sé gert strax og hann tekur deilu til meðferðar.

Um 16. gr.

Gert er ráð fyrir að undirbúningur að gerð sérkjarasamninga verði unninn jafnhliða gerð aðalkjarasamnings.

Deila um sérkjarasamninga gengur ekki sjálfkrafa til sáttasemjara og sáttatillaga skv. 21. gr. verður ekki lögð fram vegna sérkjarasamninga.

Náist ekki samkomulag um gerð sérkjarasamninga úrskurðar kjaranefnd um ágreiningsefni.

Aðilar flytja mál sitt skriflega fyrir kjaranefnd.

Um 17. gr.

Efnislega samhljóða 8. gr. laga nr. 80/1938. Þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 18. gr.

Hér er gert ráð fyrir að BSRB sé heimilt að gera verkfall, þó eingöngu við gerð aðalkjarasamnings. Ekki er gert ráð fyrir heimild fjármálaráðherra til verkbanna þar sem verkfallsréttur er eingöngu í höndum heildarsamtaka en ekki einstakra félaga, auk þess sem önnur heildarsamtök hafa ekki verkfallsrétt. Réttur til verkbanna er því óraunhæfur.

Um 19. gr.

Hér er ekki gerð krafa um ákveðið form eða atkvæðagreiðslu við verkfallsboðun, sbr. það sem sagt er um 11. gr.

Um 20. gr.

Greinin er efnislega hliðstæð 17. gr. laga nr. 80/1938. Allur vafi er þó af tekinn um samúðarverkföll og að óheimilt sé að halda áfram verkfalli ef sáttatillaga skv. 24. gr. hefur verið samþykkt. Ákvæði 18. gr. tryggja einnig að verkföll séu ólögleg nema til að stuðla að framgangi krófugerðar við gerð aðalkjarasamnings, með þeim fyrirvörum og undantekningum sem þessi grein gerir ráð fyrir.

Um 21. gr.

Óheimilt er að hefja verkfall nema sáttatillaga hafi áður verið borin undir atkvæði og felld. Greininni er ætlað að tryggja að vilji félagsmanna BSRB fyrir verkfalli sé fyrir hendi og fáir menn hafi það ekki í valdi sínu að hefja verkföll. Sáttanefnd sér um atkvæðagreiðslu, talningu og úrskurðar um öll vafaatriði varðandi atkvæðagreiðsluna nema kjörskrárdeilur sem félagsdómur dæmir um.

Gert er ráð fyrir að launadeild fjármálaráðuneytisins gefi út kjörskrárstofn.

Atkvæðagreiðsla skal standa skemmst í 2 daga og getur sáttanefnd lengt þetta tímabil, ef þurfa þykir, t. d. ef veður eða ófærð hamla því að fólk geti sótt kjörstað. Sáttanefnd ákveður fjölda kjörstaða, á hvaða tíma kjörfundir eru opnir o. fl. í samráði við samninganefndir aðila.

Um 22. gr.

Gert er ráð fyrir að sáttanefnd geti frestað boðuðu verkfalli um allt að 15 sólarhringa eftir að sáttatillaga hefur verið lögð fram. Það er sáttanefndar að meta hversu langan tíma þurfi til að kynna sáttatillögu, útbúa kjörskrár, greiða atkvæði, safna þeim saman og telja þau. Frestun sáttanefndar er því fyrst og fremst ætluð til framkvæmda á atkvæðagreiðslu.

Um 23. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 24. gr.

Hér er í fyrsta lagi gerð sú krafa að 50% atkvæðisbærra manna taki þátt í atkvæðagreiðslu um sáttatillögu, að öðrum kosti telst sáttatillaga samþykkt. Í öðru lagi þarf a. m. k. helmingur greiddra atkvæða að vera á móti sáttatillögu til að fella hana. Ákvæði um kjörsókn og atkvæðamagn eru hér mun strangari en gert er ráð fyrir í 32. gr. laga nr. 80/1938.

Um 25. gr.

Eftir að vinnustöðvun er hafin getur sáttanefnd borið fram miðlunartillögu svo sem venja er í almennum vinnudeilum, sbr. 30. gr. laga nr. 80/1938.

Um 26. gr.

Hér er gert ráð fyrir að verkfallsrétti verði þau takmörk sett að öryggi og heilsu fólks verði ekki stefnt í hættu. Upptalning á þeim störfum sem hér um ræðir getur ekki orðið tæmandi og er því sérstakri nefnd falið að ákveða hvaða störf þurfi að vinna og skipta vinnuskyldu á einstaklinga innan viðkomandi starfshópa.

Um 27. gr.

Hér er fjallað um skipan kjaradeilunefndar og gert ráð fyrir að nefndin starfi allt árið þar sem skipuleggja þarf neyðarþjónustu áður en til verkfalla kemur. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða III er gert ráð fyrir að kjaradeilunefnd taki til starfa eigi síðar en 1. jan. 1977.

Um 28. gr.

Jafnhliða frumvarpi þessu er lagt fram frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Í því frumvarpi er ákveðið að mönnum í nokkrum störfum sé óheimilt að gera verkfall, eins og nánar er talið upp í frumvarpinu.

Um 29. gr.

Gert er ráð fyrir að samninganefnd Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hafi samningsrétt fyrir félaga skv. 28. gr. hvað varðar atriði aðalkjarasamnings og samninganefndir einstakra félaga hvað varðar sérkjaraatriði. Náist ekki samkomulag úrskurðar kjaranefnd samkvæmt VI. kafla um deiluatriði.

Um 30. gr.

Greinin kveður á um skipun kjaranefndar og hvernig með skuli farið ef aðilar neita að skipa í nefndina.

Um 31. gr.

Í greininni eru talin upp þau atriði sem kjaranefnd á fullnaðarúrskurðarvald um. Valdsvið kjaranefndar samkvæmt þessu lagafrumvarpi er mun meira en kjaranefndar skv. 25. gr. laga nr. 46/1973 og fer að nokkru leyti með það vald sem Kjaradómi er fengið samkvæmt þeim lögum.

Um 32. og 33. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 34. og 35. gr.

Hér er gert ráð fyrir að félagsdómur samkvæmt VI. kafla laga nr. 80/1938 dæmi um þau ágreiningsefni sem upp eru talin í 34. gr. Dómurinn er að því leyti til öðruvísi skipaður að í stað þeirra dómara sem tilnefndir eru af Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands verða þeir dómarar nú tilnefndir af fjármálaráðherra og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Að öðru leyti vísast til IV. kafla laga nr. 80/1938 eftir því sem við á.

Um 36. gr.

Greinin gerir ráð fyrir að samninganefndir séu valdar af viðkomandi félögum eða heildarsamtökum og kjörgengir í samninganefndir séu eingöngu fullgildir félagsmenn.

Um 37. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 38. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 39. gr.

Greinin gerir ráð fyrir sérstakri samstarfsnefnd til lausnar á málum sem upp kunna að koma og ekki er grundvallarágreiningur um. Telja verður að mörg slík ágreiningsefni megi leysa með samkomulagi og þurfi því ekki að leita úrskurðar kjaranefndar eða félagsdóms ef málin eru rædd í slíkri nefnd.

Samstarfsnefnd með fulltrúum fjármálaráðherra og Starfsmannafélags ríkisstofnana hefur samkvæmt samningum verið starfrækt á síðasta samningstímabili og gert er ráð fyrir að heimilt verði að slíkar nefndir starfi áfram.

Um 40. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 41. gr.

Efnislega samhljóða 32. gr. laga nr. 46/1973.

Um 42., 43. og 44. gr.

Á svipaðan hátt og í 9.—13. gr. laga nr. 80/1938 er hér gert ráð fyrir að ákvæði um trúnaðarmenn verði lögfest. Stuðst er við fyrrnefnd ákvæði laga nr. 80/1938 og samkomulag sem gert hefur verið við SFR um trúnaðarmenn. Greinarnar skýra sig að öðru leyti sjálfar.

Um 45. gr.

Grein þessi fjallar um refsingu vegna brota á lögum þessum. Þó geta brot að sjálfsögðu fallið undir refsiramma annarra laga.

Um 46. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

I.

Gert er ráð fyrir að þeir kjarasamningar sem nú standa yfir og gerðir eru í framhaldi af aðalkjarasamningi, dags. 1. apríl 1976, verði gerðir samkvæmt þessu lagafrumvarpi ef að lögum verður. Náist ekki samningar um sérkjarasamninga ganga þeir því ekki til Kjaradóms, heldur til úrskurðar kjaranefndar samkvæmt þessu lagafrumvarpi.

II.

Kjarasamningur dags. 1. apríl 1976 var gerður til tveggja ára skv. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 46/1973. Hér er gert ráð fyrir að segja megi upp aðalkjarasamningi þessum þannig að hann verði laus við gildistöku laganna 1. júlí 1977 og getur þá verkfall komið til framkvæmda ef samningar takast ekki.

III.

Samkvæmt því sem sagt hefur verið um 27. gr. er hér gert ráð fyrir að kjaradeilunefnd taki til starfa 1. jan. 1977.

Ed. 573. Frumvarp til laga [259. mál]

um breyting á lögum nr. 46 24. maí 1973 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Lög þessi taka til allra starfsmanna, sem eru skipaðir, settir eða ráðnir í þjónustu ríkisins, ríkisstofnana eða atvinnufyrirtækja ríkisins með föstum tíma-, viku- eða mánaðarlaunum, enda verði starf þeirra talið aðalstarf.

Ákvæði laganna taka þó ekki til

1. ráðherra, hæstaréttardómara né saksóknara ríkisins;
2. ríkisstarfsmanna, sem eru félagar í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja eða félagi innan vébanda þess, en um laun þeirra og starfskjör fer samkvæmt sérstökum lögum;
3. starfsmanna ríkisbanka né lánastofnana ríkisins;
4. iðnaðarmanna, sjómanna, verkafólks né starfsfólks í iðjuverum, en um kaup þeirra og kjör fer eftir kjarasamningum stéttarfélaga þeirra og vinnuveitenda, sbr. lög nr. 80/1938.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1977.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þar sem nú hefur verið lagt fram frumvarp til laga um kjarasamninga BSRB er hér gert ráð fyrir breytingu á lögum nr. 46/1973 sem gerir ráð fyrir að félagsmenn BSRB falli ekki lengur undir þá löggjöf.

Ed. 574. Frumvarp til laga [260. mál]

um breyting á lögum nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Við 29. gr. laganna bætast eftirtaldar málsgreinar:

Þrátt fyrir ákvæði laga um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja er starfsmönnum er skipa eftirtalin störf óheimilt að gera verkfall:

1. Héraðsdómarar, hæstaréttarritari og starfsmenn Hæstaréttar, lögreglustjórar, fulltrúar lögreglustjórans í Reykjavík, tollstjórar, tollgæslustjórar og fulltrúar saksóknara.
2. Ráðuneytisstjórar, skrifstofustjórar og deildarstjórar í ráðuneytum, sendiherrar, starfsmenn íslenskra sendiráða erlendis, skrifstofustjóri og deildarstjórar á skrifstofu Alþingis og starfsfólk skrifstofu forseta Íslands.
3. Starfsmenn sáttasemjara ríkisins.
4. Starfsmenn Alþingis, forsætisráðuneytis, utanríkisráðuneytis og launadeildar fjármálaráðuneytisins er eigi falla undir 2. tl.
5. Forstöðumenn stjórnsýslustofnana ríkisins og staðgenglar þeirra.
6. Forstöðumenn atvinnurekstrar- og þjónustufyrirtækja ríkisins og staðgenglar þeirra, nema þeir séu ráðnir sérstakri ráðningu.

7. Aðrir þeir er gegna embættum sem öldungis verður jafnað til embætta þeirra manna sem getið er í 1.—6. tl.

Fyrir 15. janúar ár hvert skal fjármálaráðherra birta skrá um nöfn og störf þeirra manna, sem falla undir ákvæði 1.—7. tl.

Rísi mál um hvort maður falli undir ákvæði 1.—7. tl. 1. mgr. skal það mál lagt fyrir Félagsdóm sem sker úr því til fullnustu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1977.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við gerð aðalkjarasamnings milli BSRB og fjármálaráðherra nú í vor var m. a. gert samkomulag um takmarkaðan verkfallsrétt opinberra starfsmanna innan BSRB.

Í samkomulagi þessu er gert ráð fyrir að félagsmenn BSRB hafi heimild til að gera verkfall, með þeim takmörkunum er þar greinir.

Stór hluti þeirra stöðuheita sem upp eru talin í frumvarpinu eru nú ekki skipuð mönnum sem eru félagar í BSRB eða félögum innan vébanda þess. Upptalning er þó nauðsynleg þar sem allir ríkisstarfsmenn geta orðið félagsmenn í BSRB þótt þeir uppfylli einnig skilyrði til að öðlast inngöngu í félög innan vébanda annarra heildarsamtaka.

Í 5., 6. og 7. tölulið er talað um forstöðumenn stjórnsýslustofnana, atvinnurekstrar- og þjónustufyrirtækja ríkisins og aðra er gegna embættum sem verður öldungis til þeirra jafnað. Hins vegar er boðið að skrá skuli gerð um þessa aðila ár hvert og leggja megi ágreining um þessi mál fyrir Félagsdóm. Hér myndi vera um frekar fámennan hóp að ræða sem fer með húsbóndavald í umboði ríkisins yfir allfjölmennum hóp manna. Er gert ráð fyrir að hópur þessi verði takmarkaður. Þannig myndu hvorki verslunarstjórar eða skólastjórar almennra skóla falla undir hann.

Ed. 575. Frumvarp til laga [261. mál]

um breyting á lögum nr. 92 24. desember 1955 um laun starfsmanna ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Lokamálsgrein 25. gr. laganna orðist svo:

Fyrir innheimtu ríkissjóðstekna og annarra gjalda, er innheimtumenn ríkissjóðs (þ. e. sýslumenn, bæjarfógetar, lögreglustjórar og yfirsakadómarinn, yfirborgardómarinn, yfirborgarfógetinn og tollstjórinn í Reykjavík) innheimta samkvæmt embættisskyldu sinni, skulu greidd laun samkvæmt reglugerð, er fjármálaráðherra setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að niður verði fellt það ákvæði 25. gr. l. nr. 92/1955, sem kveður á um lögbundna þóknun til innheimtumanna ríkissjóðs vegna innheimtu ríkissjóðstekna, en þeim verði þess í stað ákveðin laun fyrir störf þessi með reglugerð, er fjármálaráðherra setur.

Núverandi skipan á þessum málum hefur sætt nokkurri gagnrýni hin síðari ár, enda eru þær forsendur sem hún hvíldi á að mörgu leyti breyttar. Skv. nú-

gildandi lagaákvæðum eru innheimtumönnum reiknuð laun af innheimtum ríkissjóðstekjum án tillits til þess, hversu háar upphæðir eru til innheimtu. Innheimtuhlutfallið, þ. e. hlutfallið milli fjárhæða þeirra, sem innheimta skal annars vegar og þeirra fjárhæða, sem innheimtar eru hins vegar, hefur hins vegar ekki skipt máli við útreikning innheimtulaunanna. Laun innheimtumannanna hafa af þessum sökum fyrst og fremst ráðist af því, hversu fjölmenn umdæmi þeirra eru en ekki af hlutfallslegum innheimtuárangri þeirra. Þetta hefur leitt til mjög ójafnrar skiptingar innheimtulaunanna milli innheimtumannanna innbyrðis. Innheimtumenn í fáeinum stærstu umdæmunum hafa haft óeðlilega mikil innheimtulaun, en innheimtumenn í hinum smærri umdæmum hafa lítið borið úr býtum, enda þótt þeir næðu mjög góðum árangri við innheimtuna.

Með bréfi, dags. 27. okt. 1971, skipaði fjármálaráðherra nefnd til að gera tillögur um breytt fyrirkomulag um greiðslu aukatekna sýslumanna, bæjarfógeta og sambærilegra embættismanna. Nefndina skipuðu þeir Baldur Möller, Björn Fr. Björnsson, Björn Hermannsson og Sigurgeir Jónsson. Skilaði nefndin tillögum sínum í júní 1972. Taldi nefndin þörf á gagngerri breytingu á núverandi aukatekjukerfi. Miðuðu tillögur nefndarinnar að því að jafna hlut innheimtumannanna frá því, sem verið hefur, og jafnframt að því að gera innheimtulaunakerfið að hvata til bætts innheimtuárangurs.

Föst laun sýslumanna eru nú ákveðin einhliða af fjármálaráðherra, í samræmi við ákvæði 2. mgr. 4. gr. laga nr. 46/1973 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Virðist eðlilegt að ákvörðunarvald um önnur kjör þeirra verði einnig í höndum ráðherra. Er því lagt til að nýskipan innheimtulaunakerfis verði ákveðin í reglugerð af fjármálaráðherra en á þann hátt er unnt að ná heildar samræmi við ákvörðun kjara þessa hóps ríkisstarfsmanna.

Þau meginatriði, sem talið hefur verið að taka þyrfti tillit til við setningu reglugerðar um aukatekjur innheimtumanna ríkissjóðs eru eftirfarandi:

Að innheimtulaunakerfið í heild verði ekki kostnaðarsamara fyrir ríkissjóð en nú er.

Að innheimtulaunakerfið sé hvetjandi, þ. e. að innheimtulaun hvers innheimtumanns verði bæði háð þeirri upphæð, sem til innheimtu er af hverjum gjaldaflokki og þeirri hlutfallstölu, er hann innheimtir af þeirri upphæð.

Að innheimtulaunahlutfall af einstökum gjaldaflokkum fari eftir því hversu erfitt eða auðvelt er að innheimta gjöld skv. þeim.

Með 35. gr. laga nr. 11/1975 var ákveðið að 6% innheimtulaun vegna kirkjugarðsgjalda skyldu framvegis renna í ríkissjóð. Nái frumvarp þetta fram að ganga yrði innheimtumönnum greidd innheimtulaun fyrir þessa innheimtu samkvæmt almennum ákvæðum reglugerðarinnar um innheimtu fyrir aðra. Á sama hátt færi um laun vegna innheimtu sóknargjalda ef það ákvæði í frumvarpi til sóknargjalda, er nú liggur fyrir þinginu og kveður á um að innheimtulaun frá sóknarnefndum renni til ríkissjóðs, verður að lögum.

Á það skal bent, að hliðstætt ákvæði er í 3. mgr. 7. gr. frumvarps til laga um kjarasamninga B.S.R.B., er nú liggur fyrir þinginu.

Nd. 576. Nefndarálit [219. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur haft frv. til meðferðar og mælir með samþykkt þess með þeirri breytingu, sem felst í tillögu nefndarinnar á sérstöku þingskjali.

Nefndin hefur leitað álits einstakra háskóladeilda um frv. svo og Stúdentaráðs og fengið til viðtals rektor Háskóla Íslands, Guðlaug Þorvaldsson prófessor.

Það skal tekið fram, að eigi bárust álitsgerðir frá öllum háskóladeildum, en það er sammerkt með þeim álitsgerðum, sem bárust, að deildir Háskólans lýsa sig í meginatriðum samþykkar efni frv. Þó kemur í ljós, að innan Háskólans eru að einhverju leyti skiptar skoðanir um prófdómarafyrirkomulagið. Samt virðist einsýnt, að mjög almennt á sú stefna frv. fylgi að fagna, að fækkað verði þeim tilfellum þar sem prófdómarar eru skipaðir til starfa. Jafnframt er lögð áhersla á að kennarar Háskólans geti óskað skipunar prófdómara, þegar þeim þykir sérstök ástæða til. Hefur nokkur ágreiningur staðið um skýrleik orðalags frv. um það tiltekna atriði. Til þess að taka af tvímæli leggur menntamálanefnd til, að orðalagi 10. gr. 2. mgr. i. f. verði breytt svo að í staðinn fyrir orðalagið: „Einnig getur kennari, telji hann til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í **einstöku prófi**" komi: „Einnig getur kennari óskað skipunar prófdómara í **einstakri prófgrein eða prófþætti,** ef hann telur sérstaka ástæðu til þess." Með þessu orðalagi ætti að vera ljóst, að kennari á þess kost að óska skipunar prófdómara til þess að dæma um úrlausnir **allra** stúdenta í hlutaðeigandi prófgrein eða prófþætti, en ekki einungis **eins** stúdents eða fárra, eins og orðalag frv. gaf tilefni til að ætla.

Stúdentaráð er meðmælt samþykkt frv.

Forseti heimspekideildar, Bjarni Guðnason prófessor, gerir þá sérstöku athugasemd við 1. gr. frv., að sér finnist að svonefndir „hlutadósentar" og „hlutalektorar" í læknadeild, sem „skili 37% vinnu til Háskólans", ættu ekki að hafa atkvæðisrétt við rektorskjör.

Alþingi, 28. apríl 1976.

Ingvar Gíslason, form., frsm.	Sigurlaug Bjarnadóttir, fundaskr.	Svava Jakobsdóttir.
Ólafur B. Óskarsson.	Gunnlaugur Finnsson.	Magnús T. Ólafsson.
	Ellert B. Schram.	

Nd. 577. Breytingartillaga [219. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Við 10. gr. Síðasti málsliður 2. mgr. orðist þannig:

Einnig getur kennari óskað skipunar prófdómara í einstakri prófgrein eða prófþætti, ef hann telur sérstaka ástæðu til þess.

Ed. 578. Nefndarálit [108. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 frá 23. apríl 1968.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundum sínum og leggur til að það verði samþykkt óbreytt eins og það var afgreitt frá Nd.

Alþingi, 29. apríl 1976.

Ingi Tryggvason, form., frsm.	Axel Jónsson, fundaskr.	Halldór Ásgrímsson.
Jón G. Sólnes.	Oddur Ólafsson.	Geir Gunnarsson.
	Eggert G. Þorsteinsson.	

Nd. 579. Breytingartillaga [231. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 63 16. apríl 1971, um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum.

Frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Við 2. gr. Í stað orðanna „Falli félagi frá, áður en hann nær 76 ára aldri, skal" í 4. mgr. komi: Falli félagi frá, áður en hann nær 70 ára aldri, skal.

Ed. 580. Lög [144. mál]

um flokkun og mat á gærum.

(Afgreidd frá Ed. 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 532 (sbr. 305).

Ed. 581. Frumvarp til laga [209. mál]

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sbr. lög nr. 72 1. júní 1972 og lög nr. 58 30. apríl 1973 um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 29. apríl.)

1. gr.

4. mgr. A-liðar 8. gr. orðist svo:

Húsnæðismálastjórn er heimilt að veita lán til kaupa á eldri íbúðum og til endurbóta á eigin húsnæði öryrkja og ellilífeyrisþega. Húsnæðismálastjórn gerir árlega tillögu til ráðherra um þá heildarfjárhæð, sem heimilt er að veita á ári hverju í þessu skyni. Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um heildarfjárhæð, úthlutun, lánstíma og tryggingar slíkra lána, að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar.

2. gr.

1. málsliður 2. mgr. B-liðar 8. gr. breytist svo:

Á eftir orðunum: Heimilt er að veita lán til byggingar leiguíbúða — komi — eða söluíbúða.

3. gr.

2. mgr. B-liðar 8. gr. breytist svo:

Í stað orðanna „Á næstu 5 árum er heimilt að veita slík lán út á allt að 1000 íbúðir" komi: Á næstu 5 árum skal veita slík lán út á eigi færri en 150 íbúðir hvert ár eða samtals 750 íbúðir, enda sé eftirspurn eftir lánum þessum af hálfu sveitarfélaga.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 23 23. maí 1975.

Nd. 582. Frumvarp til laga [52. mál]

um breyting á búfjárræktarlögum, nr. 31 24. apríl 1973.

(Eftir 2. umr. í Nd., 29. apríl)

1. gr.

Aftan við 18. gr. laganna bætist eftirfarandi málsgreinar:

Búnaðarfélagi Íslands ber að sjá um að hreinrækta íslenska forustuféð. Semja ber við einstaklinga, sauðfjárræktarfélög eða ríkisbú að annast þetta verkefni undir umsjón og eftirliti félagsins.

Framlag til þessarar stofnræktar skal vera tvöfalt miðað við aðra stofnrækt sauðfjár.

Aðeins einn aðili getur notið framlags í hverjum landsfjórðungi auk Vestfjarða eða mest 5 á landinu öllu.

Framlag á stofnrækt forustufjár miðist minnst við 8 ær, skýrslufærðar, og mest 15 hjá hverjum stofnræktaraðila.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 583. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 101 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Efni þessa frv. má skipta í tvo meginþætti:

1. Einkaréttur mjólkursamsölu og mjólkurbúa til smásöludreifingar á mjólk og mjólkurvörum er afnuminn og er nú afmarkaður við heildsölustigið.
2. Þau nýmæli eru í frv. að verðjöfnunargjald af öllum búvörum skuli talið til dreifingarkostnaðar og að við ákvörðun verðjöfnunargjalds skuli heimilt að taka tillit til fjármagnskostnaðar sláturhúsa og mjólkurbúa.

Nefndin varð eigi sammála um afgreiðslu málsins. Við undirritaðir, sem skipum minni hluta nefndarinnar, erum samþykkir þeim efnisþætti frv., að tímabært sé að afnema einkarétt mjólkursamsölu og mjólkurbúa til smásölu á mjólk og mjólkurvörum. Öll þróun mála hefur hnigið í þá átt og segja má að þessi skipan sé þegar á komin þar sem meiri hluti neyslumjólkur í Reykjavík er nú seldur úr almennum matvörubúðum. Hins vegar höfum við haft uppi nokkrar athugasemdir um framkvæmd málsins. Við teljum að þurft hefði að tryggja atvinnuöryggi þeirra 160—170 kvenna sem nú starfa í mjólkurbúðum í Reykjavík. Þá teljum við verulega hættu á því, að sum bæjarhverfin í Reykjavík — einkum í gamla bænum — verði afskipt um þjónustu þegar Mjólkursamsalan hefur lagt niður sínar búðir. Í þessum hverfum býr einkum aldrað fólk, sem ekki hefur aðstöðu til að sækja stórmarkaði. Við höfum einnig lagt áherslu á þau ummæli, sem fram koma í umsögn borgarlæknisins í Reykjavík, að hætta væri á að veruleg afturför ætti sér stað varðandi geymslu og hreinlætisaðstöðu á útsölustöðum mjólkur og mjólkurafurða ef búðir Mjólkursamsölunnar verða lagðar niður, en þær hafa flestar verið til fyrirmyndar á þessu sviði.

En þrátt fyrir þær athugasemdir, sem við gerum um framkvæmd málsins, hefðum við staðið að afgreiðslu þessa efnisþáttar frv. með meiri hlutanum, ef ekki væru þær veigamiklu breytingar á frv., sem felast í öðrum efnisþætti þess. Í nefndinni var boðið samkomulag um afgreiðslu málsins ef annar efnisþáttur frv. væri felldur niður, en því hafnaði meiri hlutinn.

Eins og að framan segir, eru þau nýmæli í frumvarpinu að verðjöfnunargjald af öllum búvörum skuli talið til dreifingarkostnaðar og að við ákvörðun verðjöfnunargjalds skuli heimilt að taka tillit til fjármagnskostnaðar sláturhúsa og mjólkurbúa. Þessari veigamiklu breytingu á lögunum erum við andvígir og teljum að hún geti haft stórfelld áhrif til hækkunar á verði allrar búvöru til neytenda.

Í þessu sambandi viljum við minna á að nú stendur fyrir dyrum endurskoðun á verðmyndunarkerfi landbúnaðarvara og hefur verkalýðshreyfingunni verið boðið að eiga fulltrúa við þá endurskoðun. Alþýðusambandið hefur þegar tilnefnt sinn fulltrúa í nefndina. Það er áreiðanlega áhugamál neytenda að það kerfi, sem ræður verðmyndun landbúnaðarvara, verði endurskoðað, og þegar sú endurskoðun stendur fyrir dyrum verður það að teljast bein árás á og móðgun við neytendur og verkalýðshreyfinguna sérstaklega, ef knýja á í gegn þá breytingu á lögunum að telja verðjöfnunargjald og fjármagnskostnað vinnslustöðva skilyrðislaust til dreifingarkostnaðar. Af ókunnum ástæðum hefur sú endurskoðunarnefnd, sem hér um ræðir, ekki enn verið kölluð til starfa. Var það kannske ætlunin að knýja fyrst fram þessa breytingu á lögunum og koma þar með í veg fyrir að starf nefndarinnar gæti borið árangur?

Þar sem tilboði okkar um afgreiðslu mjólkurmálsins hefur verið hafnað og við það hefur verið tengt óskylt mál, sem felur í sér afarkosti fyrir neytendur, þá leggjum við til að frv. verði fellt.

Alþingi, 30. apríl 1976.

Eðvarð Sigurðsson, frsm. Benedikt Gröndal.

Ed. 584. Frumvarp til laga [262. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til aðildar að Iðnþróunarsjóði fyrir Portúgal.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að gerast aðili fyrir Íslands hönd að Iðnþróunarsjóði fyrir Portúgal, sem ákveðið hefur verið að stofna á vegum Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA).

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að leggja fram á næstu 5 árum framlag Íslands til sjóðsins, jafnvirði samtals 846 045 sérstakra dráttarréttinda Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (Special Drawing Rights).

3. gr.

Viðskiptaráðherra skipar fulltrúa Íslands í stjórnarnefnd sjóðsins og annan til vara.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á fundi 7. apríl s.l. samþykkti ráð Fríverslunarsamtaka Evrópu reglur um Iðnþróunarsjóð fyrir Portúgal, sem skal vera stofnun samtakanna. Sjóðurinn tekur til starfa, þegar nauðsynlegra heimilda hefur verið aflað frá þjóðþingum aðildarlandanna.

Á ráðherrafundi Fríverslunarsamtaka Evrópu 6. nóvember 1975 var tekin ákvörðun um myndun sjóðs til aðstoðar Portúgal, sem skyldi vera jafnvirði 100 milljóna Bandaríkjadollara, enda hefur Portúgal átt í miklum efnahagsörðugleikum. All marga fundi sérfræðinga þurfti til að semja reglur um skipulag og starfsemi sjósins og það er á grundvelli tillagna þeirra, sem ráð Fríverslunarsamtakanna gerði samþykkt á fundinum 7. apríl s.l. um stofnun sjóðsins.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að aukningu iðnaðar í Portúgal með því að fjármagna framkvæmdir vegna endurskipulagningar eða stofnunar fyrirtækja, einkum smærri fyrirtækja og af meðalstærð, bæði einkafyrirtækja og opinberra. Heildarframlög aðildarríkjanna til sjóðsins munu nema jafnvirði 84 604 576 sérstakra dráttarréttinda Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (SDR) eða nálægt 100 milljónum Bandaríkjadollara og er framlag hvers ríkis sem hér segir:

Austurríki	15 128	af	hundraði,	jafnvirði	12 798 972 SDR
Finnland	10 241	—	—	—	8 664 348 —
Ísland	1 000	—	—	—	846 045 —
Noregur	12 003	—	—	—	10 155 080 —
Portúgal	6 119	—	—	—	5 176 950 —
Svíþjóð	30 000	—	—	—	25 381 355 —
Sviss	25 509	—	—	—	21 581 766 —

Gert er ráð fyrir, að framlögin verði greidd á fimm árum, með jöfnum greiðslum, þó ekki nema sjóðurinn þarfnist þeirra vegna starfsemi sinnar. Skv. samþykktinni telst sjóðurinn stofnaður, þegar öll aðildarríki hafa staðfest aðild og má krefjast fyrsta framlags 4 vikum síðar. Gert er ráð fyrir, að framlög verði endurgreidd og hefjast endurgreiðslur höfuðstóls eftir lok ellefta starfsárs sjóðsins og lýkur þeim eigi síðar en í lok tuttugasta og fimmta starfsárs hans. Greidd framlög bera 3% ársvexti að loknu sjötta starfsári sjóðsins. Portúgalska ríkisstjórnin ábyrgist endurgreiðslur framlaga.

Miðað við gildandi gengi sérstakra dráttarréttinda Alþjóðagjaldeyrissjóðsins nemur fimm ára framlag Íslands til sjóðsins kr. 173.5 millj. eða sem svarar um kr. 35 millj. á ári. Þarf að taka þessa fjárhæð í fjárlög.

EFTA-ráðið mun hafa yfirumsjón með starfsemi sjóðsins. Sérstök stjórnarnefnd með fulltrúum framlagsríkjanna mun bera ábyrgð á starfsemi sjóðsins. Í Portúgal mun starfa framkvæmdanefnd, skipuð þarlendum aðilum, að málefnum sjóðsins.

Rétt þykir að ákveða, að viðskiptaráðherra, sem fer með skipti Íslands við alþjóðleg efnahags- og viðskiptasamtök og fjármálastofnanir, skipi fulltrúa Íslands í stjórnarnefnd sjóðsins.

Samþykkt EFTA-ráðsins um sjóðinn á ensku og í íslenskri þýðingu er fylgiskjal.

Fylgiskjal.

Ráðssamþykkt nr. 4, 1976.
Iðnþróunarsjóður EFTA fyrir Portúgal.

RÁÐIÐ,

með tilliti til óskar portúgölsku ríkisstjórnarinnar, sem borin var fram á 17. fundi ráðsins og sameiginlega ráðsins 1975,

Decision of the Council no. 4 of 1976
EFTA Industrial Development Fund for Portugal.

THE COUNCIL,

Having regard to the request of the Portuguese Government presented at the 17th Simultaneous Meeting of the Council and Joint Council in 1975,

með tilliti til óskar þess um að styðja að lýðræði í Portúgal með því að efla portúgalskt efnahagslíf,

með hliðsjón af samkomulagi, sem varð á 26. ráðherrafundi ráðsins og sameiginlega ráðsins 1975,

með tilliti til þess, að ákvæði Aðalstöðvasamnings, dags. 10. ágúst 1961, og bókunar um löghæfi, sérréttindi og friðhelgi Fríverslunarsamtaka Evrópu, dags. 28. júlí 1960, nái til stofnana samtakanna,

hefur í huga, að Portúgal hefur tilkynnt ráðinu, að það muni innan skamms afhenda fullgildingarskjal á þeirri bókun og að þar til skjalið verður afhent muni réttarstaða stjóðsins, sem stofnaður verður samkvæmt þessari samþykkt, og eigna hans verða sú sama í Portúgal, eins og bókunin væri þegar fullgilt,

með tilliti til 4. liðar 1. greinar, a-liðar 2. greinar og liðar 1 (c), 3. og 4. liðar 32. greinar samningsins,

Desiring to support the process towards democracy in Portugal by strengthening the Portuguese economy,

Considering the agreement reached by the Council and Joint Council at Ministerial level at their 26th Simultaneous Meeting in 1975,

Considering the fact that the provisions of the Headquarters Agreement, dated 10th August 1961, and the Protocol on the Legal Capacity, Privileges and Immunities of the European Free Trade Association, dated 28th July 1960, apply to the institutions of the Association,

Noting that Portugal has notified the Council that it will deposit shortly its instrument of ratification of that Protocol and that, pending this deposit, Portugal will treat the Fund to be established by this Decision and its assets in Portugal as if the Protocol were already ratified,

Having regard to paragraph 4 of Article 1, to Article 2(a) and to paragraphs 1(c), 3 and 4 of Article 32 of the Convention,

ÁKVEÐUR:

1. Iðnþróunarsjóður EFTA fyrir Portúgal er hér með stofnaður sem stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu.

2. Lög sjóðsins skulu vera þau, sem fylgja þessari samþykkt; þau skulu taka gildi um leið og samþykktin.

3. Aðildarríkin skulu greiða framlög til sjóðsins og Portúgal skal, eftir því sem nauðsynlegt er, ljúka endurgreiðslu höfuðstóls framlaga og greiðslu vaxta af honum, eins og greint er í lögunum.

4. Eignum og skuldum sjóðsins skal haldið aðskildum frá öðrum eignum og skuldum samtakanna.

5. Breyta má lögum sjóðsins á þennan hátt:

(a) Ef fjöldi aðildarríkja eða ríkja, tengdra samtökunum, breytist, skal ráðið taka ákvörðun um breytingar á lögum sjóðsins, sem af því leiðir. Ráðið getur einnig breytt lögunum, ef breytingarnar hafa ekki í för með sér breytingu á höfuðeinkennum sjóðsins eða nýjar fjárhagsskuld-

DECIDES:

1. The EFTA Industrial Development Fund for Portugal is hereby established as an institution of the European Free Trade Association.

2. The Statute of the Fund shall be the Statute which is annexed to this Decision; it shall enter into force at the same time as this Decision.

3. The member States shall contribute to the Fund and Portugal shall, where necessary, complete the repayment of the contributions and the payment of interest thereon, as provided for in the Statute.

4. The assets and liabilities of the Fund shall be held separately from the other assets and liabilities of the Association.

5. The Statute of the Fund may be amended in he following way:

(a) If the number of Member States or Associated States changes, the Council shall decide on the consequential amendments to the Statute of the Fund. The Council may also decide on amendments to the Statute which do not alter the character of the Fund or impose new financial obli-

bindingar og breyta ekki réttinum til endurgreiðslna á framlögum.

(b) Aðrar breytingar á þessum lögum, sem ráðið samþykkir, skulu lagðar fyrir aðildarríkin til samþykktar.

6. Ef grundvallarbreytingar verða á þeim aðstæðum, sem sjóðurinn býr við, skal ráðið taka málið til athugunar. Ef fullnægjandi lausn fæst ekki á málinu og fimm eða fleiri framlagsríki, sem greinir í 3. grein laganna, tilkynna ráðinu, að að þeirra dómi hafi aðstæður skapast, sem breyti verulega grundvallaraðstæðum fyrir stofnun sjóðsins, skal sjóðurinn fresta öllum nýjum fjárhagsaðgerðum, þar til ráðið ákveður annað. Ef svo fer, er aðeins hægt að krefjast greiðslna á framlögum eða hluta þeirra að því marki, sem þær eru nauðsynlegar til að standa við áður gerða lánssamninga eða samninga um aðrar fjárhagsaðgerðir.

7. Þessi samþykkt öðlast gildi, þegar fulltrúar allra aðildarríkja í ráðinu hafa annað hvort fallist á hana í ráðinu án fyrirvara eða hafa síðar tilkynnt aðalritara samþykki sitt, en þó ekki fyrr en samþykkt sameiginlega ráðsins um, að þessi samþykkt taki gildi einnig að því er Finnland snertir.

8. Aðalritarinn skal tilkynna fulltrúum allra aðildarríkja í ráðinu um gildistökudag þessarar samþykktar.

9. Aðalritarinn skal afhenda texta þessarar samþykktar ríkisstjórn Svíþjóðar til varðveislu.

gations and which leave the rights concerning the repayment of the contributions unchanged.

(b) Other amendments to this Statute shall, if approved by Decision of the Council, be submitted to the Member States for acceptance.

6. In the event that there is a fundamental change in the conditions under which the Fund operates, the Council shall review the situation. If no satisfactory solution is reached and if five or more of the Contributory States referred to in Article 3 of the Statute notify the Council that in their view a situation has developed which alters essentially the basic assumptions underlying the establishment of the Fund, then the Fund shall suspend, until the Council decides otherwise, any activity relating to new financing operations. In such a case, payment of instalments or parts thereof may only be called for to the extent necessary for honouring loan agreements and agreements on other financing operations previously concluded.

7. This Decision shall enter into force when the representatives in the Council of all Member States have either accepted it in the Council without reservation or have subsequently notified their acceptance to the Secretary-General, but not before the Decision of the Joint Council making this Decision applicable also in relation with Finland enters into force.

8. The Secretary-General shall notify the representatives of all Member States in the Council of the date of the entry into force of this Decision.

9. The Secretary-General shall deposit the text of this Decision with the Government of Sweden.

Lög Iðnþróunarsjóðs EFTA fyrir Portúgal.

1. gr.
Lögin.

Þessi lög gilda um Iðnþróunarsjóð EFTA fyrir Portúgal, hér eftir kallaður „sjóðurinn“, sem stofnaður er samkvæmt

EFTA Industrial Development Fund for Portugal.

The Statute.

Article 1
The Statute.

This Statute applies to the EFTA Industrial Development Fund for Portugal, established by Decision of the Council of

ráðssamþykkt Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) nr. 4, 1976 og samþykkt sameiginlegs ráðs samtakanna, sem sett voru á stofn af aðildarríkjum EFTA og lýðveldinu Finnlandi, nr. 1, 1976.

2. gr.

Tilgangur.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að þróun portúgalsks iðnaðar með því að veita fé í sérstök verkefni, er miða að endurskipulagningu eða stofnun fyrirtækja, einkum lítilla og af meðalstærð, bæði einkafyrirtækja og opinberra.

3. gr.

Framlög til sjóðsins.

1. Heildarframlög aðildarríkja og Finnlands til sjóðsins skulu jafngilda 84 604 516 (áttatíu og fjórar milljónir sex hundruð og fjögur þúsund fimm hundruð og sextán) sérstakra dráttarréttinda (SDR), sem reiknuð skulu eftir virðingaraðferð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem gildi tók 1. júlí 1974.

2. Aðildarríkin og Finnland (framlagsríkin) skulu leggja fram fé til sjóðsins sem hér segir:

Austurríki	15.128 af hundraði, sem samsvarar	12,798,972 SDR
Finnland ..	10.241 af hundraði, sem samsvarar	8,664,348 SDR
Ísland	1.000 af hundraði, sem samsvarar	846,045 SDR
Noregur ...	12.003 af hundraði, sem samsvarar	10,155,080 SDR
Portúgal ...	6.119 af hundraði, sem samsvarar	5,176,950 SDR
Svíþjóð	30.000 af hundraði, sem samsvarar	25,381,355 SDR
Sviss	25.509 af hundraði, sem samsvarar	21,581,766 SDR

3. Framlögin skulu vera til reiðu fyrir sjóðinn með fimm árlegum greiðslum í gjaldmiðli framlagsríkisins eða í annarri gjaldgengri mynt, sem sjóðurinn samþykkir. Fyrsta framlag skal vera til reiðu fjórum vikum eftir gildistöku þessara laga og önnur framlög á sama mánaðardegi hvers næstu fjögurra ára.

4. Sjóðurinn skal krefjast greiðslu árlegra framlaga eða hluta þeirra eftir því sem þörf er fyrir þau til starfsemi sjóðsins. Ef ráðið ákveður ekki annað, skal krafa um greiðslu miðuð við þann hundr-

the European Free Trade Association No. 4 of 1976 and Decision of the Joint Council of the Association created between the Member States of the European Free Trade Association and the Republic of Finland No. 1 of 1976, hereinafter called "the Fund".

Article 2

Objective.

The objective of the Fund is to contribute to the development of Portuguese industry by financing specific projects for the reconstruction or creation of enterprises, especially small and medium sized, in the private and public sectors.

Article 3

Contributions to the Fund.

1. The total amount of the contributions of the Member States and Finland to the Fund shall be the equivalent of 84,604,516 (eighty-four million, six hundred and four thousand, five hundred and sixteen) Special Drawing Rights (SDRs) as calculated in accordance with the method of valuation applied by the International Monetary Fund with effect from 1st July 1974.

2. The Member States and Finland (Contributory States) shall contribute to this amount as follows:

Austria	15.128 per cent	equal to	12,798,972 SDRs
Finland	10.241 per cent	equal to	8,664,348 SDRs
Iceland	1.000 per cent	equal to	846,045 SDRs
Norway	12.003 per cent	equal to	10,155,080 SDRs
Portugal	6.119 per cent	equal to	5,176,950 SDRs
Sweden	30.000 per cent	equal to	25,381,355 SDRs
Switzerland	25.509 per cent	equal to	21,581,766 SDRs

3. The contributions shall be made available to the Fund in five equal annual instalments in the currency of the Contributory State or in another currency acceptable to the Fund. The first instalment shall be made available four weeks after this Statute has entered into force and the other instalments on the same day of each of the following four years.

4. The Fund shall call for payment out of current and past annual instalments as and when required by its operations. Unless the Council decides otherwise, any call for payment shall be made

aðshluta, sem greindur er í 2. tölulið, og eigi skal gera kröfu um framlag eða hluta þess síðar en á tíunda starfsári sjóðsins.

5. Með tilliti til greiðslna og endurgreiðslna framlaga skal fyrsta starfsár sjóðsins talið hefjast á þeim degi, þegar lögin ganga í gildi, og hvert síðari starfsára á sama mánaðardegi næsta árs.

6. Hvert framlagsríki skal tilkynna ráðinu, hvaða aðili af þess hálfu annist greiðslu framlags þess til sjóðsins. Sjóðurinn skal gera samning við þennan aðila, seðlabanka Portúgals og aðra seðlabanka eða fjármálastofnanir, ef það á við, um nánari atriði viðvíkjandi greiðslu framlaga eða hluta þeirra og yfirfærslur þeirra.

in accordance with the percentage scale referred to in paragraph 2, and no instalment or part thereof may be called for later than during the tenth year of the Fund.

5. For the purposes of the payment and repayment of the contributions the first year of the Fund shall begin on the date of entry into force of the Statute and each subsequent year of the Fund on the same date a year later.

6. Each Contributory State shall notify to the Council the national body responsible for paying the contribution to the Fund. The Fund shall conclude with those bodies, with the Portuguese central bank and, where appropriate, with other central banks or financial institutions an agreement setting out the details concerning the transfer of the contributions or parts thereof and their conversion.

4. gr.

Efling viðskipta.

Í starfsemi sjóðsins skal tekið hæfilegt tillit til eflingar viðskipta á milli EFTA-ríkjanna innbyrðis og skal sjóðurinn haga viðskiptum sínum þannig, að verulegum hluta fjármagns hans verði varið til kaupa innan aðildarríkjanna.

Article 4

Trade promotion.

The Fund shall have due regard for the promotion of intra-EFTA trade and shall conduct its operations in such a way that a substantial part of its assets are used for purchases within the Area of the Association.

5. gr.

Lánveitingar sjóðsins.

1. Tilgangi sjóðsins skal náð:

a. Með veitingu lána til sérstakra framkvæmda, eftir viðurkenndum bankalegum sjónarmiðum; og

b. Með því að ráðstafa allt að tíu af hundraði af heildarframlögum til lána vegna sérstakra framkvæmda á hagstæðari kjörum en greinir í a-lið, og veita fé til undirbúnings athugana vegna framkvæmda, tækniaðstoðar eða rannsókna.

2. Til þeirrar starfsemi, sem greinir í 1. tölulið, skal sjóðurinn nota hvers konar fjármuni honum handbæra.

3. Yfirleitt skal sjóðurinn ekki veita allt fjármagn, sem þarf til framkvæmdar. Til viðbótar hverju láni frá sjóðnum skal koma framlag frá lántaka eða öðr-

Article 5

Financing operations of the Fund.

1. The Fund shall attain its objective:

(a) by making loans, based on generally accepted banking principles, for specific projects; and

(b) up to an amount equivalent to ten per cent of the total amount of the contributions, by making loans for specific projects on terms more favourable than for loans referred to in sub-paragraph (a), and by financing project studies, technical assistance or research.

2. In the financing operations referred to in paragraph 1, the Fund shall make use of any asset at its disposal.

3. The Fund shall not, as a rule, provide the full financing of a project. Loans from the Fund shall normally be complemented by contributions from the borr-

um, þar á meðal iðnaðarfyrirtækjum í aðildarríkjum EFTA. Sjóðurinn getur unnið með öðrum fjármálastofnunum að viðeigandi verkefnum.

ower or other source, including industry in the Area of the Association. The Fund may co-operate with other financial institutions in schemes covering appropriate projects.

6. gr.
Starfsemi og ábyrgð sjóðsins.

1. Sjóðurinn skal haga starfsemi sinni þannig, að hann geti staðið við skuldbindingar gagnvart framlagsríkjum.

2. Fjárhagsleg ábyrgð framlagsríkja á skuldbindingum sjóðsins skal á hverjum tíma miðast við framlag greitt til sjóðsins, sem ekki hefur verið endurgreitt, nema ákvæði 3. töluliðs 7. gr. eigi við.

3. Fríverslunarsamtök Evrópu bera enga fjárhagslega ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins.

Article 6
Conduct of operations and liability.

1. The Fund shall conduct its operations in such a way that it can fulfil its obligations to the Contributory States.

2. Except as provided for in paragraph 3 of Article 7, the financial liability of any Contributory State for the obligations incurred by the Fund shall be limited at any given time to the parts of the contribution of that State paid to the Fund and not yet repaid.

3. The European Free Trade Association shall have no financial liability for the obligations incurred by the Fund.

7. gr.
Endurgreiðsla framlaga.

1. Sjóðurinn skal endurgreiða framlagsríkjum framlag þeirra, greitt sjóðnum, og skal hafa lokið endurgreiðslu eigi síðar en síðasta dag tuttugasta og fimmta starfsárs sjóðsins. Jafnvirði eins fimmtánda hluta framlaga, reiknað í sérstökum dráttarréttindum (SDR), skal endurgreiða eigi síðar en í lok ellefta starfsárs sjóðsins og eigi síðar en í lok hvers næstu fjórtán starfsára hans, nema ráðið ákveði annað tímamark vegna sérstakra aðstæðna.

2. Endurgreiðsla skal innt af höndum í mynt framlagsríkis eða í annarri mynt, sem það samþykkir. Ef Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn breytir virðingaraðferð sérstakra dráttarréttinda (SDR), sem notuð hefur verið frá 1. júlí 1974, skal ráðið ákveða, hvort sjóðurinn skuli fara eftir hinni nýju aðferð.

3. Ef svo fer, að sjóðurinn hefur ekki nægilegt ráðstöfunarfé til að endurgreiða hluta framlaga á gjalddaga eða til greiðslu vaxta, skal portúgalska ríkisstjórnin afla gjaldgengrar myntar, sem nægi til greiðslunnar. Jafnskjótt og sjóðurinn eignast nægilegt fé, skal hann end-

Article 7
Repayment of the contributions.

1. The Fund shall repay to the Contributory States the contributions paid to the Fund and shall have completed this repayment not later than on the last day of the twenty-fifth year of the Fund. Unless in exceptional circumstances the Council devises another timetable, the equivalent of one fifteenth of the respective contributions, expressed in SDRs, shall be repaid not later than by the end of the eleventh and of each of the following fourteen years of the Fund.

2. Any repayment shall be made in the currency of the Contributory State or in any other currency acceptable to it. If the International Montary Fund changes the method of valuation of the Special Drawing Rights applied with effect from 1st July 1974, the Council shall decide whether the Fund shall adhere to the new method.

3. If at any date on which repayment of parts of the contributions or payment of interest is due the Fund has not enough disposable assets for such payments, the Portuguese Government shall provide acceptable currencies in an amount necessary to cover the difference. As soon as

urgreiða portúgölsku stjórninni það fé, sem hún hefur lagt út.

4. Þegar endurgreiðslum á framlögum aðildarríkjanna og greiðslu vaxta af þeim er lokið, skal sjóðurinn lagður niður sem stofnun á vegum EFTA. Allar eignir sjóðsins, sem þá verða eftir, skulu verða eign Portúgals eða stofnunar, sem portúgalska stjórnin tilnefnir til þess að taka við gildandi skuldbindingum sjóðsins.

the Fund again possesses the necessary assets it shall reimburse the Portuguese Government for the amount so provided.

4. After repayment of the contributions to the Contributory States and the payment of any interest thereon, the Fund shall cease to exist as an EFTA Institution. Any asset of the Fund remaining at that time shall become the property of Portugal or an institution nominated by the Portuguese Government which shall also assume any remaining obligation of the Fund.

8. gr.

Vextir af framlögum.

1. Frá og með sjötta starfsári sjóðsins og árlega síðan skulu greidd framlög, sem ekki hafa verið endurgreidd, bera vexti, sem ákveðast þrír af hundraði á ári og skulu þeir greiðast í lok hvers starfsárs, fyrst í lok sjötta starfsárs.

2. Með hliðsjón af efnahagsaðstæðum í Portúgal getur ráðið ákveðið að fresta vaxtatöku og að lægri vextir skuli greiddir af öllum framlögum eða hluta þeirra.

Article 8

Interest on contributions.

1. In the sixth year of the Fund and in every year thereafter the contributions paid and not yet repaid shall bear interest at a rate of three per cent per year payable at the end of each year of the Fund beginning with the sixth year.

2. Taking into account the situation of the Portuguese economy, the Council may decide to postpone the commencement of the accrual of interest and may decide that a lower rate of interest shall be paid on all or part of the contributions.

Skipulag og stjórn.

9. gr.

Hlutverk ráðsins.

1. Það er hlutverk ráðsins að hafa umsjón með og leiðbeina um framkvæmd þessara laga og að taka ákvarðanir þar að lútandi.

2. Á öllum fundum ráðsins, þar sem fjallað er um málefni sjóðsins, skal fulltrúa Finnlands heimil þátttaka og skal hann hafa eitt atkvæði.

Institutional Arrangements.

Article 9

Responsibilities of the Council.

1. It shall be the responsibility of the Council to supervise and give guidance as to the application of this Statute and to take decisions to this effect.

2. At all meetings of the Council dealing with matters relating to the Fund, a representative of Finland shall have the right to participate and shall have one vote.

10. gr.

Hlutverk stjórnarnefndar.

Það er hlutverk stjórnarnefndar sjóðsins að stjórna starfsemi hans nema annað sé sérstaklega ákveðið í þessum lögum. Stjórnarnefndinni skal sérstaklega falið að:

Article 10

Responsibilities of the Steering Committee.

It shall be the responsibility of the Steering Committee to operate the Fund except insofar as this Statute specifically provides otherwise. The Committee shall in particular:

a. Semja almennar leiðbeiningar, sem ráðið skal samþykkja, um skilmála fyrir viðskiptum sjóðsins.

b. Ákveða, í samræmi við þessar leiðbeiningar, lán og önnur viðskipti sjóðsins, að undanteknum þeim viðskiptum, sem framkvæmdanefndin skal taka ákvörðun um samkvæmt ákvæðum 1. töluliðs c í 12. gr.

c. Gefa ráðinu skýrslu um starfsemi nefndarinnar á misseris fresti og frekari skýrslur, ef ráðið óskar.

(a) establish general guidelines, to be approved by the Council, concerning the terms and conditions of the financing operations of the Fund;

(b) decide, in accordance with these guidelines, on loans and other financing operations of the Fund, except on those which are to be decided upon by the Executive Commission in accordance with the provisions of paragraph 1(c) of Article 12;

(c) report semi-annually to the Council on its current activities and furnish any additional report requested by the Council.

11. gr.
Skipan og starfsreglur stjórnarnefndarinnar.

1. Stjórnarnefndin skal skipuð einum fulltrúa frá hverju framlagsríki, sem ríkisstjórn þess velur, og einum til vara honum til aðstoðar og staðgöngu í fjarveru. Aðalritari EFTA eða fulltrúi hans skal sitja alla fundi stjórnarnefndarinnar og getur tekið þátt í umræðum.

2. Hver fulltrúi í stjórnarnefndinni fer með eitt atkvæði. Allar ákvarðanir um lánveitingar og önnur viðskipti, sem í hverju einstöku tilfelli nema ekki hærri fjárhæð en þrem milljónum sérstakra dráttarréttinda, má taka með fimm jákvæðum atkvæðum, svo framarlega sem jákvætt atkvæði fulltrúa Portúgals er þar á meðal. Aðrar ákvarðanir skulu teknar með samhljóða atkvæðum. Ákvörðun skal talin tekin með samhljóða atkvæðum nema því aðeins að einhver greiði atkvæði á móti. Þegar stjórnarnefndin gefur ráðinu skýrslu, getur hver stjórnarnefndarmaður, sem er á móti tillögu, óskað þess, að sjónarmið hans sé skýrt.

3. Fulltrúa framkvæmdanefndarinnar skal boðið að sitja fundi stjórnarnefndarinnar og taka þátt í umræðum, nema nefndin ákveði annað. Stjórnarnefndin getur tilnefnt vinnuhópa og getur boðið

Article 11
Composition and procedures of the Steering Committee.

1. The Steering Committee shall be composed of one member from each Contributory State, to be designated by the government concerned, together with one alternate who shall assist the member and replace him in his absence. The Secretary-General of EFTA or his representative shall attend all meetings of the Steering Committee and may take part in its deliberations.

2. Each member of the Steering Committee shall have one vote. All decisions approving loans or other financing operations, amounting in each individual case to not more than the equivalent of three million SDRs, may be taken by a majority of five affirmative votes provided the vote of the Portuguese member is among the affirmative votes. The other decisions shall be taken by unanimous vote. A decision shall be regarded as unanimous unless any member casts a negative vote. When the Steering Committee reports to the Council, any dissenting member may request that his view be stated.

3. A representative of the Executive Commission shall, unless otherwise decided by the Steering Committee, be invited to attend the meetings of the Committee and may take part in its delibera-

sérfræðingum til aðstoðar við mat verkefna og umræður.

4. Stjórnarnefndin skal setja sér starfsreglur, sem ráðið samþykkir. Í starfsreglunum skal áskilið, að fimm atkvæða meirihluti nægi til ákvarðana um starfsreglur.

5. Ráðið skal kalla saman fyrsta fund stjórnarnefndarinnar eins fljótt og auðið er eftir gildistöku þessara laga.

tions. The Committee may set up special groups and may invite experts to assist it in the evaluation of projects and in its deliberations.

4. The Steering Committee shall lay down its rules of procedure to be approved by the Council. The rules of procedure shall provide that a majority of five votes will suffice for decisions on procedural questions.

5. The first meeting of the Steering Committee shall be convened by the Council as soon as possible after the entry into force of this Statute.

12. gr.

Framkvæmdanefndin í Portúgal.

1. Bankastjórn Banco de Fomento Nacional í Lissabon skal vera framkvæmdanefnd sjóðsins í Portúgal og annast eftirtalin verkefni:

a. að veita þeim fyrirtækjum, sem áhuga hafa, upplýsingar um möguleika á og skilyrði fyrir fjárhagslegri fyrirgreiðslu frá sjóðnum;
b. að aðstoða væntanlega lántakendur við undirbúning verkefna og að taka við umsóknum;
c. að taka ákvarðanir eftir þeim leiðbeiningum, sem stjórnarnefndin setur, um veitingu allt að helmings af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins:
   i. vegna umsókna um lán, sem greinir í 1. lið a í 5. grein, þegar lánsfjárhæð í hverju einstöku tilfelli er ekki hærri en jafnvirði 1.2 milljóna sérstakra dráttarréttinda; og
   ii. vegna umsókna um lán, sem greinir í 1. lið b í 5. grein, þegar fjárhæðin í hverju einstöku tilfelli er ekki hærri en 200 þúsund sérstakra dráttarréttinda. Heildarfjárhæð slíkrar fjárhagsaðstoðar má ekki nema meiru en helmingi þeirrar fjárhæðar, sem getið er í tilvitnuðum tölulið.
d. að leggja aðrar umsóknir um fjármögnun frá sjóðnum ásamt meðmælum fyrir stjórnarnefndina.

Article 12

The Executive Commission in Portugal.

1. The Board of Management of the Banco de Fomento Nacional in Lisbon shall act as the Executive Commission of the Fund in Portugal with the following functions:
(a) to inform interested enterprises of the possibilities of and the conditions for receiving financial assistance from the Fund;
(b) to help prospective borrowers in the preparation of projects and to act as the recipient for applications;
(c) to decide, in accordance with the guidelines established by the Steering Committee, within a total of one half of the assets at the disposal of the Fund in any year on
   (i) applications for loans referred to in paragraph 1(a) of Article 5 amounting in each case to not more than the equivalent of 1.2 million SDRs; and on
   (ii) applications concerning financing operations referred to in paragraph 1(b) of Article 5 amounting in each case to not more than 200 thousand SDRs; the total amount of such financing operations may not exceed one half of the amount referred to in that paragraph;
(d) to present other applications for financing by the Fund, together with a recommendation, to the Steering Committee;

e. að gera samninga um lán, sem ákveðin hafa verið af stjórnarnefndinni eða framkvæmdanefndinni sjálfri í samræmi við c-lið þessarar greinar, þannig að öryggis sé gætt við töku trygginga, greiða lánið út, sjá um endurgreiðslu höfuðstóls og greiðslu vaxta, gera ráðstafanir vegna vanskila og hafa umsjón með framkvæmdum.

f. að gera allar aðrar nauðsynlegar ráðstafanir vegna verkefna hennar í Portúgal.

g. að gefa stjórnarnefndinni reglulega skýrslur og að sérstakri ósk hennar.

2. Bankastjórn Banco de Fomento Nacional skal takast þessi verkefni á hendur með skriflegum samningi.

(e) to conclude loan agreements on the loans decided by the Steering Committee or by the Executive Commission itself in accordance with subparagraph (c), to ensure the establishment of the security prescribed, pay out the loan, control the repayment of capital and the payment of interest, take action in the case of default in payment and supervise the proper execution of the projects;

(f) to take all other steps necessary to carry out its functions in Portugal.

(g) to report periodically and on request to the Steering Committee.

2. Acceptance of these functions by the Board of Management of the Banco de Fomento Nacional shall be made by written agreement.

13. gr.

Hlutverk aðalritarans og skrifstofunnar.

Aðalritarinn skal sjá um framkvæmd ákvarðana ráðsins viðvíkjandi málefnum sjóðsins, og hann skal aðstoða stjórnarnefndina við framkvæmd verkefna hennar. Skrifstofa EFTA skal veita skrifstofuþjónustu.

Article 13

Functions of the Secretary-General and Secretariat Services.

The Secretary-General shall execute decisions taken by the Council in relation to the Fund and shall assist the Steering Committee in its tasks. The EFTA Secretariat shall provide the secretariat services.

14. gr.

Endurskoðun.

Ráðið skal sjá um, að fram fari hlutlaus, árleg endurskoðun reikninga sjóðsins.

Article 14

Audit.

The Council shall arrange for an independent annual audit of the accounts of the Fund.

15. gr.

Ársskýrsla.

Ársskýrsla sjóðsins, þar sem lýst sé starfsemi hans og birtir reikningar hans, skal lögð fram af stjórnarnefndinni fyrir milligöngu aðalritarans til samþykktar ráðsins og skal hún gefin út með samþykki þess.

Article 15

Annual report.

An Annual Report of the Fund describing its operations and reproducing its annual accounts shall be presented by the Steering Committee through the Secretary-General to the Council for approval and be published with the Council's consent.

Ed. 585. Frumvarp til laga [263. mál]

um biskupsembætti hinnar íslensku þjóðkirkju.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Biskupsdæmi hinnar íslensku þjóðkirkju skulu vera tvö, Skálholtsbiskupsdæmi og Hólabiskupsdæmi. Skal sú skipan á komast, þegar fé er veitt á fjárlögum í þessu skyni.

2. gr.

Skálholtsbiskupsdæmi tekur yfir Suðurland, Vesturland og Vestfirði, frá Skaftafellsprófastsdæmi til Ísafjarðarprófastsdæmis, að báðum prófastsdæmum meðtöldum.

Hólabiskupsdæmi nær yfir Norðurland og Austurland, frá Húnavatnsprófastsdæmi til Austfjarðarprófastsdæmis, og eru bæði prófastsdæmin meðtalin.

3. gr.

Biskupinn í Skálholtsbikupsdæmi situr í Reykjavík. Með tilskipun forseta Íslands má þó mæla svo fyrir, að tillögu kirkjumálaráðherra, að embættissetur hans verði annars staðar í biskupsdæminu, enda mæli meiri hluti þjónandi þjóðkirkjupresta og safnaðarfulltrúa biskupsdæmisins með því.

Biskupinn í Hólabiskupsdæmi situr á Hólum í Hjaltadal. Með tilskipun forseta Íslands má þó, að tillögu kirkjumálaráðherra, ákveða annað biskupssetur innan biskupsdæmisins, enda mæli meiri hluti þjónandi þjóðkirkjupresta og safnaðarfulltrúa biskupsdæmisins með því.

4. gr.

Biskupar fara hvor um sig með sérmál biskupsdæmis síns. Þeir vígja presta og kirkjur og hafa tilsjón með kristnihaldi hvor í sínu umdæmi, hafa eftirlit með framframkvæmd kirkjumála þar og störfum þeirra manna, sem vinna í þjónustu kirkjunnar, og setja fram tillögur, umsagnir og álitsgerðir við kirkjumálaráðuneyti og önnur stjórnvöld um verkefni, er varða viðkomandi biskupsdæmi. Þeir skulu vísitera presta og söfnuði biskupsdæmis síns eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Þeir fjalla almennt um þau verkefni, er nú ber undir biskup Íslands, og verða biskupsdæmi hvors um sig.

Um verkefni, er varða þjóðkirkjuna í heild sinni, skulu biskupar fjalla sameiginlega, nema annan veg sé mælt. Skulu kirkjumálaráðuneyti og önnur stjórnvöld leita tillagna og umsagnar þeirra beggja um slík mál eftir því sem lög og venjur standa til að því er varðar biskup Íslands.

5. gr.

Sjóðir og aðrar kirkjueignir, sem samkvæmt lögum, skipulagsskrám eða öðrum löggerningum eru bundin öðru biskupsdæminu, skulu vera í umsjá og vörslu viðkomandi biskups, ef heimildargögn mæla því eigi í gegn.

Aðrir sjóðir og kirkjueignir skulu lúta vörslu og reikningshaldi Skálholtsbiskups. Kirkjuráð ráðstafar fé, er til úthlutunar kemur úr sjóðum þessum og kveður á um ráðstafanir varðandi kirkjueignir þær, sem hér um ræðir, enda mæli lög, skipulagsskrár eða aðrir löggerningar því eigi í gegn.

6. gr.

Skálholtsbiskup er fulltrúi íslensku þjóðkirkjunnar út á við gagnvart erlendum kirkjum, kirkjudeildum og kirknasamböndum. Hann getur falið Hólabiskupi að

koma fram erlendis vegna íslensku þjóðkirkjunnar eða fara með einstök mál, er varða skipti hennar við erlend kirkjufélög. Leita skal álits Kirkjuráðs um öll meiri háttar mál, er varða tengsl íslensku þjóðkirkjunnar við erlend kirkjufélög.

7. gr.

Biskupar báðir eiga sæti á kirkjuþingi og í kirkjuráði, svo og á prestastefnu fyrir landið allt. Biskupar eru forsetar kirkjuþings og prestastefnu til skiptis eftir þeirri röð, sem þeir koma sér saman um. Skálholtsbiskup er forseti kirkjuráðs.

Prestastefna skal haldin ár hvert fyrir landið allt, en prestastefnur í biskupsdæmum eigi sjaldnar en annað hvert ár. Biskup er forseti prestastefnu, er bundin er við biskupsdæmi hans.

8. gr.

Biskupar njóta þeirra lögkjara, sem biskup Íslands nýtur nú.

Kirkjumálaráðherra skipar skrifstofustjóra (biskupsritara) á hvorri biskupsstofu um sig, að fengnum tillögum biskups. Tengja má starf þetta á biskupsstofu Hólabiskupsdæmis við prestsþjónustustarf eða annað þjónustustarf í þágu kirkjunnar.

9. gr.

Biskup vígir eftirmann sinn biskupsvígslu, en ella biskup í hinu biskupsdæminu.

10. gr.

Nú getur biskup eigi gegnt störfum vegna veikinda, fjarveru eða af öðrum sérstökum ástæðum, og kveður kirkjumálaráðherra þá á um það í samráði við biskup, hversu haga skuli rækslu embættisins. Nú fellur biskup frá eða lætur af embætti, og skal þá yfirleitt setja hinn biskupinn til að gegna embættinu um stundarsakir, uns nýr biskup hefur verið skipaður.

11. gr.

Þegar lög þessi koma til framkvæmda, skal eftirfarandi málum skipað svo sem hér segir:

1. Skipa skal yfirkjörstjórnir prestkosninga í hvoru biskupsdæmi um sig, sbr. 15. gr. laga nr. 32/1915, og á biskup í viðkomandi biskupsdæmi sæti í yfirkjörstjórn.

2. Prest á Þingvöllum skal skipa, að fengnum tillögum Skálholtsbiskups og Þingvallanefndar, sbr. 6. gr. 1. málsgr. laga nr. 35/1970.

3. Biskupar ráða í sameiningu starfsmenn þá, er greinir í 6., 7., 8. og 9. gr. laga nr. 35/1970, að undanteknum presti á Þingvöllum, sbr. 2. tölulið. Nú greinir biskupa á, og ræður Kirkjuráð þá máli til lykta.

4. Kirkjumálaráðherra skipar söngmálastjóra þjóðkirkjunnar í samráði við báða biskupa og að fengnum tillögum Kirkjuráðs, sbr. lög nr. 73/1941, 2. gr.

5. Leita skal tillagna beggja biskupa um málefni það, er greinir í lögum nr. 60/1972, 16. gr.

6. Kirkjumálaráðherra skipar annan hvorn biskupinn formann skipulagsnefndar kirkjugarða til nánar tiltekins tíma, sbr. 4. gr. laga nr. 21/1963.

7. Kirkjumálaráðherra ákveður, hvor biskup landsins skuli eiga sæti í kjörstjórn vegna kosningar til kirkjuþings, sbr. lög nr. 43/1957, 6. gr., og er rétt að tímabinda skipunina.

8. Skálholtsbiskup hefur ásamt Kirkjuráði forræði um framkvæmdir og starfrækslu Skálholtsstaðar í umboði þjóðkirkju Íslands, sbr. lög nr. 32/1963.

12. gr.

Stefnt skal að því, að endurskoðuð verði lög um biskupskosningu, svo og önnur lög, er varða biskupsembætti, áður en lög þessi koma til framkvæmda.

13. gr.

Í reglugerð, er kirkjumálaráðherra setur, að fengnum tillögum biskups Íslands og Kirkjuráðs, skal kveða nánar á um skiptingu verkefna milli biskupa tveggja, svo og eftir atvikum um skiptingu eigna milli biskupsdæmanna.

14. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1977. Koma þau til framkvæmda, þegar fé hefur verið veitt á fjárlögum til að koma á þeirri skipan, sem lögin mæla fyrir um, og samkvæmt því, er kirkjumálaráðherra kveður nánar á um.

Frá því að lögin koma til framkvæmda eru niður lögð embætti vígslubiskupa og lög nr. 38/1909 falla þá úr gildi.

Biskup Íslands á völ á að takast á hendur hvort biskupsembættið, sem hann kýs. Kirkjumálaráðherra hlutast til um, að biskupskosning fari fram í hinu biskupsdæminu, þegar ráðið verður að lögin komi til framkvæmda.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta hefur dr. Ármann Snævarr hæstaréttardómari samið að tilhlutan dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Frumvarpinu fylgdi svofelld greinargerð:

I.

Á síðustu árum hefur þeirri skoðun aukist fylgi, að réttmætt sé að fjölga biskupsembættum hér á landi. Tengjast þau mál mjög umræðu um endurreisn biskupssetranna fornu, í Skálholti og á Hólum. Auk þess veitir tillitið til starfsnauðsynjar kirkjunnar sjálfrar þeirri skoðun stoð, með því að einum biskupi er ofviða að hafa þau tengsl við söfnuði landsins sem æskilegt er. Röksemdir manna eru sumpart af sögulegum rótum runnar og sumpart víkja þær að mati á þörfum kirkjunnar um fleiri forustumenn með biskupsvígslu. Hugmyndir manna um lausn á þessu vandamáli eru nokkuð skiptar, að því er virðist. Vilja sumir hafa biskupsdæmin þrjú, Skálholts-, Hóla- og Reykjavíkurprófastsdæmi, sbr. t. d. frumvarp Kirkjuþings 1968, en aðrir að biskupsdæmin verði tvö, Skálholtsbiskupsdæmi og Hólabiskupsdæmi, sbr. frumvarp Kirkjuþings 1958. Um biskupssetrin eru menn eigi á einu máli, þar sem ýmsir vilja, að biskupar sitji í Skálholti og á Hólum, en aðrir, að þeir sitji í Reykjavík og á Akureyri. Þá kann að vera skoðanamunur um það, hvernig haga eigi starfsskiptingu milli biskupa, einkum ef þeir eru tveir, þ. á m. um sameiginleg málefni þjóðkirkjunnar og fyrirsvar hennar út á við gagnvart erlendum kirkjufélögum.

Mál þetta hefur eigi komið til álita á Alþingi um alllanga hríð. Kirkjuþing hefur tvívegis samþykkt frv. til laga um fjölgun biskupsembætta, 1958 og 1968, en þau frv. voru eigi flutt á Alþingi. Kirkjumálaráðuneyti hafa borist allmargar ályktanir með áskorunum um endurreisn Hólabiskupsdæmis. Þykir ráðuneytinu rétt, að leitað sé eftir afstöðu Alþingis til þessa máls. Er það efni frv. að mæla fyrir um skiptingu landsins í tvö biskupsdæmi, Hólabiskupsdæmi og Skálholtsbiskupsdæmi, en ráðuneytið telur af fjárhagsástæðum eigi fært að leggja til stofnun fleiri biskupsembætta. Eru staðarmörk milli þeirra ákveðin í frv. nokkuð á annan veg en var til forna, þ. e. að Norðurland og Austurland heyri til Hólabiskupsdæmis, en aðrir landshlutar heyri undir Skálholtsbiskupsdæmi. Með frv. er til þess stofnað, að Hólar í Hjaltadal verði endurreistir sem biskupssetur, ef vilji manna stendur til þess, sbr. 3. gr. frv. Frv. byggir á því, að embættissetur Skálholtsbiskups verði í Reykjavík, en einnig um

það efni má skipa fyrir á annan veg, sbr. 3. gr. frv. Miðað er við það, að lögin komi ekki til framkvæmda, fyrr en fé er veitt til breytinga þessara á fjárlögum. Gert er ráð fyrir, að þegar lögin koma til framkvæmda verði vígslubiskupsembætti niður lögð. Kirkjulaganefnd, sem kirkjumálaráðherra hefur skipað til að endurskoða kirkjumálalöggjöfina, mun á næstunni endurskoða ýmis lög, er varða biskup og biskupsembætti, þ. á m. lög um biskupskosningar nr. 21/1921 o. fl. Þótti því ekki ástæða til að gera tillögur í frv. þessu um breytingar á þessum lögum. Þá má og benda á, að ef frv. verður lögfest, þarf t. d. endurskoðunar við um skipan Kirkjuþings og Kirkjuráðs. Um einstök verkefni biskups og stöðu hans innan stjórnsýslukerfis eru ákvæði laga eigi rækileg, og þarf það mál allt náinnar athugunar. Hyggilegt þykir, að þau mál bíði hinnar almennu endurskoðunar, sem nú er stofnað til, og séu þau eigi tengd því frv., sem hér er flutt.

II.

Með konungsúrskurði 15. apríl 1785 var ákveðið að flytja biskupssetur og skóla frá Skálholti til Reykjavíkur, sbr. og konungsbréf 29. apríl s. á. og ráðuneytisbréf 27. apríl s. á. um sölu jarðeigna Skálholtsstóls. Næsta ár var skólinn fluttur þaðan og eignir seldar á næstu árum. Hannes biskup Finnsson fékk þó leyfi til að sitja þar til dánardægurs síns 1796, enda keypti hann jörðina. Við andlát hans lauk sögu biskupsseturs í Skálholti að sinni. Síðasti Hólabiskupinn Sigurður Stefánsson lést tveimur árum síðar. Með konungsbréfi 2. október 1801 var Hólastóll niður lagður, skóli og prentsmiðja flutt þaðan og eignir seldar, sbr. ráðuneytisbréf 13. mars 1802. Galt Norðurland mikið menningarlegt afhroð við þessa ráðstöfun. Landið varð með þessum hætti eitt biskupsdæmi, og hefur við svo búið setið æ síðan. Með lögum nr. 38/1909 voru stofnuð embætti vígslubiskupa, sem bundin eru við hin fornu biskupsdæmi að því er staðarmörk varðar.

Andvirði eigna biskupsstólanna kom kirkjunni lítt til nytja, svo sem þó var til ætlast að nokkru, og hvarf fé þetta að verulegu leyti í hina almennu verðfellingu næstu ára. Í konungsbréfi 29. apríl 1785 var að vísu veitt fyrirheit um, að biskup mætti reisa sér bústað í Reykjavík og kjósa eina af jörðum konungs í Gullbringu- og Kjósarsýslu sér til hlunninda og að auki eina af stólsjörðum handa biskupsekkju. Framkvæmd á þessu varð þó harla lítil. Bjó hinn fyrsti biskup í Reykjavík við skarðan fjárhlut, en biskupsbústaður í Laugarnestorfu, er síðar var reistur, var illa úr garði gerður og seldur samkvæmt leyfi þar um hinn 8. apríl 1856. Eftir það hefur biskup setið í Reykjavík og notið húsaleigustyrks lengstum, en ríkið hefur nú keypt bústað, sem við hæfi er, fyrir biskup.

Hið bágborna efnahagsástand þjóðarinnar síðast á 18. öld, sem kom í kjölfar mikilla náttúruhamfara og örðugs árferðis réð því, að horfið var að því ráði að leggja niður biskupsstóla á Hólum og flytja biskupssetur frá Skálholti til Reykjavíkur. Kom hér einnig til það viðhorf, að ákveðið var, að Reykjavík skyldi verða aðsetur stjórnvalda landsins og æðsta innlenda dómstólsins, en um sölu jarðeigna hefur vafalaust gætt þeirrar stefnu, að stuðla skyldi að því, að bændur yrðu sjálfseignarbændur.

Á þessu raunarlega tímabili í sögu þjóðarinnar var Alþingi einnig lagt niður árið 1800, svo sem alkunna er. Það var þó endurreist 45 árum síðar. Hins vegar hefur dregist miklu lengur en sæmilegt má þykja að endurreisa Hólastól og koma þar á fót stofnunum, sem geti gegnt mikilvægu hlutverki í þágu kristnihalds. Hefur lengi sviðið undan því. Kemur sterklega til greina að afhenda þjóðkirkjunni Hóla til forræðis með svipuðum hætti og Skálholt, en í Skálholti hafa myndarleg mannvirki verið reist auk hinnar fögru dómkirkju, og markverð starfsemi er hafin þar á kristilegum grundvelli. Með þessu myndarlega átaki er Skálholt hafið úr þeirri niðurlægingu, sem það var komið í. Á grundvelli þeirrar reynslu, sem fengist hefur um endurreisn Skálholts þarf nú að hefjast handa um endurreisn Hóla í þágu þjóðkirkjunnar.

Er þetta frv. reist á þeirri skoðun, að biskupssetur á Hólum sé mikilvægur þáttur í því endurreisnarstarfi.

Rétt þykir að svo vöxnu að gera nokkra grein fyrir frumvörpum til laga og tillögum til þingsályktana, sem komið hafa fram á Alþingi um biskupsembætti, svo og frumvörpum, sem samþykkt hafa verið á Kirkjuþingi um þetta mál, eða rædd þar. Með því fæst nokkur innsýn í hugmyndir þær, sem efstar hafa verið á baugi um lausn þessa máls.

III.

Á Alþingi 1881 var samþykkt þingsályktun þar sem skorað var á stjórnina að veita hvorki amtmannsembætti né biskupsembætti og leggja fyrir næsta þing frv. um afnám þessara embætta. Þessi þingsályktun varð þó ekki efni til neinna löggjafaraðgerða.

Á Alþingi 1891 bar einn þingmaður fram frv. um afnám embætta. Var þar m. a. ákvæði um, að leggja skyldi niður biskupsembættið og prófastinum í Kjalarnessprófastsdæmi falið að vígja presta. Þessi grein frv. var felld.

Á Alþingi 1903 báru tveir þingmenn fram frv. um að sameina biskupsembættið forstöðumannsembættinu við prestaskólann. Frv. náði ekki fram að ganga, en því hafði þó verið breytt svo, að forstöðumannsembættið skyldi sameinað biskupsembættinu.

Á Alþingi 1905 var samþykkt þingsályktun um, að biskupsembættið yrði ekki veitt, fyrr en Alþingi hefði rætt tillögur milliþinganefnda um kirkjumálalöggjöf. Einn nefndarmanna í kirkjumálanefndinni samdi frv. um sameiningu forstöðumannsembættis prestaskólans við biskupsembættið, en það frv. var ekki flutt á Alþingi.

Á Alþingi 1909 var flutt stjórnarfrv. um varabiskup. Skyldi hann hafa biskupsvígslu og vígja biskup, ef því var að skipta, og vígja presta í forföllum biskups. *Meginröksemdin fyrir frv. var sú, að mönnum þótti óviðeigandi, að íslenskur biskup þyrfti að sækja vígslu til annarra landa.* Þingmönnum þótti frv. yfirleitt til bóta, en töldu, að embættisheitið varabiskup væri ótækt, og kusu fremur, að biskupinn nefndist vígslubiskup. Dr. Jón Þorkelsson bar nú fram frv. til laga um endurreisn Hólabiskupsdæmis hins forna og um tvo vígslubiskupa á Íslandi. Hugmyndir um biskupsembætti á Alþingi allt fram til 1909 höfðu eigi verið rismiklar, en hér kvað gagngert við nýjan tón. Er vissulega reisn yfir frumvarpi dr. Jóns og eigi síður málafylgju hans á Alþingi, enda kló hér sá, er kunni. Var frv. dr. Jóns um tvo vígslubiskupa samþykkt, sbr. lög nr. 38/1909, en það ákvæði frv., er fjallaði um biskup á Hólum, var fellt.

Frv. til laga um biskupskosningar var samþykkt á Alþingi 1921, sbr. lög nr. 21/1921, er enn gilda óbreytt.

Viðleitni sú til sparnaðar á útgjöldum ríkisins, sem gætti mjög á Alþingi 1923 og 1924, varð hvati að þrennum frv. Hið fyrsta var stjórnarfrv. 1923, er kvað á um afnám biskupsembættisins, en tvö frv. 1924 hnigu að því að sameina biskupsembætti prófessorsembætti eða dósentsembætti við guðfræðideild Háskólans. Eigi náðu þessi frv. fram að ganga.

Verður nú hljótt um langan tíma um málefni þetta á Alþingi, en næstu tillögur horfa til þess að fjölga biskupsembættum og draga eigi úr.

Þegar kom fram á fjórða og fimmta áratug þessarar aldar, hófust umræður að marki um endurreisn biskupsstóla og um fjölgun biskupsembætta. Þetta mál kom fyrst til umræðu á Alþingi með frv., er prófessor Magnús Jónsson flutti 1941 (Alþ.tíð. þ. á., þskj. 48). Samkvæmt því frv. skyldu biskupsdæmi vera tvö, Skálholtsbiskupsdæmi með biskupssetri í Reykjavík, og Hólabiskupsdæmi með biskupssetri á Akureyri. Skyldi Skálholtsbiskup hafa stjórn og yfirsókn um Sunnlendingafjórðung og Vestfirðingafjórðung, frá Austur-Skaftafellsprófastdæmi til Strandaprófastsdæmis, að

báðum prófastsdæmum meðtöldum. Hólabiskup skyldi hafa stjórn og yfirsókn í Norðlendinga- og Austfirðingafjórðungum, frá Húnavatnsprófastsdæmi til Suður-Múlaprófastsdæmis. Ákvæði voru í frv. þessu um biskupskjör, og skyldu prestar og prófastar hafa kosningarrétt, en guðfræðikennarar einnig við biskupskjör í Skálholtsbiskupsdæmi. Hver kjósandi skyldi greiða einum manni atkvæði, og voru allir þeir kjörgengir, er rétt hafa til prestsembættis í þjóðkirkjunni. Þeim manni skyldi veita embættið, er flest fengi atkvæði, en hlutkesti skyldi ráða, ef tveir eða fleiri hlytu jafnmörg atkvæði. Gert var ráð fyrir, að embætti vígslubiskupa héldust. Fyrirmæli voru um prestastefnur í biskupsdæmum. Þá var það ákvæði um biskupsvígslu, að biskup skyldi vígja eftirmann sinn, en ella hinn biskupinn, ef hans naut við. Að öðrum kosti skyldi vígslubiskup framkvæma vígslu, og sá þeirra, er vígsluþegi kaus til. Í frv. sagði, að Skálholtsbiskup skuli hafa á hendi umsjón, sem er undir stjórn biskups landsins. Lögin skyldu ekki koma til framkvæmda, fyrr en við næstu biskupaskipti eða þegar biskup landsins gæfi samþykki sitt til þessa, en þá skyldi hann verða Skálholtsbiskup.

Í greinargerð með frv. prófessors Magnúsar koma fram þær tvær meginástæður fyrir fjölgun biskupsdæma, sem síðar hefur verið byggt á, annars vegar að þjóðlegur metnaður bjóði að endurreisa biskupsdæmi og biskupsstólana fornu og hins vegar að þjóðkirkjunni sé að því starfsnauðsyn að landinu sé skipt í fleiri biskupsdæmi.

Á Alþingi 1945 fluttu fimm þingmenn frv. til laga „um endurreisn hinna fornu biskupsstóla að Skálholti og Hólum í Hjaltadal". Í frv. þessu fólst að verulegu leyti önnur stefna en í frv. prófessors Magnúsar Jónssonar. Samkv. frv. skyldu vera hér á landi, auk biskups, tveir vígslubiskupar, annar í Skálholtsbiskupsdæmi hinu forna með embættissetri í Skálholti, og hinn í Hólabiskupsdæmi hinu forna með embættissetri á Hólum í Hjaltadal. Vígslubiskupar skyldu kjörnir af öllum þjónandi prestum þjóðkirkjunnar. Kjörgengir eru allir þeir, sem rétt hafa til prestsembættis í þjóðkirkjunni, án tillits til þess, hvar þeir eru búsettir á landinu. Skyldi um kosninguna fara eftir lögum um biskupskosningu. Ef enginn fengi áskilinn meiri hluta atkvæða, skyldi embættið veitt eftir tillögum biskups, en hann skyldi vígja vígslubiskupa. Vígslubiskupar skyldu jafnframt vera dómkirkjuprestar, hvor á sínu setri. Biskup gat falið þeim að vígja presta í biskupsdæmunum, ef hann fékk því eigi sjálfur við komið. Þeir skyldu og vísitera í biskupsdæmum og haga yfirreiðum að fyrirmælum biskups og í samráði við hann. Vígslubiskupar vígja biskup, ef fráfarandi biskup getur eigi gert það, og sá þeirra, er viðtakandi biskup kveður til þess. Þegar fráfarandi biskup framkvæmir vígslu, skulu vígslubiskupar vera sjálfkjörnir vígsluvottar. Eigi síðar en 1950 skyldu reistar biskupsíbúðir að Skálholti og á Hólum, og **mælt var fyrir um að reisa** skyldi vandaða dómkirkju í Skálholti og framkvæma fullnaðarviðgerð á Hóladómkirkju.

Frv. þetta var lagt fyrir Kirkjuráð og hlaut samþykki þess. Í greinargerð er lögð áhersla á þá nauðsyn, sem á því er, að biskupssetrunum sé sýndur sómi og að þar rísi upp menntasetur. „En þá fyrst er virðing og hin forna helgi þessara frægu staða endurvakin, svo sæmd sé að, ef sameinað verður þar á ný biskupssetur og skóli." Í öðru lagi er bent á, að vegna stærðar landsins og samgangna sé ekki hægt að ætlast til þess, að biskup landsins geti haft það eftirlit, sem æskilegt er, með kirkjum og söfnuðum, prestum og prestssetrum. „Er því hin mesta nauðsyn á, að hann geti falið völdum mönnum, er prestastéttin ber fullt traust til að annast slíkar yfirreiðar og **heimsóknir fyrir sína hönd** að einhverju leyti. En einmitt slíka aðstoðarmenn mundi hann fá, þar sem vígslubiskuparnir eru, með þeirri skipan, sem frv. miðar að."

Frv. þetta varð ekki útrætt.

Á Alþingi 1955 fluttu þingmenn Árnessýslu tillögu til þingsályktunar, svofellda: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fyrir næsta þing frumvarp um endurreisn biskupsstóls í Skálholti." Var tillagan flutt samkv. ósk

prófasts og presta í Árnesprófastsdæmi. Tillaga þessi til þingsályktunar var samþykkt. Stóð tillaga þessi m. a. í tengslum við 900 ára afmæli biskupsstóls í Skálholti.

Á Alþingi 1956 var flutt tillaga til þingsályktunar um, að biskup Íslands skuli hafa aðsetur í Skálholti. Stóðu átta þingmenn að þeirri tillögu. Tillagan var svofelld: „Alþingi ályktar, að biskup Íslands skuli hafa aðsetur í Skálholti. — Jafnframt ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að undirbúa þá löggjöf, sem nauðsynleg kann að reynast vegna flutnings biskupsstólsins.“ Þessi tillaga var aldrei tekin á dagskrá til efnismeðferðar.

Á Alþingi 1957 fluttu fjórtán þingmenn þessa tillögu til þingsályktunar: „Alþingi ályktar, að biskup Íslands skuli hafa aðsetur í Skálholti.“ Um þessa tillögu urðu nokkuð miklar umræður, en tillagan varð ekki útrædd.

Á Alþingi 1961 fluttu fjórir þingmenn þessa tillögu til þingsályktunar: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram í samráði við biskupinn yfir Íslandi nauðsynlegan undirbúning að flutningi biskupsseturs að Skálholti, að lokinni þeirri uppbyggingu staðarins, sem nú stendur yfir.“ Þessi tillaga kom ekki til efnismeðferðar.

Á Alþingi 1962 flutti ríkisstjórnin frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að afhenda þjóðkirkju Íslands Skálholtsstað. Umræður urðu miklar um frv. þetta og snérust þær mjög um það, hvort ákveða ætti í frv. þessu eða í tengslum við það, að Skálholt yrði biskupssetur, og voru ýmsir þingmenn þeirri hugmynd fylgjandi. Ekki var þó tekin afstaða til þessa við meðferð frv. á Alþingi, en það var samþykkt sem kunnugt er, sbr. lög nr. 32/1963.

IV.

Kirkjuþing þjóðkirkju Íslands hefur margoft fjallað um skipan biskupsdæma og biskupsstóla, allt frá því að fyrsta Kirkjuþing var háð 1958. Tvívegis hafa verið samþykkt frumvörp til laga um biskupsdæmi hinnar íslensku þjóðkirkju, árin 1958 og 1968. Skulu þau frv. nú reifuð stuttlega.

Í frv., er Kirkjuþing afgreiddi 1958, var gert ráð fyrir tveimur biskupum. Skyldi Skálholtsbiskup sitja í Reykjavík, en Hólabiskup á Akureyri. Þeim skyldi búin dvalarskilyrði í Skálholti og á Hólum, og skyldu þeir dveljast þar, „þegar þeim þykir henta og ber skylda til ....“, þ. á m. þegar prestastefnur eru haldnar þar eða aðrir kirkjulegir fundir. Heimilt skyldi að ákveða, að Hólabiskup sæti á Hólum, „enda hafi það áður verið samþykkt af þjónandi þjóðkirkjuprestum og safnaðarfulltrúum biskupsdæmisins“. Skálholtsbiskupsdæmi skyldi taka yfir Austur-Skaftafellsprófastsdæmi til Norður-Ísafjarðarprófastsdæmis, að báðum prófastsdæmum meðtöldum, en Hólabiskupsdæmi yfir hinn hluta landsins. Ákvæði voru um biskupskjör í frv. þessu. Kosningarrétt skyldu eiga prófastar og þjónandi prestar þjóðkirkjunnar í því biskupsdæmi, er veita á. Kjörgengir til biskupsembætta eru allir þeir samkv. frv., „sem kjörgengi hafa til prestsembættis í þjóðkirkjunni“. Hver kjósandi skyldi kjósa einn þeirra, sem kjörgengir eru til embættis. Réttkjörinn biskup er sá, sem fær meira en helming greiddra atkvæða. Nú fær enginn það atkvæðamagn, og skal embættið þá veitt einhverjum þeirra þriggja manna, sem flest fengu atkvæðin. Biskup skyldi vígja eftirmann sinn, en ella hinn biskupinn. Kveðið var á um tvær árlegar prestastefnur í frv., í Skálholti og á Hólum. Biskupar skyldu eiga sæti í kirkjuráði og á kirkjuþingi og skiptast þar á um forsæti. Báðir biskupar skyldu fara með sameiginleg málefni kirkjunnar gagnvart stjórnvöldum og koma fram sem fulltrúar þjóðkirkjunnar eftir samkomulagi sín á milli. Biskupar skyldu hafa skrifstofur í Reykjavík og á Akureyri, en skrifstofa Skálholtsbiskups átti jafnframt að hafa með höndum sameiginleg málefni biskupsdæma beggja. Skrifstofustjóri hennar skal skipaður af kirkjumálaráðherra samkvæmt tillögum beggja biskupa. Nánari ákvæði um skiptingu á starfssviði biskupa skyldi setja með reglugerð, að fengnum tillögum beggja biskupa. Gert var ráð fyrir, að embætti vígslu-

biskupa skyldu niður lögð. Lögin áttu að koma til framkvæmda við næstu biskupaskipti eða þegar biskup landsins veitti samþykki sitt til þess. Skal þá kjósa Hólabiskup, en biskup landsins verða Skálholtsbiskup.

Frumvarp Kirkjuþings var eigi lagt fyrir Alþingi.

Fyrir Kirkjuþing 1966 var lagt frv. um biskupa hinnar íslensku þjóðkirkju. Var frv. vísað til biskups og Kirkjuráðs til frekari undirbúnings undir næsta Kirkjuþing. Frv. var síðan samþykkt á Kirkjuþingi 1968. Samkv. því skyldu biskupsdæmi hinnar „íslensku þjóðkirkju vera þrjú, Reykjavíkur-, Skálholts- og Hólabiskupsdæmi, og biskupar sitja á þeim stöðum, sem biskupsdæmin eru við kennd. Kirkjumálaráðherra gat þó ákveðið, að Hólabiskup skyldi hafa annað aðsetur í biskupsdæminu, ef meirihluti sóknarpresta og safnaðarfulltrúa biskupsdæmisins óskar þess. Takmörk biskupsdæmanna skyldu vera hin sömu og til forna, en undan Skálholtsbiskupsdæmi takist Reykjavíkur- og Kjalarnesprófastsdæmi, er verður Reykjavíkurbiskupsdæmi. Ákvæði voru um biskupskjör í frv. Prófestar og þjónandi prestar hvers biskupsdæmis eiga kosningarrétt, en prófessorar við guðfræðideild Háskóla Íslands, þeir er kjörgengir eru til biskups, skyldu njóta kosningarréttar í Reykjavíkurprófastsdæmi. Skipa skyldi þann, er hlýtur ⅗ atkvæða, en ef enginn hlýtur slíkt atkvæðamagn skyldi kjósa milli þeirra tveggja, sem flest fengu atkvæði. Verði þeir jafnir, skyldi skipa þann, sem eldri er í þjónustu kirkjunnar. Kjörgengir eru allir þeir, sem fullnægja skilyrðum til prestsembættis í þjóðkirkjunni án tilllts til þess, hvar þeir eru búsettir. Þá voru ákvæði um, að biskupar ættu samkv. embættisstöðu setu á Kirkjuþingi og í Kirkjuráði. Skyldu biskupar vera forsetar kirkjuþings á víxl eftir þeirri röð, sem þeir koma sér saman um, en Reykjavíkurbiskup skyldi vera forseti Kirkjuráðs. Leikmannafulltrúum á Kirkjuþingi skyldi fjölga um 2, en Kirkjuráð skyldi auk biskups skipað fjórum mönnum, kjörnum á Kirkjuþingi, þremur leikmönnum úr sínu biskupsdæmi hver og hinn fjórði þjónandi prestur. Kirkjuráð skyldi fara með umboð þjóðkirkju Íslands út á við og fyrirsvar hennar í þeim málum, sem varða hana í heild. Embættisskrifstofa Reykjavíkurbiskups skyldi jafnframt vera skrifstofa Kirkjuráðs. Kirkjumálaráðherra skipar henni skrifstofustjóra, (biskupsritara), að fengnum tillögum biskupa. Skrifstofan skyldi annast afgreiðslu og fyrirgreiðslu sameiginlegra mála kirkjunnar gagnvart stjórnvöldum og erlendum aðiljum og reka erindi einstakra biskupsdæma samkvæmt tilvísun biskupa. Þá voru ákvæði um, að Kirkjuráð hefði á hendi vörslu sameiginlegra sjóða kirkjunnar og þeirra kirkjueigna, sem hún hefur eða fær umráð yfir. Kirkjuráð ráðstafar samkvæmt tillögu biskupa því fé, sem veitt er árlega til prestssetra. Sjóðir og aðrar kirkjueignir, sem um hlutverk takmarkast við tiltekin biskupsdæmi, skulu vera í vörslu hlutaðeigandi biskups, ef lög og reglugerðir mæla því eigi í gegn. Biskup skal vígja eftirmann sinn, verði því við komið, ella framkvæmir biskupsvígslu sá biskup, sem eldri er í biskupsembætti eða að árum sé embættisaldur jafn. Biskupar skulu fara hver um sig með sérmál biskupsdæmis síns. Þeir vígja presta og kirkjur og framkvæma annað það í biskupsdæminu, sem lög, reglur eða venjur fella undir biskupsvald. Þeir skulu vísitera presta og söfnuði biskupsdæmis síns eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Biskup mátti tilnefna prest eða prófast í biskupsdæminu sem varamann sinn (officialis). Skálholtsbiskup skyldi ásamt Kirkjuráði hafa forræði Skálholtsstaðar í umboði þjóðkirkju Íslands. Þá voru fyrirmæli um, að prestastefnu skyldi halda árlega fyrir landið allt, og skulu biskupar sitt árið hver undirbúa hana og stýra eftir þeirri röð, sem þeir ákveða. Prestastefnur skulu haldnar í hverju biskupsdæmi eftir þörfum. Jafnframt var boðið, að prestastefnur skuli haldnar í hverju biskupsdæmi eftir þörfum. Enn voru ákvæði um launakjör og önnur starfskjör biskupa og að þeim skyldi veitt hæfilegt fé til skrifstofuhalds, ferðakostnaðar og risnu. Vígslubiskupsembætti skyldu niður lögð. Núverandi biskup skyldi eiga rétt á að setjast í hvert biskupsembættið sem hann kýs.

Frv. Kirkjuþings var eigi flutt á Alþingi.

Rétt er að geta hér tillögu, sem samþykkt var á Kirkjuþingi 1974 þess efnis, að 2. gr. laga nr. 21/1921 um biskupskosningu yrði breytt svo, að við hana bættist þetta ákvæði: „Sama kosningarrétt hafa leikmenn á Kirkjuþingi og einn kjörmaður úr hverju prófastsdæmi, valinn af safnaðarfulltrúum á héraðsfundi til 6 ára. Héraðsfundir kjósa varamenn á sama hátt."

Árið 1955 skipaði kirkjumálaráðherra þrjá menn í nefnd til að endurskoða lög og tilskipanir um málefni þjóðkirkjunnar. Var dr. Ásmundur Guðmundsson, biskup, formaður hennar, en auk hans áttu sæti í nefndinni Gústav A. Jónasson, ráðuneytisstjóri og séra Sveinn Víkingur, biskupsritari. Þeir sömdu m. a. frumvarp til laga um biskupa þjóðkirkju Íslands. Lá frv. þetta fyrir hinu fyrsta Kirkjuþingi 1958, er samdi og samþykkti annað frv., sem reifað er hér að framan. Frv. kirkjumálanefndarinnar frá 1955 er mjög ítarlegt og þykir rétt að reifa efni þess í stórum dráttum.

Í frv. var gert ráð fyrir þeirri skipan, að biskup Íslands væri yfirmaður hinnar íslensku þjóðkirkju og hafði hann umsjón og eftirlit með framkvæmd kirkjumála og störfum þeirra, er vinna í þjónustu kirkjunnar. Hann skyldi hafa búsetu í Reykjavík, og var ríkinu skylt að sjá honum fyrir hæfilegum embættisbústað, og mælt var fyrir um risnufé og ferðakostnað. Auk biskups Íslands voru biskupar á Hólum og í Skálholti. Tók Skálholtsbiskupsdæmi samkv. frv. yfir Suður- og Vesturland, frá Austur-Skaftafellsprófastsdæmi til Norður-Ísafjarðarprófastsdæmis að báðum meðtöldum, en umdæmi Hólabiskups náði yfir Norður- og Austurland, frá Strandaprófastsdæmi til Suður-Múlaprófastsdæmis. Rækileg ákvæði voru um verkaskiptingu milli biskups Íslands og biskupanna á Hólum og í Skálholti. Biskup Íslands skyldi sjá um öll sameiginleg málefni þjóðkirkjunnar. Hann skyldi fylgjast með því, að eigi veljist aðrir til prestsþjónustu en þeir, sem vel eru til þess hæfir, og skyldi sá, er sækja vill um prestsembætti fá vottorð biskups um, að hann fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru til þess, er hljóta má prestsvígslu. Biskup Íslands skyldi halda ár hvert almenna prestastefnu fyrir landið allt og vera forseti hennar. Hann skyldi vígja presta þjóðkirkjunnar, biskupa til Skálholts og Hóla, svo og eftirmann sinn í embætti, ef því verður við komið. Þessi störf má hann þó fela biskupi á Hólum eða í Skálholti, ef hann vill. Biskup Íslands skyldi og vígja kirkjur, ef því yrði við komið, en ella biskupar á Hólum eða í Skálholti. Fyrirmæli voru um kirkjuvígslubréf, er biskup gefur út. Biskup Íslands skyldi eigi sjaldnar en á 20 ára fresti heimsækja hvern söfnuð landsins og kynna sér ýmis þau atriði, er varða kristnihald í söfnuði, sambúð prests og safnaðar, ásigkomulag kirkju og prestsseturs og annað það, er varðar hag prests og safnaðar. Skal hann vanda um við hlutaðeigendur og gera tillögur til úrbóta, ef því er að skipta. Hann gengur eftir skýrslum frá prestum um tiltekin atriði, er varða starfsemi kirkjunnar. Hann setur prófasta um stundarsakir og enn fremur presta til þjónustu í prestslausum prestaköllum o. fl. Biskup Íslands er fulltrúa íslensku þjóðkirkjunnar út á við gagnvart erlendum kirkjum, kirkjudeildum og kirknasamböndum. Ef biskup getur eigi gegnt störfum um stundarsakir vegna veikinda eða fjarvistar, er honum heimilt með samþykki kirkjumálaráðherra að fela öðrum að gegna starfinu um hríð á sína ábyrgð. Er biskup Íslands lætur af starfi, skyldi sá biskupanna í Skálholti eða á Hólum, sem eldri er að biskupsvígslu, vera settur biskup Íslands, uns annar er skipaður.

Verkefni biskupanna á Hólum og í Skálholti var samkv. frv. bundið við að hafa tilsjón með kristnihaldi, hvor í sínu umdæmi. Þeir skulu halda a. m. k. annað hvert ár prestastefnur á Hólum og í Skálholti. Þeir skyldu vísitera allar kirkjur og söfnuði, hvor í sínu umdæmi, eigi sjaldnar en 5. hvert ár í Skálholtsumdæmi, en hið 4. hvert í Hólabiskupsdæmi, og gilda um heimsóknir þeirra sömu ákvæði sem um vísitasíur biskups Íslands. Þeir skyldu annast úttektir prestsetra og prestseturshúsa og hafa á hendi yfirendurskoðun allra reikninga kirkna í umdæminu og senda biskupi árlega skrá um fjárhag þeirra. Þeir skulu fylgjast með störfum presta og

prófasta og gæta þess sérstaklega, að þeir sendi skýrslur til biskups um kirkjuleg málefni eftir því sem fyrir er mælt. Biskup Íslands gat falið þeim að vígja presta og kirkjur og framkvæma önnur biskupsverk, ef hann fær því eigi við komið. Biskupar í Skálholti og á Hólum vígja biskupa í forföllum biskups Íslands eða þegar hann óskar. Þeir eiga sæti á Kirkjuþingi. Þeir eru fulltrúar þjóðkirkjunnar á erlendum kirkjuþingum í forföllum biskups Íslands. Þeir skyldu flytja að jafnaði guðsþjónustur í dómkirkju biskupssetranna. Ríkið skyldi sjá þeim fyrir embættisbústað, og ákvæði voru um starfskjör þeirra. Í frv. voru ákvæði um kosningar biskupa. Kosningarrétt við kjör biskups Íslands áttu allir sóknarprestar þjóðkirkjunnar, guðfræðikennarar Háskóla Íslands, svo og aðrir embættismenn ríkisins í þjónustu kirkjunnar, sem lokið hafa embættisprófi í guðfræði. Kjörgengir eru allir þeir, sem rétt hafa til embætta í þjóðkirkjunni. Sömu reglur gilda um kosningu biskupa til Hóla og Skálholts með þeirri breytingu, að við kjörið hafa aðeins atkvæðisrétt sóknarprestar hvors umdæmis um sig svo og fráfarandi biskup. Hver kjósandi skyldi kjósa einn mann sem biskupsefni. Réttkjörinn biskup er sá, sem fær meira en helming greiddra atkvæða. Ef enginn fær það atkvæðamagn, skal embættið „veitt þeim þeirra þriggja, er flest fengu atkvæði sem kirkjustjórnin telur best til þess fallinn". Ráðgert var, að felld yrðu úr gildi m. a. lög um vígslubiskupa, nr. 38/1909, lög um biskupskosningu nr. 21/1921 og erindisbréf biskupa 1. júlí 1746.

V.

Við samningu frv. þessa hefur verið höfð rík hliðsjón af frumvörpum til laga og tillögum til þingsályktana, sem borin hafa verið fram á Alþingi, svo og af frumvörpum, er komið hafa fyrir Kirkjuþing, og af afstöðu Kirkjuþings til einstakra atriða. Þá hefur verið stuðst við sérfræðilega athugun, sem fram hefur farið á verkefnum biskups, bæði lögmæltum og venjubundnum. Nokkur athugun hefur og farið fram á norrænni löggjöf um biskupsdæmi og störf og starfsháttu biskupa. Þótt margt mæli með því, að biskupar verði þrír hér á landi, hefur af fjárhagsástæðum eigi þótt gerlegt að miða efni frv. við svo mikla fjölgun biskupa. Til álita hefur komið m. a. að halda í núverandi skipan með einum biskupi landsins og viðhalda vígslubiskupsembættum og ætla vígslubiskupum þá meiri verkefni en nú er og ákveða þeim embættissetur í Skálholti og á Hólum. Almennt er örðugt að breyta gömlum embættum verulega að inntaki til án breytingar á heiti embættis. Þessi lausn kemur ugglaust mjög til álita hjá Alþingi og svo fleiri leiðir, sbr. hér síðar, því að með þessu frv. er fyrst og fremst stefnt að því að kanna viðhorf og vilja Alþingis. Er sú hugmynd, sem frv. er reist á, aðeins ein af fleiri leiðum, sem sterklega koma til greina.

VI.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til, að biskupsdæmi verði tvö, Hólabiskupsdæmi og Skálholtsbiskupsdæmi. Tillaga þessi er mjög í ætt við frv. Magnúsar prófessors Jónssonar frá 1941 og frumvarp, sem Kirkjuþing samþykkti 1958. Sama er um skilin milli biskupsdæmanna, sbr. 2. gr. Í þeim frv. var hins vegar gert ráð fyrir, að Hólabiskup sæti á Akureyri. Hér er lagt til, að hann sitji á Hólum í Hjaltadal, sbr. 3. gr., þótt skipa megi því máli annan veg.

Helstu hugmyndir aðrar um lausn á þeim vanda, hvernig skipa eigi biskupsdæmum eru þessar:

1. Biskupsdæmi verði þrjú, Skálholts-, Hóla- og Reykjavíkurbiskupsdæmi, sbr. frumvarp Kirkjuþings 1968 og frumvarp kirkjumálanefndarinnar, sem skipuð var 1955. Í síðarnefnda frv. er Reykjavíkurbiskup nefndur biskup Íslands, en hinir biskupar á Hólum og í Skálholti. Verður þá biskup Íslands fyrir þeim, en hinir

biskuparnir hafa afmörkuð verkefni. Meira jafnræðis milli biskupanna þriggja gætir í frv. frá 1968, en þar er byggt á því, að Kirkjuráð gegni ýmsum sameiginlegum málum og fyrirsvari út á við.

2. Biskup Íslands verði einn, en vígslubiskupar tveir með auknu valdsviði frá því, sem nú er. Er þar sérstaklega að geta hugmyndar þeirrar, er lá til grundvallar frv. frá 1945, þar sem byggt er á, að vígslubiskupar sitji á Hólum og í Skálholti og verði þar dómkirkjuprestar jafnframt því að vera vígslubiskupar. Þessi hugmynd liggur nærri frv. kirkjulaganefndar, en þar eru embættismenn þessir nefndir biskupar, en eigi vígslubiskupar.

Vafalaust má hugsa sér fleiri lausnir, og er ærið álitamál, hvernig þessum málum verði hagkvæmast fyrir komið.

Um 2. gr.

Hin fornu skil milli Skálholtsbiskupsdæmis og Hólabiskupsdæmis miða Hólabiskupsdæmi við Norðlendingafjórðung, frá Helkunduheiði og Skorarvíkurbjargi á Langanesi til Hrútafjarðarár, en Skálholtsbiskupsdæmi tekur yfir aðra landshluta (í dómi 10. ágúst 1641 er þó miðað hér við Lönguhlíðarkamb á Langanesi að austan verðu). Til þessara fornu skila er vísað í lögum um vígslubiskupa nr. 38/1909. Eigi þykir einhlítt að leggja sögulegan mælikvarða á þetta mál, heldur ber að meta út frá félagslegum og stjórnsýslulegum viðhorfum í nútíma þjóðfélagi. Í frv. er í megindráttum fylgt frv. Magnúsar Jónssonar frá 1941 og frumvarpi Kirkjuþings 1958, þ. e. að telja til Skálholtsbiskupsdæmis Suðurland, Vesturland og Vestfirði, en til Hólabiskupsdæmis Norðurland og Austurland. Þrátt fyrir þessa landfræðilegu stækkun Hólabiskupsdæmis, verða þar miklu færri íbúar en í Skálholtsbiskupsdæmi, þ. e. 44 931 á móti 171 697, miðað við manntal 1. desember 1974. Heyra 6 prófastsdæmi þá undir Hólabiskupsdæmi, en 9 undir Skálholtsbiskupsdæmi. Miklu fleiri kirkjur, prestaköll og söknir heyra undir Skálholtsbiskup með þessari skipan. Landfræðilega er hún þó eðlileg.

Samkv. lögum 35/1970 geta mörk prófastsdæma e. t. v. breyst. Ef til þess kæmi, að slík breyting raskaði skilum milli biskupsdæma, yrði sjálfsagt gerð sérstök skipan á því máli við slíka breytingu. Þykir eigi ástæða til að orða sérstaklega í frv. reglu, er lúti að þessu tilviki.

Um 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að Skálholtsbiskup sitji í Reykjavík, en Hólabiskup á Hólum í Hjaltadal. Má þó gera aðra skipan, ef meirihluti sóknarpresta og safnaðarfulltrúa mælir með því. Í frv. Kirkjuþinga er gert ráð fyrir, að Hólabiskup sitji á Akureyri, og sama er í frv. Magnúsar Jónssonar frá 1941. Í frv. frá 1945 er kveðið svo á, að vígslubiskup Hólabiskupsdæmis sitji á Hólum, og sama er um Hólabiskup samkv. frv. kirkjulaganefndar (1955). Svo sem fyrr er greint, verður að telja, að biskupssetur á Hólum sé mikilvægur þáttur í því starfi, sem nú er framundan um endurreisn Hólastaðar sem menningarmiðstöðvar á Norðurlandi, er komi einnig Austurlandi að liði. Um val biskupsseturs fer vitaskuld eftir ákvörðun Alþingis, og koma þar til greina ýmis sjónarmið, sem eigi verða rakin hér. Eðlilegt þykir þó að láta það að nokkru velta á afstöðu þjónandi sóknarpresta og safnaðarfulltrúa í biskupsdæmi, hvar biskup sitji, sbr. og fyrri frumvörpin sum, er hafa hliðstæða reglu að geyma.

Um 4.—6. gr.

Þessar greinar fjalla að efni til um verkefni biskupa og skilin milli starfssviða þeirra. Ýmis verkefni, er heyra nú undir biskup Íslands, eru í eðli sínu staðbundin, þau varða t. d. tiltekinn söfnuð, kirkju, prest, prestsetur, sóknarnefnd, kirkjugarð o. s. frv. Eru þau sérmál biskupsdæmis. Er það ljóst samkv. 4. gr. frv., að hvor

biskup fer með sérmál biskupsdæmis Frv. þetta breytir í engu biskupsvaldi, eða þeim verkefnum, sem nú eiga undir biskup. Önnur verkefni varða hinsvegar þjóðkirkjuna sem stofnun, og eru eigi bundin staðarmörkum í eðli sínu. Gert er ráð fyrir því í 4. gr., að biskupar skuli fjalla sameiginlega um ýmis slík málefni, er varða afstöðu og úrlausn innanlands. Þar sem nú er boðið í slíkum tilvikum t. d. að leita tillagna eða umsagnar biskups, þá ber samkv. 2. málsgr. 4. gr. að leita tillagna og umsagnar beggja biskupa, annaðhvort sameiginlega eða hvors þeirra um sig.

5. gr. frv. er reist á því meginsjónarmiði um verkefnaskiptingu, er að framan greinir. Varðar hún sjóði þjóðkirkjunnar og eignir. Ef sjóðir eða eignir eru tengdar allskostar við annað biskupsdæmi t. d. varða tiltekna kirkju þar, þá á sjóður eða eign að lúta umsjá og forræði biskups þar í biskupsdæmi, sem kirkja er, nema lög, skipulagsskrár (samþykktir) eða aðrir löggerningar standi því í vegi. Rétt þykir — einkum af hagkvæmisástæðum — að mæla svo fyrir, að aðrir sjóðir og eignir kirkjunnar lúti umsjá og forráðum Skálholtsbiskups. Er sú skipan brotalítil og skilvirk. Hins vegar er mælt svo fyrir, að Kirkjuráð úthluti fé úr sjóðum þessum (þ. e. hinum sameiginlegu) — og tekur það einnig til lánveitinga úr sjóði — svo og kveði á um ráðstafanir varðandi eignir, enda mæli lög eða löggerningar þessu eigi í gegn. Hefur Hólabiskup þar með afskiptarétt af þessum mikilvægu þáttum máls til jafns við hinn biskupinn. Lögð er áhersla á, að sérlög um einstaka sjóði kunna að mæla fyrir um sérstaka tilhögun á þessu máli, bæði varðandi vörslu sjóðs og úthlutun, og ganga þau þá fyrir. T. d. eru sérstök ákvæði um Kristnisjóð í II. kafla laga nr. 35/1970, kirkjugarðssjóði er sett sérstök stjórn, sbr. 27. gr. laga 21/1963, kirkjubyggingasjóður hefur og sérstaka stjórn, sbr. 2. gr. laga nr. 43/1954, og sérstök nefnd sker úr um, hverjum veita skuli styrk til bókakaupa, sbr. lög 17/1931, 4. gr. Um hinn almenna kirkjusjóð, sbr. 3. og 4. gr. laga nr. 20/1890 gegnir óneitanlega nokkuð sérstöku máli, þar sem kirkjur víðs vegar á landinu eiga þar innstæður. Eðlilegt þykir, uns endurskoðun fer fram á lögunum, að sá sjóður verði í umsjá Skálholtsbiskups, en kirkjuráð ákveði lánveitingar úr sjóðnum. Við ráðstafanir á kirkjueignum verður vitaskuld að gæta almennra lagareglna varðandi opinberar eignir.

Heimildargögn um eign eða sjóð geta mælt um annan hátt á vörslu og úthlutun úr sjóði en þann, er greinir í 5. gr., og ganga slík ákvæði þá fyrir.

Samkv. 6. gr. frv. er Skálholtsbiskup fulltrúi íslensku þjóðkirkjunnar út á við gagnvart erlendum kirkjum, kirkjudeildum og kirknasamböndum, en leita skal álits Kirkjuráðs um öll meiriháttar mál, er varða tengsl íslensku þjóðkirkjunnar við erlend kirkjufélög. Ef ágreiningur rís um það, hvað séu meiri háttar mál, sker kirkjumálaráðuneyti úr. Skálholtsbiskupi er rétt að fela Hólabiskupi að koma fram fyrir hönd þjóðkirkjunnar í einstökum samböndum eða fara með úrlausn einstakra mála, sem eiga undir 6. gr. Nauðsynlegt er, að einn aðili sé ábyrgur um tengsl íslensku þjóðkirkjunnar við erlenda aðilja og taki við erindum, er að því lúti og afgreiði. Af hagkvæmisástæðum er eðlilegt að fela Skálholtsbiskupi þetta verkefni. Þar sem boðið er í greininni að öll veigameiri mál þessarar tegundar komi fyrir Kirkjuráð, er með því tryggt, að Hólabiskup fjalli einnig um þau, og þar með alla meiri háttar stefnumörkun.

Um 7. gr.

Hér segir, að biskupar báðir eigi samkv. embættisstöðu (ex officio) sæti á Kirkjuþingi og í Kirkjuráði, svo og á prestastefnu fyrir landið allt. Eru þeir forsetar Kirkjuþings og prestastefnu til skiptir eftir röð. Felst þá einnig í því, að biskup undirbýr það Kirkjuþing eða þá prestastefnu, sem hann á að stýra samkv. þessu. Biskup er forseti prestastefnu, sem bundin er við biskupsdæmi hans. Lagt er til, að Skálholtsbiskup verði forseti Kirkjuráðs. Hefur hann vegna nálægðar við kirkju-

málaráðuneytið o. fl. stjórnsýsluvöld væntanlega betri tök á að undirbúa fundi ráðsins en hinn biskupinn.

Um 8. gr.

Í 1. málsgr. segir almennt um lögkjör biskupa, og skulu þeir njóta þeirra kjara, er biskup Íslands nýtur nú.

Í 2. málsgr. segir um starfslið á skrifstofu biskupa. Á hvorri biskupsstofu skal vera skrifstofustjóri (biskupsritari), er kirkjumálaráðherra skipar, að fengnum tillögum biskups. Eigi er áskilið, að sá maður sé guðfræðingur. Heimilt er að tengja starf biskupsritara í Hólabiskupsdæmi við prestsþjónustustarf eða annað þjónustustarf í þágu kirkjunnar, svo sem t. d. starf æskulýðsfulltrúa. Annað starfslið ræður biskup eftir því sem fé er veitt til.

Um 9. gr.

Hér er kveðið á um biskupsvígslu. Þykir eðlilegt, svo sem einnig er mælt fyrir um í fyrri frumvörpum, að leggja til, að forveri vígi eftirmann sinn, en ella biskup í hinu biskupsdæminu.

Um 10. gr.

Hér eru ákvæði um það, hvernig ráðstafa skuli biskupsembætti, ef biskup getur eigi gegnt embættinu. Er þar greint á milli þess annars vegar, hvort um **forföll** er að ræða um stundar sakir vegna veikinda, fjarvistar eða annars slíks og hins vegar að biskup falli frá eða láti af störfum. Í fyrra tilvikinu kveður kirkjumálaráðherra í samráði við biskup á um, hvernig fara skuli um rækslu embættisins. Í síðara tilvikinu skal yfirleitt setja hinn biskupinn til þess að gegna embættinu ásamt eigin embætti, uns nýr biskup verður skipaður. Eru þessi ákvæði á nokkuð veg en í frv. kirkjulaganefndar (1955).

Um 11. gr.

Í þessari grein er afstaða tekin til þess, hvernig skipa eigi einstökum málum, er lög ætla biskupi afskipti af og t. d. þar sem hann á sæti í stjórn stofnunar, nefndar eða stjórnar sbr. og 7. gr. Horfir þetta ákvæði til þess að eyða skýringarvandkvæðum í einstökum tilvikum. Breyta þyrfti formlega þeim lagaákvæðum, sem hér er vikið að, og verður það væntanlega gert við endurskoðun kirkjumálalöggjafar. Í 6. og 7. tölulið er lagt til, að kirkjumálaráðherra skipi annan hvorn biskupinn til þess að taka sæti í þeim stjórnum, sem þar greinir, — og þá væntanlega til skiptis. Hinn biskupinn á rétt á fundarsetu í stjórnum þessum, án atkvæðisréttar. Í 8. tölulið er Skálholtsbiskupi ætlað að hafa ásamt Kirkjuráði forræði um framkvæmdir og starfrækslu í Skálholti, sbr. lög 32/1963. Er þetta ákvæði orðað hér til að taka af hugsanleg tvímæli.

Um 12. gr.

Svo sem fyrr greinir, mun kirkjulaganefnd endurskoða ákvæði laga um stöðu og starfshætti biskups, svo og um biskupskosningar, nú á næstunni. Ákvæði um þessi efni eru því fá í frv. Með 12. gr. er vakin sérstök athygli á þörfinni á þessu endurskoðunarstarfi. Er vel hægt að afgreiða þetta frv., þótt slík endurskoðun liggi nú ekki fyrir.

Um 13. gr.

Hér er mælt fyrir um setningu reglugerðar af hálfu kirkjumálaráðherra, að fengnum tillögum biskups og Kirkjuráðs, um skiptingu verkefna milli biskupanna tveggja, svo og eftir atvikum um skiptingu eigna milli biskupsdæmanna. Verður vísast þörf á slíkri reglugerð. Er efni frv. raunar við það miðað, að eigi sé farið út í smáatriði heldur lúti þau ákvæðum reglugerðar, sbr. og athugasemdir við 5. gr.

Um 14. gr.

Hér er mælt fyrir um gildistöku laganna og svo um það, hvenær þau komi til framkvæmda, sbr. um síðara atriðið 1. gr. frv. Lögin um vígslubiskupa nr. 38/1909 eiga að falla niður, er lögin koma til framkvæmda. Biskupi Íslands er veittur kostur á að velja hvort biskupsembættið sem er, og er það í samræmi við venjur, þegar embætti er skipt, svo sem hér er raun á.

Ed. 586. Frumvarp til laga [264. mál]

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

32. gr. breytist þannig, að á eftir 1. mgr. kemur ný málsgr., sem verður 2. mgr., svohljóðandi:

Áður en embætti héraðsdómara er veitt, skal leita skriflegrar umsagnar nefndar 3ja manna, sem dómsmálaráðherra skipar til 3ja ára í senn. Einn nefndarmanna skal tilnefndur af Hæstarétti, og er hann formaður, einn tilnefndur af samtökum dómara úr hópi héraðsdómara landsins og einn skipaður án tilnefningar. Dómsmálaráðherra setur reglur um kjör dómarasamtakanna. Hann getur einnig sett reglur um tilnefningu varamanna, um fresti til að skila tilnefningum og um afleiðingar þess að nefndarmenn eru ekki tilnefndir, um fresti til að skila álitsgerðum, svo og um önnur framkvæmdaatriði.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta fjallar um einn þátt í undirbúningi að skipun í héraðsdómaraembætti, þ. e. að sérstök nefnd skuli fjalla um umsóknir um slík embætti.

Á síðustu áratugum hefur verið nokkur umræða víða um lönd um stöðu dómstóla og dómara í stjórnkerfinu og um sjálfstæði þeirra gagnvart öðrum aðilum stjórnkerfisins, einkum handhöfum framkvæmdavaldsins. — Umræða um þetta efni í ýmsum löndum, eftir heimsstyrjöldina síðari, mun ekki síst sprottin af reynslu borgaranna í mörgum ríkjum Vesturlanda á stríðstímum af mikilvægi styrkra dómstóla til tryggingar réttaröryggi. Annað atriði, sem veldur aukinni þýðingu styrkra dómstóla, er sú öra þjóðfélagsþróun, sem átt hefur sér stað á síðustu áratugum á skipulagsbákni „velferðarríkja" Vesturlanda, en af þeirri þróun hefur leitt stórfellda útþenslu á verksviði framkvæmdavaldsins. Félagsleg réttindi og öryggisreglur á ýmsum sviðum hafa leitt með sér stóraukna stjórnun. Af þessu hefur leitt, að dómstólar þurfa í mjög auknum mæli að leysa úr ágreiningi milli borgaranna og stjórnvalda í sambandi við þá stjórnunarframkvæmd. Er þá ljóst, að þess er brýn þörf að styrkja traust borgaranna á því, að dómstólarnir, við meðferð úrskurðarvalds síns, séu allsendis óháðir handhöfum framkvæmdavaldsins.

Einn þáttur þeirrar umræðu um sjálfstæði dómstólanna, sem að var vikið, hefur verið um fyrirkomulag á skipun í dómaraembætti. Hefur þar hvað mest verið um það rætt, hver afskipti dómstólanna, þ. e. starfandi dómara, skyldu vera af skipun í dómarastöður Lagaákvæði og venjureglur um skipun í dómaraembætti og aðdraganda að henni eru með margvíslegum hætti í ýmsum löndum.

Þykir rétt að stuttlega sé gerð grein fyrir hvernig háttað er í þessu efni í nokkrum löndum og jafnframt að nokkru, hverjar tillögur hafa verið gerðar um fyrirkomulag þeirra mála. Verður þá fyrst vikið að aðstæðum hér á landi.

Íslenskar lagareglur um almenna dómstóla er að finna í lögum um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936, lögum um meðfer opinberra mála nr. 74/1974, (sbr. einnig lög um sérstakan dómara og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum nr. 52/1973), lögum um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl. nr. 74/1972 og lög um Hæstarétt Íslands nr. 75/1973. Aðeins í síðastnefndu lögunum er ákvæði um afskipti annarra aðila en veitingavaldsins af ákvörðunartöku um veitingu dómaraembætta. Segir í 3. málsgr. 5. greinar hæstaréttarlaganna um veitingu dómaraembætta við Hæstarétt: „Áður en dómaraembætti er veitt, skal leita umsagnar dómsins um dómaraefni". Embætti hæstaréttardómara eru auglýst með venjulegum hætti. Forseti Hæstaréttar er kjörinn af dómurum sjálfum „til eigi skemmri tíma en eins árs" (2. gr. l. nr. 75/1973). Ekki verður sagt, að veruleg málefnaumræða hafi farið fram hér á landi um þetta viðfangsefni. Stjórnmálaádeilur um embættaveitingar hafa um áratugaskeið að vísu ekki hvað síst beinst að veitingu dómaraembætta, en þá ber að hafa í huga, að embætti sýslumanna og bæjarfógeta hafa um langt árabil verið einna mikilvægust embætti í stjórnkerfi okkar, sem til skamms tíma var heldur fáskrúðugt. Ennfremur er á það að líta, að stjórnmálamenn hafa hneigst til að álíta (e. t. v. með umdeilanlegum rétti a. m. k. á síðari árum), að þau embætti væru líkleg til stjórnmálaáhrifa. — Hafa verður einnig í huga, þegar rætt er um skipan í héraðsdómaraembætti, að sýslumenn og bæjarfógetar og embætti þeirra (sbr. einnig lögreglustjórar) fara með mjög umfangsmikil umboðsstörf, samhliða dómarastörfum, og má heita, að í þessu efni sé um sér-íslenskar aðstæður að ræða nær alla þessa öld. Má því í sjálfu sér búast við, að til fleiri hluta verði að líta, þegar veitt eru embætti sem fjalla samhliða um dómarastörf og umfangsmikil umboðsstörf. — Það er aðeins á síðustu árum, sem nokkur þróun hefur orðið í þá átt, á héraðsdómsstiginu, að til hafi komið héraðsdómarar, sem aðallega annist dómsstörf, fyrst í Reykjavík 1961, en 1972 við nokkur embætti bæjarfógeta og sýslumanna. Það getur verið fróðlegt að rifja upp, að snemma á öldinni var rætt á Alþingi um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds, sbr. þingsályktun frá 1914 og álit milliþinganefndar frá 1916. Að vísu var höfuðtilgangur tillagna um þetta efni að leita eftir því að fækka sýslumannaembættum verulega, í sparnaðarskyni, þar sem komast mætti af með miklu færri dómara með því að ráðstafa umboðsstörfunum með öðrum og ódýrara hætti, að því er talið var. Milliþinganefndin klofnaði að vísu og tillögurnar fengu ekki stuðning þingsins, þótt allir teldu í sjálfu sér aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds æskilegan. Ekki munu menn síður í dag telja þá þróun æskilega.

Fyrir Alþingi mun á næstu dögum lagt frumvarp til laga, sem ráðgerir mjög stórt spor í þá átt að skilja dómsvald frá umboðsvaldi. Mun Alþingi þá virða fyrir sér, hvort nú sé talið tímabært að stíga slíkt spor, en það verður ekki gert án þess að mjög verulegur kostnaður verði því samfara. Ennfremur er ekki víst, að menn sjái aðeins kosti við þá umbreytingu, sem því yrði samfara, sérstaklega í dreifbýli. Hitt er jafnvíst, að innan tíðar hlýtur sú framþróun eða þvílík, um aðgeiningu á meðferð dómsvalds, að verða í okkar landi, eins og öðrum, þrátt fyrir sérstöðu hins mikla fámennis í svo stóru landi. Það efni er ekki ástæða til að rekja hér frekar. — Á faglegum vettvangi hefur fyrirkomulag á veitingu dómaraembætta nokkuð verið rætt í félagssamtökum dómara og meðal lögfræðinga almennt. Ályktun um þetta efni var gerð í Dómarafélagi Reykjavíkur 19. janúar 1974 svohljóðandi: „Almennur félagsfundur í Dómarafélagi Reykjavíkur, haldinn 19. janúar 1974, ályktar að fela stjórn félagsins að vinna að því, að sérstök dómnefnd fjalli um hæfni umsækjenda um dómaraembætti, svo sem tíðkast víða erlendis."

Á Norðurlöndum, öðrum, hefur svo sem vænta má meira verið um þetta efni fjallað, í umfangsmiklum álitsgerðum nefnda og í lögfræðitímaritum o. s. frv. — Á 24. lögfræðingamótinu í Stokkhólmi 1966 var eitt umræðuefna um fyrirkomulag á

skipun í dómaraembætti, og var forseti Hæstaréttar Noregs, Terje Wold, frummælandi. Tillögur hans hnigu í þá átt, að ráðgjafarnefnd fjallaði um umsóknir um þau embætti.

Í **Noregi** hlíta dómaraembætti sömu meðferð veitingavalds og önnur embætti og engin ráðagerð er í lögum um að aðrir fjalli um umsóknir en veitingavaldið. — Nefndarálit kom út 1970, þar sem lagt var til, að stofnuð yrði ráðgjafarnefnd, „innstillingsråd". Hafa þær tillögur ekki enn náð framgangi. — Ekki er ágreiningur um, að meðferð þessara mála fari vel úr hendi í framkvæmd.

Í **Danmörku** eru engar lögfestar reglur um afskipti annarra aðila en veitingavaldsins af umsóknum um dómaraembætti. Hins vegar eru hefðbundnar venjureglur í framkvæmd á þá leið, að forsetar Landsréttanna (þeir eru tveir, Eystri- og Vestri Landsréttur, þ. e. milli-dómstig) taka við umsóknum um dómaraembætti í héraðsdómi eða Landsrétti frá þeim umsækjendum, sem heyra undir þá (þ. e. dómarar og dómarafulltrúar á þeirra embættissvæði) og senda síðan umsóknirnar til dómsmálaráðuneytisins, sem tekur jafnframt beint við umsóknum annarra umsækjenda, en sendir að umsóknarfresti liðnum allar umsóknir til forseta Landsréttar á því svæði þar sem embætti skal veita. Hann sendir umsögn sína um hendur forseta Hæstaréttar, sem einnig gefur umsögn, ef hann telur ástæðu til, um leið og hann sendir skjölin til ráðuneytisins. — Þar hefur síðustu 15 árin verið tíðkað, að fundir væru haldnir með embættismönnum ráðuneytisins og forsetum Hæstaréttar, Landsréttanna og Borgardóms Kaupmannahafnar og ræddar umsóknir, ef veita ætti mörg dómaraembætti samtímis eða einhver sérstök vandamál væru í sambandi við veitingu embættis. — Umsóknir um dómaraembætti í Hæstarétti sendir ráðuneytið til umsagnar Hæstaréttar, en á dómarafundi er svo tekin ákvörðun um það, hverjum rétturinn telur að veita beri embættið og leggur til, að þeim umsækjanda verði heimilað að greiða atkvæði til reynslu í 4 málum, til þess síðan að hljóta skipun, ef hann er talinn standast, en það hefur ekki komið fyrir á þessari öld, að svo færi ekki. Vart er talið hugsanlegt, að dómsmálaráðherra geri tillögu til konungs um, að skipaður væri umsækjandi, sem rétturinn hefði ekki fyrirfram talið hæfan. — Forsetar Hæstaréttar og Landsréttanna eru skipaðir af konungi eftir tillögu dómsmálaráðherra og án auglýsingar, en Hæstiréttur gefur til kynna, að eigin frumkvæði, hvern hann telji að skipa beri forseta. — Dómaraembætti eru ekki veitt í ríkisráði, þannig að ekki fjalla um veitinguna aðrir ráðherrar en dómsmálaráðherrann. Samvinna dómstóla og ráðuneytis er af beggja hálfu talin gefast mjög vel.

Í **Svíþjóð** hafa ýmist „hovréttirnir" (millidómstigið, 6 umdæmi) eða „forsetaráðið" þ. e. forseti Hæstaréttar, 6 forsetar hovréttanna, formaður og varaformaður almenna dómarafélagisins meginábrif um veitingu almennra dómaraembætta í héraði og í „hovréttinum". Ýmis meiri háttar dómaraembætti eru veitt án auglýsingar og í og með án ráðgjafar utan veitingavalds. Dómaraembætti í Hæstarétti eru ekki auglýst, en ráðfærsla er við réttinn. — Nýleg greinargerð, útkomin 1974, gerir tillögu um ráðgjafarnefnd um veitingu dómaraembætta með nýju formi, í sambandi við hugmyndir um að opna meira aðgang að almennum dómaraembættum, en hann er nú bundinn við þröngt markaða starfsleið í undirbúningsstörfum, þ. e. við dómstólana.

Í **Finnlandi** háttar nokkuð líkt til og í Svíþjóð, m. a. eru dómaraembættin skipuð eftir nokkuð lokaðri starfsleið. Þar hefur Hæstiréttur fremur en hovréttirnir lykilstöðu um ráðstöfun dómaraembætta og skipar sjálfur í ýmis þeirra. Forseti lýðveldisins skipar þó í meiri háttar dómarastöður, eftir ráðgjöf, sem að nokkru er bindandi. Í Finnlandi, eins og í Svíþjóð, hafa verið uppi raddir um breytingar og raunar enn róttækari. Í hvorugu landinu hafa hinar nýju tillögur komið til ákvörðunar.

Í ýmsum löndum Evrópu, svo sem **Þýskalandi, Frakklandi, Hollandi, Belgíu** og **Austurríki** er meiri og minni þátttaka dómstólanna í undirbúningi að ráðstöfun dómaraembætta, jafnvel að nokkru bindandi fyrir veitingavaldið. Á **Ítalíu** er dómstólunum beinlínis falin ráðstöfun dómaraembætta. Í **Japan** gilda nýleg dómstóla-

lög, sem gera ráð fyrir afskiptum æðsta dómstólsins af veitingu almennra dómaraembætta, en staðfestingu í þjóðaratkvæðagreiðslu þarf fyrir skipun í embætti við æðsta dómstólinn. Í **Ísrael** er ráðgjafarnefnd með bindandi áhrif.

Á **Bretlandi** eru almennir dómarar skipaðir af þjóðhöfðingja að tillögum ýmist forsætisráðherra, Lord Chancellor eða innanríkisráðherra, án ráðgjafar og einvörðungu úr hópi málflutningsmanna (barristers). Í **Bandaríkjunum** eru dómarar í einstökum ríkjum almennt kosnir í almennum kosningum til kjörtímabils, í sumum ríkjum þó af ríkisþingi eða skipaðir af ríkisstjóra með staðfestingu öldungadeildar ríkisþings. Alríkisdómarar (þar m. hæstaréttardómarar) eru skipaðir af forseta án tiltekinnar ráðgjafar. Skipun þarf staðfestingu öldungadeildar Bandaríkjaþings. Alríkisdómarar eru skipaðir ævilangt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Auk þess að vísa til almennrar greinargerðar hér að framan, skal lítillega gerð grein fyrir þeirri tilhögun á ráðgjafarnefnd við skipun í dómaraembætti, sem felst í tillögu þessari um breyting á 32. grein einkamálalaganna. Almenn skilyrði um skipun í héraðsdómaraembætti hafa frá setningu einkamálalaganna verið í þeim lögum, og síðari lög, svo sem lög um meðferð opinberra mála og lög um skipan dómsvalds í héraði vísa til þeirra um það efni. Það þykir rétt að prófa þessa skipan, og þykir hún vera til þess fallinn að létta störf veitingavaldsins, en ætti jafnframt að geta eytt tortryggni, sem ærið oft snýr að meðferð veitingavalds. Sú skipan sem upp væri tekin má ekki vera of flókin og þung í vöfum, enda ætti þess ekki að vera þörf í okkar fámenni og með þeim kunnugleikum, sem hér eru nærtækir. Rétt þykir að formaður ráðgjafanefndar sé frá Hæstarétti, er það í samræmi við tíðkanlegt fyrirkomulag í öðrum löndum.

Ed. 587. Nefndarálit [252. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. lög nr. 2 11. febr. 1970 og lög nr. 66 30. apríl 1973, um breyt. á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Kristinn Ólafsson tollgæslustjóri kom á fund nefndarinnar.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 3. gr.

Í stað „60 000“ í 1. málslið komi: 80 000, og í stað „100 000“ í 3. málslið komi: 150 000.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Jón Helgason og Ragnar Arnalds.

Alþingi, 30. apríl 1976.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Axel Jónsson. Jón G. Sólnes.

Bragi Sigurjónsson. Albert Guðmundsson.

Ed. 588. Nefndarálit [207. mál]

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1974.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Ragnar Arnalds og Jón Helgason. Albert Guðmundsson tekur ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 30. apríl 1976.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Axel Jónsson. Jón G. Sólnes.
Bragi Sigurjónsson.

Sþ. 589. Nefndarálit [137. mál]

um till. til þál. um sykurhreinsunarstöð í Hveragerði.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og umsögn sem barst frá Rannsóknaráði ríkisins. Mælir nefndin með samþykkt tillögunnar með breytingu sem hún flytur tillögu um á sérstöku þingskjali.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Sverrir Hermannsson og Steingrímur Hermannsson.

Alþingi, 29. apríl 1976.

Páll Pétursson, form., frsm. Gils Guðmundsson, fundaskr. Karvel Pálmason.
Jón G. Sólnes. Guðmundur H. Garðarsson.

Sþ. 590. Breytingartillaga [137. mál]

við till. til þál. um sykurhreinsunarstöð í Hveragerði.

Frá atvinnumálanefnd.

Í stað orðanna „í Hveragerði“ bæði í tillögugrein og fyrirsögn komi: hér á landi.

Sþ. 591. Nefndarálit [134. mál]

um till til þál. um endurvinnsluiðnað.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og kynnt sér umsagnir sem borist höfðu frá Rannsóknaráði ríkisins, Félagi íslenskra iðnrekenda, Iðnþróunarstofnun Íslands og Iðnþróunarsjóði. Mælir nefndin með samþykkt tillögunnar.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Sverrir Hermannsson og Steingrímur Hermannsson.

Alþingi, 29. apríl 1976.

Páll Pétursson, form., frsm. Gils Guðmundsson, fundaskr. Karvel Pálmason.
Jón G. Sólnes. Guðmundur H. Garðarsson.

Sþ. 592. Nefndarálit [135. mál]

um till. til þál. um fiskileit og tilraunaveiðar.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og kynnt sér umsagnir er borist höfðu um till. frá Hafrannsóknastofnun og Fiskifélagi Íslands.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingu sem hún flytur tillögu um á sérstöku þingskjali.

Jón G. Sólnes tók ekki afstöðu til málsins.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Steingrímur Hermannsson og Sverrir Hermannsson.

Alþingi, 29. apríl 1976.

Páll Pétursson, form., frsm. Gils Guðmundsson, fundaskr. Karvel Pálmason.
Guðmundur H. Garðarsson.

Sþ. 593. Breytingartillaga [135. mál]

við till. til þál. um fiskileit og tilraunaveiðar.

Frá atvinnumálanefnd.

Í stað orðanna „Veiðiskip verði tekið á leigu í þessu skyni og hefji það jafnframt tilraunaveiðar“ komi: Tryggt verði að tilraunaveiðar hefjist.

Sþ. 594. Tillaga til þingsályktunar [265. mál]

um útgáfu fiskikorta.

Flm.: Sverrir Hermannsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að nú þegar verði hafinn undirbúningur að útgáfu sérstakra fiskikorta með Loran-C staðarlínum í og öðrum þeim upplýsingum, sem að gagni mega koma við fiskveiðar.

Við undirbúning fjárlaga fyrir næsta ár verði tekið tillit til þess kostnaðar, sem útgáfa slíkra korta hefur í för með sér.

Greinargerð.

Á síðastliðnum tveimur árum hefur orðið mjög mikil aukning á notkun radíóstaðsetningartækja um borð í íslenskum fiskiskipum.

Radíóstaðsetningartæki þau, sem hér er átt við, eru sjálfvirk Loran-C viðtæki, sem nú fást á almennum markaði.

Fyrir forgöngu bandaríska landvarnaráðuneytisins var hafist handa um uppbyggingu Loran-C staðsetningarkerfisins á síðasta áratug og er gert ráð fyrir að alls verði 12 staðsetningarkeðjur í notkun 1980.

Loran-C viðtækin, sem nú eru í notkun, eru sjálfvirk og taka stöðugt við merkjum frá fleiri sendistöðvum samtímis, sýna jafnframt tvo mismunandi aflestra eða staðarlínur, svo að staður skipsins er ákveðinn með mikilli nákvæmni á nokkurra sekúndna fresti. Til þess að ákveða stað skipsins í sjókorti eru gefin út sérstök Loran staðarlínukort. Í þessi kort eru staðarlínur teiknaðar með hæfilegu millibili, svo að auðvelt sé að setja út stað skipsins með því að deila bilinu milli línanna eftir því hver aflestur viðtækisins er hverju sinni. Útgáfa slíkra korta til notkunar við almennar siglingar hefur haldist nokkurn veginn í hendur við uppbyggingu staðsetningarkerfisins og miðað við nákvæmni þess til staðarákvörðunar. Sjómælingar Íslands hafa gefið út þrjú slík kort yfir hafsvæðið við Ísland og milli Íslands og Jan Mayen.

Vegna hinnar miklu endurtekningarnákvæmni Loran-C, sem áður er minnst á, verður nýting staðsetningarkerfisins allt önnur og meiri hjá fiskiskipum en venjulegu siglingaskipi og því brýn þörf á sérstökum fiskikortum í stórum mælikvarða, þar sem á eru markaðar festur, flök, botngerð og fleira. Í þessi kort geta skipstjórnarmenn einnig auðveldlega merkt inn sínar eigin athugasemdir um fiskislóðir miðað við Loran aflestur, sem er mjög þýðingarmikið nú, þegar farið er að stjórna skipinu við veiðarnar eftir Loran-C viðtækinu, en ekki áttavita eins og áður var.

Sjómælingar Íslands hafa enn þá aðeins gefið út eitt Loran-C fiskikort yfir svæðið kringum Kolbeinsey og hafa íslensk fiskiskip því orðið að notast við bresk kort, svokölluð KINGFISHER-kort. Þau eru gefin út af einkafyrirtæki í Englandi, en fyrir tilstilli og með verulegum fjárstuðningi frá The White Fish Authority. Kingfisher-kortin yfir íslensk hafsvæði eru 10 að tölu og að sjálfsögðu fyrst og fremst gerð með tilliti til þarfa breskra togara. Þau ná til dæmis ekki inn fyrir 12 sjómílna mörk frá grunnlínu, auk þess sem í þau vantar ýmsar upplýsingar, sem íslenskum fiskimönnum eru nauðsynlegar. Miðað við fyrri reynslu við stækkun fiskveiðilögsögunnar og breytt viðhorf breskra kortaútgefenda til útgáfu fiskikorta, má búast við því að útgáfu Kingfisher-kortanna verði hætt strax og verulega dregur úr sókn breskra skipa á íslensk fiskimið. Það er því fyrirsjáanlegt að íslensk fiskiskip verða án Loran-C fiskikorta innan tíðar, ef ekkert er að gert, og verða þá takmörkuð not að hinum dýra en mjög svo nauðsynlega tækjabúnaði þeirra.

Þá verður það ekki heldur talið vansalaust, að þótt íslenskt þjóðfélag telji afkomu sína byggjast á fiskveiðum, hafa íslensk stjórnvöld enn sem komið er ekki lagt fram neitt fé til sérstakrar fiskikortagerðar.

Nd. 595. Frumvarp til laga [266. mál]

um fjáröflun til landhelgisgæslu og fiskverndar, ríkisfjármál og fjármögnun orkuframkvæmda sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

I. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 77 23. desember 1975 um sérstakt tímabundið vörugjald.

1. gr.

1. málsliður 1. mgr. laganna orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Skal gjaldið vera 10% til 4. maí 1976 en 18% á tímabilinu 5. maí 1976 til 31. desember 1976 og greiðast af eftirtöldum vöruflokkum:

2. gr.

Eftirgreind tollskrárnúmer í 1. gr. laganna skulu falla brott:

01.06.29, 11.01.11, 11.01.12, 11.01.26, 11.02.30, 12.10.00, 17.01.23, 17.01.24, 27.14.20, 30.01.00, 30.02.00, 30.03.09, 40.14.07, 44.05.19, 46.02.02, 64.05.01, 73.40.46, 74.19.02, 76.16.04, 78.06.02, 84.01.00, 84.02.00, 87.02.32, 87.09.00, 94.01.02, 97.07.01.

3. gr.

Eftirfarandi tollskrárnúmerum skal bætt við upptalningu tollskrárnúmera í 1. gr.:

19.07.00, 38.19.19, 39.02.87, 39.07.89, 40.08.03, 48.05.09, 59.10.00, 82.02.00, 82.03.00, 82.04.00, 82.05.00.

4. gr.

Athugasemd í 1. mgr. 1. gr. við tnr. 19.08.00 „(Þó aðeins sælgæti og súkkulaðikex, sem yfirleitt er selt í stykkjatölu til neytenda.)“ falli niður.

5. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Það hækkaða vörugjald sem lagt skal á innlenda framleiðslu og innflutning frá og með 5. maí 1976 skv. 1. gr. laga þessara skal greitt af sölu eða annarri afhendingu innlendrar framleiðslu frá og með 5. maí 1976 og af innfluttum vörum, sem teknar eru til tollmeðferðar frá og með 5. maí 1976.

Hafi innflytjandi fyrir 5. maí 1976 afhent til tollmeðferðar aðflutningsskjöl, sem að öllu leyti fullnægja þeim skilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, skal varan afgreidd gegn greiðslu þess sérstaka vörugjalds sem skv. 1. gr. gildir til 4. maí, en þó því aðeins að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 15. maí 1976.

Af vörum, sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 5. maí 1976 gegn fjártryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. 21. gr. tollskrárlaga, skal greiða það hækkaða vörugjald sem skv. 1. gr. laga þessara skal gilda frá 5. maí 1976 nema fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað fyrir 5. júlí 1976.

Við tollafgreiðslu á vörum, sem undanþegnar hafa verið tolli að einhverju eða öllu leyti samkvæmt heimildum í 2. og 3. gr. tollskrárlaga eða heimildum í sérstökum lögum, skal veita undanþágu frá sérstöku vörugjaldi í sama mæli hlutfallslega.

6. gr.

4. gr. orðist svo:

Óheimilt er að hækka vegna álagningar hins sérstaka vörugjalds verð á birgðum vöru sem sérstakt vörugjald hefur ekki verið greitt af. Á sama hátt er óheimil hækkun verðs vörubirgða vegna hækkunar vörugjaldsins hinn 5. maí 1976.

Ákvæði laga um verðlagsmál nr. 54/1960 um refsingar og viðurlög skulu gilda um brot gegn ákvæðum þessarar greinar eftir því sem við á.

7. gr.

5. gr. orðist svo:

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um tilkynningarskyldu, gjaldstofn, gjaldskyldu, gjalddaga og aðra framkvæmd laga þessara. Ráðherra er heimilt að undanþiggja einstaka vörur gjaldskyldu ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

8. gr.

Af tekjum af vörugjaldi skv. 1. gr. þessara laga skal verja allt að 1 000 m.kr. til eflingar landhelgisgæslu og fiskverndar.

Verðhækkun sú er leiðir af þeim hluta hækkunar vörugjalds sem gengur til landhelgisgæslu og fiskverndar skal ekki hafa áhrif til hækkunar á launum. Vísi-

töluáhrif þessarar verðhækkunar eru áætluð 2,5 stig hinn 1. júní 1976 og 5 stig hinn 1. október 1976, og skal Kauplagsnefnd draga þá vísitöluhækkun frá framfærsluvísitölu þegar nefndin framkvæmir útreikninga þá, er um ræðir í 3. gr. kjarasamnings aðila vinnumarkaðarins frá 28. febrúar 1976 og útreikninga samkvæmt hliðstæðum ákvæðum í öðrum kjarasamningum.

II. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971 um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 7 23. mars 1972, lögum nr. 60 30. apríl 1973, I. kafla laga nr. 10 22. mars 1974, og II. kafla laga nr. 11 28. apríl 1975 um breyting á þeim lögum.

9. gr.

2., 3. og 4. mgr. B-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 11. gr. laga nr. 7/1972, 5. og 6. gr. laga nr. 60/1973, 4. gr. laga nr. 10/1974 og 9. gr. laga nr. 11/1975, orðist svo:

Nemi persónuafsláttur skv. 1., 2. eða 3. tl. þessa stafliðar hærri fjárhæð en reiknaður skattur af skattgjaldstekjum skv. 1. eða 2. tl. A-liðar þessarar greinar skal ríkissjóður leggja fram fé, sem nemur allt að þessum mun, og skal því ráðstafað fyrir hvern mann til að greiða útsvar gjaldársins. Þó skal greiðsla útsvars gjaldársins fyrir hvern gjaldanda aldrei nema hærri fjárhæð en útsvar hefði numið ef útsvarsstofn hefði verið lækkaður um a) bætur skv. II. og IV. kafla laga nr. 67 20. apríl 1971 með síðari breytingum, b) námsfrádrátt er skattstjóri ákvarðar vegna þeirra er stunda nám í a. m. k. sex mánuði á árinu og c) lækkun skattgjaldstekna er skattstjóri ákvarðar skv. 52. gr. laga þessara. Sá persónuafsláttur sem enn er óráðstafað fellur niður.

Aldrei skal þó koma til skuldajafnaðar hærri fjárhæð en sem nemur mismun persónuafsláttar og 20% af vergum tekjum til skatts þegar frá þeim hafa verið dregnar 250 000 kr. hjá einstaklingi og hjá hvoru hjóna sem telja fram hvort í sínu lagi en 375 000 kr. hjá samsköttuðum hjónum.

Hjá skattþegnum, sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skal, áður en ákvæðum 3. mgr. er beitt, hækka vergar tekjur til skatts um þá upphæð, sem tekjur af þessum störfum eru lægri en ætla má að laun þessara aðila miðuð við vinnuframlag þeirra hefðu orðið, ef þeir hefðu unnið starfið í þágu óskylds aðila. Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um hækkun vergra tekna til skatts samkvæmt þessari málsgrein.

III. KAFLI

Skyldusparnaður.

10. gr.

Allir menn, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/1971 með síðari breytingum og ekki voru orðnir 67 ára fyrir 1. janúar 1976, skulu á árinu 1976 leggja til hliðar fé til varðveislu í ríkissjóði sem hér segir:

a. Einstaklingar: 5% af skattgjaldstekjum skattársins 1975 að frádregnum 1 275 000 kr., auk 96 000 kr. fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975.
b. Samsköttuð hjón og fólk í óvígðri sambúð, sem telur fram saman, sbr. 5. mgr. B-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum: 5% af skattgjaldstekjum skattársins 1975 að frádregnum 1 595 000 kr., auk 96 000 kr. fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975.

c. Hjón sem telja fram hvort í sínu lagi: 5% af skattgjaldstekjum hvors um sig að frádregnum 960 000 kr. hjá hvoru, auk 48 000 kr. hjá hvoru fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975.

Nemi munur vergra tekna til skatts og skattgjaldstekna hærri upphæð en 312 500 kr. hjá einstaklingi og hvoru hjóna, sem telja fram hvort í sínu lagi, en 468 700 kr. hjá samsköttuðum hjónum, skal hækka skattgjaldstekjur samkvæmt stafliðum a., b. og c. um þá upphæð, sem munurinn er umfram þessar upphæðir, eftir því sem við á, og reiknast skyldusparnaður þá af þessum upphækkuðu skattgjaldstekjum, sbr. stafliði a., b. og c.

Hjá skattþegnum, sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skal, áður en ákvæðum 2. mgr. er beitt, hækka vergar tekjur til skatts um þá upphæð, sem tekjur af þessum störfum eru lægri en ætla má að laun þessara aðila miðað við vinnuframlag þeirra hefðu orðið, ef þeir hefðu unnið starfið í þágu óskylds aðila.

Skattstjórar sjá um útreikning skyldusparnaðar samkvæmt lögum þessum og gilda um hann ákvæði VI., VII. og VIII. kafla laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, eftir því sem við á.

Skyldusparnaður samkvæmt þessari grein skal reiknaður í heilum þúsundum króna og lægri fjárhæð sleppt. Skal hann greiðast til ríkissjóðs jafnhliða þinggjöldum. Skyldusparnaður telst að fullu greiddur þegar fullnaðarskil hafa verið gerð á öllum þinggjöldum gjaldanda til ríkissjóðs samkvæmt þinggjaldabók ásamt þar greindum skyldusparnaði.

Þegar maður hefur greitt skyldusparnað sinn að fullu samkvæmt þessari grein skal ríkissjóður viðurkenna móttöku hans með afhendingu sérstakra skyldusparnaðarskírteina.

Skírteinin skulu skráð á nafn þess er sparar og er honum óheimilt að framselja þau eða veðsetja.

Skírteini þessi skulu bera 4% ársvexti frá 1. janúar 1977 að telja eða lokagreiðsludegi skyldusparnaðar ef síðar er.

Skírteini þessi eru lengst til 15. desember 1991 en frá 1. febrúar 1979 er eiganda í sjálfsvald sett hvenær hann innleysir skírteinið.

11. gr.

Við endurgreiðslu skyldusparnaðarskírteina skv. 10. gr. greiðir ríkissjóður verðbætur á höfuðstól og vexti í hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. nóvember 1976 til 1. nóvember næst á undan endurgreiðslu. Sé skyldusparnaður ekki greiddur að fullu fyrr en eftir 30. júní 1977 reiknast verðbætur þó aðeins frá 1. nóvember það ár er greiðsla fer fram.

Skyldusparnaður skv. 10. gr. er ekki frádráttarbær til tekjuskatts en sparnaður þessi, svo og vextir og verðbætur af honum, er framtalsskyldur. Hann nýtur að öðru leyti skattfrelsis á sama hátt og skyldusparnaður skv. III. kafla laga nr. 30/1970.

12. gr.

Fjármálaráðherra skal með reglugerð mæla nánar fyrir um framkvæmd þessa kafla.

IV. KAFLI

Fjármögnun orkuframkvæmda sveitarfélaga o. fl.

13. gr.

Ríkissjóði er heimilt að ábyrgjast allt að 500 millj. kr. lán eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendum gjaldeyri vegna orkuframkvæmda á vegum sveitarfélaga á árinu 1976.

14. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að innlend skuldabréfalán, allt að 200 millj. kr., er sveitarfélög bjóða út vegna mikils háttar hitaveituframkvæmda á árinu 1976 skuli hljóta sömu meðferð og ríkisskuldabréf skv. 1. gr. laga nr. 7/1974 um skattalega meðferð verðbréfa o. fl.

Heimild þessi gildir einnig þótt skuldabréfin séu verðtryggð enda fullnægi þau ákvæðum laga nr. 71/1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og skulu ákvæði II. kafla koma til framkvæmda við álagningu skatta fyrir skattárið 1975.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frá því fjárlög fyrir árið 1976 voru afgreidd hafa grundvallarforsendur þeirra breyst verulega. Niðurstaða tekjuhliðar fjárlaganna var 60,3 milljarðar kr. og var sú aætlun miðuð við verðlag og kaupgjald í desember 1975 enda útgjaldatölur fjárlaga áætlaður á sama verðlagsgrundvelli. Tekjuáætlunin hefur síðan verið endurskoðuð, einkum með tilliti til mats á áhrifum kjarasamninga á þróun þjóðarútgjalda og á tekjur ríkissjóðs á þessu ári, jafnframt því sem stuðst hefur verið við innheimtureynslu á fyrsta ársfjórðungi og metin áhrif verðhækkunar áfengis og tóbaks í mars. Endurskoðun innheimtuspár fyrir árið 1976 sýnir að innheimtar tekjur ríkissjóðs á þessu ári muni verða 64,3 milljarðar kr. en það er 4 milljarða kr. hækkun frá fjárlögum.

Gjöld samkvæmt fjárlögum námu 58,9 milljörðum kr. Gjaldauki umfram áætlun fjárlaga vegna tillagna um aukna fjárveitingu til landhelgisgæslu og fiskverndar og vegna verðlags- og launabreytinga nemur 6,1 milljarði kr. Halli á lánahreyfingum mun að líkindum verða 0,1 milljarður kr. umfram áætlun.

Án sérstakra ráðstafana yrði greiðsluafkoma ríkissjóðs á þessu ári 2,2 milljörðum króna lakari en að var stefnt við fjárlagaafgreiðslu. Meginástæður þessa eru annars vegar stóraukin umsvif Landhelgisgæslunnar, fyrirsjáanleg útgjöld við leit nýrra fiskimiða, tilraunir við að afla og nýta aðrar fisktegundir en til þessa hefur verið gert, svo og útgjöld vegna ráðstafana til að koma í veg fyrir að tiltekin veiðisvæði verði ofnytjuð.

Hins vegar gætir beinna og óbeinna áhrifa almennra launasamninga og verðlagsbreytinga mjög á útgjöld ríkissjóðs. Laun starfsmanna ríkisins hafa hækkað og munu hækka með svipuðum hætti og samið hefur verið um á almennum vinnumarkaði. Í kjölfar almennra launahækkana fylgir hækkun bótagreiðslna almannatrygginga, auk þess sem hækkandi verðlag hefur óhjákvæmileg áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Verður nú nánari grein gerð fyrir horfum í fjármálum ríkisins.

EFLING LANDHELGISGÆSLUNNAR

Í fjárlögum er við það miðað að rekstur Landhelgisgæslunnar verði með svipuðum hætti og hann var lengst af á árinu 1975. Var þá gert ráð fyrir að aðgerðir íslendinga til verndar fiskistofnum yrðu mjög bráðlega viðurkenndar réttmætar og deilur við önnur ríki yrðu til lykta leiddar. Svo hefur því miður ekki orðið og verður því að nýta skip og flugvélar Landhelgisgæslunnar til hins ýtrasta til að hindra veiðar erlendra skipa innan efnahagslögsögunnar. Tveimur leiguskipum hefur verið bætt við skipastól Landhelgisgæslunnar og í athugun er enn frekari efling skipastóls og flugvélakosts.

Stóraukin umsvif Landhelgisgæslunnar hafa að sjálfsögðu í för með sér að fjárveiting til hennar í fjárlögum mun hvergi duga. Ráðuneytisstjórar dómsmálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis hafa ásamt forstjóra Landhelgisgæslunnar kannað fjárhagsvanda hennar og komist að þeirri niðurstöðu að 500 m.kr. vanti á til að standa undir kostnaði við aukinn rekstur, þ.m.t. aukning leiguflugs og leiga skipa, svo og til tækjaöflunar til skipa og flugvéla. Auk þess tóku nýir kjarasamningar við áhafnir skipanna gildi í s.l. mánuði og er talið að þeir muni hafa í för með sér rúmlega 90 m.kr. útgjaldaauka fyrir Landhelgisgæsluna. Í ljós hefur og komið að vegna mikilla umsvifa í nóvember og desember 1975 höfðu myndast viðskiptaskuldir, allt að 40 m.kr., er greiða verður á þessu ári. Með tilliti til þessa og óvissu um kostnað við Landhelgisgæsluna þykir því rétt að reikna með allt að 750 m.kr. fjárþörf vegna gæslunnar og verkefna sem henni eru tengd. Auk þeirra atriða, er drepið hefur verið á, ber að geta tímabundins skorts á rekstrarfé sem rekja má til þess að bætur vegna tjóna á skipum koma alllöngu eftir að Landhelgisgæslan hefur greitt viðgerðarkostnað. Hér er einungis vakin athygli á þessum vanda en reynt verður að leysa úr honum með lántökum til skamms tíma.

FISKILEIT OG HAFRANNSÓKNIR

Vegna minnkandi þorskgengdar er mikilvægt að gera það sem unnt er til að halda fiskiskipum okkar til annarra veiða. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að stórauka fiskileit. Slík fiskileit verður ekki framkvæmd með þeim skipakosti sem Hafrannsóknastofnunin ræður yfir. Taka verður á leigu nokkur fiskiskip eða ábyrgjast útgerð slíkra skipa til þess að hægt sé að gera sér vonir um árangur.

Fram hafa farið viðræður við starfsmenn Hafrannsóknastofnunarinnar um þessi mál og er nú verið að endurskoða áætlanir stofnunarinnar um rannsóknir og fiskileit.

Mikilvægt er að leita loðnu fyrir Vestur- og Norðurlandi en möguleikar virðast góðir á loðnuveiði á þessum slóðum. Fullnaðarkönnun verður hins vegar ekki gerð nema með vel búnum veiðiskipum. Þá er nauðsynlegt að hefja skipulega leit að rækju á djúpmiðum en talið er að þar geti verið um að ræða gjöful mið. Allmörg skip voru gerð út á grálúðuveiðar fyrir nokkrum árum og er mikilvægt að kanna hvort ekki sé hægt að hefja þær veiðar á ný. Þá er ástæða til að fylgjast með karfamiðunum og mikilvægt að leiðbeina veiðiskipum þangað sem helst er aflavon. Fleira kemur til greina og er helst að nefna frekari veiðitilraunir á kolmunna og spærlingi.

Nauðsynlegt er að verja nokkru fé til markaðs- og sölumála en þess má geta að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hefur með tilraunum í samvinnu við fleiri aðila náð umtalsverðum árangri við vinnslu á kolmunna sem gefur tilefni til nokkurrar bjartsýni.

Þá virðist ekki hjá því komist að auka verulega fjárveitingu til eftirlits með veiðum og veiðarfærum veiðiskipa en eins og öllum er kunnugt eru skip Landhelgisgæslunnar bundin við önnur verkefni. Nauðsynlegt er að fylgst verði vel með friðuðum veiðisvæðum og að veiðarfæri séu í samræmi við reglur þar að lútandi enda er slíkt eftirlit snar þáttur í að friða smáfisk.

HORFUR Í RÍKISFJÁRMÁLUM

Ríkisútgjöld.

Eins og áður sagði verður að taka gjaldaáætlun ríkissjóðs til endurskoðunar vegna breytinga á þeim forsendum er við var miðað við gerð fjárlaga. Verða nú raktar helstu breytingar sem fyrirsjáanlegar eru á gjaldahlið.

	M.kr.
Fjárlög	58 857
a. Áhrif launasamninga	1 527
b. Almannatryggingar	2 232
c. Verðlagshækkunaráhrif o. fl.	884
d. Hafnamál, landbúnaðarmál o.fl.	417
e. Landhelgisgæsla og friðunaraðgerðir	1 000
Samtals	64 917

Skýringar við breytingar á gjaldahlið:

a. og b. Áhrif launasamninga og almannatryggingar.

Hér er um að ræða mat á launahækkunum, sem þegar hefur verið samið um, bæði í samningum ríkisins við BSRB og BMH og í samningum á hinum almenna vinnumarkaði. Þessar hækkanir hafa áhrif á bein og óbein launagjöld ríkissjóðs en þær hafa einnig fljótlega áhrif á bætur lífeyristrygginga sem lögum samkvæmt skulu fylgja breytingum á verkamannakaupi. Þannig hækkuðu bætur lífeyristrygginga um 5% 1. janúar s.l. og enn um 10% 1. apríl og síðar á árinu munu þær hækka í samræmi við hækkanir samkvæmt kjarasamningum. Hækkun lífeyristrygginga gæti numið 1 300 m.kr. á árinu. Til viðbótar kemur fyrirsjáanleg hækkun sjúkratrygginga um rúmlega 1 000 m.kr. en af þeirri hækkun greiðir ríkissjóður um 92%.

c. Verðlagshækkunaráhrif o. fl.

Hækkun samkvæmt þessum lið nemur 724 m.kr. og munar þar mest um fyrirsjáanlega hækkun á aðkeyptum rekstrarvörum og þjónustu, sem óhjákvæmilega fylgir almennri verðlagsþróun, en þar að auki verður að gera ráð fyrir frekari hækkun vegna ýmissa lögboðinna rekstrargjalda. Einnig er hér talin hækkun á mörkuðum tekjustofnum í samræmi við endurskoðun tekjuáætlunar, auk ýmissa umframgreiðslna sem þegar hafa verið samþykktar.

d. Hafnamál, landbúnaðarmál o. fl.

Hér er aðallega um að ræða aukin framlög til hafnargerðar í Þorlákshöfn og Grindavík. Þessar framkvæmdir eru fjármagnaðar að 6/10 hlutum af Alþjóðabankanum en 4/10 hlutum af ríkissjóði. Framkvæmdakostnaður hefur hækkað nokkuð síðan fjárlagaáætlun var gerð, aðallega vegna gengissigs að undanförnu. Hækkun á framlögum til landbúnaðarmála stafar af vísitöluhækkunum sem orðið hafa frá því áætlun var gerð. Einnig má nefna hér framlag til Norræna fjárfestingarbankans sem áætlað er 57 m.kr. á þessu ári.

e. Landhelgisgæsla og friðunaraðgerðir.

Vísað er til þess sem áður hefur verið sagt í greinargerð þessari um mál Landhelgisgæslunnar og friðunaraðgerðir.

Ríkistekjur.

Áður hefur verið minnst á það í athugasemdum þessum að tekjuáætlun fjárlaga hafi verið miðuð við kauplag og verðlag í desember s.l. Tekjuáætlunin hefur nú verið endurskoðuð og er endurskoðunin reist á síðustu spám um kauplags- og verðlagsþróun á árinu. Við þessa endurskoðun hækka því fyrst og fremst tekjur, sem fylgja almennri veltu, og þá aðallega tekjur af söluskatti. Endurmat á líktegri magnbreytingu almennra þjóðarútgjalda á þessu ári bendir til þess að um

nokkra magnminnkun geti orðið að ræða en í fjárlagaáætlun var miðað við því sem næst óbreytt magn þjóðarútgjalda. Þetta dregur því nokkuð úr þeirri tekjuaukningu sem hækkandi verðlag og kauplag ella hefði haft í för með sér. Af öðrum tekjum, sem hækka frá fjárlagaáætlun, má nefna aðflutningsgjöld en innflutningsverðlag í krónum er nú nokkru hærra en um áramótin vegna hækkunar á erlendum gjaldeyri að undanförnu. Um innflutning gegnir sama máli og þjóðarútgjöldin, að útlit er nú fyrir nokkru meiri samdrátt innflutnings en reiknað var með í fjárlagaáætlun. Í mars hækkaði verð á áfengi og tóbaki um nálægt 15%. Fyrst og fremst vegna þessa má búast við um 700 m.kr. meiri tekjum af áfengis- og tóbakssölu en gert er ráð fyrir í fjárlögum.

Áætlun um beina skatta, aðallega tekjuskatt einstaklinga, er óbreytt frá fjárlögum, enda er enn töluverð óvissa um álagninguna á þessu ári. Ástæða virðist til þess að ætla að breyting á skattgjaldstekjum einstaklinga hafi orðið svipuð og búist var við en frávik er þó sennilega frekar til hækkunar en lækkunar. Ýmsar aðrar tekjur, sem fylgja launa- og verðlagsbreytingum, munu hækka frá fjárlagaáætlun. Má þar t.d. nefna launaskatt, tekjur af sölu erlends gjaldeyris, stimpilgjald og þinglýsingar o.fl.

Niðurstaða endurskoðaðrar tekjuáætlunar ríkissjóðs fyrir árið 1976 er í aðalatriðum þessi:

	M.kr.
Fjárlög	60 342
Aukning tekna:	
söluskattur	2 100
aðflutningsgjöld	600
ÁTVR	700
annað	600
Endurskoðuð áætlun	64 342

Fjárhagsvandi ríkissjóðs.

Fjárhagsvandi ríkissjóðs er áætlaður 1 795 m.kr. þegar til viðbótar breytingum á tekjum og gjöldum hefur verið tekið tillit til 107 m.kr. halla á lánahreyfingum til viðbótar áætlun fjárlaga. Sá halli verður fyrst og fremst skýrður með því gengissigi sem átt hefur sér stað undanfarna mánuði.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár var lögð á það rík áhersla að ríkisfjármálunum yrði markvisst beitt til þess að tryggja framgang efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Sú stefna er fyrst og fremst að draga úr viðskiptahallanum við útlönd, enda var ljóst við afgreiðslu fjárlaga að frekari halla en gert var ráð fyrir í þjóðhagsspá og lánsfjáráætlun yrði alls ekki mætt með aukinni skuldasöfnun erlendis. Af þessum sökum er nauðsynlegt að leysa fjárhagsvanda ríkissjóðs, sem hér hefur verið lýst, með aðgerðum sem veita raunverulegt svigrúm til þeirra útgjalda sem óhjákvæmileg eru. Hér verður að koma til innlend fjáröflun sem tryggir jafnvægi í ríkisbúskapnum. Einnig ber að skoða þessar ráðstafanir í samhengi við þær ákvarðanir í peningamálum sem Seðlabankinn hefur nýlega tekið eftir viðræður við ríkisstjórnina. Þær miðuðu að því að ná þolanlegu jafnvægi á fjármagnsmarkaði og tryggja getu bankakerfisins til þess að sinna brýnustu rekstrarfjárþörfum atvinnuveganna í ljósi þeirrar þróunar í verðlags- og launamálum sem nú er fyrirsjáanleg. Til þess að þessi árangur náist er nauðsynlegt að tryggja hallalausan ríkisbúskap.

Fjáröflun.

Til að mæta þeirri fjárþörf, 1 795 m.kr., sem greint hefur verið frá, er með frumvarpi þessu lagt til að vörugjald, sem lagt var á samkvæmt lögum nr. 77/1975,

verði hækkað upp í 18% og standi þannig breytt til ársloka 1976. Jafnframt er lagt til að nokkrar vörur verði felldar undan gjaldskyldu en öðrum aukið við. Sú breyting er helst á stofni vörugjaldsins að nauðsynjavörurnar hveiti og sykur eru undanþegnar gjaldinu en hins vegar skal nú lagt vörugjald á nokkrar vörutegundir, sem áður voru ekki gjaldskyldar, einkum kex og aðrar innfluttar brauðvörur, handverkfæri og gólfdúkaefni. Áætlað er að tekjuauki vegna þessarar breytingar nemi 1 600 m.kr. og hefur þá verið gert ráð fyrir áhrifum gjaldtökunnar á sölugjaldsinnheimtu. Í öðrum kafla frumvarpsins eru tillögur um að takmarka persónuafsláttargreiðslur ríkissjóðs en ætla má að það bæti greiðsluafkomu hans um allt að 300 m.kr. Gert hefur verið ráð fyrir að allt að 1 000 m.kr. af tekjum af vörugjaldi verði varið til eflingar landhelgisgæslu og friðunarráðstafana. Hér er vonandi um tímabundinn útgjaldaauka að ræða og því eðlilegt að slíkum fjárhagsvanda sé mætt með skammtíma ráðstöfunum.

Innheimta vörugjalds hefur gengið allvel og tiltölulega fá ágreiningsefni komið í ljós við framkvæmd laganna. Meginkostur vörugjaldsins er hins vegar þau áhrif sem gjaldið hefur til takmörkunar innflutningi. Gjaldtakan treystir því gjaldeyrisstöðuna og við mat á tekjuáhrifum gjaldsins er gert ráð fyrir að nokkuð dragi úr innflutningi miðað við það sem ella hefði orðið.

Fjármál vegagerðar.

Við endurskoðun vegáætlunar er ljóst að verulegar fjárhæðir þarf til viðbótar upphæðum í fjárlögum eigi að vera unnt að sinna brýnustu framkvæmdum í vegamálum. Er þó við endurskoðun vegáætlunar ekki að öðru stefnt en fjárfesting verði svipuð að krónutölu og í frumgerð vegáætlunar fyrir árin 1974—1977 og að kostnaður af viðhaldi og snjómokstri aukist ekki meira en um helming þess sem verðbreytingar gefa tilefni til. Samgönguráðherra mun gera nánari grein fyrir fjármálum vegagerðarinnar er vegáætlun verður lögð fram.

Áformað er að ráðstafa skyldusparnaði samkvæmt III. kafla laganna til vegagerðar. Jafnframt hefur fjármálaráðherra beitt heimild 1. gr. laga nr. 78/1975 til að hækka markaða tekjustofna til vegagerðar í samræmi við hækkun byggingarvísitölu. Hefur bensíngjald þannig verið hækkað um 1,67 kr. Þá hefur innflutningsgjald samkvæmt lögum nr. 4/1960 verið hækkað á jeppum og beltabifhjólum þannig að af tækjum þessum verði greidd svipuð aðflutningsgjöld og af öðrum bifreiðum og bifhjólum.

Áformað er að lána gjaldauka þennan til vegagerðar á þessu ári.

Endurskoðun á stöðu ríkissjóðs 1976 að teknu tilliti til ákvæða frumvarpsins og áætlunum um fjármál vegagerðar.

(Í millj. kr.)

Endurmat á fjárlögum:

	Gjöld	Tekjur	Lána-hreyfingar	Greiðslu-afkoma
Fjárlög	58 857	60 342	÷1 113	+ 372
Ný tekjuáætlun		4 000		
Aukinn halli lánahreyfinga			÷ 107	
Áhrif launasamninga	1 527			
Útgjaldaauki til almannatrygginga	2 232			
Breyttar forsendur um þróun verðlagsmála o. fl.	884			
Útgjaldaauki vegna hafnamála, landbúnaðarmála o. fl.	417			
Landhelgisgæsla og friðunaraðgerðir	1 000			

Tillögur frumvarpsins og aðrar aðgerðir:

	Gjöld	Tekjur	Lána-hreyfingar	Greiðslu-afkoma
Nettóáhrif hækkunar og breytingar vörugjalds		1 600		
Takmörkun á notkun persónuafsláttar til greiðslu útsvars		300[1])		
Skyldusparnaður (með sama sniði og 1975)			300	
Tekjur af innflutningsgjaldi (vegna leyfisgjalds af bifreiðum)		150		
Útgjaldaauki til vegamála	450			
Aukning markaðra tekjustofna til vegamála		170		
Markaðir tekjustofnar til vegamála	170			
Samtals	65 537	66 562	÷920	+105

1) Hér er um lækkun á endurgreiðslu skatta úr ríkissjóði að ræða.

Verðlagsáhrif vegna ákvæða frumvarpsins.

Hagstofan hefur metið áhrif ráðstafana, sem fjallað er um í frumvarpi þessu eða athugasemdum við það, á verðlag og kaupgjald. Áhrifa hækkaðs vörugjalds mun ekki gæta strax af fullum þunga í verðlagi og er áætlað að breyting gjaldsins úr 10% í 18% og breyting gjaldstofnsins muni hækka framfærsluvísitöluna um 4 stig hinn 1. júní n. k. og til viðbótar um 3 stig hinn 1. október. Hafa ber í huga að í núgildandi lögum um vörugjald er ákveðið að gjaldið skuli lækka úr 10% í 6% hinn 1. september n. k. og hefur hingað til verið við það miðað að sú lækkun hefði í för með sér lækkun framfærsluvísitölu um 3—4 stig til ársloka 1976. Gjaldaukinn, sem frumvarp þetta fjallar um, mun því í raun valda 10—11 stiga hækkun framfærsluvísitölu á þessu ári miðað við það sem hefði orðið að lögunum óbreyttum.

Í frumvarpinu er lagt til að 2,5 F-stig komi til frádráttar framfærsluvísitölunni hinn 1. júní n. k. áður en vísitölunni er beitt til kaupgjaldsbreytinga. Jafnframt komi til viðbótar 2,5 F-stig til frádráttar hinn 1. október. Fram hefur komið áður í athugasemdum þessum að 1 000 m.kr. af vörugjaldsaukanum verði varið til eflingar landhelgisgæslu og til friðunarráðstafana. Viðtæk samstaða virðist ríkja um nauðsyn slíkra ráðstafana. Auknum útgjöldum ríkissjóðs til eflingar landhelgisgæslu og friðunarráðstöfunum er eðlilegt að mæta með skattlagningu og engin efni til að slík gjöld hafi áhrif á launagreiðslur til hækkunar.

Hækkun bensíngjalds veldur hækkun framfærsluvísitölu um 0,5 stig og kemur það til viðbótar framangreindri hækkun.

FJÁRMÖGNUN ORKUFRAMKVÆMDA SVEITARFÉLAGA

Nú standa yfir eða eru í undirbúningi miklar orkuframkvæmdir sveitarfélaga og ber þar hitaveitur langhæst. Eru framkvæmdir þessar fjármagnaðar með ýmsu móti, af Lánasjóði sveitarfélaga, Orkusjóði, með erlendum lánum o. s. frv. Þegar gengið var frá lánsfjáráætluninni í desember s. l. var ekki unnt að gera málum þessum viðhlítandi skil. Er því nauðsynlegt að afla nýrra heimilda til þess að ríkisstjórnin geti í þessum efnum veitt sveitarfélögum þann stuðning, sem nauðsynlegur er, án þess þó að dregið sé úr ábyrgð eða frumkvæði sveitarfélaganna varðandi þessar framkvæmdir. Tillögur frumvarpsins í þessum efnum eru tvíþættar.

Í fyrsta lagi er lagt til að ríkissjóði sé heimilt að ábyrgjast lántökur sveitarfélaga vegna orkuframkvæmda á þessu ári, allt að 500 m.kr.

Í öðru lagi felst í frumvarpinu heimild til fjármálaráðherra til þess að leyfa sveitarfélögum, sem ráðast í mikils háttar hitaveituframkvæmdir, að afla allt að 200 m.kr. á árinu 1976 með verðbréfaútgáfu á innlendum markaði með hliðstæðum kjörum og ríkissjóður. Með þessu væri farið út á nýja braut er veitti sveitarfélögunum nokkru meira svigrúm en þau áður hafa haft varðandi lánsfjáröflun innanlands. Má vænta þess að þau gætu með þessum hætti vakið áhuga heimamanna á því að leggja sem mest fé af mörkum til hitaveituframkvæmda, jafnframt því sem dregið yrði úr erlendum lántökum til þeirra.

Verðbréfaútgáfa ríkissjóðs hefur sætt nokkurri gagnrýni að undanförnu, og er nauðsynlegt að þessari nýju heimild verði beitt af varkárni, enda mundi fjármálaráðherra hafa um það samráð bæði við Seðlabankann og innlánsstofnanir. Hitt er þó fullvíst, að slík lánsfjáröflun ætti að geta dregið nokkuð úr kröfum um lánveitingar innlánsstofnana til hitaveituframkvæmda.

Rétt er að lokum að benda á að eðlilegt virðist að Lánasjóður sveitarfélaga hafi forystu um lánsfjármögnun hitaveituframkvæmda sem nú eru í undirbúningi víðs vegar um land og ekki eru mjög fjárfrekar. Er æskilegt að sjóðurinn stuðli að sameiginlegu átaki lánastofnana til þess að veita hagkvæmum framkvæmdum á þessu sviði brautargengi, m. a. með samvinnu við Orkusjóð og Byggðasjóð.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Athugasemdir við I. kafla.

Um breyting á lögum nr. 77 23. desember 1975 um sérstakt tímabundið vörugjald.

Um 1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 77/1975 er vörugjald 10% á tímabilinu 1. janúar til 31. ágúst 1976 en úr því 6% til áramóta. Nú er lagt til að gjaldið verði 18% frá 5. maí til ársloka. Talið er að tekjuauki ríkissjóðs nemi 1 600 m. kr.

Um 2., 3. og 4. gr.

Í 2., 3. og 4. gr. eru gerðar nokkrar breytingar, bæði um að hverfa frá gjaldtöku af ýmsum vörum og upptöku vörugjalds af nýjum vörum. Breytingar þessar eru mismunandi mikilvægar og skal hér getið þeirra helstu.

Mjöl úr hveiti og strásykur, tnr. 11.01.11, 11.01.12, 17.01.23 og 17.01.24:

Lagt er til að felld verði niður gjaldtaka af mjöli úr hveiti og af strásykri. Báðar þessar vörur eru mikilvægar neysluvörur, auk þess sem þær eru hráefni í margs konar matvælaframleiðslu.

Áætlað tekjutap er 175 m.kr.

Trjáviður úr barrtrjám, tnr. 44.05.19:

Lagt er til að fellt verði niður vörugjald af trjávörum þessum þar sem um mjög mikilvægt hráefni er að ræða, einkum til húsgagna-, innréttinga- og húseiningasmíði. Niðurfelling gjaldsins hefur jafnframt áhrif á byggingarkostnað þar eð mótatimbur fellur undir þetta tollskrárnúmer.

Áætlað tekjutap nemur 127 m.kr.

Af öðrum vörum, sem gjald er fellt niður af, má nefna rúgmjöl til brauðgerðar, vörur til skipa í ýmsum tollskrárnúmerum, bifhjól til samræmis við gjöld af bifreiðum, öryggissæti í bifreiðar fyrir börn, og fiskiöngla.

Tekjumissir ríkissjóðs vegna allrar gjaldaniðurfellingarinnar er áætlaður um 320 m.kr.

Til að mæta að einhverju leyti þeim tekjumissi sem að framan greinir er gert ráð fyrir að gjald skuli lagt á nokkrar vörur sem hingað til hafa verið gjaldfrjálsar. Eru þessar helstar:

Brauð og brauðvörur, kökur og kex, tnr. 19.07.00 og 19.08.00:

Breyting þessi miðar m. a. að því að samræma gjaldtöku af hvers konar kexi.
Hér er áætlað að tekjur aukist um 60 m.kr. vegna þessarar ráðstöfunar.
Gólfdúkar og veggdúkar, gólfflísar og veggflísar, tnr. 39.02.87, 40.08.03 og 59.10.00:
Hingað til hefur vörugjald verið innheimt af gólfteppum og þykir gjaldtaka af þessum vörum eðlileg, m. a. til samræmingar.
Áætlaðar tekjur eru 14 m.kr.
Handverkfæri og áhöld ýmiss konar, tnr. 82.02.00, 82.03.00, 82.04.00 og 82.05.00:
Lagt er til að vörugjald verði innheimt af handverkfærum í ofangreindum tollskrárnúmerum.
Áætlaðar tekjur eru 44 m.kr.
Aðrar breytingar eru óverulegar og fyrst og fremst til samræmingar.

Um 5. gr.

Greinin fjallar að mestu um hvernig með skuli fara hafi skjöl verið afhent til tollmeðferðar fyrir gildistökudag laga þessara. Ákvæði hliðstæð þessum eru jafnan sett þegar breyting verður á lögum um gjöld sem krafin eru við innflutning vara. Þá er í greininni ákvæði um að veitt skuli undanþága frá sérstöku vörugjaldi af þeim vörum sem undanþegnar eru tolli samkvæmt heimildum í 2. og 3. gr. tollskrárlaga eða öðrum lögum.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Í athugasemdum við frumvarpið er frá því greint að allt að 1 000 m.kr. þess tekjuauka er fæst af vörugjaldi samkvæmt frumvarpi þessu verði varið til eflingar landhelgisgæslu og friðunarráðstafana. Ákvæði greinarinnar eru við það miðuð að framlagið til eflingar landhelgisgæslunni hafi ekki í för með sér víxlverkun verðlags og kaupgjalds.

Athugasemdir við II. kafla.

Um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971 um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum.

Um 9. gr.

1. málsliður 1. mgr. 9. gr. er samhljóða núgildandi ákvæðum laga nr. 68/1971.
Skattlagning á tekjur hefur jafnan verið við það miðuð að bætur almannatrygginga yrðu ekki stofn til slíkrar skattlagningar hjá þeim einstaklingum er nytu lítilla eða engra annarra tekna. Á sama hátt hafa tekjur námsmanna fram að vissu marki ekki verið notaðar sem stofn til álagningar skatta. Allt fram til ársins 1974 fylgdu vel flest sveitarfélög þessari stefnu og beittu heimildum 27. gr. laga frá 1972 um tekjustofna sveitarfélaga til lækkunar á útsvari bótaþega almannatrygginga og námsmanna svo og þeirra sem fá ívilnun í tekjuskatti skv. 52. gr. laganna um tekjuskatt og eignarskatt. Með fyrstu málsgrein þessarar greinar er að því stefnt að tryggja að ákvæðin um persónuafslátt verði ekki þess valdandi að sveitarfélög taki yfirleitt að nota þessar lágtekjur sem álagningarstofn útsvars, enda var það ekki ætlunin er ákvæðin um hann voru upp tekin með lögum nr. 11/1975. Forsenda skattalagabreytingarinnar í fyrra er því brostin að þessu leyti. Þykir rétt að sveitarfélögin beiti heimildum í tekjustofnalögunum á eigin ábyrgð án tillits til þess hvort skattafsláttur komi þar til álita í einstökum tilvikum eða ekki, og því er þessi tillaga flutt hér.

Síðasti málsliður 1. mgr. er óbreyttur frá gildandi lögum.

2. mgr. greinarinnar er samhljóða gildandi lögum. Athygli skal vakin á því að tölurnar 250 000 kr. og 375 000 kr. eru grunntölur og breytast þær skv. 52. gr. laga nr. 68/1971 í samræmi við skattvísitölu. Fyrir skattárið 1975 eru þær því í raun 312 500 og 468 700.

Með 3. mgr. greinarinnar er gert ráð fyrir að hjá skattþegnum, er vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, séu vergar tekjur til skatts hækkaðar áður en ákvæðum 2. mgr. er beitt séu þær lægri en þær hefðu orðið við sams konar vinnu hjá öðrum. Er ætlunin að þessi hækkun verði almenn regla þegar svo stendur á. Yrði þá beitt hliðstæðum reglum um hækkunina og nú gilda um launaskatt. Ráðherra er ætlað að setja nánari ákvæði um þetta atriði í reglugerð.

Athugasemdir við III. kafla.

Um skyldusparnað.

Um 10. gr.

Á árinu 1975 var tekin upp skyldusparnaður hjá öllum tekjuskattsskyldum mönnum 66 ára og yngri og nam hann 5% af skattgjaldstekjum umfram ákveðnar fjárhæðir, mismunandi eftir fjölskyldustærð. Álagður skyldusparnaður nam tæplega 260 m.kr. og lögðu 11 500 tekjuskattsgreiðendur fram einhvern skyldusparnað. Er það tæplega fjórðungur tekjuskattsgreiðenda 66 ára og yngri.

Hér er lagt til að skyldusparnaður verði lagður á þetta ár í því skyni að afla innlends fjármagns til þess að standa undir nauðsynlegum framkvæmdum ríkisins. Skyldusparnaður verður áfram 5%, en fjárhæðir, sem draga skal frá skattgjaldstekjum áður en kemur til álagningar, eru hækkaðar í því skyni að halda skyldusparnaði nokkurn veginn óbreyttum sem hlutfalli af tekjum. Þá má gera ráð fyrir að fjöldi þeirra sem leggja fram skyldusparnað á þessu ári verði svipaður og í fyrra. Áætlað er að álagður skyldusparnaður samkvæmt þessari grein geti numið allt að 340 m.kr. og þar af innheimtist á árinu allt að 300 m.kr. Þeir einstaklingar sem höfðu yfir 1 275 þúsund króna skattgjaldstekjur (var 1 000 þús. kr. 1974) á árinu 1975 skulu leggja fram 5% af því sem fram yfir er. Hafi þessir aðilar börn innan 16 ára aldurs á framfæri sínu hækki þetta mark um kr. 96 000 fyrir hvert barn. Á sama hátt greiði samsköttuð hjón, sem höfðu yfir 1 595 þús. króna skattgjaldstekjur á árinu 1975 5% af því sem fram yfir er. Þá hækki þetta mark um kr. 96 000 fyrir hvert barn innan 16 ára aldurs sem þau hafa á framfæri sínu.

Sérstök regla er sett fyrir sérsköttuð hjón þannig að hjá hvoru þeirra reiknast 5% skyldusparnaður af skattgjaldstekjum umfram 960 þús. kr. Fyrir hvert barn á framfæri þeirra hækki þetta mark um 48 000 kr. Regla þessi er sett til þess að hjón geti ekki komist hjá skyldusparnaði með sérsköttun.

Þá eru reistar skorður við því hve frádráttur má vera mikill frá útsvarstekjum áður en skyldusparnaður er reiknaður, sbr. einnig 9. gr. þessa frumvarps.

Einnig er gert ráð fyrir að hjá skattþegnum, sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skuli vergar tekjur til skatts hækka um þá upphæð sem tekjur af þessum störfum eru lægri en ætla má að laun þeirra hefðu orðið ef þeir hefðu unnið hliðstætt starf í þágu óskylds aðila. Yrði þessi viðmiðun hliðstæð launaskattsviðmiðun atvinnurekanda þótt hún sé ekki takmörkuð á sama hátt og launaskattur. Hliðstætt ákvæði er í 3. mgr. 9. gr. frumvarps þessa.

Lagt er til að skattstjórar reikni sem fyrr skyldusparnað um leið og tekjuskatt og um hann gildi sömu reglur um alla ákvörðunarmeðferð og innheimtu og um tekjuskatt. Skyldusparnaður þessi verði reiknaður í heilum þúsundum króna.

Þegar maður hefur greitt skyldusparnað sinn að fullu á hann rétt á að fá hann viðurkenndan með skírteinum sem eru verðtryggð og bera 4% ársvexti, sbr. 11. gr. Skírteini þessi getur eigandi fyrst innleyst frá og með 1. febrúar 1979. Eiganda er óheimilt að framselja eða veðsetja skírteinin.

Um 11. gr.

Hér eru ákvæði um verðtryggingu og skattmeðferð skyldusparnaðar. Lagt er til að skyldusparnaðurinn hljóti sömu skattmeðferð og annar skyldusparnaður. Hann er þó framtalsskyldur en ekki frádráttarbær til tekjuskatts.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Athugasemdir við IV. kafla.

Um fjármögnun orkuframkvæmda sveitarfélaga o. fl.

Um 13. gr.

Ábyrgðarheimildar þessarar mun fyrst og fremst þörf vegna byrjunarframkvæmda við hitaveitu á Akureyri og síðasta áfangann í stækkun Skeiðsfossvirkjunar.

Rétt er að taka fram að heimild til ríkisábyrgðar er þegar fyrir hendi vegna Hitaveitu Suðurnesja og að tryggt hefur verið nauðsynlegt fjármagn til framkvæmda á vegum Hitaveitu Reykjavíkur.

Um 14. gr.

Efni greinarinnar er nýmæli. Hér er gert ráð fyrir svigrúmi fyrir sveitarfélögin til lánsfjáröflunar innanlands og e. t. v. aðallega innan héraðs, allt að 200 m.kr. Ekki er búist við að aðrar en stærstu hitaveiturnar, t. d. á Akureyri og Suðurnesjum, hafi aðstöðu til að notfæra sér þessa fjármögnunarleið.

Athugasemdir við V. kafla.

Ýmis ákvæði.

Um 15. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 596. Nefndarálit [20. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán, er Landsvirkjun hyggst taka til virkjana í Tungnaá.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur fjallað um frumvarpið. Halldór Jónatansson aðstoðarframkvæmdastjóri Landsvirkjunar kom á fund nefndarinnar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu sem fram kemur á þskj. 597.

Alþingi, 3. maí 1976.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Jón Helgason, fundaskr.	Bragi Sigurjónsson.
Jón G. Sólnes.	Ragnar Arnalds.	Axel Jónsson.
	Albert Guðmundsson.	

Ed. 597. Breytingartillögur [20. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán, er Landsvirkjun hyggst taka til virkjana í Tungnaá.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. 1. gr. orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán, er Landsvirkjun tekur til virkjana í Tungnaá ásamt tilheyrandi ráðstöfunum, umfram áður veittar heimildir, sbr. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 59 1965 (með áorðnum breytingum), svo og 1. gr. laga nr. 96 1970, að fjárhæð allt að 15 milljónum Bandaríkjadala eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í öðrum gjaldmiðli. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum, er ríkisstjórnin ákveður, og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.
   Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán, er komi að hluta eða öllu leyti í stað ábyrgðar samkvæmt 1. málsgrein, og endurlána það Landsvirkjun með þeim kjörum og skilmálum sem hún ákveður.
2. Fyrirsögn orðist svo:
   Frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán Landsvirkjunar og til að taka lán og endurlána það Landsvirkjun til virkjana í Tungnaá.

Ed. 598. Nefndarálit [162. mál]

um frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 frá 29. mars 1961.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundum sínum og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Fjarstaddir voru Eggert G. Þorsteinsson og Steingrímur Hermannsson þegar frv. var afgreitt.

Alþingi, 3. maí 1976.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form. Steinþór Gestsson, fundaskr., frsm. Axel Jónsson.
Jón Helgason. Helgi F. Seljan.

Sþ. 599. Breytingartillaga [55. mál]

við till. til þál. um kjördæmaskipan.

Frá Benedikt Gröndal og Gylfa Þ. Gíslasyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja á fót nefnd til að semja og leggja fyrir næsta þing tillögur um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins, lögum um kosningar til Alþingis og lögum um þingsköp Alþingis, er miði að því að jafna kosningarrétt og gera alþingiskosningar persónulegri en nú er, afnema deildaskiptingu Alþingis og gera aðrar breytingar á starfsháttum þingsins, er af því leiðir.

Í nefndinni skal vera einn fulltrúi frá hverjum þingflokki, svo og einn skipaður af ríkisstjórn og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Nd. 600. Nefndarálit [154. mál]

um frv. til laga um sálfræðinga.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með að það verði samþykkt óbreytt með áorðnum breytingum í Ed. Ellert B. Schram var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 30. apríl 1976.

Ingvar Gíslason, form.	Sigurlaug Bjarnadóttir, fundaskr., frsm.	Svava Jakobsdóttir.
Gunnlaugur Finnsson.	Magnús T. Ólafsson.	Ólafur B. Óskarsson.

Nd. 601. Lög [211. mál]

um breyting á lögum nr. 80/1971, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, lögum nr. 75/1966, sbr. lög nr. 55/1973 og lög nr. 99/1975, um Fiskveiðasjóð Íslands, lögum nr. 108/1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, og lögum nr. 89/1947, um Fiskimálasjóð.

(Afgreidd frá Nd. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 442.

Nd. 602. Lög [213. mál]

um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 444.

Nd. 603. Lög [229. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 112/1972, nr. 62/1974 og nr. 13/1975.

(Afgreidd frá Nd. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 475.

Nd. 604. Lög [230. mál]

um breyting á lögum nr. 57/1973, um atvinnuleysistryggingar.

(Afgreidd frá Nd. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 476.

Nd. 605. Frumvarp til laga [231. mál]

um breyting á lögum nr. 63 16. apríl 1971, um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum.

(Eftir 3. umr. í Nd., 3. maí.)

Samhljóða þskj. 477 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:

7. gr. laganna orðist svo:

Eftirlaun skiptast í ellilífeyri, örorkulífeyri og makalífeyri.

Fjárhæð ellilífeyris er hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna næstu 5 almanaksárin, áður en taka lífeyris hefst, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem félaginn hefur áunnið sér, margfölduðum með 1,8. Aldrei skal þó reikna með færri stigum en 5.

Fjárhæð örorkulífeyris, miðað við 100% örorku, reiknast á sama hátt og ellilífeyrir með þeirri breytingu, að auk áunninna stiga skal reikna þau stig, sem ætla má, að félaginn hefði áunnið sér fram til 70 ára aldurs, miðað við meðaltal stiga þrjú síðustu almanaksárin, áður en hann varð öryrki. Sé orkutap minna en 100%, greiðist örorkulífeyrir í hlutfalli við orkutapið. Örorkulífeyrir fellur niður við 70 ára aldur. Reiknast þá ellilífeyrir í samræmi við þann stigafjölda, sem örorkulífeyrir miðast við.

Fjárhæð makalífeyris er hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna næstu 5 almanaksárin, áður en taka lífeyris hefst, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem félaganum var reiknaður, að viðbættum 5 stigum. Falli félagi frá, áður en hann nær 70 ára aldri, skal auk áunninna stiga reikna þau stig, sem ætla má, að hann hefði áunnið sér fram til 70 ára aldurs, miðað við meðaltal stiga þrjú síðustu almanaksárin, áður en hann féll frá.

Verði það þriggja ára meðaltal stiga, sem um ræðir í 3. og 4. málsgr., talið óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis, er heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári, sem lakast er.

Maður getur notið samtímis makalífeyris og elli- eða örorkulífeyris samkvæmt lögum þessum, enda sé heildarfjárhæð eftirlauna eigi hærri en sem svarar fjárhæð ellilífeyris fyrir 20 áunnin stig.

Nd. 606. Frumvarp til laga [99. mál]

um skráningu og mat fasteigna.

(Eftir 2. umr. í Nd., 3. maí.)

Samhljóða þskj. 536 með þessum breytingum:

12. gr. hljóðar svo:

Eigandi er ábyrgur fyrir tilkynningu til Fasteignamats ríkisins um breytingar á umráðum yfir skráðri eign sinni samkvæmt fasteignaskrá. Við eigendaskipti er fyrrverandi eigandi ábyrgur fyrir tilkynningu um þá breytingu.

Fasteignamat ríkisins kveður á um form og efni slíkra tilkynninga og er eigendum skylt að veita allar þær upplýsingar sem um er beðið.

Þinglýsingardómurum er við þinglýsingu afsala skylt að ganga úr skugga um, að tilkynningarskyldu hafi verið fullnægt, og hlutast til um gerð tilkynningar og

sendingu ef þess gerist þörf. Fasteignasölum er einnig skylt í starfi sínu að stuðla að gerð slíkra tilkynninga og sendingu. Fasteignamati ríkisins er heimill aðgangur að skattframtölum til að sannreyna upplýsingar um fasteignir eða afla þeirra.

Fasteignamati ríkisins er heimilt að undirbúa og gefa út staðlaðar gerðir afsala, kaupsamninga og leigusamninga um fasteignir og fasteignaréttindi þar sem samrit viðkomandi skjals er sjálfkrafa fullnægjandi tilkynning til fasteignamatsins.

17. gr. hljóðar svo:

Skráð matsverð fasteignar skal vera gangverð umreiknað til staðgreiðslu, sem ætla má að eignin hefði í kaupum og sölum í nóvembermánuði næst á undan matsgerð, miðað við heimila og mögulega nýtingu fasteignarinnar á hverjum tíma.

Sé slíkt gangverð sambærilegra eigna ekki þekkt skal skráð matsverð ákveðið eftir bestu fáanlegri vitneskju um sambærilegt gangverð með hliðsjón af kostnaði við gerð mannvirkja, aldri þeirra, legu eignar með tilliti til samgangna, nýtingarmöguleikum, hlunnindum, jarðvegsgerð, gróðurfari, náttúrufegurð og öðrum þeim atriðum sem kunna að hafa áhrif á gangverð eignarinnar.

Bújarðir skulu metnar miðað við notkun þeirra til búskapar á meðan þær eru nýttar þannig.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um mat fasteigna.

Nd. 607. Frumvarp til laga [267. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Reykhólahreppi jörðina Reykhóla í Reykhólahreppi í Austur-Barðastrandarsýslu.

Flm.: Matthías Bjarnason, Gunnlaugur Finnsson, Karvel Pálmason, Sigurlaug Bjarnadóttir, Sighvatur Björgvinsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Reykhólahreppi, Austur-Barðastrandarsýslu, jörðina Reykhóla, að undanskildu landi tilraunastöðvarinnar og Þörungaverksmiðjunnar hf. Um aðild eða eignarrétt hreppsfélagsins að hitavatnsréttindum fer eftir samningum milli ríkisins og hreppsins.

Náist ekki samkomulag um söluverð jarðeignarinnar, skal það ákveðið af dómkvöddum mönnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um 1950 var hafin uppbygging á Reykhólum fyrir tilstuðlan Landnáms ríkisins og var þar stofnsett eitt af byggðahverfum Landnáms ríkisins. Á árunum á milli 1950 og 1960 voru þar ræktuð stór tún á vegum Landnáms ríkisins eða á milli 70 og 80 ha. Þessi ræktun var notuð til að stofna tvö nýbýli, fjögur smábýli einstaklinga og þrjú opinberra aðila (læknir, prestur og skóli). Smábýli þessi fengu 4—5 ha. Þá var eitt smábýli stofnað á sjöunda áratugnum. Með þessum framkvæmdum varð talsverð uppbygging á Reykhólum og voru byggð 7 íbúðarhús bæði á nýbýlunum og á skipulagða svæðinu. Ekki þróaðist samt næg atvinna í sambandi við þessa uppbyggingu þar sem atvinnutækin vantaði. En á árinu 1974 verða veruleg þáttaskil í þróun byggðarlagsins. Þá er hafist handa um uppbyggingu Þörungavinnslunnar hf. og aðstöðu fyrir hana. Framhald af uppbyggingu Þörungavinnsl-

unnar hf. var að sveitarstjórn Reykhólahrepps þurfti að láta endurskoða tillöguuppdrátt að skipulagi fyrir Reykhóla, sérstaklega gagnvart lóðum undir íbúðarhús, vatnslagnir, holræsalagnir, rotþrær, hitaveitu, gatnagerð. Þá var einnig skipulagt athafnasvæði fyrir verkstæði, ákveðinn staður fyrir verslun og félagsheimili.

Þegar er Reykhólahreppur búinn að leggja hitaveitu, vatnsveitu, holræsakerfi og götur fyrir 3—4 milljónir króna á s. l. ári. Auk þess er Reykhólahreppur búinn að kosta til skipulags á Reykhólum um 400 þúsund krónum. Á s. l. ári voru í byggingu sjö íbúðarhús og eru fjögur þeirra fullfrágengin (leiguíbúðir) og flutt er í þau, þá verða tvö íbúðarhús tilbúin til nota fyrri hluta þessa árs. Búið er að sækja um þrjár lóðir og nokkrir hafa auk þess spurt um lóðir, svo af þessu má sjá að líkur eru fyrir því að hafin verði bygging nokkurra íbúðarhúsa á þessu ári, þá hefur einnig verið sótt um lóð undir verkstæðishús. Öllum þessum aðilum þarf Reykhólahreppur að veita þjónustu með vatn, frárennsli, hitaveitu og götur. Komið hafa fram fyrirspurnir og umsóknir um lóðir fyrir hesthús og fyrir aðra aðstöðu því fylgjandi. Hreppsnefnd telur mjög mikið atriði að geta veitt þessum áhugamönnum aðstöðu til að geta stundað þetta áhugamál sitt, því hún telur að það muni hafa veruleg áhrif á framtíðarbúsetu nokkurra þeirra, sem eru að setjast hér að, að fyrir þessu máli sé vel séð.

Af framangreindri upptalningu þykir vera sýnt að sveitarstjórn Reykhólahrepps er þegar farin að hafa allmikil afskipti af framkvæmdum á Reykhólum, og munu þau væntanlega aukast á næstu árum. Sveitarsjóður Reykhólahrepps er þegar búinn að fjárfesta fyrir nokkrar milljónir, eins og hér er greint frá að framan, og á vafalaust eftir að framkvæma og fjárfesta miklu meira vegna þeirrar þróunar byggðar sem þarna er að gerast.

Hreppsnefnd Reykhólahrepps telur því eðlilegt og raunar sjálfsagt að Reykhólahreppur eigi þá jörð, þar sem eru allar þær framkvæmdir og skipulag sem sveitarfélagið þarf að leggja í, því auðveldara er að skipuleggja og framkvæma á eigin landi heldur en á leigulandi, að sjálfsögðu í fyllsta samkomulagi við skipulagsstjórn ríkisins og landnámsstjórn það er að búskap viðkemur. Oddviti ræddi við skipulagsstjóra og framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga um hugmynd hreppsnefndar Reykhólahrepps að fá Reykhóla keypta fyrir sveitarsjóð. Báðir lýstu þeir yfir fylgi við þá hugmynd og töldu tímabæra. Varla þarf að taka fram að staða þeirra, sem leiguréttindi hafa á Reykhólum, yrði óbreytt þó eigendaskipti yrðu.

Nd. 608. Breytingartillaga [127. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 101/1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá Gunnlaugi Finnssyni.

Við 8. gr. 2. mgr. hljóði svo:

Nú kemur í ljós að mjólkurþörf einstakra byggðarlaga verði aðeins fullnægt með kostnaðarsömum flutningum milli sölusvæða, og er Framleiðsluráði þá heimilt að styrkja þá flutninga og stuðla að aukinni mjólkurframleiðslu á viðkomandi svæði. Ber Sexmannanefnd að taka tillit til aukakostnaðar, er af slíku leiðir. Því fé, sem Sexmannanefnd ákveður í þessu skyni, skal haldið aðskildu frá öðru ráðstöfunarfé Framleiðsluráðs.

Ed. 609. Frumvarp til laga [218. mál]

um breyting á lyfsölulögum, nr. 30 29. apríl 1963.

(Eftir 2. umr. í Ed., 3. maí.)

Samhljóða þskj. 450 með þessari breytingu:

1. gr. hljóðar svo:

2. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra skipar 6 menn í lyfjanefnd til fjögurra ára í senn. Skal einn þeirra vera læknir með sérfræðingsmenntun í lyfjafræði lækna (pharmacology) eða klínískri lyfjafræði (clinical pharmacology), annar lyfjafræðingur með sérfræðingsmenntun í lyfjaefnafræði, þriðji læknir með sérfræðingsmenntun í eiturefnafræði (toxicology), fjórði læknir með sérfræðingsmenntun í lyflæknisfræði, fimmti starfandi lyfjafræðingur og sjötti læknir, sem starfar að heimilislækningum. Landlæknir gerir tillögur um nefndarmenn og ráðherra skipar formann.

Yfirdýralæknir og einn héraðsdýralæknir taka sæti í lyfjanefnd þegar fjallað er um mál, er sérstaklega varða dýralækningar.

Ef eigi fást sérfræðingar, sbr. 1. mgr. til setu í lyfjanefnd, telst nefndin þó starfhæf, er minnst fjórir sitja í henni.

Ráðherra getur heimilað, að skipaðir verði sérfræðingar í hinum ýmsu greinum læknis- og lyfjafræði, til að vera lyfjanefnd til ráðuneytis.

Nefndarmenn lyfjanefndar mega ekki hafa hagsmuna að gæta um sölu eða framleiðslu lyfja.

Verkefni lyfjanefndar er að gera tillögur til ráðherra um:

1. Skráningu og afskráningu lyfja.
2. Veitingu leyfa til tilrauna með óskráð lyf.
3. Lyfjastaðla og flokkun lyfja.
4. Framleiðsluforskriftir fyrir lyf.
5. Reglugerð til nánari skilgreiningar á lyfjahugtakinu.
6. Reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja.
7. Skráningu aukaverkana og eiturverkana lyfja. Heimilt er að ráða sérhæft starfslið til þessa verkefnis og hliðstæðra verkefna.
8. Önnur atriði er varða framkvæmd lyfjalaga, svo sem ráðherra mælir um í reglugerð, hér með talið samvinna við erlendar lyfjanefndir eða lyfjaskrárnefndir.

Leita skal umsagnar landlæknis og lyfjaeftirlits ríkisins eftir því sem við á um framangreindar tillögur lyfjanefndar.

Ed. 610. Frumvarp til laga [161. mál]

um breyting á lögum nr. 26 16. nóv. 1907, um skipan sóknarnefnda og héraðsnefnda.

(Eftir 2. umr. í Ed., 3. maí.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Sóknarnefnd skal halda að minnsta kosti einn almennan safnaðarfund ár hvert til að ræða um kirkjuleg málefni safnaðarins. Aukafundi skal halda, þegar meiri hluti sóknarnefndar fer fram á það.

Sóknarnefndin kýs sér oddvita úr sínum hópi, en að öðru leyti skipta nefndarmenn störfum með sér. Oddviti boðar fundi og stýrir þeim. Fundur er lögmætur,

er ⅔ sóknarnefndarmanna sitja hann, enda hafi hann verið boðaður með nægilegum fyrirvara.

Sóknarprestur og safnaðarfulltrúi skulu starfa með sóknarnefnd og sitja fundi hennar og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Sóknarnefndarmenn eru 3 í sóknum, sem færri hafa sóknarmenn en 500, ella 5, uns tala sóknarmanna er 1000. Kjósa má tvo menn til viðbótar í sóknarnefnd fyrir hver full tvö þúsund sóknarmanna, sem við bætast. Þó skulu aldrei fleiri í sóknarnefnd en ellefu alls. Kjósa skal jafnmarga varamenn, sem taka sæti í forföllum aðalmanna.

3. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Kosningin gildir til fjögurra ára. Á fyrsta aðalsafnaðarfundi eftir að lög þessi öðlast gildi skal kjósa sóknarnefndir eftir þeim í öllum sóknum. Að tveimur árum liðnum skal minni hluti kjörinna nefndarmanna, svo og varamanna, ganga úr nefndinni og skal dregið um hverjir ganga úr nefndinni, en hinn hlutinn að fjórum árum liðnum. Samkvæmt þessu fara síðan ávallt hinar tvær deildir nefndarmanna frá annað hvert ár á víxl.

Kosningar skulu vera óhlutbundnar.

4. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Á aðalsafnaðarfundi skal kjósa einn safnaðarfulltrúa fyrir sóknina og annan til vara til fjögurra ára í senn. Á fyrsta aðalsafnaðarfundi, eftir að lög þessi öðlast gildi, skal kjósa safnaðarfulltrúa og varamann hans. Um kosningu þeirra og kjörgengi gilda sömu reglur og um sóknarnefndarmenn.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 611. Frumvarp til laga [268. mál]

um breyting á hafnalögum nr. 45 frá 24. apríl 1973.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Á eftir 12. gr. laganna komi ný grein, er verði 13. gr., svohljóðandi, enda breytist töluröð annarra greina í samræmi við það:

Vörugjald af vörum, sem umskipað er, útskipað eða uppskipað utan löggiltra hafnarsvæða, þar á meðal af sjávarafla, skal ríkissjóður innheimta í samræmi við gjaldskrá næstu hafnar og skal gjaldið renna í Hafnabótasjóð.

2. gr.

Núverandi 20. gr. orðist svo:

Tekjur Hafnabótasjóðs eru þessar:

1. Árlegt framlag ríkissjóðs, sem sé 12% af framlagi til hafnarmannvirkja og lendingarbóta á fjárlögum hvers árs, en þó aldrei lægra en 30 millj. kr.
2. Vöru- og aflagjald af vörum og afla, sem losað er utan hafnarsvæða, sbr. 13. gr.
3. Tekjur af starfsemi sjóðsins.

3. gr.

Núverandi 21. gr. 1. mgr. orðist svo:

Hafnabótasjóði er heimilt að taka lán til starfsemi sinnar innanlands eða utan allt að 750 millj. króna. Ríkissjóði skal heimilt að ábyrgjast þau lán.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er ætlunin að gera tvær minni háttar, en nauðsynlegar breytingar á lögum um hafnamál.

Önnur breytingin lýtur að því, að innheimt verði vörugjöld af vörum, sem skipað er á land, útskipað eða umskipað utan löggiltra hafnarsvæða og renni gjöldin í Hafnabótasjóð.

Eðlilegt er, að allir sitji við sama borð hvað snertir greiðslu vörugjalda, en nokkur dæmi eru um að hjá greiðslu þessara gjalda hafi verið komist, þegar ferming eða afferming hefur farið fram utan hafnarsvæða. Jafnframt er eðlilegt að þessi vörugjöld renni í hinn sameiginlega fjárfestingar- og styrktarsjóð hafnanna.

Hin breytingin er hækkun á lánsheimild Hafnabótasjóðs úr 350 í 750 millj. kr., en nú þegar hafa verið notaðar um 335 millj. kr. af 350 millj. kr. lánsheimild sjóðsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Erfitt er að áætla tekjur Hafnabótasjóðs samkvæmt grein þessari en sennilega fara þær ekki yfir 10 millj. kr. á ári.

Um 2. gr.

Hér kemur inn nýr 2. liður, sem leiðir beint af breytingu skv. 1. gr.

Um 3. gr.

Eins og í hinni almennu greinargerð segir er lánsheimild Hafnabótasjóðs nær fullnotuð, en á næstunni þarf að ganga frá um 200 millj. kr. láni til Hafnabótasjóðs. Eftir standa þá af heimild þeirri, sem hér er gerð tillaga um, rúmlega 200 millj. kr. vegna mögulegrar lántöku síðar.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Nd. 612. Lög [223. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, um stofnun Norræna fjárfestingarbankans.

(Afgreidd frá Nd. 4. maí.)

Samhljóða þskj. 461.

Nd. 613. Nefndarálit [46. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um fasteignasölu, nr. 47 11. júní 1938.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 4. maí 1976.

Ellert B. Schram, form., frsm.
Gunnlaugur Finnsson, fundaskr.
Sighvatur Björgvinsson.
Svava Jakobsdóttir.
Páll Pétursson.
Ingólfur Jónsson.
Friðjón Þórðarson.

Ed. 614. Frumvarp til laga [252. mál]

um breyting á lögum nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. lög nr. 2 11. febr. 1970 og lög nr. 66 30. apríl 1973, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 4. maí.)

1. gr.

2. mgr. 61. gr. orðist svo:

Sömu refsingu skal sá sæta, sem selur eða afhendir, kaupir eða veitir viðtöku vörum, enda viti hann eða megi vita, að þær séu ólöglega innfluttar.

2. gr.

2. mgr. 71. gr. orðist svo:

Sektir samkvæmt lögum þessum mega nema allt að kr. 4 000 000.

3. gr.

2. mgr. 76. gr. orðist svo:

Þó er tollyfirvöldum heimilt að ákveða sekt fyrir ólöglegan innflutning, ef brot er skýlaust sannað og ætla má, að brot varði ekki hærri sekt en kr. 80 000, enda játist sökunautur undir þá ákvörðun og greiði sektina þegar í stað. Við slíka sektarákvörðun skal greina í bókun, skýrt og stutt, brot það, sem um er að tefla, refsiákvæði, sem það varðar við, og ítrekunarverkun á síðari brot, ef því er að skipta. Nú hefur skýlaust sannað brot einnig upptöku eignar í för með sér, og getur tollyfirvald undir því skilorði, er nú var sagt, ákveðið eignaupptöku, enda fari verðmæti eigi fram úr kr. 150 000.

Nd. 615. Breytingartillaga [209. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sbr. lög nr. 72 1. júní 1972 og lög nr. 58 30. apríl 1973, um breyting á þeim lögum.

Frá Páli Péturssyni.

Aftan við 3. gr. frv. bætist:

Skal Húsnæðismálastofnun annast eða láta annast gerð teikninga og láta í té tæknilega aðstoð á byggingartímanum í samráði við viðkomandi sveitarfélög.

Nd. 616. Nefndarálit [266. mál]

um frv. til laga um fjáröflun til landhelgisgæslu og fiskverndar, ríkisfjármál og fjármögnun orkuframkvæmda sveitarfélaga.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Sameiginlegir fundir fjárhags- og viðskiptanefndar beggja þingdeilda hafa verið haldnir um frumvarpið.

Til funda við nefndirnar hafa komið fulltrúar frá eftirtöldum aðilum og gert grein fyrir viðhorfum sínum til málsins og veitt ýmsar upplýsingar: ráðuneytisstjórar fjármálaráðuneytis og dómsmálaráðuneytis, sjávarútvegsráðherra, fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, B.S.R.B., Vinnuveitendasambandi og Verslunarráði og Þjóðhagsstofnun.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hlutinn, undirritaðir nefndarmenn, leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingartillögu sem nefndin stendur öll að og flutt er á sérstöku þingskjali.

Minni hlutinn, fulltrúar stjórnarandstöðunnar, skilar séráliti og flytur breytingartillögur.

Alþingi, 4. maí 1976.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm. Lárus Jónsson, fundaskr. Tómas Árnason.
Sverrir Bergmann. Ólafur B. Óskarsson.

Nd. 617. Breytingartillaga [266. mál]

við frv. til l. um fjáröflun til landhelgisgæslu og fiskverndar, ríkisfjármál og fjármögnun orkuframkvæmda sveitarfélaga.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Við 8. gr. 2. mgr. falli brott.

Nd. 618. Breytingartillögur [266. mál]

við frv. til l. um fjáröflun til landhelgisgæslu og fiskverndar, ríkisfjármál og fjármögnun orkuframkvæmda sveitarfélaga.

Frá Sigurði Blöndal og Garðari Sigurðssyni.

1. Við 1. gr. Greinin falli niður.
2. Á eftir 9. gr. komi ný grein er verði 26. gr. laga nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

   Félög og einstaklingar, sem hafa skattskyldan rekstur með höndum, skulu við álagningu skatta fyrir skattárið 1975 greiða sérstakan 6% skatt er miðaður sé við hreinar rekstrartekjur, áður en fyrningar skv. 15. gr. og varasjóðsframlög skv. 17. gr. 2. mgr. hafa verið dregin frá.

Nd. **619. Nefndarálit** [266. mál]

við frv. til l. um fjáröflun til landhelgisgæslu og fiskverndar, ríkisfjármál og fjármögnun orkuframkvæmda sveitarfélaga.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur rætt þetta frv. ítarlega á þrem fundum. Hún hefur ekki orðið sammála um afstöðu til málsins. Við undirritaðir viðurkennum nauðsyn þess að afla tekna til þess að efla landhelgisgæsluna, fiskleit og hafrannsóknir og erum reiðubúnir til þess að styðja 1 000 millj. kr. tekjuöflun í þessu skyni. Hins vegar gerir frv. ráð fyrir miklu meiri tekjuöflun, 1 800 millj. kr. til ríkissjóðs og 620 millj. kr. til Vegasjóðs, eða samtals rúmlega 2 400 millj. kr. álögum. Ekkert ákvæði er þó í frv. um nokkurn sparnað í útgjöldum ríkissjóðs.

Það er viðurkennt í grg. frv., að samþykkt þess mundi hafa í för með sér 10—11% hækkun á vísitölu framfærslukostnaðar. Í 8. gr. þess voru enn fremur ákvæði um, að 5 vísitölustig af þessum 10—11 stigum skyldu ekki hafa áhrif á kaupgjald, en þau voru talin svara til þeirra 1 000 millj. kr., sem verja á til landhelgisgæslu, fiskileitar og hafrannsókna. Launþegum var m. ö. o. ætlað að bera 1 000 millj. kr. hækkun á verðlagi bótalaust, og hefði þannig með löggjöf verið riftað nýgerðum kjarasamningum launþega og vinnuveitanda. Frumvarpið var því harkaleg árás á hagsmuni launþega og samningsrétt samtaka þeirra, sem þau hljóta að telja höfuðhlutverk sitt að standa styrkan vörð um. Og slíkt átti að gerast í beinu framhaldi af því að verðlag hefur hækkað um 7.3% á tímabilinu 1. febrúar til 1. apríl, en aðeins 1.3% af þeirri verðhækkun má rekja til þeirrar 8—9% kauphækkunar, sem samið var um í febrúar, en 6% voru afleiðing ákvarðana stjórnvalda. Auk þess hefur það komið fram í ummælum ráðherra, að með ráðstöfunum þessa frv., þótt samþykkt yrði, væri efnahagsvandi þjóðarinnar engan veginn leystur.

Nú hefur orðið samkomulag um, að ákvæði 8. gr. um, að 5 stiga hækkun vísitölunnar skuli ekki hafa áhrif á kaupgjald, verði felld úr frv., og flytur fjárhags- og viðskiptanefnd í heild brtt. um það efni. Ber að fagna því, að slíkt samkomulag hefur náðst.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands hefur gert ítarlega ályktun um þetta frv., og er hún prentuð með þessu nál. sem fskj. Í þessari ályktun telur miðstjórnin sig geta fallist á, að 1 000 millj. kr., sem varið yrði til landhelgisgæslu, fiskleitar og hafrannsókna, verði aflað með tímabundinni hækkun vörugjalds, sem þá þyrfti að nema 13%. Þessi tala var byggð á bráðabirgðaathugun á málinu. Nánari rannsókn hefur hins vegar leitt í ljós, að 14% hækkun vörugjaldsins er nauðsynleg til þess að tekjur af því nái 1 000 millj. kr. á árinu. Við undiritaðir, minni hluti n., flytjum, ásamt formanni þingflokks Samtaka frjálslyndra og vinstri manna, Karvel Pálmasyni, sem fylgst hefur með störfum nefndarinnar, á sérstöku þingskjali breytingartillögu um þetta atriði, og falla því sjónarmið okkar og miðstjórnar ASÍ saman. Við í minni hlutanum getum einnig fallist á, að haldið verði áfram innheimtu skyldusparnaðar, en það mundi bæta hag ríkissjóðs og draga úr fjárþörf hans.

Í þessu sambandi er rétt að minna á, að mjög skortir á, að skattar séu greiddir af öllum tekjum af atvinnurekstri, auk þess sem gildandi reglur um fyrningu eru mjög óeðlilegar og ranglátar.

Þingmenn Alþýðubandalagsins flytja tillögu á sérstöku þingskjali um álagningu 6% skatts á hreinar rekstrartekjur, áður en fyrningar og varasjóðsframlög hafa verið dregin frá, og er áætlað, að þessi skattur nemi um 1 000 milljónum kr. Tillaga þessi kemur ekki til atkvæða, ef samkomulagsleið ASÍ, sem áður er nefnd, verður samþykkt, og verður hún því við atkvæðagreiðslu tekin aftur til 3 umræðu. eða jafnhárri upphæð og þörf er á til landhelgisgæslu, fiskleitar og hafrannsókna.

Við teljum ríkissjóði skylt að draga úr útgjöldum sínum til þess að mæta þeim auknu útgjöldum, sem hún telur óhjákvæmileg og eru umfram þann tekjuauka, sem lýst hefur verið, að við erum reiðubúnir til þess að samþykkja. Við teljum hér ekki vera um hærri fjárhæð að ræða en svo, að vandalaust væri að mæta henni með sparnaði hjá ríkissjóði, enda hvort eð er nauðsynlegt af almennum efnahagsástæðum, að ríkissjóður gæti hófs í útgjöldum sínum.

Alþingi, 4. maí 1976.

Gylfi Þ. Gíslason, frsm. Sig. Blöndal.

Fylgiskjal.

MIÐSTJÓRN ASÍ

Ályktun um ríkisfjármál o. fl.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands hefur á fundi sínum 3. maí tekið til athugunar frumvarp til laga um fjáröflun til landhelgisgæslu og fiskverndar, ríkisfjármál og fjármögnun orkuframkvæmda sveitarfélaga, og vill af því tilefni taka fram eftirfarandi:

Miðstjórnin viðurkennir þörf á auknum fjárráðum landhelgisgæslunnar, og þar sem hún hefur ekki aðstöðu til neins nákvæms mats á því hve sú fjárþörf er mikil, gerir hún ekki ágreining um þá áætlun, sem frv. byggir á, en vill mega treysta því að hugsanlegu auknu fé til eflingar landhelgis- og fiskverndar verði varið með skynsamlegum hætti. Bent skal þó á, að í greinargerð frv. er ekki að finna neinar skýringar á því, hvernig fénu skuli varið.

Að því leyti, sem unnt er að einangra athugasemdir við frumvarpið við allt að 1 000 millj. kr. tekjuöflun í framangreindum tilgangi, getur miðstjórnin eftir atvikum fallist á að farin sé sú leið, sem frv. gerir ráð fyrir, þ. e. a. s. að fjárins sé aflað með tímabundinni hækkun vörugjalds. En miðstjórnin leggur þá jafnframt þunga áherslu á að hækkun vörugjaldsins verði algerlega takmörkuð við fjárþörf landhelgisgæslunnar og þó enn frekar að slík takmörkuð hækkun vörugjaldsins við 1 000 millj. kr. eða um 13% til næstu áramóta verði ekki á neinn hátt tengd riftun gildandi kjarasamningsákvæða um „rauðu" strikin. Telur miðstjórnin, að þau ákvæði frv., sem að þessu lúta, sbr. 8. gr. frv., séu ósvífin aðför að gerðum og gildum samningum aðila vinnumarkaðarins frá 27. febr. sl., og mótmælir þessum ákvæðum sem hreinni ósvinnu, sem í raun afmái forsendur kjarasamninganna. Í þessu sambandi minnir miðstjórnin á brigð ríkisstjórnarinnar á yfirlýsingum sínum, þegar vörugjaldið var fyrst lagt á á sl. ári, svo og á slæma reynslu af meðferð stjórnvalda á viðlagagjaldinu vegna náttúruhamfaranna á Heimaey, en það gjald var aldrei afnumið, þrátt fyrir skýlaus loforð, heldur fellt inn í almennt skattheimtukerfi ríkisins.

Að öðru leyti vill miðstjórnin taka þetta fram varðandi önnur tekjuöflunarákvæði frumvarpsins:

1. Að hún telur algerlega óeðlilegt að nýgerð vegáætlun sé nú rifin upp og eyðslufé hennar aukið um hvorki meira né minna en 620 millj. kr. Telur miðstjórnin að þessari upphæð beri að mæta með sparnaði.
2. Miðstjórnin mótmælir harðlega hækkun bensíns um 170 millj. kr., sbr. lið 1 hér að framan, og telur hana ekki nauðsynlega.
3. Miðstjórnin getur fallist á takmörkun persónuafsláttar til greiðslu útsvara, enda verði þá fulltryggt með lagaákvæði að takmörkun þessi verði ekki notuð til að íþyngja í útsvörum þeim sem það lágar tekjur hafa að þeir beri lítinn eða engan tekjuskatt.
   Sömuleiðis telur miðstjórn eðlilegt að hækkun leyfisgjalds af jeppabifreiðum verði samræmd því gjaldi sem gildir um aðrar bifreiðar.

4. Miðstjórnin getur fallist á að ákvæði skattalaga frá s. l. ári um skyldusparnað verði framlengd til loka þessa árs.

Ef farið væri að framangreindum ábendingum verður ljóst að tekjuþörf ríkissjóðs til að leysa þann vanda, sem unnt er að rökstyðja með viðunandi hætti, nemur ekki 2 245 millj. kr., eins og áætlað er í grg. frv., heldur 1 045 millj. kr. að frádregnum þeim greiðsluafgangi sem frv. gerir ráð fyrir, og stendur þá eftir því sem næst 1 000 millj. kr. tekjuöflun til landhelgisgæslunnar, sem miðstjórnin vill með tilgreindum skilyrðum fallast á.

Miðstjórnin væntir þess fastlega, að ríkisstjórnin og Alþingi geti fallist á framangreindar óskir Alþýðusambands Íslands um breytingar á frumvarpinu og e. t. v. aðrar, sem miðstjórnin óskar eftir að ræða frekar um undir meðferð málsins. Hún lítur einnig svo á, að sú skriða verðhækkana og þar með kjaraskerðingar, sem dunið hefur yfir almenning að undanförnu, sé þegar orðin svo geigvænleg að óverjandi sé með öllu að taka nú enn til við að klípa að óþörfu af launum almennings, og þá ekki síður þeirra, sem við allra bágust kjör búa.

Loks verður ekki komist hjá að fordæma þá aðferð, sem frv. gerir ráð fyrir, að álagningarprósenta verslunarinnar haldist óbreytt þrátt fyrir stórhækkaðan gjaldstofn vegna hækkunar vörugjaldsins, en gengi frv. fram óbreytt mundi það færa kaupsýslustéttinni 400—500 millj. kr. nýjar tekjur á sama tíma og enn er hert kjaraskerðing almennings.

Skorar miðstjórnin því á hið háa Alþingi að breyta frv. í framangreinda átt. Enn þykir rétt að benda á að hækkun vörugjalds eins og frv. gerir ráð fyrir er í raun dulbúin lækkun gengis og verði því ekki í meginatriðum fallist á tilmæli Alþýðusambandsins mun það að sjálfsögðu og þá einnig með hliðsjón af sífelldu „gengissigi" taka til athugunar að beita ákvæðum samninganna um heimild þeirra til uppsagnar ef veruleg breyting verður til lækkunar á gjaldmiðlinum. Miðstjórn ASÍ telur að hvorki sé unnt fyrir stjórnvöld siðferðislega né lagalega að skjóta sér hér á bak við neina orðaleiki.

Nd. 620. Breytingartillaga [266. mál]

við frv. til l. um fjáröflun til landhelgisgæslu og fiskverndar, ríkisfjármál og fjármögnun orkuframkvæmda sveitarfélaga.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni, Sigurði Blöndal og Karvel Pálmasyni.

Við 1. gr. Í stað „18%" komi: 14%.

Ed. 621. Nefndarálit [222. mál]

um frv. til laga um fjölbýlishús.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum sínum og leitað umsagnar um það.

Að lokinni athugun málsins leggur nefndin einróma til að frv. verði samþykkt með breytingum, sem nefndin flytur tillögur um á sérstöku þingskjali.

Fjarstaddur afgreiðslu málsins var Steingrímur Hermannsson.

Alþingi, 4. maí 1976.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form.	Steinþór Gestsson, fundaskr.	Eggert G. Þorsteinsson, frsm.
Jón Helgason.	Axel Jónsson.	Helgi F. Seljan.

Ed. 622. Breytingartillögur [222. mál]

við frv. til laga um fjölbýlishús.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 4. gr.
   a. Í stað orðanna „íbúðar með bókstaf eða tölustaf“ í a-lið komi: samkvæmt reglum Fasteignamats ríkisins.
   b. Orðin „mælikvarðanum 1:200“ í síðari málsgr. falli burt.
2. Við 17. gr. Í stað orðanna „gert honum að flytja“ komi: krafist að hann flytji.

Nd. 623. Nefndarálit [91. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1958, sbr. lög nr. 55 12. maí 1970.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og umsagnir þær er borist höfðu. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Svava Jakobsdóttir og Sighvatur Björgvinsson skila séráliti. Meiri hl. nefndarinnar vonast til þess að starfsemi Umferðarráðs komi að nokkru gagni og telur að þar sem auknar umferðarslysavarnir ættu að verða tryggingarfélögum til hagsbóta, sé eðlilegt að þau beri af þeim nokkurn kostnað og alls ekki ástæða til þess að ætla að þau gætu rökstutt beiðnir um iðgjaldahækkanir vegna þessa gjalds. Meiri hl. nefndarinnar leggur því til að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 4. maí 1976.

Ellert B. Schram, form. Gunnlaugur Finnsson, fundaskr. Páll Pétursson, frsm.
Ingólfur Jónsson. Friðjón Þórðarson.

Sþ. 624. Fyrirspurn [269. mál]

til menntamálaráðherra um störf normanefndar.

Frá Páli Péturssyni.

Hefur normanefnd, sem skipuð var árið 1970, skilað tillögum til ráðuneytisins og ef svo er, hvenær má þá vænta þess að tekin verði afstaða til þeirra tillagna?

Nd. 625. Frumvarp til laga [266. mál]

um fjáröflun til landhelgisgæslu og fiskverndar, ríkisfjármál og fjármögnun orkuframkvæmda sveitarfélaga.

(Eftir 2. umr. í Nd., 4. maí.)

Samhljóða þskj. 595 með þessari breytingu:

8. gr. hljóðar svo:

Af tekjum af vörugjaldi skv. 1. gr. þessara laga skal verja allt að 1 000 m.kr. til eflingar landhelgisgæslu og fiskverndar.

Ed. 626. Nefndarálit [266. mál]

um frv. til laga um fjáröflun til landhelgisgæslu og fiskverndar, ríkisfjármál og fjármögnun orkuframkvæmda sveitarfélaga.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Sameiginlegir fundir fjárhags- og viðskiptanefnda beggja þingdeilda hafa verið haldnir um frumvarpið.

Til fundar við nefndirnar hafa komið fulltrúar frá eftirtöldum aðilum og gert grein fyrir viðhorfum sínum til málsins og veitt ýmsar upplýsingar: ráðuneytisstjórar fjármálaráðuneytis og dómsmálaráðuneytis, sjávarútvegsráðherra, fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, B.S.R.B., Vinnuveitendasambandi og Verslunarráði og Þjóðhagsstofnun. Fulltrúar Bandalags háskólamanna komu á fund nefndarinnar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hlutinn, undirritaðir nefndarmenn, leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu sem neðri deild hefur samþykkt.

Minni hlutinn, fulltrúar stjórnarandstöðunnar, skilar séráliti og flytur breytingartillögur.

Alþingi, 4. maí 1976.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Jón Helgason, fundaskr. Jón G. Sólnes.
Axel Jónsson. Albert Guðmundsson.

Ed. 627. Nefndarálit [266. mál]

um frv. til laga um fjáröflun til landhelgisgæslu og fiskverndar, ríkisfjármál og fjármögnun orkuframkvæmda sveitarfélaga.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Við, sem skipum minni hl. nefndarinnar, erum reiðubúnir að afla tekna til þess að efla landhelgisgæsluna, fiskleit og hafrannsóknir og erum reiðubúnir til þess að styðja 1 000 millj. kr. tekjuöflun í þessu skyni. Í samræmi við sjónarmið ASÍ erum við því tilbúnir að samþykkja hækkun vörugjalds úr 10% í 14% í þessu skyni, en neitum algerlega frekari hækkun verðlags til að standa straum af fjármálaóreiðu núverandi ríkisstjórnar. Hins vegar getum við fallist á, að haldið verði áfram innheimtu skyldusparnaðar, en það mundi bæta hag ríkissjóðs og draga úr fjárþörf hans.

Í þessu sambandi er rétt að minna á, að mjög skortir á, að skattar séu greiddir af öllum tekjum af atvinnurekstri, auk þess sem gildandi reglur um fyrningu eru mjög óeðlilegar og ranglátar.

Þingmenn Alþýðubandalagsins flytja tillögu á sérstöku þingskjali um álagningu 6% skatts á hreinar rekstrartekjur, áður en fyrningar og varasjóðsframlög hafa verið dregin frá, og er áætlað, að þessi skattur nemi um 1 000 milljónum kr. eða jafnhárri upphæð og þörf er á til landhelgisgæslu, fiskleitar og hafrannsókna. Tillaga þessi kemur ekki til atkvæða, ef samkomulagsleið ASÍ, sem áður er nefnd, verður samþykkt, og verður hún því við atkvæðagreiðslu tekin aftur til 3 umræðu.

Við teljum ríkissjóði skylt að draga úr útgjöldum sínum til þess að mæta þeim auknu útgjöldum, sem hún telur óhjákvæmileg og eru umfram þann tekjuauka, sem lýst hefur verið, að við erum reiðubúnir til þess að samþykkja. Við teljum hér

ekki vera um hærri fjárhæð að ræða en svo, að vandalaust væri að mæta henni með sparnaði hjá ríkissjóði, enda hvort eð er nauðsynlegt af almennum efnahagsástæðum, að ríkissjóður gæti hófs í útgjöldum sínum.

Alþingi, 4. maí 1976.

Ragnar Arnalds, frsm. Bragi Sigurjónsson.

Ed. 628. Breytingartillögur [266. mál]

við frv. til l. um fjáröflun til landhelgisgæslu og fiskverndar, ríkisfjármál og fjármögnun orkuframkvæmda sveitarfélaga.

Frá Ragnari Arnalds og Geir Gunnarssyni.

1. a. Við 1. gr. Greinin falli niður.
   b. Á eftir 9. gr. komi ný grein er verði 26. gr. laga nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum:
   Félög og einstaklingar, sem hafa skattskyldan rekstur með höndum, skulu við álagningu skatta fyrir skattárið 1975 greiða sérstakan 6% skatt er miðaður sé við hreinar rekstrartekjur, áður en fyrningar skv. 15. gr. og varasjóðsframlög skv. 17. gr. 2. mgr. hafa verið dregin frá.
   Nú hefur notkun fyrningaheimilda samkvæmt 15. gr. lækkað skattgjaldstekjur við álagningu tekjuskatts fyrir skattárið 1975 um lægri fjárhæð en 200 þús. kr., og skal þá skatturinn lækkaður um helming, en falla niður, ef nefnd fjárhæð er lægri en 100 þús. kr.
2. Við 6. gr. Á eftir 2. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:
   Álagningu í heildsölu og smásölu má ekki hækka að krónutölu vegna hækkunar vörugjalds skv. 1. gr.

Ed. 629. Breytingartillaga [266. mál]

við frv. til laga um fjáröflun til landhelgisgæslu og fiskverndar, ríkisfjármál og fjármögnun orkuframkvæmda sveitarfélaga.

Frá Ragnari Arnalds og Braga Sigurjónssyni.

Við 1. gr. Í stað „18%“ komi: 14%.

Ed. 630. Lög [266. mál]

um fjáröflun til landhelgisgæslu og fiskverndar, ríkisfjármál og fjármögnun orkuframkvæmda sveitarfélaga.

(Afgreidd frá Ed. 5. maí.)

Samhljóða þskj. 625 (sbr. 595).

Ed. 631. Nefndarálit [52. mál]

um frv. til l. um breyt. á búfjárræktarlögum, nr. 31 24. apríl 1973.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til að það verði samþ. óbreytt eins og það er komið frá neðri deild.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Bragi Sigurjónsson og Jón Árnason.

Alþingi, 5. maí 1976.

Steinþór Gestsson, form. Ingi Tryggvason, fundaskr. Helgi F. Seljan, frsm.

Axel Jónsson. Ásgeir Bjarnason.

Nd. 632. Frumvarp til ábúðarlaga. [270. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

I. KAFLI
Um byggingu jarða.

1. gr.

Jörð eða lögbýli nefnist í lögum þessum hvert það býli, sem sérstaklega er metið til verðs í fasteignamati, með ákveðnum landamerkjum eða með ákveðnum tún- og engjamerkjum, ef um hjáleigu eða býli er að ræða, sem hefur sameiginlegt beitiland með annarri jörð eða jörðum. Enn fremur verður býlið að hafa það landrými eða búrekstraraðstöðu, að það framfleyti minnst 10 kúgildum. Auk þess sé á landinu nauðsynlegur húsakostur til að nytja jörðina.

Jörð, sem ekki hefur verið setin í 2 ár eða lengur, telst eyðijörð, og þó að hús séu fallin eða rifin. telst hún lögbýli, nema jörðinni sé ráðstafað til annarra nota með samþykki sveitarstjórnar og jarðanefndar, t. d. lögð til afréttar eða sameinuð annarri jörð.

Jörð eða lögbýli teljast enn fremur nýbýli, garðyrkjubýli og smábýli, sem hlotið hafa samþykki jarðanefndar og staðfestingu landnámsstjórnar sem lögbýli.

2. gr.

Hver sá, sem á jörð og rekur ekki búskap á henni sjálfur, er skyldur að byggja hana hæfum umsækjanda, að dómi jarðanefndar. Nú rækir jarðeigandi eigi þessa skyldu og ber þá sveitarstjórn að áminna hann um það og setja honum frest til næstu fardaga. Nú byggir hann eigi jörðina að þessum fresti liðnum fyrir 15. febrúar næst eftir að frestur rann út og skal þá sveitarstjórn í samráði við jarðanefnd ráðstafa jörðinni 5 ár í senn á þann hátt sem hagkvæmastur er fyrir sveitarfélagið.

Jarðanefnd getur undanþegið jarðareiganda byggingarskyldu á jörð, ef hún er að dómi nefndarinnar svo kostarýr til búskapar eða þannig í sveit sett, að nefndin telur ekki fært að hafa búskap þar að aðalatvinnu.

Nú hefur eigandi jarðar nytjað eignarjörð sína án þess að sitja á jörðinni og hvorki hann, fjölskylda hans né umsjónarmaður á hans vegum hefur þar lögheimili, en jörðin rýrnar svo, að sveitarfélagið bíður hnekki af, að mati jarðanefndar, og skal þá sveitarstjórn krefjast þess, að jarðareigandi bæti það, sem áfátt er, innan tveggja missira eða byggi jörðina frá næstu fardögum, en sæti ella ráðstöfun sveitarstjórnar á jörðinni skv. 1. málsgr.

Nú er land fallið úr tölu lögbýla eða hefur skipst úr jörð án þess að verða nýbýli og er ekki nytjað af eiganda né leigt hreppsbúum, en þess er þörf vegna búskapar í sveitarfélaginu að mati jarðanefndar og getur þá sveitarstjórn tekið það leigunámi til þeirra nota 5 ár í senn, en ábyrgjast verður hún að landið sé hóflega nýtt að viðlagðri bótaskyldu. Á sama hátt fer um jarðir, sem undanþegnar eru byggingarskyldu skv. 2. málsgr.

Eftirgjald jarða eða landa, er sveitarstjórn tekur til ráðstöfunar skv. ákvæðum þessarar greinar, ákveður jarðanefnd, nema um semjist við eiganda, en hvor aðili um sig getur krafist yfirmats skv. 44. gr.

3. gr.

Sé ekki um annað samið, skal byggja jörð frá fardögum til fardaga, og skal um það bréf gera, sem er byggingarbréf fyrir jörðinni. Gera skal þrjú samhljóða frumrit af byggingarbréfi, er landsdrottinn og leiguliði rita nöfn sín undir í votta viðurvist. Heldur landsdrottinn einu, leiguliði öðru, en hið þriðja skal afhenda jarðanefnd, er varðveitir það í skjalasafni sínu.

4. gr.

Í byggingarbréfi skal greina landamerki jarðar og geta þeirra ítaka, er hún á í annarra lönd, svo og þess, ef kvaðir hvíla á henni. Þá skal og kveða á um í byggingarbréfi, hverja landskuld skuli greiða eftir jörðina og í hverju hún sé goldin, svo og ef kúgildi fylgja jörð og hversu mörg þau séu.

Undanskilin leiguliðaafnotum eru vatnsréttindi, þar með talið jarðhiti, námur, byggingarefni, svo sem sand- og malarnámur og önnur jarðefni, sem ekki geta talist til venjulegra leiguliðanota af jörð, einnig land til nauðsynlegra bygginga, til þess að eigandi geti hagnýtt þessi efni. Þó á leiguliði rétt á vatni til áveitu og heimilisrafstöðvar og til upphitunar á húsum jarðar, þar með talin gróðurhús til eigin atvinnurekstrar, svo og byggingarefni til búsþarfa. Leiguliði á rétt á bótum fyrir jarðrask og átroðning, sem leiðir af virkjun vatns eða starfrækslu þvílíkra fyrirtækja.

II. KAFLI

Um ábúðartíma og eftirgjald.

5. gr.

Jarðir skal byggja hið skemmsta til 5 ára í senn. Jarðir í eigu ríkis, sveitarfélaga, opinberra sjóða og stofnana, skal byggja lífstíð leigutaka, nema nauðsyn beri til að ráðstafa jörð, svo sem embættisjörðum, skólajörðum, jörð, sem sveitarfélag á innan hreppsins, og jörðum, sem líkt stendur á um, þær skal byggja tiltekinn tíma.

Ekkja leiguliða heldur ábúðarrétti hans.

Heimilt er eiganda að taka jörð eða jarðarhluta úr lífstíðarábúð vegna eigin þarfa eða til ábúðar handa sjálfum sér, barni sínu, barnabarni, kjörbarni, fósturbarni, systkini eða foreldri, nema landsdrottinn hafi fallið frá þessum rétti í byggingarbréfi.

Nú segir landsdrottinn upp ábúð, en hvorki flytur sjálfur á jörðina né afhendir hana öðrum til ábúðar, skv. þessari grein, og er þá sú uppsögn ógild, og á leiguliði heimtingu á að fá jörðina aftur, ef hann krefst þess, innan árs frá því að hann flutti af jörðinni. Auk þess bæti landsdrottinn allan þann skaða, er leiguliði kann að hafa beðið af þessum sökum.

6. gr.

Nú hefur landsdrottinn vanrækt að gera byggingarbréf fyrir jörð, og skal þá svo telja, að hún hafi verið byggð lífstíð leigutaka og eftirgjald skal ákveðið af jarðanefnd, nema um annað semjist.

7. gr.

Landskuld, sem aðilar kunna að semja um, er heimilt að miða við ákveðna tölu búfjár eða ákveðið magn búsafurða eða verðmæti þeirra hlunninda, sem jörðinni fylgja, og greiðist í peningum eftir verðlagsgrundvelli þeirra afurða, sem við er miðað ár hvert, eða söluverði, sé um að ræða afurðir, sem verðlagsgrundvöllur nær ekki til.

Náist ekki samkomulag um eftirgjald skal jarðanefnd úrskurða það. Ákvörðun jarðanefndar má skjóta til yfirmats skv. 44. gr. innan eins mánaðar frá dagsetningu ákvörðunarinnar.

8. gr.

Nú metur jarðanefnd jörð til eftirgjalds, og er þá rétt að miða landskuld við afrakstur hennar í búrekstri, aðstöðu til ræktunar og sölu afurða, arð af sérstökum hlunnindum, húsakost, vátryggingarkostnað, girðingar og önnur mannvirki, er jörðinni fylgja, svo og kvaðir, sem á henni hvíla.

9. gr.

Ef jörð spillist af ástæðum, sem leiguliði má ekki við gera, og spjöllin valda röskun á búskaparaðstöðu hans, á hann rétt á eftirgjaldslækkun, að mati jarðanefndar, náist ekki samkomulag við landsdrottin.

III. KAFLI

Um mannvirki, ræktun, stöðu landsdrottins og leiguliða vegna framkvæmda.

10. gr.

Þegar jörð er byggð til lífstíðar eða á erfðaábúð, er landsdrottni ekki skylt að láta jörðinni fylgja önnur hús en þau, sem eru á jörðinni og í hans eigu við upphaf leigutíma.

11. gr.

Jörð, sem leigð er til ákveðins árabils, er landsdrottni skylt að láta íbúðarhús og peningshús í nothæfu ástandi fylgja, hvort tveggja að dómi úttektarmanna.

Vítalaust er landsdrottni, ef íbúðarhús er fullnægjandi fyrir meðalfjölskyldu og þá vinnuhjálp, sem ætla má að þurfi, til þess að jörð verði nytjuð með venjulegum hætti, og peningshús fylgja fyrir ¾ hluta þess bústofns, sem úttektarmenn meta, að jörðin geti borið, miðað við ástand hennar, þegar ábúandi tekur við ábúðinni.

Nú er ekki fyrir hendi hinn tilskildi húsakostur, er viðtaka fer fram, og skal þá í byggingarbréfi ákveðinn sá frestur, er landsdrottinn hefur, til þess að úr sé bætt, og tilgreint, með hvaða hætti það skuli gert. Húsakostur telst ekki leigufær án umbóta, ef ekki má ætla, að hann með eðlilegu viðhaldi sé nothæfur í 10 ár.

Undanþeginn þessari húsaskyldu er landsdrottinn um þær jarðir, sem vegna kostarýrðar, skorts á ræktunarskilyrðum eða annarri aðstöðu til búrekstrar verða ekki taldar búhæfar að mati jarðanefndar, svo og jarðir innan takmarka kaupstaða, sjávar- og sveitaþorpa, er rétt þykir að dómi landbúnaðarráðuneytisins, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, að skipta niður í ræktunarlóðir.

12. gr.

Þegar endurreisa þarf jarðarhús eða auka við þau, hefur landsdrottinn rétt til að ákveða, að hann sjálfur kosti alla endurbyggingu á jörðinni. Hann ræður þá byggingarfyrirkomulagi. Landsdrottni er þá heimilt, að endurbyggingu fullgerðri, að hækka landskuld. Náist ekki samkomulag, skal jarðanefnd meta, hverju sú hækkun nemur. Við matið skal þess gætt, að landskuldarhækkun ber aðeins að reikna af húsakosti, sem er við hæfi jarðarinnar og miðast að því er tekur til peningshúsa við þann bústofn, sem jörðin ber, og íbúðarhús með hliðsjón af búsþörfum.

Nú leggur landsdrottinn að ósk leiguliða fram fé til umbóta á jörð sinni, og skal þá landskuld hækka, þannig að af framlaginu greiðist sömu vextir og af lánum hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins á hverjum tíma.

Nú vill leiguliði auka húsakost ábúðarjarðar sinnar, og hans telst þörf, að mati viðkomandi héraðsráðunautar og byggingafulltrúa, en landsdrottinn vill ekki kosta auknar byggingaframkvæmdir. Leiguliða er þá heimilt að byggja, eftir að hafa sannanlega tilkynnt landsdrottni, enda sé gerð bygginga og fyrirkomulag samþykkt af byggingafulltrúa viðkomandi héraðs og jarðanefnd.

13. gr.

Ef leiguliði vill gera meiriháttar jarðarbætur, skal hann leita samkomulags og samþykkis landsdrottins og fara fram á, að hann láti gera jarðarbæturnar á sinn kostnað og hækki þá eftirgjald jarðarinnar sem svarar vöxtum Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

Ef landsdrottinn vill ekki gera jarðarbótina á sinn kostnað, en hún er samkvæmt skriflegu áliti hlutaðeigandi héraðsráðunautar álitleg til að gefa góðan arð, er leiguliða heimilt að framkvæma verkið.

14. gr.

Nú vill landsdrottinn gera meiriháttar jarðarbætur á jörð sem er í fastri byggingu, og skal hann þá leita samkomulags um það við leiguliða. Náist ekki samkomulag, getur hann látið gera jarðarbótina engu síður, en bæti leiguliða það, sem verkið kann að spilla leiguliðaafnotum hans. Þegar jarðarbótinni er lokið, getur landsdrottinn látið úttektarmenn skoða hana og meta, hversu mikið jarðarafgjald megi hækka við jarðarbótina miðað við aðstæður leiguliða. Getur landsdrottinn þá afhent hana leiguliða, og ber leiguliða að halda henni vel við og svara henni í góðu lagi eða með álagi. Enn fremur ber leiguliða að gjalda árlega þá hækkun á eftirgjaldi, sem metin er fyrir jarðarbótina.

15. gr.

Leiguliða er heimilt að veðsetja ábúðarjörð sína til tryggingar þeim lánum, sem hann á kost á í Búnaðarbanka Íslands, Lífeyrissjóði bænda og Orkusjóði vegna framkvæmda á ábúðarjörð sinni, sem samþykktar hafa verið af byggingafulltrúa eða jarðræktarráðunaut og taldar eru við hæfi jarðarinnar að dómi jarðanefndar.

16. gr.

Nú á fráfarandi leiguliði hús, hlut í húsum eða umbætur á jörð, og er það til frambúðar haganlega fyrirkomið og nauðsynlegt til búrekstrar á jörðinni, að dómi úttektarmanna, og skal þá landsdrottni skylt að kaupa þær eignir fráfaranda því verði, er úttektarmenn meta, enda séu þá hús jarðarinnar og önnur mannvirki ekki meiri og dýrari en svo, að jörðina megi leigja fyrir hæfilegt afgjald, að mati úttektarmanna. Séu hús ekki nauðsynleg vegna almenns búrekstrar, skal taka tillit til þess við mat þeirra og þau metin lægra verði en hin nauðsynlegu jarðarhús. Landsdrottni er einnig skylt að kaupa ræktun, sem fráfarandi hefur látið gera.

Helming þeirrar fjárhæðar sem landsdrottni er gert að greiða samkvæmt mati, ber honum að inna af hendi með þremur jöfnum greiðslum innan níu mánaða frá því úttekt fór fram og eftirstöðvar með jöfnum afborgunum á sex árum nema um annað semjist. Landsdrottni ber að greiða sömu vexti af skuldum vegna kaupa á mannvirkjum leiguliða og Stofnlánadeild landbúnaðarins reiknar af lánum vegna sambærilegra mannvirkja hverju sinni.

Þau hús, sem ekki teljast nauðsynleg til búrekstrar og unnt er að flytja, er jarðareigandi ekki skyldugur að kaupa af fráfaranda. Verði ekki samkomulag um kaup á þeim, hefur fráfarandi rétt til að flytja þau af jörðinni eða selja þau öðrum til brottflutnings og er skylt að sjá um, að þau verði rifin, ef viðtakandi krefst, og

þá svo, að viðtakanda sé sem minnst mein að. Séu mannvirki minna virði, að mati úttektarmanna, en þau voru, er leiguliði tók við jörð, skal hann greiða landsdrottni mismuninn. Sá mismunur, er greiðast skal, er lögtakskræfur. Við matsgerðir þessar ber úttektarmönnum að taka tillit til almennra verðbreytinga, sem orðið hafa á kostnaði við mannvirkjagerð.

17. gr.

Leiguliða er skylt að halda við húsum, öðrum mannvirkjum og ræktun, þannig að ekki rýrni umfram eðlilega fyrningu, að mati úttektarmanna.

Landbúnaðarráðherra setur reglur um viðhald húsa á leigujörðum, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og Byggingastofnunar landbúnaðarins.

18. gr.

Skylt er úttektarmönnum, ef landsdrottinn eða leiguliði krefst, að skoða öll hús á leigujörð, mannvirki og ræktun og gefa um það skýrslu til aðila. Skulu úttektarmenn sérstaklega athuga umgengni og viðhald húsa og hvernig jörðin er setin yfirleitt.

19. gr.

Jarðarhús öll á leigujörðum skulu vátryggð gegn eldsvoða og skal landsdrottinn bera kostnaðinn, nema um annað sé samið. Um tryggingar gegn skaða af náttúruhamförum geta aðilar komið sér saman, enda skal þess getið í byggingarbréfi. Skylt er leiguliða að annast vátryggingar fyrir hönd landsdrottins á eign hans í húsum og sjá um greiðslu iðgjalds gegn endurgreiðslu, beri landsdrottni að greiða iðgjaldið. Af sameign aðila í húsum greiðir ábúandi iðgjald af sínum eignarhluta.

20. gr.

Sjái landsdrottinn sér ekki fært að fullnægja þeim skyldum, sem á hann eru lagðar samkvæmt lögum þessum, getur hann boðið leiguliða jörðina til kaups fyrir það verð, er úttektarmenn meta, enda fái leiguliði gjaldfrest á helmingi þess kaupverðs, er kann að vera umfram veðskuldir. Skal leiguliði greiða þá fjárhæð með jöfnum árlegum afborgunum á 6 árum, nema öðruvísi semjist, gegn sömu vöxtum og bankar greiða af óbundnu sparifé. Taka skal veð í jörðinni næst á eftir áhvílandi veðskuldum.

Neiti leiguliði að kaupa eða hafi hann ekki svarað tilboði innan missiris, hefur hann fyrirgert ábúðarrétti sínum.

Geti ábúandi ekki keypt ábúðarjörð sína eða vilji hann það ekki, hefur sveitarstjórn rétt til að ganga í kaupin með þeim skilmálum, sem jörðin var boðin ábúanda.

IV. KAFLI

Um réttindi og skyldur leiguliða og ábúðarlok.

21. gr.

Skylt er leiguliða að eiga lögheimili á ábúðarjörð sinni, nytja hana og reka þar bú, nema sveitarstjórn og landsdrottinn samþykki annað.

22. gr.

Þegar leiguliðaskipti verða á jörð, má viðtakandi taka til voryrkju, þegar hann vill, en ekki má hann flytja bú sitt á jörðina fyrir fardaga, nema fráfarandi leyfi. Fardagar eru fjórir og hefjast, þegar sex vikur eru af sumri. Fimmtudagur í sjöundu viku sumars er fyrstur þeirra, en sunnudagur seinastur.

Leiguliða er skylt hið síðasta að hefja ábúð, þegar sjö vikur eru af sumri, ella fyrirgerir hann ábúðarrétti sínum, en ber að greiða eins árs jarðarafgjald auk bóta eftir almennum reglum, ef tjón sannast.

23. gr.

Fráfaranda ber að hafa hreinsað öll hús og haugstæði, flutt bú sitt, tæki og allt, sem er í hans eign á jörðinni, í burtu hinn síðasta fardag, nema um annað semjist. Nú vill fráfarandi selja hey, sem hann á á jörðinni við ábúðarlok, og á þá viðtakandi forkaupsrétt.

24. gr.

Leiguliði skal hafa öll leiguliðaafnot ábúðarjarðar sinnar, sbr. þó 2. mgr. 4. gr., en það eru leiguliðaafnot að hafa full afnotaumráð þeirra nytja, er jörðin sjálf gefur af sér, án þess að hún eða sá hluti hennar, sem afraksturinn gefur, rýrni eða eyðileggist við notkunina. Enn fremur telst til leiguliðaafnota réttur til framkvæmda, er auka framleiðsluhæfni jarðarinnar.

Til leiguliðaafnota teljast öll hús, mannvirki, ræktun, svo og hlunnindi, er jörðinni fylgja, svo sem lax- og silungsveiði, sellátur, eggver og annað, sem leiguliðaafnotum hefur fylgt að fornri landsvenju, nema sérstakur samningur sé um annað, sbr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði.

Leiguliði skal hafa not slíkra hlunninda það vor, sem hann flytur á jörð, nema um annað sé samið. Heimilt er landsdrottni eða leiguliða, ef samkomulag verður þar um, að leigja öðrum hlunnindi, sem vegna fjarlægðar eða aðstöðu er erfitt að nytja af jörðinni, enda sé slíkt gert í samráði við jarðanefnd og býlið lífvænlegt til búrekstrar, að dómi jarðanefndar, þó að þau hlunnindi séu undan tekin. Þá má landsdrottinn og leigja lóðir undir hús eða land til uppsáturs og fiskverkunarreita og spildur til ræktunar í óyrktu landi leigujarðar, ef hlutaðeigandi héraðsráðunautur eða trúnaðarmaður Búnaðarfélags Íslands telur það ekki valda leiguliða verulegum skaða eða takmarki ekki aðstöðu hans til ræktunar á jörðinni, enda lækki jarðarafgjaldið að réttri tiltölu eftir mati úttektarmanna.

25. gr.

Þegar reki fylgir jörð, er leiguliða skylt að hirða það, er rekur, og draga það úr flæðarmáli, svo að ekki taki út aftur. Hið sama gildir, þar sem sérstakt rekaítak er í ábýlisjörð hans. Skal hann þá marka þann við viðarmerki eiganda ítaksins. Til endurgjalds fyrir björgun og umhirðu rekans ber leiguliða ⅓ hluti hans, nema byggingarbréf taki annað fram. Um allan annan reka á leigujörð fer eftir lagaákvæðum, er gilda þar um hverju sinni.

26. gr.

Ekki má leiguliði byggja öðrum af leigujörð sinni, né leyfa not hlunninda eða landsnytja, nema landsdrottinn leyfi eða ekki verði hjá því komist vegna ákvæða laga.

27. gr.

Skylt er leiguliða að halda við húsum jarðar og öllu, sem þeim fylgir, þannig að þau gangi ekki úr sér umfram eðlilega fyrningu. Honum ber einnig að halda við öðrum mannvirkjum, ræktun og hlunnindum. Hann skal á sinn kostnað annast viðhald heimreiðar, ræktunar, girðinga, framræsluskurða og lokræsa, þannig að þessi mannvirki gangi ekki úr sér umfram eðlilega fyrningu.

28. gr.

Leiguliði skal greiða skatta og skyldur, sem lög ákveða og tengdar eru notum hans af jörðinni, landsdrottni að kostnaðarlausu. Landskuld, leigur og önnur gjöld skal hann greiða fyrir 31. des. ár hvert, nema öðruvísi sé um samið.

29. gr.

Nú er leiguliðaréttur brotinn og á leiguliði sókn þess máls. Ef leiguliði sækir ekki, á landsdrottinn sókn, enda skal leiguliði gera aðvart, ef leiguliðaréttur hans er brotinn, og láta vita, hvort hann sækir.

30. gr.

Vanefni leiguliði verulega skyldur sínar samkvæmt ábúðarsamningi eða lögum þessum, er landsdrottni heimilt að byggja leiguliða út, enda liggi fyrir skriflegt álit úttektarmanna og jarðanefndar er staðfesti vanefndir leiguliða.

Hvarvetna, þar sem landsdrottinn segir leiguliða upp ábúð eða byggir honum út, vegna vanefnda á skyldum hans, skal hann hafa gert það sannanlega fyrir jól, miðað við næstu fardaga.

31. gr.

Nú vill leiguliði flytja sig af ábúðarjörð sinni, og skal hann þá hafa sagt jörðinni lausri fyrir jól miðað við næstu fardaga. Skal hann segja landsdrottni eða umboðsmanni hans upp, þannig að sannað verði.

V. KAFLI

Um erfðaábúð.

32. gr.

Heimilt er að byggja jarðir í einkaeign, í eigu ríkissjóðs, kirkna landsins eða sjóða, sem eru almannaeign (kristfjárjarðir, jarðir gjafasjóða, sýslusjóða eða hreppssjóða) á erfðaleigu.

33. gr.

Afgjald af jörðum þeim, sem um ræðir í 32. gr., skal vera 3% af fasteignamatsverði lands og jarðarhúsa. Með verði jarðarhúsa telst það álag, er kann að fylgja jörð, þegar erfðaábúð hefst.

34. gr.

Erfðaleiguábúanda er skylt að greiða árlega iðgjöld af brunabótavirðingu húsa og fasteignagjöld af ábúðarjörð sinni, án endurgjalds frá landsdrottni. Kostnað við virðingu á eignum greiðir hver eigandi að sínum hluta.

35. gr.

Meðan sama ætt heldur jörð, skal afgjald ekki hækka umfram það, er leiðir af hækkun fasteignamats vegna verðbreytinga og framlaga jarðareiganda. Ef liðin eru þrjú ár eða meira frá síðasta fasteignamati, þegar ákvarða skal eftirgjald, er heimilt að krefjast millimats fasteignamatsnefndar og leggja það til grundvallar ákvörðun um eftirgjald.

36. gr.

Þegar ábúendaskipti verða á milli ættliða á jörð, sem er í erfðaábúð, skulu úttektarmenn tilkvaddir, ásamt jarðareiganda eða umboðsmanni hans, og jörðin tekin út. Úttektargerðin skal bera með sér:

a) Eign jarðeiganda í húsum og öðrum mannvirkjum, sem fráfarandi hefur tekið við, ásamt eign jarðeiganda í húsum og mannvirkjum vegna fjárframlags hans til þeirra í tíð fráfaranda.
b) Eign ættarinnar, sem fráfarandi tók við í húsum og mannvirkjum á jörðinni, og auk þess það, er fráfarandi leggur fram sem eignarauka. Að öðru leyti fer um úttekt þessa eftir almennum reglum.

37. gr.

Réttur til ábúðar á jörðum þeim, sem um ræðir í þessum kafla laganna, þar með talin hús og mannvirki, sem viðkomandi ætt á á jörðinni, erfist sem hér segir:

1) Það hjóna, sem lengur lifir, heldur réttindum, meðan það lifir.
2) Erfðaréttur erfist til barns þess hjóna, sem erfðaábúðarréttinn stofnaði eða erfði, og til barna þeirra og kjörbarna.

3) Foreldrar koma sér saman um, hvert af börnum þeirra skal erfa ábúðarréttinn, og skulu tilkynna það sýslumanni ekki síðar en þegar erfðaábúandi er fullra 60 ára.
4) Verði hjón ekki ásátt um, hvert barna þeirra skuli hljóta réttinn, skulu börnin eða forráðamenn þeirra leita samkomulags að viðstöddum sýslumanni.
5) Náist ekki samkomulag skv. 3. og 4. lið, skal elsta barnið erfa réttinn. Afsali það sér réttinum, hafa börnin hann eftir aldri.
6) Nú hefur erfingi erfðaábúðar ekki náð lögaldri, þegar ábúendaskipti verða, og skal þá sýslumaður byggja jörðina öðrum um stundarsakir, óski erfingi eða fjárráðamaður fyrir hans hönd ekki að taka jörðina sjálfur til ábúðar.
7) Óski ekkert barnanna að nota erfðaréttinn og nytja jörðina áfram, þá er foreldrum heimilt að ánafna hana fósturbarni.
8) Nú deyr erfingi ábúðarréttar barnlaus innan 10 ára frá því er hann hefur tekið við ábýli sínu, enda hafi hann ekki tekið kjörbarn áður en hann dó, og hefur þá næsti erfingi rétt til að ganga inn í ábúðina.
9) Ef engar tillögur eða óskir liggja fyrir frá fráfarandi um ráðstöfun jarðarinnar, skal henni ráðstafað að tillögu jarðanefndar sem áður hefur leitað umsagnar viðkomandi sveitarstjórnar.

VI. KAFLI
Um úttektir á leigujörðum.

38. gr.

Þegar leiguliðaskipti verða á jörðum, skal taka þær út með lögmætri skoðunargerð.

Úttekt á jörð skal fara fram fyrir 20. júní. Úttektarmenn skulu gera viðtakanda og fráfarandi aðvart með nægum fyrirvara, hvenær úttekt fer fram, svo og landsdrottni eða umboðsmanni hans, svo að þeir geti verið viðstaddir og gætt réttar síns.

39. gr.

Úttektarmenn skulu vera tveir. Hreppstjórar eru úttektarmenn, hver í sínum hreppi, en hinn aðalúttektarmanninn skipar sýslumaður og tvo varamenn að fengnum tillögum sveitarstjórnar. Nú hefur úttektarmaður forfall eða er svo nákominn aðila, að hann mætti eigi dómkveðja til matsstarfa í dómsmáli hans, eða getur talist vilhallur, og tekur þá varamaður sæti hans. Ef úttektarmenn greinir á, skal kalla til varamann þann, sem nær er, og er hann þá oddamaður.

40. gr.

Úttektarmenn, aðrir en hreppstjóri, skulu skipaðir til 6 ára. Enginn er skyldugur að taka við endurskipun, fyrr en 6 ár eru liðin frá því hann hætti starfanum.

Allir fullveðja búendur hreppsins, yngri en 60 ára, eru skyldir að taka útnefningu.

Úttektarmenn skulu, áður en þeir byrja störf sín, undirrita í úttektarbókina drengskaparheit um að gegna starfi sínu hlutdrægnislaust og eftir bestu vitund og sannfæringu.

41. gr.

Úttektarmenn fá þóknun fyrir starf sitt, sem hér segir:

1) Fyrir úttekt á jörð skal greiðslan miðast við dagkaup, eins og það er reiknað í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða hverju sinni. Kostnaður þessi greiðist að jöfnu af fráfarandi og viðtakanda.
2) Fyrir aðrar virðingar- og skoðunargerðir ákveðst greiðslan á sama hátt, og ber þeim að greiða, sem krafist hefur virðingar- eða skoðunargerðar. Þó kosta landsdrottinn og leiguliði skoðun og virðing, sem gerð er samkv. 16. gr., að hálfu hvor.

42. gr.

Úttektarmenn skulu hafa gerðarbók, er sveitarsjóður borgar og sýslumaður löggildir. Skal í hana rita allar úttektir jarða, skoðunargerðir á jörðum samkvæmt 18. gr. og allar matsgerðir úttektarmanna samkvæmt lögum þessum. Þegar úttekt, skoðunargerð eða mati er lokið, skulu úttektarmenn og þeir aðilar, sem eru við úttektina, rita nöfn sín undir í bókina til staðfestingar. Ef aðilar, einn eða fleiri, neita að rita undir úttektargerð, skal þess getið í bókun. Skyldir eru úttektarmenn að gefa staðfest eftirrit úr gerðarbók gegn hæfilegu gjaldi.

43. gr.

Úttektarmenn skulu lýsa nákvæmlega stærð og ásigkomulagi húsa, skemmdum á þeim, ef orðið hafa af völdum ábúanda, hvernig húsunum hefur verið viðhaldið og öðru, eftir því sem þurfa þykir. Enn fremur skulu þeir taka út og lýsa öðrum mannvirkjum landsdrottins og leiguliða á jörðinni. Ef kúgildi fylgja jörð, skulu úttektarmenn meta, hvort þau séu fullgild. Þeir skulu og kynna sér nákvæmlega allar jarðarnytjar og meta, hvort jörð hafi verið sæmilega setin.

44. gr.

Ef einhver, sem hlut á að máli, vill ekki hlíta úttekt, sem gerð er á jörð, eða öðrum mats- og skoðunargerðum úttektarmanna samkvæmt lögum þessum, getur hann innan tveggja vikna krafist yfirúttektar eða yfirmats. Í hverri sýslu skal vera sérstök yfirúttektar- og virðingarnefnd. Skal hún þannig skipuð:

Sýslumaður skipar tvo menn í nefndina eftir tilnefningu sýslunefndar til 6 ára og varamenn til sama tíma. Sýslumaður eða fulltrúi hans er sjálfkjörinn formaður nefndarinnar. Heimilt er sýslumanni að kveðja, ef ástæða þykir til, að auki í nefndina tvo meðnefndarmenn, jarðræktarráðunaut og byggingarfulltrúa viðkomandi sýslu. Skylt er formanni nefndarinnar að tilkynna gagnaðila, að krafist hafi verið yfirmats, og veita honum nægan frest, svo að hann geti gætt réttar síns.

Yfirnefndarmenn eiga sömu laun fyrir starfa sinn sem úttektarmenn og auk þess hæfilegan ferðakostnað. Yfirnefnd úrskurðar hvernig kostnaður við yfirmat greiðist.

VII. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

45. gr.

Vanræki jarðeigandi skyldur sínar samkvæmt 2.—3. gr., 1. mgr. 4. gr. laga þessara, varðar það brot hans sektum, allt að kr. 100 000.00. Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

46. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru numin úr gildi ábúðarlög nr. 1 frá 1884, nr. 87/1933, nr. 8/1951, nr. 36/1961 og VIII. kafli laga nr. 102/1962, ásamt síðari lögum um breytingar á þeim lögum, svo og önnur lagafyrirmæli, að því leyti, sem þau fara í bága við lög þessi.

Fara skal eftir ákvæðum laga þessara um réttindi og skyldur leiguliða og landsdrottins varðandi framkvæmdir á leigujörð, sbr. 12.—16. gr., greiðslu jarðarafgjalds og annarra gjalda af jörð, sbr. 7.—9. gr., riftun og uppsögn ábúðarsamnings, sbr. 30. og 31. gr., enda þótt ábúðarsamningur hafi verið gerður fyrir gildistöku laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Nú eru í gildi ábúðarlög nr. 1 12. jan. 1884, nr. 87 19. júní 1933, nr. 8 5. febr. 1951 og lög nr. 36 29. marz 1961.

Lögin eiga við eftir því hvenær ábúð hefst. Þannig fer eftir lögum nr. 1 frá 1884 um ábúð þeirra, sem hófu búskap fyrir 1. jan. 1934. Samkvæmt þeim lögum er réttarstaða leiguliða mun verri heldur en eftir yngri ábúðarlögum, þannig er landsdrottinn t. d. ekki skyldur að kaupa hús, sem leiguliði hefur látið gera, þó að haganleg séu, og er leiguliða þá heimilt að rífa hús og hafa með sér efni og önnur verðmæti úr þeim.

Ábúðarlögin frá 1933, 1951 og 1961 eru í höfuðatriðum efnislega lík. Þessi mörgu lög um nær sama efni hafa hins vegar oft orðið til að valda misskilningi.

Í lögunum eru ákvæði, sem eru óþörf vegna almennra reglna laga eða breyttra búhátta og þjóðfélagsaðstæðna.

Leitazt hefur verið við að haga efnisskipan þessa frumvarps þannig, að saman væri það, sem saman á, stytta lögin eftir föngum, án þess af þeim sökum að rýra þau að efnisgildi frá fyrri lögum.

Var ákveðið, eftir að hafa ráðgazt við prof. Gauk Jörundsson, að gera tillögu um að fella úr gildi með þessum lögum eldri ábúðarlög, þó svo, að samningar skv. þeim lögum haldi gildi sínu að svo miklu leyti, sem annað leiðir ekki af ákvæðum frumvarps þessa, ef að lögum verður.

Rétt var talið að taka með í ábúðarlögum ákvæði um erfðaábúð, sem hingað til hafa verið í sérstökum lögum, nú lög nr. 102 21. des. 1962.

Frumvarp þetta var lagt fram 1973, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á frv., eins og það liggur nú fyrir, með tilliti til athugasemda og breytingatillagna, sem fram komu eftir að frumvarpið var lagt fram árið 1973.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Notazt er við sömu skýrgreiningu á jörð og í lögum nr. 36 1961, að öðru leyti en því að fellt er niður ákvæði um, að landamerkjum þurfi að hafa verið þinglýst, þar sem vitað er um, að slíkt hefur verið vanrækt og ekki rétt, að það geti opnað leið til að komast undan því, að jörð, sem uppfyllir önnur skilyrði ábúðarlaga, falli ekki undir ákvæði laganna.

Um 2. gr.

Er efnislega hliðstæð 3. gr. núgildandi laga. Þó er felld niður skylda á landsdrottni í 4. mgr. til að auglýsa jörð, sem sveitarstjórn hefur ekki tekizt að byggja.

3. mgr. 3. gr. laga nr. 36/1961 er einnig felld niður. Ákvæði um opinber gjöld eru tekin annars staðar, en skylda landsdrottins til að gefa hreppsnefnd eða Landnámi ríkisins kost á að kaupa jörð, sem ekki hefur tekizt að koma í ábúð, er felld niður, því 15. gr. jarðalaga kemur þar í staðinn.

Um 3. gr.

Rétt er talið að gefa samningsaðilum frjálst við hvaða tíma þeir miða gildistöku ábúðarsamnings, eða hvenær hann fellur úr gildi, en í núgildandi lögum er skylt að byggja jörð frá fardögum til fardaga. Einnig er nýmæli, að jarðanefndir eiga framvegis að hafa í sinni vörzlu eintak af byggingabréfi í stað sýslumanna.

Um 4. gr.

4. gr. er að mestu samhljóða 6. gr. í núgildandi lögum.

Um 5. gr.

Í þessari grein felst veruleg breyting frá 9. gr. núgildandi laga.

Skylt var að byggja allar jarðir ævilangt, en frumvarpið gerir ráð fyrir skemmstum leigutíma 5 árum, að öðru leyti skulu samningsaðilar frjálsir að semja um tímalengd samnings.

Vitað er, að fjöldi samninga hefur verið gerður með ákvæðum um tímatakmörk, þrátt fyrir skylduna til að byggja ævilangt. Jarðir í opinberri eigu skal þó byggja lífstíð leiguliða.

Um 6. gr.

Reikna má með að við gildistöku laganna sé eitthvað af leiðuliðum, sem sitja jarðir, án þess að gert hafi verið byggingarbréf. Þeir leiguliðar verða að eiga trygga áframhaldandi ábúð. Ákvæði um lífstíðarábúð, sé vanrækt að gera byggingarbréf, ætti að verka hvetjandi, þannig að jarðareigendur gæti þess að ganga á lögformlegan hátt frá ábúðarsamningi.

Um 7. gr.

Í 10. gr. núgildandi laga er mælt fyrir um, að landskuld skuli miðuð við búrekstrargildi jarðar. Ekki er víst, að samstaða náist milli samningsaðila um, hvað skuli teljast búrekstrargildi jarðar. Rétt var talið að veita aðilum frelsi til að semja um eftirgjald.

Um 8. gr.

Í greininni felst ábending um það, hvernig jarðanefndir skuli meta eftirgjald.

2. mgr. 7. gr. laga nr. 36/1961 fjallar um sama efni, en í þeirri grein eru úttektarmenn skyldaðir til að vinna eftir ákveðnum matsreglum.

Um 9. gr.

Greinin fjallar um sama efni og 35. gr. laga nr. 36/1961, en er stytt til muna.

Um 10. gr.

Samkvæmt 11. gr. laga nr. 36/1961 er landsdrottinn skyldur að láta nauðsynlegan húsakost fylgja jörð, sem hann leigir og bæta úr, ef ábótavant þykir. Frumvarpið skyldar þá landsdrottna, sem leigja til lífstíðar eða á erfðaábúð aðeins til að láta þann húsakost fylgja, sem til er á jörð við upphaf leigutíma. Að öðru leyti er ekki um efnisbreytingar að ræða.

Um 11. gr.

Greinin fjallar um sama og 11. gr. laga nr. 36/1961.

Um 12. gr.

Geymir ákvæði um sama efni og 12. gr. laga nr. 36/1961, en greinin er stytt og nokkur atriði felld niður.

Um 13. gr.

Greinin fjallar um sama og 41. gr. laga nr. 36/1961.

Um 14. gr.

Greinin er sama efnis og fyrri hluti 42. gr. laga nr. 36/1961.

Um 15. gr.

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 36/1961 er landsdrottinn skyldur til, að viðlögðum dagsektum, að veita leiguliða veðleyfi vegna lántöku til framkvæmda á ábúðarjörð

sinni. Skv. 45. gr. laga nr. 102/1962 er erfðaábúðarhöfum heimilt að veðsetja ábúðarjarðir sínar vegna lána til framkvæmda.

Þetta er nú samræmt í 15. gr.

Um 16. gr.

16. gr. fjallar um sama efni og 13. gr. og að nokkru 51. gr. laga nú. Tími sá, sem landsdrottinn hefur til að greiða andvirði eigna, er lengdur úr 4 árum í 6.

Um 17. gr.

17. gr. er um sama og 15. gr. laga nr. 36/1961.

Um 18. gr.

18. gr. er um sama og 16. gr. laga nr. 36/1961.

Um 19. gr.

19. gr. er óbreytt frá 17. gr. laga nr. 36/1961.

Um 20. gr.

20. gr. er að nokkru um sama og 18. gr. nú.

Skylda landsdrottins til að bjóða leiguliða jörð til kaups, geti landsdrottinn ekki staðið við skyldur sínar, er felld niður, en honum er heimilt að velja þá leið.

Kaupi leiguliði jörð af þessari ástæðu, er greiðslutími kaupverðs lengdur úr 3 árum í 6. Felldur er niður réttur leiguliða til að krefjast að fá jörð keypta. Við greinina er bætt ákvæðum 44. gr. laga nr. 36/1961.

Um 21. gr.

21. gr. er óbreytt frá því, sem 19. gr. laga nr. 36/1961.

Um 22. gr.

22. gr. er sama efnis og 20. gr. laga nr. 36/1961.

Um 23. gr.

23. gr. kemur fyrir 21., 22. og 1. mgr. 23. gr. laga nr. 36/1961.

Um 24. gr.

Greinin fjallar að mestu um sama efni og 25. gr. laga nr. 36/1961. Auk þess er bætt í greinina 2. mgr. 23. gr. laga nr. 36/1961.

Um 25. gr.

Greinin er samhljóða 37. og 39. gr. laga nr. 36/1961. Ákvæði 38. gr. laga nr. 36/1961 um hvalreka eru felld niður.

Um 26. gr.

Greinin er sama efnis og upphaf 26. gr. laga nr. 36/1961, en að öðru leyti er efni þeirrar greinar fellt niður.

Um 27. gr.

Greinin er efnislega hliðstæð 1. mgr. 27. gr. laga nr. 36/1961. Síðari málsgreinin er felld niður og efni hennar felst í 30. gr. frumvarpsins.

Um 28. gr.

Greinin er sama efnis og fyrri málsgrein 28. gr. laga nr. 36/1961. Síðari málsgrein 28. greinar er felld niður og kemur 30. gr. frumvarpsins í hennar stað.

Um 29. gr.

Greinin er samhljóða 4. mgr. 25. gr. laga nr. 36/1961.

Um 30. gr.

Greinin kemur í stað 30. og 31. gr. laga nr. 36/1961. Auk þess breytist með henni síðasti málsliður 2. mgr. 9. gr. laga nr. 36/1961, þannig að uppsagnarfrestur verður alltaf hinn sami.

Um 31. gr.

Greinin er sama efnis og 32. gr. laga nr. 36/1961.

Um 32. gr.

Skv. 34. gr. núgildandi laga um erfðaábúð, er skylt að byggja jarðir í opinberri eign á erfðaábúð og taka lögin ekki til annarra jarða. Skv. frumvarpinu eru samningsaðilar frjálsir að því, hvort samið er um erfðaábúð eða annað ábúðarform.

Um 33. gr.

Grein þessi er sama efnis og 35. gr. laga nr. 102/1962.

Um 34. gr.

Greinin er sama efnis og 4. mgr. 35. gr. laga nr. 102/1962.

Um 35. gr.

Greinin er sama efnis og 38. gr. laga nr. 102/1962.

Um 36. gr.

Greinin fjallar um sama og 41. gr. laga nr. 102/1962.

Um 37. gr.

Greinin er að mestu sama efnis og 46. gr. laga nr. 102/1962. Þó er í 2. tölulið fellt niður, að skilgetin börn hafi rétt umfram óskilgetin, og í 9. tölulið er gert ráð fyrir, að jarðanefnd hafi áhrif á ráðstöfun jarðar, sem enginn er til að taka við af erfðaábúðarhafa.

Um 38. gr.

Greinin er sama efnis og 45. gr. laga nr. 36/1961.

Um 40. gr.

Samhljóða 47. gr. laga nr. 36/1961.

Um 41. gr.

Greinin er sama efnis og 48. gr. laga nr. 36/1961. Auk þess er ákveðið, hvernig úttektarmenn skuli reikna laun sín.

Um 42. gr.

Greinin er samhljóða 49. gr. laga nr. 36/1961.

Um 43. gr.

Greinin fjallar um verkefni úttektarmanna og er styttri heldur en 50. gr. laga nr. 36/1961, sem fjallar um sama efni.

Um 44. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 53. gr. laga nr. 36/1961. Ekki er þó talið rétt að hafa yfirúttektar- og virðingardóm, eins og í lögum nr. 36/1961, þar sem ekki getur verið um dómsvald að ræða. Í þess stað er gert ráð fyrir yfirúttektar- og virðingarnefnd.

Þá er í þessu frumvarpi gert ráð fyrir, að yfirnefnd úrskurði um, hver greiði kostnað af yfirmati.

Um 45. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 46. gr.

Eins og vikið er að í upphafi greinargerðar fyrir frv. þessu, þykir rétt að nema eldri ábúðarlög úr gildi. Þar með er þó engan veginn sagt, að réttaráhrifa þeirra gæti ekki um ábúðarsamninga, sem gerðir hafa verið í gildistíð eldri laga, þar sem að sjálfsögðu verður oft að líta svo á, að ákvæði eldri laga séu til fyllingar ábúðarsamningum, sem gerðir hafa verið undir þeim. Engu að síður þykir rétt, að um tiltekin atriði í skiptum landsdrottins og leiguliða fari eftir ákvæðum frv. þessa, ef að lögum verður, þar sem æskilegt er, að um þau gildi samræmdar reglur, og auk þess óviðunandi, að reglur um sum þessa atriða verði ekki færðar til nútímahorfs vegna breyttra búskaparhátta.

Nd. 633. Frumvarp til laga [271. mál]

um breyting á lögum nr. 13 13. apríl 1973 um Happdrætti Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

d-liður 1. gr. orðist svo:

Dráttur skal fara fram í Reykjavík undir eftirliti nefndar, sem dómsmálaráðherra skipar til þess. Nefndin leggur fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmæti eða gildi dráttar, bæði meðan dráttur fer fram og eftir að honum er lokið. Kostnað af þessu ber happdrættið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Happdrætti Háskóla Íslands hefur, ásamt Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna og Vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga, farið fram á heimild til þess að nota tölvu við drátt í happdrættinu. Er talið nauðsynlegt að breyta lögum happdrættisins til þess að unnt sé að verða við þessum tilmælum, og er frumvarp þetta flutt í því skyni. Samsvarandi frumvörp eru og flutt um breytingu á lögum um hin happdrættin.

Nd. 634. Frumvarp til laga [272. mál]

um breyting á lögum nr. 16 13. apríl 1973 um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Dráttur skal fara fram í Reykjavík undir eftirliti nefndar, sem dómsmálaráðherra skipar til þess. Nefndin leggur fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmæti eða gildi dráttar, bæði meðan dráttur fer fram og eftir að honum er lokið. Kostnað af þessu ber happdrættið. Dregið skal mánaðarlega.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna hefur, ásamt Happdrætti Háskóla Íslands og Vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga, farið fram á heimild til þess að nota tölvu við drátt í happdrættinu. Er talið nauðsynlegt að breyta lögum happdrættisins til þess að unnt sé að verða við þessum tilmælum, og er frumvarp þetta flutt í því skyni. Samsvarandi frumvörp eru flutt um breytingu á lögum um hin happdrættin.

Nd. 635. Frumvarp til laga [273. mál]

um breyting á lögum nr. 18 22. apríl 1959 um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

a. Í stað „fjármálaráðherra“ í b-lið 1. gr. komi: dómsmálaráðherra.

b. d-liður 1. gr. orðist svo:

Dráttur skal fara fram í Reykjavík undir eftirliti nefndar, sem dómsmálaráðherra skipar til þess. Nefndin leggur fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmæti eða gildi dráttar, bæði meðan dráttur fer fram og eftir að honum er lokið. Kostnað af þessu ber happdrættið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga hefur, ásamt Happdrætti Háskóla Íslands og Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, farið fram á heimild til þess að nota tölvu við drátt í happdrættinu. Er talið nauðsynlegt að breyta lögum happdrættisins til þess að unnt sé að verða við þessum tilmælum, og er frumvarp þetta flutt í því skyni. Samsvarandi frumvörp eru og flutt um breytingu á lögum um hin happdrættin.

Breyting sú, sem felst í a-lið 1. gr., er til samræmis við verkaskiptingu ráðuneyta samkvæmt reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 96/1969.

Nd. 636. Nefndarálit [212. mál]

um frv. til l. um upptöku ólöglegs sjávarafla.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frv. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt. Garðar Sigurðsson mun skila séráliti.
Pétur Sigurðsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. maí 1976.

Jón Skaftason, varaform. Sverrir Hermannsson, fundaskr., frsm. Sighvatur Björgvinsson.
Guðl. Gíslason. Tómas Árnason.

Nd. 637. Nefndarálit [251. mál]

um frv. til l. um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin ræddi frv. á fundum sínum og einnig á sameiginlegum fundi sjávarútvegsnefnda beggja deilda. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem hún flytur á sérstöku þskj.
Fjarstaddur afgreiðslu málsins var Pétur Sigurðsson.

Alþingi, 5. maí 1976.

Jón Skaftason, varaform. Sverrir Hermannsson, fundaskr., frsm. Sighvatur Björgvinsson.
Guðl. Gíslason. Tómas Árnason. Garðar Sigurðsson.

Nd. 638. Breytingartillögur [251. mál]

við frv. til l. um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 3. gr.:
   a. Við C. Suðausturland.
      1. Við bætist nýr liður, C4, er hljóði svo:
         Frá línu réttvísandi austur frá Hvítingum (vms 19) að línu réttvísandi suður frá Ingólfshöfða (vms 22) er skipum sem eru 39 metrar að lengd eða minni heimilt að veiða 1. maí til 1. mars með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.
      2. Við bætist nýr liður, C5, er hljóði svo:
         Frá línu réttvísandi austur frá Hvítingum (vms 19) að línu réttvísandi suður frá Ingólfshöfða (vms 22) er skipum, sem eru 26 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða 1. maí til 1. mars með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.
      3. C4 verði C6 og breytist þannig, að í stað þess sem segir „Hvítingum (vms 19)“ komi: Ingólfshöfða (vms 22).

4. C5 verði C7 og breytist þannig, að í stað þess sem segir „Hvítingum (vms 19)“ komi: Ingólfshöfða (vms 22).

b. Við D. Suðurland.

1. Við bætist nýr liður, D8, er hljóði svo:
   Skipum, 26 m og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu á tímabilinu 15. febrúar til 16. apríl upp að suðurströnd meginlandsins á svæði, sem takmarkast að austan af línu sem dregin er til lands úr Faxaskersvita í Vestmannaeyjum um austurbrún Ystakletts og að vestan af línu réttvísandi suðvestur frá Þjórsárósi (63°46′5 n.br., 20°49′0 v.lg.).
2. Við bætist nýr liður, D9, er hljóði svo:
   Skipum, 26 m og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu á tímabilinu frá 1. janúar til 15. september upp að suðurströnd meginlandsins á svæði, sem takmarkast að austan af lengdarbaug 21°57 v.lg. og að vestan af lengdarbaug 22°32 v.lg.

2. Við 24. gr. Greinin hljóði svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1976.
3. Á eftir 24. gr. komi ákvæði til bráðabirgða, er hljóði svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Skip, sem áður höfðu notið veiðiheimilda skv. stærðarmælingu 105 brúttórúmlestir og minni og 350 brúttórúmlestir og minni, skulu áfram njóta sömu veiðiheimilda skv. lögum þessum og skip 26 m og minni og 39 m og minni.

Nd. 639. Nefndarálit [91. mál]

um frv. til l. um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1958, sbr. lög nr. 55 12. maí 1970.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Minni hluti allsherjarnefndar gerir sér fyllilega ljósa nauðsyn þess að auka þurfi fjárveitingu til Umferðarráðs til umferðarslysavarna, en er andvígur því að það sé gert með þeim hætti, sem frv. gerir ráð fyrir. Með því að ákveða, eins og í frv. segir, að skylda vátryggingafélög til þess að greiða 1½% af iðgjaldatekjum vegna lögboðinna ábyrgðartrygginga ökutækja til Umferðarráðs er í raun verið að stofna til nýrrar skattheimtu á eigendur ökutækja, því augljóst er að vátryggingafélögin muni velta þessu gjaldi yfir á tryggjendur ökutækjanna í mynd hækkaðra iðgjalda. Í því sambandi vísast til umsagnar Sambands íslenskra tryggingafélaga, dags. 4. febr. s. l., þar sem m. a. segir svo, eftir að tekið hefur verið fram, að Samband ísl. tryggingafélaga telji eðlilegra að veita Umferðarráði fé á fjárlögum hverju sinni en að afla því fjár með þeim hætti, sem frv. gerir ráð fyrir: „**Ef aftur á móti til samþykkis þessa frv. kemur, óskum vér eftir því, að tekið verði tillit til þessarar % við ákvörðun iðgjalda ....**“

Hið sama kemur fram í umsögn Landssambands vörubifreiðastjóra, dags. 16. mars s. l., þar sem sambandið mælir mjög gegn þessari tekjuöflunarleið fyrir Umferðarráð, telur hana ósanngjarna og álítur hana leiða til iðgjaldahækkunar.

Mjög miklar hækkanir hafa orðið á skömmum tíma á öllum kostnaði við rekstur ökutækja og gjöldum, sem eigendum slíkra tækja er gert að greiða, — nú síðast með þeirri ákvörðun stjórnvalda að heimila 60% hækkun á iðgjöldum af ábyrgðartryggingum bifreiða. Með samþykkt þessa frv. yrði enn nýjum álögum bætt við, eins og ljóslega kemur fram í umsögnum þeim, sem nefndinni hafa borist um málið.

Minni hl. allsherjarnefndar telur óeðlilegt að markaður tekjustofn sé grundvöllur að starfsemi ráðsins, í stað þess að Umferðarráði sé lagt til ráðstöfunarfé á fjárlögum er miðist við áætlaða fjárþörf þess. Minni hl. allsherjarnefndar minnir á að hér er um að ræða grundvallaratriði í fjármálastjórn. Leið sú, sem farin er í frv., er því bæði óeðlileg og ósanngjörn og er því lagt til **að frv. verði fellt.**

Alþingi, 4. maí 1976.

Sighvatur Björgvinsson, frsm. Svava Jakobsdóttir.

Nd. 640. Frumvarp til laga [274. mál]

um breyting á lögum nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Framkvæmdastofnun ríkisins er sjálfstæð stofnun, sem annast áætlanagerð, byggðamál og lánveitingar samkvæmt lögum þessum.

Stofnunin starfar í þremur deildum, áætlanadeild, byggðadeild og lánadeild.

Framkvæmdastofnun ríkisins heyrir undir ríkisstjórnina.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Verkefni stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar eru m. a. þessi:

1) að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um ráðningu forstjóra og framkvæmdastjóra deilda;
2) að ákveða rekstraráætlun fyrir stofnunina til eins árs í senn;
3) að ákveða starfsáætlun fyrir stofnunina til eins árs í senn og skera úr um, hver áætlunarverkefni skuli sitja fyrir. Starfsáætlun skal endurskoða á árinu, eftir því sem þurfa þykir;
4) að fjalla um og samþykkja allar áætlanir, sem stofnunin gerir, áður en þær eru sendar ríkisstjórninni, sbr. 9. gr., svo og skýrslur stofnunarinnar um framkvæmd áætlana;
5) að fara með stjórn Framkvæmdasjóðs Íslands, sbr. V. kafla laga þessara;
6) að fara með stjórn Byggðasjóðs, sbr. VI. kafla laga þessara.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Samkvæmt tillögum stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins skipar ríkisstjórnin forstjóra, er annast daglega stjórn stofnunarinnar. Á sama hátt skipar ríkisstjórnin framkvæmdastjóra áætlanadeildar, byggðadeildar og lánadeildar. Ráðning forstjóra og framkvæmdastjóra miðast við 12 mánaða gagnkvæman uppsagnarfrest.

Stjórn Framkvæmdastofnunarinnar tekur ákvörðun fyrir hönd stofnunarinnar um launakjör forstjóra, framkvæmdastjóra deilda og annarra starfsmanna.

4. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Verkefni forstjóra eru m. a.:

1) að gera tillögur til stjórnarinnar um allar áætlanir, sem gerðar eru á vegum stofnunarinnar;

2) að gera tillögur um árlega heildaráætlun fyrir Framkvæmdasjóð og Byggðasjóð, svo og um einstakar lánveitingar úr þeim;
3) að ráða stofnuninni starfsfólk innan ramma fjárhagsáætlunar að fengnum tillögum framkvæmdastjóra deilda, sbr. þó 3. gr. 1. tl.

5. gr.

8. gr. laganna falli niður.

6. gr.

9. gr. laganna (sem verður 7. gr.) orðist svo:

Deildin gerir áætlanir fyrir ráðuneyti og opinberar stofnanir um framkvæmdir ríkisins og aðrar opinberar framkvæmdir í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti og stofnanir.

7. gr.

10. gr. laganna (sem verður 8. gr.) orðist svo:

Við gerð atvinnumálaáætlana skal stofnunin hafa náin samráð við aðila vinnumarkaðarins. Einnig skal haft samráð við samtök og stofnanir atvinnuveganna, eftir því sem við á, varðandi verkaskiptingu í áætlanagerð.

8. gr.

11. gr. laganna (sem verður 9. gr.) breytist þannig:

a. Niður falli orðin „til samþykktar“ í 1. mgr.
b. 2. mgr. hljóði svo:

Framkvæmdastofnunin fylgist með framkvæmd þeirra áætlana, sem stofnunin hefur annast, í samræmi við ákvarðanir stjórnvalda. Áætlanir til lengri tíma en eins árs skal stofnunin endurskoða, eftir því sem tilefni gefast.

9. gr.

Á eftir 11. gr. laganna komi ný grein (sem verður 10. gr.) í nýjum kafla (sem verður III. kafli), með fyrirsögninni: **Byggðadeild.**

Greinin hljóði svo:

Byggðadeild gerir áætlanir um þróun byggða og atvinnulífs í þeim tilgangi að tryggja atvinnu og búsetu í byggðum landsins.

Deildin fjallar um áhrif opinberra aðgerða á byggðaþróun og gerir tillögur til úrbóta, ef þörf þykir.

Byggðadeild skal í störfum sínum hafa nána samvinnu við áætlanadeild og lánadeild.

10. gr.

12. gr. laganna (sem verður 11. gr.) hljóði svo:

Lánadeild hefur með höndum starfrækslu Framkvæmdasjóðs og Byggðasjóðs, sbr. ákvæði V. og VI. kafla þessara laga.

Deildin semur árlega áætlun um fjáröflun og útlán Framkvæmdasjóðs Íslands og vinnur í samvinnu við aðrar stofnanir að því að samræma áætlun þessa lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar.

Deildin fylgist með fjárhag opinberra fjárfestingarsjóða og vinnur að því að samræma lánakjör þeirra og skipuleggja fjáröflun til framkvæmda með sérstöku tiliti til þess, sem forgang þarf að hafa samkvæmt áætlunum stofnunarinnar.

Lánastofnanir og opinberir sjóðir veita Framkvæmdastofnuninni almennt yfirlit um lánveitingar til fjárfestingar og framkvæmda.

11. gr.

Í stað „Framkvæmdaráð“ í 15. gr. laganna (sem verður 14. gr.) komi: Framkvæmdastofnunin.

12. gr.

16. gr. laganna (sem verður 15. gr.) orðist svo:

Lánadeildin hefur vörslu og bókhald þeirra sjóða, sem á hverjum tíma eru í umsjá Framkvæmdastofnunar ríkisins, og afgreiðslu lánsfjár og innheimtu.

Handbært fé Framkvæmdasjóðs og Byggðasjóðs skal geymt á sérstökum reikningi í Seðlabanka Íslands. Þó er heimilt að geyma fé á viðskiptareikningum við aðra banka eða sparisjóði ef sérstaklega stendur á.

Árlega skal birta skrá yfir lánveitingar Framkvæmdastofnunarinnar.

13. gr.

Í stað „13. gr.“ í lok 24. gr. laganna (sem verður 23. gr.) komi: 12. gr.

14. gr.

28. gr. laganna (sem verður 27. gr.) orðist svo:

Tekjur Byggðasjóðs eru:

1) Eignir Atvinnujöfnunarsjóðs samkvæmt lögum nr. 69/1966.
2) Framlag úr ríkissjóði, þannig að árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins verði eigi lægra en sem svarar 2% af útgjöldum fjárlaga.
3) Vaxtatekjur.

15. gr.

Í stað „8. gr.“ í 29. gr. laganna (sem verður 28. gr.) komi: 10. gr.

16. gr.

3. mgr. 30. gr. laganna (sem verður 29. gr.) falli niður.

17. gr.

31. gr. laganna (sem verður 30. gr.) breytist þannig:

Orðin „¾ — þrem fjórðu hlutum — af“ falli niður.

Við greinina bætist: enda sé árlega skilað skýrslu til Framkvæmdastofnunarinnar um þá starfsemi.

18. gr.

Í stað „Framkvæmdaráð“ í 32. gr. laganna (sem verður 31. gr.) komi: Framkvæmdastofnunin.

19. gr.

Í stað „300“ í 33. gr. laganna (sem verður 32. gr.) komi: 600.

20. gr.

Í stað „25. gr.“ í 34. gr. laganna (sem verður 33. gr.) komi: 24. gr.

21. gr.

35. gr. laganna (sem verður 34. gr.) orðist svo:

Hlutaðeigandi aðilum er skylt að veita Framkvæmdastofnuninni allar upplýsingar, er hún þarf á að halda vegna skýrslugerða sinna og annarra starfa. Nýtur hún í þessu efni sömu réttinda og Hagstofa Íslands og sömu viðurlög liggja við, ef út af er brugðið.

Um upplýsingasöfnun skal stofnunin hafa samráð við Þjóðhagsstofnun, Seðlabanka Íslands, Hagstofu Íslands og aðra aðila, sem hlíðstæðum upplýsingum safna, í því skyni að komast hjá tvíverknaði.

22. gr.

Orðin „Ríkissjóður, Seðlabanki Íslands“ í 36. gr. laganna (sem verður 35. gr.) falli niður.

23. gr.

1. mgr. 37. gr. laganna (sem verður 36. gr.) orðist svo:

Sameinað Alþingi kýs tvo endurskoðendur til að endurskoða reikninga Framkvæmdastofnunar ríkisins, svo og þeirra sjóða, sem eru í umsjá hennar.

24. gr.

38. gr. laganna (sem verður 37. gr.) orðist svo:

Stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins annast úrlausn þeirra verkefna, sem í öðrum lögum eru falin Efnahagsstofnuninni og Þjóðhagsstofnun eru ekki falin.

Nánari ákvæði um starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar og framkvæmd laga þessara má setja með reglugerð.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 93 24 des. 1971. sbr. og 6. gr. laga nr. 54 21. maí 1974, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 29. ágúst 1974 segir svo:

„Byggðasjóður verði efldur og verkefni hans endurskoðuð í því skyni að samræma aðgerðir í byggðamálum og sett verði heildarlöggjöf um þau efni. Framlag til sjóðsins nemi 2% af útgjöldum fjárlagafrumvarps.

Endurskoðuð verði lög Framkvæmdastofnunar ríkisins og í því sambandi mörkuð stefna um það hvernig haga skuli áætlanagerð og framkvæmdum m.a. í eftirtöldum greinum:

Endurnýjun fiskiskipaflotans.
Endurbætur hraðfrystihúsanna.
Uppbygging vinnslustöðva landbúnaðarins.
Þróun iðnaðar.
Skipan ferðamála.
Opinberar framkvæmdir.
Byggðaþróun í samráði við sveitarfélögin og samtök þeirra.“

Kjarni endurskoðunar laganna um Framkvæmdastofnun ríkisins er m.a. fólginn í eflingu Byggðasjóðs og ennfremur því að Framkvæmdastofnunin annist byggðamál í auknum mæli, m.a. með stofnun sérstakrar byggðadeildar. Þá kemur fram gleggri skilgreining á verkefnum lánadeildar, sérstaklega að því er varðar samvinnu við aðrar stofnanir um heildaráætlun um framkvæmdir og framkvæmdagetu þjóðarbúsins.

Hér fara á eftir athugasemdir við einstakar frumvarpsgreinar.

Um 1. gr.

Ákvæði greinarinnar taka mið af því, að með l. nr. 54/1974 voru verkefni hagrannsóknadeildar falin Þjóðhagsstofnun.

Mælt er fyrir um stofnun nýrrar deildar, byggðadeildar. Aukin áhersla er lögð á störf Framkvæmdastofnunar að byggðamálum.

Um 2.—4. gr.

Lagt er til að leggja niður framkvæmdaráðið, sem skipað hefur verið með sérstökum hætti af ríkisstjórninni.

Hins vegar geri stjórn Framkvæmdastofnunarinnar tillögur til ríkisstjórnarinnar um ráðningu forstjóra og framkvæmdastjóra deilda.

Um 5. gr.

Ákvæði 8. gr. flytjast í 9. gr. um byggðadeild.

Um 6. gr.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir, að áætlanadeildin geri áætlanir fyrir ráðuneyti og opinberar stofnanir um framkvæmdir ríkisins og aðrar opinberar framkvæmdir, eftir því sem um semst. Í stað „eftir því sem um semst", er lagt til að komi „í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti og stofnanir."

Það hefur tíðkast um of, að ráðuneyti og opinberar stofnanir hafa ráðist í framkvæmdir, án þess að fyrir liggi heildarathugun á fjárhagsgetu hins opinbera og framkvæmdagetu þjóðarbúsins á hverjum tíma. Framkvæmdastofnuninni er því m. a. ætlað það hlutverk að vinna að áætlunum fyrir ráðuneyti og opinberar stofnanir um framkvæmdir ríkisins og aðrar opinberar framkvæmdir í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti og stofnanir.

Um 7. gr.

Skýrara orðalag um samráð við samtök og stofnanir atvinnuveganna um áætlanagerðir.

Um 8. gr.

Niður er fellt að ríkisstjórnin skuli samþykkja áætlanir til að forðast þann misskilning að ríkisstjórn ábyrgist frá upphafi allt fjármagn, sem framkvæmd áætlunar kann að leiða til. Ákvarðanir um slíka fjármögnun eru teknar eftir því sem framkvæmd áætlunar skilar fram.

Um 9. gr.

Hér er lagt til að stofna sérstaka byggðadeild í Framkvæmdastofnuninni.

Þessi deild taki að sér hluta þeirra verkefna, sem hafa verið falin áætlanadeildinni. Ráðgert er að byggðadeildin haldi áfram gerð landshlutaáætlana í samhengi og samræmi við heildaráætlanir áætlanadeildar.

Þá er gert ráð fyrir, að deildin fjalli sérstaklega um áhrif opinberra aðgerða á þróun byggða, fylgist vel með samanburði á lífskjörum fólks um land allt og geri tillögur til úrbóta, ef þörf er á.

Byggðadeild skal í störfum sínum hafa nána samvinnu við hinar deildirnar, m. a. varðandi útlán Byggðasjóðs.

Það er svo hlutverk forstjóra að samræma starfsemi deildanna.

Um 10. gr.

Samkvæmt lögum er Framkvæmdasjóði Íslands ætlað það hlutverk að veita lán til meiri háttar opinberra framkvæmda og fjárfestingarsjóða. Lánadeild er og ætlað að vinna að því að skipuleggja fjármagnsöflun til framkvæmda.

Það meginverkefni lánadeildar að annast starfrækslu Framkvæmdasjóðs og Byggðasjóðs stendur óhaggað, en sett eru skýrari ákvæði um meðferð árlegrar áætlunar um lánveitingar og fjármögnun Framkvæmdasjóðs með hliðsjón af heildarlánsfjáráætlun, sem tekin hefur verið upp á vegum ríkisstjórnarinnar. Um langt árabil hefur starfsemi Framkvæmdasjóðs verið hagað í samræmi við fyrirfram gerðar áætlanir. Var sú áætlun fyrr meir bundin í framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkisstjórnarinnar.

Á síðasta ári ákvað ríkisstjórnin, að fjármálaráðuneytið skyldi hafa frumkvæði að samráði opinberra stofnana á sviði fjármála, peninga- og lánamála og efnahagsmála, til þess að undirbúa árlega lánsfjáráætlanir, þ. e. heildaryfirlit yfir þróun lánamarkaðarins innanlands og heildarlántökur erlendis. Lánsfjáráætlun þessi var lögð fyrir ríkisstjórn og Alþingi fyrir lok fjárlagaafgreiðslu fyrir árið 1976 og verður nú komið fastri skipan á þessi mál. Er með þessari grein kveðið á um, hvernig hin

sérstaka áætlun um starfsemi Framkvæmdasjóðs ár hvert sé samræmd lánsfjáráætluninni.

Lánsfjáráætlun er ætlað að vera stefnumarkandi um framkvæmdir og framkvæmdagetu þjóðarbúsins á hverjum tíma. Ríkisstjórnin ákveður á hvern hátt lánsfjáráætlun er undirbúin og s. l. haust var komið á fót samvinnunefnd undir forystu fjármálaráðuneytis, sem Framkvæmdastofnunin á aðild að, ásamt Seðlabanka Íslands, Þjóðhagsstofnun og fleiri aðilum til að annast þetta verkefni.

Um 11. gr.

Breytingin leiðir af breyttri skipan mála í Framkvæmdastofnuninni.

Um 12. gr.

Hér er áfram gert ráð fyrir því sem aðalreglu, að handbært fé Framkvæmdasjóðs og Byggðasjóðs skuli geymt í Seðlabankanum. Þó þykir rétt, sérstaklega að því er varðar Byggðasjóð, að heimila Framkvæmdastofnuninni að geyma slíkt fé á viðskiptareikningum banka og sparisjóða víðsvegar um landið, ef sérstaklega stendur á.

Um 13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Í 2. tölulið greinarinnar er nýmæli. Þar er gert ráð fyrir að auka verulega tekjur Byggðasjóðs. Breytingin er fólgin í því, að í stað lögbundins framlags úr ríkissjóði að upphæð 100 millj. króna árlega næstu árin er lagt til, að ríkissjóður leggi Byggðasjóði til fjármagn, þannig að árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins verði eigi lægra en sem svarar 2% af útgjöldum fjárlaga.

Um 15. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Hér er lagt til að fella niður heimild til handa Byggðasjóði að gerast meðeigandi í atvinnufyrirtæki. Það hefur þótt gefast illa, að lánasjóðir séu eigendur atvinnufyrirtækja.

Um 17. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er Byggðasjóði heimilt að greiða landshlutasamtökum sveitarfélaga af fé sjóðsins, sem svarar ¾ — þrem fjórðu hlutum — af árslaunum starfsmanns að því tilskildu að hann vinni að undirbúningi að gerð áætlana fyrir viðkomandi landshluta í samvinnu við áætlanadeild. Lagt er til að auka þessa heimild svo hún taki til allt að árslauna starfsmanns.

Þá verður og lögð sú lagaskylda á herðar stjórnar landshlutasamtaka, sem njóta framlaga úr Byggðasjóði vegna vinnu við undirbúning og gerð landshlutaáætlana, að skila árlega skýrslu um starfsemi sína að þessu leyti.

Um 18. gr.

Breytingin leiðir af breyttri skipan mála í Framkvæmdastofnuninni.

Um 19. gr.

Hér er lagt til, að Framkvæmdastofnuninni sé heimilt að afla Byggðasjóði 600 milljón króna að láni á ári næstu fimm árin eftir gildistöku þessara laga.

Um 20. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 21. gr.

Fellt er niður úr greininni ákvæði um að byggingarnefndir og oddvitar sendi stofnuninni skýrslur, umsóknir um byggingarleyfi og veitt byggingarleyfi, þar sem

þetta ákvæði er tekið upp í löggjöfina um Þjóðhagsstofnun, sbr. 3. gr. 2. mgr. laga nr. 54 frá 21. maí 1974. Þá er lagt til, að Framkvæmdastofnunin skuli um upplýsingasöfnun hafa samband við Þjóðhagsstofnunina og Seðlabankann auk Hagstofunnar til þess að komast hjá tvíverknaði.

Um 22. gr.

Hér er lagt til, að Byggðasjóður og Framkvæmdasjóður Íslands, svo og þeir sjóðir, sem Framkvæmdastofnuninni kann að verða falin umsjá með, greiði kostnað af starfsemi stofnunarinnar.

Um 23. gr.

Hér eru sett skýrari ákvæði um þá reglu, sem nú er í gildi.

Um 24. gr.

Lagt er til að Framkvæmdastofnunin annist úrlausn þeirra verkefna, sem í öðrum lögum eru falin Efnahagsstofnuninni, þó ekki þeirra sem Þjóðhagsstofnun eru falin. Ástæða er til að endurskoða öll lagaákvæði, sem fjalla um Efnahagsstofnunina, þar sem sú stofnun hefur verið lögð niður.

Um 25. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 641. Breytingartillögur [153. mál]

við frv. til l. um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

1. 9. gr. orðist svo:

Samvinnuskólinn og Verslunarskóli Íslands hafa rétt til þess að halda áfram að rækja það fræðslustarf, sem þeir hingað til hafa annast, og til að auka það og sérhæfa eftir því sem aðstæður leyfa og þörf krefur á hverjum tíma.

Um fjárveitingu úr ríkissjóði til nefndra skóla skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

a) Rekstrarkostnaður skólanna skal greiddur að fullu, annar en rekstrarkostnaður heimavistar, þar sem hennar er þörf, en til hennar skal veitt fjárveiting, er nemur 80% kostnaðar. Framlag ríkissjóðs samkvæmt þessum staflið skal að hámarki miða við kostnað í ríkisskólum á sama fræðslustigi.

b) Stofnkostnaður þess kennsluhúsnæðis, sem byggt verður eftir gildistöku laga þessara, skal greiddur úr ríkissjóði að 80% og skal hið sama gilda um heimavist, þar sem hennar er talin þörf.

Skilyrði nefndra fjárveitinga er, að menntamálaráðuneytið hafi samþykkt árlega áætlun rekstrarkostnaðar skólanna og að fé sé veitt í fjárlögum fyrir stofnkostnaði, enda liggi áður fyrir samþykki stjórnvalda fyrir nýjum byggingarframkvæmdum.

Framlög ríkisins samkvæmt þessari grein miðast við, að skólar þessir starfi í samræmi við meginstefnu 5. gr. þessara laga svo og skv. þeim reglugerðum, sem settar verða.

Nú eru skólar þessir lagðir niður eða svo fer, að ekki er hagnýtt í þágu skólanna skólahúsnæði, hvort sem er til kennslu eða heimavistar, og fær ríkið þá eignarráð yfir hlutaðeigandi húsnæði í samræmi við stofnkostnaðarframlög sín. Ef ágreiningur verður um eignaskiptingu, skal dómkveðja þrjá óvilhalla menn til þess að kveða á um skiptinguna og er úrskurður þeirra endanlegur.

Skólanefndir skulu starfa við Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands. Hafa þær með höndum fjárreiður skólanna og eignaumsýslu í umboði eigenda. Skólanefndir ráða skólastjóra svo og kennara í samráði við hann. Í skólanefnd sitja fimm fulltrúar. Skal einn tilnefndur af menntamálaráðherra, en eignaraðilar tilnefna fjóra. Nefndin kýs sér sjálf formann og varaformann.

Við Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands skulu starfa skólaráð, skipuð fulltrúum kennara og nemenda ásamt skólastjóra.

2. 12. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977.

Nd. 642. Nefndarálit [198. mál]

um frv. til l. um Búnaðarbanka Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. á fundum sínum og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Eðvarð Sigurðsson gerði fyrirvara um fjölgun bankastjóra.

Alþingi, 5. maí 1976.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr.	Ingólfur Jónsson.
Eðvarð Sigurðsson, með fyrirvara.	Benedikt Gröndal, með fyrirvara.	Pálmi Jónsson.
	Friðjón Þórðarson.	

Nd. 643. Nefndarálit [145. mál]

um breyt. á l. nr. 42/1969, um afréttamálefni, fjallskil o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundum sínum. Umsagnir bárust frá Búnaðarfélagi Íslands, Sambandi ísl. sveitarfélaga og Landgræðslu ríkisins og voru þær allar jákvæðar.

Nefndin varð sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 3. gr.

Í stað „Réttur hvers lögbýlis skal vera í hlutfalli við beitarþol heimalands jarðarinnar“ í 4. mgr. 24. gr. komi: Réttur hvers lögbýlis sem sérmetið var við fasteignamat árið 1932, skal að ⅓ vera jafn, en að ⅔ skal hann vera í hlutfalli við beitarþol heimalands jarðarinnar.

Alþingi, 5. maí 1976.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr.	Ingólfur Jónsson.
Friðjón Þórðarson.	Eðvarð Sigurðsson.	Benedikt Gröndal.
	Pálmi Jónsson.	

Ed. **644. Frumvarp til laga** [275. mál]

um stofnlánasjóð vörubifreiða á flutningaleiðum.

Frá samgöngumálanefnd.

1. gr.

Stofna skal sjóð er nefnist Stofnlánasjóður vörubifreiða á flutningaleiðum. Hlutverk sjóðsins er að veita stofnlán til kaupa á vöruflutningabifreiðum, er eiga að annast vöruflutninga á langleiðum og fyrir dreifbýli, og til nauðsynlegra bygginga, sem eru í beinum tengslum við slíka flutningastarfsemi.

2. gr.

Stofnlánasjóður vöruflutningabifreiða er sjálfstæð stofnun. Yfirumsjón hans er í höndum ráðherra þess, er fer með samgöngumál.

3. gr.

Samgönguráðherra skipar sjóðnum þriggja manna stjórn, til fjögurra ára í senn. Einn stjórnarmanna skipar ráðherra án tilnefningar, og er hann formaður, en hina eftir tilnefningu Landvara, landsfélags vörubifreiðaeigenda á flutningaleiðum. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

4. gr.

Fela skal bankastofnun að annast umsjón stofnlánasjóðsins, vörslu hans, bókhald, innheimtu og útborganir.

5. gr.

Sjóðsfélagar geta allir orðið, sem eiga og reka bifreiðar til skipulagsbundinna vöruflutninga um landið enda séu þeir fullgildir meðlimir í Landvara.

Tekjur stofnlánasjóðs vöruflutningabifreiða eru þessar:

1. Árlegt framlag frá sjóðsfélögum, er nemur 1% af brúttótekjum af hverri bifreið sjóðsfélaga.
2. Árlegt framlag úr ríkissjóði, er nemi jafnhárri fjárhæð og framlag sjóðsfélaga samkv. fyrsta lið þessarar greinar.
3. Tekjur af starfsemi sjóðsins.

6. gr.

Stofnlánasjóði vöruflutningabifreiða er heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að taka allt að 100 milljón króna lán eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt á meðan árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins nægir ekki til, að hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu. Fjármálaráðherra er heimilt að ábyrgjast slík lán fyrir hönd ríkissjóðs.

7. gr.

Fjárhæð lána má nema allt að fimmtíu af hundraði af kostnaðarverði, enda sé það eigi að dómi stjórnar stofnlánasjóðsins hærra en eðlilegt má teljast samkvæmt verðlagi á þeim tíma er í kaup eða framkvæmdir var ráðist.

8. gr.

Lán má veita úr stofnlánasjóðnum gegn öruggu veði í þeim bifreiðum eða byggingum, sem lánað er til, ásamt tilheyrandi fylgifé og réttindum, svo og vátryggingaverði þeirra.

9. gr

Lánstími skal vera fimm ár, ef lánað er til bifreiðakaupa, en má vera allt að tíu ár sé lánað til byggingaframkvæmda samkv. lögum þessum. Lánin skulu endurgreidd með jöfnum afborgunum.

10. gr.

Stjórn stofnlánasjóðsins ákveður að fengnu samþykki samgönguráðherra vexti af lánum, sem veitt eru úr stofnlánasjóðum. Mega þeir vera breytilegir í tilteknu hlutfalli við almenna útlánsvexti banka og sparisjóða. Sé tekið lán í erlendri mynt, skal það þó endurlánað með gengistryggingu.

11. gr.

Stjórn stofnlánasjóðsins er heimilt að heimta lán endurgreitt að nokkru eða öllu, ef atvik eru sem hér segir:

1. Þegar eigendaskipti verða að veði fyrir láni. Þó getur sjóðsstjórnin heimilað aðilaskipti að láni ef nýi eigandi veðsins uppfyllir öll skilyrði til láns úr sjóðnum.
2. Þegar lán úr sjóðnum er eigi greitt á réttum eindaga eða veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að verðgildi að það er eigi svo tryggt sem vera skal að dómi stjórnar sjóðsins.
3. Ef hið veðsetta er eigi lengur notað til hinnar upphaflegu starfsemi eða notkun þess samrýmist ekki tilgangi stofnlánasjóðsins.
4. Ef sjóðsfélagi stendur eigi í skilum við sjóðinn eða Landvara með árstillög.

12. gr.

Reikningar stofnlánasjóðs vöruflutningabifreiða skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni.

13. gr.

Samgönguráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga í samráði við stjórn sjóðsins. Þar skal meðal annars tekið fram hvaða gögn fylgja skuli umsókn.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni samgönguráðherra, en einstakir nefndarmenn eru óbundnir í afstöðu sinni til málsins. Frumvarpinu fylgdi svohljóðandi greinargerð:

„Á undanförnum áratugum hafa vöruflutningar á landi eflst mjög vegna bættra samgangna, stórvirkari tækja og síaukinnar flutningaþarfar. Vöruflutningar á landi eru nú orðnir þjónustugrein. Nú eru reknir skipulagsbundnir vöruflutningar á milli Reykjavíkur og flestra staða á landinu og hafa flutningsaðilarnir reist vöruafgreiðslur hér í Reykjavík og á ýmsum stöðum út um land. Flutningastarfsemin er nú í allföstum skorðum og þótt ekki sé um sérleyfi að ræða á flutningaleiðunum þá hafa sömu aðilarnir og fyrirtækin um árabil annast sömu flutningaleiðirnar svo þekking og reynsla flutningsaðilanna hefur varðveist í atvinnugreininni.

Þeir aðilar sem annast skipulagsbundna vöruflutninga hafa myndað með sér landssamtök er nefnast Landvari, landsfélag vörubifreiðaeigenda á flutningaleiðum. Innan félagsins eru flestir þeir aðilar sem annast vöruflutninga á milli Reykjavíkur og heimabyggða sinna og innan þeirra. Þá eru og í félaginu aðilar sem annast reglubundna mjólkurflutninga í sveitum, þótt þeim fari töluvert fækkandi vegna breytingar á flutningsfyrirkomulaginu, þ. e. tankvæðingu.

Atvinnutæki aðila í Landvara eru vöruflutningabifreiðar, yfirleitt þriggja öxla, og er undirvagn bifreiðanna fluttur inn frá hinum ýmsu viðskiptalöndum vorum, en síðan er byggt yfir bifreiðarnar hérlendis. Heildarverð hverrar bifreiðar tilbúinnar til notkunar er nú um kr. 12.0 milljónir. Hafa bifreiðarnar á síðustu tveimur árum nær þrefaldast í verði samfara almennum lánsfjárskorti og er því svo komið nú

að aðilum í Landvara er ofviða að endurnýja bifreiðar sínar, nema til komi veruleg lánafyrirgreiðsla. Þörf á stofnlánum til kaupa á flutningabifreiðum hefur raunar alltaf verið brýn því engin lánastofnun hefur veitt lán beinlínis til kaupa á bifreiðunum og með veði í þeim heldur hafa kaupendur þurft að taka víxillán til skamms tíma og gegn veði í fasteignum sínum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að komið verði á fót stofnlánasjóði er hafi það hlutverk að veita stofnlán til kaupa á vöruflutningabifreiðum og lán til annarra þátta í flutningastarfseminni eftir því sem bolmagn sjóðsins kann síðar að leyfa. Vöruflutningar á landi eru svo snar þáttur í samgöngum landsmanna og veigamikil forsenda búsetu víða um landið, að nauðsynlegt er að nú komi til sú lánafyrirgreiðsla sem hér er gerð tillaga um svo að flutningastarfsemin leggist ekki niður.

Um 1. gr.

Hér er gert ráð fyrir því að jafnframt tilheyri hlutverki sjóðsins að veita stofnlán til kaupa á vöruflutningabifreiðum, þá hafi sjóðurinn einnig það hlutverk að veita lán til nauðsynlegra bygginga, sem eru í beinum tengslum við slíka flutningastarfsemi. Aðalhlutverk sjóðsins er að sjálfsögðu að veita stofnlán til kaupa á vöruflutningabifreiðum, en rétt þykir að gera ráð fyrir hinu hlutverkinu ef svo fer að sjóðurinn verði það öflugur að hann anni eftirspurn eftir stofnlánum til bifreiðakaupa. Ekki er óeðlilegt að veita lán til bygginga, sem er í beinum tengslum við flutningastarfsemi því alloft eru slíkar byggingar eða vöruafgreiðslur bein forsenda þess að flutningastarfsemin gangi eðlilega fyrir sig.

Um 2. gr.

Vöruflutningar heyra undir samgöngumál og því er talið eðlilegt að yfirumsjón stofnlánasjóðsins sé í höndum þess ráðherra, er fer með samgöngumál.

Um 3. gr.

Greinin gerir ráð fyrir því að sjóðnum stýri þriggja manna stjórn, einn skipaður af ráðherra án tilnefningar og er hann formaður en hinir skipaðir eftir tilnefningu Landvara. Eðlilegt þykir að Landvari hafi hér tvo stjórnarmenn af þremur þar sem félagsmenn í Landvara koma til með að leggja fram veruleg framlög í sjóðinn og svo einnig með tilliti til þess að tryggja að sjóðurinn gegni því hlutverki sínu að viðhalda allri flutningastarfsemi í landinu með því að lána til kaupa á bifreiðum til skipulagsbundinna vöruflutninga. Mun Landvaramönnum einna best treystandi til þess að sjá út fyrirhugaða misnotkun óvandaðra manna á lánafyrirgreiðslu.

Um 4. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Samkvæmt 1. tl. þessarar greinar er gert ráð fyrir því að sjóðsfélagar leggi fram árlegt framlag er nemi 1% af bráttótekjum af hverri bifreið sjóðsfélaga. Bifreiðar félaga í Landvara eru nú um 100 og nærri lætur að árlegar bráttótekjur af hverri þeirra séu kr. 8.0 milljónir er gera heildatekjur kr. 800.0 milljónir og mun því 1% framlag af þeirri fjárhæð nema kr. 8.0 milljónum á ári samkvæmt núverandi verðlagi.

2. tl. greinarinnar gerir ráð fyrir árlegu framlagi frá ríkissjóði, er nemi jafnhárri fjárhæð og framlag sjóðsfélaga samkvæmt 1. lið þessarar greinar. Þykir ekki óraunhæft að ríkissjóður styrki á þennan hátt flutningastarfsemi á landi, en eins og kunnugt er þá nýtur flutningastarfsemi á sjó mikilla styrkja frá ríkinu og flutningastarfsemi í lofti er einnig styrkt með ríkisábyrgðum og á annan hátt. Skipulagsbundin vöruflutningastarfsemi á landi nýtur nú á engan hátt fyrirgreiðslu úr ríkissjóði heldur er hún skattlögð á sama hátt og öll umferð um þjóðvegi lands-

ins, s.s. með innflutningstollum á atvinnutækin, þungaskatti, gúmmígjaldi, háu olíuverði o.fl.

3. tl. þessarar greinar gerir ráð fyrir því að tekjur stofnlánasjóðsins séu m.a. tekjur af starfsemi sjóðsins. En mun hér fyrst og fremst um að ræða vaxtatekjur.

Um 6. gr.

Hér er gert ráð fyrir heimild til þess, að stofnlánasjóðurinn fái að taka lán allt að 100.0 millj. króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt á meðan árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins nægir ekki til að hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu. Það er augljóst að meðan sjóðurinn hefur ekki eignast nægt eigið fé, þá þarf hann á lánsfé að halda til endurlána, svo hann geti strax gegnt því hlutverki sínu að viðhalda eðlilegri endurnýjun á atvinnutækjum til flutningastarfseminnar og að þannig verði tryggt að sú uppbygging, sem þegar hefur átt sér stað í flutningastarfseminni haldist og að þjónustan við byggðarlögin verði eigi minni en hún hefur verið. Hámark lánsfjárheimildarinnar er miðað við það, að af 100 bifreiðum, með 5 ára endingartíma hverrar bifreiðar, þá sé árleg endurnýjunarþörf 20 bifreiðar og með nývirði hverrar bifreiðar kr. 12.0 milljónir, þá verður árlegt heildarendurnýjunarvirði bifreiða kr. 240.0 milljónir. Í næstu grein hér á eftir er gert ráð fyrir því að fjárhæð lána til bifreiðakaupa megi nema allt að 50 af hundraði af kostnaðarverði og samkvæmt því eru 50 af hundraði af áðurnefndum kr. 240.0 milljónum kr. 120.0 milljónir. Lánsfjárheimild fyrir stofnlánasjóðinn samkvæmt þessari grein þykir því í hóf stillt.

Um 7. gr.

Grein þessi gerir ráð fyrir því að fjárhæð lána megi nema allt að 50 af hundraði af kostnaðarverði. Eðlilegt þykir að setja þetta hámark, enda er það til samræmis við það sem tíðkast um svipaða stofnlánasjóði.

Um 8. gr.

Grein þessi þarfnast eigi skýringar.

Um 9. gr.

Grein þessi gerir ráð fyrir því að lánstími skuli vera 5 ár, ef lánað er til bifreiðakaupa en megi vera allt að 10 ár sé lánað til byggingaframkvæmda. Lánstími vegna bifreiðakaupa tekur hér mið af því að bifreiðarnar afskrifist á 5 árum, enda mun reynsla þeirra sem flutningana annast vera sú, að endurnýja þurfi bifreiðarnar á 4—5 ára fresti, ef útgerð þeirra eigi að vera raunhæf því álagið sé slíkt á þær við vöruflutninga á þjóðvegum. Þótt bifreiðarnar séu vart hæfar til flutninga á þjóðvegunum lengur en 5 ár þá geta þær hentað mjög vel til margs konar léttari starfsemi í öðrum atvinnugreinum eftir það.

Um 10. gr.

Grein þessi þarfnast eigi skýringar.

Um 11. gr.

Grein þessi þarfnast eigi skýringar.

Um 12. gr.

Grein þessi þarfnast eigi skýringar.

Um 13. gr.

Grein þessi þarfnast eigi skýringar.

Um 14. gr.

Grein þessi þarfnast eigi skýringar.“

Ed. 645. Nefndarálit [177. mál]

um frv. til laga um námslán og námsstyrki.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Sameiginlegir fundir menntamálanefnda beggja þingdeilda hafa verið haldnir um frumvarpið. Til fundar við nefndirnar komu fulltrúar frá menntamálaráðuneytinu og námsmönnum og veittu ýmsar upplýsingar og greindu frá viðhorfum sínum. Menntamálanefnd deildarinnar hefur rætt frv. á mörgum fundum og fengið umsögn fulltrúa í Þjóðhagsstofnuninni um málið. Mætti hann einnig á fundi nefndarinnar og gaf frekari skýringar. Fulltrúar námsmanna mættu einnig á fundi nefndarinnar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hlutinn, undirritaðir nefndarmenn, leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingartillögum, sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Minni hlutinn skilar séráliti.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Bragi Sigurjónsson.

Alþingi, 6. maí 1976.

Axel Jónsson, form., frsm.	Steinþór Gestsson, fundaskr.	Steingrímur Hermannsson, með fyrirvara.
Þorv. Garðar Kristjánsson.		Ingi Tryggvason.

Ed. 646. Breytingartillögur [177. mál]

við frv. til l. um námslán og námsstyrki.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

1. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Árleg endurgreiðsla af skuldabréfi skv. 3. mgr. 7. gr. nemi hið minnsta 40 000 kr., þó eigi hærri upphæð en nemur eftirstöðvum láns og verðtryggingar. Hafi lánþegi notið námsaðstoðar skv. lögum þessum skemur en fjögur ár skal árleg endurgreiðsla skv. þessari málsgrein þó ekki nema hærri fjárhæð en 10 000 kr. vegna hvers byrjaðs námsárs sem námsaðstoð hefur verið veitt til. Upphæðir þessar skulu breytast í réttu hlutfalli við þær breytingar er verða kunna á vísitölu framfærslukostnaðar, sbr. 1. og 2. mgr. 7. gr. Vísitala framfærslukostnaðar er nú 507 stig og miðast upphæðir í 1. og 2. málslið þessarar málsgr. við þá vísitölu.

Hafi lánþegi haft hærri vergar tekjur til skatts, sbr. 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. og 9. gr. laga nr. 11/1975, næsta ár á undan afborgunarári en nemur viðmiðunartekjum þess árs, sbr. 9. gr., skal hann greiða aukaafborgun skv. 3. mgr. 9. gr. auk afborgunar skv. 1. mgr. þessarar greinar. Aukaafborgunin skal þó aldrei vera svo há að samanlögð upphæð afborgunar skv. 1. mgr. og aukaafborgunar nemi meiru en 10% vergra tekna til skatts.

Við útreikning aukaafborgana skal miðað við vergar tekjur hjóna samanlagðar. Séu hjón bæði lántakar skulu þau greiða árlega hálfa endurgreiðslu skv. 1. mgr. af láni hvort um sig. Aukaafborgun skv. 2. mgr. skal að hálfu heimt til greiðslu lána hvors þeirra. Ákvæði þessarar málsgreinar eiga einnig við um sambýlisfólk sem skattlagt er skv. 1. málslið 5. mgr. B-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975.

Endurgreiðslur skulu standa yfir í 20 ár hið lengsta. Eftirstöðvar lánsins eru þá óafturkræfar, sbr. þó ákvæði 11. gr.

Ráðherra getur sett reglur er heimila stjórn Lánasjóðsins að gefa undanþágur frá endurgreiðslureglum ef sérstakar ástæður eru til. Stjórn sjóðsins er og heimilt að leyfa örari endurgreiðslur sé þess óskað.

Heimilt skal að fella niður kröfur á dánarbú látinna námsmanna samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Nú kemur í ljós að námsaðstoð hefur verið veitt á röngum forsendum vegna vísvitandi rangra upplýsinga af hálfu umsækjanda og skal aðstoðin þá endurkræf þegar í stað.

Við útgáfu skuldabréfs skv. 3. mgr. 7. gr. falla skuldbindingar ábyrgðarmanna skv. 3. mgr. 6. gr. niður, enda útvegi lánþegi ábyrgðaraðila, er sjóðstjórn metur gilda, fyrir hinu nýja láni og skal ábyrgð þeirra vera einföld ábyrgð.

Stjórn sjóðsins er heimilt að taka fullnægjandi veðtryggingu í stað ábyrgðaryfirlýsinga óski lánþegi þess.

2. Við 9. gr. Greinin orðist svo:

Viðmiðunartekjur skv. 2. mgr. 8. gr. skulu fyrir einhleyping vera helmingur „grunntölu framfærslukostnaðar". „Grunntala framfærslukostnaðar" svarar í þessu sambandi til heildarútgjalda skv. A- og B-hlutum í grundvelli vísitölu framfærslukostnaðar í maíbyrjun árið áður en aukaafborgun skv. 2. mgr. 8. gr. skal fara fram.

Viðmiðunartekjur hjóna svo og sambýlisfólks, sem skattlagt er skv. 1. málslið 5. mgr. B-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975, skulu á sama hátt nema þrem fjórðu hlutum „grunntölu framfærslukostnaðar". Að auki skal bætt við viðmiðunartekjur lánþega einum áttunda af „grunntölu framfærslukostnaðar" fyrir hvert barn sem hann hefur á framfæri sínu, sbr. C-lið 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. l. nr. 11/1975, og eigi er fullra 16 ára í byrjun þess árs er aukaafborgun skal fara fram.

Ráðherra skal ákveða með reglugerð hvaða hlutfall af vergum tekjum til skatts umfram viðmiðunartekjur lánþegi skuli greiða sem aukaafborgun, enda sé gætt þess hámarks er getur í niðurlagi 2. mgr. 8. gr. Er ráðherra heimilt að ákveða að þetta hlutfall fari stighækkandi í hlutfalli við hækkandi tekjur til skatts umfram viðmiðunartekjur.

Hverri fastri árlegri afborgun skv. 1. mgr. 8. gr. skal skipt á höfuðstól og verðbætur þannig, að upp í höfuðstól skal talin greidd jafnhá fjárhæð og nam fastri árlegri afborgun skv. 1. mgr. 8. gr., þegar skuldabréf skv. 3. mgr. 7. gr. var út gefið, en afgangur hinnar föstu árlegu afborgunar (þ. e. sú hækkun sem á þeirri fjárhæð hefur orðið frá útgáfu skuldabréfs til greiðsludags) skal talinn greiðsla á verðbótum. Hverri aukaafborgun skv. 2. mgr. 8. gr., sbr. 3. mgr. þessarar gr., skal skipt í sama hlutfalli milli höfuðstóls og verðbóta og fastri árlegri afborgun hefði verið skipt á þeim tíma sem aukaafborgunin er innt af hendi.

3. Við 12. gr. Greinin orðist svo:

Stjórn Lánasjóðsins er heimilt að veita aðstöðujöfnunarstyrki til námsmanna sem verða að kosta sig fjarri eigin heimili sínu vegna náms sem er aðstoðarhæft skv. 1. gr., enda verði sams konar nám ekki stundað þar sem umsækjandi á heima. Jöfnunarstyrki til námsmanna á Íslandi skal ákveða með tilliti til ferðakostnaðar og húsnæðiskostnaðar á dvalarstað.

Fé því, sem veitt er á fjárlögum til námsstyrkja, skal m. a. varið til þess að vega upp á móti kostnaðarauka hjá þeim námsmönnum sem fara utan til náms og skulu þeir að jafnaði ganga fyrir er stunda nám er eigi verður stundað hérlendis.

Sé námsmanni vegna örorku sinna, framfærslu barna sinna eða maka eða af öðrum ástæðum að dómi sjóðsstjórnar illmögulegt að stunda nám sitt að fullnýttri lánaheimild má veita honum styrk úr sjóðnum, enda verði höfð hliðsjón af þeim bótum sem hann fær skv. gildandi tryggingalöggjöf.

4. Við 16. gr. Upphaf 3. mgr. orðist svo:
Sjóðsstjórn setur reglur um önnur atriði úthlutunar o. s. frv.

Sþ. 647. Nefndarálit [208. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1974.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og leggur til að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 3. maí 1976.

Jón Árnason, form.	Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr.	Lárus Jónsson, frsm.
Geir Gunnarsson.	Pálmi Jónsson.	Steinþór Gestsson.
Karvel Pálmason.	Bragi Sigurjónsson.	Gunnlaugur Finnsson.
	Ingi Tryggvason.	

Sþ. 648. Nefndarálit [32. mál]

um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1973.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og leggur til að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 3. maí 1976.

Jón Árnason, form.	Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr.	Láruş Jónsson, frsm.
Geir Gunnarsson.	Pálmi Jónsson.	Steinþór Gestsson.
Karvel Pálmason.	Bragi Sigurjónsson.	Gunnlaugur Finnsson.
	Ingi Tryggvason.	

Ed. 649. Nefndarálit [239. mál]

um frv. til laga um orkubú Vestfjarða.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leitað umsagnar ýmissa aðila. Er nefndin sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með þessari

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað orðanna „Ríkissjóður Íslands og sveitarfélög á Vestfjörðum skulu“ komi: Ríkissjóði Íslands og sveitarfélögum á Vestfjörðum skal heimilt að.

Alþingi, 6. maí 1976.

Steingr. Hermannsson, form.	Ingi Tryggvason, fundaskr.	Þorv. Garðar Kristjánsson, frsm.
Jón G. Sólnes	Albert Guðmundsson.	Stefán Jónsson.
	Eggert G. Þorsteinsson.	

Nd. 650. Nefndarálit [153. mál]

um frv. til laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Frv. um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi var lagt fram á síðasta þingi og fékk þá afgreiðslu í menntamálanefnd Nd., án þess þó að tími hafi unnist til að afgreiða það frá Alþingi.

Menntmn. klofnaði í afstöðu sinni til frumvarpsins, en meiri hluti nefndarinnar mælti með samþykkt þess með breytingu á 9. gr.

Sjónarmið meiri hluta nefndarinnar eru enn þau sömu. Nú mælir hann með samþykkt frv. með sömu breytingu og áður. Breytingartillagan er flutt á sérstöku þingskjali. Enn fremur er lagt til að lögin taki gildi frá 1. janúar 1977.

Minni hl. nefndarinnar, Svava Jakobsdóttir, skilar séráliti.

Alþingi, 5. maí 1976.

Ingvar Gíslason, form.	Sigurlaug Bjarnadóttir, fundaskr.	Ellert B. Schram, frsm.
Magnús T. Ólafsson, með fyrirvara.	Ólafur B. Óskarsson.	Gunnlaugur Finnsson.

Ed. 651. Nefndarálit [182. mál]

um frv. til laga um saltverksmiðju á Reykjanesi.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Iðnaðarnefnd hefur athugað frumvarp til laga um saltverksmiðju á Reykjanesi. Nefndin hefur leitað umsagnar um frumvarpið og rætt við verkfræðingana dr. Vilhjálm Lúðvíksson og Baldur Líndal. Þá hefur nefndin fengið skýrslur, bæði frá Rannsóknaráði ríkisins og iðnaðarráðuneytinu, svo og ýmis skjöl um söluhorfur á framleiðslu slíkrar verksmiðju.

Meiri hl. iðnaðarnefndar mælir með samþykkt frumvarpsins með eftirgreindum

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Hlutafélagið skal láta endurskoða þær niðurstöður, sem fyrir liggja. Það skal framkvæma eða láta framkvæma hvers konar viðbótarrannsóknir, sem það telur nauðsynlegar til undirbúnings að byggingu og rekstri saltverksmiðju,

m. a. skal félagið láta reisa og reka tilraunaverksmiðju. Þá skal undirbúningsfélagið láta framkvæma ítarlegar markaðsathuganir. Skal að því stefnt, eftir því sem fært þykir o. s. frv.

2. Við 7. gr. Síðari málsgrein orðist svo:
   Framkvæmdir undirbúningsfélagsins og hönnun saltverksmiðjunnar, bygging og rekstur, skulu vera í samræmi við núgildandi og síðari lög og reglugerðir hér á landi varðandi náttúruvernd, mengunarvarnir og öryggi, heilbrigði og hreinlæti á vinnustað og staðla þá, sem settir eru samkvæmt þeim.
3. Fyrirsögn frv. verði:
   Frumvarp til laga um undirbúningsfélag saltverksmiðju á Reykjanesi.

Alþingi, 5. maí 1976.

Steingrímur Hermannsson, form., frsm.	Ingi Tryggvason, fundaskr.	Albert Guðmundsson.
Stefán Jónsson.	Eggert G. Þorsteinsson.	Þorv. Garðar Kristjánsson.

Nd. 652. Nefndarálit [254. mál]

um frv. til l. um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar að undanförnu, en það er undirbúið af sérstakri nefnd, sem sjávarútvegsráðherra skipaði 28. febr. 1975. Á fund nefndarinnar komu bankastjórar Útvegsbankans, þeir Jónas G. Rafnar og Bjarni Guðbjörnsson, svo og Sverrir Júlíusson forstjóri Fiskveiðasjóðs Íslands og ræddi efni frv. við nefndina.

Nefndin varð sammála um að afgreiða frv. með nokkrum breytingum, sem hún flytur tillögur um á sérstöku þingskjali.

Pétur Sigurðsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. maí 1976.

Jón Skaftason, varaform., frsm.	Sverrir Hermannsson, fundaskr.	Sighvatur Björgvinsson.
Guðl. Gíslason.	Tómas Árnason.	Garðar Sigurðsson.

Nd. 653. Breytingartillögur [254. mál]

við frv. til l. um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr. Eftir 1. málsl. komi nýr málsl., svo hljóðandi:
   Útvegsbanki Íslands skal veita sjóðnum nauðsynlega fyrirgreiðslu og starfsaðstöðu.
2. Við 7. gr. G-liður fellur niður.
3. Við 8. gr. Síðasti málsl. fellur niður, en við bætist: Stjórn Útvegsbanka Íslands ræður aðra starfsmenn sjóðsins en um ræðir í 7. gr., samkvæmt tillögum forstjóra sjóðsins. Um laun og kjör þeirra gilda sömu ákvæði og um starfsmenn Útvegsbankans.
4. Við 10. gr. Við síðasta málsl. bætist: og í ársskýrslu Útvegsbankans.

Ed. 654. Breytingartillaga [252. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. lög nr. 2 11. febr. 1970 og lög nr. 66 30. apríl 1973, um breyt. á þeim lögum.

Frá Halldóri Ásgrímssyni.

Inn komi ný grein er verði 4. gr. og orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 655. Nefndarálit [238. mál]

um frv. til laga um skipulag ferðamála.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og m. a. rætt það á sameiginlegum fundi með samgöngunefnd Nd. Á þann fund komu Ólafur Steinar Valdimarsson skrifstofustjóri, Lúðvík Hjálmtýsson form. Ferðamálaráðs og Björn Vilmundarson forstjóri Ferðaskrifstofu ríkisins.

Nefndin hefur orðið sammála um að gera nokkrar tillögur um breytingar á frv. og eru þær fluttar á sérstöku þingskjali. Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Jón Árnason.

Alþingi, 6. maí 1976.

Jón Helgason, form., frsm.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr.	Stefán Jónsson.
Jón G. Sólnes.	Eggert G. Þorsteinsson.	Steinþór Gestsson.

Ed. 656. Breytingartillögur [238. mál]

við frv. til laga um skipulag ferðamála.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Tilgangur laga þessara er að stuðla að þróun ferðamála og skipulagningu ferðaþjónustu fyrir íslenskt og erlent ferðafólk sem mikilvægs þáttar í íslensku atvinnu- og félagslífi, bæði með hliðsjón af þjóðhagslegri hagkvæmni og umhverfisvernd.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Samgönguráðherra skipar menn í Ferðamálaráð til fjögurra ára í senn.
   Skulu þrír skipaðir án tilnefningar, og skal einn þeirra vera formaður ráðsins og annar varaformaður.
   Aðra fulltrúa í Ferðamálaráð skipar ráðherra eftir tilnefningu, en eftirtaldir aðilar tilnefna einn mann hver:
   1. Félag hópferðamanna.
   2. Félag íslenskra ferðaskrifstofa.
   3. Félag leiðsögumanna.
   4. Félag sérleyfishafa.
   5. Ferðafélag Íslands.
   6. Flugleiðir hf.

7. Náttúruverndarráð.
8. Samband íslenskra sveitarfélaga.
9. Samband veitinga- og gistihúsaeigenda.
10. Önnur flugfélög en Flugleiðir hf.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Ferðamálaráð skal koma saman til fundar ekki sjaldnar en 10 sinnum á ári.

Þóknun ráðsmanna greiðist af þeim aðilum, sem hafa tilnefnt þá.

3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Ferðamálaráði er heimilt að skipa undirnefndir, til þess að vinna að einstökum málaflokkum, svo og sérstaka framkvæmdanefnd.

Ráðherra setur nánari ákvæði um starfsemi ráðsins í reglugerð.

4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Að fenginni umsögn Ferðamálaráðs ræður samgönguráðherra ferðamálastjóra, sem annast daglega stjórn Ferðamálaráðs, samkvæmt því sem ráðið ákveður. Ráðningartími ferðamálastjóra skal vera 4 ár í senn. Heimilt er að endurráða ferðamálastjóra svo oft sem vera vill.

Ferðamálastjóri situr fundi Ferðamálaráðs með málfrelsi og tillögurétti.

5. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Lagt skal sérstakt gjald á vörusölu Fríhafnarinnar í Keflavík, og skal það nema 10% af árlegu söluverðmæti. Skal því ráðstafað á eftirfarandi hátt:

a) Til landkynningarverkefna á vegum Ferðamálaráðs.
b) Til Ferðamálasjóðs til styrkveitinga, sbr. 24. gr.
c) Til að veita einka- og opinberum aðilum styrki til að koma upp eða endurbæta aðstöðu fyrir ferðamenn á stöðum, sem fjölsóttir eru.

Ferðamálaráð gerir tillögur til ráðherra um skiptingu fjárins, og tekur hann endanlega ákvörðun.

Kostnaður af starfsemi Ferðamálaráðs skal að öðru leyti greiddur úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt á fjárlögum.

6. Við 16. gr. Orðið „stjórnar“ falli niður.

7. Við 18. gr. Greinin orðist svo:

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu má því aðeins veita, að umsækjandi setji bankatryggingu, sem eigi sé lægri en 7.0 millj. kr.

Fjárhæð tryggingar skal endurskoðuð eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti og breytt í samræmi við almennar verðlagsbreytingar.

Ferðaskrifstofur skulu árlega senda ráðuneytinu ársreikninga sína, endurskoðaða af löggiltum endurskoðanda.

8. Við 24. gr. Aftan við greinina bætist nýr töluliður:

3. Sjóðnum er heimilt að veita óafturkræf framlög til byggingar gistirýmis, eða gerast eignaraðili að gistiaðstöðu, hvar sem rekstri er haldið uppi allt árið. Framlag þetta má aldrei nema meira en 30% af byggingarkostnaði.

9. Við 28. gr. Greinin orðist svo:

Umsóknir um lán og framlög úr Ferðamálasjóði skulu sendar Ferðamálaráði, sem fjallar um þær og ákveður einstakar lánveitingar og framlög.

Ákvarðanir Ferðamálaráðs skulu staðfestar af ráðherra.

10. Við 35. gr. Greinin orðist svo:

Ráðherra er heimilt að ákveða, að fenginni umsögn Ferðamálaráðs, að greitt skuli sanngjarnt gjald fyrir þjónustu, sem veitt er á stöðum í umsjá ríkisins, enda sé fé það, sem þannig safnast, að frádregnum innheimtukostnaði, eingöngu notað til verndar, fegrunar og snyrtingar viðkomandi staðar, og til að bæta aðstöðu til móttöku ferðamanna.

Ákvæði þessi taka þó ekki til þjóðgarða eða annarra svæða á vegum Náttúruverndarráðs, nema samþykki þess komi til.

Nd. 657. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til l. um almenningsbókasöfn.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin fjallaði um frv. á mörgum fundum, en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Magnús T. Ólafsson og Svava Jakobsdóttir skila séráliti.

Nefndin fékk til fundar við sig þá Stefán Júlíusson bókafulltrúa og Magnús E. Guðjónsson framkvæmdastjóra.

Frá því að frumvarpið var lagt fram á fyrstu dögum þingsins hafa forsendur breyst. Með samþykkt laga nr. 94 30. des. 1975 er gert ráð fyrir því að málefni almenningsbókasafna verði hér eftir alfarið verkefni sveitarfélaga, þar sem ríkið hættir greiðslu rekstrarstyrkja og stofnframlaga til safnanna.

Í framhaldi af því flutti menntamálaráðherra breytingartillögur á þingskjali 197. Ágreiningur hefur komið upp milli menntamálaráðuneytisins og Sambands ísl. sveitarfélaga um grundvallaratriði.

Samband ísl. sveitarfélaga telur að löggjafanum beri ekki að setja sveitarfélögunum takmörk um framlög til einstakra málaflokka sem þau sjá um að öllu leyti. Menntamálaráðuneytið telur hins vegar að tryggja beri, að sú hækkun á tekjum sveitarfélaganna, sem þau fengu með aukinni hlutdeild í söluskatti, renni til bókasafnanna, en ekki annað. Þessi upphæð var áætluð 20 millj. kr. árið 1976.

Nefndin lagði allmikla vinnu í að jafna ágreininginn milli þessara aðila, en tókst það ekki til fulls.

Meiri hluti nefndarinnar varð sammála um að flytja breytingartillögur þær, sem prentaðar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 6. maí 1976.

Ellert B. Schram, varaform.	Sigurlaug Bjarnadóttir, fundaskr.	Gunnlaugur Finnsson, frsm.
	Ólafur B. Óskarsson.	

Nd. 658. Breytingartillögur [7. mál]

við frv. til l. um almenningsbókasöfn.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

1. 1. gr. orðist svo:
   Allar byggðir landsins skulu njóta þjónustu almenningsbókasafna, svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.
   Almenningsbókasöfn eru mennta-, upplýsinga- og tómstundastofnanir fyrir almenning. Þau skulu gefa fólki sem bestan kost á að lesa og færa sér í nyt bækur og veita afnot af nýsigögnum, svo sem hljómplötum, segulböndum og öðrum miðlunargögnum til fræðslu og dægradvalar.
2. Við 4. gr. Niður falli orðið „þeim“ í 1. málslið greinarinnar.
3. 8. gr. orðist svo:
   Lágmarksfjárframlög sveitarfélaga til almenningsbókasafna skulu vera sem hér segir:
   a) Til bæjarbókasafns greiðir bæjarsjóður 1300 kr. á hvern íbúa kaupstaðarins.

b) Til bæjar- og héraðsbókasafns greiðir bæjarsjóður 1300 kr. á hvern íbúa kaupstaðarins. Önnur sveitarfélög í umdæminu greiða 130 kr. á hvern íbúa og stendur sýslusjóður skil á þessari greiðslu.

c) Til héraðsbókasafns greiðir sveitarsjóður þar sem safnið er 1300 kr. á hvern íbúa hreppsfélagsins. Önnur sveitarfélög í umdæminu greiða til safnsins 130 kr. á hvern íbúa og stendur sýslusjóður skil á þessari greiðslu.

d) Til hreppsbókasafns greiðir viðkomandi hreppssjóður (hreppssjóðir) 1000 kr. á hvern íbúa hreppsins (hreppanna).

Þessi lágmarksfjárframlög sveitarfélaganna skulu endurskoðuð árlega og færð til samræmis við verðlag í landinu skv. útreikningum Hagstofu Íslands.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar getur sveitarstjórn ákveðið annað lágmark ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, enda mæli félagsmálaráðuneytið með undanþágu hverju sinni.

4. 9. gr. falli niður.

5. 10. gr. (sem verður 9. gr.) orðist svo:

Sveitarfélög reisa bókhlöður og búa þær nauðsynlegum húsbúnaði og tækjum, eftir því sem fé er til veitt. Heimilt er að kaupa eða leigja húsnæði fyrir söfnin.

6. 11. gr. (sem verður 10. gr.) orðist svo:

Menntamálaráðuneyti fer með málefni almenningsbókasafna. Sérstakur fulltrúi í ráðuneytinu annast málefni safnanna, og skal að öðru jöfnu ráða eða skipa í það starf bókasafnsfræðing með reynslu í starfi. Nánari ákvæði um starfsundirbúning hans og starfssvið skal setja í reglugerð. Heimilt er ráðherra að skipa sérstaka ráðgjafarnefnd um málefni almenningsbókasafna. Í nefndinni skulu eiga sæti tveir fulltrúar, annar tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga, hinn tilnefndur af Bókavarðafélagi Íslands, og sé hann starfandi í almenningsbókasafni.

7. Á eftir 12. gr. (sem verður 11. gr.) komi ný grein (sem verður 12. gr.) og orðist svo:

Við bæjarbókasöfn (borgarbókasafn í Reykjavík) og bæjar og héraðsbókasöfn skal forstöðumaður (yfirbókavörður) að jafnaði vera bókasafnsfræðingur.

Einnig skulu bókasafnsfræðingar að jafnaði hafa forgangsrétt til bókavarðarstarfa.

Nánari ákvæði um menntun og starfsundirbúning starfsmanna almenningsbókasafna skal setja í reglugerð.

8. 13. gr. orðist svo:

Ráðherra setur reglugerð um starfsemi almenningsbókasafna. Skal reglugerðin samin í nánu samstarfi við Samband ísl. sveitarfélaga, að höfðu samráði við sérstaka fulltrúa Bókavarðafélags Íslands og Félags bókasafnsfræðinga, einn frá hvoru félagi.

9. 14. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Um leið falla úr gildi lög nr. 22/1963, um almenningsbókasöfn, og önnur ákvæði, er kunna að brjóta í bága við þessi lög.

Ákvæði um fjárframlög koma til framkvæmda á þremur árum frá 1. jan. 1976 að telja.

10. Aftan við frv. bætist ákvæði til bráðabirgða, er orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Menntamálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga skulu sameiginlega gangast fyrir gerð heildaráætlunar um uppbyggingu og aðsetur almenningsbókasafna.

Ed. 659. Frumvarp til barnalaga. [276. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

I. KAFLI
Gildissvið laganna.

1. gr.

Lög þessi taka til skilgetinna barna og óskilgetinna, en um kjörbörn eru sérlög. Einstök ákvæði laganna ná einnig til stjúpbarna og fósturbarna samkvæmt því sem í þeim segir.

Réttarstaða skilgetins barns og óskilgetins er söm, nema lög mæli annan veg.

Í lögum þessum er mælt fyrir um framfærslu barna að einkarétti, en ekki gagnvart hinu opinbera, nema sérstaklega sé getið.

II. KAFLI
Faðerni skilgetins barns.

2. gr.

Það barn er skilgetið, sem alið er í hjúskap móður barnsins eða svo skömmu eftir hjúskaparslit, að það sé hugsanlega getið í hjúskapnum, enda sé ekki vefengt á þann hátt, sem síðar segir, að barn sé skilgetið.

Nú giftast foreldrar óskilgetins barns eftir fæðingu þess, og öðlast barnið þá réttarstöðu skilgetins barns.

Nú var sambúð foreldra barns óslitin samkvæmt því, sem greinir á þjóðskrá, eða samkvæmt öðrum ótvíræðum gögnum, síðustu 2 ár fyrir fæðingu barns, og telst barn þá skilgetið.

Nú hefir sambúð foreldra barns verið óslitin frá því 10 mánuðum fyrir fæðingu barns og þangað til 2 árum eftir hana, og öðlast barn þá réttarstöðu skilgetins barns, nema annar maður hafi gengist við faðerni þess eða verið dæmdur faðir þess.

Nú taka foreldrar óskilgetins barns upp sambúð eftir fæðingu barns samkvæmt því sem skráð er á þjóðskrá eða samkvæmt öðrum ótvíræðum gögnum og öðlast barn þá réttarstöðu skilgetins barns, þegar óslitin sambúð hefir varað 3 ár.

Eigi raskar það réttarstöðu barns, þótt hjúskapur foreldra þess sæti ógildingu með dómi.

3. gr.

Barn, sem 2. gr. tekur til, telst barn eiginmanns (sambúðarmanns) móður barnsins, uns faðerni er hnekkt samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

4. gr.

Mál til vefengingar á faðerni barns geta höfðað eiginmaður (sambúðarmaður) móður barns, móðir þess, barnið sjálft og lögráðamaður barns, sem sérstaklega er skipaður, ef því er að skipta.

Eiginmaður (sambúðarmaður) móður barnsins skal höfða mál innan eins árs frá því að hann fékk vitneskju um atvik, sem orðið getur efni til þess að vefengja faðerni barns, og þó eigi síðar en innan fimm ára frá fæðingu barnsins.

Dómsmálaráðherra getur heimilað að mál verði höfðað eftir lok fresta þeirra, sem greinir í 2. málsgr., ef alveg sérstaklega stendur á.

5. gr.

Vefengingarkrafa samkvæmt 4. gr. verður því aðeins tekin til greina, að sannað sé, að móðir barns hafi haft samfarir við annan mann en þann, sem telst faðir barns samkv. 2. gr., sbr. 3. gr., og telja verði, að barnið sé ávöxtur þeirra samfara eða ef telja verður öruggt vegna erfðaeiginda barns eða af öðrum sérstökum ástæðum, að eiginmaður (sambúðarmaður) móður sé ekki faðir barns.

Nú voru móðir barns og eiginmaður hennar skilin að borði og sæng á getnaðartíma barns eða eiginmaður (sambúðarmaður) og barnsmóðir voru eigi samvistum sakir ósamlyndis á þeim tíma, og á þá 1. málsgr. því aðeins við, að sannað sé, að þau hafi haft samfarir á getnaðartíma barnsins.

Ákvæði 2. málsgr. á einnig við, ef barn er getið, áður en móðir þess giftist manni þeim, sem talinn er faðir barns samkv. 2. málsgr. 2. gr.

6. gr.

Vefengingarmál skulu rekin og dæmd þar á dómþingi, sem segir í 41. gr. Þeir dómarar fjalla um mál, sem dæma almenn einkamál.

Játning aðilja kemur aðeins til greina sem sönnunargagn, og er aðildareiður óheimill.

Nú er eiginmaður (sambúðarmaður) móður barns látinn, áður en mál er höfðað, og má þá beina máli gegn búi hans.

Um meðferð og rekstur mála þessara fer að öðru leyti samkvæmt því sem segir í 51. gr.

III. KAFLI

Faðerni óskilgetinna barna.

7. gr.

Það barn er óskilgetið, sem ekki hefir réttarstöðu skilgetins barns samkvæmt 2. gr., svo og barn, sem faðerni þess hefir sætt vefengingu með dómi eftir reglum II. kafla.

8. gr.

Nú gengst karlmaður, sem kona kennir óskilgetið barn sitt, við faðerni barns fyrir presti eða valdsmanni eða bréflega og vottfast og telst hann þá faðir barnsins. Ef barnsfaðir er yngri en 18 ára, þegar yfirlýsing er uppi látin, skal hún styrkt með staðfestingu lögráðamanns.

9. gr.

Nú er lýstur barnsfaðir geðveikur eða hálfviti eða geðrænum högum hans að öðru leyti þannig háttað, að varhugavert er að taka mark á yfirlýsingu hans, og skal dómur þá ganga á mál.

Hið sama er, ef upp kemur, að fleiri menn en hinn lýsti faðir hafa haft samfarir við móður á getnaðartíma barnsins, enda verði eigi talið fyrirfram, að faðerni annarra en þess, er gangast vill við faðerni, sé útilokað.

10. gr.

Nú er faðernisviðurkenning fengin með nauðung, svikum, misneytingu eða hún á rót að rekja til mistaka eða hún er málamyndagerningur, og er þá hægt að kröfu

þess, sem gengist hefir við barni, eða lögráðamanns hans, að dæma hana ógilda. Sama er, ef gögn koma fram, er sýna, að maður þessi geti ekki verið faðir barnsins.

Nú er mál höfðað samkv. 1. málsgr., og á þá 46. gr. við.

11. gr.

Dómsmálaráðherra getur mælt svo fyrir, að faðernisviðurkenning, sem fengin er erlendis, sé jafngild faðernisviðurkenningu, sem fengist hefir hér á landi.

12. gr.

Sá maður telst faðir óskilgetins barns, sem sannað er, að hafi haft samfarir við móður þess á getnaðartíma barns, nema gögnum sé til að dreifa, sem geri það lítt sennilegt, að hann sé faðir barnsins.

Nú sannast að móðir barns hefir haft samfarir við fleiri menn en einn á getnaðartíma barnsins, og verður þá varnaraðili í barnsfaðernismáli því aðeins dæmdur faðir barns, að verulega meiri líkur séu á, að hann sé faðir barnsins en annar eða aðrir, sem til greina hafa komið.

Aðildareiður er óheimill.

Í dómsmáli út af faðerni barns verður varnaraðili ekki dæmdur meðlagsskyldur, nema hann sé dæmdur faðir barns.

Dómsmálaráðherra kveður í reglugerð á um framkvæmd blóðrannsókna og mannerfðafræðilegra rannsókna í barnsfaðernismálum, sbr. 46. gr.

13. gr.

Um meðferð og rekstur máls til ákvörðunar á faðerni barna fer að ákvæðum IX. kafla laga þessara.

IV. KAFLI

Framfærsla barna og uppeldi.

14. gr.

Skylt er foreldrum, báðum saman og hvoru um sig, að framfæra börn sín og ala þau upp. Framfærslu barna, uppeldi þeirra og menntun skal haga með hliðsjón af högum foreldra og þörfum barna. Foreldrum ber að afla börnum sínum lögmæltrar fræðslu og ala með þeim iðjusemi og siðgæði. Ákvæði þetta á einnig við um kjörbörn.

Skylt er stjúpforeldri að framfæra og ala upp stjúpbarn sitt, svo sem skilgetið barn þess væri.

Nú er barn í fóstri, sbr. 35. gr. laga nr. 53/1966, án meðlagsgreiðslna, og er þá fósturforeldri skylt að framfæra fósturbarn og ala það upp með sama hætti og væri það skilgetið barn þess.

15. gr.

Nú fullnægir foreldri ekki framfærsluskyldu sinni gagnvart barni, og getur valdsmaður þá úrskurðað það til greiðslu framfærslueyris með því.

Framfærslueyri skal ákveða með hliðsjón af þörfum barnsins og fjárhagsaðstöðu og öðrum högum beggja foreldra, þ. á m. aflahæfi þeirra.

Nú hefir faðir barns sætt dómi fyrir skírlífisbrot gagnvart móður þess, og ætla má, að barn sé getið við slíkt brot. Skal þá úrskurða barnsföður til að kosta framfærslu barns að öllu leyti.

16. gr.

Í meðlagsúrskurði skal auk fulls nafns barnsföður tilgreina nafnnúmer hans og fæðingarstað, svo og heimilisfang hans, stöðu og atvinnustað á þeim tíma, sem meðlagsúrskurður er gefinn út.

Í meðlagsúrskurði má aldrei ákveða lægri meðlagsgreiðslu en barnalífeyri, eins og hann er ákveðinn á hverjum tíma í lögum um almannatryggingar, né heldur takmarka meðlagsskyldu barnsföður við lægri aldur barns en þann, sem á hverjum tíma gildir um barnalífeyri samkv. þeim lögum. Frá 1. janúar 1972 skal greiða meðlag með barni, skilgetnu og óskilgetnu, þar til það nær framangreindum aldri, þótt annað aldurstakmark hafi verið ákveðið í meðlagsúrskurði.

Aðiljar þeir, er greinir í 23. gr. 2. málsgr. geta skotið úrskurði valdsmanns um meðlag til dómsmálaráðuneytis innan 3 mánaða frá því, að úrskurður gekk. Úrskurður ráðuneytisins er fullnaðarúrskurður um fjárhæð meðlags.

17. gr.

Framfærsluskyldu lýkur, er barn verður 18 ára. Skyldu til greiðslu meðlaga lýkur fyrir þann tíma, ef barn giftist, nema valdsmaður ákveði annað. Framlag til menntunar eða starfsþjálfunar barns er heimilt að ákveða allt til þess, er barn nær 24 ára aldri.

Ákvæði 20. gr. 1. málsgr. eiga við um ákvarðanir valdsmanns samkv. 1. málsgr.

18. gr.

Meðlag skal greiða mánaðarlega fyrirfram, nema annað sé löglega ákveðið.

Ekki leysir andlát barns eða ættleiðing þess undan skyldu til greiðslu meðlags fram til þess, að andlát eða ættleiðingu bar að höndum.

19. gr.

Heimilt er að úrskurða framfærsluskyldan aðilja til að inna af hendi sérstök framlög vegna útgjalda við skírn barns og fermingu eða vegna sjúkdóms eða greftrunar eða af öðru sérstöku tilefni.

Framlög samkvæmt 1. málsgr. verða því aðeins úrskurðuð, að krafa um það sé uppi höfð við valdsmann innan þriggja mánaða frá því, að svara varð til útgjalda, nema eðlileg ástæða hafi verið til að bíða með slíka kröfu.

20. gr.

Valdsmaður getur breytt meðlagsúrskurði, ef rökstudd beiðni kemur fram um það, enda sé sýnt fram á, að hagir foreldra eða barns hafi breyst, sbr. og 24. gr.

Ákvörðun um framfærslueyri, sem eindagaður er, áður en beiðni er uppi höfð, verður þó ekki breytt, nema alveg sérstakar ástæður leiði til þess, og almennt ekki lengra aftur í tímann en í eitt ár, frá því að beiðni var sett fram.

21. gr.

Samningar um framfærslueyri með börnum eru því aðeins gildir, að valdsmaður staðfesti þá. Eigi er heimilt að semja um lægra meðlag en barnalífeyri, eins og hann er á hverjum tíma samkvæmt lögum um almannatryggingar, og eigi má takmarka meðlagsgreiðslu við lægri aldur barna en þann, sem greinir í 17. gr.

22. gr.

Staðfestur samningur um framfærslueyri, sbr. 21. gr., er því ekki til fyrirstöðu, að valdsmaður skipi máli annan veg en samningur kveður á um, enda telji hann að aðstæður hafi breyst verulega eða samningur gangi í berhögg við þarfir barns.

23. gr.

Framfærslueyrir samkvæmt ákvæðum þessa kafla tilheyrir barni. Nú er greidd af hendi fúlga til þess að fullnægja framfærsluskyldu, og skal þá varðveita fúlguféð með þeim hætti, sem fyrir er mælt almennt um fé ófjárráða, sbr. 39. gr. laga nr. 95/1947.

Sá, sem stendur straum af útgjöldum vegna framfærslu barns, getur krafist þess, að framfærslueyrir sé ákveðinn og innheimtur, enda hafi viðkomandi foreldravald yfir barni eða hafi haft það, er foreldravaldi lauk, eða hafi barnið í fóstri samkvæmt lögmætri skipan. Nú hefir verið innt af hendi framfærsluframlag af hendi almannavalds, og hefir þá viðkomandi stjórnvald eða stofnun rétt þann, sem í 1. málslið greinir.

24. gr.

Ákvörðun á framfærslueyri með börnum við skilnað foreldra hlítir ákvæðum þessa kafla eftir því sem við getur átt, þ. á m. um breytingu á ákvörðunum um framfærslueyri.

V. KAFLI

Barnsfararkostnaður o. fl. greiðslur, er standa í tengslum við barnsburð og getnað.

25. gr.

Valdsmaður getur úrskurðað föður barns til að greiða barnsfararkostnað og framfærslueyri með konu samtals í þrjá mánuði fyrir og eftir fæðingu barns.

Nú sýkist kona vegna meðgöngu eða barnsfara, og er valdsmanni þá rétt að úrskurða barnsföður til að greiða henni mánaðarlega styrk til hjúkrunar og framfærslu, þó ekki lengur en 9 mánuði eftir fæðingu.

Skylda má menn til greiðslu framlaga samkvæmt þessari grein, þótt barn fæðist andvana.

26. gr.

Hafi barnsfaðir orðið sannur að slíku tilræði við barnsmóður sem um getur í 3. málsgr. 16. gr., skal valdsmaður úrskurða hann til að greiða allan kostnað, er af meðgöngu og barnsförum stafar.

Valdsmaður getur enn fremur úrskurðað þann, sem valdur er að þunga konu til að greiða útgjöld vegna lögmætrar eyðingar á fóstri hennar.

27. gr.

Framlög þau, sem greind eru í 25. gr. og 26. gr. 1. málsgr., eru gjaldkræf þegar við ákvörðun á þeim, ef barn er þá fætt, og endranær á því tímamarki, er valdsmaður ákveður. Framlög samkv. 26. gr. 2. málsgr. eru gjaldkræf við úrskurðun þeirra.

Framlög samkv. 1. málsgr. verða ekki ákvörðuð lengra aftur í tímann en eitt ár frá því að beiðni var sett fram, nema alveg sérstakar ástæður leiði til annars.

Framlög samkv. 25. og 26. grein tilheyra móður barns eða þeirri opinberu stofnun, er staðið hefir straum af útgjöldum þeim, sem hér getur verið um að ræða.

VI. KAFLI

Greiðsla framfærslueyris og innheimtuúrræði.

28. gr.

Framfærslueyrir (meðlag) með börnum, sem valdsmaður hefir úrskurðað, er lögtakskræfur, sbr. 1. og 7. gr. laga nr. 29/1885. Hinu sama gegnir um greiðslur, sem valdsmaður úrskurðar samkv. 19. 25. og 26. gr., sbr. 27. gr.

Greiðslur samkv. 1. málsgrein, sem samningur aðilja tekur til, staðfestur af valdsmanni, eru einnig lögtakskræfar.

29. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er skylt að greiða foreldri barns, sem á framfærslurétt hér á landi, og öðrum þeim aðiljum, sem greinir í 31. gr., framfærslueyri (meðlag) með barni, skilgetnu eða óskilgetnu, samkvæmt yfirvaldsúrskurði eða staðfestum

samningi, þó innan þeirra marka um fjárhæð og aldur barns, er greinir í almannatryggingalögum, svo sem þau mæla fyrir um þetta atriði hverju sinni, sbr. 14. og 72. gr. laga nr. 67/1971 og 3. gr. laga nr. 96/1971.

Kröfu foreldris til Tryggingastofnunar ríkisins skal fylgja meðlagsúrskurður, löglega birtur.

Um kröfu þessa svo og endurgreiðslu vegna hennar gilda að öðru leyti ákvæði 72. gr. laga nr. 67/1971.

Eigi foreldri, sem skyldað hefir verið til greiðslu framfærslueyris samkv. 1. málsgr. framfærslurétt erlendis, skal ríkissjóður endurgreiða Tryggingastofnun ríkisins fjárhæðir þær, sem úrskurðaðar eru.

30. gr.

Um aðgang barnsmóður að Tryggingastofnun ríkisins vegna barnsfararkostnaðar og framfærslueyris, sbr. 25. gr. 1. málsgr., fer svo sem segir í 73. gr. laga nr. 67/1971.

Barnsmóðir á aðgang að Tryggingastofnun ríkisins um þær greiðslur, sem greinir í 19. gr., 25. gr. 2. málsgr. og 26. gr. 1. málsgr. þessara laga, enda fer um endurkröfurétt Tryggingastofnunar eftir því sem mælt er fyrir um í 73. sbr. 72. gr. laga nr. 67/1971.

Með reglugerð, sem félagsmálaráðherra setur, má ákveða hámark þeirra greiðslna, sem Tryggingastofnunin innir af hendi samkv. 1. og 2. málsgr.

31. gr.

Þeir, sem annast framfærslu barns að móðurinni látinni eða af öðrum lögmætum ástæðum, þar með talin sveitarstjórn í framfærslusveit barnsins, hafi hún greitt fé til framfærslu þess, eiga sama rétt og foreldri samkvæmt 28.—30. gr.

32. gr.

Um framkröfurétt Tryggingastofnunar ríkisins gagnvart Innheimtustofnun sveitarfélaga fer samkvæmt 72. og 73. gr. almannatryggingalaga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 54/1971 um Innheimtustofnun sveitarfélaga. Um skyldu foreldris til að greiða Innheimtustofnun sveitarfélaga meðlög og um innheimtuúrræði þeirrar stofnunar segir í 5., sbr. 3. gr. laga nr. 54/1971.

VII. KAFLI

Lögsaga íslenskra dómstóla um faðerni barna o. fl.

33. gr.

Mál um faðerni barna er heimilt að höfða hér á landi, ef varnaraðili á lögheimili hér á landi eða dvelst hér á landi eða dánarbú hans sætir skiptameðferð hér á landi eða hefir sætt slíkri meðferð hér.

Slík mál má enn fremur höfða hér á landi, ef móðir barns eða barnið á lögheimili hér á landi.

Víkja má frá reglum 1. og 2. málsgr. með samningum við erlent ríki.

Um varnarþing í faðernismálum fer eftir því sem segir í IX. kafla um slík mál.

34. gr.

Nú er barnsfaðernismál höfðað gegn manni, sem staddur er erlendis og tekur eigi til varna í máli, og metur dómari þá eftir að gagna hefir verið aflað með þeim hætti, sem fyrir er mælt um mál þessi, hvort unnt sé að leyfa barnsmóður að styrkja framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti. Að svo búnu tekur hann mál til efnisúrlausnar. Nú er varnaraðili dæmdur faðir barns, og er þá unnt að kveða upp úrskurð um meðlag og barnsfararkostnað á grundvelli dómsins, en úrskurð skal kveða upp á hendur Tryggingastofnun ríkisins. Ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnun

ríkisins greiðslur þær, er hún innir af hendi samkvæmt þessu. Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtir greiðslur þessar hjá föður barns eftir því sem fært reynist.

Nú færir barnsmóðir fullnægjandi sönnur að mati valdsmanns, þar sem hún á lögheimili, á faðerni barns samkv. 2. og 8. gr., sbr. 11. gr., en barnsfaðir er heimilisfastur erlendis eða ókunnugt er um heimilisfang hans. Skal valdsmaður þá úrskurða henni meðlag og barnsfararkostnað á hendur Tryggingastofnun ríkisins. Ríkissjóður endurgreiðir þessar fjárhæðir, en Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtir greiðslur þessar hjá föður barns eftir því sem fært reynist.

VIII. KAFLI

Forsjá barna (foreldravald) og umgengnisréttur.

35. gr.

Foreldrar hafa bæði saman rétt og skyldu til forsjár fyrir skilgetnu barni sínu, sem er ósjálfráða fyrir æsku sakir, svo og kjörforeldrar fyrir kjörbarni. Nú er annað foreldri látið, og hefir þá hitt forsjá barns, nema gengið hafi í hjúskap að nýju eða stofnað til óvígðrar sambúðar, sbr. 3. málsgr., en þá gegnir einnig stjúpforeldri (sambúðarmaður eða — kona) forsjá barns. Nú eru báðir foreldrar barns látin, en stjúpforeldri á lífi, og hefir það þá forsjá barns, nema önnur lögmæt skipan hafi verið á gerð. Nú eru foreldrar skilin að borði og sæng eða að fullu, og fer þá um forsjá (forræði) barns samkvæmt því, sem segir í skilnaðarbréfi eða dómi, sbr. 47. gr. laga nr. 60/1972.

Móðir ósjálfráða, óskilgetins barns hefir rétt og skyldu til forsjár fyrir barni sínu. Nú giftist hún, og hafa þá bæði hjón forsjá barns. Sama er ef hún býr í óvígðri sambúð með manni samkv. skráningu á þjóðskrá.

Nú búa foreldrar ósjálfráða, óskilgetins barns í óvígðri sambúð samkvæmt því, sem skráð er á þjóðskrá, og hafa foreldrar þá bæði saman rétt og skyldu til forsjár fyrir barni.

Faðir óskilgetins, ósjálfráða barns getur óskað þess, að dómsmálaráðuneyti kveði svo á, að honum sé falin forsjá barns, þ. á m. ef móðir barns er ekki hæf til að hafa á hendi forsjá þess, svo og ef móðir barns hefir veitt samþykki sitt til að barn sé ættleitt af öðrum en föður þess. Ráðuneytið ræður máli þessu til lykta eftir því sem best hentar hag barns og skal þá meðal annars tekið tillit til tengsla barns við föður að undanförnu.

Nú andast móðir ósjálfráða, óskilgetins barns og fer stjúpfaðir þá með forsjá barns eða sambúðarmaður, sbr. 3. málsgr., en ella faðir barns, nema önnur skipan sé á gerð af hálfu almannavalds.

36. gr.

Nú hefir faðir ósjálfráða, óskilgetins barns eigi forræði þess samkvæmt 35. gr., og á hann þá rétt til umgengni við barnið, nema sérstök atvik mæli gegn því að mati dómsmálaráðuneytis. Í umgengnisrétti felst einnig skylda til að rækja umgengni og samneyti við barn og hlíta nánari skilmálum, er að því lúta.

Ef foreldrar verða sammála um, hvernig skipa skuli umgengnisrétti, skal eftir því farið, nema sú skipan komi í bága við þarfir barnsins að mati dómsmálaráðuneytis. Ef foreldra greinir á um þetta efni, kveður dómsmálaráðuneyti á um, hvort synja skuli um umgengnisrétt, eins og á stendur, en ella mælir það nánar fyrir um inntak þess réttar og hversu honum verði beitt. Leita skal umsagnar barnaverndarnefndar, þegar ástæða þykir til þess, svo og liðsinnis hennar eða sérstaklega tilnefnds tilsjónarmanns á rétti til umgengni.

Ákvæði 1. og 2. málsgr. eiga við að breyttu breytanda um rétt móður til umgengni við barnið, þegar faðir óskilgetins barns hefir forsjá þess.

Nú torveldar það foreldri, sem hefir forsjá barns, að hitt foreldra fái að umgangast barnið, og er þá hægt að knýja það að viðlögðum 50—500 króna dagsektum til

að láta af tálmunum. Öðrum réttarfarsúrræðum verður ekki beitt til framdráttar umgengnisrétti.

37. gr.

Nú slíta foreldrar barns, sem búa í óvígðri sambúð samkvæmt skráningu þjóðskrár, samvistir. Skal þá það þeirra hafa forsjá barns, sem þau koma sér saman um, nema sú skipan komi í bága við þarfir barnsins. Í síðastgreindu tilviki, svo og þegar foreldra skilur á, skal ráða málefni þessu til lykta með úrlausn dómsmálaráðuneytis, að fenginni umsögn barnaverndarnefndar, eftir sanngirni og því, sem best hentar þörfum barns. Forsjá barns skal vera óskipt hjá öðru hvoru foreldri. Það foreldri, sem hefur eigi forsjá barns, á rétt til umgengni við það, sbr. 36. gr. og meginreglu 47. gr. laga nr. 60/1972.

Samningi um forræði barns má breyta með dómi, ef það telst réttmætt vegna breyttra aðstæðna og með tilliti til þarfa barns. Dómsmálaráðuneyti getur með sama skilorði breytt ákvörðunum sínum í þessu efni. Ágreiningsefni út af umgengnisrétti lúta ávallt úrlausn dómsmálaráðuneytis.

Þegar svo hagar til, sem í 1. málsgr. segir, skal ákveða barni framfærslueyri samkvæmt ákvæðum IV. kafla laganna.

IX. KAFLI

Mál til faðernis barna.

a. Faðerni óskilgetinna barna.

38. gr.

Barnsfaðernismál má höfða á heimilisvarnarþingi móður eða föður, sbr. og 3. málsgr.

Nú á móðir ekki varnarþing hér á landi, og skal þá höfða mál á varnarþingi varnaraðilja eða því varnarþingi, sem hann átti síðast hér á landi, ef hann er farinn af landi eða ókunnugt er, hvar hann er niður kominn, eða á varnarþingi, þar sem með bú hans er farið.

Höfða má mál á varnarþingi barns, ef varnarþingi hér á landi samkvæmt 1. og 2. málsgrein er ekki til að dreifa, eða fyrir öðrum dómstóli hér á landi samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra.

Nú flyst aðili úr lögsagnarumdæmi, áður en nokkrar aðiljaskýrslur eru teknar í máli, og má þá vísa máli til dómstóls á þeim stað, þar sem varnarþing verður eftir flutning aðilja.

39. gr.

Sóknaraðili barnsfaðernismáls er móðir barns eða barnið sjálft. Nú hefir móðir barns höfðað mál, og sóknaraðili andast, áður en máli er lokið, og getur þá einstaklingur eða það sveitarfélag, sem við framfærslu barns hefir tekið að nokkru eða öllu, haldið áfram málinu.

Varnaraðili máls er sá maður eða þeir menn, sem eru taldir hafa haft samfarir við barnsmóður á getnaðartíma barns. Nú er varnaraðili látinn, áður en mál er höfðað, og má þá höfða það á hendur búi hans, að tilstefndum skiptaráðanda eða skiptaforstjóra, ef opinber skipti eru á höfð, en ella gegn erfingjum.

Ef víst má þykja eða líklegt, að fleiri hafi haft samfarir við móður á getnaðartíma barns, skal stefna þeim báðum eða öllum.

Nú er málsaðili yngri en 18 ára, og skal lögráðamaður þá koma fram fyrir hönd skjólstæðings síns í málinu. Sama er, ef málsaðili er sviptur lögræði.

40. gr.

Barnsfaðernismál er höfðað, þegar dómari hefir veitt viðtöku ósk frá réttum aðilja um, að málið sæti rannsókn og dómsmeðferð.

Meðan á rannsókn og meðferð barnsfaðernismáls stendur, á barnsmóðir kröfu á liðsinni barnaverndarnefndar, eftir því sem dómari telur þörf á. Sama er um barn, ef það er sóknaraðili.

Sóknaraðili barnsfaðernismáls skal hafa gjafsókn í héraði og fyrir Hæstarétti.

41. gr.

Barnsfaðernismál eru rekin og dæmd á bæjarþingi eða aukadómþingi. Dómendur í málum þessum eru sýslumenn og bæjarfógetar og lögreglustjórar, þar sem þeir eru skipaðir utan Reykjavíkur. Í Reykjavík fjalla yfirsakadómari og sakadómarar um mál þessi.

Mál þessi sæta almennri meðferð einkamála, nema annan veg sé mælt í lögum.

42. gr.

Dómari semur og gefur út stefnu í málum þessum og sér um birtingu hennar, og gildir það einnig, þegar ákveðið er að draga inn í mál nýja varnaraðilja. Ekki er þörf á stefnu í máli, ef varnaraðili kemur fyrir dóm eftir kvaðningu dómara.

Birta má stefnu í Lögbirtingablaði, ef varnaraðili á hvorki heimili hér á landi né dvelst hér.

Lögreglumenn eru skyldir til að veita dómara lið til að leita uppi lýstan barnsföður og færa hann fyrir dómara til skýrslutöku, svo og að aðstoða við framkvæmd blóðtöku á aðiljum máls, ef því er að skipta, eða við aðra sérfræðilega mannerfðarannsókn.

43. gr.

Læknir eða ljósmóðir, sem tekur við barni, skal þegar skrá skýrslu um öll þau atriði, er af má ráða um þroska barnsins, eftir því sem nánar segir í stjórnvaldsreglum um störf þessi. Spyrja skal móður um faðerni barns og skrá skýrslu hennar um það, og skal sú skýrsla greind í kirkjubók (manntalsbók). Gæta skal þess, að fram komi, ef barn er óskilgetið, að móðir lýsi tiltekinn mann föður barns, en eigi má fortakslaust greina hann föður, nema viðurkenning hans liggi fyrir eða önnur úrlausn um faðerni barns.

44. gr.

Dómari skal af sjálfsdáðum afla allra upplýsinga og gagna til skýringar málinu.

Dómari ákveður, hverjir skulu kvaddir til aðiljayfirheyrslu og hverjir skuli krafðir vættis í málinu, svo og hverra yfirlýsinga og álitsgerða skuli leitað af hendi sérkunnáttumanna og svo annarra sönnunargagna.

Ákvæði laga nr. 85/1936 um útivist málsaðilja eða áhrif þess að hreyfa eigi andmælum við staðhæfingum gilda eigi um mál samkvæmt þessum kafla.

Dómari getur ákveðið að taka skýrslur af vitnum án þess að málsaðiljar séu viðstaddir, en jafnan skal tilkynna málsaðiljum hvenær dómþing fari fram, þar sem vitni komi fyrir dóm.

45. gr.

Nú er maður yfirheyrður sem málsaðili eða vitni í barnsfaðernismáli, og er honum þá skylt að skýra frá því, hvort hann hafi haft samfarir við barnsmóður á getnaðartíma barns.

Barnsmóður er skylt að skýra frá því í slíku máli, hverjir hafi haft samfarir við hana á getnaðartíma barns.

Dómari getur látið sækja aðilja máls með valdi til að gefa skýrslu fyrir dómi, konuna þó ekki, ef hún er sóknaraðili máls, enda skal vísa máli frá dómi, ef hún neitar að gefa skýrslu, sem henni er unnt að gefa fyrir dómi, eða neitar að leggja sig eða barnið undir blóðrannsókn eða aðra sérfræðilega rannsókn, sem dómari mælir fyrir um.

46. gr.

Dómari getur mælt fyrir um, að blóðrannsókn sé gerð á móður barns og barninu svo og varnaraðiljum, og ennfremur aðrar sérfræðilegar kannanir, þ. á m. mannerfðafræðilegar rannsóknir. Eru viðkomendur skyldir til að hlíta blóðtöku, svo og annarri rannsókn í þágu sérfræðilegra kannana. Dómari getur kveðið svo á, að blóðrannsókn og mannerfðafræðileg rannsókn skuli fram fara á foreldrum og eftir atvikum systkinum barnsmóður og varnaraðilja, svo og á öðrum börnum barnsmóður og öðrum börnum lýsts barnsföður.

47. gr.

Dómari leysir úr sakarefni án tillits til þeirra krafna, sem uppi eru hafðar í málinu.

Nú er mál höfðað, og verður það þá ekki hafið án samþykkis dómara.

Um lyktir barnsfaðernismáls og efnislega úrlausn fer svo sem segir í 12. gr.

48. gr.

Dómþing í barnsfaðernismálum skulu háð fyrir luktum dyrum. Fulltrúi barnaverndarnefndar getur sótt dómþing með barnsmóður eða barni.

Nú er dómur í barnsfaðernismáli prentaður eða birtur með öðrum hætti opinberlega, og skal þá gæta leyndar um nöfn þeirra, stöðu og heimili sem greindir eru í dóminum.

49. gr.

Dómari barnsfaðernismáls annast um birtingu dóms.

50. gr.

Nú er óskað endurupptöku á barnsfaðernismáli, sem dæmt hefir verið í héraði, en ekki áfrýjað til Hæstaréttar, og skal þá héraðsdómari, þar sem leyst hefir verið úr máli, meta það, hvort endurupptaka verði leyfð. Ber að beita við það mat meginreglum 59. gr. laga nr. 75/1973. Ákvörðun héraðsdóms sætir kæru, sbr. 21. gr. laga nr. 75/1973. Umsókn um endurupptöku skal berast héraðsdómi eigi síðar en einu ári eftir að málsaðili fékk vitneskju um atvik þau, sem umsókn styðst við, og þó eigi síðar en 5 árum frá fæðingu barns. Dómsmálaráðherra getur lengt fresti þessa, ef alveg sérstaklega stendur á.

Nú hefir barnsfaðernismál sætt dómi Hæstaréttar, og ákveður Hæstiréttur þá samkvæmt 59. gr. laga nr. 75/1973, hvort endurupptaka skuli leyfð. Ákvæði 1. málsgr. um fresti til að hafa uppi kröfu, eiga hér einnig við, þó svo, að ráðherra leitar umsagnar Hæstaréttar, áður en afstaða er tekin til lengingar frests. Ef endurupptaka er leyfð getur Hæstiréttur ákveðið, að mál skuli tekið til meðferðar að nýju í héraðsdómi.

Nú er endurupptaka leyfð, og er þá heimilt í nýjum efnisdómi að taka ákvörðun um endurgreiðslu meðlaga og annarra fjárgreiðslna, sem inntar hafa verið af hendi samkv. fyrri dómi.

b. Mál til vefengingar á faðerni skilgetins barns.

51. gr.

Um aðild máls fer svo sem segir í 4. gr. um málsmeðferð eftir því sem mælt er fyrir um í 6. gr. og um úrslit samkvæmt því, sem á er kveðið í 5. gr.

Nú er mál höfðað af eiginmanni (sambúðarmanni), og ber þá að öðru leyti að beita almennum reglum um meðferð einkamála í héraði, þó svo að ákvæði 39. gr. 2. og 4. málsgr., 44. gr. 3. málsgr., 47. gr. 1. málsgr., 48. gr., 49. gr. og 50. gr. eiga við um þessi mál. Nú telur dómari, að kröfur eiginmanns séu studdar verulegum rökum, og má þá einnig beita ákvæðum 46. gr. Nú er barn sóknaraðili vefengingarmáls, og á þá 3. málsgr. 40. gr. við um mál.

X. KAFLI
Gildistaka og brottfallin lög.

52. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1977.

Dómsmálaráðherra getur sett fyrirmæli um einstök atriði, er varða framkvæmd laganna.

53. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi, sbr. þó 2. málsgr., lög um afstöðu foreldra til skilgetinna barna nr. 57/1921 og lög nr. 91/1971, er breyta þeim lögum, svo og lög um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna nr. 87/1947 ásamt breytingarlögum nr. 32/1954, 27/1971 og 92/1971, svo og 22. gr. 2.—4. málsgr. laga um lögræði nr. 95/1947. Þá fellur enn fremur úr gildi XVIII. kafli laga nr. 85/1936, sbr. þó 2. málsgr.

Ákvæði II., III. og IX. kafla laga þessara, að undanskilinni 4. og 49. gr., taka til þeirra barna einna, sem fædd eru eftir gildistöku laganna. Ákvæðum 4. og 49. gr. laganna skal þó einnig beitt varðandi börn sem fædd eru fyrir gildistöku laganna. Hinu sama gegnir um ákvæði IV., V. og VI. kafla, um framfærslueyri og önnur framlög en þó aðeins að því er varðar tímabilið eftir gildistöku laganna, nema annars sé sérstaklega getið. Reglur 16.—23. gr. eiga einnig við, þegar tiltekinn maður eða menn hafa verið dæmdir meðlagsskyldir með barni án þess að skorið hafi verið úr um faðerni samkv. löggjöf, er gilti fyrir gildistöku laganna.

Eiginmaður (sambúðarmaður) móður getur höfðað mál samkv. 4. gr., uns 2 ár eru liðin frá gildistöku laga þessara, þótt meira en 5 ár séu liðin frá fæðingu barns.

Lög þessi raska eigi ákvörðunum á faðerni eða meðlagsskyldu, sem átt hefir sér stað fyrir gildistöku laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið af sifjalaganefnd á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytis og fylgdi frumvarpinu frá nefndinni eftirfarandi

Greinargerð.

Sifjalaganefnd hefir samið frumvarp þetta. Í nefndinni eiga sæti dr. Ármann Snævarr, hæstaréttardómari, formaður, frú Auður Auðuns, alþingismaður og Baldur Möller, ráðuneytisstjóri. Guðrún Erlendsdóttir, hæstaréttarlögmaður, hefir verið ritari nefndarinnar. Ýmis atriði frv. hafa verið rædd við embættismenn og aðra sérfróða menn um framkvæmd einstakra þátta þeirra mála, sem frv. tekur til. Við samningu frv. hefir verið höfð mikil hliðsjón af erlendum lögum, einkum norrænu barnalögunum, sem eru tiltölulega ný af nálinni. Þá hefir verið leitast við að kanna framkvæmd barnalaga hér á landi og ganga úr skugga um, hverra úrbóta sé helst þörf. Kostað hefir verið kapps um að endurskoða lög þessi með tilliti til yngri laga, er varða þetta réttarsvið, þ. á m. almannatryggingalaga, framfærslulaga, barnaverndarlaga og hjúskaparlaga. Óhjákvæmilegt var að endurskoða ákvæði réttarfarslaga, er tengjast barnalögum.

Tekið skal fram, að ákvæði frv. þessa ganga miklum mun lengra í að tryggja réttarstöðu óskilgetinna barna en ákvæði Evrópuráðs-sáttmála um það efni frá 15. október 1975 stefna að. Virðist ekkert því til fyrirstöðu að fullgilda þann sáttmála á grundvelli núgildandi laga.

Íslenskt þjóðfélag sker sig að einu leyti úr félagslega í sambandi við börn, þar sem er hinn mikli fjöldi óskilgetinna barna hér á landi, sem til skamms tíma hefir verið 100% hærri en hjá því þjóðfélagi norrænu, sem næst hefir komist, og eru þó hlutfallslega fleiri börn óskilgetin á Grænlandi en hér. Hlýtur þetta atriði að vekja til sérstakrar umhugsunar, þegar frv. til barnalöggjafar er samið.

I.

Íslensk löggjöf um börn, stöðu þeirra að lögum og tengsl þeirra við foreldra var í brotum, uns barnalögin frá 1921 voru sett, þ. e. lög nr. 57/1921 um afstöðu foreldra til skilgetinna barna og lög nr. 46/1921 um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna. Þau lög voru eftirtekja af norrænni lagasamvinnu, og hafði próf. Lárus H. Bjarnason veg og vanda af samningu frv. til þeirra laga. Þessi lög fjölluðu um stöðu barna að einkarétti, en ekki gagnvart almenningsvaldi. Lögin náðu þó ekki til kjörbarna, og var það ekki fyrr en 1953, að lög voru sett um ættleiðingu (nr. 19/1953). Sérstök lög um fósturbörn hafa ekki verið sett hér fremur en annars staðar á Norðurlöndum, þótt einstök ákvæði í lögum varði þau, sbr. t. d. barnaverndarlög nr. 53/1966, 35. og 36. gr.

Að báðum barnalögunum frá 1921 var hin mesta réttarbót. Hvorttveggja var, að þar voru sett ákvæði um ýmis atriði, sem lög skorti um hér á landi, og svo voru lög nr. 46/1921 sérstaklega markverð fyrir þá sök, að þau stórbættu hlut óskilgetinna barna og mæðra þeirra. Var og hinn mesti akkur í því að fá heildarlöggjöf um þessi efni í stað dreifðra ákvæða, sem á stundum var óvíst, hvort væru gildandi lög.

Lög nr. 57/1921 um afstöðu foreldra til skilgetinna barna hafa tekið nokkrum stakkaskiptum, einkum að því leyti að einstök ákvæði þeirra hafa verið felld niður og skipað í aðra löggjöf og sætt þá gagngerðri endurskoðun. Á þetta við um ákvæði laganna um foreldravald, 20.—22. gr., sem nú er skipað með 22. og 23. gr. lögræðislaga nr. 95/1947, og erfðaákvæði laga nr. 57/1921, 24. og 25. gr., sem nú er skipað með 50. og 51. gr. erfðalaga nr. 8/1962 (áður með erfðalögum nr. 42/1949 30. gr., sem afnámu þó ákvæðin ekki að formi til). Þá var 16. gr. 2. málsgr. laga nr. 57/1921 niður felld með lögum nr. 54/1971 um Innheimtustofnun sveitarfélaga. Með lögum nr. 91/1971 var loks bætt við tveimur greinum, 29. og 30. gr., þar sem óheimilað er að ákveða lægri meðlagsgreiðslu með skilgetnu barni eða takmarka meðlagsgreiðsluna við lægri aldur barna en þegar um er að ræða óskilgetin börn, og tekur það einnig til greiðslna frá 1. janúar 1972, þótt áður hafi verið ákveðið lægra aldurstakmark. Sbr. einnig um þetta efni lög nr. 92/1971, er breyta lögum nr. 87/1947, og getið verður hér á eftir.

Lög nr. 46/1921 um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna geymdu m. a. ákvæði um mál til faðernis barna, sbr. 3. og 5.—16. gr. Þessi ákvæði voru tekin til endurskoðunar, er lög um meðferð einkamála í héraði voru samin (nr. 85/1936), og skipað með XVIII. kafla þeirra laga, en 3.—16. gr. lagá nr. 46/1921 voru jafnframt numin úr lögum. 4. gr. laga nr. 46/1921 fjallaði um viðurkenningu á faðerni óskilgetinna barna, og mun það ákvæði hafa verið fellt niður af misskilningi, er eml. voru sett, er ekki geymdu ákvæði um þetta efni.

Lögin nr. 46/1921, svo breytt, voru síðan tekin til heildarendurskoðunar árið 1946 og sett þá ný heildarlög nr. 87/1947. Endurskoðunin stefndi fyrst og fremst að því að samræma lögin við almannatryggingalögin frá 1946. Fólu þau í sér mikilvægar réttarbætur til handa móður óskilgetins barns, þar sem henni var m. a. búinn réttur á hendur Tryggingastofnun ríkisins, ef meðlagsúrskurður var kveðinn upp og birtur. Meðlag, er kræft var úr hendi stofnunarinnar, var þó miðað við barnalífeyri, eins og hann var ákveðinn á hverjum tíma. Í lögunum var það nýmæli m. a. að barn hlaut í hvívetna stöðu sem skilgetið barn væri, ef foreldrar þess giftust. Sérstök ákvæði voru og sett um viðurkenningu á faðerni barns. Í lögum nr. 87/1947 var ennfremur lögfest sú regla, að óslitin sambúð foreldra barns frá því 10 mánuðum fyrir fæðingu barns og allt til 2 ára eftir fæðingu jafngilti faðernisviðurkenningu.

Ákvæðin í IV. kafla laga nr. 46/1921 um foreldravald voru tekin til endurskoðunar og skipað að nýju í lögræðislögum nr. 95/1947, 22. og 23. gr., þar sem eru samfelld ákvæði um foreldravald yfir börnum.

Erfðaákvæði laga nr. 46/1921 voru tekin upp í lög nr. 87/1947. Þeim var breytt efnislega með erfðalögum nr. 42/1949 og að nýju með erfðalögum nr. 8/1962, en hvor lögin um sig rýmkuðu stig af stigi um erfðarétt óskilgetinna barna eftir föður og

föðurfrændur. Voru erfðaákvæði laga nr. 87/1947, 17. og 20. gr., numin úr gildi með erfðalögum nr. 8/1962, 62. gr. Nokkur önnur ákvæði laga nr. 46/1921 sættu og breytingum, þótt hér verði eigi rakið.

Með lögum nr. 32/1954 sem lögfestu ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 87/1947, voru sett sérákvæði um börn varnarliðsmanna, og var veitt heimild til að kveða upp meðlagsúrskurð, ef dómari taldi, að undangenginni rannsókn, að gerlegt væri að leyfa barnsmóður að heitfesta skýrslu sína um, að tiltekinn varnarliðsmaður væri faðir barns hennar. Var þar með gengið feti lengra en með almenna ákvæðinu í 12. gr. laga nr. 87/1947.

Ákvæði 19. gr. laga nr. 87/1947, er fór með reglu varðandi það, hvaða lands lögum skyldi beita, er persónustaða barns var ákveðin, var afnumin með lögum nr. 39/1958. Mun sakarefni það, sem dæmt var í Hæstarétti 24. október 1958 (Hrd. XXIX, bls. 651) hafa valdið mestu um þá lagabreytingu. Segir svo í dóminum, að ákvæði 19. gr. laga nr. 87/1947 hafi verið „illsamrýmanlegt þeirri gömlu meginreglu íslensks réttar, að persónuleg réttarstaða manna skuli fara að íslenskum lögum, ef hann á heimilisfang á Íslandi, og hefur eigi verið bent á dæmi þess, að téðri 19. gr. hafi verið beitt um forræði yfir börnum".

Á árinu 1971 voru enn gerðar tvennar breytingar á lögum nr. 87/1947 með lögum nr. 27 og 92 frá því ári. Með fyrri lögunum var gerð breyting á 8. gr. laga nr. 87/1947, er mælti m. a. fyrir um þau atriði, sem greina skyldi í meðlagsúrskurði, og vörðuðu persónuauðkenni á meðlagsskyldum aðila (einkum nafnnúmer hans). 11. gr. laga nr. 87/1947 var breytt með lögum nr. 27/1971 einkum að því er varðaði það atriði, að Tryggingastofnun var ekki skylt að greiða meðlag, sem eindagað er meira en 6 mánuðum áður en krafa barnsmóður kom fram, en þetta tímabil var í eldri lögum 12 mánuðir, Tryggingaráð getur þó úrskurðað móður meðlög fyrir allt að 18 mánaða tímabil, áður en krafa þessi var upp höfð samkv. því, er segir í lögum nr. 27/1971. Þá var mælt um endurkröfurétt Tryggingastofnunar ríkisins á hendur Innheimtustofnun sveitarfélaga vegna greiddra barnsmeðlaga, en áður átti Tryggingastofnun aðgangsrétt að framfærslusveit barnsföður (meðlagsskylds). Stafaði sú breyting af tilhögun þeirri um innheimtu barnsmeðlaga, sem á var komið með lögum nr. 54/1971 um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Síðast var lögum nr. 87/1947 breytt með lögum 92/1971, er kveður svo á, að frá 1. janúar 1972 skuli greiða barnsmeðlög, þar til barn nær þeim aldri, er á hverjum tíma gildir um greiðslu barnalífeyris samkvæmt almannatryggingalögum, þótt í meðlagsúrskurði hafi verið ákveðið annað aldursmark. Stóð sú breyting í tengslum við 14. gr. almannatryggingalaga nr. 67/1971, er mælti svo fyrir að barnalífeyrir skyldi greiddur með börnum yngri en 17 ára, og þurfti þá breytingu á lögum nr. 87/1947, svo að unnt væri að endurheimta meðlag, greitt með 16 ára unglingi, hjá barnsföðður. Þetta nýja ákvæði var og gert afturvirkt, þ. e. það tók til allra greiðslna frá 1. janúar 1972 og gildir um meðlagsúrskurði, sem gengu fyrir gildistöku laganna.

Sérstök ástæða er til að minna á breytingu, sem gerð var með lögum nr. 96/1971, 3. gr. á 14. gr. laga nr. 67/1971, en samkv. því ákvæði er Tryggingaráði heimilað að greiða barnalífeyri með ófeðruðu barni, ef gögn um faðerni barns þykja fullnægjandi.

II.

Nokkurt samstarf hefir átt sér stað milli Norðurlandaþjóða á síðustu árum til samræmingar á barnalöggjöf, þótt ekki sé það jafnvíðtækt og við mótun hjúskaparlaga. Á sjötta áratugnum störfuðu norrænar samstarfsnefndir að endurskoðun tiltekinna atriða í barnalöggjöfinni, einkum varðandi ákvæði um vefengingu á faðerni skilgetinna barna, um niðurfellingu ættleiðingar, svo og um faðerni barna, sérstaklega með hliðsjón af hinni öru þróun, sem orðið hefir í blóðflokkavísindum og um aðrar mannerfðaeigindir. Hafa ný lagaákvæði verið lögfest um þessi efni, sbr. norsk lög nr. 9 og 10 frá 1956, finnsk lög nr. 409/1957 og dönsku barnalögin nr.

200/1960, og sænsk lög Föräldrabalken frá 1949 ásamt síðari breytingum. Meðal nýmæla í norrænni barnalöggjöf síðustu ár má nefna eftirfarandi atriði, sem engan veginn eru þó tæmandi:

1. Í Danmörku og Svíþjóð hefir verið farin sú leið að fella saman í einn lagabálk lög um skilgetin börn og óskilgetin, sbr. barnalögin frá 1960, og sænska foreldrabálkinn frá 1949. Í Finnlandi og Noregi eru þó sín lög um hvort þessara efna um sig, en finnskt frv. liggur fyrir, sem stefnir í framangreinda átt.
2. Á hinum Norðurlöndunum hafa verið lögfest ákvæði um vefengingu á faðerni skilgetinna barna, sem draga nokkuð úr kröfunum um sönnun fyrir því, að eiginmaður móður geti ekki verið faðir barns, ef faðerni þess er vefengt, einkum þegar sannað þykir, að þriðji maður hafi haft samfarir við móður barns á hugsanlegum getnaðartíma þess.
3. Um óskilgetin börn vekur það einna mesta athygli, að lögfest hafa verið ákvæði, er taka fyrir, að varnaraðili í barnsfaðernismáli út af óskilgetnu barni verði dæmdur meðlagsskyldur með barni og þá einnig að fleiri en einn maður verði dæmdir meðlagsskyldir in solidum. Þá hefir eiði móður eða lýsts barnsföður einnig verið útrýmt að mestu leyti, ýmist með lögum eða lagaframkvæmd.
4. Erfðaréttarstaða óskilgetinna barna hefir tekið stakkaskiptum til hins betra hin síðari ár, og hefir íslenzk löggjöf þar verið í fararbroddi meðal norrænna laga. Lokastigið í þeirri þróun eru sænsk lög frá 1970, en Svíar urðu síðastir Norðurlandaþjóða til að bæta erfðaréttarstöðu óskilgetinna barna.
5. Mönnum hefir á síðustu árum verið mjög hugað um umgengnisréttinn svonefnda, þ. e. rétt þess foreldris, sem ekki hefir foreldraráð, til umgengni og samneytis við barn. Slíkur umgengnisréttur foreldris, sem ekki hefir foreldravald yfir barni vegna skilnaðar, hefir lengi verið viðurkenndur í norrænum rétti, ýmist í settum lögum eða í lagaframkvæmd, þótt ekki hafi verið við sett lög að styðjast, sbr. Noreg og Ísland, en í þeim löndunum hafa nú verið sett lagaákvæði, er að þessu lúta. Umgengnisréttur föður óskilgetins barns við barnið, hefir hins vegar átt erfiðara uppdráttar, og árið 1964 dæmdi Hæstiréttur Dana t. d., að slíkum lögvörðum rétti væri ekki til að dreifa. Danir hafa nú lögfest ákvæði um slíkan umgengnisrétt með lögum nr. 257/1969, og hliðstæðum ákvæðum er til að dreifa á hinum Norðurlöndunum. Framkvæmd slíks umgengnisréttar hefir mjög verið til umræðu, m. a. á norrænum lögfræðingaþingum, og er nokkuð mismunandi gripið á því atriði í norrænni löggjöf. Athyglisvert er í þessu sambandi, að menn hafa dregið mjög í vafa, að grundvallarsjónarmiðið eigi hér að vera það, að foreldri eigi rétt á umgengni við barn — hitt sé sanni nær að líta á þessa réttarreglu frá sjónarmiði barns, þ. e. að það séu hagsmunir barnsins, sem hér eigi að ráða, og það sé réttur barnsins til umgengni við foreldri, sem marki hér grundvöll laganna. Eru ákvæðin í norsku lögunum orðuð út frá þessu grunnsjónarmiði.
6. Um ættleiðingarlög vísast til greinargerðar með frv. til ættleiðingarlaga.

Utan Norðurlanda hefir orðið ör þróun á allra síðustu árum til úrbóta á réttarstöðu óskilgetinna barna. Má þar m. a. nefna vestur-þýzku lögin um óskilgetin börn frá 19. ágúst 1969, er varða m. a. miklar umbætur varðandi erfðaréttarstöðu óskilgetins barns, foreldravald móður og framfærslurétt barns. Þá má benda á brezku lögin, sem nefnd eru Family Law Reform frá 1969, þar sem því er m. a. lýst, að óskilgetin börn hafi í hvívetna sömu réttarstöðu sem skilgetin börn. Í Sovét- Rússlandi bætti fjölskyldulöggjöfin frá 1968, sem er alríkislöggjöf, að ýmsu leyti hlut óskilgetinna barna, svo og fjölskyldulöggjöf hinna einstöku lýðvelda, sem komu í kjölfar allsherjarlaganna, m. a. hefir verið dregið mikið úr skorðum þeim, sem voru á höfðun barnfaðernismála samkv. grunnsjónarmiðum þeim í fjölskyldupólitík, sem mörkuð var 1944. Þegar frá eru skildar lagareglur um ákvörðun á fað-

erni barna, hefir jafnrétti skilgetinna barna og óskilgetinna lengi verið viðurkennt í Sovétríkjunum, og sama gegnir um önnur lönd Austur-Evrópu. Loks má hér nefna markverða hæstaréttardóma í Bandaríkjunum frá 1968, þar sem dæmt er, að lagatakmarkanir, sem gerðu hlut óskilgetinna barna lakari en skilgetinna, fengju ekki staðist vegna jafnréttisákvæða stjórnarskrár („Equal Protection Clause", 14. stjórnarskráraukinn). Á grundvelli þessara dóma hafa verið sett ný ákvæði um óskilgetin börn víða í einstökum ríkjum, er fela í sér verulegar réttarbætur.

III.

Ýmsar tölfræðilegar upplýsingar, er varða börn.

Hér verður vikið að barnafæðingum hér á landi fyrst og til samanburðar tölur um fæðingar skilgetinna og óskilgetinna barna. Loks verða upplýsingar greindar um tíðni ættleiðingar hér á landi.

a. Barnafæðingar.

Samkvæmt hagskýrslum hafa barnafæðingar verið svo sem hér segir á síðustu áratugum, miðað við heildartölu landsmanna (í 0/00):

1941—1945	24,7	1968	21,0
1946—1950	27,6	1969	20,0
1951—1955	28,0	1970	19,7
1956—1960	28,2	1971	20,7
1961—1965	25,4	1972	22,3
1966	24,0	1973	21,7
1967	22,2	1974	19,9

b. Samanburðartölur.

Ef svonefnt **brúttófólksfjölgunarhlutfall** er lagt til grundvallar, þ. e. meðalfjöldi lifandi fæddra dætra, sem hver kona muni ala á öllum barnafæðingaraldrinum (yfirleitt 15—44 ára), miðað við gildandi frjósemdishlutfall, koma fram eftirfarandi tölur innan Norðurlanda árin 1966, 1972 og 1973:

	1966	1972	1973
Ísland	1,75	1,51	1,41
Danmörk (án Færeyja og Grænlands)	1,27	0,99	
Finnland	1,14	0,71	
Noregur	1,39	1,16	1,08
Svíþjóð	1,15	0,93	0,91
Færeyjar	1,90		
Grænland	3,04		

Hefir Ísland lengi verið meðal þeirra landa í Evrópu, sem hafa hæsta fæðingartölu, og í slíkum þjóðfélögum verða óskilgetin börn oft tiltölulega mikill hluti barnafjöldans.

c. Hlutfall (hundraðstala) óskilgetinna barna miðað við heildarfjölda barna hér á landi.

1876—1885	20,0	1951—1955	26,6
1886—1895	19,3	1956—1960	25,3
1896—1905	14,8	1961—1965	25,7
1906—1915	13,2	1966—1970	29,8
1916—1920	13,5	1971	31,1
1926—1930	14,5	1972	32,4
1931—1935	18,6	1973	33,8
1936—1940	23,2	1974	33,7
1946—1950	26,2		

d. Tíðni ættleiðinga 1961—1972.

1961	90	1969	89
1962	70	1970	68
1963	71	1971	72
1964	69	1972	81
1965	70	1973	69
1966	73	1974	77
1967	53	1975	91
1968	77		

IV.

Stefnumið og nýmæli í frv.

Því þjóðfélagslega markmiði að gera hlut óskilgetinna barna jafnan hlut skilgetinna barna á sviði einkaréttar er að verulegu leyti þegar náð hér á landi. Í sumum greinum hafa óskilgetin börn þó aðra réttarstöðu og lakari en skilgetin börn. Frv. þetta er samið út frá því grunnsjónarmiði að gera óskilgetin börn jafn sett skilgetnum börnum að lögum á því sviði, sem frv. tekur yfir.

Semjendur frv. hefðu helzt kosið að afnema með öllu mun á skilgetnum börnum og óskilgetnum að lögum. Slíkt er þó vandkvæðum bundið og hefir ekki þótt gerlegt að ráðast í það neins staðar í Evrópu, svo vitað sé. Stafar það m. a. af nauðsyninni, sem á því er að koma við reglum um ákvörðun á faðerni þessara tveggja barnahópa. Í því efni gætir mismunandi grundvallarsjónarmiða eðli máls samkvæmt, þar sem viðurhlutalítið er að telja og eðlilegt, að hjúskapur móður barns við tiltekinn mann á þeim tíma, sem barn er getið eða alið, veiti vísbendingu um að hann sé faðir þess, og geti það markað grundvöll að löglíkum um þetta atriði. Slíkri vísbendingu er hins vegar sjaldnast til að dreifa um móður óskilgetins barns, sbr. þó óvígða sambúð hennar við tiltekinn karlmann á getnaðartíma barns og e. t. v. síðar. Hér ber að taka tillit til þess, að hin Norðurlandaríkin gera enn mun á skilgetnum börnum og óskilgetnum í lögum sínum, og lúta norrænir samningar um fjölþjóðleg einkaréttarákvæði að þessum mun. Á hinn bóginn mun það ekki leiða af sér verulegan vanda í norrænu lagasamstarfi á þessu sviði, þótt hugtakið skilgetið barn sé eigi reist hvarvetna á sama greinimarki.

Í frv. er lögð áherzla á það stefnumið, sem greinir að framan, að gera óskilgetin börn jafn sett skilgetnum börnum, og skal það nú reifað.

1. Lagt er til, að frv. þetta taki til lagaákvæða um óskilgetin börn jafnt sem skilgetin, og er þá til þess stofnað, að einn lagabálkur fjalli um þessi efni samfellt, andstætt því, sem nú er, þar sem tveggja stofnlaga nýtur við, svo sem fyrr er greint. Þessi kerfisbreyting er fallin til að árétta lagalega samstöðu þessara tveggja flokka barna, en auk þess styðst hún um margt við hagkvæmnisrök.

2. Í 1. gr. 2. málsgr. frv. er lagt til, að mælt sé berum orðum svo, að réttarstaða óskilgetins barns sé hin sama og skilgetins barns, nema lög mæli annan veg. Er það stefnuyfirlýsing, sem ætlað er einnig að hafa lagagildi, og m. a. gæti hún haft áhrif á lögskýringu í einstökum tilvikum og túlkun löggerninga.
3. Ákvæðin um framfærslueyri og ákvörðun hans eru sett fram samfellt um skilgetin börn og óskilgetin, sbr. einkum 16. gr. frv. Að sínu leyti er hlutur skilgetins barns gerður hinn sami og óskilgetins barns að því er varðar aðgang að Tryggingastofnun ríkisins í því sambandi, er greinir í 29. gr. frv.
4. Í frv. eru ákvæði, sem fela í sér, að forræði óskilgetins barns verður oftar í höndum beggja foreldra en er samkvæmt núgildandi lögum, sbr. 35. gr. 3. málsgr. frv. eða getur borið undir föður einan, sbr. 35. gr. 4. málsgr., auk þess er lagt til í 36. gr., að lögfestur sé umgengnisréttur föður óskilgetins barns við barnið (og umgengnisréttur móðurinnar, ef því er að skipta). Slík ákvæði eru ekki gildandi í lögum, en í lögum nr. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar eru hins vegar hliðstæð ákvæði í 47. gr., að því er varðar það foreldri, sem ekki fær forræði barns, er foreldrar skilja.
5. Hugtakið skilgetið barn er skýrt nokkuð með öðrum og rýmri hætti en er eftir gildandi lögum. Varðar það áhrif óvígðrar sambúðar foreldra á réttarstöðu barns. Í lögum nr. 46/1921, 36. gr. var þegar svofellt ákvæði: „Nú er sambúð karls og konu, sem óvígð eru, óslitin frá því 10 mánuðum fyrir fæðingu barns og þangað til 3 árum eftir hana og jafngildir hún þá faðernisjátningu, þá er um erfðarétt barns eftir föður og föðurfrændur ræðir eða þeirra eftir það". Hér er erfðaréttur tengdur við sambúð þessa en sambúðin er ekki lögð að líku við almenna viðurkenningu faðernis í öðrum réttarsamböndum. Þessu var breytt með lögum nr. 87/1947, 3. gr. 2. málsgr., þar sem svo segir: „Nú er sambúð karls og konu, óslitin frá því 10 mánuðum fyrir fæðingu barns og þangað til 2 árum eftir hana og jafngildir hún þá faðernisjátningu". Í þessu ákvæði jafngildir greind sambúð foreldra í hvívetna játningu faðernis af hendi sambúðarmanns móður, þ. e. í öllum réttarsamböndum. Þessu ákvæði var að vísu breytt lítillega að því er erfðarétt varðar með 2. gr. erfðalaga nr. 42/1949, en síðastgreint ákvæði var fellt úr gildi með erfðalögum nr. 8/1962, 62. gr. Semjendur frv. hafa talið rétt að ganga feti lengra en er í lögum nr. 87/1947, 3. gr., og er lagt til, að kveðið verði svo á, að barn foreldra, sem hafa verið í óslitinni sambúð frá því 10 mánuðum fyrir fæðingu og þangað til 2 árum eftir hana, teljist upp frá því hafa réttarstöðu skilgetins barns, sbr. 2. gr. 4. málsgr. Ber þá að skýra ákvæðið svo, að barn verði talið skilgetið eftir að greindum tveggja ára tíma lýkur, en það yrði talið óskilgetið við fæðingu. Er hér um það fyrirbrigði að ræða, sem áður var nefnt skilgerð barns, sbr. að sínu leyti hjúskap foreldra eftir fæðingu barns. Í öðru lagi er það ákvæði í 2. gr. 3. málsgr. frv., að barn verði talið skilgetið þegar við fæðingu, ef foreldrar þess hafa verið í óslitinni, óvígðri sambúð 2 ár hin næstu fyrir fæðingu barnsins. Í þriðja lagi er lagt til í 5. málsgr. 2. gr., að óskilgetið barn foreldra, sem taka upp sambúð eftir fæðingu þess, öðlist réttarstöðu skilgetins barns, þegar óslitin sambúð hefir varað 3 ár. Greinimark um það, hvenær sambúð hafi tekizt með fólki, verður ávallt vandasamt, en hér er lagt til, að miða verði að höfuðstefnu við það, sem greint er í þessu efni á Þjóðskrá, en ella sé gengið eftir „ótvíræðum gögnum" um sambúðina.

Svo sem kunnugt er, leggja ýmis lög að jöfnu hjúskap og óvígða sambúð, sbr. einkum meginregluna í almannatryggingalögum nr. 67/1971, 51. gr. og t. d. lög nr. 101/1970, 11. gr. (lífeyrissjóður bænda), og í lagaframkvæmd hefir sambúðarkonu t. d. verið dæmdar bætur vegna missis fyrirvinnu, sbr. 264. gr. almennra hegningarlaga, og er fyrsti dómur Hæstaréttar í XX. bindi (1949) bls. 214. Ákvæðin í 2. gr. frv. fela í sér framhald á þessari þróun, og eru á því reist, að þegar óvígð sambúð hefir staðið óslitið svo langan tíma, sem áskilið er í

greininni, þá sé eðlilegt að leggja það samband að líku við hjúskap í þessu efni, þ. e. þegar um það ræðir að afla börnum réttarstöðu skilgetinna barna.

6. Í 37. gr. frv. eru sérstök ákvæði um skipan forráða yfir börnum, er foreldrar slíta samvistir, sem verið hafa í óvígðri sambúð. Sýnilegt er, að meginmunur er á hag óskilgetinna barna eftir því, hvort þau alast upp með foreldrum sínum í óvígðri sambúð eða hvort þau alast upp með einstæðri móður. Þessa munar gætir lítt í lagareglum. Er vafalaust þörf á lagareglum ýmsum um tengsl foreldra, sem búa saman í óvígðri sambúð, og barna þeirra, þ. á m. um forráð barna, svo og skipan forráða, er foreldrar slíta samvistir. Er 35. gr. frv. ætlað að koma nokkuð til móts við þörfina á reglum um forræði barna, er foreldrar búa saman í óvígðri sambúð, en 37. gr. frv. víkur að skipan forræðis yfir börnum, er slíkir foreldrar slíta samvistir.

V.

Rétt þykir að fara hér nokkrum orðum um þann efnisstakk, sem frv. er skorinn. Til athugunar kom að skipa lagaákvæðum um ættleiðingar sem sérstökum kafla í þessu frv. Eru þess dæmi sumsstaðar í Norðurlandalöggjöf, að svo sé gripið á máli, sbr. einkum sænska foreldrabálkinn, andstætt því sem er um dönsku og norsku barnalögin, þar sem sérstök lög eru um ættleiðingar. Lög um ættleiðingar eru að efni til svo sérstæð, miðuð við lög um aðra flokka barna, að tiltölulega lítið er unnið við að skipa ákvæðum um það atriði í almennum barnalögum sem sérkafla í þeim lögum. Var því ákveðið að breyta ekki út frá ríkjandi tilhögun hér á landi um þetta efni, en sérstakt frv. til nýrra ættleiðingarlaga er flutt samfara þessu frv. til barnalaga.

Þá er það ærið álitamál, hvort skipa skuli réttarfarsákvæðum um ákvörðun á faðerni barna (vefengingarmál og mál út af faðerni óskilgetinna barna) í barnalögum eða réttarfarslögum. Stefna íslenzkra laga í þessu efni hefir verið nokkuð tvíbent. Barnalögin frá 1921 geymdu réttarfarsákvæði um þessi efni, bæði varðandi skilgetin börn og óskilgetin. Lög nr. 85/1936, XVIII. kafli fjalla um mál út af faðerni óskilgetinna barna og felldu niður hliðstæð ákvæði í lögum nr. 46/1921, svo sem fyrr er greint. Lög nr. 85/1936 geymdu hins vegar ekki beinlínis ákvæði um vefengingarmál og námu ekki úr gildi réttarfarsákvæði laga nr. 57/1921 um það efni. Lög nr. 87/1947 um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna geyma yfirleitt ekki réttarfarsákvæði um barnsfaðernismál og láta sér lynda að vísa til ákvæða XVIII. kafla laga nr. 85/1936. Benda má á, að í Reykjavík er sakadómara falin úrlausn faðernismála, sbr. lög nr. 74/1972, 4. gr. (áður lög nr. 65/1943 og 98/1961), og eru slík mál dæmd á bæjarþingi Reykjavíkur.

Mismunandi er það í norrænni barnalöggjöf, hvort réttarfarsákvæði séu í þeim, sbr. annars vegar dönsku lögin, sem yfirleitt láta við það sitja að vísa til réttarfarslaga um þessi efni, og hins vegar norsku barnalögin, sem geyma rækileg ákvæði um réttarfar og sænsku og finnsku lögin geyma a. m. k. nokkurn hluta af réttarfarsreglum um þessi mál.

Ljóst er, að höfuðþörf er á að skipa réttarfarsákvæðum um vefengingarmál og mál út af faðerni óskilgetinna barna á einum stað samfellt í lögum. Er þá tveggja kosta völ, annaðhvort að skipa þeim ákvæðum í barnalögum eða í lögum um réttarfar í einkamálum.

Í frv. er lagt til, að réttarfarsákvæði um faðernismál verði í barnalögum.

Tekið skal fram, að til athugunar kom að setja ákvæði í frv. um bóta- og refsiábyrgð foreldra á yfirsjónum barna sakir skorts á umsjón með þeim og uppeldislegri gæzlu, svo og að stíla þar ákvæði um bótaábyrgð barna. Frá þessu ráði var þó horfið, enda tengjast slík ákvæði mjög almennum reglum bótaréttar, en skráning bótaréttarins er orðin brýn hér á landi og má vænta þess, að til hennar verði stofnað á næstunni. Skal lögð áherzla á það hér, að rík þörf er á ákvæði í lögum um bótaábyrgð barna og foreldra vegn skaðaverka barna, sbr. og hæstaréttardóm

21. marz 1974. Þótt ákvæði 23. gr. laga nr. 57/1921 verði afnumið, raskar það vitaskuld ekki því, að um ábyrgð þessa fari „eftir almennum reglum“, svo sem þar segir, en lítið hald er að ákvæði þessu.

VI.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Hér segir, að ákvörðun á framfærslueyri með börnum við skilnað foreldra hlíti ákvæðum þessa kafla eftir því sem við getur átt, þ. á m. um breytingu á ákvörðunum um framfærslueyri. Slíkum ákvæðum var til að dreifa að nokkru leyti, þar sem voru 58. og 78. gr. laga nr. 39/1921, en þau voru ekki sett í lögum nr. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar, með því að talið var, að þau ættu betur heima í barnalöggjöf. Slík heimild til breytingar styðst við almennar reglur, en fengur er þó að því, að slíkar reglur séu í settum lögum.

Um V. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um útgjöld vegna fæðingar barns o. fl. Þessar greiðslur eru nokkuð annars eðlis en framfærslueyrir, og þykir því eðlilegt að skipa þeim ákvæðum, er að þessu lúta, í sérstakan kafla. Í þeim gætir ekki verulegra nýmæla.

Um 25. gr.

Í 1. málsgr. segir, að valdsmaður geti úrskurðað föður barns til að greiða barnsfararkostnað og framfærslueyri með konu samtals í 3 mánuði, fyrir og eftir fæðingu barns. Fæðingarstyrkur samkv. 16. gr. laga nr. 67/1971 er greiddur hverri konu, sem barn elur, og þarf ekki úrskurðar við um hann. Öðru máli gegnir um barnsfararkostnað að öðru leyti, sbr. 73. gr. laga nr. 67/1971 og þá umfram fæð-

ingarstyrk samkv. 16. gr. laga nr. 67/1971. Ákvæði 1. málsgr. tekur einnig til skilgetinna barna, þótt miklu tíðara sé, að á það reyni um óskilgetin börn.

Ákvæði 2. málsgr. svarar til 14. gr. 2. málsgr. laga nr. 87/1947, en getur þó einnig tekið til móður, er elur skilgetið barn. Ákvæðið er nokkru rýmra en 2. málsgr. 14. gr. og því móður til hagsbóta.

Tekið er fram í 3. málsgr. fyrir varúðar sakir, að skylda megi menn til greiðslu framlaga samkv. þessari málsgr., þótt barn sé andvana fætt.

Um 26. gr.

Ákvæði 1. málsgr. er í samræmi við 14. gr. 3. málsgr. laga nr. 87/1947. Hér er valdsmanni gert að skyldu að úrskurða framlög þessi.

Ákvæði 2. málsgr. er nýmæli, er heimilar valdsmanni að úrskurða þann, sem þungað hefir konu, til að greiða útgjöld vegna lögmætrar eyðingar á fóstri hennar. Samsvarandi ákvæði hefir verið í dönskum lögum allt frá 1937, að því er varðar mæður óskilgetinna barna. Ákvæði 2. málsgr. tekur einnig til mæðra skilgetinna barna. Það er háð sönnunarmati hverju sinni, hvort því skilyrði sé fullnægt, að maður sé valdur að þunga konu, og nægir í því sambandi viðurkenning manns sjálfs.

Um 27. gr.

Í 1. málsgr. eru ákvæði, er segja skil á því, hvenær einstakar greiðslur, sem greinir í 25. og 26. gr. séu gjaldkræfar.

Í 2. málsgr. segir, að framlög samkv. 25. og 26. gr. tilheyri móður barns eða þeirri stofnun, sem staðið hefir straum af útgjöldum sbr. til hliðsjónar 23. gr. 1. málsgr. Stofnun getur samkv. þessu krafið greiðslna beint og án framsals á kröfu, sbr. og athugasemdir við 23. gr.

Í 3. málsgr. er ákvæði, sem er að sínu leyti hliðstætt 20. gr. 2. málsgr. um það, hversu langt aftur í tímann framlög verði ákvörðuð.

Um VI. kafla.

Hér eru ákvæði um innheimtuúrræði í sambandi við framfærslueyri og aðrar greiðslur, sem um er rætt í frv. þessu, svo og um aðgang þess, er greiðslu á að fá, að Tryggingastofnun ríkisins. Í þessum kafla er safnað ákvæðum, sem nú eru í ýmsum lögum og þeim skipað hér samfellt, oft án efnisbreytinga. Er þetta gert til þess, að barnalög veiti heillegt yfirlit yfir þau innheimtuúrræði, sem tækileg eru, o. fl. því skylt.

Um 28. gr.

Í 1. málsgr. er ákvæði um, að framfærslueyri megi heimta með lögtaki, sbr. 1. og 7. gr. laga nr. 29/1885, og samkv. því, er nánar segir í þeim greinum lögtakslaga. Þá segir í 1. málsgr., að sama gegni um greiðslur, sem valdsmaður úrskurðar samkv. 19., 25. og 26. gr., sbr. 27. gr. Í sumum tilvikum á aðili aðgang að Tryggingastofnun ríkisins, en bæði er, að það er ekki ávallt, og svo hitt, að ekki er víst, að aðili eigi aðgang að Tryggingastofnun um kröfu sína að fullu.

Í 2. málsgr. segir, að greiðslur samkv. 1. málsgr., sem ákveðnar séu með samningi aðilja, staðfestum af valdsmanni, séu einnig lögtakskræfar. Í þessu felst, að unnt er að semja um framlög samkv. 25. gr. og 26. gr., en valdsmaður verður að staðfesta slíka samninga með sama hætti og segir í 21. gr.

Um 29. gr.

Hér er mælt fyrir um aðgang aðilja, sem á til greiðslna að telja samkv. greinunum hér á undan, að Tryggingastofnun ríkisins. Um þetta efni eru ákvæði í lögum nr. 67/1971, en rétt þykir að taka þetta mál upp hér til samfelldrar endurskoðunar.

Ákvæði 1. málsgr. svarar til 11. gr. laga nr. 87/1947, sumpart sbr. 2. gr. laga nr. 27/1971, en því atriði, er varðar barnsfararkostnað o. fl. því skylt, er skipað

með 30. gr. frv. Í 11. gr. laga nr. 87/1947 er talað um, að Tryggingastofnun sé skylt að greiða móður barns tilteknar greiðslur. Hér er lagt til, að í stað móður verði notað orðið foreldri, því að ástæðulaust er að mismuna föður og móður í þessu sambandi. Samskonar breytingar koma fram í 2. og 4. málsgr. greinarinnar, svo og í 31. gr. frv.

Í 2. málsgr. er eigi getið lífsvottorðs barns, enda ætti þess naumast að vera þörf.

Í 3. málsgr. er sérstaklega vísað til 72. gr. almannatryggingalaga um aðgangskröfu þess, sem greiðslu á að fá, á hendur Tryggingastofnun ríkisins. Samkv. 31. gr. hafa aðrir en foreldri samskonar rétt, ef þeir annast framfærslu barns, þ. á m. sveitarstjórn í framfærslusveit barns.

4. málsgr. er sama efnis og lokamálsliður 11. gr. laga nr. 87/1947, sbr. lög nr. 27/1971, gr., með þeirri breytingu þó, sem áður er greind.

Um 30. gr.

Hér er viðbótarákvæði við 29. gr. um aðgang barnsmóður að Tryggingastofnun ríkisins um tilteknar greiðslur. Er nauðsynlegt, að það sé skýrlega afmarkað, við hverjar kröfur þessi aðgangur sé bundinn og hverjar kröfur séu eigi kræfar úr hendi Tryggingastofnunar.

Greiðslur þær sem greinir í 1. málsgr. 25. gr. eru kræfar úr hendi Tryggingastofnunar í þeim mæli, sem greint er í 73. gr. laga nr. 67/1971, samkv. því er segir í 1. málsgr. 30. gr. Æskilegt er, að ákvæði 73. gr. laga nr. 67/1971 verði rýmkað. Að svo miklu leyti sem barnsmóðir á rýmri rétt á hendur barnsföður en þann, sem rúmast innan 73. gr. laga nr. 67/1971, verður hún að sækja rétt sinn í hendur barnsföður, og er greiðsla lögtakskræf samkv. 28. gr. 1. málsgr. Minna má í þessu sambandi á lög nr. 54/1971, 3. gr. 3. málsgr.

Í 2. málsgr. er barnsmóður veittur aðgangsréttur á hendur Tryggingastofnunar ríkisins um þær greiðslur, er greinir í 19. gr., 25. gr. 2. málsgr. og 26. gr. 1. málsgr. Endurkröfurétt á Tryggingastofnun með sama hætti og segir í 73. gr. laga nr. 67/1971, þ. e. á hendur Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Framlög þau, sem úrskurðuð kunna að vera samkv. 26. gr. 2. málsgr. vegna fóstureyðingar, eru ekki kræf úr hendi Tryggingastofnunar ríkisins, samkv. ákvæðum frv.

Í 3. málsgr. er heimilað að setja því skorður með reglugerð, hve háar greiðslur Tryggingastofnun sé skylt að inna af hendi samkv. 1. og 2. málsgr.

Um 31. gr.

Þetta ákvæði er sama efnis að meginstefnu til og 13. gr. laga nr. 87/1947, en á þó einnig við um skilgetin börn.

Um 32. gr.

Þetta ákvæði tekur saman til yfirlits þann feril, sem um er að ræða eftir að Tryggingastofnun ríkisins greiðir kröfu, oftast til barnsmóður. Á Tryggingastofnun að jafnaði aðgang að Innheimtustofnun sveitarfélaga, þó ekki í þeim tilvikum, er ríkissjóður svarar til aðgangskröfu Tryggingastofnunar, samkv. því er nánar segir í lögum nr. 54/1971. Innheimtustofnun annast síðan um innheimtu krafna úr hendi framfærsluskylds aðilja, að jafnaði úr hendi barnsföður, þótt það nafn sé væntanlega notað sem denominatio a potiori í greindum lögum. Býr Innheimtustofnunin yfir ýmsum innheimtuúrræðum, svo sem nánar greinir í 5. gr. laga nr. 54/1971. Minnt er og á skyldu hins framfærsluskylda gagnvart Innheimtustofnuninni samkvæmt lögum þessum.

Um VII. kafla.

Hér er lagt til, að ákvæði verði sett um lögsögu íslenskra dómstóla í faðernismálum og svo um barnsfaðernismál, þar sem í hlut eiga fjarstaddir varnaraðiljar.

Um 33. gr.

Ákvæði þetta er orðað með hliðsjón af 456. gr. b í réttarfarslögunum dönsku. Hér er það markverða nýmæli, að íslenskir dómstólar hafi lögsögu um faðernismál, ef móðir barns eða barn hefir lögheimili hér á landi. Veitir þetta ákvæði, ef lögfest verður, íslenskum dómstólum heimild til að fjalla um mál, þótt lýstur faðir sé staddur erlendis. Þá er einnig heimilt að fjalla um mál hér á landi, er lýstur faðir er látinn, ef bú hans sætir skiptameðferð hér á landi eða hefir sætt slíkri meðferð hér. Lagt er til í 38. gr. frv., að varnarþingsreglu 211. gr. laga nr. 85/1936 verði breytt svo, að heimilt sé að höfða barnsfaðernismál á heimilisvarnarþingi móður og barns. Leysir það mikinn vanda, sem nú er illgerlegt að eiga við, þar sem 211. gr. laga nr. 85/1936 býður, að höfða skuli barnsfaðernismál á varnarþingi stefnds, þ. e. lýsts barnsföður.

Um 34. gr.

Ákvæði þessu er ætlað að koma í stað 12. gr. laga nr. 87/1947 og ákvæði til bráðabirgða í þeim lögum, svo sem það er orðið með lögum nr. 32/1954. Aðstaða mæðra, sem eiga börn með erlendum mönnum utan Norðurlanda er oft örðug, með því að ekki er heiglum hent að fá úrskurð valdsmanns um meðlög og barnsfararkostnað, en lengstum hefir það verið forsenda fyrir aðgangi barnsmóður að Tryggingastofnun ríkisins, að slíkur úrskurður sé lagður fram. Með lögum nr. 96/1971, 3. gr., er breytir 14. gr. laga nr. 67/1971 er að vísu svofellt ákvæði: „Ef ekki reynist gerlegt að feðra barn, er heimilt að greiða með því barnalífeyri. Með umsókn um lífeyri fyrir ófeðrað barn skulu fylgja málsskjöl varðandi faðernismálið, og skal tryggingaráð meta, hvort þau skjöl séu fullnægjandi til þess að greiðsla sé heimiluð". Bætir þetta ákvæði hlut mæðra, en ástæða er þó til að lögfesta önnur úrræði til viðbótar því, sem felst í þessu ákvæði.

1. málsgr. kemur í stað bráðabirgðaákvæðis í lögum nr. 87/1947, sbr. lög nr. 32/1954. Það er þó víðtækara, með því að bráðabirgðaákvæðið er einskorðað við það, er lýstur barnsfaðir er varnarliðsmaður eða hefir verið það eða er úr starfsmannaliði þess. Hér er að vísu gert ráð fyrir, að dómari kveði á um, hvort leyfa skuli barnsmóður að styrkja framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti, en málsúrslit velta ekki á þeim eiði eða drengskaparheiti, heldur tekur dómari til meðferðar gögn málsins í heild sinni, þ. á m. hinn heitfesta framburð, og metur mál á þeim grundvelli. Hinn heitfesti framburður er því metinn sem sönnunargagn, en ræður ekki úrslitum máls. Ef varnaraðili er dæmdur faðir, er unnt að kveða upp meðlagsúrskurð, að tíðkuðum reglum gættum. Á barnsmóðir þá aðgang að Tryggingastofnun ríkisins, sem aftur á endurgreiðslukröfu á hendur ríkissjóði.

2. málsgr. er að mestu í samræmi við 12. gr. laga nr. 87/1947, og er einskorðuð við þau tilvik, er barnsmóðir færir sönnur á samkv. 2. gr. og 8. gr. og 11. gr., að barn sé feðrað, en barnsfaðir er heimilisfastur erlendis eða ókunnugt er um heimilisfang hans. Er þá unnt að gefa út meðlagsúrskurð, ef valdsmaður metur sönnur þessar fullnægjandi. Skjóta má úrskurði valdsmanns til dómsmálaráðuneytis eftir almennum reglum um málskot. Ríkissjóður endurgreiðir þessar fjárhæðir, svo sem nú er, en boðið er, að Innheimtustofnun sveitarfélaga skuli innheimta þetta fé eftir því sem fært reynist. Í 2. málsgr. er um að ræða stjórnvaldsúrlausn, en ekki dómsúrlausn.

Um VIII. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um forsjá (foreldravald) barna og umgengnisrétt að nokkru leyti. Ákvæði um foreldravald eru nú í lögræðislögum nr. 95/1947, 22. gr. Þau voru áður í III. kap. laga nr. 57/1921. Nauðsynlegt þykir að endurskoða ákvæði þessi, og þykja þau eiga heima í barnalögum. Vakin er athygli á, að um skipan forræðis (forsjá) fyrir barni við skilnað er mælt í 47. gr. laga nr. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar, svo og um umgengnisrétt við barn, sem annað foreldri hefir eigi fengið forræði fyrir við skilnað. Þykir eigi ástæða til að raska

við þeim ákvæðum efnislega og ekki heldur að flytja þau frá hjúskaparlögum í barnalög. Bent er á, að eigi er lagt til, að ákvæði 23. gr. laga nr. 95/1947 verði flutt að svo stöddu í barnalög.

Hér er notað hugtakið forsjá í stað foreldravalds, en það heiti tekur um of mið af eldra réttarástandi, þegar foreldrar höfðu takmarkalítið vald að lögum yfir börnum sínum. Réttur og skylda til forsjár fyrir barni viðist hæfa betur í mark, eins og nú er komið lagaþróun.

Endurskoðun ákvæða um forsjá barna hefir einkum beinst að því að gera hlut foreldra, sem búa í óvígðri sambúð sem líkastan stöðu giftra foreldra. Er mikilvægt bæði fyrir foreldri og börn, að óvissu í þessu efni sé eytt með lagasetningu.

Um 35. gr.

Ákvæði 1. málsgr. er að verulegu leyti í samræmi við gildandi lög, sbr. einkum 22. gr. 2. málsgr. laga nr. 95/1947, en hér er það þó lagt að líku, að fólk búi í óvígðri sambúð, sbr. 3. málsgr., og að hjúskapur hafi stofnast, að því er varðar réttarstöðu sambúðarmanns eða -konu. Verður að ætla, að það sé í samræmi við það, sem oftast gerist í lífinu sjálfu.

2. málsgr. fjallar um sama efni og 3. málsgr. 22. gr. laga 95/1947. Hér er enn lagt til, að hlutur sambúðarmanns verði hinn sami og stjúpföður, enda sé sambúð skráð á þjóðskrá. Í 5. málsgr. er þess sérstaklega getið, að stjúpfaðir (sambúðarmaður) hafi forsjá barns, ef móðir þess andast, en það er raunar fólgið í þeirri skipan, sem fyrir er mælt um í málsgreininni.

Í 3. málsgr. er greind sú skipan, að foreldrar ósjálfráða, óskilgetins barns, sem búa saman samkvæmt því, er skráð er á þjóðskrá, hafi bæði sama rétt og skyldu til forsjár fyrir barni. Bent skal á, að alloft verða þessi börn skilgetin í lagaskilningi, ef 2. gr. frv. verður lögfest, og í þeim tilvikum þarf ekki á slíkri reglu að halda sem þeirri, er hér er greind. Hins vegar fá þessi börn eigi ávallt réttarstöðu skilgetinna barna samkv. 2. gr. frv., þótt lögfest verði.

Í 4. málsgr. eru mikilvæg nýmæli. Samkv. því getur faðir óskilgetins, ósjálfráða barns óskað þess, að dómsmálaráðuneyti kveði svo á, að honum sé falin forsjá þess, þ. á m. ef móðir barns er ekki hæf til að hafa á hendi forsjá þess, og myndi þá mat á því yfirleitt velta á úrlausn barnaverndaryfirvalda. Sama er, ef móðir barns hefir samþykkt, að barn verði ættleitt af öðrum en föður barnsins. Er sú tilhögun í samræmi við breytingu, sem gerð var á dönsku lögræðislögunum 1972. Ef móðir hefir veitt samþykki til ættleiðingar og faðir óskar af því tilefni forsjár barns, er til þess stofnað samkvæmt þessu, að ráðuneytið geti valið milli tveggja kosta, miðað við það, sem telja verður barni fyrir bestu. Er fyllilega eðlilegt, að veitt sé heimild til að fá föður forsjá barns, þegar móðir hefir sýnt með samþykki til ættleiðingar, að hún er orðin afhuga því að hafa forsjá barnsins. Bent er á í 4. málsgr., að ráðuneyti skuli m. a. taka tillit til tengsla föður við barn að undanförnu.

5. málsgr. kveður á um, að stjúpfaðir (sambúðarmaður móður) hafi forsjá barns, að móður barns látinni, en ella faðir barns. Gert er þó ráð fyrir, að aðra skipan megi gera af hálfu almannavalds.

Um 36. gr.

Hér er lagt til, að lögfestur verði umgengnisréttur föður óskilgetins barns, „nema sérstök atvik mæli gegn því, að mati dómsmálaráðuneytis.“ Meginreglan er sú, að umgengnisrétti sé til að dreifa, en ýmis atvik geta þó gert hann varhugaverðan. Getur þar bæði komið til, að faðir sé annmarkamaður, t. d. sálsjúkur, eiturlyfjaneytandi eða óreglumaður eða sérstök ástæða er til að óttast, að hann hafi óheppileg uppeldisáhrif á barnið. Önnur sérstök ástæða kann og að vera til að ugga, að umgengnin valdi erfiðleikum, svo sem stundum er, þegar móðir hefir giftst eða býr í óvígðri sambúð. Vera má ennfremur, að faðir hafi brotið þær umgengnis-

reglur, er honum voru settar. Umgengnisréttur á ekki við, ef barn er ættleitt. Tekið er fram, að í umgengnistilhögun felist bæði réttur og skylda til umgengni, ef faðir hefir óskað hennar, svo og skylda til að hlíta nánari skilmálum, er að henni lúta. Í 3. málsgr. er þess sérstaklega getið, að móðir eigi hliðstæðan umgengnisrétt, ef faðir hafi forsjá barnsins.

Að öðru leyti eru ákvæði þessarar greinar sniðin eftir ákvæði 47. gr. laga nr. 60/1972 varðandi umgengni skilins foreldris, sem eigi hefir fengið forræði barns, við barnið.

Svo sem fyrr er getið, munu öll Norðurlandaríkin nú hafa ákvæði um umgengnisrétt föður við óskilgetið, ósjálfráða barn, þótt efni reglnanna sé eigi fyllilega hið sama. Hér er lagt til, að varfærnislega sé farið í sakir og mat á þessu máli lagt í allríkum mæli í hendur dómsmálaráðuneytis.

Um 37. gr.

Hér er lagt til, að lögfestar verði reglur um skipan forsjár fyrir barni foreldra, sem búa í óvígðri sambúð samkv. því, sem skráð er á þjóðskrá, ef foreldrar slíta samvistir. Eiga ákvæðin við, hvort sem barn öðlast réttarstöðu skilgetins barns við sambúðina, sbr. 2. gr. frv., eða ekki. Þá er einnig ákvæði um umgengnisrétt þess foreldris, sem eigi fær forsjá barnsins, sbr. 36. gr. og meginreglu 47. gr. laga nr. 60/1972, um stofnun og slit hjúskapar.

1. málsgr. er sniðin með hliðsjón af 47. gr. 2. málsgr. laga nr. 60/1972, en 2. málsgr. með hliðsjón af 48. gr. sömu laga.

Í 3. málsgr. er tekið sérstaklega fram, að ákveða skuli barni framfærslueyri (meðlag) samkv. ákvæðum IV. kafla, er svo hagar til sem segir í 1. málsgr.

Um IX. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um réttarfar í málum út af faðerni óskilgetinna barna, sbr. 38.—50. gr., og út af vefengingarmálum um faðerni skilgetinna barna, sbr. 51. gr. Svo sem fyrr greinir, var horfið að því ráði að skipa réttarfarsákvæðum í frv. þessu til barnalaga, og leysa þessi ákvæði af hólmi ákvæði I. kap. laga nr. 57/1921 (vefengingarmál) og XVIII. kafla laga nr. 85/1936 (um faðerni óskilgetinna barna). Jafnframt er þess að geta, að í 4. og 6. gr. frv. eru efnisákvæði um vefengingarmálin og í 12. gr. um faðerni óskilgetinna barna.

Í ákvæðunum um faðernismál út af óskilgetnum börnum gætir ýmissa nýmæla, þótt hin markverðustu þeirra séu í 12. gr., svo sem rakið hefir verið. Með því að lagt er til, að aðildareiður verði afnuminn, þarf á rannsókn að halda á ýmsum frekari atriðum en þeim, sem nú er fengist við, og ber að gæta þess einnig í því sambandi, að lagt er til, að sá úrkostur verði úr lögum numinn að dæma varnaraðilja meðlagsskyldan, en sýkna hann af faðerniskröfu. Mun reynslan af þessu nýja fyrirkomulagi hafa verið sú m. a. í Danmörku, að í ýmsum þeim tilvikum, þar sem dæmt var aðeins um meðlagsskyldu eftir eldri tíðar lögum, sé varnaraðili nú dæmdur faðir barns, þótt einnig komi til greina, að sýknað sé, þar sem áður var dæmd meðlagsskylda.

Um 38. gr.

Hér er gerð sú veigamikla breytingartillaga frá núgildandi lögum, að mál megi höfða á varnarþingi móður, sbr. hins vegar 211. gr. laga nr. 85/1936, sem miðar hér yfirleitt við varnarþing föður. Er þessa atriðis áður getið. Vitaskuld má höfða mál á varnarþingi ætlaðs föður, og verður oftast gert. Ef móðir á ekki varnarþing á Íslandi, má höfða mál hér, ef varnaraðili á varnarþing hér eða á því varnarþingi, sem hann átti hér síðast eða þar sem með bú hans er farið, sbr. 2. málsgr. Þá má höfða mál á varnarþingi barns, sbr. 3. málsgr.

Í 4. málsgr. er tekið fram, að vísa megi máli milli dómaumdæma, ef aðiljaskýslur hafa eigi verið teknar að neinu leyti, en í ákvæðinu felst, að ella breyti það ekki neinu um dómstól, þótt aðili flytji milli umdæma.

Um 39. gr.

Í 39. gr. er mælt fyrir um sóknaraðild og varnaraðild að barnsfaðernismáli.

Í þessari grein er það nýmæli, að barn geti verið sóknaraðili að barnsfaðernismáli. Hefir Hæstiréttur og skýrt réttarreglur svo, sbr. hrd. XLIII, bls. 696, en 211. gr. laga nr. 85/1936 víkur þó ekki að slíkri aðild. Þykir rétt að lögfesta þessa reglu hér, enda getur það staðið barni á miklu að fá úrlausn um faðerni sitt. Þá segir í 4. málsgr. að sé málsaðili yngri en 18 ára skuli lögráðamaður koma fram f. h. skjólstæðings síns í málinu, svo og skuli njóta atbeina lögráðamanns, ef aðili sé sviptur lögræði. Er aldursstigið 18 ár valið hér vegna þess hve örlagaríkt þetta málefni er, þótt sjálfræði sé bundið við 16 ára aldur. Að öðru leyti er ákvæði þetta í samræmi við 211. gr. laga nr. 85/1936 að meginstefnu til. Sóknaraðild framfæranda, annarra en móður, er þó bundinn við, að móðir hafi gert reka að höfðun máls.

Um 40. gr.

Hér er lagt til í 1. málsgr. að sett verði sérregla um það, hvenær barnsfaðernismál teljist höfðað. Þá er ákvæði í 2. málsgr. um liðsinni barnaverndarnefndar til handa barnsmóður, sem á í barnsfaðernismáli, sbr. nú 214. gr. laga nr. 85/1936, svo og barni, ef því er að skipta, sbr. og 48. gr. 1. málsgr.

Í lokamálsgr. 40. gr. segir, að sóknaraðili skuli hafa gjafsókn bæði í héraði og fyrir hæstarétti (þ. e. sóknaraðili í héraði), og er hér um nokkra efnisbreytingu að ræða, miðað við 215. gr. laga nr. 85/1936.

Um 41. gr.

Hér eru fyrirmæli um það, hverjir séu dómendur í barnsfaðernismálum, þ. á m. yfirsakadómari og sakadómarar í Reykjavík og lögreglustjórar utan Reykjavíkur. Þá segir, að mál þessi sæti almennri meðferð einkamála, nema annan veg sé mælt í lögunum, og eru þau frávik mörg og mikilvæg (sbr. nú 215. gr. 2. málsgr. laga nr. 85/1936).

Um 42. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að dómari gefi út stefnu í máli, einnig ef nýr varnaraðili er dreginn inn í mál, þó svo að ef varnaraðili kemur fyrir dóm eftir kvaðningu dómara, þurfi ekki á stefnu að halda, enda lýsir dómari þá kröfum fyrir varnaraðilja og færir til bókar.

Í 2. málsgr. eru fyrirmæli um birtingu á stefnu í Lögbirtingarblaði, ef ekki næst til aðilja, svo sem í greininni segir.

Þá eru í 3. málsgr. fyrirmæli um liðsinni lögreglumanna við dómara um að leita uppi lýstan barnsföður- eða annan varnaraðilja- færa hann fyrir dómara og að framkvæma eða liðsinna við framkvæmd á blóðtöku og öðrum sérfræðilegum rannsóknum sbr. nú 2. málsgr. 214. gr. laga nr. 85/1936. Sjá hér og 3. málsgr. 44. gr.

Um 43. gr.

Fyrri hluti þessarar greinar er svipaðs efnis og 1. málsgr. 214. gr. laga nr. 85/1936. Í síðara hluta greinarinnar er boðið að gæta varfærni við skráningu á faðerni í kirkjubókum. Ef ekki er við önnur gögn að styðjast en einhliða skýrslu barnsmóður ber að skrá, að móðir lýsi tiltekinn mann föður barns, en ekki að hann sé faðir barns. Hefir verið fundið að því í dómum Hæstaréttar, ef þessa er ekki gætt, sbr. t. d. hrd. XLI, bls. 787, enda getur slík skráning verið meinleg og er villandi.

Um 44. gr.

Í þessu ákvæði er mælt fyrir um rannsóknarskyldu dómara í málum þessum, svo sem nú er samkv. 214. gr. laga nr. 85/1936. Sérstaklega er tekið fram, að ákvæði laga nr. 85/1936 um útivist aðilja eða áhrif þess á gang máls gildi eigi um mál þessi, svo og ákvæði sömu laga um áhrif þess, að eigi sé hreyft andmælum við staðhæfingum.

Heimilt er samkvæmt 4. málsgr. að taka skýrslur af vitnum án þess að málsaðiljar séu viðstaddir, en aðiljum á þá að tilkynna, hvenær dómþing fari fram, þar sem vitni koma fyrir dóm.

Ekki munu mikil nýmæli fólgin í ákvæði þessu, miðað við lagaframkvæmd.

Um 45. gr.

Í þessari grein er lögð skylda á málsaðilja og vitni að skýra frá því, hvort þeir hafi haft samfarir við barnsmóður á getnaðartíma barns. Barnsmóðir er og gert að skyldu að skýra frá því, hverjir hafi haft samfarir við hana á þessum tíma.

Í 3. málsgr. er dómara heimilað, svo sem nú er, að láta sækja aðilja máls með valdi til að gefa skýrslu í dómi, sbr. og 42. gr. lokamálsgr., sbr. hér 214. gr. 2. málsgr. laga nr. 85/1936, og um frávísun máls, ef móðir víkst undan að gefa skýrslur eða leggja sig eða barnið undir blóðraun eða aðra þá sérfræðilega rannsókn, er dómari mælir fyrir um, sbr. 46. gr.

Um 46. gr.

Ákvæði þetta er nokkru víðtækara en 214. gr. 2. málsgr. laga nr. 85/1936, og er dómara heimilt að mæla samkv. því fyrir um blóðrannsókn á móður barns og barni, svo og varnaraðiljum, og enn fremur um aðra sérfræðilega rannsókn á þeim til könnunar á öðrum mannerfðafræðilegum atriðum, sbr. hér áður. Heimilt er að kveða svo á, að rannsóknir þessar taki til foreldra og systkina barnsmóður og varnaraðilja, og ætti hér einnig að vera unnt að mæla fyrir um rannsóknir á systkinum barns.

Við dómsmál samkv. 10. gr. er heimilt að beita reglum 46. gr. um vefengingarmál sjá 51. gr.

Um 47. gr.

Hér eru þau mikilvægu frávik frá almennum reglum um einkamál, að dómari er ekki bundinn við kröfur málsaðilja, og mál er ekki háð forræði aðilja, þótt þeir vilji hefja mál, sbr. 2. málsgr. (mál er „indispósitívt"). Lyktir máls geta orðið þær, sem um segir í 12. gr., þ. e. efnislega annaðtveggja að fallist sé á kröfu um faðerni eða sýknað sé, því að lagt er til í frv. þessu, að reglur um aðildareið, svo og um meðlagsskyldu eina, séu afnumdar.

Um 48. gr.

Í 1. málsgr. segir, að dómþing í barnsfaðernismálum skuli háð fyrir luktum dyrum og að fulltrúi barnaverndarnefndar geti sótt þing með barnsmóður eða barni, sbr. 40. gr. Oft myndi og lögmaður sækja þing með aðilja.

Í 2. málsgr. er kveðið á um nafnleynd í málum þessum, ef dómar eru prentaðir eða birtir opinberlega. Hefir það tíðkast rösklega 20 ár í útgáfu hæstréttardóma, að slíkrar nafnleyndar sé gætt, enda er hún mikilvæg í málum þessum.

Um 49. gr.

Hér er mælt fyrir að dómari annist birtingu barnsfaðernisdóma.

Um 50. gr.

Rétt þykir að mæla hér fyrir um endurupptöku barnsfaðernismála, sem dæmd hafa verið í héraði, en ekki sætt úrlausn Hæstaréttar. Er lagt til, að unnt sé að endurupptaka þau samkv. meginreglum 59. gr. hæstaréttarlaga nr. 75/1973, en ákvörðun héraðsdómara sæti kæru samkv. 21. gr. sömu laga. Í 2. málsgr. er vísað til 59. gr. framangreindra laga að því er varðar endurupptöku máls, sem dæmt hefir verið í Hæstarétti.

Tímafrestir eru settir í sambandi við endurupptökukröfu í 1. málsgr. og 2. málsgr.

Í efnisdómi er heimilt að kveða á um endurgreiðslu meðlaga o. fl.

Um 51. gr.

Hér eru réttarfarsákvæði um vefengingarmál, þ. e. út af faðerni skilgetinna barna. Í 6. gr. laga nr. 57/1921 segir, að dómari annist af sjálfs dáðum um öflun sönnunargagna í þess konar máli. Í 1. málsgr. er lagt til m. a. að danskri fyrirmynd, að um mál þessi gildi almennar reglur um einkamál, nema öðru vísi sé mælt. M. a. eiga ákvæði 44. gr. 1. og 2. málsgr. eigi við í málum þessum. Hins vegar gilda ýmsar reglur um barnsfaðernismál einnig í vefengingarmálum, eða geta átt við svo sem segir í greininni, og sæta þau því afbrigðilegri meðferð einkamála. Við þessi mál ber að gæta efnisákvæða 4. og 6. gr. í frv. þessu. Dómarar einkamála dæma mál þessi, en eigi dómarar þeir, er greinir í 41. gr.

Um X. kafla.

Hér eru ákvæði um gildistöku, brottfallin lög og hvernig beita beri ákvæðum frv. þessa, ef að lögum verður, um einstök atriði. Ýmis ákvæði eiga aðeins við um börn, sem fædd eru eftir gildistöku laganna, en öðrum verður beitt einnig um börn, sem fædd eru fyrir gildistöku laganna, og er þetta afmarkað í 53. gr. Ákvæðin um framfærslueyri og önnur framlög í IV., V. og VI. kafla eiga við um tímabilið eftir að lög þessi taka gildi, nema annars sé getið.

Um 52. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 53. gr.

Í 2. málsgr. er gert ráð fyrir, að dómar út af meðlagsskyldu einni, þar sem ekki er jafnframt dæmt um faðerni, hafi réttaráhrif til frambúðar í samræmi við þau lög, sem giltu fyrir gildistöku ákvæða frv. þessa, ef lögfest verða.

Í 3. málsgr. er lagt til, að sett verði sérregla um höfðun vefengingarmáls, sbr. 4. gr. frv., og verði við það miðað, að eiginmaður (sambúðarmaður) móður geti höfðað mál samkv. því ákvæði, uns 2 ár eru liðin frá gildistöku laganna, þótt meira en 5 ár séu liðin frá fæðingu barns. Styðst það ákvæði við sanngirnisrök.

Í 4. málsgr. er tekin afstaða til fyrri úrlausna eða ákvarðana um faðerni eða meðlagsskyldu.

Tekið skal fram, að þótt lagt sé til í 1. málsgr. að ýmis lög og lagaákvæði séu felld úr gildi, þá kunna þau að gilda áfram um einstök atriði vegna fyrirvara 2. málsgr. um, að lög þessi taki ekki til allra atriða, varðandi börn, sem fædd eru fyrir gildistöku þeirra. Fer um það efni samkv. almennum lögskýringareglum.

Nd. 660. Frumvarp til lögréttulaga. [277. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

I. KAFLI
Um lögréttuskipan.

1. gr.

Vera skulu tveir dómstólar, sem nefnast lögréttur: Lögrétta suður- og vestur lands í Reykjavík og lögrétta norður- og austurlands á Akureyri. Mörk umdæmanna eru mörk Suður- Múlasýslu og Skaftafellssýslu og mörk Strandasýslu og Húnavatnssýslu.

2. gr.

Í lögréttumálum dæma embættisdómarar og í sumum málum meðdómsmenn. Embættisdómarar eru forsetar lögréttnanna, varaforsetar og lögréttudómarar. Embættisdómarar skulu ekki vera færri en 12 í lögréttu suður- og vesturlands og ekki færri en 3 í lögréttu norður- og austurlands. Forseti Íslands skipar forseta lögréttnanna, varaforseta og aðra embættisdómara að tillögu dómsmálaráðherra og ákveður fjölda þeirra með sama hætti.

3. gr.

1) Einn eða þrír embættisdómarar skipa dóm hverju sinni og nefnir forseti lögréttunnar menn í dóm í hverju máli. Þegar lögrétta er annað dómsstig, skulu þrír embættisdómarar vera í dómi. Hið sama er, þegar einkamál er tekið til aðalflutnings og þegar fjallað er um opinbert mál, sem ákæra hefur verið gefin út í. Ella ákveður forseti, hvort einn embættisdómari eða þrír skipi dóm. Ef mál er umfangsmikið, getur hann ákveðið, að embættisdómari, sem ekki dæmir í máli, að forfallalausu, hlýði á málflutning og taki sæti í dómi, ef embættisdómari forfallast. Dómsformaður stjórnar meðferð máls og skal miða ákvarðanir sínar við, að sem fyrst fáist niðurstaða. Á dómþingum og dómarafundum má enginn taka til máls nema með leyfi dómsformanns.

2) Ef forseti lögréttu situr í dómi, er hann formaður hans í því máli, ella varaforseti. Sé hvorugur þeirra í dómi, er sá formaður hans, sem forseti lögréttunnar nefnir til.

4. gr.

1) Ef dómsmálaráðherra og forseti lögréttu telja óhjákvæmilegt að setja menn til að gegna lögréttudómarastörfum í tilteknu máli eða um tiltekinn tíma, skal ráðherra setja mann, sem fullnægir skilyrðum til að fá skipun í embætti lögréttudómara. Þóknun lögréttudómara, sem settur er til meðferðar tiltekins máls, ákveður forseti lögréttunnar. Dómarinn og dómsmálaráðherra geta krafist úrskurðar forsetans og má kæra þann úrskurð til Hæstaréttar.

2) Ef bæði forseti lögréttu og varaforseti forfallast, setur dómsmálaráðherra mann úr hópi annarra embættisdómara við þá lögréttu til að gegna forsetastarfinu. Skal það að jafnaði gert ef forföll standa lengur en viku.

5. gr.

Þann einn má skipa embættisdómara í lögréttu, sem fullnægir skilyrðum til að vera skipaður héraðsdómari. Embætti skal auglýsa í Lögbirtingablaði, útvarpi og dagblöðum með a. m. k. eins mánaðar umsóknarfresti. Áður en embætti er veitt skal leita skriflegrar umsagnar nefndar 4 lögfræðinga, sem dómsmálaráðherra skipar. Formaður nefndarinnar skal skipaður án tilnefningar til óákveðins tíma. Hvor lögrétta tilnefnir mann til 4 ára í senn í nefnd þessa, en aðeins fulltrúi þeirrar lögréttu, er í hlut á, skal taka þátt í afgreiðslu máls. Einn fulltrúi skal skipaður til 4 ára eftir tilnefningu sýslumanna og bæjarfógeta og einn til sama tíma eftir tilnefningu annarra héraðsdómara. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um val manna í nefndina og starfshætti nefndarinnar. Hann ákveður og þóknun nefndarmanna, sem skal greidd úr ríkissjóði.

6. gr.

1) Dómsmálaráðherra skal víkja lögréttudómara úr embætti um stundarsakir, ef ráðherrann telur dómarann hafa misst almenn dómaraskilyrði, hafa gert sig sekan um misferli í dómarastarfinu og ekki hafa látið skipast við áminningu eða hafa rýrt svo siðferðilegt álit sitt, að óviðeigandi sé, að hann gegni embætti sínu áfram. Höfða skal svo fljótt sem við verður komið mál gegn dómaranum til embættismissis. Dómarinn heldur föstum launum sínum, meðan málssóknin stendur.

2) Dómsmálaráðherra getur veitt settum dómurum og meðdómsmönnum lausn frá dómarastarfinu, ef svo stendur á, sem segir í 1. mgr. Ekki þarf að leita staðfestingar á þeirri ákvörðun með málssókn.

3) Dómari, sem sviptur hefur verið embætti eða starfa eftir þessari grein, getur höfðað mál með venjulegum hætti gegn dómsmálaráðherra um lögmæti lausnarinnar, enda sé það gert innan 6 mánaða frá því, að hún var framkvæmd.

4) Forseti Íslands getur að tillögu dómsmálaráðherra veitt embættisdómurum í lögréttum landsins lausn frá embætti án umsóknar, ef þeir eru 65 ára eða eldri. Sé þetta gert, skulu dómararnir njóta sömu eftirlauna og þeir hefðu fengið, ef þeir hefðu verið í embætti til 70 ára aldurs.

7. gr.

1) Ef deilt er um staðreyndir, sem fram eru bornar sem málsástæður, og embættisdómari, sem einn er í dómi, eða tveir af embættisdómurunum í 3 manna dómi telja þörf sérkunnáttu í dómi, skal formaður hans skipa tvo meðdómsmenn, sem slíka kunnáttu hafa. Hið sama skal gera, ef aðili máls krefst þess, nema allir dómendur í málinu telji það með öllu þarflaust. Þá eina má skipa til meðdómendastarfa, sem hafa nægilegan þroska og heilbrigði, sem eru lögráða og hafa forræði á búi sínu og sem eru á aldrinum 25 til 70 ára, þegar þeir eru skipaðir til starfans. Dómandi og aðili máls geta krafist úrskurðar lögréttu, ef ágreiningur verður um, hvort meðdómsmaður uppfylli þessi skilyrði. Úrskurðinn má kæra til Hæstaréttar.

2) Meðdómsmenn taka sæti í lögréttu ekki síðar en við upphaf aðalflutnings einkamáls, en ella eftir ákvörðun dómsformanns, og eftir það hafa þeir sömu réttindi og skyldur og embættisdómararnir. Ef einn embættisdómari situr í dómi og kveður til meðdómendur, fellur sú skipan niður, ef síðar er um málið fjallað af þremur embættisdómurum. Dómsformaður getur með samþykki forseta eða varaforseta lögréttunnar tilnefnt sérkunnáttumann til að hlýða á málflutning og taka sæti í dómi, ef meðdómandi forfallast.

8. gr.

Dómendur í lögréttu víkja sæti eftir sömu reglum og hæstaréttardómarar. Kröfu um það geta gert allir embættisdómarar í lögréttunni, meðdómsmenn í málinu svo og aðilar þess. Forseti úrskurðar kröfuna.

9. gr.

1) Dómari skal bæta tjón af dómaraverkum sínum, ef hann veldur því af ásetningi eða gáleysi. Um refsiábyrgð fer að lögum.

2) Í Hæstarétti má með dómi í aðalmálinu eða sjálfstætt dæma lögréttudómara til að greiða skaðabætur vegna meðferðar sinna á máli, enda hafi honum verið stefnt til greiðslu bóta. Dómari verður ekki sóttur til bótagreiðslu í héraði vegna dómaraverks, og ekki heldur í lögréttu, nema í sambandi við opinbert mál vegna dómaraverksins eða eftir uppkvaðningu refsidóms gegn honum út af því.

3) Hæstiréttur getur sektað lögréttudómara um 1.000—100.000 kr. vegna dómaraverks með eða án kröfu.

10. gr.

Við hvora lögréttu skal vera skrifstofustjóri, sem dómsmálaráðherra skipar að fenginni tillögu forseta lögréttunnar. Þar skal og vera annað starfslið, eftir því sem heimilað er í fjárlögum. Forseti lögréttunnar skipar það. Hann setur skrifstofustjóranum og öðrum starfsmönnum erindisbréf.

11. gr.

1) Hvor lögrétta hefur þessar bækur: þingbók, dómabók, dagbók, bréfabók og aukatekjubók. Ennfremur skal færð málaskrá. Dómsmálaráðherra setur reglugerð um gerð bókanna, hvers þar skuli getið og um málaskrár. Í reglugerðinni má mæla fyrir um, að bækurnar skuli að einhverju leyti eða öllu vélritaðar. Um hljóðritun og hljóðrit fer eftir einkamálalögum nr. 85/1936. Forseti mælir fyrir um framkvæmd þessarar málsgreinar almennt, en formaður dóms í hverju máli ákveður, hvernig hún skuli framkvæmd í því máli í samræmi við önnur lögleg ákvæði. Bókun er því aðeins skuldbindandi að einkamálarétti, að hún sé undirrituð af þeim, sem skuldbindur sig.

2) Skylt er gegn lögmæltum ritlaunum og innan hæfilegs frests að láta hverjum þeim, sem þess beiðist, í té endurrit eða ljósrit úr dómabókum. Aðilar máls, lögmenn þeirra, þeir, sem gefið hafa skýrslur í máli, aðrir, sem hafa ríka hagsmuni af því svo og þeir, sem til þess hafa samþykki aðila, beggja eða allra, geta með sama hætti fengið endurrit eða ljósrit úr öðrum bókum, málaskrá og málsskjölum. Aðilar eiga rétt á að fá gegn lögmæltri greiðslu staðfestar dómsgerðir vegna málskots til Hæstaréttar Um endurrit eftir hljóðritunum og um rétt til að hlusta á hljóðritanir fer eftir þessari mgr. og ákvæðum einkamálalaga nr. 85/1936.

12. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður að fengnum tillögum viðkomandi lögréttu, hvaða daga, hvar og hvenær dags halda skuli dómþing, og skal þar m. a. kveðið á um þingleyfi. Aukadómþing í Reykjavík og á Akureyri ákveður formaður dóms. Dómsmálaráðherra getur mælt fyrir um regluleg dómþing utan Reykjavíkur og Akureyrar. Dómsformaður getur ákveðið, að einstök þing skuli háð utan þessara staða og að þar skuli farið með tiltekið mál eða hluta þess. Þeirri ákvörðun má hrinda með meirihluta atkvæða í dómi. Ákvarðanir ráðherra um efni þessarar greinar skal birta með auglýsingu í Lögbirtingablaði.

13. gr.

1) Dóma skal jafnan kveða upp í heyranda hljóði á dómþingi. Málsmeðferð fyrir dómi má að öðru leyti vera fyrir luktum dyrum,

a. ef aðilar í einkamáli krefjast þess allir,
b. ef dómendur allir telja þess brýna þörf til að málið verði réttilega rekið og dæmt,
c. ef meirihluti dómenda telur það æskilegt vegna tillits til aðila, vitna eða annarra manna,

d. ef meiri hluti dómenda telur þess þörf vegna atvinnuleyndarmála eða annarra mikilvægra hagsmuna ópersónulegra aðila,
e. ef meirihluti dómenda telur þess þörf vegna almennings hagsmuna eða vegna ríkisleyndarmála.
f. ef meirihluti dómenda telur þess þörf vegna velsæmis.

2) Ákvarðanir um að loka dómþingi skv. 1. mgr. skulu teknar af dómendum í því máli án eða eftir kröfu aðila eða annarra og mega ákvarðanirnar varða málið allt, tiltekið þing eða hluta þess.

3) Formaður dóms getur vísað fólki úr þingsal vegna ósæmilegrar hegðunar þess. Ef sækjanda máls er vísað út, má fella mál hans niður með úrskurði dómenda, ef framferðið þykir sérlega vítavert. Ef verjanda er vísað úr þingsal, má dæma málið, eins og það horfir þá við, enda krefjist sækjandi eða málflutningsumboðsmaður hans þess og ekki sé hætt við verulegum réttarspjöllum, ef þetta er gert.

4) Ef maður ljær hús sitt til þinghalds, getur hann bannað óviðkomandi mönnum aðgang eftir nánari ákvörðun dómsformanns.

5) Dómsformaður getur bannað að viðlögðum sektum að skýra opinberlega frá því, sem fram fer á lokuðu dómþingi eða að gera myndir eða uppdrætti í þingsal eða af því, sem kann að vera þar að sjá. Dómsformaður getur lagt slíkt bann á í opnu þinghaldi, ef skilyrði 1. mgr. eiga við.

6) Ákvarðanir eftir þessari grein skal færa í þingbók.

7) Umræður dómara um mál fyrir og eftir dómtöku þess skulu fara fram fyrir luktum dyrum. Þó geta dómendur ákveðið, að embættisdómari eða sérkunnáttumaður, sem hlýtt hafa á málflutning eftir 3. gr. 1. mgr. eða 7. gr. 2. mgr., starfsmenn lögréttunnar eða lögmenn aðila séu viðstaddir. Allir eru bundnir þagnarskyldu um þessar umræður að viðlagðri refsingu eftir 136. gr. almennra hegningarlaga. Dómsformaður ákveður, hvort funda þessara er getið í dagbók lögréttunnar og hvað um þá er skráð.

8) Skoðunar- og matsgerðir, sem dómendur framkvæma utan dómþinga, skal tilkynna aðilum eða umboðsmönnum þeirra, og eiga aðilar rétt á að vera viðstaddir eða láta umboðsmenn sína vera það, og að koma að munnlegum athugasemdum. Um viðvist annarra fer eftir ákvörðun dómsformanns, en ágreining skulu dómendur úrskurða eftir meginreglum 1. mgr.

9) Aðili máls getur krafist úrskurðar um þau atriði, sem fjallað er um í 1. mgr. sbr. 2. mgr. Hann getur einnig krafist úrskurðar um brottvísun úr dómssal skv. 3. mgr. og um heimild til að vera við skoðunar- og matsgerð. Aðili getur síðan kært úrskurðin til Hæstaréttar, en kæran frestar ekki framkvæmd hans.

14. gr.

1) Þingmálið er íslenska og skal farið eftir 40. gr. einkamálalaga nr. 85/1936, ef annað segir ekki í þessum lögum.

2) Í opinberu máli skal ákærði eiga kost á aðstoð dómtúlks á kostnað ríkissjóðs, eða annars þýðanda, ef dómtúlks er ekki kostur, enda óski ákærði slíkrar aðstoðar, eftir að dómsformaður hefur bent honum á þennan rétt, og geri líklegt, að hann skilji ekki eða tali íslensku. Ef dómendur og lögmenn eru reiðubúnir til að nota annað mál en íslensku og ákærði skilur og talar það mál og dómendur telja rekstur málsins fullnægjandi með þessum hætti á ákærði ekki rétt á framangreindri aðstoð túlks á kostnað ríkissjóðs.

3) Þegar fyrir dóm skulu koma heyrnarlausir menn, mállausir eða aðrir, sem ekki geta skynjað eða tjáð sig með venjulegum hætti, getur dómsformaður kvatt til aðstoðar mann, sem þekkingu hefur til að gera viðstöddum grein fyrir því, sem fram fer Sá sem fyrir dóm skal koma, getur einnig haft með sér slíkan aðstoðarmann með leyfi dómsformanns.

II. KAFLI
Um dómsvald lögréttna landsins.

15. gr.

Lögréttur landsins fjalla um dómsmál ýmist sem fyrsta eða annað dómsstig. Undir hvora lögréttu heyra þau mál, sem skulu eða mega koma fyrir í hennar umdæmi eftir reglum um varnarþing í héraði.

16. gr.

Lögréttur landsins eru fyrsta dómsstig í þeim dómsmálum, sem nú verða talin:

1. Almenn einkamál, nema:
   - 1.1. áskorunarmál skv. lögum nr. 49/1968, enda sé máli lokið eftir 9. eða 10. gr. laganna,
   - 1.2. víxla- og tékkamál,
   - 1.3. barnsfaðernismál,
   - 1.4. mál til ógildingar skjala skv. XIX. kafla laga nr. 85/1936,
   - 1.5. kjörskrármál,
   - 1.6. mál, þar sem aðalkrafa er um greiðslu peninga og fjárhæð lægri en 200 000 krónur. Ef aðili krefst þess við þingfestingu, að slíkt mál fari fyrir lögréttu sem fyrsta dómsstig, skal þannig með það farið,
   - 1.7. mál, sem aðilar semja um eða reka í héraði, enda láti þeir bóka það við þingfestingu þar.
2. Opinber mál, þ. á m. ávana- og fíkniefnamál, sem 1. gr. laga nr. 74/1974 gildir um, enda hafi ákæra verið gefin út og fram fari í málinu sókn og vörn skv. 130. gr. laganna.
3. Opinber mál skv. 2. gr. laga nr. 74/1974, 1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9. eða 10. tölulið.

17. gr.

Í öðrum dómsmálum en talin eru í 16. gr., eru lögréttur landsins annað dómsstig. Þó skulu haldast sérákvæði laga um heimild til að skjóta ákvörðunum Félagsdóms til Hæstaréttar og kirkjudóms til Synodalréttar.

18. gr.

1) Ef mál er lagt fyrir héraðsdóm, sem héraðsdómari telur eiga að fara fyrir lögréttu sem fyrsta dómsstig, skal hann vísa því þangað með bókun og senda lögréttu skjöl málsins. Ef lögrétta telur málið heyra undir héraðsdóm, skal hún vísa því til hans á ný með úrskurði, sem bindur héraðsdómara. Vísa skal málinu til þess dómstóls í héraði, sem það var í upphafi lagt fyrir, nema lögrétta telji honum óheimilt að fjalla um það. Ef fleiri en einn héraðsdómstóll mega þá fara með málið, ákveður lögrétta, hver það skuli gera.

2) Ef mál er lagt fyrir lögréttu, sem hún telur eiga að koma fyrir héraðsdómstól sem fyrsta dómsstig, skal hún vísa því þangað með úrskurði og senda héraðsdómstólnum skjöl málsins, enda er hann bundinn við úrskurðinn. Ef fleiri en einn héraðsdómstóll mega fara með málið, ákveður lögrétta, hver það skuli gera. Þó skal lögrétta fjalla um slíkt mál sem fyrsta dómsstig, ef ljóst er að skipa þarf setudómara til að fara með það í héraði.

3) Ef mál er lagt fyrir lögréttu, sem hún telur eiga að fara fyrir hina lögréttuna, vísar hún því þangað með bókun.

4) Ef héraðsdómari víkur sæti í máli, ákveður dómsmálaráðherra hvort skipa skuli setudómara eða hvort lögrétta fjalli um málið sem fyrsta dómsstig.

5) Ef dómsathöfn er skotið til lögréttu og hún telur, að um sé að ræða mál, sem hún hefði átt að fjalla um sem fyrsta dómsstig skal hún taka við öllu málinu, eins og það er, þegar það kemur til hennar. Um þetta skal ganga úrskurður í lögréttu og

bindur hann héraðsdómstólinn. Ef fullnaðardómur er genginn í héraði, getur lögrétta þó aðeins fjallað um málið sem áfrýjunardómstóll.

6) Úrlausnum héraðsdómara um, að hann skuli dæma mál, verður ekki skotið til æðra dóms. Úrlausnum lögréttu um, að hún skuli dæma mál, verður ekki skotið til Hæstaréttar.

19. gr.

Í lögréttu skal kveða upp úrskurði í sambandi við rannsókn opinbers máls, þótt um atriðið hafi ekki verið fjallað áður í héraði, ef þess er krafist af ríkissaksóknara eða dómsmálaráðherra eða í þeirra umboði.

III. KAFLI
Málsmeðferð á fyrsta dómsstigi.

20. gr.

Þegar lögrétta fjallar um einkamál sem fyrsta dómsstig, skal eftir því sem við getur átt farið eftir löngum um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936 IV.—XIII. kafla svo og XVII.—XIX. kafla nema annað segi í lögum þessum eða öðrum lögum. Í opinberum málum skal eftir því sem við getur átt farið eftir lögum um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 3. gr., III. og IV. kafla, 42. gr., VI.—XIX. kafla svo og lögum um sérstakan dómara og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum nr. 52/1973 sbr. lög nr. 66/1974 5. gr. 2. mgr., nema annað segi í lögum þessum eða öðrum lögum.

21. gr.

Stefna til lögréttu í einkamáli skal vera réttarstefna gefin út af embættisdómara í annarri hvorri lögréttu og þarf ekki að vera um að ræða dómara í þeirri lögréttu, sem máli á að stefna til. Forseti lögréttu getur ákveðið, að tiltekinn dómari eða dómarar í henni skulu annast þetta starf. Stefnu geta einnig gefið út sýslumenn, bæjarfógetar, aðrir héraðsdómarar og skrifstofustjórar lögréttnanna, ef þeir eru lögfræðingar.

22. gr.

Við þingfestingu opinbers máls hjá lögréttu skal þing sótt af hálfu saksóknara. Ef dómsformaður telur þess þörf til skýringar á máli, skal þing sótt af hálfu saksóknara við síðari þinghöld. Ef sækja skal þing af hálfu saksóknara, getur ríkissaksóknari eða sá, sem með málið fer að hans tilhlutun sbr. 20. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, falið hæstaréttar- eða héraðsdómslögmanni að sækja þing fyrir sína hönd. Ef þing er ekki sótt af hálfu saksóknara, þegar svo skal gert skv. þessari grein, skal fresta máli og tilkynna saksóknara um næsta þinghald. Ef þingsókn fellur þá enn niður af hálfu ákæruvaldsins án lögmætra forfalla, skal vísa málinu frá dómi.

IV. KAFLI
Málskot til lögréttu.

23. gr.

1) Heimilt er að skjóta til lögréttna landsins málum samkvæmt því, sem segir í lögum.

2) Þegar lögrétturnar starfa sem áfrýjunardómstólar, sbr. 17. gr., skal farið eftir lögum um málsmeðferð í Hæstarétti, nema annað segi í lögum þessum eða öðrum lögum. 21. gr. gildir um áfrýjunarstefnur til lögréttu.

24. gr.

1) Um kæru og áfrýjun opinberra mála til lögréttnanna fer eftir lögum um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 XXI. og XXII. kafla. Þó skulu ákvæði 180. gr. um ágrip dómsgerða ekki gilda, þegar opinberu máli er áfrýjað til lögréttu, sbr. 45. gr.

2) Heimilt er að skjóta til lögréttnanna úrlausnum héraðsdóms í einkamáli, nema sérákvæði í lögum banni. Þó verður máli ekki skotið til lögréttu, nema krafan í áfrýjunarstefnu nemi a. m. k. 25 000 kr. Ef fleiri en ein krafa eru löglega sóttar í einu máli, skal leggja þær saman við ákvörðun áfrýjunarfjárhæðar. Ef krafa er gerð, en gagngreiðsla jafnframt boðin, skal ekki taka tillit til gagngreiðslu. Ef krafa er um annað en peninga að hluta eða öllu leyti, metur lögrétta að fenginni umsögn aðila, ef þeir kjósa að tjá sig um það atriði, hvort verðmætið svari til 25 000 kr. Áfrýja má máli, sem snýst um lægri upphæð en 25 000 kr., ef úrslit þess eru mikilvæg frá almennu sjónarmiði eða varða sérstaklega mikilvæga hagsmuni aðila. Fá þarf leyfi dómsmálaráðherra eða forseta lögréttunnar til slíkrar áfrýjunar, og verður leyfi annars hvors þeirra ekki hnekkt.

25. gr.

Þegar heimilt er að áfrýja máli, má áfrýja aukamálum þess, svo sem úrskurðum, vitnamálum, eiðsmálum eða matsmálum, svo og aðfarargerðum og uppboðsgerðum, bæði með aðalmálinu og sérstaklega. Þegar slík mál eru sjálfstæð, fer um heimild til áfrýjunar eftir 24. gr.

26. gr.

1) Skjóta má dómsathöfn héraðsdóms til lögréttu í því skyni, að mál verði ómerkt, því verði vísað frá héraðsdómi, því verði vísað heim til löglegrar meðferðar eða dómsathöfn verði breytt að efni. Þegar dómsathöfn héraðsdómstóls er ekki lokadómur í því máli, má og skjóta athöfninni til lögréttu til staðfestingar.

2) Ef lokadómi héraðsdómstóls er skotið til lögréttu, verður því máli ekki vísað heim til löglegrar meðferðar, en dæma skal það að efni til í lögréttu, ef þess er krafist, eða ómerkja dóm úr héraði og vísa málinu frá héraðsdómstóli, ef efni standa til.

27. gr.

1) Báðir aðilar eða allir geta áfrýjað einkamáli, en áfrýjunarmálin skal sameina og flytja í einu lagi fyrir lögréttu.

2) Afsal á rétti til áfrýjunar, hvort heldur er berum orðum eða þegjandi, verður ekki gefið, fyrr en genginn er dómur sá eða úrskurður, sem afsalið á að taka til.

28. gr.

1) Dómsathöfnum, sem ekki sæta kæru eftir 29. gr., má áfrýja innan 3 mánaða frá dómsuppsögu eða lokum dómsathafnar. Þó skal haldast ákvæði 78. gr. hjúskaparlaga nr. 60/1972 og önnur sérákvæði um áfrýjunarfrest.

2) Áfrýjunarleyfi í málum þeim, sem hinn almenni frestur gildir um, getur dómsmálaráðherra veitt næstu 6 mánuði til viðbótar, enda sé leyfisins getið í áfrýjunarstefnu og hún tekin út á næstu 4 vikum eftir útgáfu leyfis, sem ella er fyrirgert.

3) Gagnáfrýjun er heimil 4 vikur eftir birtingu áfrýjunarstefnu þótt áfrýjunarfrestur sé liðinn.

4) Ef ríkar ástæður eru til og lögrétta mælir með því, er dómsmálaráðherra heimilt að veita leyfi til áfrýjunar í allt að 2 ár frá dómsuppsögu eða lokum dómsathafnar. Umsögn lögréttu skal gefin af 3 embættisdómurum, sem forseti hennar nefnir til.

29. gr.

1) Kæru til lögréttu sæta:

1. Úrskurðir héraðsdómara í almennu einkamáli um:
   1.1. að víkja ekki sæti,
   1.2. að mál skuli falla niður eða því vísað frá dómi,

1.3. skyldu vitnis til vitnisburðar, staðfestingu vættis, viðurlög á hendur vitni, vitnaþóknun og önnur atriði, er varða vitnaleiðslu,
1.4. hæfi mats- og skoðunarmanna, skyldu þeirra til starfans, viðurlög á hendur þeim fyrir vanrækslu í starfi, þóknun þeim til handa og önnur atriði, sem varða matsstarfann,
1.5. skyldu gagnaðila eða þriðja manns til að leggja fram skjöl eða aðra hluti og viðurlög vegna tregðu til þess,
1.6. synjun að afla gagna fyrir dómi til tryggingar á sönnun og synjun um öflun gagna erlendis,
1.7. ákvörðun um tryggingu fyrir málskostnaði,
1.8 synjun um að taka stefnu gilda vegna ónógrar málsreifunar,
1.9. synjun að heimila meðalgöngu,
1.10. að frestur skuli veittur,
1.11. réttarfarssektir,
2. Úrskurðir skiptaréttar.
3. Úrskurðir fógetaréttar.
4. Úrskurðir uppboðsréttar.
5. Úrskurðir þinglýsingarréttar.

2) Einnig er hverjum þeim, sem telur héraðsdómara hafa gert á hlut sinn í dómarastarfi, heimilt að kæra hann til lögréttu. Lögrétta getur veitt dómaranum áminningu og lagt fyrir hann, hvernig með mál skuli fara, ef ekki er genginn í því lokadómur héraðsdóms eða framkvæmd dómsathöfn, sem bindur endi á meðferð héraðsdómara á málinu.

3) Ef áfrýjað er dómsathöfn, sem kæra skyldi eftir þessari gr., skal með farið sem áfrýjunarmál. Þó er lögréttu heimilt að ákveða, að frá þeim degi, sem úrskurður hennar er kveðinn upp þar að lútandi, skuli fara með málið sem kærumál. Áður en slíkur úrskurður gengur, skal aðilum heimilað að tjá sig um þetta atriði.

4) Ef kærð er dómsathöfn, sem áfrýja skal, ber að vísa málinu til meðferðar áfrýjunarmála frá þeim degi, sem úrskurður þar að lútandi er kveðinn upp í lögréttu. Áður en slíkur úrskurður gengur, skal aðilum heimilað að tjá sig um þetta atriði.

30. gr.

1) Sá sem að kæra vill dómsathöfn, skal afhenda héraðsdómara kæru, áður en 2 vikur eru liðnar frá uppsögu dómsathafnar, ef hann eða umboðsmaður hans var við hana staddur, en ella áður en 2 vikur eru liðnar frá þeim tíma, er hann eða umboðsmaður hans fékk vitneskju um dómsathöfnina.

2) Þeir sem viðstaddir eru dómsathöfn, geta kært hana með bókun í þingbók, enda eigi þeir aðild.

31. gr.

1) Í kæru sinni skal kærandi greina:
a. Dómsathöfn þá, sem kærð er,
b. Kröfu um breytingar á henni,
c. Ástæður, sem hann reisir kæru sínn á.

2) Kæru má styðja með tilvísun til málsatvika, sem hafa ekki áður verið borin fyrir, svo og með nýjum sönnunargögnum. Ef kærandi vill bera fyrir sig nýtt sönnunargagn, skal það nefnt í kæru og tilgreint, hvað ætlunin er að sanna með því. Skriflegt sönnunargagn skal fylgja í frumriti eða staðfestu eftirriti.

3) Kærandi eða umboðsmaður hans skal undirrita kæru.

4) Kærandi skal senda héraðsdómara lögmælt dómgjöld með kæru.

32. gr.

Ef héraðsdómari telur kæru of seint fram komna eða ekki frá henni gengið með lögmæltum hætti, skal hann benda kæranda á þessi atriði, en senda kæruna

engu að síður, ef kærandi breytir henni ekki eða afturkallar. Ef héraðsdómari telur kæruna ekki vera reista á neinum haldbærum rökum, getur hann lagt fyrir kæranda, ef gagnaðili krefst þess, að setja tryggingu vegna hugsanlegs tjóns og óhagræðis gagnaðila. Tryggingu skal setja innan 2 daga frá úrskurði dómara þar að lútandi, ella skal ekki sinna kæru. Bætur til gagnaðila skal ákveða í dómi lögréttu í kærumálinu.

33. gr.

Dómari gefur út, svo fljótt sem kostur er, endurrit í þremur eintökum af öllu, sem skjöl málsins og bækur dómsins hafa að geyma um kæruefnið. Honum er heimilt að láta fylgja hverju eintaki athugasemdir sínar. Síðan sendir dómari eitt eintakið til lögréttu, en tilkynnir aðilum eða umboðsmönnum þeirra, að þeirra eintök séu tilbúin til afhendingar.

34. gr.

Aðilum er heimilt að afhenda lögréttu skriflegar greinargerðir í kærumáli. Þar má bera fram nýjar málsástæður og sönnunargögn. Tilgreina skal, hvað sanna á með slíku sönnunargagni, og skriflegt sönnunargagn skal fylgja í frumriti eða staðfestu eftirriti. Frestur til greinargerðar er ein vika frá því að endurrit skv. 33. gr. voru tilbúin til afhendingar. Þó skal tekið við greinargerð síðar, ef mál hefur ekki verið dæmt í lögréttu, þegar hún berst. Ef lögrétta telur ástæðu til, skal gefa aðilum máls og héraðsdómara kost á að gera skriflegar athugasemdir innan tiltekins frests vegna greinargerðar.

35. gr.

Ef lögrétta telur ekki frá kæru gengið með lögmæltum hætti, má veita kæranda frest til að bæta úr því, sem ábótavant þykir. Ef kærandi fer ekki eftir leiðbeiningum lögréttu, getur hún vísað kærunni frá.

36. gr.

1) Lögrétta getur gefið aðilum kærumáls kost á að leggja fram frekari gögn um tiltekin atriði.

2) Að jafnaði fer ekki fram málflutningur í kærumálum, en þó getur lögrétta gefið aðilum kost á því.

37. gr.

Lögrétta kveður á um greiðslu kostnaðar af kæru.

38. gr.

Lögrétta kveður upp dóm í kærumáli skv. skjölum þess eða flutningi, ef hann hefur farið fram. Dóm skal kveða upp svo fljótt sem kostur er. Lögrétta skal þegar í stað senda héraðsdómara dóminn.

39. gr.

1) Áfrýjunarstefna skal samin af áfrýjanda eða umboðsmanni hans og afhent þeim, sem hana má gefa út skv. 23., gr. sbr. 21. fyrir lok áfrýjunarfrests eða áður en fjórar vikur eru liðnar frá veitingu áfrýjunarleyfis skv. 2. og 4. mgr. 28. gr.

2) Í áfrýjunarstefnu skal greina:

a. Þann dóm eða dómsathöfn, sem skotið er til lögréttu, og skal dómsorð eða ályktunarorð tekið orðrétt í stefnu.
b. Nöfn áfrýjanda og stefnda og heimili.
c. Í hvaða skyni áfrýjað er og hvaða dómkröfur áfrýjandi gerir.
d. Þingfestingardag.

3) Útgefandi stefnu ákveður þingfestingardaginn með tilliti til þeirra stefnufresta, sem stefndu eiga rétt til skv. lögum um meðferð mála í héraði. Útgefandi undirritar stefnuna.

40. gr.

Ef mál, sem skotið hefur verið til lögréttu innan lögmælts frests, fellur þar niður, það er fellt þar niður eða því er vísað frá dómi, er aðila rétt að skjóta því aftur til lögréttu, þó að áfrýjunarfrestur skv. 28. gr. sé liðinn, enda sé áfrýjunarstefna gefin út að nýju innan 4 vikna frá uppsögu dóms um niðurfellingu máls eða frávísun. Heimild þessari verður aðeins beitt einu sinni um hvert mál.

41. gr.

Ef áfrýjandi vill gera kröfu á hendur dómara um refsingu, skaðabætur eða áminningu, sbr. 9. gr., skal stefna honum fyrir lögréttu.

42. gr.

1) Áfrýjandi skal við þingfestingu leggja fram áfrýjunarstefnu með birtingarvottorði eða árituðu vottorði málflutninsumboðsmanns stefnda um, að fallið sé frá birtingu, svo og skriflega greinargerð. Í henni skal greint frá aðilum, málflutningsumboði, sem má veita fleirum en einum löghæfum manni, kröfum áfrýjanda, nýjum sönnunargögnum, svo og málsástæðum, sem skýra skal frá í stuttu máli. Þar skal þess og getið sérstaklega, ef óskað er eftir því, að munnlegar skýrslur séu gefnar á dómþingi lögréttu. Staðfestar dómsgerðir úr héraði skal leggja fram þegar er þær liggja fyrir.

2) Nýjum kröfum getur áfrýjandi komið að í lögréttu, ef gagnaðili samþykkir eða lögréttuleyfi fæst til þess, en ekki skal veita slíkt leyfi, nema afsakanlegt þyki, að krafa var ekki gerði í héraði með þeim hætti, sem gert er í lögréttu. Lögrétta skal þegar ákveða með úrskurði, hvort nýjum kröfum megi koma að. Nýjum málsástæðum má koma að í lögréttu, svo og nýjum sönnunargögnum. Aðila er heimilt að leggja fram skriflega aðilaskýrslu, enda komi hún fram við þingfestingu.

3) Stefndi í lögréttu hefur sama rétt og áfrýjandi til að gera nýjar kröfur, bera fram nýjar málsástæður og leggja fram ný sönnunargögn, svo og aðilaskýrslu, sem koma skal fram um leið og greinargerð af hans hálfu. Greinargerð stefnda skal að jafnaði lögð fram ekki síðar en mánuði eftir þingfestingu.

43. gr.

Þegar máli er skotið til lögréttu úr héraði, skal beita 22. gr. laga þessara.

V. KAFLI
Almenn ákvæði.

44. gr.

1) Skjöl skal leggja fyrir lögréttu í 4 eintökum, en 3 þeirra mega vera óstaðfest endurrit. Í kærumálum nægir eitt eintak, nema dómsformaður ákveði annað.

2) Um skjöl, sem lögð eru fram í lögréttu, skal beita 43. gr. laga um meðferð einkamála í héraði.

45. gr.

Ef dómsformaður telur mál torvelt yfirlits, t.d. vegna skjalafjölda, umfangs eða margbreytilegra atvika, er honum heimilt að leggja fyrir aðila eða umboðsmenn þeirra að láta margfalda ágrip dómsgerða, skjalaskrá með eða án efniságripa eða skrá um, hvar í skjölum málsins er vikið að framkomnum málsástæðum. Dómsformaður mælir nánar fyrir um skrár þessar og hvor eða hver aðila skuli gera þær að öllu eða nokkru. Sá aðili, sem slíka skrá gerir, greiðir kostnaðinn um sinn, en taka skal tillit til hans við ákvörðun málskostnaðar.

46. gr.

1) Formaður dóms skal leita sátta í einkamáli, sem kemur fyrir lögréttu, svo og í opinberu máli, ef það er heimilt að lögum. Telji hann ljóst, að sáttatilraun sé tilgangslaus, má hann fella hana niður. Ekki varðar það frávísun í hæstarétti, þótt sátta sé ekki leitað eftir þessari málsgrein.

2) Dómarar í lögréttu skulu ekki veita aðilum upplýsingar til leiðbeiningar þeim um lögfræðileg atriði. Ef sýnt þykir, að ólögfróður aðili, sem flytur sjálfur mál sitt, geti orðið fyrir verulegum réttarspjöllum vegna kunnáttuleysis síns, ber dómsformanni að benda honum á, að hann þurfi aðstoð. Ef sérstaklega stendur á, getur dómsformaður með atbeina forseta lögréttunnar gert ráðstafanir til, að embættisdómari, sem ekki dæmir í því máli, veiti aðila leiðbeiningar með sama hætti og dómari í héraði, eða að ritari lögréttunnar geri það, ef hann er lögfræðingur

47. gr.

1) Ef ætla má, að formgallar kunni að vera á máli, skal um það fjallað í upphafi málsmeðferðar. Gefa skal aðilum eða lögmönnum þeirra kost á að tjá sig um þetta atriði, ef dómurinn telur ástæðu til. Bóka skal kröfur þeirra. Síðan skal dómurinn kveða upp úrskurð, ef hann hafnar fram kominni frávísunarkröfu, en dóm, ef hann tekur hana til greina. Þó skal heimilt að fresta ákvörðun um frávísunarkröfu, ef það þykir hentugra vegna sambands form- og efnishliðar máls. Úrskurður um, að máli skuli ekki vísað frá dómi, bindur ekki lögréttuna, þegar ljúka skal máli með dómi, ef nýjar upplýsingar hafa komið fram um atriði, sem lögð voru til grundvallar í úrskurðinum.

2) Ef frávísunardómur lögréttu er að öllu eða nokkru felldur úr gildi í Hæstarétti, skal lögréttan taka málið til efnismeðferðar að nýju, þegar þess er krafist af aðila.

48. gr.

1) Veita skal fresti til gagnaöflunar, ef þörf er á og óskað er eftir. Ber báðum aðilum að nota sama frest jöfnum höndum, eftir því sem við verður komið. Telji dómendur, að meðferð máls hafi dregist úr hömlu af völdum aðila eða lögmanna þeirra, mega þeir þar synja um frest, þó að aðilar séu sammála um hann.

2) Dómendur skulu fylgjast með máli, leitast við að skýra það með spurningum og benda aðilum eða lögmönnum þeirra á að afla gagna, eftir því sem þeir telja tilefni til. Í einkamálum ákveða aðilar sjálfir, hverjar málsástæður þeirra eru og hvaða sönnunargögn þeir bera fram. Hið sama gildir um handhafa ákæruvalds í opinberum málum, þegar þing skal sótt af hálfu ákæruvaldsins, sbr. 22. og 45. gr. Þurfi ekki að sækja þing af þess hálfu, skal fresta máli og boða fulltrúa saksóknara í næst þinghald, ef dómendur telja ástæðu til að fá yfirlýsingu hans um kröfur, málsástæður eða sönnunargögn.

49. gr.

1) Að lokinni öflun gagna ákveða dómendur, hvort mál skuli flutt munnlega eða skriflega. Að jafnaði skal mál flutt munnlega, nema dómendur telji það skýrast betur með skriflegum flutningi eða sérstaka hættu vera á, að munnlegur flutningur geti ekki farið fram á viðunandi hátt af öðrum ástæðum.

2) Málflutningur fer fram á dómþingi, hvort sem um er að ræða munnlegan flutning eða framlagningu skjala í skriflegum flutningi. Dómsformaður stýrir flutningi og gætir þess, að hann sé sem gleggstur og hóflega langur. Allir dómendur geta beint spurningum til þeirra, sem mál flytja. Ef aðilar eru sjálfir viðstaddir flutning, mega þeir taka til máls einu sinni hver eftir nánari ákvörðun dómsformanns, og beina má spurningum til þeirra. Annars má við flutning máls flytja tvær ræður af hálfu hvers aðila, sem hefur sérstakan málflutningsmann, eða leggja fram tvö málflutningsskjöl innan frests, sem dómsformaður ákveður. Í málflutningi skal skýra kröfur aðila, málsástæður og lagarök.

50. gr.

1) Í einkamálum mega dómendur ekki fara út fyrir kröfur aðila í dómum sínum eða úrskurðum nema um atriði sé að tefla, sem þeir skulu taka til greina af sjálfsdáðum. Ef krafa er ekki gerð í stefnu (framhaldsstefnu), skal vísa henni frá dómi, nema gagnaðili samþykki, að hún komist að. Þetta skal einnig gilda um hækkanir á kröfu og aðrar breytingar kröfugerðar gagnaðila í óhag. Ekki mega dómendur heldur byggja dóm sinn eða úrskurð á málsástæðu eða mótmælum, sem ekki hafa komið fram, þótt svo hefði getað verið. Telji dómendur, að af skjölum málsins megi sjá, að atvik hafi gerst, er hefði mátt bera fram sem málsástæðu án þess það hafi verið gert, mega þeir byggja dóm á þessum atvikum, ef þeir telja ljóst, hver þau voru og aðilar hafi ekki óskað að fram hjá þeim væri horft. Ef dómendur telja ella, að veruleg réttarspjöll verði, ef ekki er tekið tillit til slíkra atvika, geta þeir bent aðilum á þau og gefið þeim kost á að flytja málið á grundvelli þeirra.

2) Ef dómendur telja eftir dómtöku, að verulega bresti á upplýsingar um málavexti, málsástæður eða kröfur, er þeim heimilt að gefa aðilum kost á að bæta úr því, ef réttarspjöll yrðu ella veruleg. Slík endurupptaka eftir dómtöku skal þó ekki fara fram, ef ljóst er, að hún myndi raska grundvelli málsins verulega, en heimilt er að vísa málinu frá dómi vegna vanreifunar, ef þannig stendur á og það þykir sanngjarnt eftir atvikum. Ef endurupptaka fer fram eftir þessari málsgrein, skal hún framkvæmd með bókun á dómþingi og gefa skal aðilum kost á að flytja málið á ný, nema ekkert það hafi komið fram, sem gefi tilefni til frekari skýringa.

3) Í opinberum málum má ekki dæma sökunaut fyrir aðra hegðun en þá, sem í ákæruskjali greinir, né dæma aðrar kröfur á hendur honum. Þó má dæma honum áfall, þótt aukaatriði brots, svo sem staður og stund þess, séu ekki skýrt eða rétt greind, enda telji dómari, að vörn verði ekki áfátt þess vegna. Dómari getur gefið sökunaut, verjanda og sækjanda, færi á því að tjá sig um sakaratriði að þessu leyti, ef þurfa þykir. Undir sama skilorði má dæma eftir öðrum refsiákvæðum en greind eru í ákæru.

4) Ef dómendur hafa bent aðilum eða lögmönnum þeirra á að afla gagna, en því hefur ekki verið sinnt, má að loknum flutningi vísa málinu frá dómi eða skýra viðbrögð gagnaðila í hag, eftir því sem við þykir eiga eftir málavöxtum. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda þó ekki, ef ábendingu hefur verið beint að sökunaut í opinberu máli eða verjanda hans.

51. gr.

1) Þegar lögrétta er fjölskipaður dómur, skal halda dómarafundi eftir þörfum utan þinghalda fram að dómtöku. Dómsformaður boðar fundina og stýrir þeim.

2) Eftir dómtöku skulu dómendur ræða málið á fundum. Dómsformaður boðar fundi og stýrir þeim. Hann skal með spurningum til dómenda leitast við að fá fram skoðanir þeirra og gera síðan munnlega tillögu um meginatriði dóms. Að því búnu skal sá af dómendum sem dómsformaður kveður til, semja skrifleg frumdrög dóms, sem leggja skal fyrir dómendur. Að lokinni umræðu þeirra um frumdrögin skal ganga til atkvæða um úrskurðinn eða dóminn. Dómsformaður ákveður, hvernig því skuli hagað, en meirihluti dómenda getur hnekkt ákvörðun hans. Ef meirihluti er fyrir niðurstöðu en ekki forsendum, skal niðurstaðan verða dóms- eða úrskurðarorð. Fáist ekki meirihluti í opinberu máli eða öðru refsimáli um refsingu, skal telja atkvæði þau, sem hagstæðust eru sökunaut, með næsthagstæðustu atkvæðunum, þar til meirihluti hefur fengist. Fáist ekki meirihluti í dómsmáli um fjárhæð bóta, skal telja atkvæði þau, sem hagstæðust eru bótakrefjanda, með næsthagstæðustu atkvæðunum, þar til meirihluti hefur fengist. Dómsformaður telur atkvæði og ræður afl atkvæða úrslitum. Dómendur, sem standa að niðurstöðu þeirri, sem verður dómur eða úrskurður, ganga í sameiningu frá dómi eða úrskurði. Ef dómari hefur

greitt atkvæði með heimvísun máls, ómerkingu eða frávísun, en orðið í minnihluta, skal hann greiða atkvæði um efni málsins, eftir því sem við á. Sératkvæði geta allir dómendur látið fylgja dómi, hvort sem þeir eru sammála niðurstöðu hans eða ekki. Dómi eða úrskurði geta dómendur einnig látið fylgja stutta munnlega athugasemd, sem bera skal fram við uppsögu og bóka í þingbók.

52. gr.

Efni dóms eða úrskurðar, þ. á. m. um aðfararfrest, má vera það, sem lög mæla fyrir um varðandi héraðsdóma og úrskurði, sbr. og 26. gr. um áfrýjanir og kærur úr héraði.

53. gr.

Úrskurður lögréttu skulu vera skriflegir. Þar skal greina niðurstöðu án forsendna. Úrskurði má skrá í þingbók.

54. gr.

1) Dómar lögréttu skulu vera skriflegir og í þeim vera dómsorð ásamt forsendum.

Í forsendum skal greina:

a. Nöfn, heimili og nafnnúmer aðila.
b. Númer máls skv. þingbók lögréttu.
c. Stað og stund, þegar dómur er kveðinn upp í lögréttu.
d. Dómtökudag og stað, ef hann er ekki aðsetursstaður lögréttu.
e. Nöfn dómenda, hver dómsformaður er og starfsheiti meðdómenda.
f. Fyrri úrskurði og dóma um atvik málsins bæði í héraði, lögréttu og Hæstarétti, eftir því sem við á.
g. Kröfur aðila og annarra.
h. Málsástæður í megindráttum, svo og önnur atvik, ef þess þykir þörf vegna samhengis.
i. Lagarök aðila í stuttu máli.
j. Rökstudda niðurstöðu dóms um sönnunaratriði.
k. Rökstudda niðurstöðu dóms um lagaatriði.
l. Réttarfarssektir og bætur vegna málsmeðferðar.
m. Í opinberum málum skal geta skilorðs, refsikenndra viðurlaga og vararefsingar.
n. Máls- og sakarkostnað.

Um f—m má vísa til héraðsdóms, eftir því sem við á.

2) Í dómsorði skal greina:

a. Sýknu, þegar sýknað er með öllu af efniskröfum.
b. Aðalniðurstöðu máls, þ. á m. það, sem fullnægja skal með aðför.
c. Aðildareið.
d. Aðfararfrest, nema óþarft sé að lögum.

55. gr.

1) Dóma og úrskurði skal kveða upp svo fljótt sem unnt er að loknum málflutningi. Dómsorð eða úrskurðarorð skal þá lesið í heyranda hljóði á dómþingi.

2) Um birtingu dóms í opinberum málum fer eftir ákvörðun saksóknara.

56. gr.

1) Um réttaráhrif og sönnunargildi ákvarðana lögréttu fer eftir ákvæðum um ákvarðanir héraðsdómstóla, en ákvarðanir lögréttu ganga fyrir þeim.

2) Innan 3 mánaða frá dómsuppsögu getur aðili óskað leiðréttinga á því, sem segir í forsendum dóms um atvik eða lagarök. Dómsformaður í málinu skal, ef

hann telur koma til greina að gera breytingar á dómi um þessi atriði, leita álits annarra aðila og setja þeim frest til svara. Síðan geta dómendur í málinu breytt dómi eftir ósk aðila. Ákvörðun dómenda um synjun á breytingu eða um efni breytinga skal dómsformaður tilkynna aðilum eða umboðsmönnum þeirra á dómþingi eða með stefnuvottum. Ákvörðuninni verður ekki skotið sérstaklega til Hæstaréttar.

3) Um málskot til Hæstaréttar fer eftir hæstaréttarlögum.

57. gr.

1) Forsetar lögréttnanna hlutast til um, að samdar séu ársskýrslur um starfsemi lögréttna landsins. Dómsmálaráðherra skal kveða á um gerð skýrslnanna í reglugerð, eftir að leitað hefur verið umsagna lögréttnanna og Hagstofu Íslands.

2) Forsetar lögréttnanna hlutast til um, að dómsmálaráðherra og allsherjarnefndum Alþingis séu gefnar skýrslur um starfsemi lögréttnanna og einstök og einstök dómsmál, sem þær fjalla um eða hafa fjallað um, ef þessir aðilar beiðast slíkra upplýsingar.

3) Dómsmálaráðherra er heimilt að gefa út eða semja við aðra um að gefa út árbækur lögréttnanna, þar sem m.a. má birta dóma, sem þykja hafa sérstaka þýðingu, ásamt öðrum upplýsingum um mál, svo sem um gerðardómsmeðferð, og skýringar á dómum.

4) Óheimilt er að birta opinberlega nöfn aðila í barnsfaðernismálum, hjúskaparmálum, málum um véfengingu faðernis og öðrum málum, sem mjög varða friðhelgi einkalífs að mati forseta lögréttu. Einnig er óheimilt að birta opinberlega nöfn þeirra, sem verða fyrir broti, er fjallað er um af lögreglu eða dómstólum. Viðkomandi menn geta heimilað birtingu nafna sinna eða fyrirtækja og stofnana. Nöfn, sem ekki má birta opinberlega skv. þessari málsgrein, skulu ekki koma fram í endurritum dóma, sem afhent eru öðrum en þeim, er rétt eiga til að fá endurrit allra skjala máls skv. 11. gr.

58. gr.

Um endurupptöku dæmdra mála í lögréttum landsins fer eftir lögum um málsmeðferð í héraði að breyttum breytanda.

VI. KAFLI
Gildistaka o. fl.

59. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1978.

60. gr.

1) Ákvæði 2. gr. laga þessara um fjölda embættisdómara skulu koma til framkvæmda, þegar lög þessi öðlast gildi. Þó er dómsmálaráðherra heimilt að fresta skipun allt að 5 dómara í lögréttu suður- og vesturlands til 1. janúar 1983.

2) Þegar embættisdómarar í lögréttum landsins eru skipaðir í fyrsta sinn, skal umsagnarnefnd eftir 5. gr. laga þessara skipuð 4 mönnum, er dómsmálaráðherra nefnir til. Í stað fulltrúa lögréttu þeirrar, sem í hlut á, kemur lögfræðingur tilnefndur af Hæstaréti, og fjallar hann um umsóknir í embætti við báðar lögréttunar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Réttarfarsnefnd hefur samið frumvarp þetta, og lét hún fylgja því svohljóðandi greinargerð:

Hinn 6. október 1972 skipaði Ólafur Jóhannesson dómsmálaráðherra nefnd til að endurskoða dómstólakerfi landsins og til að kanna og gera tillögur um, hvernig

breyta megi reglum um málsmeðferð í héraði til þess að afgreiðsla mála verði hraðari. Í nefndina voru skipaðir Björn Sveinbjörnsson hæstaréttarlögmaður (nú hæstaréttardómari), formaður, Björn Fr. Björnsson sýslumaður, Sigurgeir Jónsson bæjarfógeti og Þór Vilhjálmsson prófessor (nú hæstaréttardómari). Þorleifur Pálsson fulltrúi í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu hefur frá upphafi verið starfsmaður nefndarinnar. Nefnd þessi, sem kölluð hefur verið **réttarfarsnefnd**, hefur samið umsagnir um nokkur mál, sem til hennar hefur verið vísað. Þá samdi nefndin lagafrumvörp um breytingar á lögum um meðferð opinberra mála (lög nr. 61/1974) og um breytingar á lögum um meðferð einkamála í héraði. Er það frumvarp um notkun hljóðritunartækja í réttarhöldum o. fl., en hefur ekki verið lögtekið. Aðalverkefni réttarfarsnefndar hefur þó verið að gera tillögur um víðtækari lagabreytingar í samræmi við skipunarbréfið. Tillögurnar liggja nú fyrir í 5 frumvörpum, en þau eru:

Frumvarp til lögréttulaga.

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði.

Frumvarp til laga um rannsóknarlögreglu ríkisins.

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 74 21. ágúst 1974 um meðferð opinberra mála.

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 74 27. apríl 1972 um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl.

Þó að meginmarkmið þessara frumvarpa allra sé hið sama, bætt dómsýsla, mynda þau ekki eina heild. Telur réttarfarsnefnd að lögtaka mætti t.d. tvö hin fyrstu eða þrjú hin síðustu, þó að hin frumvörpin næðu ekki fram að ganga um leið.

Aðaltillögur réttarfarsnefndar.

Svo sem brátt verður nánar rætt, eru aðaltillögur réttarfarsnefndar þær, að stofnaðir verði tveir nýir dómstólar, sem nefndin leggur til að kallist **lögréttur**. Dómstólar þessi skulu aðallega starfa í Reykjavík og á Akureyri, en umdæmi þeirra vera landið allt. Þeir skulu fjalla um hin stærri mál sem fyrsta dómsstig, en um önnur mál sem annað dómsstig, áfrýjunardómstóll. Er lögrétta hefur fjallað um mál sem áfrýjunardómstóll, ætti yfirleitt ekki að mega skjóta því til Hæstaréttar nema í undantekningartilvikum. Þetta þýðir, að dómsstig yrðu 3 hér á landi, en hvert mál gæti þó að jafnaði aðeins farið fyrir tvö þeirra. Er þetta sami háttur og tíðkast í Danmörku. Í Svíþjóð hafa nýlega verið gerðar lagabreytingar, sem stefna að því, að sárafá mál fari fyrir Hæstarétt, en þar verða hins vegar öll mál að byrja í héraði. Í Noregi og Finnlandi er það aðalreglan, að mál geti farið fyrir 3 dómsstig. — Önnur meginhugmynd réttarfarsnefndar er sú, að stofnuð verði **rannsóknarlögregla ríkisins** og skipulagi á ransóknum opinberra mála breytt, ekki síst í Reykjavík. Í þriðja lagi er lagt til, að allverulegar **breytingar verði á skiptingu starfa á milli rannsóknarlögreglu og dómstóla** og dregið út þátttöku dómara í rannsókn mála. Loks er í fjórða lagi lagt til, að breytingar verði á reglunum um meðferð einkamála í héraði. Skiptir þar mestu, að tillaga er gerð um svonefndan **aðalflutning** munnlega fluttra einkamála, þar sem skýrslutaka og málflutningur fari fram í einni lotu. Einnig eru gerðar tillögur um nýjar reglur um **samningu dóma**. Eiga þessar reglur að stuðla að því, að dómar styttist og jafnframt sá tími, sem þarf til að semja þá. — Margt það, sem réttarfarsnefnd leggur til, hefur áður verið lagt fyrir Alþingi í sömu eða svipaðri gerð. Annað hefur verið rætt meðal lögfræðinga og almennings.

Stutt sögulegt yfirlit.

Eftir lögtöku Jónsbókar 1281 voru dómsstig að jafnaði 2 í veraldlegum málum, héraðsdómur og lögrétta, en málum mátti síðan skjóta til konungs. Árið 1314 var

einnig heimilað að skjóta stórmálum beint til hans. — Héraðsdómur var skipaður 6 eða 12 mönnum, sem sýslumaður nefndi til. Ekki sat sýslumaður sjálfur í dómi, en oft er þess getið, að hann hafi samþykkt dóma. Sakamál rannsökuðu sýslumenn, og þeir framkvæmdu ýmis störf til undirbúnings sjálfum dómsstörfunum, og má ætla, að í raun hafi þeir oft ráðið mestu um úrslit dómsmála. Héraðsdómum mátti áfrýja til lögréttu. Þó nefndu lögmenn stundum dóma í héraði í stað sýslumanna, og þá gat lögrétta ekki breytt dómi, en ahugað þá og lagt til, að málinu yrði skotið til konungs. Í lögréttu áttu sæti 36 menn, þrír úr hverju hinna 12 þinga, og voru þeir tilnefndir af lögmönnum og sýslumönnum. Í hverju máli dæmdu ýmist 6, 12 eða 24 menn eftir mikilvægi mála, og voru þeir tilnefndir af lögmönnum úr hópi lögréttumanna. Sum mál komu ekki fyrir dóm í héraði, en gengu beint til lögréttu. Voru það einkum stærri mál.

Árið 1563 var ákveðið að stofna nýjan dómstól hér á landi, og skyldi mega skjóta þangað málum frá lögréttunum. Þessi dómstóll, yfirrétturinn, starfaði á Alþingi eins og lögrétturnar og var æðsti umboðsmaður konungs á landinu forseti hans. Dómendur voru upprunalega 24, en þeim var fækkað á 18. öld. Starfsemi þessa áfrýjunardómstóls var óregluleg framan af.

Réttarfarsreglur Jónsbókar voru í gildi fram yfir aldamótin 1700, en snemma á 18. öld voru reglur Norsku laga Kristjáns V. frá 1688 um réttarfar lögteknar hér á landi. Er venjulega talið, að það hafi verið gert með konungsbréfi 2. maí 1732. Nefndadómarnir, sem fyrirmæli eru um í Jónsbók, voru lagðir niður, en yfirréttur inn starfaði þó áfram sem fjölskipaður dómur. Í héraði urðu sýslumenn einir dómarar, en í stað lögréttnanna tóku lögmennirnir við dómstörfunum. Lögréttumennirnir urðu þingvottar.

Með tilskipun 11. júlí 1800 var dómaskipan gerbreytt. Yfirrétturinn var lagður niður og lögþingin eða lögþingisréttirnir, en svo voru dómstólarnir á Alþingi nefndir, sem lögmennirnir sátu í. Jafnframt var tekð fram, að Alþingi á Þingvöllum skyldi lagt niður. Í stað yfirréttarins og lögþinganna var stofnaður landsyfirréttur í Reykjavík. Var það áfrýjunardómstóll, sem starfaði allt árið. Dómum hans mátti skjóta til Hæstaréttar í Kaupmannahöfn. Þetta skipulag hélst, uns ákveðið var með heimild í 10. gr. sambandslaganna frá 1918 að afnema dómsvald Hæstaréttar í Kaupmannahöfn í íslenskum málum. Var þetta gert með lögum nr. 22/1919, sem tóku gildi 1920. Hæstiréttur Íslands var stofnaður, en landsyfirrétturinn lagður niður. Dómstig urðu tvö í stað þriggja, og er svo enn.

Í nútímaréttarfari er gerður munur á einkamálum og opinberum málum. Opinber mál eru þau, sem handhafar ríkisvaldsins (langoftast ríkissaksóknari) höfða til refsingar lögum samkvæmt. Hér á landi verður einnig að telja til opinberra mála nokkra flokka, sem skv. 2. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 skulu sæta rannsókn og meðferð eftir lögunum. Meðal þessara málaflokka eru mál til sviptingar lögræðis og rannsóknir slysa og annarra ófara. Öll önnur dómsmál teljast einkamál. Þær meginreglur gilda um þessa tvo flokka dómsmála, að í opinberum málum eru það embættismenn, sem ákveða, hvort mál skuli höfðað, þeim ber að leita allra ráða til að afla gagna og þeim ber að sanna sekt sökunauts. Í einkamálum eru það aðilarnir, sem oftast eru einstaklingar eða félög, sem ákveða, hvaða kröfur skuli gerðar, hvaða gögn lögð fram og hvort á þeim er byggt. Í opinberum málum er gerður munur á rannsóknarréttarfari og ákæruréttarfari. Í rannsóknarréttarfari, sem rekja má til starfsaðferða dómstóla kaþólsku kirkjunnar, er dómarinn í senn rannsóknarmaður, ákærandi og dómari. Í ákæruréttarfari er dómarinn hlutlaus aðili, en ákærandi flytur mál gegn hinum ákærða.

Munur á opinberum málum og einkamálum var lengi óljós, og svo er enn í réttarfarsreglum Norsku laga Kristjáns V. Smám saman kom þessi munur þó fram, aðallega fyrir venju, og á 18. öld var rannsóknarréttarfar tekið upp í opinberum málum stig af stigi. Má segja, að hér á landi hafi það verið komið á að fullu um aldamótin 1800. Hélst það síðan óbreytt í höfuðatriðum til 1951, er sett voru lög

um meðferð opinberra mála. Þó var þá haldið í meginreglur rannsóknarréttarfarsins. Sérstakur saksóknari fékk ákæruvald 1961, en réttarfar í opinberum málum hér á landi ber að engu að síður ýmis merki rannsóknarréttarfarsins, sem talið er ótækt í grannalöndum okkar.

Í grundvallarlögum Dana frá 1849 var kveðið á um endurskoðun réttarfars í anda nýrra hugmynda. Var unnið að þeirri endurskoðun í rúmlega 60 ár, og skiptir hún verulegu máli hér á Íslandi. Ýmsir lagabálkar, sem samdir voru í Danmörku, voru lögteknir hér á landi, og eru flestir enn í gildi, þ.e. skiptalög okkar, lögtakslög, aðfararlög og að nokkru gjaldþrotaskiptalög. Aðallagabálkur Dana á þessu sviði, réttarfarslögin frá 1916, hefur einnig haft áhrif á íslensk lög, sem síðar hafa verið sett.

Réttarfarslöggjöf hér á landi var endurskoðuð á áföngum frá 1878 til 1951. Má segja, að þessi endurskoðun hæfist með þeirri lögtöku danskra frumvarpa, sem getið var hér að framan, fyrst skiptalaga nr. 3/1878. Endurskoðuninni lauk, er samþykkt voru heildarlög um meðferð opinberra mála nr. 27/1951. Hér á landi er löggjöfin á þessu sviði ekki jafnsamfelld og á hinum Norðurlöndunum, en nokkuð er henni þar hagað með mismunandi hætti að formi til. Helstu íslensku lögin eru þessi:

Lög um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl. nr. 3/1878.
Lög um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar nr. 29/1885.
Lög um aðför nr. 19/1887.
Lög um nauðasamninga nr. 19/1924.
Lög um gjaldþrotaskipti nr. 25/1929 (áður lög nr. 7/1894.
Lög um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936.
Lög um málflytjendur nr. 61/1942.
Lög um kyrrsetningu og lögbann nr. 18/1949.
Lög um nauðungaruppboð nr. 57/1949.
Lög um sölu lögveða án undangengis lögtaks nr. 49/1951.
Lög um áskorunarmál, viðauki við lög nr. 85, 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði, nr. 49/1968.
Lög um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl. nr. 74/1972.
Lög um sérstakan dómara og rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnamálum nr. 52/1973.
Lög um Hæstarétt Íslands nr. 75/1973.
Lög um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 (áður lög nr. 27/1951, 82/1961 og 73/1973).

Breyting á ofanskráðum lögum er hér ekki getið og eldri laga um sama efni því aðeins, að það horfi til skýringa á ummælum í þessari greinargerð.

Einkamálalögin frá 1936 hafa að geyma ýmsar helstu meginreglur í íslensku réttarfari, og þykir því ástæða til að ræða stuttlega um þau. Umræður um nauðsyn rækilegrar endurskoðunar á helstu þáttum réttarfarslaga munu hafa verið nokkrar og staðið alllengi, áður en lögin voru sett. Á fjárlögum 1933 voru veittar 3 000 kr. „til endurskoðunar réttarfarslöggjafarinnar", og var Einari Arnórssyni, sem þá var hæstaréttardómari, falið að hefja starfið. Samdi hann frumvarpsdrög um einkamálameðferð. Haustið 1934 samþykkti Alþingi ályktun um skipun lögfræðinganefndar „til þess að undirbúa endurbætur á réttarfarslöggjöfinni". Nefndin var skipuð 12. desember 1934, og í henni áttu sæti Bergur Jónsson (formaður), Einar Arnórsson og Stefán Jóhann Stefánsson. Nefndin fór yfir drög Einars Arnórssonar og gekk frá frumvarpi, sem þeir Bergur og Stefán Jóhann lögðu fyrir Alþingi 1935. Þar varð málið ekki útrætt, en lög voru samþykkt árið eftir og byggð á frumvarpinu. Í greinargerð frumvarpsins sagði, að það ætti að stuðla að hraðari málsmeðferð með því að gera dómara virkari, meðan öflun gagna stæði yfir, og með því að innleiða munnlegan málflutning. Þá var bent á nauðsyn samstæðrar löggjafar í stað dreifðra og stundum óljósra lagareglna.

Nefnd sú, sem skipuð var 1934, fól Einari Arnórssyni að semja frumvarp um meðferð opinberra mála. Hann lauk því verki, og nefndin fór yfir frumvarpið, sem lagt var fyrir Alþingi 1939 og 1940, en náði ekki fram að ganga. Árið 1947 var þeim Einari Arnórssyni, Gizuri Bergsteinssyni og Jónatan Hallvarðssyni falið að semja frumvarp til laga um meðferð opinberra mála. Var frumvarp þeirra lagt fyrir Alþingi 1948. Í þessu frumvarpi voru ýmis merk nýmæli, m. a. það, að opinber ákærandi færi með ákæruvaldið, sem þá var í höndum dómsmálaráðherra. Sérstakur embættismaður, rannsóknastjóri, er lyti saksóknara, skyldi hafa á hendi stjórn rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík, stýra rannsóknum þar og sækja fyrir héraðsdómi þau opinber mál í umdæmi sínu, sem sættu sókn og vörn eftir málshöfðun. Þá var heimild fyrir saksóknara að fela rannsóknarstjóra rannsókn mála annars staðar á landinu svo og sókn þeirra í héraði. Frumvarp þetta dagaði uppi, en var lagt fram á ný 1950 með þeim breytingum, að ákvæði um opinberan ákæranda og rannsóknastjóra voru numin brott. Var frumvarp þetta samþykkt sem lög nr. 27/1951. Sérstakt frumvarp um opinberan ákæranda og rannsóknastjóra náði hins vegar ekki fram að ganga, og var ákæruvaldið því enn um sinn í höndum dómsmálaráðherra. Með lögum nr. 57/1961 var hins vegar kveðið á um skipun saksóknara ríkisins, sem fara skyldi með ákæruvaldið. Á Alþingi 1969—1970 var lagt fram frumvarp, sem gerði ráð fyrir stofnun embættis rannsóknastjóra, er lyti lögreglustjóranum í Reykjavík. Rannsóknastjóri skyldi stýra lögregluransókn brotamála og fara með stjórn rannsóknarlögreglumanna. Þá skyldi heimilt að fela honum og lögreglustjóranum í Reykjavík tiltekin störf í öðrum lögsagnarumdæmum. Frumvarp þetta, sem að formi til var um breytingar á lögum nr. 98/1961 um dómsmálastörf, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl. í Reykjavík, náði ekki samþykki.

Rétt er að geta þess sérstaklega, að tillögur um „sundurgreining umboðsvalds og dómsvalds" voru gerðar 1916 af milliþinganefnd, er skipuð hafði verið 9. desember 1914. Aðalverkefni nefndar þessarar voru ekki dómsmál heldur eftirlaun og laun ríkisstarfsmanna. Skýrslur og tillögur nefndarinnar voru prentaðar í sérstakri bók 1916.

Búningur tillagnanna.

Þegar réttarfarsnefnd tók að undirbúa tillögur sínar, þurfti að taka afstöðu til þess, í hvaða búningi þær skyldu vera. Niðurstaða nefndarinnar varð sú, að ekki væri rétt að gera nú tillögur um ný heildarlög í stað neinna ofantalinna laga. Ekki skyldi heldur stefnt að því að sameina nú lög í nýja bálka eða umbreyta með öðrum hætti því skipulagi, sem er á réttarfarslöggjöfinni. Væri þó vel hugsanlegt, að hér á landi væru til dæmis sérstök lög um dómstólakerfið, svipað og er í Noregi, en önnur lög um málsmeðferð fyrir dómstólunum. Réttarfarsnefnd gerir að vísu tillögur um mjög verulegar lagabreytingar, en telur ekki heppilegt að hafa þær enn víðtækari. Má því vera, að rétt þyki að ráðast í lagasmíð á ný eftir nokkur ár, eftir að nýjar reglur hafa verið reyndar í framkvæmd um skeið. Sérstök ástæða er til að geta þess, að nefndin ræddi ítarlega, hvort hún ætti að gera tillögur um breytingar á skipan lögsagnarumdæma hér á landi. Nefndin telur að vísu, að slíkar breytingar séu æskilegar, en hún telur ekki heppilegt, að þær séu hluti af tillögum um réttarfarsumbætur, sem m. a. gera ráð fyrir að draga úr dómstörfum sýslumanna og bæjarfógeta, enda má gera ráð fyrir, að í umræður um ný lögsagnarumdæmi fléttist atriði, sem eru réttarfarsumbótum óskyld.

Aðdragandi tillögugerðar réttarfarsnefndar um einkamálameðferð.

Árið 1952 skipaði Bjarni Benediktsson dómsmálaráðherra nefnd til að endurskoða löggjöf um meðferð einkamála í héraði. Í nefndinni voru upprunalega Einar Arnórsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson, en síðar var Theodór B. Lindal skipaður til að taka sæti í henni. Einar Arnórsson hvarf hins vegar að eigin ósk frá störfum í nefndinni, er samning frumvarpsins var skammt á veg komin.

Frumvarp nefndarinnar var í 24 köflum og 302 greinum. Var það lagt fram á Alþingi 1955, sbr. Alþt. 1955 á bls. 176. Það náði ekki fram að ganga, en var endurskoðað og lagt fram á ný 1961, sbr. Alþt. 1961 A bls. 334. Enn fór sem fyrr, að frumvarpið varð ekki útrætt. Á þinginu 1962—3 voru sett lög um breyting á nokkrum atriðum einkamálalaganna frá 1936 (lög nr. 33/1963), en ekki var þar um veigamikla endurskoðun að ræða. Á Alþingi var síðan gerð ályktun hinn 13. maí 1964 „um ráðstafanir til að hraða meðferð dómsmála". Höfðu þeir Ólafur Jóhannesson og Jón Skaftason flutt tillögu um málið. Var dómsmálaráðherra falið að „láta rannsaka, með hverjum hætti sé unnt að hraða rekstri og afgreiðslu dómsmála hér á landi, og gera síðan að rannsókn lokinni viðeigandi ráðstafanir eða leggja tillögur um það efni fyrir Alþingi". Á Alþingi 1965—6 fluttu Björn Fr. Björnsson, Helgi Bergs, Ólafur Jóhannesson og Ingvar Gíslason tillögu til þingsályktunar um athugun á breyttri héraðsdómskipun. Tillögumenn vildu, að skipuð yrði 5 manna nefnd til að kanna mál þetta „með það fyrir augum m. a. að stækka verulega umdæmi dómstóla og dómendum verði yfirleitt eigi fengin önnur störf en þau, sem varða dómsmál". Tillaga þessi var ekki afgreidd, og á sömu lund fór á næsta þingi, er tillagan var endurflutt.

Á Alþingi 1966—1967 var lögð fram skýrsla Jóhanns Hafstein dómsmálaráðherra um athugun á meðferð dómsmála og dómaskipun. Hafði skýrsla þessi verið tekin saman í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu með aðstoð Sigurðar Líndal, nú prófessors. Skýrslan er ítarleg, og m. a. er þar að finna greinagerðir dómara og fleiri aðila um helstu orsakir þess, að tafir verða á meðferð dómsmála. Í greinargerðunum er einnig að finna ýmsar úrbótatillögur. Hið helsta í greinargerðunum er dregið saman í skýrslunni með þessum orðum:

1. Almennt um meðferð mála, bæði einkamála og opinberra mála.

A. Vöntun á starfsliði er atriði, sem velflestir víkja að, og er þá bæði átt við löglærða fulltrúa og skrifstofulið. Til úrbóta er helst bent á, að bæta þurfi launakjör starfsfólks.

B. Lélag aðstaða, svo sem óhentugt húsnæði. Að því er vikið í bréfi yfirborgardómarans í Reykjavík.

C. Ófullnægjandi tækjabúnaður og úrelt vinnubrögð. Er bent á meiri vélvæðingu og vinnuhagræðingu til úrbóta á þessu sviði bæði í bréfi yfirborgardómarans og yfirsakadómarans í Reykjavík.

D. Að dómsstörf séu aðeins lítill hluti af störfum dómenda. Benda þeir á þetta sýslumaður Húnavatnssýslu, sýslumaður Skagafjarðarsýslu og bæjarfógeti Ólafsfjarðar, en þetta á að sjálfsögðu aðeins við um embættin utan Reykjavíkur.

E. Sérstakir erfiðleikar á samgöngum í sýslum, sbr. það sem sýslumaður Skaftafellssýslu segir um þetta efni, og ummæli sýslumanns Barðastrandarsýslu og fulltrúa sýslumanns Suður-Múlasýslu.

F. Örðugleikar á að ná til aðila, vitna og lögmanna, sbr. m. a. bréf lagadeildar Háskólans.

G. Um úrræði til bóta má vísa til þess, sem greinir hér á eftir, þegar fjallað er um hvorn málaflokkinn um sig, einkamál og opinber mál. Hér skal þó getið tillögu í bréfi lagadeildar Háskólans, sem er á þá leið, að skipuð verði föst nefnd, sem hafa skuli vakandi auga með framkvæmd réttarfars, fylgjast með nýjungum og gera tillögur til úrbóta.

2. Um opinber mál sérstaklega.

A. Breytt löggjöf.

Yfirsakadómarinn í Reykjavík gerir ýmsar tillögur um breytta löggjöf og skal hér talið það helsta, sem kemur fram hjá honum.

a) Aðskilnaður rannsóknarvalds og dómsvalds.

b) Að unnt verði að ljúka fleiri málum með dómssátt. Sú tillaga kemur einnig fram hjá sýslumanni Dalasýslu.
c) Að unnt eigi að vera að ljúka fleiri málum með lögreglusektum. Þá tillögu gerir einnig saksóknari ríkisins.
d) Gera eigi meðferð mála, þar sem játning sökunauts liggi fyrir, einfaldari.
e) Að gera eigi meðferð verðlagsmála einfaldari.

B. Breytt framkvæmdaatriði.

a) Að koma þurfi boðun sökunauts og vitna í betra horf, en mjög tefji það mál, hversu erfitt sé að ná til þeirra. Að þessu atriði víkja yfirsakadómarinn í Reykjavík, saksóknari ríkisins, settur bæjarfógeti á Siglufirði og sýslumaður Barðastrandarsýslu.
b) Að efla þurfi rannsóknarlögreglu. Þetta kemur fram hjá yfirsakadómara í Reykjavík og bæjarfógeta Akureyrar.
c) Að koma þurfi í betra horf bókhaldsrannsóknum í sambandi við sakamál, svo sem með því að ráða löggiltan endurskoðanda (eða endurskoðendur) í þjónustu ríkisins. Að þessu víkur einkum saksóknari ríkisins, sbr. einnig bréf yfirsakadómara og lagadeildar Háskólans.

3. Um einkamál sérstaklega.

A. Breytt löggjöf.

Fáir aðrir en yfirborgardómarinn í Reykjavík víkja að atriðum, sem lúta að breyttri löggjöf. Hann telur:

a) Að til bóta yrði að lögfesta frumvarp það til laga um meðferð einkamála í héraði, sem án árangurs hefur verið lagt fyrir Alþingi, en ekki fengið afgreiðslu þar.
b) Að dómsmálaskipunina í heild þurfi að endurskoða, þ. m. embættaskipunina í Reykjavík. Að þessu atriði er einnig vikið í bréfi lagadeildar Háskólans og einnig gerir það sýslumaður Húnavatnssýslu, en hann telur, að til athugunar væri að taka dómarastarfið að nokkru frá starfi sýslumanns.
c) Yfirborgardómari bendir og á, að lagabreytingu mundi þurfa, ef taka ætti upp vitna- og aðilaskýrslur vélrænt eða vélrita ætti jafnóðum framburði í þinghaldi.

B. Framkvæmdaatriði.

a) Skipulagsbreytingar innan embætta. Er einkum að þessu vikið, þar sem um borgardómaraembættið í Reykjavík er fjallað, sbr. það, sem fram kemur hjá yfirborgardómara í bréfi Lögmannafélags Íslands og í framhaldi af greinargerð þess hjá Vagni E. Jónssyni hrl. Það, sem einkum virðist valda töfum á málum hjá því embætti er, hversu seint dómari sá, sem dæma á, fær málið í sínar hendur. Þyrftu því skipulagsbreytingar að miða að því, að dómari sá, sem dæmir, fengi hvert mál fyrr í hendur.
b) Þá er undirbúningi aðila og lögmanna þeirra alláfátt og valdi það töfum á málum, en af því leiði, að þeir æski endurtekinna fresta. Kemur þetta fram m. a. hjá yfirborgardómaranum í Reykjavík, í bréfi lagadeildar Háskólans og ýmsum fleirum.
c) Bent er loks á mikla málamergð og sívaxandi málafjölda, sbr. einkum það, sem kemur fram hjá yfirborgardómaranum í Reykjavík, svo og skýrslur þær, sem hér eru birtar.

Á árinu 1966 skipaði dómsmálaráðherra réttarfarsnefnd, sem starfaði til 20. desember 1972. Þegar nefndin hætti störfum voru nefndarmenn 9, en í upphafi voru þeir færri. Formaður nefndarinnar var Baldur Möller ráðuneytisstjóri. Á vegum

þessarar nefndar sömdu Magnús Thoroddsen borgardómari og Stefán Már Stefánsson, nú prófessor, frumvarp til laga um áskorunarmál, en með því var stefnt að því að flýta meðferð einfaldari einkamála. Um þetta voru síðan sett lög nr. 49/1968, sem fyrr eru nefnd. Á vegum nefndarinnar samdi einn nefndarmanna, Theodór B. Líndal, frumvarp til laga um breyting á gjaldþrotaskiptalögunum, er stefndu að því að gera rannsóknir gjaldþrotamála einfaldari og fljótlegri. Voru sett um þetta efni lög nr. 32/1972.

Umbætur í dómsýslu hafa mikið verið ræddar meðal lögfræðinga og í fjölmiðlum. Réttarfarsnefnd vill sérstaklega nefna grein eftir Hrafn Bragason borgardómara í Tímariti Lögfræðinga 1. hefti 1969. Er meginefni tillagna Hrafns það, að 8 „fylkisdómar" taki við flestum verkefnum núverandi héraðsdómara í dómsýslu. Lagt var til, að einn fylkisdómur yrði í hverju kjördæmi, þó með minni háttar frávikum. — Að undanförnu hefur komið fram hörð gagnrýni á ástandið á dómsmálasviðinu í fjölmiðlum. Hafa m. a. samtök héraðsdómara látið uppi álit sitt í þessa átt. Réttarfarsnefnd telur athugasemdir um seinagang dómsmála viðamestar þess, er fram hefur komið í þessum umræðum.

Kostnaður.

Dómsmálum mun ekki fjölga við það eitt að stofnaðar verði tvær lögréttur á landinu. Rök fyrir fullyrðingu í þá átt eru engin. Þó er hinu ekki að leyna, að kostnaður getur aukist við meðferð málanna. Réttarfarsnefnd telur ólíklegt að unnt verði að bæta ástandið og hraða afgreiðslu dómsmála að óbreyttu dómstólakerfi nema með einhverri fjölgun dómara og annarra starfsmanna við dómsýsluna. Þó má ætla, að það myndi horfa til fljótari afgreiðslna, ef lögfestar væru þær breytingar einar, sem réttarfarsnefnd gerir tillögur um í frumvarpi um breyting á einkamálalögunum frá 1936. Líkur benda til þess, að stofnun lögréttnanna myndi leiða til þess, að fjölga yrði fólki eitthvað umfram það, sem vera myndi að óbreyttu kerfi. Stafar þetta einkum af því, að þrír menn sætu oftast í dómi, sem er mikilvægt réttaröryggisatriði. Þá myndi það og leiða til útgjalda, að hinir nýju dómstólar þyrftu húsnæði, sem vafasamt er, hvort hagræðing hjá héraðsdómsembættum kæmi á móti. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að embættisdómarar í lögréttunum báðum verði ekki færri en 15. Að sjálfsögðu myndi mega fækka mönnum við ýmsa héraðsdómstóla verulega, ekki síst í Reykjavík. Réttarfarsnefnd hefur reynt að áætla fjölda lögréttumála á grundvelli þeirra upplýsinga um málafjölda, sem finna má í dómsmálaskýrslum Hagstofunnar um árin 1966—68 og 1969—71. Niðurstöðurnar eru háðar mörgum óvissuþáttum, og þykir því nægja að taka hér fram, að nefndin telur líkur til, að árlegur fjöldi einkamála á næstunni verði um 600 (þar af um 100 áfrýjanir) og árlegur fjöldi opinberra mála um 100 (þar af um 50 áfrýjanir). Ef þetta væri rétt, þyrftu dómarar í lögréttunum sennilega að vera 15—20 að tölu eins og þetta frumvarp gerir ráð fyrir. Á móti mætti ef til vill fækka borgardómurum, sakadómurum og öðrum héraðsdómurum um allt að 10 manns.

Um leið og ofanskráð er sagt um kostnað við að stofna lögréttur hér á landi í samræmi við þetta lagafrumvarp, verður þess að minnast, að fjölgun starfsmanna við dómstólana er hvort sem er óhjákvæmileg og að bæði öruggari og greiðari meðferð mála ætti að fást, ef frumvarpið verður lögfest. Skal þetta nú rökstutt nokkuð.

Markmið tillagna réttarfarsnefndar.

Í tillögum sínum hefur réttarfarsnefnd aðallega stefnt að tvennu:

Hraðari meðferð dómsmála.

Meiri aðskilnaði dómsvalds og framkvæmdavalds.

Fyrra atriðið, hraðari málsmeðferð, hefur sem fyrr segir verið aðalefni þeirra umræðna, sem fram hafa farið að undanförnu í fjölmiðlum um dómsýslu í landinu. Leikur ekki á tveim tungum, að dómstólameðferð nær tilgangi sínum best, ef hún

tekur stuttan tíma. Oft eru mál hluti af fjármálaviðskiptum í atvinnurekstri eða milli einstaklinga, og er það oftast báðum aðilum til óhagræðis og stundum verulegs fjártjóns, ef það dregst að fá úrslit þrætu þeirra. Þó að mál snúist um annað en viðskipti, gildi langoftast hið sama. Síðara atriðið, meiri aðskilnaður dómsvalds og framkvæmdavalds, er einnig stórt réttaröryggismál. Hefur það oft verið rætt, m. a. hafa komið fram tillögur á Alþingi, er mótast hafa af þessu sjónarmiði. Er fyrr að því vikið. Í greinargerð um þingsályktunartillögu Björns Fr. Björnssonar o. fl. á Alþingi 1965—6 sagði m. a.: Í þjóðfélögum, sem búa við réttarfar bundið vestrænum réttarreglum og réttarvitund, þykir eigi fara vel saman, að dómendur hafi einnig á hendi umsvifamikil umboðsstörf. Af þeirri sök hefur stefnan verið sú að draga sem mest úr hendi dómenda umboðsleg embættisstörf og búa þannig að dómstólunum, að þeir hafi sem óháðasta og traustasta aðstöðu við úrlausn dómsmála." — Væntanlega efast fáir um, að æskilegt sé að reyna að ná þeim tveimur meginmarkmiðum, sem réttarfarsnefnd hefur stefnt að með tillögum sínum, og verða þau ekki rædd frekar hér.

Hitt er vissulega mjög vafasamt og jafnframt umdeilanlegt, hvernig best sé að ná þessum markmiðum. Vert er að huga að þeim tillögum, sem fram komu 1966, þegar safnað var gögnum til skýrslu dómsmálaráðherra, sem fyrr er fjallað um. Til greina kemur fjölgun starfsliðs, bætt húsnæðisaðstaða og tækjabúnaður. Réttarfarsnefnd telur, að allt mundi þetta stuðla að auknum hraða í meðferð dómsmála, en það er ekki í verkahring nefndarinnar að fjalla nánar um þessi atriði. Ábendingar komu fram um, að óheppilegt væri, hve lítill hluti af störfum ýmissa dómara dómstörfin væru. Ef tillögur réttarfarsnefndar ná lögfestingu, myndi fyrir þetta girt varðandi viðameiri mál. Í ábendingunum er rætt um samgönguerfiðleika og framkvæmdaerfiðleika við að ná til aðila og vitna. Vissulega má segja, að þetta verði ekki auðveldara, ef öll mál, er veruleg kveður að, eru sett í hendur tveggja dómstóla, sem aðallega starfa á tveimur stöðum. Þess er þó jafnframt að geta, að í frumvarpi um breytingar á einkamálalögunum er gert ráð fyrir svonefndum aðalflutningi mála og að þá komi fram allar eða flestar munnlegar skýrslur. Myndi þetta bæta skipulagið á þessu sviði og leiða til þess, að menn væru betur undir það búnir en nú mun oft vera að koma fyrir dóm til að gefa skýrslur. Ýmsar tillögur nefndarinnar um breytingar á málsmeðferð ættu að leiða til meiri hraða í meðferð fyrir dómstólunum, t. d. stytting dóma o. fl., sem áður er að vikið og nánar er rætt um í sambandi við annað frumvarp.

Loks er þess að geta, að það skiptir nokkru, að málafjöldi fyrir Hæstarétti er nú svo mikill, að veruleg töf verður oft á því, að mál séu flutt og dæmd. Þetta myndi vafalaust breytast, ef lögréttur yrðu settar á stofn.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. segir, að tvær lögréttur skuli starfa hér á landi.

Um 2. gr.

Í 2. gr. ræðir um dómarana í þessum dómstólum. Réttarfarsnefnd telur, að veruleg stjórnunarstörf muni leggjast á forseta lögréttnanna, og sé ekki heppilegt, að þeir séu valdir úr hópi embættisdómara til stutts tíma. Um það hafa hins vegar komið fram tillögur frá dómurum, a. m. k. við bæjarþing Reykjavíkur um þann dómstól. Eins og áður segir er nokkur óvissa um fjölda dómara, og því þykir heppilegt að hafa heimild fyrir dómsmálaráðherra til að ákveða töluna.

Um 3. gr.

Í 3. gr. segir um skipun dóms hvert sinn, og er ráðgert að aðalreglan verði sú, að dómendur verði þrír. Réttarfarsnefnd er að vísu þeirrar skoðunar, að stundum

verði þessa ekki brýn þörf, þó að skylt verði eftir frumvarpinu. Hitt er jafnvíst, að í því felst verulegt réttaröryggi, og telur nefndin ekki ástæðu til að ganga lengra í að heimila dómþing með einum dómara en gert er í 3. gr.

Um 4. gr.

Í 4. gr. er heimilað að setja menn til dómstarfa, ef óhjákvæmilegt er. Ef maður er settur til tiltekins tíma, tekur hann laun eins og aðrir embættisdómarar, en sé hann settur til meðferðar einstaks máls, fær hann þóknun fyrir það. Er þetta önnur aðferð en tíðkanleg er nú í Hæstarétti, þar sem settir dómarar munu ætíð fá greitt fyrir hvert mál, einnig þegar setning stendur nokkurn tíma. Skv. 2. mgr. skal setja mann til að sinna forsetastarfi í lögréttu, ef forföll forseta og varaforseta standa viku eða lengur. Þetta hefur valdið nokkrum vafa við aðra dómstóla.

Um 5. gr.

Á næstu árum verður haldið áfram að kaupa sjálfvirka umferðarteljara til að telja umferð allt árið, en þessir teljarar spara mikið mannahald í sambandi við aflestra. Landinu hefur nú verið skipt í fjögur talningarsvæði, og er við það miðað að telja sumarumferð á hverju svæði fjórða hvert ár til viðbótar talningu þeirri sem fram fer allt árið.

2.1.4. Eftirlaunagreiðslur.

Eftirlaun til fyrrverandi vegaverkstjóra og ekkna þeirra, ásamt nokkurra fyrrv. verkamanna, sem unnið hafa áratugum saman hjá Vegagerðinni, eru miðuð við 60% af fullum eftirlaunum samkv. 18. og 13. launaflokki ríkisstarfsmanna. Er þar fylgt sömu reglu og undanfarin ár, sem byggist á því, að Vegagerðin hefði greitt 60% af iðgjaldinu, ef þessir menn hefðu greitt í lífeyrissjóð á sínum tíma.

Hér er um að ræða menn, sem ýmist hafa ekki aðgang að neinum lífeyrissjóði, þar sem þeir hafa aldrei neitt iðgjald greitt, eða þeir hafa aðgang að lífeyrissjóðum, sem starfað hafa skamman tíma og greiða því mjög lágan ellilífeyri. Í því tilfelli greiðir Vegagerðin það sem á vantar til þess að þeir nái sömu krónutölu og hinir.

Á s.l. ári nutu 16 fyrrv. verkstjórar, 14 verkstjóraekkjur og 7 fyrrv. verkamenn þessara eftirlauna, en 4 verkstjórar og 6 verkamenn munu bætast við á áætlunartímabilinu.

2.2. Viðhald þjóðvega.

Fjárveiting til viðhalds þjóðvega í gildandi vegaáætlun var miðuð við verðlag í janúar 1975 (vísitala 2995). Áætlað er, að vísitala vegaviðhalds 1. júlí n.k. verði 4629 og nemur því hækkunin 54.6%. Eigi þótti fært sökum fjárskorts að hækka fjárveitingu til vegaviðhalds í samræmi við ofangreinda breytingu á verðlagi. Er tillagan um hækkun vegaviðhalds árið 1976 miðuð við 28.7% heildarhækkun (sumarviðhald og vetrarviðhald). Tillaga um fjárveitingu til vegaviðhaldsins í heild á árunum 1977—78 er við það miðuð að hækka fjárveitingar þessi ár í áföngum til þess að mæta þeim miklu verðhækkunum, sem urðu frá janúar 1975 til 1. júlí 1976.

2.2.1. Sumarviðhald.

Á undanförnum árum hafa fjárveitingar til sumarviðhalds þjóðvega hvorki fylgt verðlagi né verið tekið tillit til aukinnar umferðar með ári hverju.

Hér á eftir verður reynt að gera grein fyrir þeim fjárveitingum sem samkvæmt vegáætlun hafa verið til ráðstöfunar til sumarviðhalds á árunum 1965—1975.

Í fskj. nr. 2.2.1.—01 er viðhaldskostnaður á þessum árum tilgreindur og jafnframt færður upp til verðlags, miðað við verðlag á árinu 1975, lengd akfærra þjóðvega, viðhaldskostnaður á hvern km miðað við verðlag 1975, bílafjöldi í ársbyrjun viðkomandi árs og áætlaður fjöldi ekinna km á öllum þjóðvegum í milljónum km. Í síðasta dálki töflunnar er síðan viðhaldskostnaður á hvern ekinn km miðað við verðlag 1975.

Hér á eftir verður reynt að gera stuttlega grein fyrir því, hve mikið fjármagn þarf til viðhalds þjóðvega til þess að unnt sé að þjóna þeirri umferð, sem um vegina fer.

2.2.1.1. Viðhald vega.

Undir þennan lið fellur m.a. endurnýjun malarslitlags, ræsagerð, skurðgröftur, rásagerð, smáviðgerðir og eftirlit með vegum ásamt ýmsum öðrum kostnaði.

Árleg endurnýjun slitlags er að mestu leyti háð þeirri umferð, sem um vegina fer. Gert er ráð fyrir að endurnýja þurfi malarslitlag, eins og hér tilgreinir.

Umferð bílar/dag	Ár á milli endurnýjunar slitlags	Fjöldi akfærra malarvega km	Árleg endurnýjun slitlags km
Minni en 50	9.0	3 078	342
50— 100	7.5	1 613	215
100— 200	6.4	1 401	219
200— 300	5.2	1 007	194
300— 500	3.7	696	188
500— 750	2.5	189	76
750—1000	1.6	115	72
Meira en 1000	1.3	78	60
	Samtals	8 177	1 366

Árlega þarf því að malbera 1 366 km. Á síðasta ári voru malbornir 606 km af þjóðvegum landsins eða tæplega helmingur af því sem nauðsynlegt þykir (sjá skýrslu ráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1975).

Mikið hefur verið unnið að endurnýjun eldri ræsa á vegum, því að mörg þeirra eru mjög illa farin, en allt of oft kemur það fyrir, að ræsi eyðileggist, og veldur það stórhættu fyrir umferðina. Þetta er m.a. vegna þess að ekki hefur verið fjármagn fyrir hendi til að endurnýja gömlu ræsin. Á hverju ári er nokkuð unnið við að veita vatni frá vegum með því að grafa skurði og gera rásir meðfram vegunum.

Samkvæmt reynslu undanfarinna ára hefur 65% af fjárveitingu til viðhalds verið notað til mölburðar eða 197 m.kr. á s.l. ári en hefði þurft að vera 444 m.kr. Að áliti tæknimanna og þeirra vegaverkstjóra, sem unnið hafa að vegaviðhaldi í árarаðir, hefði fjárveiting til ræsa, skurðgraftar, rásagerðar, smáviðgerða og eftirlits þurft að vera um 40—50% hærri en á sl. ári. Fjárveiting til þessara verkþátta hefði því þurft að vera á verðlagi 1975 sem nemur 594 m.kr. Miðað við áætlað verðlag í júlí (vísitala 4629) er þessi upphæð 689 m.kr. en lagt er til að fjárveiting verði 451 m.kr. á árinu 1976, 470 m.kr. árið 1977 og 536 m.kr. á árunum 1978—79.

2.2.1.2. Viðhald brauta.

Á síðasta ári var varið 73.5 m.kr. til viðhalds vega með bundið slitlag, og var kostnaðarskipting sem hér segir:

Liðir	Kostn. m.kr.	Skipting %
Ný slitlög	40.5	55.1
Viðgerðir á slitlögum	4.6	6.3
Umferðarmerki, leiðarar, málun, lýsing	12.8	17.4
Mölun efnis og endurn. malaraxla	10.2	13.9
Eftirlit	1.9	2.6
Ósundurliðaður kostnaður	3.5	4.7
Samtals	73.5	100.0

Ekki hefur verið gerð úttekt á endurnýjun slitlaga næstu árin, en á árinu 1976 þarf að endurnýja slitlög fyrir sem nemur 70 m.kr., og er það miðað við verðlag 1975.

Gera má ráð fyrir, að aðrir kostnaðarliðir verði svipaðir fyrir árið 1976 og var á árinu 1975. Nauðsynlegt fjármagn til viðhalds vega með bundnu slitlagi á árinu 1976 er því 103 m.kr. miðað við verðlag á árinu 1975. Miðað við áætlað verðlag í júlí er þessi upphæð 119 m.kr., en lagt er til að fjárveiting verði 102 m. kr. á árinu 1976, 108 m.kr. á árinu 1977 og 123 m.kr. á árunum 1978—79.

2.2.1.3. Viðhald brúa.

Á síðasta ári var varið til viðhalds brúa 50.4 m.kr. Ekki hefur verið gerð nein úttekt á því, hve mikið fjármagn þyrfti til viðhalds brúa, en ljóst er að vegna fjárskorts á undanförnum árum hefur viðhald brúa verið stórlega vanrækt, og þyrfti því þessi fjárveiting að hækka verulega. Lagt er til, að fjárveiting verði 58 m.kr. á árinu 1976, 60 m.kr. á árinu 1977 og 68 m.kr. á árunum 1978—79.

2.2.1.4. Vegheflun.

Á síðasta ári var kostnaður við heflun malarvega 185.9 m.kr., þrátt fyrir mjög strangt aðhald og að reynt var að minnka heflun eins og unnt var vegna fjárskorts.

Vegheflun er ekki unnt að minnka neitt að ráði, því að verði langt tímabil á milli heflinga myndast djúpar og stórar holur, sem auk þess að vera hvimleiðar fyrir umferðina valda því að næsta heflun verður mun dýrari.

Á árinu 1974 var kostnaður við vegheflun 120.3 m.kr., og var það álit vegaverkstjóra, að sú fjárveiting hafi verið í lágmarki, ef hafa á eðlilega þjónustu við um-

ferðina. Á áætluðu verðlagi í júlí er sú fjárhæð 239 m.kr., en lagt er til að fjárveiting verði 210 m.kr. á árinu 1976, 220 m.kr. á árinu 1977 og 251 m.kr. á árunum 1978—79.

2.2.1.5. Rykbinding.

Á árinu 1975 var varið til rykbindingar 32.7 m.kr., en rykbundnir voru um 180 km.

Sé það markmið sett að rykbinda alla vegi með meiri umferð en 500 bíla á dag og einnig að rykbinda alla þá vegarkafla sem liggja nálægt byggðum bæjum, þjónustumiðstöðvum og í nágrenni þéttbýlis, þó að þar sé minni umferð, þarf að rykbinda eftirfarandi fjölda km:

1.	Malarvegi með meiri umferð en 500 bílar/dag	382 km
2.	Vegkaflar við býli, þjónustumiðstöðvar o.fl.	50 km
	Samtals	432 km

Á síðasta ári hefði þurft að verja 73.4 m.kr. til rykbindingar til þess að ná þessu marki. Á áæluðu verðlagi í júlí n.k. er þessi fjárhæð 85.1 m.kr., en lagt er til að fjárveiting verði 40 m.kr. á árinu 1976, 50 m.kr. á árinu 1977 og 57 m.kr. á árunum 1978—79.

2.2.1.6. Vinnsla efnis.

Með vaxandi umferð og meiri kröfum til veganna er nauðsynlegt að vinna efni í slitlag malarvega. Eftir því sem meir er vandað til malarslitlags því lengur endist það í veginum og minnkar við það nauðsynleg vegheflun.

Þær kröfur sem nauðsynlegt væri að gera eru eftirfarandi:

1. Mulið efni á vegi með umferð meiri en 200 bílar/dag.
2. Harpað efni á vegi með umferð meiri en 50 bílar/dag.
3. Óunnið efni í aðra vegi.

Á hverju ári þyrfti því að vinna efni í malarslitlög sem hér segir:

1. Mulið efni 270 þús. m^3.
2. Harpað efni 210 þús. m^3.

Á síðasta ári voru malaðir 182 þús. m^3 og harpaðir 177 þús. m^3 og var kostnaður 160.7 m.kr. Hver m^3 við mölun kostaði um 614 kr. á síðasta ári en 330 kr. við hörpun. Miðað við þessi einingarverð og áðurnefnda þörf á möluðu og hörpuðu efni hefði átt að verja eftirfarandi upphæð til vinnslu efnis á árinu 1975.

Malað efni	165.8	m.kr.
Harpað efni	69.3	m.kr.
Samtals	235.1	m.kr.

Á áætluðu verðlagi í júlí n.k. er þessi upphæð um 273 m.kr. en lagt er til að fjárveiting verði 196 m.kr. á árinu 1976, 216 m.kr. á árinu 1977 og 246 m.kr. á árunum 1978—79.

2.2.1.7. Vatnaskemmdir og ófyrirséð.

Á hverju ári hefur stórfé verið varið til viðgerða vegna vatnaskemmda og ófyrséðra atvika og er því varlega áætluð þörf á ári um 80—90 m.kr. Lagt er til, að fjárveiting verði 72 m.kr. á árinu 1976, 82 m.kr. á árinu 1977 og 94 m.kr. á árunum 1978—79.

2.2.2. Vetrarviðhald.

Á undanförnum árum hefur kostnaður við vetrarviðhald verið eins og sýnt er á eftirfarandi töflu. Að meðaltali hefur kostnaður verið um 224.7 m.kr. á ári miðað við verðlag 1975 þ. e. vísitölu 3989. Miðað við áætlaða vísitölu í júlí n. k. 4629 áætlast þessi kostnaður um 260.7 m.kr. á árinu 1976.

Yfirlit um vetrarviðhald 1967—1975.

Ár	Vetrarviðhald m.kr.	Vísitala viðhaldskostn.	Verðlag 1975 m.kr.	Hlutfallstala miðað við árið 1968	Hlutfallstala miðað við meðaltal '67-75
1967	28.7	571	200.5	102.2	89.2
1968	32.7	665	196.2	100.0	87.3
1969	34.1	812	167.5	85.4	74.5
1970	49.9	902	220.7	112.5	98.2
1971	54.7	1046	208.6	106.3	92.8
1972	54.1	1252	172.4	87.9	76.7
1973	99.1	1550	255.0	130.0	113.5
1974	164.0	2339	279.7	142.6	124.5
1975	321.7	3989	321.7	164.0	143.2
Meðaltal 1967—1975			224.7		

Í tillögu til þingsályktunar um vegáætlun fyrir árin 1974—77, sem samþykkt var á Alþingi vorið 1975, var reiknað með, að snjómokstursreglum yrði breytt haustið 1975, en eins og fram kemur í skýrslu ráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1975 var með eindæmum snjóþungt víða á landinu frá áramótum til vors. Á áætluðu verðlagi 1975 var reiknað með, að snjómoksturskostnaður yrði um 147.7 m.kr., en það var meðaltal áranna 1967—73 og síðan var bætt við þá fjárveitingu sem nam 47 m.kr. vegna þess að fyrirhugað var að breyta snjómokstursreglum. Heildarfjárveiting var því 194.7 m.kr. Kostnaður við snjómokstur á árinu nam 321.7 m.kr.

Þar sem kostnaður fyrri hluta ársins varð meiri en sem nam ársfjárveitingu til vetrarviðhalds með breyttum reglum síðari hluta árs, þótti ekki tiltækt að breyta reglunum að sinni.

Samkvæmt tillögu um breytingu á snjómokstursreglum er reiknað með, að kostnaður vegna vetrarviðhalds hækki sem nemur 83 m.kr. á ári miðað við áætlað verðlag í júlí n. k. Miðað við verðlag, sem viðhaldskostnaður er reiknaður á árin 1978 og 1979, verður kostnaðaraukning 92 m.kr. vegna breytinga á snjómokstursreglum.

Í tillögu til vegáætlunar er gert ráð fyrir, að fjárveiting til vetrarviðhalds verði 264 m.kr. á árunum 1976 og 1977, en hækki í 300 m.kr. á árinu 1978 og er þá reiknað með, að breyting á snjómokstursreglum komi til framkvæmda á því ári. Á árinu 1979 er lagt til, að fjárveiting verði 342 m.kr.

2.2.3. Vegmerkingar.

Fjárveiting til þessa liðar var 13.3 m.kr., en lagt er til, að hún verði hækkuð í 18.0 m.kr. á ári, en það er m. a. gert til þess að unnt sé að halda áfram að endurnýja vegvísa og leiðamerki við helstu vegamót á landinu, en það er gert samkvæmt áætlun um endurskipulagningu vegvísakerfisins, sem gert var í samræmi við vegnúmerakerfi, sem samþykkt var með vegáætlun 1972—75.

Hluta af þessari fjárveitingu verður eins og undanfarin ár varið til að setja upp ný merki samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og til viðhalds eldri merkjum.

2.3. Til nýrra þjóðvega.

2.3.1.—2.3.3. Hraðbrautir, þjóðbrautir og landsbrautir.

Til þessara vegaflokka er árið 1976 gerð tillaga um sömu fjárveitingu og er í gildandi vegáætlun á því ári. Fyrir árin 1977—79 er tillagan miðuð við svipaðar heildarupphæðir til þessara vegaflokka í heild og þeim skipt í sömu hlutföllum og á árinu 1976.

Á árinu 1976 eru mjög óverulegar greiðslur af fjárveitingum til hraðbrauta bundnar af verksamningum, en nær engar vegna fjárveitinga til þjóðbrauta og landsbrauta.

2.3.4. Til girðinga og uppgræðslu meðfram vegum.

Fjárveiting á þessum lið er óbreytt frá því sem var í síðustu vegáætlun eða 40 m. kr. á ári á árunum 1976—77, en hækki í 50 m. kr. á árunum 1978—79.

Í árslok 1975 námu ógreiddar kröfur vegna girðinga samkvæmt girðingalögum alls um 242,2 m. kr., svo sem nánar greinir í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1975. Tveimur þriðju hlutum þessarar fjárveitingar hefur á undanförnum árum verið varið til girðinga, en einum þriðja til sáningar. Á fjórum árum vegáætlunarinnar mun því um 120 m. kr. verða varið til girðinga eða sem nemur tæpum 50% af lögmætum kröfum um síðustu áramót.

2.3.5.1.—2.3.5.3. Austurlandsáætlun, Norðurlandsáætlun og Djúpvegur.

Á árinu 1977 er fjárveiting til Austurlandsáætlunar hækkuð úr 75 í 100 m. kr. og sú fjárveiting látin haldast út áætlunartímabilið. Með þessari hækkun á að vera unnt að ljúka jarðgöngum um Oddsskarð á árinu 1977, en eigi verður þó lokið öllum verkum í Austurlandsáætlun á áætlunartímabilinu.

Fjárveiting til Norðurlandsáætlunar er hækkuð úr 175 m. kr. á árinu 1977 í 200 m. kr. og sú hækkun látin haldast út áætlunartímabilið. Er þessi hækkun ætluð sérstaklega til endurbyggingar Norðurlandsvegar á Holtavörðuheiði ásamt fjárveitingum af öðrum liðum í vegáætlun.

Fjárveitingu til Djúpvegar er haldið óbreyttri út áætlunartímabilið.

2.4. Til fjallvega o. fl.

2.4.1. Til aðalfjallvega.

Samkvæmt kafla 3.3 eru aðalfjallvegir taldir um 900 km. Lagt er til, að fjárveiting til þeirra verði 7,0 m. kr. á árunum 1976—77 og 8,0 m. kr. á árunum 1978—79.

2.4.2. Til annarra fjallvega.

Lagt er til, að fjárveiting til þessa liðar verði 14,0 m. kr. á árunum 1976—77 og 16,0 m. kr. á árunum 1978—79.

2.4.3. Til reiðvega.

Lagt er til, að fjárveiting til þessa liðar verði 1,0 m. kr. á ári.

2.4.4. Þjóðgarðsvegir og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum.

Lagt er til, að þessi fjárveiting verði 10 m. kr. á ári.

2.5. Til brúagerða.

Árið 1976 er gerð tillaga um óbreytta fjárveitingu frá gildandi vegáætlun, en hún hækkuð lítillega árin 1977—79.

2.6. Til sýsluvegasjóða.

Samkvæmt ákvæðum 21. gr. vegalaga miðast innheimt sýsluvegasjóðsgjald ár hvert við kaup í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins hinn 1. desember næsta ár á undan.Samkvæmt gildandi kjarasamningum er kaupgjald hinn 1. des. ár hvert eins og hér segir:

1. desember 1975 292,90 kr/klst.
1. desember 1976 359,30 kr/klst.
1. desember 1977 377,20 kr/klst.
1. desember 1978 377,20 kr/klst.

Tekjur sýsluvegasjóðs samkvæmt 23. gr. vegalaga voru 400—500 þús. kr., en með breytingu á vegalögum nr. 80 10. júlí 1973, þar sem gjald af mannvirkjum er 6—7 faldað og gjald af löndum og lóðum 5 faldað, hefur þessi tekjustofn hækkað verulega. Í sýsluvegaáætlun fyrir árið 1975 voru þessar tekjur áætlaðar um 2,7 m. kr., en í vegáætlun er reiknað með að þær verði 3,0 m. kr. á ári.

Samkvæmt 5. gr. fyrrnefndrar breytingar á vegalögum er hreppsfélögum heimilt að tvöfalda heimaframlag, og er reiknað með, að helmingur hreppsfélaga nýti sér þennan möguleika á árinu 1976, en 2/3 á árunum 1977—79.

Miðað við fyrrnefndar forsendur eru heildartekjur sýsluvegasjóðanna á árunum 1976—1979 áætlaðar eins og hér segir:

Upph. í m. kr.

	1976		1977		1978		1979	
Samkv. 21. og 26. gr. vegalaga		42,3		51,8		54,4		54,4
Samkv. 23. gr. vegalaga		3,0		3,0		3,0		3,0
Aukaheimaframlag		21,2		34,6		36,3		36,3
Aukaríkisframlag	42,3		69,1		72,6		72,6	
Ríkisframlag samkv. 21., 23. og 26. gr.	70,4	112,7	89,4	158,5	108,2	180,8	113,2	185,8
Heildartekjur		179,2		247,9		274,5		279,5

2.7. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum.

Samkvæmt vegalögum verður skipting þéttbýlisfjár eins og hér segir:

	1976	1977	1978	1979
Framl. skv. 32. gr.	219	265	281	298
Framl. skv. 34. gr.	73	88	94	99
Til skipta	292	353	375	397

Samkvæmt bráðabirgðatölum frá Hagstofu er fjöldi íbúa í þéttbýlisstöðum yfir 200 íbúa áætlaður 189.600. Má því gera ráð fyrir, að upphæð á hvern íbúa verði um 1150 kr. árið 1976.

2.8. Til véla- og áhaldakaupa.

2.8.1. Til véla- og verkfærakaupa.

Í tillögu þessari til vegáætlunar fyrir árin 1976—1979 er gert ráð fyrir, að fjárveiting til véla- og verkfærakaupa verði óbreytt frá fyrri vegáætlun á árinu 1976

eða 20 m. kr. og síðan sama upphæð á næstu árum eða alls 80 m. kr. á áætlunartímabilinu.

Gert er ráð fyrir, að því fé ásamt afskriftarfé véla verði eins og að undanförnu fyrst og fremst varið til endurnýjunar á þeim vinnuvélum, sem Vegagerðin þarfnast, en ekki fást leigðar á almennum markaði, svo sem vegheflum, vélum til malarvinnslu, vélum til brúargerðar o. s. frv.

Ef breyting sú á snjómokstursreglum, sem hefur verið til umræðu að undanförnu, nær fram að ganga, verður ekki unnt með ofangreindri fjáröflun að auka vélakost eins og nauðsynlegt er til að mæta auknum snjómokstri.

2.8.2. Til byggingar áhaldahúsa.

Á árinu 1976 er gert ráð fyrir, að fjárveiting verði óbreytt frá fyrri vegáætlun eða 30 m. kr. Af henni er áætlað að nota 4,5 m. kr. til kaupa á íbúð fyrir umdæmisverkfræðing á Reyðarfirði en að öðru leyti verður henni varið til að ljúka byggingum á Hvammstanga og minni framkvæmda við önnur áhaldahús. Auk þess verður henni einnig varið til þess að undirbúa mörg önnur aðkallandi verkefni, sem fyrir dyrum standa. Af þeim má sérstaklega nefna áhaldahús á Ísafirði, Sauðárkróki og á Húsavík í stað ófullnægjandi húsa þar, einnig þarf að undirbúa stækkun vélaverkstæðis á Reyðarfirði.

Á árunum 1976—1977 var lagt til í síðustu vegáætlun að fjárveiting á þessum lið yrði hækkuð úr 18 m. kr. í 30 m. kr. hvort árið með það fyrir augum að byggja hús fyrir vegamálaskrifstofuna í Reykjavík, því að hún er nú til húsa á þremur stöðum við mikil þrengsli, en af því leiðir augljóslega óhagræði og verulegan aukakostnað í daglegum rekstri. En þar sem fjármagn til áhaldahúsabygginga er ekki meira en sem þessu nemur, þykir ekki ráðlegt að hefja framkvæmdir við þetta hús, fyrr en kostnaðaráætlun og fjármagn liggur fyrir til að ljúka framkvæmdum. Hluta af þessari fjárveitingu mun verða varið til að undirbúa þessa framkvæmd.

2.9. Til tilrauna í vegagerð.

Fjárveiting þessi er 1/2% af mörkuðum tekjum vegasjóðs samkv. lögum.

Er áætlað, að haldið verði áfram tilraunum við ýmsa þætti vegagerðar á þessu vegáætlunartímabili, eins og verið hefur.

2.10. Halli á vegáætlun.

Frá því vegáætlun var samþykkt árið 1975 varð óhjákvæmilega halli á nokkrum liðum. Vegur þar þyngst, að fyrri hluta vetrar varð snjómokstur mjög dýr. Þá urðu tekjur 139 m. kr. undir áætlun. Að öðru leyti skiptist hallinn eins og hér segir:

Stjórn og undirbúningur	16,0
Vetrarviðhald	133,0
Viðhald brúa	20,0
Brúagerðir	22,0
Halli á útgjaldaáætlun	191,0
Halli á tekjuáætlun	139,0
Halli samtals	330,0

Í þessari tillögu er gert ráð fyrir, að 100 m. kr. verði greiddar á árinu 1976, en afganginum jafnað á árin 1977—79.

3. Um flokkun vega.

3.1. Þjóðvegir eftir kjördæmum.

Í þessum tillögum eru þjóðvegir flokkaðir eftir 12. gr. vegalaga, en engar breytingar hafa verið gerðar á sjálfu vegakerfinu frá vegáætlun fyrir árin 1974—77.

Þar sem þjóðvegur endar við bæ, er lengd hans miðuð við vegamót heimreiðar, en hún telst sýsluvegur eða einkavegur.

Í fylgiskjali 2.3.0.—01 eru sýndar í töfluformi vegalengdir hraðbrauta, þjóðbrauta og landsbrauta miðað við kjördæmin eins og þær eru samkvæmt fyrrnefndri upptalningu. Þær breytingar sem eru frá 1. jan. 1974 eru m. a. vegna endurskoðunar á vegalengdum og breytingar, sem orðið hafa vegna nýbyggingar vega á tímabilinu.

3.2.1. Hraðbrautir A og B.

Hraðbrautir eru taldar þær sömu og í vegáætlun fyrir árin 1974—1977.

3.2.2. Þjóðbrautir.

Þjóðbrautir eru taldar þær sömu og í vegáætlun fyrir árin 1974—77.

3.3. Aðalfjallvegir.

Aðalfjallvegir eru taldir sömu og í vegáætlun fyrir árin 1974—77, 900 km.

Fskj. 2.2.1.—01

Sumarviðhald þjóðvega.

	Viðhalds-kostn. m.kr.	Vísi-tala við-halds	Viðhalds-kostn. miðað við verðlag 1975 m.kr.	Lengd akfærra þjóðvega km	Viðhalds-kostn. á km miðað við verðl. 1975 m.kr.	Bílafj. í árs-byrjun	Fjöldi ekinna km á öllum þjóðvegum m.kr.	Viðhalds-kostn. á hvern ekinn km miðað við verðlag 1975 kr.
1965	87,0	531	653,5	8 835	74,0	31 924	226	2,9
1966	108,9	570	762,1	8 880	85,8	34 959	241	3,2
1967	129,9	571	907,5	8 910	101,9	39 278	256	3,5
1968	149,0	665	893,7	8 920	100,2	42 117	272	3,3
1969	150,2	812	737,9	8 186	90,1	43 606	290	2,5
1970	179,3	902	792,9	8 186	96,9	43 576	308	2,6
1971	218,1	1 046	831,8	8 184	101,6	47 011	328	2,5
1972	303,6	1 252	967,3	8 104	119,4	52 489	349	2,8
1973	334,0	1 550	859,7	8 104	106,1	57 155	371	2,3
1974	680,0	2 339	1 159,4	8 211	141,2	63 189	395	2,9
1975	840,0	3 989	840,0	8 336	100,8	71 364	420	2,0
1976	1 129,0	4 629	972,9	8 336	116,7		441	2,2
1977	1 206,0	4 629	1 039,3	8 336	124,7		463	2,2

Fskj. 2.3.0.—01

Þjóðvegir 1. jan. 1976.

	Þjóðvegir í þéttbýli km	Hraðbr. km	Þjóðbr. km	Landsbr. km	Þjóðvegir km
Suðurlandskjördæmi	12,0	157,5	347,2	1 080,2	1 596,9
Reykjaneskjördæmi	53,3	170,9	8,6	190,2	423,0
Vesturlandskjördæmi	9,2	101,0	439,6	847,7	1 397,5
Vestfjarðakjördæmi	15,1	8,2	720,4	569,6	1 313,3
Norðurlandskjördæmi vestra	10,1	130,4	224,2	775,2	1 139,9
Norðurlandskjördæmi eystra	11,1	59,2	522,4	671,0	1 263,7
Austurlandskjördæmi	20,5	7,4	834,7	610,2	1 472,8
Samtals	131,3	634,6	3 097,1	4 744,1	8 607,1

Fskj. 2.3.1.—01

Hraðbrautir 1. jan. 1974 og 1976.

	1. jan. 1974		1. jan. 1976	
	Ekki akfært km	Alls km	Ekki akfært km	Alls km
Suðurlandskjördæmi	14,0	159,7	14,7	157,5
Reykjaneskjördæmi	8,2	161,2	8,1	170,9
Vesturlandskjördæmi	7,3	101,1	5,4	101,0
Vestfjarðakjördæmi		8,2		8,2
Norðurlandskjördæmi vestra		129,4		130,4
Norðurlandskjördæmi eystra		49,4		59,2
Austurlandskjördæmi		7,8		7,4
Samtals	29,5	616,8	28,2	634,6

Fskj. 2.3.2.—01

Þjóðbrautir 1. jan. 1974 og 1976.

	1. jan. 1974			1. jan. 1976		
	Ekki akf. km	Akfært km	Alls km	Ekki akf. km	Akfært km	Alls km
Suðurlandskjördæmi		305,3	305,3		347,2	347,2
Reykjaneskjördæmi		9,8	9,8		8,6	8,6
Vesturlandskjördæmi		440,3	440,3		439,6	439,6
Vestfjarðakjördæmi	10,0	394,1	404,1		720,4	720,4
Norðurlandskjördæmi vestra		220,8	220,8		224,2	224,2
Norðurlandskjördæmi eystra	13,0	519,7	532,7	14,0	508,4	522,4
Austurlandskjördæmi		694,0	694,0		834,7	834,7
Samtals	23,0	2 584,0	2 607,0	14,0	3 083,1	3 097,1

Fskj. 2.3.3.—01

Landsbrautir 1. jan. 1974 og 1976.

	1. jan. 1974			1. jan. 1976		
	Ekki akf. km	Akfært km	Alls km	Ekki akf. km	Akfært km	Alls km
Suðurlandskjördæmi	27,5	1 090,0	1 117,5	8,2	1 072,0	1 080,2
Reykjaneskjördæmi		199,6	199,6		190,2	190,2
Vesturlandskjördæmi	38,3	809,3	847,6	39,5	808,2	847,7
Vestfjarðakjördæmi	23,3	864,5	887,8	9,1	560,5	569,6
Norðurlandskjördæmi vestra	35,9	739,8	775,7	29,7	745,5	775,2
Norðurlandskjördæmi eystra	8,8	664,7	673,5	3,6	667,4	671,0
Austurlandskjördæmi	16,5	740,3	756,8	18,0	592,2	610,2
Samtals	150,3	5 108,2	5 258,5	108,1	4 636,0	4 744,1

Fskj. 2.5.—01

Óbrúaðar ár á þjóðvegum.

	1. apríl 1974		1. jan. 1976	
	Lengd 4–10 m	Lengd 10 m	Lengd 4–10 m	Lengd 10 m
Suðurlandskjördæmi	6	4	6	4
Reykjaneskjördæmi	3	1	3	1
Vesturlandskjördæmi	1	2	1	2
Vestfjarðakjördæmi	2	3	1	0
Norðurlandskjördæmi vestra	3	5	2	3
Norðurlandskjördæmi eystra	3	1	3	1
Austurlandskjördæmi	13	3	9	3
Alls	31	19	25	14

Á aðalfjallvegum eru 16 óbrúaðar ár, og eru þá aðeins talin stærri vatnsföll.

Fskj. 2.5.—02

Óbrúaðar ár á sýsluvegum.

	1. apríl 1974		1. jan. 1976	
	Lengd 4–10 m	Lengd 10 m	Lengd 4–10 m	Lengd 10 m
Suðurlandskjördæmi	0	1	0	1
Reykjaneskjördæmi	1	2	1	1
Vesturlandskjördæmi	2	5	2	2
Vestfjarðakjördæmi	12	2	12	2
Norðurlandskjördæmi vestra	2	4	1	4
Norðurlandskjördæmi eystra	1	2	1	1
Austurlandskjördæmi	19	11	18	10
Alls	37	27	35	21

Fskj. 2.5.—03

Aldur brúa, 10 m og lengri.

Byggingarár	Timburbrýr	Stálbrýr	Steyptar brýr	Brýr alls	Reiknað álag
1900–1909 ...		1	1	2	Mannþröng: 400 kg/m²
1910–1919 ...		0	18	18	Mannþröng: 400 kg/m²
1920–1929 ...		5	43	48	Mannþröng: 400 kg/m² eða vagn 6 tonn
1930–1939 ...		17	79	96	Mannþröng: 400 kg/m² eða vagn 6 tonn
1940–1949 ...		34	80	114	Mannþröng: 400 kg/m² eða vagn 6–20 tonn
1950–1959 ...	4	75	167	246	Vagn 20–34 tonn
1960–1969 ...		81	99	180	Vagn 20–34 tonn
1970–1975 ...		37	76	113	Vagn 20–63 tonn
Alls	4	250	563	817	

Fskj. 2.6.—01

Sýsluvegir 1. jan. 1976.

	Samkv. a–c lið 19. gr.				Skv. d–e lið 19. gr.	Sýsluvegir alls	
	Óakf. km	Rutt km	Lagt km	Alls km	km	km	
Vestur-Skaftafellssýsla		42,4	84,9	127,3	0,2	127,5	
Rangárvallasýsla		17,3	227,5	244,8	40,8	285,6	
Árnessýsla			248,2	248,2	5,4	253,6	
							666,7
Gullbringusýsla		2,0	4,6	6,6		6,6	
Kjósarsýsla		8,6	68,2	76,8		76,8	
							83,4
Borgarfjarðarsýsla		6,0	79,5	85,5	4,0	89,5	
Mýrasýsla	0,7	28,6	107,5	136,8	28,4	165,2	
Snæf. og Hnappadalssýsla	1,7	16,3	115,1	133,1	31,7	164,8	
Dalasýsla	7,2	19,2	53,1	79,5	13,0	92,5	
							512,0
Austur-Barðastrandarsýsla ...		18,2	16,0	34,2	60,9	95,1	
Vestur-Barðastrandarsýsla ...		17,5	23,5	41,0	34,8	75,8	
Vestur-Ísafjarðarsýsla		18,6	27,8	46,4	76,7	123,1	
Norður-Ísafjarðarsýsla	0,1	21,0	24,5	45,6	39,7	85,3	
Strandasýsla		17,4	44,1	61,5	90,1	151,6	
							530,9
Vestur-Húnavatnssýsla	2,8	21,8	101,1	125,6	37,4	163,0	
Austur-Húnavatnssýsla	0,8	17,7	84,1	102,6	1,0	103,6	
Skagafjarðarsýsla	11,2	52,1	135,9	199,2	6,9	206,1	
							472,7
Eyjafjarðarsýsla	2,1	19,9	88,1	110,1		110,1	
Suður-Þingeyjarsýsla	12,6	90,0	83,8	186,4	2,0	188,4	
Norður-Þingeyjarsýsla	39,4	73,3	42,8	155,5		155,5	
							454,0
Norður-Múlasýsla	0,2	77,8	130,8	208,8	21,1	229,9	
Suður-Múlasýsla	0,2	47,4	93,0	140,6	25,3	165,9	
Austur-Skaftafellssýsla	0,9	19,2	50,2	70,3	22,4	92,7	
							488,5
Samtals	79,9	652,2	1 934,3	2 666,4	541,8		3 208,2

Fskj. 2.7.—1.

Lengd þjóðvega í þéttbýli 1. janúar 1976.

	Í notkun, lengd m			Ófullgert, lengd m		
	1	2a	2b	2a	Óbyggt	Samtals
Suðurlandskjördæmi	5 130	1 470	5 045		320	11 965
Reykjaneskjördæmi, Rvík	33 425	2 925	4 540		12 400	53 290
Vesturlandskjördæmi	4 795	590	3 805			9 190
Vestfjarðakjördæmi	5 015	720	9 400			15 135
Norðurlandskjördæmi vestra	3 560	2 220	4 365			10 145
Norðurlandskjördæmi eystra	2 810	2 135	3 680	435	2 015	11 075
Austurlandskjördæmi	12 075	1 540	6 895			20 510
Samtals	66 810	11 600	37 730	435	14 735	131 310

Skýringar:
1 Bundið slitlag.
2a Undirbygging fullgerð.
2b Undirbygging ófullkomin.

Ed. 668. Frumvarp til laga [279. mál]

um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

I. KAFLI.

1. gr.

Markmið með starfsemi dagvistarheimila er að gefa börnum kost á að njóta handleiðslu sérmenntaðs fólks í uppeldismálum og búa þeim þau uppeldisskilyrði er efli persónulegan og félagslegan þroska þeirra.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn mála er varða dagvistarheimili.

Aðili, sem hyggst setja á stofn dagvistarheimili, skal hljóta samþykki ráðuneytisins til þess.

Ríkið skal leggja fram fé til byggingar dagvistarheimila fyrir börn en sveitarfélög til rekstrar þeirra svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

3. gr.

Aðilar, er njóta ríkisframlags til byggingar dagvistarheimila og rekstrarstyrks úr sveitarsjóði, eru: sveitarfélög og áhugafélög, svo og húsfélög fjölbýlishúsa, starfsmannafélög og aðrir þeir aðilar sem reka vilja dagvistarheimili í samræmi við markmið þessara laga.

4. gr.

Eftirtalin dagvistarheimili njóta styrks til byggingar úr ríkissjóði og til rekstrar frá sveitarfélagi samkvæmt lögum þessum:

1. Dagheimili fyrir börn frá 3ja mánaða aldri til skólaskyldualdurs þar sem börnin geta dvalist a. m. k. 5 st. á dag.

2. Skóladagheimili fyrir börn á skólaskyldualdri.
3. Leikskólar fyrir börn frá 2ja ára aldri til skólaskyldualdurs þar sem börnin geta dvalist a. m. k. 3 st. á dag.

Ákveðið skal nánar um starfstíma ofangreindra dagvistarheimila í reglugerð.

5. gr.

Framlags úr sveitarsjóði geta notið þau dagvistarheimili sem reka starfsemi sína að minnsta kosti 4 mánuði ársins samfellt.

Sveitarstjórn getur veitt dagvistarheimili styrk úr sveitarsjóði enda þótt það starfi skemur en 4 mánuði ef sérstakar aðstæður krefjast.

II. KAFLI.

6. gr.

Sveitarfélag, sem óskar að reisa dagvistarheimili eftir lögum þessum, skal njóta styrks úr ríkissjóði sem hér segir:

1. Til dagheimila og skóladagheimila 50% áætlaðs stofnkostnaðar fullbúins húsnæðis í samræmi við ákvæði í reglugerð um stofnkostnað skóla nr. 159/1969.
2. Til leikskóla 50% áætlaðs stofnkostnaðar fullbúins húsnæðis.

Þeir aðilar aðrir en sveitarfélög, sem taldir eru upp í 3. gr., skulu njóta sama ríkisframlags ef viðkomandi sveitarfélag mælir með því.

Nú hefur aðili fengið styrk úr ríkissjóði til stofnunar dagvistarheimilis en hætt rekstri þess og er þá styrkurinn endurkræfur til ríkissjóðs samkvæmt reglum þar um sem ákveðnar verða í reglugerð.

7. gr.

Heimilt er með samþykki menntamálaráðuneytisins að festa kaup á eldra húsnæði til rekstrar dagvistarheimilis og skal framlag ríkisins til þess vera sambærilegt við framlag til nýbyggingar.

Umsóknir aðila um ríkisframlag í þessu skyni skulu hlíta sömu skilyrðum sem um nýbyggingar væri að ræða.

III. KAFLI

8. gr.

Af rekstrarkostnaði dagvistarheimila greiði sveitarfélag sem hér segir:

1. Til dagheimila og skóladagheimila allt að 60%.
2. Til leikskóla allt að 40%.

Af rekstrarkostnaði dagvistarheimila, sem leyfi hafa til rekstrar og eigi eru rekin af sveitarfélaginu sjálfu, greiði sveitarfélagið rekstrarstyrk að loknu ársuppgjöri dagvistarheimilisins. Skal í reglugerð setja nánari ákvæði um hvað falla skuli undir þann rekstrarkostnað sem sveitarfélagið tekur þátt í.

Heimilt er að greiða allt að 50% af rekstrarkostnaði fyrirfram.

IV. KAFLI

9. gr.

Þegar aðili skv. 3. gr. óskar styrks úr ríkissjóði til að reisa og/eða reka dagvistarheimili fyrir börn skal hann senda beiðni um það til menntamálaráðuneytisins.

Umsókn um leyfi til að reisa og/eða reka dagvistarheimili skulu fylgja eftirtalin gögn:

1. Áætlanir sem starfsemi stofnunarinnar, upplýsingar um rekstraraðila og starfsfólk.
2. Rekstraráætlun.

Þegar annar aðili en sveitarfélag sækir um styrk skal auk framangreindra gagna fylgja umsögn viðkomandi sveitarstjórnar um hvort dagvistarheimili sé í samræmi við þarfir sveitarfélagsins og á þeim stað er hagkvæmast má telja fyrir íbúana.

Óski aðili að reka dagvistarheimili í leiguhúsnæði er heimilt að veita styrk til rekstrarins samkvæmt 8. gr.

10. gr.

Menntamálaráðuneytið lætur athuga umsókn og þau gögn sem henni fylgja. Að lokinni athugun tilkynnir ráðuneytið hvort það hafi fallist á umsókn.

Ef ráðuneytið getur ekki á umsókn fallist skal það tilkynnt aðila og skal í synjun ráðuneytis tekið fram hvort hafnað sé í heild hugmyndum um téð heimili eða hvort synjun stafi af því að frumathugun sé áfátt þannig að bæta megi úr og skal þá bent á hverju áfátt er að dómi ráðuneytisins.

11. gr.

Ráðuneytið setur með reglugerð ákvæði um húsakost dagvistarheimila, stærðareiningar, húsrými á barn, barnafjölda á deild, fjölda starfsliðs hverrar deildar, svo og ákvæði um útivistarsvæði og innri gerð.

Ráðuneytið skal láta gera staðlaðar teikningar af dagvistarheimilum sem byggjendur dagvistarheimila eiga kost á að fá gegn sanngjörnu gjaldi.

12. gr.

Eftir að ráðuneytið hefur fallist á umsókn samkvæmt 3. og 9. gr. skal umsóknaraðili leggja fram uppdrætti og gögn varðandi alla undirbúningsvinnu til samþykktar.

Til undirbúningsvinnu telst m. a.:

1. Uppdráttur að lóð.
2. Uppdrættir að fyrirhuguðu mannvirki.
3. Séruppdrættir að því sem menntamálaráðuneytið kann að áskilja sérstaklega.
4. Vottorð byggingafulltrúa eða oddvita um að byggingarnefnd (hreppsnefnd) hafi fallist á uppdrætti, svo og vottorð annarra (byggingar-) yfirvalda um að uppdrættir séu í samræmi við lög og reglugerðir.
5. Tíma- og greiðluáætlun um framkvæmd verksins og yfirlýsing hlutaðeigandi umsóknaraðila um að tryggð verði þau fjárframlög sem um er að ræða frá öðrum en ríkissjóði. Ef ráðuneytið telur framangreind gögn ekki fullnægjandi skal það tilkynna hvað á skorti.

13. gr.

Þegar ráðuneytið hefur gengið úr skugga um að undirbúningur sé fullnægjandi samkvæmt framansögðu og fjárframlög tryggð sér það um að gerður verði samningur milli þess og annarra aðila um greiðslur samkvæmt 6. gr. þessara laga og heimilar að hafin verði tæknilegur undirbúningur.

14. gr.

Alþingi ákveður hverju sinni í fjárlögum framlag til byggingarframkvæmda.

Eigi er heimilt að hefja framkvæmdir fyrr en fé hefur verið veitt í fjárlögum og fyrir liggur skriflegt samþykki menntamálaráðuneytisins.

Ef hafnar eru framkvæmdir án samþykkis ráðuneytis verður stofnkostnaður ríkissjóði óviðkomandi.

Ríkissjóður skal að jafnaði greiða sinn hluta af áætluðum byggingarkostnaði dagvistarheimila á næstu fjórum árum eftir að fyrsta fjárveiting til framkvæmdarinnar hefur verið samþykkt.

Ef framkvæmdaraðili getur útvegað lánsfé til byggingar dagvistarheimila með sölu skuldabréfa eða á annan hátt er heimilt að ríkissjóður ábyrgist slík lán allt að því er nemur greiðslu hluta ríkissjóðs samkv. 6. gr.

Áætlaður stofnkostnaður dagvistarheimila skiptist í áætlaðan byggingarkostnað og áætlaðan kostnað stofnbúnaðar. Skal í áætlun þessari miða við þá staðla sem reglugerð kveður á um varðandi gerð og búnað hvers heimilis. Í áætlun þessari skal miða við byggingarkostnað og verðlag á þeim tíma þegar áætlun er gerð og miðast ríkisframlag við áætlaða fjárhæð að viðbættri vísitölu byggingarkostnaðar á byggingartíma.

15. gr.

Ráðuneytið skal hafa í þjónustu sinni starfsmann sem lokið hefur námi í Fósturskóla Íslands eða í sambærilegum skóla og hlotið framhaldsmenntun. Auk þess skal hann hafa reynslu í uppeldisstarfi. Þessi starfsmaður skal athuga allar umsóknir um húsaskipan og rekstur dagvistarheimila áður en leyfi er veitt. Ber honum að hlutast til um að fullnægt sé öllum ákvæðum sem lög þessi og reglugerðir mæla fyrir um varðandi byggingu og rekstur dagvistarheimila. Hann skal vera stjórnendum dagvistarheimila til ráðuneytis um starfsemi heimilanna og annast eftirlit með þeim.

V. KAFLI

16. gr.

Forstöðumaður dagvistarheimilis og starfslið, er annast fósturstörf, skal hafa hlotið fósturmenntun, svo og þeir sem annast umsjón með dagvistarheimilum á vegum rekstraraðila.

Heimilt er þó með samþykki ráðuneytisins að víkja frá þessu ákvæði sé þess enginn kostur að fá fólk með framangreinda menntun til starfs.

17. gr.

Læknar skulu hafa eftirlit með heilsufari barna á dagvistarheimilum. Skal kveða nánar á um það í reglugerð, svo og reglum um heilbrigðiseftirlit með starfsfólki.

Stefnt skal að því að dagvistarheimili eigi kost á sálfræði- og ráðgjafarþjónustu. Tengja skal þá þjónustu við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skóla eða félagsmálastofnana eftir því sem við á í hverju sveitarfélagi.

18. gr.

Forstöðumaður dagvistarheimilis skal halda reglulega fundi með starfsliði um stjórn heimilisins og velferð hvers einstaks barns.

Skylt er rekstraraðila dagvistarheimilis að skipuleggja tengsl milli foreldra barnanna og dagvistarheimilis í því skyni að efla samstarf milli þessara aðila um velferð barnsins.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar fjárlög fyrir árið 1976 voru afgreidd á Alþingi í desember s. l. voru nokkrir útgjaldaliðir ríkissjóðs færðir yfir á sveitarsjóði gegn aukinni hlutdeild sveitarsjóða í söluskattstekjum. Einn þessara liða var hlutdeild ríkissjóðs í rekstrarkostnaði dagvistarheimila fyrir börn. Nauðsyn ber því til að samræma lagaákvæði um dagvistarheimili þessari stefnu og lýtur frumvarp þetta að því.

Með breyttri greiðslutilhögun var stefnt að því að flytja ákveðin verkefni til sveitarfélaga en ekki að draga úr framlagi til verkefnanna. Því er nauðsynlegt að hafa áfram ákvæði í lögum um rekstrarframlag til dagvistarheimila. Er hér gert ráð fyrir að heildarframlagið haldist innan sömu marka og áður en þá greiddi

sveitarsjóður helming rekstrarframlags á móti ríkissjóði en nú er gert ráð fyrir að sveitarfélögin ein greiði rekstrarframlag jafnframt því sem þeim var séð fyrir tekjuauka. Hér er einnig verið að tryggja áframhaldandi stuðning opinberra aðila til rekstrar dagvistarheimila sem rekin eru af öðrum aðilum en sveitarfélögum.

Frumvarpi þessu er ætlað að koma í stað laga nr. 29/1973 um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistarheimila, sbr. VI. kafla laga nr. 94/1975 um breytingar á lögum vegna nokkurra verkefna sveitarfélaga og kostnaðar við þau. Breytingar í frumvarpinu frá lögum nr. 29/1973 eru:

2. gr. Tekið er inn ákvæði 37. gr. laga um vernd barna og ungmenna um að leyfi menntamálaráðherra þurfi til að stofnsetja dagvistarheimili. Þá er tekið í greinina ákvæði um að sveitarfélög leggi fram fé til rekstrar dagvistarheimila.

3. gr. Í greinina er bætt: og rekstrarstyrks úr sveitarsjóði.

4. gr. Í greinina bætist: og til rekstrar frá sveitarfélagi.

5. gr. Í stað „ríkisframlags njóta“ kemur: framlags úr sveitarsjóði geta notið.

8. gr. Í stað „af rekstrarkostnaði greiðir ríkið sem hér segir:

1. Til dagheimila og skóladagheimila allt að 30%.
2. Til leikskóla allt að 20%“, kemur: af rekstrarkostnaði dagvistarheimila greiðir sveitarfélag sem hér segir:

1. Til dagheimila og skóladagheimila allt að 60%.
2. Til leikskóla allt að 40%.

9. gr. Fellur niður.

10.—19. gr. óbreyttar að öðru leyti en því að í stað „dagvistunarheimili“ kemur „dagvistarheimili“.

Nd. 669. Frumvarp til laga [127. mál]

um breyting á lögum nr. 101 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd., 6. maí.)

1. gr.

1. gr. laganna breytist þannig:

a) Í stað orðanna „5 mönnum kosnum af Stéttarsambandi bænda“ í 1. málsgr. komi: 7 mönnum kosnum af Stéttarsambandi bænda.
b) Á eftir orðunum „Samband eggjaframleiðenda“ í 2. málsgr. bætist: eða Hagsmunafélag hrossabænda.

2. gr.

20. gr. laganna orðist svo:

Framleiðsluráð úthlutar leyfum til slátrunar stórgripa, nautgripa og hrossa, og má enginn slátra stórgripum til sölu né versla með kjöt af þeim í heildsölu nema hann hafi fengið til þess slíkt leyfi. Um úthlutun slátrunarleyfa á stórgripum gilda sömu ákvæði og um úthlutun slátrunarleyfa fyrir sauðfé, sbr. 14. gr. þessara laga.

Landbúnaðarráðherra getur fyrirskipað eftir tillögum Framleiðsluráðs, að slátrun svína og alifugla skuli fara fram í löggiltum sláturhúsum, sbr. lög nr. 30 frá 28. apríl 1966.

Framleiðsluráð skal hafa eftirlit með sölu og meðferð stórgripakjöts.

3. gr.

Við 1. málsgr. 21. gr. laganna bætist:
að fengnum tillögum Hagsmunafélags hrossabænda.

4. gr.

1. málsl. 1. málsgr. 23. gr. laganna orðist svo:

Framleiðendur sölumjólkur á hverju mjólkursölusvæði velja sér stjórn er hefur á hendi stjórn mjólkurmálanna á því sölusvæði, þ. á m. heildsöludreifingu mjólkur, rjóma, skyrs og annarra skyldra mjólkurvara.

5. gr.

25. gr. laganna orðist þannig:

Þar sem samsölustjórn er starfandi samkvæmt ákvæðum 23. gr., skal hún annast alla heildsöludreifingu á mjólk, rjóma og nýju skyri á sölusvæðinu.

Sexmannanefnd ákveður hverju sinni verð á mjólk og rjóma í heildsölu og smásölu, sbr. 2. málsgr. 6. gr. Í því sambandi skal hún einnig ákveða losunargjald, sem heildsöluaðila er heimilt að taka í hvert skipti sem mjólk, rjómi eða aðrar skyldar mjólkurvörur eru afgreiddar við dyr smásöluverslunar eða aðra útsölustaði. Getur nefndin ákveðið gjald þetta jafnhátt að krónutölu, hvort sem afgreitt er mikið eða lítið magn vöru hverju sinni, sé um sölu í þéttbýli að ræða. Heildsöluaðila (samsölu eða mjólkurbúi) er heimilt að selja mjólk og mjólkurvörur á hinu skráða smásöluverði til aðila, sem ekki reka smásöluverslun. Skal þá ekki taka losunargjald.

Mjólkursamlögum og verslunum, er selja mjólk og mjólkurvörur, ber að hlíta verðákvörðunum Sexmannanefndar, og má aldrei grípa til sölustöðvunar á mjólk og skyldum vörum þó að ósamkomulag kunni að koma upp út af verðlagningu þeirra vara.

Ekki má selja mjólk, rjóma og skyr eða skyldar mjólkurvörur til annarra verslana en þeirra, er fengið hafa samþykki heilbrigðisyfirvalda í viðkomandi sveitarfélagi til sölu mjólkur. Skal í þeim efnum fylgt ákvæðum gildandi laga og reglugerða á hverjum tíma.

6. gr.

26. gr. laganna orðist svo:

Þar sem eitt mjólkurbú er starfandi á mjólkursölusvæði, skal stjórn þess annast alla heildsölu á mjólk, rjóma, skyri, súrmjólk, jógurt og öðrum skyldum mjólkurafurðum, sbr. 1. málsgr. 25. gr.

7. gr.

27. gr. laganna orðist þannig:

Nú er starfandi mjólkurbú eða samsala, sem Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur viðurkennt, og er þá öðrum óheimilt að selja mjólk, rjóma, skyr, súrmjólk og aðrar skyldar mjólkurafurðir í heildsölu á því sölusvæði.

Nú kemur upp deila milli mjólkurbúa og framleiðenda á einhverju sölusvæði um móttöku mjólkur eða önnur atriði varðandi samskipti þessara aðila, og skal þá Framleiðsluráð leitast við að jafna ágreininginn milli málsaðila og úrskurða, ef með þarf.

8. gr.

28. gr. laganna orðist þannig:

Skylt er mjólkurbúum, sem fengið hafa einkaleyfi til heildsölu á mjólk, sbr. ákvæði 25. gr., að sjá um að ætíð sé nóg neyslumjólk til á sölusvæði þeirra, sé þess nokkur kostur. Öll mjólk og allur rjómi, sem seldur er frá sölumiðstöð mjólkurbúa samkvæmt lögum þessum, skal vera gerilsneyddur.

Verslanir, sem leyfi hljóta til sölu á mjólk, rjóma og skyri, skulu einatt hafa á boðstólum allar vörutegundir, sem mjólkursamsala og mjólkursamlögin hafa til sölu á hverjum tíma.

Nú telja héraðsdýralæknir, mjólkureftirlitsmaður eða héraðslæknir, að mjólk frá einhverjum framleiðanda sé ekki söluhæf, og geta þeir þá, hver um sig eða allir saman, stöðvað mjólkursölu frá viðkomandi framleiðanda.

Um framkvæmd þess sölubanns skal setja ákvæði í reglugerð.

Nú telur heilbrigðisnefnd eða héraðslæknir meðferð sölumjólkur áfátt hjá einhverju mjólkurbúi eða mjólkursöluaðila (verslun), og getur heilbrigðisnefndin þá stöðvað sölu mjólkur frá þeim aðila og krafist úrbóta á því sem áfátt er, áður en sala hefur verið leyfð að nýju. Um slíkar aðgerðir ber nefndinni að hafa samráð við Heilbrigðiseftirlit ríkisins.

9. gr.

30. gr. laganna orðist þannig:

Nú kemur í ljós, að vöntun er á mjólk og mjólkurvörum, og skal þá Framleiðsluráð hlutast til um, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, mjólkurframleiðendur á hlutaðeigandi mjólkursölusvæði og forráðamenn hlutaðeigandi kaupstaða og kauptúna, að bót fáist á mjólkurskortinum, t. d. með bættum samgöngum, félagsbundinni sölu o. s. frv. Ennfremur er Framleiðsluráði heimilt, ef mjólk vantar á vissum tíma árs, að fyrirskipa misjafnt mjólkurverð til framleiðenda eftir árstíðum og gera aðrar ráðstafanir, er líklegar þykja til að tryggja jafnari mjólkurframleiðslu á mjólkursölusvæðinu.

Nú kemur í ljós, að mjólkurþörf einstakra byggðarlaga verði aðeins fullnægt með kostnaðarsömum flutningum milli sölusvæða, og er Framleiðsluráði þá heimilt að styrkja þá flutninga. Ber Sexmannanefnd að taka tillit til aukakostnaðar, er af slíku leiðir. Því fé, sem Sexmannanefnd ákveður í þessu skyni, skal haldið aðskildu frá öðru ráðstöfunarfé Framleiðsluráðs.

10. gr.

40. gr. laganna orðist þannig:

Verðmiðlun á búvörum skal haga þannig, að sama verð fáist fyrir sams konar vörur komnar á vinnslustað miðað við meðalvinnslukostnað og nýtingu. Verðjöfnunargjald skal teljast til dreifingarkostnaðar. Skal því hagað þannig:

a. Kjöt: Af öllu kindakjöti skal greiða sérstakt gjald, er nota skal til verðjöfnunar. Við verðjöfnun er Framleiðsluráði heimilt að taka tillit til mismunandi fjármagskostnaðar sláturhúsa og mismunandi flutningskostnaðar frá sláturstað til markaðsstaðar. Auk þess er Framleiðsluráði heimilt að framkvæma útjöfnun á flutningskostnaði sláturfjár að sláturhúsi, sérstaklega þegar svo stendur á, að það getur auðveldað hagkvæman rekstur sláturhúsa. Þá er Framleiðsluráði heimilt að taka upp verðjöfnun á stórgripakjöti, er taki til svipaðra aðstæðna og segir í grein þessari varðandi kindakjöt.
b. Mjólk og mjólkurvörur: Greiða skal sérstakt gjald af allri innveginni mjólk í mjólkursamlög og skal verja því til þess að koma á hentugri vinnuskiptingu milli þeirra svo og til verðmiðlunar milli mjólkursölusvæða. Í því sambandi er heimilt að taka tillit til mismunandi fjármagnskostnaðar mjólkurbúanna. Þá er og heimilt að verja fé til jöfnunar á flutningskostnaði mjólkur að samlagi, ef þörf krefur að mati framleiðsluráðs.
c. Heimilt er að taka verðjöfnunargjald af eggjum.
d. Heimilt er að taka verðjöfnunargjald af kartöflum, til jöfnunar á flutningskostnaði milli sölusvæða.
e. Heimilt er að taka verðjöfnunargjald af öllum búvörum til að jafna halla af útflutningi, ef verðábyrgð skv. 12. gr. nægir ekki. Gjald þetta hefur ekki áhrif á dreifingarkostnað eða útsöluverð, sbr. 1. málsgr. 12. gr.

11. gr.

42. gr. laganna orðist svo:

Sláturleyfishafar og stjórnir mjólkursamlaga eða mjólkursölusvæða og aðrir, sem versla með gjaldskyldar vörur skv. 40. gr., skulu standa Framleiðsluráði skil á verðjöfnunargjaldi skv. fyrirmælum þess. Selji framleiðandi búvörur sínar beint til neytenda ber honum að standa skil á verðjöfnunargjaldi til Framleiðsluráðs.

Gjald þetta er heimilt að taka lögtaki.

Framleiðsluráð annast um framkvæmd verðjöfnunar og aflar sér þeirra gagna, sem þörf er á í því skyni. Skylt er einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum, er starfa fyrir landbúnaðinn, að veita Framleiðsluráði upplýsingar er að þessu lúta og þær geta látið í té.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Breytingar þær sem felast í 3.—8. gr. frá eldri ákvæðum, skulu koma til framkvæmda eigi síðar en 1. febrúar 1977. Tímabil það, sem líður frá samþykkt laganna, skulu aðilar nota til að koma sér saman um ýmis framkvæmdaatriði, sem ekki er búið að ganga frá svo sem yfirfærslu eigna, ráðningu starfsfólks, fyrirkomulag á afhendingu og móttöku mjólkur og greiðslu á andvirði varanna og önnur slík atriði, sem nauðsynlegt er að semja um.

Nd. 670. Nefndarálit [209. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sbr. lög nr. 72 1. júní 1972 og lög nr. 58 30. apríl 1973, um breyting á þeim lögum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin ræddi frumvarpið á fundi sínum og var sammála um að mæla með samþykkt þess.

Nefndin ræddi breytingartillögu Páls Péturssonar á þingskjali 615. Í því sambandi vísar nefndin til ummæla félagsmálaráðherra við 1. umræðu, en tekur tillöguna ekki upp. Hins vegar áskilja allir nefndarmenn sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Jóhann Hafstein var fjarverandi.

Alþingi, 6. maí 1976.

Gunnlaugur Finnsson, form., frsm.	Ellert B. Schram, fundaskr.	Magnús T. Ólafsson.
Stefán Valgeirsson.	Eðvarð Sigurðsson.	Ólafur G. Einarsson.

Nd. 671. Breytingartillaga [198. mál]

við frv. til l. um Búnaðarbanka Íslands.

Frá Benedikt Gröndal.

1. Við 8. gr. Í stað orðsins „landbúnaðarmál“ komi: bankamál.
2. Við 15. gr. Í stað orðsins „Landbúnaðarráðherra“ komi: Ráðherra.

Nd. 672. Frumvarp til laga [145. mál]

um breyting á lögum nr. 42/1969, um afréttamálefni, fjallskil o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd., 6. maí.)

Samhljóða þskj. 538 með þessari breytingu.

3. gr., 24. gr. laganna hljóðar svo:

Þegar ítölunefnd hefur ákveðið heildartölu búfjár, sem hafa má á hverju svæði, sendir hún úrskurðinn viðkomandi sýslumanni, sem birtir hann viðkomandi aðilum og Landgræðslu ríkisins. Sveitarstjórn hefur eftirlit með því, að eigi sé haft fleira í högum en ítölunefnd hefur ákveðið.

Nú er fleira búfé á ákveðnu ítölusvæði en þar má ganga samkvæmt úrskurði ítölunefndar, og má þá fela ítölunefnd að ákveða hlutdeild hvers býlis af heildarsveitarréttindum.

Nú hefur hreppsnefnd eða stjórn fjallskiladeildar gert tillögur um hlutdeild einstakra býla í ítölu, og getur þá sá, sem ekki vill una þeim, skotið málinu til ítölunefndar, sem sker úr.

Réttur hvers lögbýlis sem sérmetið var við fasteignamat árið 1932, skal að ⅓ vera jafn, en að ⅔ skal hann vera í hlutfalli við beitarþol heimalands jarðarinnar. Hafi það ekki verið metið, má leggja til grundvallar landverð jarðarinnar eftir fasteignamati að frádregnum hlunnindum og að frádregnu verðmæti þess hluta af fullræktuðu landi, sem ætla má að nota verði til heyöflunar. Taka má tillit til sérstakra búskaparhátta á jörðinni.

Heimilt er sveitarfélagi, sem ekki fyllir ítölu sína í afrétti, að leyfa öðru sveitarfélagi, sem á upprekstur í sameiginlegt afréttarland, að fylla ítöluna, enda komi gjald fyrir, sem ítölunefnd ákveður. Hafi ábúandi færra búfé í heimahögum en svarar ítölu hans, má hann taka af öðrum innan sama hrepps, en eigi utan, nema með samþykki sveitarstjórnar. Sama gildir um eyðijarðir, noti eigandi þær ekki fyrir eigin fénað. Hafi hreppsbúar ekki þörf nytjalandsins, en sveitarstjórn synjar jarðeiganda að taka fénað utan hrepps, getur hann krafist beitarleigu eftir mati ítölunefndar, enda sé það land, ef um heimaland er að ræða, girt fjárheldri girðingu.

Nú hefur ítala verið ákveðin í afréttarland, og er þá sveitarstjórn heimilt að jafna niður fjallskilakostnaði í hlutfalli við ítölu hvers býlis.

Nd. 673. Frumvarp til laga [254. mál]

um Fiskveiðasjóð Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 6. maí.)

Samhljóða þskj. 547 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Fiskveiðasjóður Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Útvegsbanki Íslands skal veita sjóðnum nauðsynlega fyrirgreiðslu og starfsaðstöðu. Sjóðurinn lýtur sérstakri stjórn, eins og segir í lögum þessum. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

7. gr. hljóðar svo:

Verkefni stjórnar Fiskveiðasjóðs eru þessi:

a) Ákvarðanir um lántöku og aðra fjáröflun til starfsemi sjóðsins og útgáfu skjala í því sambandi.
b) Ákvarðanir um rekstrar- og greiðsluáætlanir Fiskveiðasjóðs, er gerðar skulu fyrirfram 1 ár í senn.

c) Ákvarðanir um útlán sjóðsins og lánakjör.
d) Úrskurður reikninga sjóðsins og ákvörðun um ráðstöfun tekjuafgangs, svo og ákvörðun um afskriftir af kröfum hans.
e) Ráðning forstjóra sjóðsins. Heimilt er einnig að ráða aðstoðarforstjóra.
f) Skipun matsnefndar.

8. gr. hljóðar svo:

Forstjóri sjóðsins hefur á hendi alla daglega starfsemi sjóðsins eftir nánari fyrirmælum í reglugerð og skv. ákvörðunum sjóðsstjórnar. Í reglugerð má einnig ákveða, að sjóðsstjórnin geti veitt forstjóra heimild til að ákveða lánveitingar úr sjóðnum innan tiltekinna marka. Stjórn Útvegsbanka Íslands ræður aðra starfsmenn sjóðsins en um ræðir í 7. gr., samkvæmt tillögum forstjóra sjóðsins. Um laun og kjör þeirra gilda sömu ákvæði og um starfsmenn Útvegsbankans.

10. gr. hljóðar svo:

Starfsár Fiskveiðasjóðs er almanaksárið. Af tekjum hvers árs skal greiða kostnað við rekstur sjóðsins svo og töp vegna afskrifaðra lána. Forstjóri sjóðsins skal sjá um að ganga frá reikningum hans fyrir 1. mars ár hvert og hafa afhent þá stjórn sjóðsins. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af tveimur mönnum, sem ráðherra skipar til tveggja ára í senn. Ráðherra staðfestir reikninga sjóðsins að fengnum úrskurði stjórnar og endurskoðenda. Ársreikninga skal birta í Stjórnartíðindum og í ársskýrslu Útvegsbankans.

Nd. 674. Lög [212. mál]

um upptöku ólöglegs sjávarafla.

(Afgreidd frá Nd. 6. maí.)

Samhljóða þskj. 488.

Nd. 675. Breytingartillaga [154. mál]

við frv. til laga um sálfræðinga.

Frá Ellert B. Schram.

1. gr. orðist svo:

Þeir einir öðlast starfsréttindi sem sálfræðingar, sem fengið hafa leyfi menntamálaráðuneytisins.

Óheimilt er að nota starfsheiti, sem til þess er fallið að gefa í skyn að leyfi ráðuneytisins liggi fyrir.

Nd. 676. Frumvarp til laga [219. mál]

um breyting á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 6. maí.)

Samhljóða þskj. 451 með þessari breytingu:

10. gr. hljóðar svo:

29. gr. orðist svo:

Við munnleg próf, sem teljast til fullnaðarprófs, skal vera einn prófdómandi utan háskólans. Skrifleg próf dæma hlutaðeigandi kennarar einir.

Stúdent, sem ekki hefur staðist próf, á rétt til þess að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar, ef hann æskir þess bréflega innan 15 daga frá

birtingu einkunnar. Vilji stúdentinn þá eigi una mati kennarans, getur hann snúið sér til viðkomandi deildarforseta. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki.

Einnig getur kennari óskað skipunar prófdómara í einstakri prófgrein eða prófþætti, ef hann telur sérstaka ástæðu til þess.

Menntamálaráðherra skipar prófdómendur að fengnum tillögum háskóladeildar. Þá eina má skipa prófdómara, sem lokið hafa viðurkenndu fullnaðarprófi við háskóla í þeirri grein, sem dæma skal, eða getið hafa sér orðstír fyrir fræðimennsku í greininni. Prófdómendur skulu skipaðir til þriggja ára í senn, nema skipun sé samkvæmt 2. mgr. hér á undan.

Sé ekki völ á prófdómara hérlendis utan háskólans, er fullnægir skilyrðum 3. mgr. hér á undan, er menntamálaráðherra rétt að skipa háskólakennara til starfans að fenginni tillögu háskóladeildar.

Ed. 677. Nefndarálit [75. mál]

um frv. til laga um holræsagjald, byggingargjald og sérstakt gatnagerðargjald á Akureyri.

Frá félagsmálanefnd.

Félagsmálanefnd Ed. hefur haft frv. til ítarlegrar umfjöllunar. Frumvarpið felur í sér heimild til skattheimtu fyrir eitt sveitarfélag. Telur nefndin að slíkt sé óeðlilegt, en frekar komi til greina að taka upp efni frv. í lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Þar sem verkefni og tekjustofnar sveitarfélaga eru til endurskoðunar telur nefndin rétt að mál þetta komi þar til athugunar.

Með tilvísun til framanritaðs leggur nefndin til að máli þessu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Fjarstaddur afgreiðslu málsins var Steingrímur Hermannsson.

Alþingi, 7. maí 1976.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm. Steinþór Gestsson, fundaskr. Jón Helgason.
Axel Jónsson. Helgi F. Seljan. Eggert G. Þorsteinsson.

Ed. 678. Nefndarálit [237. mál]

um frv. til l. um breyting á lögum nr. 8 22. mars 1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

Félagsmálanefnd Ed. hefur fjallað um frv. og meðal annars sent það til umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Enn fremur hefur nefndin fengið á fund sinn ráðuneytisstjóra félagsmálaráðuneytisins og framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum, sem tillögur eru gerðar um á sérstöku þingskjali.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Steingrímur Hermannsson.

Alþingi, 7. maí 1976.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm. Steinþór Gestsson, fundaskr. Jón Helgason.
Axel Jónsson. Helgi F. Seljan. Eggert G. Þorsteinsson.

Ed. 679. Breytingartillögur [237. mál]

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 8 22. mars 1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

Við 2. gr.
a. Í stað „15. júlí“ komi: árslok ár hvert.
b. Í stað orðanna „helmingur meðalútsvars“ komi: allt að meðalútsvari.

Nd. 680. Lög [191. mál]

um Búnaðarbanka Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 6. maí.)

Samhljóða þskj. 411.

Ed. 681. Nefndarálit [257. mál]

um frv. til jarðalaga.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur fjallað um frv. á fundum sínum og borið það saman við fyrri gerð þess með tilliti til umsagna, sem um það bárust.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þess og mun minni hl. skila séráliti.

Undirritaður meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 7. maí 1976.

Steinþór Gestsson, form., frsm. — Ingi Tryggvason, fundaskr. — Ásgeir Bjarnason.

Helgi F. Seljan, með fyrirvara. — Jón Árnason. — Axel Jónsson.

Ed. 682. Nefndarálit [257. mál]

um frv. til jarðalaga.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Frumvarp þetta að jarðalögum hefur það að markmiði meðal annars að torvelda að góðar bújarðir og vel í sveit settar — kannske með eftirsóttum hlunnindum — lendi í tröllahöndum brasks, svo að not jarðanna til búskapar kunni að misfarast sem og valda bændastéttinni og viðkomandi sveitarfélagi ýmsum vandkvæðum. Undirritaður er samþykkur þessu markmiði og því úrræði, að viðkomandi sveitarfélög hafi yfirleitt forkaupsrétt að jörðum innan marka sinna, að frágengnum ábúanda, ef fyrir hendi er.

Annað markmið frumvarpsins virðist að festa í sessi eignar- og umráðarétt sjálfseignarbænda og sveitahreppa yfir öllu landi, bæði þinglýstum jarðeignum sem

og afréttum og óbyggðum öllum, lóðum og lendum utan skipulagðra þéttbýlisstaða, gögnum lands og gæðum, sbr. 3. gr. frumvarpsins.

Undirritaður telur, að jafnafdráttarlaust yfirráða- og valdsvið fyrirhugaðra jarðanefnda, sem frumvarpið leggur til að verði, og skipaðra með þeim hætti, sem frumvarpið ætlast til, hljóti að leiða til árekstra með íbúum sveitahreppa og íbúum þéttbýlisstaða, þar eð skipan jarðanefndanna virðist miðuð við hagsmuni sjálfseignarbænda og sveitahreppa einvörðungu.

Hætt er við, að líkir árekstrar kunni að skapast varðandi úthlutun og ákvörðun útilífssvæða og sumarbústaðalóða, einnig ráðstöfunarstjórn á fasteignum, sem eitt sveitarfélag á í öðru, t. d. Reykjavíkurborg í Grafningshreppi (Nesjavellir) eða Hafnarfjarðarbær í Grindavíkurhreppi (Krýsuvík), svo að dæmi séu nefnd. Enn er að geta slíkra tilfella, þegar íbúar þéttbýlisstaða telja sig þurfa að kaupa jörð, jarðir eða jarðahluta í öðru sveitarfélagi sér til landrýmis. Þarf hér að koma sveigjanlegri sjónarmiðum að með skipan jarðanefnda, en ætla verður að skipan samkvæmt frumvarpinu bjóði upp á, og er tillöguflutningur í sambandi við þetta nefndarálit m. a. við þetta miðaður (breyt. á 4. gr. og 6. gr.).

Undirrituðum þykir varhugavert að færa söluákvörðun ríkisjarða úr hendi Alþingis til ráðherra og leggst gegn því, um leið og hann lýsir þeirri skoðun sinni, að Alþingi beri að vera mjög aðgætið um sölu ríkisjarða.

Loks lýsir undirritaður þeirri skoðun sinni, að ekki eigi að lögleyfa óðalsjarðir hér á landi, enda innflutt lenska, og fella beri lög um óðalsjarðir úr gildi.

Eins og af nefndarálitum meiri og minni hluta landbúnaðarnefndar um frumvarp til jarðalaga er ljóst, náðist ekki samkomulag um afgreiðslu þess úr nefnd.

Flytur undirritaður nokkrar breytingartill. við frumvarpið á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 7. maí 1976.

Bragi Sigurjónsson.

Ed. 683. Breytingartillögur [257. mál]

við frv. til jarðalaga.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar (BrS).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Tilgangur laga þessara er að tryggja, að nýting lands utan skipulagðra þéttbýlissvæða sé eðlileg og hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og að eignarráð á landi og búseta á jörðum sé í samræmi við hagsmuni þjóðarheildarinnar.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Í hverju kjördæmi, þar sem bújarðir eru, skal starfa jarðanefnd skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara. Búnaðarsamband eða búnaðarsambönd viðkomandi kjördæmis tilnefna tvo menn í jarðanefnd, kaupstaðir kjördæmis tilnefna tvo menn, en ráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar.
   Allir jarðnefndarmenn skulu vera búsettir á starfssvæði nefndarinnar.
   Jarðanefnd skal skipuð til fjögurra ára í senn.
3. Við 6. gr. 2. og 3. málsgr. orðist svo:
   Nú telja sveitarstjórn og jarðanefnd, að ráðstöfun fasteignar sé andstæð hagsmunum sveitarfélagsins né samrýmist almannaheill umhverfisins, og er þá rétt að synja um áformaða ráðstöfun eignarinnar.
   Nú verða sveitarstjórn og jarðanefnd ekki sammála um meðferð máls, og getur þá hvor um sig skotið ágreiningsefninu til ráðherra, sem fellir úrskurð að fenginni umsögn Búnaðarfélags Íslands og Landnáms ríkisins. Eigandi fast-

eignar getur einnig skotið máli sínu til úrskurðar ráðherra, telji hann sig rangindum beittan í úrskurði sveitarstjórnar og jarðanefndar um ráðstöfun fasteignar sinnar.

4. Á eftir 14. gr. komi ný grein, er verði 15. gr. og orðist svo:
   Nú er góð bújörð og vel í sveit sett í sameign og enginn ábúandi á jörðinni né heldur nást kaup á henni vegna tregðu eigenda, og er þá viðkomandi sveitarfélagi skylt að leysa jörðina til sín samkvæmt mati og koma henni í ábúð.
5. Við 20. gr., er nú verður 21. gr. Greinin orðist svo:
   Kostnaður við störf jarðanefndar greiðist að hálfu af hlutaðeigandi landshlutasambandi og að hálfu af ríkissjóði.
   Landbúnaðarráðherra ákveður þóknun nefndarmanna.
6. Við 21. gr., sem nú verður 22. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Eigi að selja fasteignaréttindi, sem lög þessi taka til, sbr. 3. gr., á sveitarstjórn þess sveitarfélags, þar sem eignin er, forkaupsrétt að þeim.
7. Við 28. gr. Í stað „Ráðherra“ í upphafi greinarinnar komi: Alþingi.
8. Við 29. gr. Töluliður 2 falli burt.
9. 38.—60. gr. falli niður.

Nd. 684. Nefndarálit [153. mál]

um frv. til laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Frv. þetta fjallar annars vegar um skipulag viðskiptamenntunar á framhaldsskólastigi og hins vegar um lögbundnar fjárveitingar til Verslunarskóla Íslands og Samvinnuskólans.

Þess mun skammt að bíða, að nefnd, sem starfað hefur að endurskoðun á skipan framhaldsskólastigsins í heild, skili tillögum sínum. Nefndin mun leggja áherslu á samræmdan framhaldsskóla sem greinist í námsbrautir. Viðskiptamenntun er einn þáttur þessa samræmda framhaldsskóla og er því í hæsta máta óeðlilegt að festa í lögum skipulag viðskiptamenntunar sérstaklega — eins og gert yrði ef frv. þetta yrði samþykkt — áður en tillögur um heildarskipulag samræmds framhaldsskóla liggja fyrir. Ekki verður á þessu stigi séð hvort það fyrirkomulag viðskiptamenntunar, sem frv. gerir ráð fyrir, falli eðlilega inn í heildarskipulag framhaldsskólastigs, og raunar má fullyrða að sum ákvæði frumvarpsins stangast beinlínis á við þær hugmyndir sem menn gera sér um samræmdan framhaldsskóla. Ég tel því samþykkt frumvarpsins ótímabæra.

Sömu sjónarmið koma fram í umsögnum stjórnar Landssambands framhaldsskólakennara og Félagi háskólamenntaðra kennara. Í umsögn Landssambands framhaldsskólakennara segir: „Nú er unnið að nánari skipulagningu náms á framhaldsskólastigi. Þar er lögð áhersla á að allar námsbrautir verði í framtíðinni í fjölbrautaskólum. Því virðist eðlilegt að fresta samþykkt þessa lagafrumvarps þar til nánar verður séð hver skipan þessara mála verður í skólum ríkisins.“

Í umsögn Félags háskólamenntaðra kennara segir: „Frumvarpið ber þess ljósan vott að það er fram borið vegna Samvinnuskólans og Verslunarskóla Íslands. Þótt þessum tveimur skólum verði e. t. v. ekki jafnað saman, mætti álíta að þetta frumvarp sé ótímabært vegna þeirrar heildarathuganar, sem nú fer fram á framhaldsskólastiginu, og væntanlegra laga þar um, og því væri vafasamt að festa enn í sessi þær stofnanir sem hingað til hafa notið sérstöðu sinnar.“ Og síðar í sömu umsögn: „Þar til lögin um framhaldsskólastigið verða samþykkt (sem er mjög aðkallandi og verður vonandi á næsta þingi) mætti leysa vanda sérskólanna tveggja með sérstökum fjárveitingum.“

Frv. gerir auk þess ráð fyrir stórauknum ríkisútgjöldum vegna tveggja sérskóla á sama tíma og fjárveitingar til skólamála í heild hafa verið skornar niður miskunnarlaust og brýnast verkefni í menntamálum, iðnmenntun, ekki sinnt.

Ég tel því að forsendur hafi breyst svo mjög frá því frv. var áður til umfjöllunar á Alþingi, að fráleitt sé að samþykkja það nú. Með hliðsjón af þeim rökum, sem hér hafa verið færð fram, legg ég til, **að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar** og fjallað verði um fyrirkomulag viðskiptamenntunar í tengslum við heildarendurskoðun náms á framhaldsskólastigi.

Alþingi, 10. maí 1976.

Svava Jakobsdóttir.

Nd. 685. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til laga um almenningsbókasöfn.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Frumvarp þetta miðar að því að sett verði rammalöggjöf um almenningsbókasöfn og fjárráð safnanna aukin til þess að þau geti gegnt því hlutverki að vera menningarstöðvar almennings í byggðum landsins.

Meginstoð var kippt undan frumvarpinu með hinni flausturslegu og vanhugsuðu breytingu á verkefnum sveitarfélaga, sem gerð var í des. sl. Með þeirri breytingu svipti meiri hluti Alþingis bókasöfnin ríkisframlagi með öllu, en sveitarfélögum einum var gert að skyldu að leggja fram fé til þessara mála.

Með hliðsjón af fjárþörf almenningsbókasafna og eðlilegri verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga er það álit minni hl. menntamálanefndar, að rétt sé að ríkið leggi fram fé á móti sveitarfélögum til almenningsbókasafna, **og leggur því minni hl. til að frumvarpið verði samþykkt í því formi sem það var upphaflega.** Þó getur minni hl. fallist á þær brtt. meiri hlutans sem lúta að innri starfsemi safnanna og telur þær til bóta, en með hliðsjón af ofangreindu getur minni hl. engan veginn fallist á 3., 4. og 5. brtt. meiri hlutans, en þær varða allar fjármögnun safnanna

Alþingi, 10. maí 1976.

Svava Jakobsdóttir, frsm. Magnús Torfi Ólafsson.

Ed. 686. Nefndarálit [177. mál]

um frv. til laga um námslán og námsstyrki.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Það er nú komið á daginn, að stjórnarflokkarnir hyggjast lögfesta nýtt námslánakerfi, sem felur það í sér að námsfólki verða eftirleiðis boðin lán með langtum lakari kjörum en gerist hjá bönkum, fjárfestingarsjóðum eða nokkurri annarri innlendri lánastofnun. Breytingarnar, sem meiri hluti menntmn. leggur til að gerðar verði á frumvarpinu, eru óverulegar og breyta litlu um eðli þessa máls.

Að sjálfsögðu er grundvallarmunur á því, hvort lán eru verðtryggð að hluta, t. d. að einum þriðja eða að hálfu leyti, eins og húsnæðismálastjórnarlán og óhagstæðustu tegundir fjárfestingarlána, eða hvort lánin eru verðtryggð að fullu, eins og að er stefnt hjá Lánasjóði námsmanna.

Námslán hafa fram til þessa verið á mjög hagstæðum kjörum, og í óðaverðbólgu seinustu ára hafa þau í reynd orðið að mestu leyti styrkir.

Verðtrygging nokkurs hluta lánanna hefði því að sjálfsögðu komið til greina og ekki verið óeðlileg. En að gera nú námslán í einni svipan að óhagstæðustu lánum, sem þekkjast á íslenskum lánamarkaði, er slík kollsteypa í afstöðu stjórnvalda til námsmanna að dæmalaust er og lýsir glöggt viðhorfum núverandi hægri stjórnar til menntamála. Afleiðingin mun ekki láta á sér standa: hundruð námsmanna, sem ekki eiga von á háum launum að námi loknu, munu ekki treysta sér til að taka þessi óhagstæðu lán og tefjast verulega í námi eða gefast upp. Þessi breyting mun því verulega auka þjóðfélagsmisrétti og valda því, að við fjarlægjumst aftur það markmið, sem stefnt hefur verið að á undanförnum árum, að skapa jafnrétti til náms.

Fáir halda því fram, að verðandi hátekjumenn muni mikið um að endurgreiða verðtryggð námslán. Jafnvel meðal námsmanna sjálfra virðist almennur skilningur ríkjandi á nauðsyn þess að byggja upp öflugan Lánasjóð íslenskra námsmanna með hörðu og óvægilegu endurgreiðslukerfi gagnvart þeim, sem hagnast svo á námi sínu, að þeir komast í hóp hálaunamanna. En það hefur alltaf verið algert skilyrði af hálfu námsmanna, að væru lánakjörin verulega hert, t. d. með verðtryggingu lánanna, yrðu dregin skýr mörk á milli þeirra, sem lenda í hópi hálaunamanna, og hinna, sem ekki njóta efnahagslegra ávinninga af námi sínu.

Í tillögum Kjarabaráttunefndar námsmanna var námsmönnum skipað í þrjá hópa. Í fyrsta hópnum voru þeir, sem munu hafa meira en tvöfaldar tekjur vísitölufjölskyldu á ári, sem mun vera fast að þrjár milljónir króna á núverandi verðlagi. Þessir menn hefðu endurgreitt lán sín með fullri verðtryggingu á tiltölulega skömmum tíma.

Í öðrum hópnum voru þeir, sem höfðu ásamt maka sínum meira en nemur viðmiðunartekjum vísitölufjölskyldu eða meira en 1400—1500 þús. kr. Þessir lántakendur áttu að greiða 3.5% af heildartekjum fjölskyldunnar í allt að 20 ár. Gagnvart þeim hærri í þessum tekjuhópi hefði því orðið um að ræða endurgreiðslur lána með fullri verðtryggingu, en gagvart þeim tekjulægri hefðu lánakjörin orðið mjög hófleg.

Í þriðja hópnum voru þeir lánþegar, sem hugsanlega hefðu að námi loknu lægri tekjur en 1400—1500 þús. kr. á núverandi verðlagi, að tekjum maka meðtöldum, en þeir hefðu alveg sloppið við endurgreiðslur lána a. m. k. það árið.

Það er því ljóst, að mjög villandi er að segja, að námsmenn hafi fallist á verðtryggingu námslána. Þeir féllust á verðtryggingu lánanna gagnvart væntanlegum hátekjumönnum, en samkvæmt tillögum þeirra yrði námsaðstoð til þeirra, sem síðar teldust meðal lágtekjumanna, í reynd **námslaun**, en ekki **námslán**. Þrátt fyrir þessa afstöðu námsmanna til endurgreiðsluskyldu lágtekjumanna hefur verið reiknað út, að yrðu tillögur þeirra samþykktar, mundu 54% útlána skila sér í sjóðinn á 20 ára endurgreiðslutíma, miðað við raungildi lánsfjár og rýrnun peningaverðmæta á verðbólgutímum.

Samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar og með þeirri breytingu, sem meiri hluti menntmn. leggur til að samþykkt verði, eiga allir lántakendur að greiða hið minnsta 40 þús. kr. á ári án tillits til tekna, og á sú upphæð að hækka árlega í samræmi við breytingu á framfærsluvísitölu. Miðað við meðallán í þeirri úthlutun, sem nú er nýlokið, mun þessi fasta lágmarksendurgreiðsla skila sjóðnum 62% af raungildi veittra lána samkvæmt útreikningum Þjóðhagsstofnunar. Þegar aukaafborganir bætast við, má búast við, að 80—90% lánanna skili sér aftur til sjóðsins með fullri verðtryggingu.

Minni hl. menntmn. telur með öllu fráleitt, að þessi hörðu endurgreiðslukjör lendi með fullum þunga á öllum lántakendum án tillits til tekna. Það er því ein helsta breytingartillaga okkar, sem við flytjum ásamt öðrum brtt. við frv. á sérstöku þingskjali, að hin fasta lágmarksendurgreiðsla falli niður, en í þess stað verði öllum, sem hafa meira en hálfar viðmiðunartekjur vísitölufjölskyldu, þ. e.

meira en 600—700 þús. kr. tekjur, gert að greiða a. m. k. 2% af brúttótekjum til sjóðsins, en þeir, sem hafa ásamt maka sínum hærri tekjur en nemur tekjum vísitölufjölskyldu, þ. e. hærri en ca. 1400—1500 þús. kr. tekjur, greiði aukaafborgun til viðbótar er nemi 2—12% af brúttótekjum samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytis.

Þessi breyting fæli það í sér, ef samþykkt yrði, að fólki með lægstu tekjur yrði hlíft við endurgreiðslum, en þeir, sem hefðu lágar tekjur, en þó yfir 600—700 þús. kr., greiddu hóflegar endurgreiðslur, þ. e. að minnsta kosti 2% af tekjum.

Í öðru lagi felst það meginatriði í tillögum okkar, að því verði nú slegið föstu í lögum að umframfjárþörf námsmanna verði að fullu brúuð með lánum úr sjóðnum, en nú eru 9 ár síðan fyrst var ákveðið að stefnt skyldi að þessu marki og virðist sjálfsagt með stórefldum fjárhag sjóðsins, sem leiðir af þessum breytingum, að þessu marki verði nú náð að fullu.

Að öðru leyti vísast til breytingartillagna og nánari skýringa í framsögu.

Alþingi, 10. maí 1976.

Ragnar Arnalds, frsm. Jón Árm. Héðinsson.

Ed. 687. Breytingartillögur [177. mál]

við frv. til laga um námslán og námsstyrki.

Frá Ragnari Arnalds og Jóni Árm. Héðinssyni:

1. Við 2. gr. Upphaf 2. mgr. orðist svo:
   Lánasjóður veitir einnig fjárhagsaðstoð öðrum námsmönnum en þeim, sem tilgreindir eru í 1. gr. o. s. frv.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Aðstoð í formi námslána og styrkja samkv. lögum þessum skal við það miðuð, að hún nægi hverjum námsmanni til að standa straum af eðlilegum náms- og framfærslukostnaði, þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til tekna námsmanns og maka hans, fjölskyldustærðar, framfærslukostnaðar í viðkomandi námslandi, lengdar árlegs námstíma og annarra atriða, er áhrif kunna að hafa á fjárhagsstöðu námsmanna. Nánari ákvæði um úthlutun námslána og styrkja skulu sett með reglugerð.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Í stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna eiga sæti 6 menn skipaðir af menntamálaráðuneytinu til 2 ára í senn. Formaður skal skipaður án tilnefningar, en aðrir stjórnarmenn samkvæmt tilnefningu sem hér segir: einn af hálfu fjármálaráðuneytisins, einn af hálfu háskólaráðs, einn af hálfu Sambands íslenskra námsmanna erlendis, einn af hálfu Stúdentaráðs Háskóla Íslands, einn fulltrúi skal tilnefndur sameiginlega af öðrum námsmannahópum, sem falla undir 1. og 2. gr. Menntamálaráðuneytið setur reglur um val síðastnefnda fulltrúans, að höfðu samráði við samtök viðkomandi námsmanna, og sér um framkvæmd þess.
   Varamenn í sjóðsstjórn skulu skipaðir með sama hætti og aðalmenn og til jafnlangs tíma.
   Verði atkvæði jöfn við afgreiðslu mála í stjórn sjóðsins sker atkvæði formanns úr.
   Ráðherra ræður framkvæmdastjóra til 4 ára í senn samkvæmt tillögum sjóðsstjórnar. Sjóðsstjórn ræður annað starfsfólk að fenginni heimild ráðuneytisins, sbr. og ákvæði laga nr. 97/1974.

4. Við 6. gr. 3. mgr. fellur niður.
5. Við 7. gr. 1. málsliður 3. mgr. orðist svo:
   Veitt lán falla öll í gjalddaga ári eftir „námslok“, sbr. 3. mgr. 16. gr.
6. Við 8. gr.
   a) 1. mgr. orðist svo:
      Árleg endurgreiðsla af skuldabréfi samkvæmt 3. mgr. 7. gr. nemi hið minnsta 2% af vergum tekjum lánþega til skatts. Þó skal árleg endurgreiðsla þeirra, sem fengið hafa lán úr sjóðnum í 3 ár eða skemur nema hið minnsta 1% af vergum tekjum. Endurgreiðslur skulu alveg felldar niður, ef vergar tekjur lánþega og maka hans til skatts eru lægri en hálfar viðmiðunartekjur.
   b) 2. mgr. orðist svo:
      Hafi lánþegi haft hærri vergar tekjur til skatts, sbr. 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. og 9. gr. laga nr. 11/1975, næsta ár á undan afborgunarári en nemur viðmiðunartekjum þessa árs, sbr. 9. gr., skal hann greiða aukaafborgun samkvæmt 3. mgr. 9. gr. auk afborgunar samkvæmt 1. mgr. þessarar gr. Aukaafborgunin skal nema 2—12% af vergum tekjum umfram viðmiðunartekjur samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð. Aukaafborgunin skal þó aldrei vera svo há, að samanlögð upphæð afborgunar samkvæmt 1. mgr. og aukaafborgunar nemi meiru en 10% vergra tekna til skatts.
   c) Aftan við greinina bætist ný mgr., svo hljóðandi:
      Endurgreiðslur á námslánum, sem veitt hafa verið skv. eldri lögum, skulu hafðar til hliðsjónar við ákvörðun endurgreiðslna skv. lögum þessum. Skulu endurgreiðslur skv. eldri lögum dragast frá þeirri upphæð sem lánþegi mundi ella greiða skv. lögum þessum.
7. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
   Verði veruleg vanskil á endurgreiðslu námslána eða komi í ljós, að afborganir samkvæmt 8. gr. hafa verið verulega lægri en vera bar, vegna þess að lánþegi hefur vantalið vergar tekjur til skatts á framtali sínu, getur stjórn sjóðsins ákveðið að af fjárhæð þeirri, sem í vanskilum er, eða af þeirri hækkun, sem verður á afborgun vegna endurskattlagningar lánþega, skulu reiknaðir hæstu lögleyfðir dráttarvextir frá gjalddaga þeirrar aukaafborgunar, sem hækkuð er. Ákvæði 4. mgr. 8. gr. eiga ekki við um þessa hækkun eða vanskil.
8. Við 3. brtt. meiri hl. menntamn. á þskj. 646. Upphaf 12. gr. orðist svo:
   Stjórn Lánasjóðsins er heimilt að veita aðstöðujöfnunarstyrki til námsmanna, sem verða að kosta sig fjarri eigin heimili sínu vegna náms sem er aðstoðarhæft skv. 1. og 2. gr.

Sþ. 688. Nefndarálit [131. mál]

um till. til þál. um takmörkun þorskveiða.

Frá atvinnumálanefnd.

Þar sem mál þetta er til meðferðar hjá ráðuneyti og stofnunum sjávarútvegs og hafrannsókna leggur atvinnumálanefnd til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Fjarstaddir voru afgreiðslu málsins Guðmundur H. Garðarsson, Gils Guðmundsson og Karvel Pálmason.

Alþingi, 10. maí 1976.

Páll Pétursson, form. Jón G. Sólnes, frsm. Steingr. Hermannsson.

Sverrir Hermannsson.

Sþ. 689. Nefndarálit [18. mál]

um till. til þál. um úttekt á kostnaði við sveitavegi á Austurlandi.

Frá atvinnumálanefnd.

Þar sem það vandamál, sem framkvæmd till. er ætlað að varpa ljósi á, er fyrir hendi í öllum byggðum landsins, sér n. ekki ástæðu til að mæla með samþykkt till. um Austurland eitt sér.

Um leið og n. leggur til, að till. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**, vill hún leggja áherslu á nauðsyn þess, að bættar verði vetrarsamgöngur í snjóþyngstu héruðum landsins.

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Guðmundur H. Garðarsson, Gils Guðmundsson og Karvel Pálmason.

Alþingi, 10. maí 1976.

Páll Pétursson, form. Sverrir Hermannsson, frsm. Jón G. Sólnes.

Steingrímur Hermannsson.

Sþ. 690. Nefndarálit [84. mál]

um till. til þál. um jarðhitaleit á Snæfellsnesi.

Frá atvinnumálanefnd.

Þar sem jarðhitaleit er nú skipulögð um land allt af Orkustofnun og eins fyrir landsvæði það, sem tillagan fjallar um, leggur nefndin til að máli þessu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Gils Guðmundsson, Guðmundur H. Garðarsson og Karvel Pálmason.

Alþingi, 10. maí 1976.

Páll Pétursson, form. Jón G. Sólnes, frsm. Steingr. Hermannsson.

Sverrir Hermannsson.

Sþ. 691. Nefndarálit [206. mál]

um till. til þál. um ráðstafanir til að koma í veg fyrir atvinnuleysi og búseturöskun í Norður-Þingeyjarsýslu.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur rætt till. á fundum sínum og leggur til, þar sem atvinnumálaáætlun fyrir Norður-Þingeyjarsýslu er á framkvæmdastigi, að till. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Guðmundur H. Garðarsson, Gils Guðmundsson og Karvel Pálmason.

Alþingi, 10. maí 1976.

Páll Pétursson, form. Sverrir Hermannsson, frsm. Jón G. Sólnes.

Steingrímur Hermannsson.

Ed. 692. Breytingartillögur [257. mál]

við frv. til jarðalaga.

Frá Helga F. Seljan.

1. Á eftir 8. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Ekki skal veita leyfi til ráðstöfunar fasteigna, sbr. 1. mgr. 7. gr., ef ætla má, að ráðstöfunin sé gerð til að hafa af henni sérstakan fjárhagslegan ávinning eða til að ráðstafa eigninni eða hluta af henni fljótlega aftur í hagnaðarskyni.
2. Við 25. gr. 1. mgr. (sem endar svo: „gildir það þá sem söluverð") bætist: Við matið skal ekki taka tillit til verðhækkunar, sem stafar af því, að skipulagt þéttbýlissvæði, sbr. 4. gr. þessara laga, er að byggjast upp í næsta nágrenni og veldur óvenjulegri eftirspurn eftir landi, heldur ber að miða við verðmæti hliðstæðra eigna, þar sem þessar ástæður hafa ekki veruleg áhrif til verðhækkunar.
3. Við 33. gr. Í stað upphæðarinnar „12 000 000.00" komi: 25 000 000.00.

Ed. 693. Nefndarálit [132. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 5. maí 1970, um dýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. þetta hefur nefndin haft til athugunar ásamt brtt. á þskj. 369 og leitað umsagnar Búnaðarfélags Íslands og yfirdýralæknis um málið, og voru umsagnir þeirra aðila jákvæðar. Nefndin varð sammála um að mæla með samþykkt frv. með breytingu, sem n. flytur á sérstöku þskj.

Alþingi, 7. maí 1976.

Steinþór Gestsson, form., frsm.	Ingi Tryggvason, fundaskr.	Helgi F. Seljan.
Bragi Sigurjónsson.	Ásgeir Bjarnason.	Axel Jónsson.

Ed. 694. Breytingartillaga [132. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 5. maí 1970, um dýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Á eftir 2. gr. komi tvær nýjar greinar, sem orðist svo:
   a. (3. gr.) Aftan við 20. lið 2. gr., sem verður 21. liður, bætist: Þó er bændum í vestur-Eyjafjallahreppi vestan Seljalandsmúla heimilt að vitja dýralæknis í Hvolsumdæmi, kjósi þeir það heldur.
   b. (4. gr.) Í stað 21. töluliðar komi tveir töluliðir, sem orðist svo:
      22. Hvolsumdæmi: Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur, Hvolshreppur og Rangárvallahreppur, austan Eystri-Rangár.
      23. Helluumdæmi: Rangárvallahreppur vestan Eystri-Rangár, Djúpárhreppur, Ásahreppur, Holtahreppur og Landmannahreppur.
2. 3. gr. (sem verður 5. gr.) orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1977. Fella skal meginmál þessara laga og

meginmál laga nr. 38 24. maí 1972, laga nr. 43 7. maí 1974, laga nr. 34 23. maí 1975 og laga nr. 35 23. maí 1975 inn í lög nr. 31 5. maí 1970 og gefa þau út svo breytt.

Ed. 695. Nefndarálit [259. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 46 24. maí 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið samhliða máli nr. 258 og 260 og leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 10. maí 1976.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. — Jón Helgason, fundaskr. — Ragnar Arnalds.
Albert Guðmundsson. — Jón Árm. Héðinsson. — Jón G. Sólnes.
Axel Jónsson.

Ed. 696. Nefndarálit [260. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið samhliða máli nr. 258 og 259 og leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 10. maí 1976.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. — Jón Helgason, fundaskr. — Ragnar Arnalds.
Albert Guðmundsson. — Jón Árm. Héðinsson. — Jón G. Sólnes.
Axel Jónsson.

Ed. 697. Nefndarálit [261. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 92 24. des. 1955, um laun starfsmanna ríkisins.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið.
Til fundar við nefndina komu þeir Björn Fr. Björnsson, Ásgeir Pétursson og Björn Hermannsson, fulltrúar sýslumanna og bæjarfógeta, ásamt Þorsteini Geirssyni og Árna Kolbeinssyni, fulltrúum fjármálaráðuneytisins.
Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 10. maí 1976.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. — Jón Helgason, fundaskr. — Ragnar Arnalds.
Albert Guðmundsson. — Jón Árm. Héðinsson. — Jón G. Sólnes.
Axel Jónsson.

Ed. 698. Nefndarálit [258. mál]

um frv. til l. um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið samhliða máli nr. 259 og 260.
Á fund nefndarinnar komu þeir Þorsteinn Geirsson, fulltrúi fjármálaráðuneytisins, og Kristján Thorlacius, form. Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.
Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 10. maí 1976.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.
Jón Helgason, fundaskr.
Ragnar Arnalds.
Albert Guðmundsson.
Jón Árm. Héðinsson.
Jón G. Sólnes.
Axel Jónsson.

Ed. 699. Nefndarálit [262. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til aðildar að Iðnþróunarsjóði fyrir Portúgal.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með að það verði samþykkt.

Alþingi, 10. maí 1976.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.
Jón Helgason, fundaskr.
Ragnar Arnalds.
Albert Guðmundsson.
Jón Árm. Héðinsson.
Jón G. Sólnes.
Axel Jónsson.

Nd. 700. Nefndarálit [271. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 13 13. apríl 1973, um Happdrætti Háskóla Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess. Svava Jakobsdóttir og Sighvatur Björgvinsson áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 7. maí 1976.

Ellert B. Schram, form., frsm.
Gunnlaugur Finnsson, fundaskr.
Svava Jakobsdóttir, með fyrirvara.
Sighvatur Björgvinsson, með fyrirvara.
Ingólfur Jónsson.
Friðjón Þórðarson.
Páll Pétursson.

Nd. 701. Nefndarálit [272. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 16 13. apríl 1973, um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess. Svava Jakobsdóttir og Sighvatur Björgvinsson áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 7. maí 1976.

Ellert B. Schram, form., frsm.	Gunnlaugur Finnsson, fundaskr.	Svava Jakobsdóttir, með fyrirvara.
Sighvatur Björgvinsson, með fyrirvara.	Ingólfur Jónsson.	Friðjón Þórðarson.

Páll Pétursson.

Nd. 702. Nefndarálit [273. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 18 22. apríl 1959, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess. Svava Jakobsdóttir og Sighvatur Björgvinsson áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 7. maí 1976.

Ellert B. Schram, form., frsm.	Gunnlaugur Finnsson, fundaskr.	Svava Jakobsdóttir, með fyrirvara.
Sighvatur Björgvinsson, með fyrirvara.	Ingólfur Jónsson.	Friðjón Þórðarson.

Páll Pétursson.

Nd. 703. Nefndarálit [115. mál]

um frv. til laga um íslenzka stafsetningu.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Menntamálanefnd hefur klofnað í afstöðu sinni til þessa frv. Meiri hlutinn mælir með samþykkt þess með breytingartillögu við 4. gr.

Allmiklar deilur hafa átt sér stað á undanförnum missirum, einkum eftir auglýsingar menntamálaráðherra nr. 272 frá 4. sept. 1973 og nr. 132 frá 3. maí 1974.

Á þinginu 1973—74 var samþykkt þál. um að „hrundið skuli þeirri ákvörðun að fella z niður í íslenzku ritmáli“. Á þinginu 1974—75 ályktaði Alþingi að „fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf um íslenzka stafsetningu“.

Þegar ekki hafði verið farið eftir þessum ályktunum Alþingis og mikil óvissa ríkti og ríkir enn um íslenzka stafsetningu, var frv. þetta lagt fram.

Víst er, að mikil nauðsyn er á því að skýr niðurstaða fáist varðandi meginreglur íslenzkrar stafsetningar.

Bæði vegna þessarar nauðsynjar svo og vegna þeirrar skoðunar meiri hl. nefndarinnar, að stafsetningarreglur skuli vera eins og frv. felur í sér, er mælt með samþykkt frv. með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU:

Niðurlag 4. gr. hljóði svo: og í stað tzt megi nota tst, t.d. rita stytstur, flutst, breytst o. s. frv.

Alþingi, 10. maí 1976.

Sigurlaug Bjarnadóttir, fundaskr. Ellert B. Schram, frsm. Gunnlaugur Finnsson.

Ey. Kon. Jónsson.

Nd. 704. Nefndarálit [115. mál]

um frv. til laga um íslenska stafsetningu.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Á fundi menntamálanefndar 7. þ. m. felldi meiri hluti nefndarmanna tillögu um að nefndin tæki til afgreiðslu, auk þessa máls, einnig 194. mál, frumvarp menntamálaráðherra til laga um setningu reglna um íslenska stafsetningu. Minni hlutinn telur, að þessi afstaða meiri hlutans sé í alla staði óeðlileg. Frumvörpin tvö fjalla um sama efni, en með svo gerólíkum hætti, að sú aðferð, sem lagt er til í öðru frumvarpinu að viðhöfð sé um meðferð stafsetningarmála, útilokar í reynd þá málsmeðferð sem tillaga er gerð um í hinu. Mælir því bæði eðli máls og sanngirni með því að deildin fái tækifæri til að fjalla um frumvörpin jöfnum höndum.

Þetta mál gerir að verkum, ef samþykkt verður, að sá háttur er upp tekinn að Alþingi ákveði einstök atriði stafsetningar og setji stafsetningarreglur með löggjöf. Frumvarp menntamálaráðherra kveður aftur á móti á um fyrirkomulag og meðferð á setningu reglna um stafsetningu, með þeim hætti að endurskoðun gildandi reglna og tillögur um breytingar á þeim sé í höndum menntamálaráðuneytisins. Skal ráðuneytið um það efni leita tillagna nefndar, sem skipuð sé mönnum með sérþekkingu á málvísindum og reynslu af móðurmálskennslu. Áður en ráðuneytið setur reglur þannig undirbúnar, skal það samkvæmt frumvarpinu afla til þess heimildar sameinaðs Alþingis í formi þingsályktunar.

Fram til þessa hefur stafsetningarmálum verið skipað á þann veg, að menntamálaráðuneytið hefur sett stafsetningarreglur að fengnum tillögum málvísindamanna og móðurmálskennara. Eðlilegt er, eftir þær deilur sem síðasta ákvörðun um stafsetningarreglur hefur vakið, að settar séu lagareglur um meðferð stafsetningarmála og afgreiðslu og beri stafsetningarreglur að lokum í heild undir Alþingi.

Allt annað mál er að löggjafinn fjalli um einstök atriði stafsetningar út af fyrir sig, eins og gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi Gylfa Þ. Gíslasonar o. fl. Sé farið út á þá braut verður ekki aftur snúið, því slíkt fordæmi opnar gáttir fyrir togstreitu þing eftir þing um þau atriði stafsetningar sem deilum kunna að valda hverju sinni, og gætu úrslit orðið sitt á hvað eftir breyttri skipan Alþingis. Ekki er um það deilt að hæfileg festa í stafsetningu er eftirsóknarverð, en jafnljóst er hitt að breytingar hljóta á henni að verða í rás tímans. Ber því að hugleiða afleiðingar mismunandi starfsaðferða við ákvörðun stafsetningar, en ekki líta einvörðungu á einstök stafsetningaratriði, sem menn vilja hnekkja eða hefja til gildis.

Það er því tillaga okkar, sem skipum minni hluta menntamálanefndar, að málið, sem hér liggur fyrir, verði afgreitt með svolátandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem ákvæði þessa máls fela í sér lagasetningu um einstök atriði stafsetningar, en fyrir deildinni liggur einnig frumvarp um meðferð stafsetningarmála í heild, sem gerir ráð fyrir lokaákvörðun Alþingis um stafsetningarreglur í formi þingsályktunar, tekur deildin þetta mál af dagskrá, en tekur í staðinn á dagskrá fyrsta fundar næsta fundardag 194. mál, frumvarp menntamálaráðherra til laga um setningu reglna um íslenska stafsetningu.

Alþingi, 10. maí 1976.

Ingvar Gíslason, form. Magnús T. Ólafsson, frsm. Svava Jakobsdóttir.

Sþ. 705. Nefndarálit [109. mál]

um tillögu til þál. um heildarlöggjöf varðandi málefni vangefinna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft tillöguna til athugunar og fengið umsagnir frá heilbrigðisráðuneyti, Styrktarfélagi vangefinna og nefnd á vegum stjórnarnefndar ríkisspítalanna sem fjallar um málefni vangefinna og skyld mál.

Fram hefur komið í umsögnum og umræðum að einkum tvennt er talið á skorta: meiri heildarstjórn og aukið fjármagn. Málefni vangefinna heyra undir a. m. k. þrjú ráðuneyti, og margþætt löggjöf er fyrir hendi. Ekki er víst að heildarlöggjöf sé möguleg eða leysi allan vanda, heldur miklu fremur aukin samráð og samvinna milli þeirra aðila sem með málefni vangefinna fara.

Fjármagn hefur aldrei reynst nægjanlegt til að hrinda í framkvæmd lögum og nauðsynlegum úrbótum og vill allsherjarnefnd hvetja bæði ríkisstjórn og Alþingi að láta meira fé af hendi rakna til þessara mála.

Í trausti þess, að svo verði gert og að unnið verði af fullu kappi að aukinni samvinnu í málefnum vangefinna, er lagt til að þingsályktunartillögu þessari verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 7. maí 1976.

Ellert B. Schram, form., frsm. Jón Helgason, fundaskr. Jón Skaftason.
Lárus Jónsson. Ólafur G. Einarsson. Skúli Alexandersson.
Magnús T. Ólafsson.

Sþ. 706. Nefndarálit [117. mál]

um tillögu til þál. um könnun á vissum þáttum heilbrigðisþjónustunnar með tilliti til hugsanlegs sparnaðar og um betri þjónustu með breyttu starfs- og rekstrarskipulagi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft tillöguna til skoðunar og telur að hún feli í sér margar mjög athyglisverðar ábendingar er varða heilbrigðisþjónustuna í landinu. Lýsir nefndin

eindregnu fylgi sínu við að þau atriði, sem upp eru talin í tillögunni, verði athuguð í sambandi við yfirstandandi endurskoðun á lögum um heilbrigðisþjónustuna sem nú mun fara fram á vegum ráðuneytisins.

Með vísan til framanritaðs og með yfirstandandi endurskoðun í huga er lagt til að þingsályktunartillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 6. maí 1976.

Ellert B. Schram, form., frsm.	Jón Helgason, fundaskr.	Jón Skaftason.
Lárus Jónsson.	Ólafur G. Einarsson.	Skúli Alexandersson.
	Magnús T. Ólafsson.	

Sþ. 707. Nefndarálit [149. mál]

um till. til þál. um könnun á hagkvæmni brúargerðar yfir Eyjafjarðará nálægt Laugalandi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og mælir með því að hún verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. maí 1976.

Ellert B. Schram, form.	Jón Helgason, fundaskr.	Lárus Jónsson, frsm.
Magnús T. Ólafsson.	Jón Skaftason.	Ólafur G. Einarsson.
	Skúli Alexandersson.	

Ed. 708. Breytingartillaga [239. mál]

við frv. til l. um Orkubú Vestfjarða.

Frá Ragnari Arnalds.

Á eftir 17. gr. komi svofellt ákvæði til bráðabirgða:

Ákvæði til bráðabirgða.

Stefnt skal að því að endurskipuleggja skipan raforkumála á landinu öllu með það fyrir augum, að allir landshlutar tengist saman í eitt orkuveitusvæði, en ein samstarfsstofnun ríkis og sveitarfélaga annist virkjunarrannsóknir og taki ákvarðanir um nauðsynlegar virkjanir og selji jafnframt rafmagn í heildsölu til dreifingaraðila á sama verði um land allt. Meðan þessi skipan raforkumála er ekki orðin að veruleika annast Orkubú Vestfjarða virkjunarrannsóknir og byggingu og rekstur raforkuvera á Vestfjörðum, en með nýrri skipan raforkumála skal ráðherra beita sér fyrir endurskoðun þessara laga.

Sþ. **709. Nefndarálit** [150. mál]

um till. til þál. um rannsóknir og áætlanagerð um heyverkunaraðferðir.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin mælir með samþykkt till. með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hún hlutist til um að Rannsóknastofnun landbúnaðarins efni til frekari rannsókna á heyverkunaraðferðum með það fyrir augum að finna með hverjum hætti hagkvæmast verði staðið að heyskap, enda verði fjármagn veitt til verkefnisins á fjárlögum.

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Guðmundur H. Garðarsson, Gils Guðmundsson og Karvel Pálmason.

Alþingi, 10. maí 1976.

Páll Pétursson, form., frsm. Jón G. Sólnes. Sverrir Hermannsson.

Steingrímur Hermannsson.

Sþ. **710. Nefndarálit** [221. mál]

um till. til þál. um grasköglaverksmiðjur.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin mælir með samþykkt till. með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um það að hraðað verði svo sem unnt er byggingu grasköglaverksmiðja þeirra, sem landbúnaðarráðherra samþykkti með bréfi 2. júní 1972 að byggðar yrðu á vegum ríkisins í Hólminum í Skagafirði og Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu. Sérstök áhersla verði lögð á nýtingu innlendrar orku við framleiðsluna.

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Guðmundur H. Garðarsson, Gils Guðmundsson og Karvel Pálmason.

Alþingi, 10. maí 1976.

Páll Pétursson, form., frsm. Jón G. Sólnes. Sverrir Hermannsson.

Steingrímur Hermannsson.

Ed. **711. Breytingartillaga** [222. mál]

við frv. til laga um fjölbýlishús.

Frá Eggert G. Þorsteinssyni.

Við 7. gr. bætist orðin: enda sé fullnægt skilyrðum laga um skráningu og mat fasteigna.

Ed. 712. Breytingartillaga [261. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 92 24. des. 1955, um laun starfsmanna ríkisins.

Frá Albert Guðmundssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: Enn fremur skal fjármálaráðherra með reglugerð ákveða þóknun til annarra innheimtuaðila ríkissjóðstekna (þ. e. annarra en opinberra starfsmanna).

Nd. 713. Frumvarp til laga [222. mál]

um fjölbýlishús.

(Eftir 3. umr. í Ed., 10. maí.)

Samhljóða þskj. 460 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Í skiptayfirlýsingu skal greina, svo ekki verði um villst:

a) Hvar hver íbúð er. Gefa skal það til kynna með götunafni, húsnúmeri, á hvaða hæð íbúð er og sérstakri merkingu samkvæmt reglum Fasteignamats ríkisins.
b) Stærð hverrar íbúðar og hvað henni fylgir sérstaklega.
c) Hver sé hlutfallstala hverrar íbúðar, hafi hún verið ákveðin, sbr. 2. mgr. 8. gr.
d) Hvort íbúð fylgir réttur til bílskúrs eða bílstæðis.

Hverri skiptayfirlýsingu skal fylgja teikning yfir hverja hæð fjölbýlishúss þar sem sýnd er stærð og merking hverrar íbúðar um sig og hvað henni fylgir sérstaklega. Sveitarstjórn skal staðfesta, að þessar upplýsingar séu réttar.

7. gr. hljóðar svo:

Sérhver íbúð í fjölbýlishúsi telst ásamt því, er henni fylgir sérstaklega og eignarhluta sínum í sameign, sérstök fasteign, enda sé fullnægt skilyrðum laga um skráningu og mat fasteigna.

17. gr. hljóðar svo:

Geri eigandi eða annar íbúi húss sig sekan um gróf eða ítrekuð brot á skyldum sínum gagnvart húsfélaginu eða einhverjum félagsmanni þess getur húsfélagið eftir a. m. k. eina skriflega aðvörun krafist að hann flytji úr íbúð sinni með eins mánaðar fyrirvara.

Nd. 714. Lög [154. mál]

um sálfræðinga.

(Afgreidd frá Nd. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 438 (sbr. 332).

Nd. 715. Lög [162. mál]

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 frá 29. mars 1961.

(Afgreidd frá Ed. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 527.

Ed. **716. Lög** [207. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1974.

(Afgreidd frá Ed. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 436.

Sþ. **717. Nefndarálit** [124. mál]

um till. til þál. um rannsóknir og hagnýtingu á sjávargróðrinum við Ísland.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Hafrannsóknastofnuninni að gera tillögu um aðgerðir til að efla rannsóknir á sjávargróðrinum við Ísland, annars vegar með tilliti til uppeldisstöðva nytjafiska og hins vegar með hagnýtingu sæþörunga fyrir augum.

Skal tillögugerðinni lokið fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Guðmundur H. Garðarsson, Gils Guðmundsson og Karvel Pálmason voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. maí 1976.

Páll Pétursson, form. Steingrímur Hermannsson, frsm. Jón G. Sólnes.

Sverrir Hermannsson.

Nd. **718. Frumvarp til laga** [153. mál]

um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi.

(Eftir 2. umr. í Nd., 10. maí.)

Samhljóða þskj. 331 með þessum breytingum:

9. gr. hljóðar svo:

Samvinnuskólinn og Verslunarskóli Íslands hafa rétt til þess að halda áfram að rækja það fræðslustarf, sem þeir hingað til hafa annast, og til að auka það og sérhæfa eftir því sem aðstæður leyfa og þörf krefur á hverjum tíma.

Um fjárveitingu úr ríkissjóði til nefndra skóla skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

a) Rekstrarkostnaður skólanna skal greiddur að fullu, annar en rekstrarkostnaður heimavistar, þar sem hennar er þörf, en til hennar skal veitt fjárveiting, er nemur 80% kostnaðar. Framlag ríkissjóðs samkvæmt þessum staflið skal að hámarki miða við kostnað í ríkisskólum á sama fræðslustigi.

b) Stofnkostnaður þess kennsluhúsnæðis, sem byggt verður eftir gildistöku laga þessara, skal greiddur úr ríkissjóði að 80% og skal hið sama gilda um heimavist, þar sem hennar er talin þörf.

Skilyrði nefndra fjárveitinga er, að mentamálaráðuneytið hafi samþykkt árlega áætlun rekstrarkostnaðar skólanna og að fé sé veitt í fjárlögum fyrir stofnkostnaði, enda liggi áður fyrir samþykki stjórnvalda fyrir nýjum byggingarframkvæmdum.

Framlög ríkisins samkvæmt þessari grein miðast við, að skólar þessir starfi í samræmi við meginstefnu 5. gr. þessara laga svo og skv. þeim reglugerðum, sem settar verða.

Nú eru skólar þessir lagðir niður eða svo fer, að ekki er hagnýtt í þágu skólanna skólahúsnæði, hvort sem er til kennslu eða heimavistar, og fær ríkið þá eignarráð yfir hlutaðeigandi húsnæði í samræmi við stofnkostnaðarframlög sín. Ef ágreiningur verður um eignaskiptingu, skal dómkveðja þrjá óvilhalla menn til þess að kveða á um skiptinguna og er úrskurður þeirra endanlegur.

Skólanefndir skulu starfa við Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands. Hafa þær með höndum fjárreiður skólanna og eignaumsýslu í umboði eigenda. Skólanefndir ráða skólastjóra svo og kennara í samráði við hann. Í skólanefnd sitja fimm fulltrúar. Skal einn tilnefndur af mentamálaráðherra, en eignaraðilar tilnefna fjóra. Nefndin kýs sér sjálf formann og varaformann.

Við Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands skulu starfa skólaráð, skipuð fulltrúum kennara og nemenda ásamt skólastjóra.

12. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977.

Ed. 719. Frumvarp til laga [182. mál]

um undirbúningsfélag saltverksmiðju á Reykjanesi.

(Eftir 2. umr. í Ed., 10. maí.)

Samhljóða þskj. 376 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:
Hlutafélagið skal láta endurskoða þær niðurstöður, sem fyrir liggja. Það skal framkvæma eða láta framkvæma hvers konar viðbótarrannsóknir, sem það telur nauðsynlegar til undirbúnings að byggingu og rekstri saltverksmiðju, m. a. skal félagið láta reisa og reka tilraunaverksmiðju. Þá skal undirbúningsfélagið láta framkvæma ítarlegar markaðsathuganir. Skal að því stefnt, eftir því sem fært þykir, að unnt verði að framselja árangurinn af starfsemi félagsins í hendur aðila eða aðilum, sem takist á hendur að fullbyggja verksmiðjuna og annast rekstur hennar til frambúðar. Ber jafnframt að stefna að því, að hlutafélagið fái tilkostnað sinn að fullu endurgoldinn frá þeim, er við starfseminni tekur með hlut í vinnslufyrirtækinu eða á annan hátt.

Slíta skal hlutafélaginu, þegar hlutverki þess samkvæmt 1. gr. er lokið, nema Alþingi heimili framhald á starfsemi þess í öðrum tilgangi.

Óheimilt skal að framselja árangurinn af starfsemi hlutafélagsins til annarra en íslenskra aðila nema samþykki Alþingis komi til.

7. gr. hljóðar svo:
Hlutafélaginu ber að gera varúðarráðstafanir, sem við verður komið, til að varna tjóni á umhverfinu við framkvæmdir á þess vegum og skal starfsgrundvöllur saltverksmiðjunnar á Reykjanesi miðaður við, að fyrirtækið fullnægi einnig því skilyrði.

Framkvæmdir undirbúningsfélagsins og hönnun saltverksmiðjunnar, bygging og rekstur, skulu vera í samræmi við núgildandi og síðari lög og reglugerðir hér á landi varðandi náttúruvernd, mengunarvarnir og öryggi, heilbrigði og hreinlæti á vinnustað og staðla þá, sem settir eru samkvæmt þeim.

Ed. 720. Nefndarálit [96. mál]

um frv. til laga um sjúkraþjálfun.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið, leitað umsagnar um það og fengið á sinn fund stjórnir félaga sjúkraþjálfara og orkutækna. Nefndin leggur einróma til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum er hún gerir tillögur um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 10. maí 1976.

Oddur Ólafsson, form., frsm.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr.	Steinþór Gestsson.
Ásgeir Bjarnason.	Albert Guðmundsson.	Helgi F. Seljan.
	Eggert G. Þorsteinsson.	

Ed. 721. Breytingartillögur [96. mál]

við frv. til laga um sjúkraþjálfun.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. 2. gr. orðist svo:
   Leyfi samkv. 1. gr. skal veita þeim íslenskum ríkisborgurum, sem hafa lokið prófi við skóla, sem viðurkenndur er fullkominn sjúkraþjálfunarskóli af heilbrigðisstjórn þess lands, sem námið er stundað í. Leita skal umsagnar stjórnar námsbrautar í sjúkraþjálfun við Háskóla Íslands og landlæknis áður en leyfi er veitt.
2. 3. gr. orðist svo:
   Nú uppfyllir maður skilyrði 2. gr. að öðru leyti en því, að hann hefur ekki íslenskt ríkisfang, og er þá ráðherra heimilt að veita honum ótakmarkað eða tímabundið leyfi til þess að stunda sjúkraþjálfun, enda hafi stjórn námsbrautar í sjúkraþjálfun við Háskóla Íslands og landlæknir mælt með leyfisveitingunni.
3. 4. gr. orðist svo:
   Sjúkraþjálfari starfar við hæfingu og endurhæfingu sjúkra og heilbrigðra sem fólgin er í þjálfun, fræðslu og kennslu.
4. 5. gr. orðist svo:
   Ekki má sjúkraþjálfari taka sjúkling til meðferðar án samráðs við lækni.
5. Við 10. gr. Fyrir „yfirlækni" í 2. málslið komi: landlækni.
6. Á eftir 13. gr. komi ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til námsbraut í sjúkraþjálfun við Háskóla Íslands tekur til starfa skal leita umsagnar Félags íslenskra sjúkraþjálfara um þau atriði, sem stjórn námsbrautar í sjúkraþjálfun við Háskóla Íslands er ætlað að fjalla um í lögum þessum.

Ed. 722. Frumvarp til laga [239. mál]

um Orkubú Vestfjarða.

(Eftir 2. umr. í Ed., 10. maí.)

Samhljóða þskj. 495 með þessari breytingu:

1. gr. hljóðar svo:
Ríkissjóði Íslands og sveitarfélögum á Vestfjörðum skal heimilt að setja á stofn orkufyrirtæki, er nefnist Orkubú Vestfjarða.

Ed. 723. Frumvarp til laga [238. mál]

um skipulag ferðamála.

(Eftir 2. umr. í Ed., 10. maí)

Samhljóða þskj. 494 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:
Tilgangur laga þessara er að stuðla að þróun ferðamála og skipulagningu ferðaþjónustu fyrir íslenskt og erlent ferðafólk sem mikilvægs þáttar í íslensku atvinnu- og félagslífi, bæði með hliðsjón af þjóðhagslegri hagkvæmni og umhverfisvernd.

4. gr. hljóðar svo:
Samgönguráðherra skipar menn í Ferðamálaráð til fjögurra ára í senn.
Skulu þrír skipaðir án tilnefningar, og skal einn þeirra vera formaður ráðsins og annar varaformaður.
Aðra fulltrúa í Ferðamálaráð skipar ráðherra eftir tilnefningu, en eftirtaldir aðilar tilnefna einn mann hver:

1. Félag hópferðamanna.
2. Félag íslenskra ferðaskrifstofa.
3. Félag leiðsögumanna.
4. Félag sérleyfishafa.
5. Ferðafélag Íslands.
6. Flugleiðir hf.
7. Náttúruverndarráð.
8. Samband íslenskra sveitarfélaga.
9. Samband veitinga- og gistihúsaeigenda.
10. Önnur flugfélög en Flugleiðir hf.

Varamenn skipaðir á sama hátt.
Ferðamálaráð skal koma saman til fundar ekki sjaldnar en 10 sinnum á ári.
Þóknun ráðsmanna greiðist af þeim aðilum, sem hafa tilnefnt þá.

5. gr. hljóðar svo:
Ferðamálaráði er heimilt að skipa undirnefndir, til þess að vinna að einstökum málaflokkum, svo og sérstaka framkvæmdanefnd.
Ráðherra setur nánari ákvæði um starfsemi ráðsins í reglugerð.

6. gr. hljóðar svo:
Að fenginni umsögn Ferðamálaráðs ræður samgönguráðherra ferðamálastjóra, sem annast daglega stjórn Ferðamálaráðs, samkvæmt því sem ráðið ákveður. Ráðningartími ferðamálastjóra skal vera 4 ár í senn. Heimilt er að endurráða ferðamálastjóra svo oft sem vera vill.
Ferðamálastjóri situr fundi Ferðamálaráðs með málfrelsi og tillögurétti.

8. gr. hljóðar svo:

Lagt skal sérstakt gjald á vörusölu Fríhafnarinnar í Keflavík, og skal það nema 10% af árlegu söluverðmæti. Skal því ráðstafað á eftirfarandi hátt:

a) Til landkynningarverkefna á vegum Ferðamálaráðs.
b) Til Ferðamálasjóðs til styrkveitinga, sbr. 24. gr.
c) Til að veita einka- og opinberum aðilum styrki til að koma upp eða endurbæta aðstöðu fyrir ferðamenn á stöðum, sem fjölsóttir eru.

Ferðamálaráð gerir tillögur til ráðherra um skiptingu fjárins, og tekur hann endanlega ákvörðun.

Kostnaður af starfsemi Ferðamálaráðs skal að öðru leyti greiddur úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt á fjárlögum.

16. gr. hljóðar svo:

Hver sá, sem vill reka ferðaskrifstofu, skal sækja um leyfi til ráðuneytisins. Leitað skal umsagnar Ferðamálaráðs Íslands um allar slíkar umsóknir.

18. gr. hljóðar svo:

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu má því aðeins veita, að umsækjandi setji bankatryggingu, sem eigi sé lægri en 7.0 millj. kr.

Fjárhæð tryggingar skal endurskoðuð eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti og breytt í samræmi við almennar verðlagsbreytingar.

Ferðaskrifstofur skulu árlega senda ráðuneytinu ársreikninga sína, endurskoðaða af löggiltum endurskoðanda.

24. gr. hljóðar svo:

Fé Ferðamálaráðs má ráðstafa á eftirgreindan hátt:

1. Sjóðurinn veitir einka- og opinberum aðilum lán til framkvæmda við gisti- og veitingastaði gegn fullnægjandi tryggingum.
2. Sjóðnum er heimilt að veita einka- og opinberum aðilum, gegn fullnægjandi tryggingum, lán til annarra þátta ferðamála en í 1. lið greinir, svo framarlega sem með lánveitingunni er stuðlað að þróun íslenskra ferðamála.
3. Sjóðnum er heimilt að veita óafturkræf framlög til byggingar gistirýmis, eða gerast eignaraðili að gistiaðstöðu, hvar sem rekstri er haldið uppi allt árið. Framlag þetta má aldrei nema meira en 30% af byggingarkostnaði.

28. gr. hljóðar svo:

Umsóknir um lán og framlög úr ferðamannasjóði skulu sendar Ferðamálaráði, sem fjallar um þær og ákveður einstakar lánveitingar og framlög.

Ákvarðanir ferðamálaráðs skulu staðfestar af ráðherra.

35. gr. hljóðar svo:

Ráðherra er heimilt að ákveða, að fenginni umsögn Ferðamálaráðs, að greitt skuli sanngjarnt gjald fyrir þjónustu, sem veitt er á stöðum í umsjá ríkisins, enda sé fé það, sem þannig safnast, að frádregnum innheimtukostnaði, eingöngu notað til verndar, fegrunar og snyrtingar viðkomandi staðar, og til að bæta aðstöðu til móttöku ferðamanna.

Ákvæði þessi taka þó ekki til þjóðgarða eða annarra svæða á vegum Náttúruverndarráðs, nema samþykki þess komi til.

Nd. **724. Frumvarp til laga** [7. mál]

um almenningsbókasöfn.

(Eftir 2. umr. í Ed., 10. maí.)

Samhljóða þskj. 7 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Allar byggðir landsins skulu njóta þjónustu almenningsbókasafna, svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Almenningsbókasöfn eru mennta-, upplýsinga- og tómstundastofnanir fyrir almenning. Þau skulu gefa fólki sem bestan kost á að lesa og færa sér í nyt bækur og veita afnot af nýsigögnum, svo sem hljómplötum, segulböndum og öðrum miðlunargögnum til fræðslu og dægradvalar.

4. gr. hljóðar svo:

Hreppsbókasöfn starfa í hreppum þar sem héraðsbókasöfn eru ekki. Í hverjum hreppi skal vera bókasafnsþjónusta en heimilt er að fela héraðsbókasafni að annast þessa þjónustu gegn lögboðnu fjárframlagi. Einnig geta tveir eða fleiri hreppar sameinast um rekstur bókasafns ef um það næst samkomulag.

8. gr. hljóðar svo:

Lágmarksfjárframlög sveitarfélaga til almenningsbókasafna skulu vera sem hér segir:

a) Til bæjarbókasafns greiðir bæjarsjóður 1300 kr. á hvern íbúa kaupstaðarins.
b) Til bæjar- og héraðsbókasafns greiðir bæjarsjóður 1300 kr. á hvern íbúa kaupstaðarins. Önnur sveitarfélög í umdæminu greiða 130 kr. á hvern íbúa og stendur sýslusjóður skil á þessari greiðslu.
c) Til héraðsbókasafns greiðir sveitarsjóður þar sem safnið er 1300 kr. á hvern íbúa hreppsfélagsins. Önnur sveitarfélög í umdæminu greiða til safnsins 130 kr. á hvern íbúa og stendur sýslusjóður skil á þessari greiðslu.
d) Til hreppsbókasafns greiðir viðkomandi hreppssjóður (hreppssjóðir) 1000 kr. á hvern íbúa hreppsins (hreppanna).

Þessi lágmarksfjárframlög sveitarfélaganna skulu endurskoðuð árlega og færð til samræmis við verðlag í landinu skv. útreikningum Hagstofu Íslands.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar getur sveitarstjórn ákveðið annað lágmark ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, enda mæli félagsmálaráðuneytið með undanþágu hverju sinni.

9. gr. hljóðar svo:

Sveitarfélög reisa bókhlöður og búa þær nauðsynlegum húsbúnaði og tækjum, eftir því sem fé er til veitt. Heimilt er að kaupa eða leigja húsnæði fyrir söfnin.

10. gr. hljóðar svo:

Menntamálaráðuneyti fer með málefni almenningsbókasafna. Sérstakur fulltrúi í ráðuneytinu annast málefni safnanna, og skal að öðru jöfnu ráða eða skipa í það starf bókasafnsfræðing með reynslu í starfi. Nánari ákvæði um starfsundirbúning hans og starfssvið skal setja í reglugerð. Heimilt er ráðherra að skipa sérstaka ráðgjafarnefnd um málefni almenningsbókasafna. Í nefndinni skulu eiga sæti tveir fulltrúar, annar tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga, hinn tilnefndur af Bókavarðafélagi Íslands, og sé hann starfandi í almenningsbókasafni.

11. gr. hljóðar svo:
Ríkissjóður greiðir árlega 12 milljónir króna í Rithöfundasjóð Íslands fyrir afnot bóka íslenskra höfunda í þeim söfnum sem þessi lög gilda um. Þessi fjárhæð skal endurskoðuð árlega til samræmis við verðlag, sbr. 8. gr.
Sérstaka reglugerð skal setja um Rithöfundasjóð Íslands í samráði við Rithöfundasamband Íslands.

12. gr. hljóðar svo:
Við bæjarbókasöfn (borgarbókasafn í Reykjavík) og bæjar- og héraðsbókasöfn skal forstöðumaður (yfirbókavörður) að jafnaði vera bókasafnsfræðingur.
Einnig skulu bókasafnsfræðingar að jafnaði hafa forgangsrétt til bókavarðarstarfa.
Nánari ákvæði um menntun og starfsundirbúning starfsmanna almenningsbókasafna skal setja í reglugerð.

13. gr. hljóðar svo:
Ráðherra setur reglugerð um starfsemi almenningsbókasafna. Skal reglugerðin samin í nánu samstarfi við Samband ísl. sveitarfélaga, að höfðu samráði við sérstaka fulltrúa Bókavarðafélags Íslands og Félags bókasafnsfræðinga, einn frá hvoru félagi.

14. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Um leið falla úr gildi lög nr. 22/1963, um almenningsbókasöfn, og önnur ákvæði, er kunna að brjóta í bága við þessi lög.

Ákvæði um fjárframlög koma til framkvæmda á þremur árum frá 1. jan. 1976 að telja.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Menntamálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga skulu sameiginlega gangast fyrir gerð heildaráætlunar um uppbyggingu og aðsetur almenningsbókasafna.

Ed. 725. Frumvarp til laga [237. mál]

um breyting á lögum nr. 8 22. mars 1972 um tekjustofna sveitarfélaga.

(Eftir 2. umr. í Ed., 10. maí.)

Samhljóða þskj. 485 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:
16. gr. laganna orðist svo:
Nú hefur fólksfækkun orðið í sveitarfélagi næstliðið ár og skal þá sveitarfélagið fá sérstakt aukaframlag úr Jöfnunarsjóði, sbr. e-lið 8. gr., enda sendi sveitarstjórn sjóðnum kröfu um það fyrir árslok ár hvert. Framlagið skal vera allt að meðalútsvari á íbúa í landinu næstliðið ár margfaldað með íbúafækkunartölunni.
Félagsmálaráðuneytið úrskurðar fólksfækkunarframlög samkvæmt 1. mgr. og greiðir þau hlutaðeigandi sveitarfélögum fyrir 15. nóvember.

Sþ. 726. Nefndarálit [139. mál]

um till. til þál. um sérstaka athugun á eflingu iðnaðar í tengslum við framkvæmdaáætlun fyrir Norðurlandskjördæmi vestra.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur athugað tillögu þessa og leitað umsagnar áætlanadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins. Nefndin er þeirrar skoðunar að hér sé hreyft mjög athyglisverðu og nauðsynlegu máli, sem getur skipt sköpum fyrir viðkomandi kjördæmi.

Í áliti áætlanadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins kemur fram, að þegar hefur verið hafist handa um áætlunargerð og athugun á þróunarmöguleikum iðnaðar í samræmi við ný viðhorf í orkumálum kjördæmisins.

Óþarft er að fela ríkisstjórninni þetta verkefni af þeirri ástæðu sem að framan er rakin, en nefndin vill tjá fylgi sitt við tillöguna með því að leggja til að henni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 10. maí 1976.

Ellert B. Schram, form., frsm.	Jón Helgason, fundaskr.	Magnús T. Ólafsson.
Lárus Jónsson.	Jón Skaftason.	Ólafur G. Einarsson.
	Skúli Alexandersson.	

Nd. 727. Nefndarálit [185. mál]

um frv. til laga um sérstakt lögsagnarumdæmi í Austur-Skaftafellssýslu.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 10. maí 1976.

Ellert B. Schram, form., frsm.	Gunnlaugur Finnsson, fundaskr.	Svava Jakobsdóttir.
Ingólfur Jónsson.	Páll Pétursson.	Friðjón Þórðarson.
	Sighvatur Björgvinsson.	

Nd. 728. Frumvarp til laga [238. mál]

um skipulag ferðamála.

(Eftir 3. umr. í Ed., 10. maí.)

I. KAFLI
Tilgangur og yfirstjórn.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að þróun ferðamála og skipulagningu ferðaþjónustu fyrir íslenskt og erlent ferðafólk sem mikilvægs þáttar í íslensku atvinnu- og félagslífi, bæði með hliðsjón af þjóðhagslegri hagkvæmni og umhverfisvernd.

2. gr.

Samgönguráðuneytið fer með yfirstjórn mála þeirra, sem lög þessi taka til.

II. KAFLI
Ferðamálaráð Íslands.

3. gr.

Ferðamálaráð Íslands fer með stjórn ferðamála undir yfirstjórn samgönguráðuneytisins.

4. gr.

Samgönguráðherra skipar menn í Ferðamálaráð til fjögurra ára í senn.

Skulu þrír skipaðir án tilnefningar, og skal einn þeirra vera formaður ráðsins og annar varaformaður.

Aðra fulltrúa í Ferðamálaráð skipar ráðherra eftir tilnefningu, en eftirtaldir aðilar tilnefna einn mann hver:

1. Félag hópferðamanna.
2. Félag íslenskra ferðaskrifstofa.
3. Félag leiðsögumanna.
4. Félag sérleyfishafa.
5. Ferðafélag Íslands.
6. Flugleiðir hf.
7. Náttúruverndarráð.
8. Samband íslenskra sveitarfélaga.
9. Samband veitinga- og gistihúsaeigenda.
10. Önnur flugfélög en Flugleiðir hf.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Ferðamálaráð skal koma saman til fundar ekki sjaldnar en 10 sinnum á ári. Þóknun ráðsmanna greiðist af þeim aðilum, sem hafa tilnefnt þá.

5. gr.

Ferðamálaráði er heimilt að skipa undirnefndir til þess að vinna að einstökum málaflokkum, svo og sérstaka framkvæmdanefnd.

Ráðherra setur nánari ákvæði um starfsemi ráðsins í reglugerð.

6. gr.

Að fenginni umsögn Ferðamálaráðs ræður samgönguráðherra ferðamálastjóra, sem annast daglega stjórn Ferðamálaráðs, samkvæmt því sem ráðið ákveður. Ráðningartími ferðamálastjóra skal vera 4 ár í senn. Heimilt er að endurráða ferðamálastjóra svo oft sem vera vill.

Ferðamálastjóri situr fundi Ferðamálaráðs með málfrelsi og tillögurétti.

7. gr.

Verkefni ferðamálaráðs eru:

1. Skipulagning og áætlanagerð um íslensk ferðamál.
2. Landkynning.
3. Þátttaka í fjölþjóðlegu samstarfi um ferðamál.
4. Aðstoð við einstök ferðamálafélög og starfsemi þeirra.
5. Skipulagning náms og þjálfunar fyrir leiðsögumenn skv. sérstakri reglugerð þar að lútandi.
6. Forganga um hvers konar þjónustu- og upplýsingastarfsemi fyrir ferðamenn.

7. Samstarf við náttúruverndarráð og aðra hlutaðeigandi aðila um að umhverfi, náttúru- og menningarverðmæti spillist ekki af starfsemi þeirri, sem lög þessi taka til.
8. Frumkvæði um fegrun umhverfis og snyrtilega umgengni á viðkomu- og dvalarstöðum ferðafólks.
9. Könnun á réttmæti kvartana um misbresti á þjónustu við ferðamenn.
10. Undirbúningur og stjórn almennra ráðstefna um ferðamál, sem haldnar skulu eigi sjaldnar en annað hvort ár.
11. Önnur þau verkefni, sem Ferðamálaráði eru falin með lögum þessum eða á annan hátt.

8. gr.

Lagt skal sérstakt gjald á vörusölu Fríhafnarinnar í Keflavík, og skal það nema 10% af árlegu söluverðmæti. Skal því ráðstafað á eftirfarandi hátt:

a) Til landkynningarverkefna á vegum Ferðamálaráðs.
b) Til Ferðamálasjóðs til styrkveitinga, sbr. 24. gr.
c) Til að veita einka- og opinberum aðilum styrki til að koma upp eða endurbæta aðstöðu fyrir ferðamenn á stöðum, sem fjölsóttir eru.

Ferðamálaráð gerir tillögur til ráðherra um skiptingu fjárins, og tekur hann endanlega ákvörðun.

Kostnaður af starfsemi Ferðamálaráðs skal að öðru leyti greiddur úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt á fjárlögum.

III. KAFLI

Ferðaskrifstofa ríkisins.

9. gr.

Ríkisstjórnin skal láta starfrækja ferðaskrifstofu. Nefnist hún Ferðaskrifstofa ríkisins og fer samgönguráðuneytið með yfirstjórn hennar.

10. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins skal annast alla þá starfsemi, sem um er fjallað í 14. gr. laga þessara, svo og annað er fellur undir almennan ferðaskrifstofurekstur.

Starfsemi hennar skal einkum beinast að fyrirgreiðslu og skipulagningu ferða fyrir íslenska og erlenda ferðamenn um Ísland.

11. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins skal starfrækja sumarhótel í húsnæði heimavistarskóla, eftir því sem um semst við forráðaaðila skólanna.

Við þessa starfrækslu skal þess gætt að ekki sé efnt til óæskilegrar samkeppni við hótel á viðkomandi stöðum, sem rekin eru allt árið.

12. gr.

Ráðherra ræður forstjóra fyrir Ferðaskrifstofu ríkisins. Forstjóri ræður annað starfsfólk skrifstofunnar og stjórnar allri starfsemi hennar og ber ábyrgð gagnvart ráðherra.

13. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins greiðir fasteignaskatt samkvæmt II. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga, landsútsvar samkvæmt III. kafla sömu laga, svo og aðstöðugjald samkvæmt V. kafla sömu laga.

IV. KAFLI

Almennar ferðaskrifstofur.

14. gr.

Ferðaskrifstofa merkir í lögum þessum fyrirtæki, sem tekur að sér að veita í atvinnuskyni, að einhverju eða öllu leyti, eftirgreinda þjónustu fyrir almenning:

a. Upplýsingar um ferðir innanlands eða erlendis.
b. Hvers konar umboðssölu farmiða með skipum, bifreiðum, flugvélum eða járnbrautum.
c. Útvegun gistihúsnæðis.
d. Skipulagningu og sölu hópferða, innanlands eða erlendis, og móttöku erlendra ferðamanna.

Samgönguráðuneytið sker úr, ef ágreiningur verður um hvort starfsemi telst falla undir a.-d. lið hér að framan, svo og um það, hvort um ferðaskrifstofustarfsemi sé að ræða í skilningi laga þessara.

15. gr.

Óheimilt er að stunda störf þau, er greind eru í 14. gr., svo og að nota í nafni eða auglýsingum einstaklinga, félaga eða fyrirtækja orðið ferðaskrifstofa eða hliðstæð erlend heiti, nema hafa til þess leyfi samgönguráðuneytisins.

16. gr.

Hver sá, sem vill reka ferðaskrifstofu, skal sækja um leyfi til ráðuneytisins. Leitað skal umsagnar Ferðamálaráðs Íslands um allar slíkar umsóknir.

17. gr.

Skilyrði til að geta öðlast leyfi til reksturs ferðaskrifstofu er, að forstöðumaður hennar uppfylli eftirtalin skilyrði:

a. Fjárræði og forræði á búi sínu.
b. Búseta á Íslandi.

Enn fremur skal einn eða fleiri af starfsmönnum ferðaskrifstofunnar á hverjum tíma hafa að baki staðgóða reynslu við almenn ferðaskrifstofustörf.

Leyfi má veita félagi eða fyrirtæki, enda sé stjórnin innlend og aðsetur hér á landi, og gilda um slíka ferðaskrifstofu sömu ákvæði og að ofan greinir.

Nú telur ráðuneytið að málavöxtum athuguðum, að ekki sé unnt að reka starfsemi þá, sem sótt er um leyfi fyrir samkvæmt lögum þessum, á viðunandi hátt, og skal þá umsókninni synjað.

18. gr.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu má því aðeins veita, að umsækjandi setji bankatryggingu, sem eigi sé lægri en 7.0 millj. kr.

Fjárhæð tryggingar skal endurskoðuð eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti og breytt í samræmi við almennar verðlagsbreytingar.

Ferðaskrifstofur skulu árlega senda ráðuneytinu ársreikninga sína, endurskoðaða af löggiltum endurskoðanda.

19. gr.

Ekki má greiða af tryggingarfé samkv. 18. gr. aðrar kröfur en þær, sem aðfararhæfur dómur er fenginn fyrir eða viðurkenning skiptaréttar, enda séu kröfurnar sprottnar af ferðaskrifstofurekstri tryggingarfjáreiganda.

Þó má víkja frá skilyrði 1. mgr. komi það í ljós að ferðaskrifstofa geti vegna fjárhagsörðugleika ekki annast heimflutning viðskiptavina sinna. Getur ráðuneytið

þá annast eða falið öðrum að annast þennan flutning, og greiðist kostnaður við hann af tryggingarfénu, og hefur kostnaður af slíkum flutningi forgang fram yfir aðrar kröfur.

20. gr.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu fellur niður:

a. Ef leyfishafi verður gjaldþrota eða er sviptur fjárræði.
b. Ef trygging sú, sem sett er samkvæmt 18. gr., rýrnar, fellur niður eða fullnægir ekki þeim reglum, sem ráðuneytið setur.
c. Ef leyfishafi hættir að hafa búsetu hér á landi.

Ef félag er leyfishafi eða annar en leyfishafi veitir daglegum rekstri ferðaskrifstofunnar forstöðu, fellur leyfið niður, ef einhverra þeirra skilyrða er misst, sem uppfylla ber samkvæmt lögum þessum, eða ef forstöðumaður andast, enda sé ekki ráðinn nýr forstöðumaður, sem uppfylli skilyrði laga þessara, innan þess frests, sem ráðuneytið setur.

21. gr.

Nú andast leyfishafi og er þá eftirlifandi maka hans, ef hann situr í óskiptu búi, heimilt að halda áfram rekstrinum í eitt ár, enda sé fullnægt hinum almennu skilyrðum um ábyrgð og ekki ástæða til afturköllunar leyfis samkvæmt 20. gr.

22. gr.

Ákvæði þessa kafla taka ekki til Ferðaskrifstofu ríkisins. Ráðuneytið setur reglur um á hvern hátt eigendum og umráðamönnum samgöngutækja er heimilt að skipuleggja og selja farseðla í ferðir með slíkum samgöngutækjum, þannig að fæði eða næturgisting fylgi. Binda má slíka heimild tilteknum skilyrðum um hreinlætisaðstöðu og annan aðbúnað, svo og tryggingarfé.

Ráðuneytið ákveður einnig, hvaða íslensk ferðafélög eru undanþegin ákvæðum laga þessara, að því er lýtur að ferðum innanlands.

V. KAFLI

Ferðamálasjóður.

23. gr.

Ferðamálasjóður er eign ríkisins og lýtur stjórn samgönguráðherra.

Ferðamálasjóður er stofnlánasjóður þeirra starfsgreina, sem ferðaþjónusta einkum byggist á. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að þróun íslenskra ferðamála með lánveitingum.

24. gr.

Fé Ferðamálaráðs má ráðstafa á eftirgreindan hátt:

1. Sjóðurinn veitir einka- og opinberum aðilum lán til framkvæmda við gisti- og veitingastaði gegn fullnægjandi tryggingum.
2. Sjóðnum er heimilt að veita einka- og opinberum aðilum, gegn fullnægjandi tryggingum, lán til annarra þátta ferðamála en í 1. lið greinir, svo framarlega sem með lánveitingunni er stuðlað að þróun íslenskra ferðamála.
3. Sjóðnum er heimilt að veita óafturkræf framlög til byggingar gistirýmis, eða gerast eignaraðili að gistiaðstöðu, hvar sem rekstri er haldið uppi allt árið. Framlag þetta má aldrei nema meira en 30% af byggingarkostnaði.

25. gr.

Tekjur Ferðamálasjóðs eru þessar:

1. Árlegt framlag úr ríkissjóði, eigi lægra en 40 millj. kr.
2. Tekjur af starfsemi sjóðsins.

26. gr.

Ferðamálasjóði er heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka allt að 300 milljón króna lán eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, ef árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins nægir ekki til, að hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu.

Fjármálaráðherra er heimilt að ábyrgjast slík lán fyrir hönd ríkissjóðs.

27. gr.

Fela skal bankastofnun að annast umsjón Ferðamálasjóðs, vörslu hans, bókhald, innheimtu og útborganir.

28. gr.

Umsóknir um lán og framlög úr Ferðamálasjóði skulu sendar Ferðamálaráði, sem fjallar um þær og ákveður einstakar lánveitingar og framlög.

Ákvarðanir Ferðamálaráðs skulu staðfestar af ráðherra.

29. gr.

Til engrar einstakrar framkvæmdar má á sama ári veita hærra lán en sem nemur ⅓ hluta þess fjármagns, sem Ferðamálasjóður getur haft til umráða til útlána á árinu að lánsfé meðtöldu.

30. gr.

Telji Ferðamálaráð, að heimavistarbygging í þágu skóla, sem ríkissjóður kostar að einhverju leyti, henti til starfrækslu sumargistihúss, getur það farið fram á, að byggingarteikningum sé hagað svo, að húsnæðið fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru til rekstrar gistihúss, enda sé Ferðamálaráð eða viðkomandi byggingaraðili reiðubúinn að bera ábyrgð á þeim viðbótarkostnaði, sem af breytingunum leiðir. Jafnframt er heimilt í þessu skyni að veita Ferðamálaráði eða viðkomandi byggingaraðila lán úr ríkissjóði fyrir milligöngu Ferðamálasjóðs, allt að 20 millj. kr. árlega.

31. gr.

Lán úr Ferðamálasjóði skulu veitt til allt að 15 ára. Lán má veita afborgunarlaust fyrstu tvö árin.

Ráðherra ákveður vexti og önnur kjör þeirra lána, er sjóðurinn veitir, með tilliti til þess, að sjóðurinn sé skaðlaus af starfsemi sinni.

Lánin skulu tryggð með veði í fasteign eða á annan jafntryggan hátt og heimilt er að binda greiðslur afborgana og vaxta vísitölu byggingarkostnaðar.

Nú tekur Ferðamálasjóður erlent lán, og skal það þá endurlánað með gengistryggingu.

32. gr.

Við afgreiðslu lána skal þess gætt, að lánveiting valdi ekki óeðlilegri samkeppni við fyrirtæki, sem starfandi eru fyrir.

33. gr.

Ferðamálasjóður er undanþeginn öllum sköttum til ríkis og sveitarfélaga, svo og stimpilgjöldum af lánsskjölum varðandi eigin lántökur sjóðsins, en ekki útlánsskjölum.

34. gr.

Reikningar Ferðamálasjóðs skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

35. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að þeir aðilar, sem skipuleggja hópferðir um Ísland, skuli, samkvæmt nánari reglum, sem settar yrðu þar að lútandi, kaupa tryggingu hjá viðurkenndu tryggingarfélagi vegna kostnaðar, sem hljótast kynni af leit eða björgun farþega, sem ferðast á þeirra vegum.

Enn fremur er ráðherra heimilt að ákveða, að sömu aðilar skuli hafa í nánar tilteknum ferðum leiðsögumenn sem hlotið hafa sérstaka þjálfun til þessa starfs samkvæmt frekari ákvæðum í reglugerð.

36. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að fenginni umsögn Ferðamálaráðs, að greitt skuli sanngjarnt gjald fyrir þjónustu, sem veitt er á stöðum í umsjá ríkisins, enda sé fé það, sem þannig safnast, að frádregnum innheimtukostnaði, eingöngu notað til verndar, fegrunar og snyrtingar viðkomandi staðar, og til að bæta aðstöðu til móttöku ferðamanna.

Ákvæði þessi taka þó ekki til þjóðgarða eða annarra svæða á vegum Náttúruverndarráðs, nema samþykki þess komi til.

37. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 100 000.00 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með brot gegn lögunum skal farið að hætti opinberra mála.

38. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1976.

Jafnframt falla úr gildi lög um ferðamál, nr. 4 14. febrúar 1969.

Ákvæði til bráðabirgða I.

Við gildistöku laga þessara tekur Ferðamálaráð Íslands við öllum eignum, réttindum og skuldbindingum Ferðamálaráðs þess, sem starfaði samkvæmt lögum nr. 4/1969. Jafnframt tekur Ferðamálaráð Íslands við þeim verkefnum frá Ferðaskrifstofu ríkisins, sem ráðinu ber samkvæmt þessum lögum.

Ferðamálasjóður samkvæmt lögum þessum kemur í stað samnefnds sjóðs samkvæmt eldri lögum og tekur við eignum hans og skuldbindingum.

Ákvæði til bráðabirgða II.

Ferðaskrifstofur þær, sem fengið hafa leyfi og starfandi eru við gildistöku laga þessara, skulu fyrir árslok 1976 leggja fyrir ráðuneytið tryggingarskilríki í samræmi við 18. gr. og reglur þær, sem ráðuneytið setur, og eiga þær þá rétt til að fá útgefin ný leyfi.

Sé trygging samkvæmt 18. gr. laga þessara ekki sett innan tilskilins frests, falla leyfi niður.

Ákvæði til bráðabirgða III.

Framlag úr ríkissjóði til Ferðamálasjóðs samkvæmt 25. gr. laga þessara verði 25 millj. kr. árið 1977.

Ed. **729. Breytingartillaga** [257. mál]

við frv. til jarðalaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 28. gr. Í stað „Ráðherra er heimilt“ komi: Heimilt er.

Ed. **730. Breytingartillaga** [177. mál]

við brtt. á þskj. 646 [Námslán og námsstyrkir].

Frá Axel Jónssyni.

Við 3. tölulið. Í stað orðanna „skv. 1. gr.“ í 1. mgr. komi: skv. 1. og 2. gr.

Nd. **731. Nefndarálit** [20. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán Landsvirkjunar og til að taka lán og endurlána það Landsvirkjun til virkjana í Tungnaá.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt eins og það er komið frá Ed., sbr. þskj. 661.

Alþingi, 11. maí 1976.

Ólafur G. Einarsson, form.	Lárus Jónsson, fundaskr.	Ey. Kon. Jónsson, frsm.
Tómas Árnason.	Gylfi Þ. Gíslason.	Lúðvík Jósepsson.
	Þórarinn Þórarinsson.	

Nd. **732. Nefndarálit** [252. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. l. nr. 2 11. febr. 1970 og l. nr. 66 30. apríl 1973, um breyt. á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt eins og það er komið frá Ed., sbr. þskj. 662.

Alþingi, 11. maí 1976.

Ólafur G. Einarsson, form.	Lárus Jónsson, fundaskr., frsm.	Ey. Kon. Jónsson.
Tómas Árnason.	Gylfi Þ. Gíslason.	Lúðvík Jósepsson.
	Þórarinn Þórarinsson.	

Nd. 733. Nefndarálit [218. mál]

um frv. til l. um breyt. á lyfsölulögum, nr. 30 29. apríl 1963.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og fengið umsagnir frá Dýralæknafélagi Íslands og Lyfsalafélagi Íslands.

Leggur nefndin til að frv. verði samþykkt óbreytt. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Jóhann Hafstein, Ragnhildur Helgadóttir og Vilborg Harðardóttir.

Alþingi, 11. maí 1976.

Jón Skaftason, form., frsm. Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr. Guðmundur H. Garðarsson.

Karvel Pálmason.

Nd. 734. Nefndarálit [152. mál]

um frv. til l. um breyt. á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á allmörgum fundum og leggur einróma til að það verði samþykkt óbreytt.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Ragnhildur Helgadóttir, Vilborg Harðardóttir og Jóhann Hafstein.

Alþingi, 11. maí 1976.

Jón Skaftason, form., frsm. Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr. Guðmundur H. Garðarsson.

Karvel Pálmason.

Nd. 735. Nefndarálit [90. mál]

um frv. til laga um lántökuheimild til eflingar Landhelgisgæslunnar.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin ræddi frumvarpið á fundum sínum fyrir þinghlé og fékk til fundar við sig forstjóra Landhelgisgæslunnar og ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytis og dómsmálaráðuneytis.

Frumvarpið er flutt til staðfestingu á bráðabirgðalögum, sem sett voru 29. júlí 1975, þegar ríkisstjórnin ákvað að kaupa nýja Fokker-vél til landhelgisgæslu frá hinum hollensku verksmiðjum.

Þegar bráðabirgðalög þessi voru sett lá fyrir að 80% kaupverðsins fengist að láni hjá framleiðanda. Miðað við grunnverð flugvélarinnar og áætlaðar verðhækkanir á smíðatíma var hér um að ræða 7 milljónir gyllina, sem þá jafngiltu tæplega 450 milljónum króna. Síðan hefur gengi gyllinis breyst nokkuð þannig að þessi upphæð er nú um 470 milljónir króna.

Heimildir skortir enn fyrir þeim 15%, sem greiða þarf við afhendingu flugvélarinnar á árinu, svo og til að endurgreiða bráðabirgðalán, 5% af kaupverðinu, sem greitt var við samningsgerð. Þá er kaupverð vélarinnar ekki miðað við hinn sérstaka tækjabúnað, sem nauðsynlegur er vegna gæslustarfa vélarinnar.

Með hliðsjón af framansögðu og frekari athugun nefndarinnar er nauðsynlegt að afla frekari heimildar en frumvarpið gerir ráð fyrir, eða 600 milljónir króna, vegna kaupa á gæsluflugvél fyrir Landhelgisgæsluna. Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán allt að 600 milljónum króna, eða jafngildi allt að 9 milljóna gyllina, vegna kaupa á gæsluflugvél fyrir Landhelgisgæsluna, og allt að 140 milljónum króna vegna endurbóta á varðskipinu Óðni, og verða lánin að hluta til tekin erlendis.

Alþingi, 11. maí 1976.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm.	Lárus Jónsson, fundaskr.	Tómas Árnason.
Ey. Kon. Jónsson.	Lúðvík Jósepsson.	Þórarinn Þórarinsson.
	Gylfi Þ. Gíslason.	

Nd. 736. Nefndarálit [274. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frv. Meiri hlutinn leggur til að frv. verði samþ., en minni hlutinn, Lúðvík Jósepsson og Gylfi Þ. Gíslason, mun skila séráliti.

Alþingi, 11. maí 1976.

Ólafur G. Einarsson, form.	Lárus Jónsson, fundaskr., frsm.	Ey. Kon. Jónsson, með fyrirvara.
Tómas Árnason.	Þórarinn Þórarinsson.	

Ed. 737. Breytingartillögur [239. mál]

við frv. til laga um Orkubú Vestfjarða.

Frá iðnaðarráðherra.

1. Við 5. gr. Í stað orðanna, „enda yfirtaki fyrirtækið skuldir, sem svarar til stofnkostnaðar af mannvirkjum þeim, sem það tekur við“ komi: enda yfirtaki fyrirtækið samkvæmt samkomulagi skuldir vegna mannvirkja þeirra, sem það tekur við.
2. Við 12. gr. Í 1. mgr. eftir orðinu „orkuframkvæmda“ komi: að fjárhæð allt að 2500 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Við 15. gr. Í stað orðanna í 1. mgr. „gangast fyrir“ komi: beita sér fyrir.

Nd. **738. Nefndarálit** [274. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar er kveðið svo á, að endurskoða skuli lagasetningu þá um Framkvæmdastofnun ríkisins, sem ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar beitti sér fyrir í upphafi valdaferils síns. Gat engum komið þetta á óvart, þar eð Sjálfstæðisflokkurinn hafði beitt sér mjög gegn setningu þessarar löggjafar og þá ekki síst því stjórnarfyrirkomulagi hennar, sem kennt var við „kommissara“ og fólst í því, að ríkisstjórnin tilnefndi þriggja manna framkvæmdaráð sem skipað skyldi pólitískum fulltrúum stjórnarflokkanna þriggja og hafa í reynd mest völd innan stofnunarinnar. Greiddu þingmenn Sjálfstæðisflokksins atkvæði gegn frv. Þingflokkur Alþýðuflokksins studdi meginstefnu frumvarpsins, þar eð Framkvæmdastofnuninni væri ætlað að starfa að nauðsynlegri áætlanagerð og hagrannsóknum. En hið pólitíska stjórnarfyrirkomulag stofnunarinnar var harðlega gagnrýnt af hálfu þingmanna flokksins og fluttu þeir breytingartillögur við frumvarpið varðandi það efni. Fólst í þeim, að framkvæmdastjóri stofnunarinnar skyldi vera einn og skipaður af ríkisstjórninni með sama hætti og tíðkast um embættismenn, og síðan skyldi hann og forstöðumenn deildanna mynda framkvæmdastjórn stofnunarinnar. Þingflokkur Alþýðuflokksins taldi hitt eðlilegt og sjálfsagt, að yfirstjórn stofnunarinnar væri í höndum þingkjörinnar stjórnar, svo sem t. d. á sér stað varðandi bankaráð ríkisbankanna.

Það vakti furðu margra, ekki aðeins meðal andstæðinga ríkisstjórnarinnar, heldur einnig meðal stuðningsmanna hennar, þegar ríkisstjórnin lét undir höfuð leggjast að flytja frv. um breytingu á stjórn stofnunarinnar, heldur hélt við hinu fyrra stjórnkerfi, með þeirri einu breytingu, að nú urðu „kommissararnir“ tveir fulltrúar núverandi stjórnarflokka og báðir þingmenn, þótt staða þeirra væri talin hliðstæð stöðum bankastjóra og almennt samkomulag væri um, að þingmennska og bankastjórastörf samrýmdust ekki. Auk þess voru þeir báðir þingmenn sama kjördæmis.

Þingmenn Alþýðuflokksins hafa tvívegis flutt frv. um breytingu á þessum lögum í samræmi við fyrri afstöðu Alþýðuflokksins og Sjálfstæðisflokksins varðandi stjórn stofnunarinnar. En þau frv. hafa ekki hlotið undirtektir. Hins vegar flytur ríkisstjórnin nú, næstum tveim árum eftir að hún tók við völdum, þetta frv., sem í raun og veru gerir ráð fyrir óbreyttri stjórn stofnunarinnar, þótt sú formbreyting sé gerð, að orðið „framkvæmdaráð“ er nú ekki lengur notað, heldur á ríkisstjórnin nú að geta skipað „forstjóra“, eins marga og henni sýnist, samkvæmt tillögum stjórnar stofnunarinnar. Virðist liggja í loftinu, að sömu þingmenn og stjórnað hafa stofnuninni síðan stjórnarskipti urðu, eigi að gera það áfram, og verður þá í reynd engin breyting í því stjórnarfyrirkomulagi sem þingflokkur Sjálfstæðisflokksins taldi óhafandi fyrir nokkrum árum.

Þá er rétt að vekja athygli á því, að gert er ráð fyrir stofnun nýrrar deildar, sem vera á undir stjórn sérstaks framkvæmdastjóra. Í frv. felst þannig fjölgun á forstöðumönnum deilda, sem nú eru nefndir „framkvæmdastjórar“, úr tveim í þrjá.

Í 14. gr. frv. eru ákvæði um tekjur Byggðasjóðs, segir þar m. a., að framlag úr ríkissjóði skuli miðast við það, að árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins skuli vera tiltekin hundraðstala af útgjöldum fjárlaga. Frá almennu sjónarmiði er mjög varhugavert að ákveða fjárveitingar í fjárlögum með slíkum hætti í almennum lögum. Verið getur, að eðlilegt væri að ákveða hærri upphæð í fjárlögum. Hið gagnstæða gæti einnig augljóslega verið rétt, miðað við aðstæður. Allir gætu t. d. verið sammála um að auka fjárveitingar til félagsmála eða skólamála, þótt engin rök hnígi að því, að í kjölfar þess ætti sjálfkrafa að fylgja aukið framlag í Byggðasjóð. Slík

ákvæði eiga að vera í samstarfssamningum ríkisstjórna, svo sem í reynd á sér stað um samstarfssamning núverandi ríkisstjórnar, og er þar raunar um hærra hlutfall að ræða af útgjöldum ríkissjóðs en frv. gerir ráð fyrir.

Undirritaður minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar gerði grein fyrir því í nefndinni að hann mundi freista þess að koma fram breytingu á stjórnarháttum stofnunarinnar í samræmi við þau sjónarmið, sem sett voru fram af hálfu þingmanna Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks, þegar lögin voru sett. Ég hef kosið að velja breytingartillögu minni það form, sem fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í fjárhags- og viðskiptanefnd þessarar deildar töldu fara best á, þegar frv. var afgreitt á sínum tíma. Þá fluttu þeir Matthías Bjarnason og Matthías Á. Mathiesen svo hljóðandi tillögu í þessari deild varðandi stjórn stofnunarinnar:

„Að fengnum tillögum Framkvæmdastofnunar ríkisins skipar ríkisstjórnin forstjóra stofnunarinnar, er hefur yfirumsjón með daglegum rekstri áætlunardeildar og lánadeildar hennar. Forstjórinn og forstöðumenn áætlunardeildar og lánadeildar mynda framkvæmdaráð.

Stjórn Framkvæmdastofnunarinnar tekur ákvörðun fyrir hönd stofnunarinnar um launakjör forstjóra, forstöðumanna deilda og annarra starfsmanna."

Sams konar breytingartillögu flyt ég á sérstöku þingskjali, með þeirri breytingu einni, sem er í samræmi við ákvæði stjórnarfrv., að bætt er við hinni nýju deild, byggðadeild, og að starfsheiti forstöðumanna deildanna er breytt og þeir nefndir framkvæmdastjórar.

Alþingi, 11. maí 1976.

Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 739. Breytingartillaga [274. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

3. gr. orðist svo:

4. gr. laganna orðist svo:

Að fengnum tillögum Framkvæmdastofnunar ríkisins skipar ríkisstjórnin forstjóra stofnunarinnar, er hefur yfirumsjón með daglegum rekstri áætlanadeildar, byggðadeildar og lánadeildar hennar. Forstjórinn og framkvæmdastjórar áætlanadeildar, byggðadeildar og lánadeildar mynda framkvæmdaráð.

Stjórn Framkvæmdastofnunarinnar tekur ákvörðun fyrir hönd stofnunarinnar um launakjör forstjóra, framkvæmdastjóra deilda og annarra starfsmanna.

Nd. 740. Frumvarp til laga [239. mál]

um Orkubú Vestfjarða.

(Eftir 3. umr. í Ed., 11. maí.)

Samhljóða þskj. 495 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Ríkissjóði Íslands og sveitarfélögum á Vestfjörðum skal heimilt að setja á stofn orkufyrirtæki, er nefnist Orkubú Vestfjarða.

5. gr. hljóðar svo:
Rafmagnsveitur ríkisins og ríkissjóður, svo og orkuveitur sveitarfélaga á Vestfjörðum skulu afhenda Orkubúi Vestfjarða til eignar sem stofnframlag öll mannvirki sín á Vestfjörðum í raforkuverum, rafstöðvum, kyndistöðvum og jarðvarmavirkjunum ásamt tilheyrandi flutnings- og dreifikerfi, enda yfirtaki fyrirtækið samkvæmt samkomulagi skuldir vegna mannvirkja þeirra, sem það tekur við.

12. gr. hljóðar svo:
Ríkisstjórninni er heimilt að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á lánum er Orkubú Vestfjarða tekur til orkuframkvæmda, að fjárhæð allt að 2500 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum, er ríkisstjórnin ákveður, og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.
Ríkisstjórninni er einnig heimilt að taka lán, er kæmi að hluta eða að öllu leyti í stað ábyrgðar skv. 1. mgr. Lánið endurlánar ríkisstjórnin Orkubúi Vestfjarða með þeim kjörum og skilmálum, sem hún ákveður.

15. gr. hljóðar svo:
Þegar eftir gildistöku laga þessara skal iðnaðarráðherra beita sér fyrir, að sameignarsamningur sé gerður milli aðila og stofnfundur fyrirtækisins haldinn samkvæmt reglum 9. gr. eftir því sem við á. Skal þessu lokið á árinu 1976.
Iðnaðarráðherra setur reglugerð, þar sem nánar skal ákveðið um framkvæmd þessara laga og starfsemi Orkubús Vestfjarða. Skal stjórn Orkubús Vestfjarða undirbúa reglugerðina í samráði við eignaraðila.

Nd. 741. Frumvarp til jarðalaga. [257. mál]

(Eftir 3. umr. í Ed., 11. maí.)

Samhljóða þskj. 565 með þessari breytingu:

28. gr. hljóðar svo:
Heimilt er að selja jarðir eða jarðarhluta í ríkiseign þeim sveitarfélögum, sem jarðirnar eru í, enda mæli jarðanefnd með sölu og geri tillögur um söluverð, sem endanlega er ákveðið af ráðherra eða samkvæmt matsgerð dómkvaddra manna.
Ríkisjarðir, sem ekki byggjast samkvæmt ábúðarlögum og ekki eru teknar til sérstakra nota í þágu hins opinbera, er heimilt að leigja lengst til 10 ára í senn. Sé sótt um jörð til fastrar ábúðar, sem er leigð lausri leigu, er heimilt að segja slíkum samningi upp fyrir áramót miðað við næstu fardaga þar eftir. Leigusamninga um lóðir úr ríkislandi er heimilt að gera til allt að 50 ára, enda séu þeir gerðir í samræmi við skipulagsákvæði.

Nd. 742. Frumvarp til laga [115. mál]

um íslenzka stafsetningu.

(Eftir 2. umr. í Nd., 11. maí.)

Samhljóða þskj. 140 með þessari breytingu:

4. gr. hljóðar svo:
Heimilt skal menntamálaráðherra að kveða svo á, að þess skuli ekki krafizt í 1.—6. bekk grunnskóla, að kennt sé að nota z, heldur megi í þess stað nota s í bekkjum þessum, og í stað tzt megi nota tst, t. d. rita stytstur, flutst.

Nd. 743. Nefndarálit [270. mál]

um frv. til ábúðarlaga.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt málið á fundum sínum. Meiri hlutinn mælir með að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, en minni hlutinn mun skila séráliti.

Frumvarp til ábúðarlaga var lagt fram í neðri deild Alþingis 1972, en hlaut þá ekki afgreiðslu og var endurflutt árið eftir. Frumvarpið var þá sent til umsagnar til margra aðila, m. a. til allra hreppsnefnda í dreifbýlishreppum. Margar umsagnir bárust og í þeim voru ýmsar ábendingar og breytingartillögur, sem nefndarmenn tóku verulega tillit til er þeir afgreiddu málið úr nefnd, en um nokkur atriði voru skiptar skoðanir og því stöðvaðist málið.

Síðastliðinn vetur hefur nefnd þingmanna ásamt ráðuneytisstjóranum í landbúnaðarráðuneytinu og Árna Jónssyni erindreka endursamið frumvörpin um ábúðarlög og jarðalög og hafa ábendingarnar frá 1973 verið skoðaðar og frumvarpinu um ábúðarlög verið verulega breytt til samræmis við þær.

Eðvarð Sigurðsson áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Alþingi, 11. maí 1976.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr.	Pálmi Jónsson.
Ingólfur Jónsson.	Friðjón Þórðarson.	Eðvarð Sigurðsson.

Nd. 744. Nefndarálit [270. mál]

um frv. til ábúðarlaga.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Frv. þetta og frv. til jarðalaga eru tengd hvort öðru og má líta á þau sem eina heild. Þau fela m. a. í sér strangari ákvæði en nú gilda um jarðasölu, og er það til bóta, enda ærin ástæða til að spyrna fótum við hraðvaxandi jarðabraski í landinu.

Frv. var fyrst flutt haustið 1973, en hlaut ekki afgreiðslu á því þingi, enda mikið um þau mál deilt. Síðan hafa verið gerðar á þeim ýmsar breytingar til bóta. Hefur hlutur leiguliða nokkuð verið bættur í frv. til ábúðarlaga, og var tími til kominn.

Alþýðuflokkurinn hefur undanfarin ár barist fyrir þjóðareign landsins, þó með þeirri veigamiklu undantekningu, að bændur skuli eiga bújarðir sínar.

Margt hefur stuðlað að því, að eignarráð landsins og marvíslegra auðlinda þess eru mjög í brennidepli. Enga eign á íslenska þjóðin mikilvægari og verðmeiri en landið — nema það væru fiskimiðin og landgrunnið. Skiptir þjóðina miklu, að vel takist um hagnýtingu landsins, það verði ekki fáum útvöldum að féþúfu heldur nýtist fyrir þjóðarheildina. Þúsundir þéttbýlisins verða að fá rúman aðgang að náttúrunni, og tryggja verður vandlega náttúruvernd.

Enda þótt allar framleiðslugreinar byggist á auðæfum landsins beint eða óbeint, hefur engin þeirra svo náin tengsl við það sem landbúnaðurinn. Ber því að móta stefnu þjóðarinnar í öllum málefnum varðandi landið við að tryggja stöðu landbúnaðarins og bæta í hvívetna hag bændastéttarinnar. Enda þótt jafnaðarstefnan geri ráð fyrir þjóðareign alls lands, hefur Alþýðuflokkurinn á seinni árum undanþegið bújarðir bænda og vill að þeir eigi jarðirnar sjálfir eða leigi þær með erfða-

festu fyrir vægt gjald af ríki eða sveitarfélögum eftir því, hvorn kostinn þeir sjálfir velja. Helst ætti „landsdrottinn“ — aðalpersóna ábúðarlaga fyrr og síðar — aðeins að vera einn: þjóðin sjálf. Orðið „leiguliði“ ætti að hverfa, þar sem eignaraðild jarðanna ætti ekki að skipta því höfuðmáli, að bændur séu við það kenndir.

Með tilliti til heildarstefnu Alþýðuflokksins um þjóðareign landsins flytur minni hl. n. eftirfarandi tillögu um

RÖKSTUDDA DAGSKRÁ:

Neðri deild samþykkir að vísa frv. til ríkisstjórnarinnar í trausti þess, að hún láti semja nýtt frv., er byggist á eftirfarandi meginatriðum:

1) Landeigendur, sem ekki búa sjálfir á jörðum sínum, skuli ekki leigja þær, heldur selja, ef hæfir kaupendur fást, sem vilja búa á þeim og nýta þær. Finnist slíkir kaupendur ekki, skulu sveitarfélög eða ríki kaupa jarðirnar.
2) Sveitarfélög eða ríki skuli leigja lönd sín hæfum umsækjendum, sem síðar skuli eiga kost á að kaupa jarðirnar, en megi þó ekki endurselja öðrum en nýjum ábúendum, ella endurkaupi sveitarfélög eða ríki þær.
3) Gerðar verði nauðsynlegar fjárhagslegar ráðstafanir til þess, að sveitarfélög og ríki geti tekist á hendur víðtæk jarðakaup.
4) Hugtök og orð eins og „landsdrottinn“ og „leiguliði“ verði ekki notuð í íslenskri löggjöf í framtíðinni.

Alþingi, 11. maí 1976.

Benedikt Gröndal.

Sþ. 745. Tillaga til þingsályktunar [280. mál]

um söfnun og úrvinnslu íslenskra þjóðfræða.

Flm.: Ásgeir Bjarnason, Guðmundur H. Garðarsson, Eðvarð Sigurðsson, Sighvatur Björgvinsson, Magnús T. Ólafsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til að efla eins og fært þykir þá söfnun og úrvinnslu íslenskra þjóðfræða, sem fer fram á vegum þjóðháttadeildar Þjóðminjasafns Íslands og Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að heimildir um daglegt líf manna, venjur þeirra, listiðkun og vinnubrögð, hverfa og gleymast óðfluga með hverri kynslóð. Ástæðan er sú, að þessi sjálfsögðu atriði geymast einna síst í opinberum gögnum, öfugt við t. d. almenna stjórnmála-, verslunar- eða hagsögu. Síðar meir verður mönnum hins vegar einatt mikil eftirsjá að því, að þessum heimildum skuli ekki hafa verið haldið til haga.

Eina íslenska stórvirkið á þessu sviði, sem enn hefur séð dagsins ljós, er bókin Íslenskir þjóðhættir eftir sr. Jónas Jónasson frá Hrafnagili. Hún er þó ekki annað en ófullgert yfirlitsrit, enda unnið á síðustu 10 æviárum þess mæta manns og var hvergi nærri frágengið, þegar höfundur féll frá. Dr. Einar Ól. Sveinsson bjó þann efnivið til prentunar árið 1934, 16 árum eftir dauða sr. Jónasar.

Skipuleg þjóðháttasöfnun lá síðan að mestu leyti niðri í rúm 40 ár eftir dauða sr. Jónasar eða þar til Alþingi veitti Þjóðminjasafninu nokkurn styrk til þessarar starfsemi árið 1959 og sérstök þjóðháttadeild var stofnuð við safnið á 100 ára afmæli þess árið 1963.

Þótt síðan hafi kappsamlega verið unnið að þess konar söfnun, kom brátt í ljós, að hin öra þróun og breytingar með búsetu- og tæknibyltingu á fyrrnefndum fjórum áratugum hefur sópað burt svo mörgum menningarsögulegum þáttum, að ekki er gerlegt að halda í við og brúa bilið, nema fleiri starfskraftar komi til. Er hér einkum um að ræða árabilið frá síðustu aldamótum og fram um 1930, því að Jónas frá Hrafnagili heldur sig eðlilega mest við 19. öldina og þaðan af eldri tíð.

Nú munu ekki vera eftir nema um 900 manns á landinu 85 ára og eldri, fólk sem ætti aldurs vegna að geta munað eftir sér frá því um og fyrir aldamót. Einungis hluti þeirra mun þó fær um að veita upplýsingar af heilsufarsástæðum. Ástandið er vitaskuld skárra í yngri aldursflokkum, en þar strjálast þó jafnt og þétt. Sú vitneskja, sem einvörðungu býr í minni aldraðs fólks, verður ekki grafin úr jörðu síðar meir eins og sumar aðrar minjar.

Svipaða sögu er að segja af öðrum greinum þjóðlegra fræða: sögnum, kvæðum, þulum, þjóðlögum og dönsum. Að söfnun þess háttar efnis hefur einkum verið unnið á vegum Stofnunar Árna Magnússonar hin síðari ár, en margir einstaklingar hafa þar að auki lengi lagt hönd á plóginn.

Enn hefur mjög lítið verið unnið úr því margháttaða efni, sem þegar hefur safnast, til að koma því fyrir almennings sjónir og heyrn. Að vísu má segja, að það glatist ekki, sem þegar hefur verið safnað, ef menn vilja endilega láta framtíðina um úrvinnsluna. En bæði er farið mikils á mis að fá ekki að líta augum sem fyrst niðurstöður af söfnunarstarfinu, og í öðru lagi er miklum mun heppilegra, að sömu menn og safna vinni úr því efni, heldur en óþekktir fræðimenn í framtíðinni, sem eðlilega verða enn fjarlægari vettvangi en þeir, sem enn eru á dögum. Samhliða úrvinnsla getur komið í veg fyrir margs konar misskilning seinna meir.

Af þessum sökum er ljóst, að mjög brýnt er að efla þessa starfsemi nú þegar, þótt seint sé, ef menn telja varðveislu slíkra heimilda um daglegt líf og listiðkun yfirleitt nokkurs virði.

Nd. 746. Nefndarálit [274. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur haft frumvarpið til athugunar og borið það saman við gildandi lög um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Frumvarp þetta er flutt í samræmi við yfirlýsingu í stjórnarsáttmála núverandi stjórnarflokka, en þar var því lýst yfir, að lögin um Framkvæmdastofnun ríkisins skuli tekin til endurskoðunar.

Eins og kunnugt er var Sjálfstæðisflokkurinn mjög andvígur lögunum um Framkvæmdastofnun ríkisins, þegar þau voru sett í tíð vinstri stjórnarinnar. Ætlun ýmissa þingmanna Sjálfstæðisflokksins mun því hafa verið að fá lögin felld úr gildi eða þeim breytt í grundvallaratriðum.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, sýnir að Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki fengið fram neinar teljandi breytingar á lögunum og hefur því orðið að falla frá öllum aðalaðfinnslum sínum varðandi skipan mála í Framkvæmdastofnun ríkisins.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir, að stofnunin starfi áfram og hafi með höndum öll sömu verkefni og áður. Í stað þriggja manna framkvæmdaráðs, sem áður var, eiga nú að koma forstjórar og verður tala þeirra eftir þörfum stjórnarflokkanna. „Kommissarakerfið“, sem mest var um talað, verður því áfram.

Sú formbreyting er gerð, að einni deild stofnunarinnar er skipt í tvær deildir, þ. e. a. s. áætlanadeild verður nú áætlanadeild og byggðadeild, en verkefnin verða hin sömu.

Eina umtalsverða breytingin, sem gerð er á lögunum, er að nú er lagt til að tekjur Byggðasjóð verði sem nemur 2% af heildarútgjöldum fjárlagafrumvarps að frádregnu eigin starfsfé sjóðsins. Ákvæði um þetta voru í stjórnarsáttmálanum og hafa verið framkvæmd. Þó er þess að geta í sambandi við lögbindingu þessa ákvæðis, að í stjórnarsáttmálanum segir að „framlag til Byggðasjóðs nemi 2% af útgjöldum fjárlagafrumvarps", en í frumvarpinu er framlagið ákveðið sem nemur 2% af útgjöldum fjárlagafrumvarps að frádregnum eigin ráðstöfunartekjur Byggðasjóðs. Ríkisstjórnin hefur því ekki treyst sér til að lögbinda jafnhátt framlag til sjóðsins og hún lofaði í stjórnarsáttmálanum.

Frumvarpið felur því í sér sáralitlar breytingar. Samþykkt þess skiptir því litlu máli.

Ég mun styðja sumar greinar frv., en aðrar ekki.

Alþingi, 12. maí 1976.

Lúðvík Jósepsson.

Nd. 747. Frumvarp til laga [281. mál]

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

I. kafli laganna, um sáttir, falli niður.

2. gr.

29. gr. orðist þannig:

Með dómsstörf í einkamálum, þar á meðal skipti, fógetaerðir, uppboð og þinglýsingar, fara sýslumenn í sýslum landsins, bæjarfógetar í kaupstöðum, sérstakir héraðsdómarar í sýslum og kaupstöðum, borgarfógetar, sakadómarar og borgardómarar í Reykjavík og lögreglustjórar á Keflavíkurflugvelli og í Hafnarhreppi. Meðdómendur sitja í dómi eftir reglum laga.

Rétt er öllum héraðsdómurum að halda dómþing utan lögsagnarumdæmis síns, ef það þykir heppilegt til upplýsinga í máli, enda valdi það ekki verulegum drætti á því, og greiði sá kostnaðarauka þar af, sem slíkrar dómsathafnar beiðist.

Sá, sem settur er til að dæma ákveðið mál, skal kveða upp dóm á heimili sínu, nema dómsuppkvaðning í því lögsagnarumdæmi, þar sem mál var flutt, valdi hvorki kostnaðarauka né drætti á dómsuppsögn.

3. gr.

Í 42. gr. falli niður 4. og 5. töluliður 1. málsgreinar.

4. gr.

68. gr. orðist þannig:

Ef dómari telur sakarefnið eiga að sæta úrlausn annars héraðsdómstóls, skal hann vísa því þangað með úrskurði og senda þeim dómstóli skjöl málsins ásamt staðfestu endurriti þess, sem um málið segir í bókum embættis hans. Ef sá dómari, sem mál fær, telur það ranglega til sín sent, skal hann leggja þetta atriði í úrskurð þeirrar lögréttu, sem hans lögsagnarumdæmi heyrir til, og kveður hún upp úrskurð, þegar báðum dómurunum hefur verið gefinn kostur á að láta í ljós sitt álit.

5. gr.

105. gr. orðist þannig:

Við þingfestingu skal sækjandi leggja fram stefnu með árituðu birtingarvottorði, nema engin stefna hafi verið birt, skriflega greinargerð sína ásamt aðilaskýrslu, ef óskað er að leggja fram slíka skýrslu, svo og þau skjöl, er málatilbúnað hans varða og hann byggir kröfur sínar annars á. Í greinargerð skal greint frá aðilum, málflutningsumboði, sem veita má fleiri en einum löghæfum manni, kröfum, málsástæðum og öðrum atvikum, ef þess þarf til að samhengi málsástæðna sé ljóst, svo og framlögðum sönnunargögnum. Sé þess óskað, að dómari taki munnlegar skýrslur um atvik málsins, skal þess getið, og nefnd þau sýnileg sönnunargögn, sem enn er talið, að þurfi að afla.

Dómari getur veitt sækjanda frest til að leggja fram greinargerð, aðilaskýrslu og sönnunargögn skv. 1. mgr., ef aðilar eru á það sáttir eða ef hann telur sækjanda ekki verða krafinn um skjöl þessi þá þegar eða hann má ekki lengja þingið að þessu sinni.

6. gr.

106. gr. orðist þannig:

Verjanda skal veita hæfilegan frest til að taka afstöðu til krafna sækjanda og kanna fram komin gögn. Honum er heimilt með sama hætti og sækjanda að leggja fram skriflega greinargerð og aðilaskýrslu, svo og sönnunargögn. Ef verjandi kýs að tjá sig munnlega um málið án þess að leggja fram skriflega greinargerð eða aðilaskýrslu, er honum það heimilt, og skal þá dómari bóka kröfur hans og ágrip helstu málsástæðna, ef mál hans er ekki dómtekið þá þegar.

Ef aðilar máls eiga forræði á sakarefninu, skal dómari leita sátta með þeim. Gerir hann það venjulega, þegar verjandi hefur tjáð sig um málið skv. 1. mgr., en ella, þegar hann telur það líklegt til árangurs. Dómsátt skal vera skrifleg. Dómsátt er löglegur aðfarargrundvöllur, nema hún sé ekki að lögum gildur samningur eða fullnægi ekki formkröfum réttarfars.

7. gr.

110. gr. orðist þannig:

Ef mál skal flytja skriflega, má dómari veita aðilum frest til að afla skjala og annarra sýnilegra sönnunargagna, ef nauðsyn þykir til vera, enda skal að jafnaði ekki taka munnlegar skýrslur, fyrr en þeim þætti gagnaöflunar er lokið. Báðum aðilum ber að nota sama frest jöfnum höndum til gagnaöflunar, eftir því sem við verður komið. Þegar dómari telur aðila hafa haft nægan gagnaöflunarfrest, skal gefa þeim kost á að fá teknar á dómþingi skýrslur aðila, vitna og mats- og skoðunarmanna. Skal það að jafnaði gert á einu þingi. Þó má taka skýrslur, meðan öflun sýnilegra sönnunargagna fer fram, ef það þarf að gera í öðru lögsagnarumdæmi, ef sá, sem skýrslu skal gefa, er ekki skyldur til að koma fyrir dómara aðalmáls eftir 124. gr., eða ef hann verður fjarverandi vegna lögmætra forfalla, þegar þing verður háð til skýrslutöku.

Lögmæt forföll eru:

a. Sjúkdómur aðila sjálfs, vitnis eða mats- og skoðunarmanna, heimamanna þeirra eða annarra, er þeir þurfa að annast eða leita læknishjálpar.
b. Veður, torfærur eða önnur óviðráðanleg atvik.
c. Vinnumissir eða tjón á atvinnu eða öðrum hagsmunum.
d. Embættis- eða sýslunarstörf, sem fyrirfram eru ákveðin og þola ekki bið.
e. Áður ákveðið dómþing.

Veita má frest til að afla frekari gagna, eftir að öflun þeirra er lokið skv. framansögðu, einnig eftir að sókn og vörn er byrjuð, ef ekki hefur áður verið unnt að afla þessara gagna eða skort hefur á leiðbeiningar frá dómara. Aldrei má þó veita fresti, þótt þess sé beiðst ágreiningslaust af aðilum, nema nauðsyn beri til og líklegt sé til árangurs, enda hafi aðili ekki haft nægilega fresti áður.

Staðhæfingar um málsástæður og mótmæli skulu jafnan koma fram jafnskjótt og tilefni verður til. Annarskostar má ekki taka slíkar yfirlýsingar til greina, nema gagnaðili samþykki eða aðili virðist hafa þurft leiðbeiningar dómara, en ekki fengið hana.

Eftir að öll gögn eru komin fram, fer fram sókn og vörn máls. Af hálfu hvers aðila má leggja fram málflutningsskjöl tvívegis. Þó getur dómari leyft að leggja fram fleiri málflutningsskjöl, ef skort hefur á leiðbeiningar hans til aðila. Um fresti til sóknar og varnar fer eftir framanskráðu, eftir því sem við á.

8. gr.

111. gr. orðist þannig:

Ef mál skal flytja munnlega, má veita fresti til að afla sýnilegra sönnunargagna eftir sömu reglum og greindar eru í 110. gr. Um öflun munnlegra skýrslna, meðan þeir frestir standa, fer eftir sömu grein.

Þegar lokið er öflun gagna skv. 1. mgr., ákveður dómari, hvenær fram skuli fara skýrslutaka á dómþingi og munnlegur flutningur máls. Skal þetta að jafnaði fram fara í einni lotu. Um þinghaldið skal tilkynna aðila eða umboðsmanni hans með hæfilegum fyrirvara. Ákvörðun dómara um þetta atriði verður ekki skotið til æðra dóms.

3. mgr. 110. gr. gildir einnig um munnlega flutt mál.

9. gr.

Í 118. gr. 4. mgr. breytist 9. gr. í 110. gr.

10. gr.

Í 124. gr. 2. mgr. breytist 9. gr. í 110. gr.

11. gr.

190. gr. 2. mgr. orðist þannig:

Úrskurðir skulu vera skriflegir og má skrá þá í þingbók. Þar skal greina niðurstöðu í ályktunarorði án forsendna.

Í fógeta-, skipta- og uppboðsmálum, svo og þinglýsingarmálum, skal þó láta forsendur fylgja ályktarorði, ef aðili krefst þess og dómari telur ástæðu til, enda sé um að ræða úrskurð, sem felur í sér lokaákvörðun dómara um ágreiningsefnið.

12. gr.

192. gr. a bætist í lögin og hljóði þannig:

Ef deilt er um staðreyndir, sem fram eru bornar sem málsástæður og dómendur eða aðilar telja þörf sérkunnáttu í dómi, skal dómari skipa 2 meðdómsmenn, sem slíka kunnáttu hafa. Taka þeir að jafnaði sæti í dómi, áður en þing er háð til munnlegra skýrslugjafa, en dómari getur þó kvatt meðdómsmenn til fyrr. Heimilt er að meðdómsmaður sé einn fram að munnlegum flutningi máls eða töku skriflega flutts máls til dóms.

Ef mál er umfangsmikið eða sakarefni mjög mikilvægt frá almennu sjónarmiði eða fyrir aðila, er dómara rétt að kveðja til annan embættisdómara, sem sitji í dómi með einum sérfróðum meðdómara, eða tvo embættisdómara. Til kvaðningar embættisdómara þarf dómari þó samþykki forstöðumanns embættis.

Er meðdómari hefur tekið sæti í dómi, hefur hann þaðan í frá í því máli sömu réttindi og skyldur og hinn reglulegi dómari.

Þegar meðdómari tekur í fyrsta sinn þátt í dómsstörfum við héraðsdómstóla landsins, skal hann undirrita í þingbók drengskaparheit um, að hann muni jafnan gegna slíkum störfum af samviskusemi og óhlutdrægni og fara í öllu að lögum.

Héraðsdómari ákveður greiðslur til meðdómara, en dómsmálaráðherra getur kært ákvörðunina til lögréttu.

13. gr.

193. gr. 1. mgr. orðist þannig:

Dómar skulu vera skriflegir og í þeim vera dómsorð ásamt forsendum.
Í forsendum skal greina:

a. Nöfn, heimili og nafnnúmer aðila.
b. Númer máls skv. þingbók.
c. Stað og stund, þegar dómur er upp kveðinn.
d. Dómtökudag.
e. Nöfn dómenda, og hver þeirra er dómsformaður, ef dómur er fjölskipaður, svo og starfsheiti meðdómara.
f. Fyrri úrskurði og dóma um atvik málsins.
g. Kröfur.
h. Helstu rök fyrir niðurstöðu dómara.
i. Réttarfarssektir.
j. Málskostnað.

Í dómsorði skal greina:

a. Sýknu, þegar sýknað er með öllu af efniskröfum.
b. Aðalniðurstöðu máls, þ. á m. þess, sem fullnægja má með aðför.
c. Aðildareið.
d. Aðfararfrest, nema óþarft sé að lögum.

Dómar skulu vera stuttir og glöggir. Þegar þeir eru samdir, skal haft í huga, að aðilar geti með aðstoð umboðsmanna sinna séð, hvaða rök liggja til niðurstöðu dómara, en í dómi skal ekki rekja atvik, málsástæður eða lagarök, sem aðilum má vera kunnugt um.

14. gr.

XVI. kafli, um sjó- og verslunardóm, falli niður.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1978.

Þá falla niður:

Lög nr. 35/1914 um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, 5., 6. og 7. gr.

Lög nr. 16/1951 um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Akureyrar, 11., 12., 13. og 14. gr.

Lög um landamerki o.fl., nr. 41/1919, sbr. lög nr. 69/1954 og nr. 29/1965 um breyting á þeim lögum, II., III. og IV. kafli.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Réttarfarsnefnd hefur samið lagafrumvarp þetta, og lét hún fylgja því svohljóðandi greinargerð:

Frumvarp þetta er eitt 5 frumvarpa, sem réttarfarsnefnd hefur samið og mynda eina heild að því leyti, að þeim er ætlað að stuðla að réttarbótum í samræmi við skipunarbréf nefndarinnar frá 6. október 1972. Heildaryfirlit um störf nefndarinnar kemur fram í athugasemdum við frumvarp til lögréttulaga, og er vísað til þess um almenn atriði yfirleitt. Nefndin hefur með tillögum sínum fyrst og fremst stefnt að tvennu: hraðari meðferð dómsmála og meiri aðskilnaði dómsvalds og framkvæmdavalds. Í þessu frumvarpi, sem fjallar um breytingar á lögum nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, felast aðallega svofelld nýmæli:

Sáttanefndir verði lagðar niður, en öll sáttastörf falin dómurum.

Tekinn verði upp aðalflutningur mála, þar sem fram komi þær skýrslur, sem gefa á munnlega, og síðan fari munnlegur flutningur fram í beinu framhaldi af því.

Úrskurðir verði að jafnaði án forsendna og dómar verði styttir frá því, er nú er algengast.

Ýmsir sérdómstólar verði lagðir niður: sjó- og verslunardómur, merkjadómar í Reykjavík og á Akureyri og fasteignadómar aðrir.

Þá eru í frumvarpinu ákvæði um einstök atriði, sem eiga að stuðla að glöggum reglum, en um sum þessara atriða er stuðst við venjur, sem skapast hafa, t.d. um skriflegar greinargerðir og aðilaskýrslur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með tilskipunum 1795 og 1797 var svo fyrir mælt, að leita skyldi sátta, áður en mál væru borin undir dómstóla. Þetta hefur vafalaust stuðlað að hraðari meðferð ágreinings á sínum tíma, en nú eru ákvæðin um sáttanefndir þýðingarlítil. Í DÓMSMÁLASKÝRSLUM ÁRIN 1969—71, sem Hagstofa Íslands gaf út 1975, eru upplýsingar um sáttamál (tafla 16). Þar segir, að afgreiddar sáttir hafi verið 121 árið 1969, 50 árið 1970 og 63 árið 1971, langflestar í Reykjavík. Þegar haft er í huga, að þessi ár voru afgreidd einkamál 7393, 5409 og 5282 eftir sömu skýrslum, verður ljóst, hve þýðingarlítil starfsemi sáttanefndanna er nú. Í eml. (þ.e. lögum nr. 85/1936) er mælt fyrir um skilyrði þess, að gengið verði fram hjá sáttanefnd, og leiðir nokkra óvissu af þessum skilyrðum í sumum málum. Þykir einfaldast að fella ákvæðin um sáttanefndir niður, en taka efni nokkurra ákvæða í I. kafla eml. upp í aðrar greinar laganna.

Um 2. gr.

Þessi grein felur í sér óverulega breytingu á gildandi ákvæði, en fellt er brott, að sérstök ákvæði skuli vera um dómendur í fasteignamálum, enda leggur réttarfarsnefnd til, að fasteignadómstólar verði afnumdir.

Um 3. gr.

Hér er einungis lagt til, að fellt verði niður það, sem nú segir í 42. gr. um bækur sjó-og verslunardóms og fasteignadómstóla utan Reykjavíkur.

Um 4. gr.

Nú segir í 68. gr., að dómari skuli vísa máli frá sér, ef hann telur það eiga að sæta úrlausn annars dómstóls. Lagt er til, að ekki komi til frávísunar máls og tafa, sem því fylgja, heldur skuli dómari senda það þeim dómstóli, er það ætti að réttu að vera hjá.

Um 5. gr.

Hér eru ákvæðin um skjöl. sem fram skal leggja við þingfestingu, gleggri en í gildandi lögum, m.a. er hér talað um greinargerð og aðilaskýrslur, sem venja er að leggja fram, en lögin frá 1936 nefna ekki.

Um 6. gr.

Í þessari gr. er, eins og í 4. gr., um að ræða breytingar í samræmi við venjur um framlagningu skjala, og í 2. mgr. eru tekin ákvæði um sáttir, sem að mestu eru í samræmi við efni 16. gr. laganna, eins og hún er nú, en réttarfarsnefnd leggur til, að hún verði felld úr gildi ásamt öðrum gr. í I. kafla.

Um 7. gr.

Hér er fjallað um breytingu á 110. gr. eml., og kemur fram í greininni eitt af meginatriðunum í tillögum réttarfarsnefndar um hraðari málsmeðferð. Lagt er til, að munnlegar skýrslur séu teknar að mestu í einu lagi og að það gerist, eftir að

skriflegra gagna hefur verið aflað. Þó má, eins og nú er algengast, taka munnlegar skýrslur fyrir, ef sérstaklega stendur á. Fyrirmynd þessa nýmælis er fengin frá Svíþjóð, og telur réttarfarsnefnd líklegt, að með réttri framkvæmd muni það stuðla að verulegum flýti við málsmeðferð. Í 7. gr. frv. eru einnig tekin upp ákvæði um það, hvað teljist lögmæt forföll, en um það segir nú í 9. gr. eml.

Um 8. gr.

Þessi grein, sem fjallar um munnlegan málflutning, er hliðstæð 7. gr., en hún er um skriflegan flutning.

Um 9. og 10. gr.

9. og 10. gr. varða þá breytingu, að 9. gr. eml. er felld niður, en ákvæði um það, hvað teljist lögleg forföll, sett í 110. gr.

Um 11. gr.

Hér er lagt til, að felld verði úr lögum skylda til að láta forsendur fylgja úrskurðum. Þessi breyting mundi, að áliti réttarfarsnefndar, stuðla að því að tími dómara færi síður í þarflítil verk. Úrskurður er oftast um minni háttar atriði, ekki síst réttarfarsatriði, og skiptir mestu, að hann sé fljótt upp kveðinn. Sérstöðu hafa úrskurðir í fógeta, uppboðs og skiptamálum, því að þeir eru oft lokaákvörðun dómara í máli og því hliðstæðir dómum í almennum einkamálum. Af þeim sökum er lagt til, að forsendur fylgi þeim, ef aðili krefst eða dómari telur það rétt. Um úrskurði er fjallað í 53. gr. frv. til lögréttulaga, og er þar einnig lagt til, að lögréttuúrskurðir verði án forsendna.

Um 12. gr.

Hér er lagt til, að aftan við núverandi 192. gr. komi ný grein, **192. gr. a**, þar sem ákvæði verði um meðdómendur. Nú segir lítið um þá í eml. annað en að þá megi kveðja til í vissum tilvikum. Skal það gert í málum út af verslunarskiptum kaupmanna o.fl., ef sérþekkingar er þörf. Fer málið þá í sjó- og verslunardóm, enda er ákvæðið í 200. gr. eml., sem er í XVI. kafla laganna (um sjó- og verslunardómsmál). Í sömu grein segir síðan: „Einnig getur héraðsdómari, ef honum þykir þess þörf, kvatt til sérfróða menn til að fara með og dæma mál um önnur teknisk atriði, svo sem húsbyggingu, meiri háttar mannvirki önnur o.s.frv.“ Ítarlegri ákvæði um meðdómendur eru í II. kafla laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974. Efni 12. gr. er í samræmi við venjur, sem skapast hafa um framkvæmd áðurgreinds ákvæðis í 200. gr. eml.

Um 13. gr.

Það sem hér segir um efni dóma er að mestu í samræmi við venjur, en í niðurlagi greinarinnar er reynt að stuðla að því, að dómar séu styttir frá því, sem nú er algengast. Er tekið fram, að þá skuli semja með aðila máls í huga, en aðilar þekkja að sjálfsögðu atvik, málsástæður og lagarök. Það sýnist fullkominn óþarfi að lengja dóma í því skyni, að þeir megi vera öllum ljósir um einstök atvik, einnig þeim, sem ekkert þekkir áður til málsins. Sárasjaldgæft er, að aðrir en aðstoðarmenn þeirra lesi dóma, nema þeir fari til Hæstaréttar, en æði fyrirhafnarsamt að semja alla dóma með hliðsjón af hugsanlegu málskoti.

Um 14. og 15. gr.

Í 14. og 15. gr. felast tillögur um fækkun sérdómstóla. Réttarfarsnefnd telur, að lengra beri að ganga í því efni, þótt ekki sé réttur staður til þess í frv. Rök þau, sem að áliti nefndarinnar, vega þyngst, þegar þessi tillaga er gerð, eru þessi: Sérdómstólar skapa stundum óvissu um, fyrir hvaða dómstól skuli leggja mál og þetta

getur þá eða síðar leitt til tafa. Sérdómstólar gera oftast óhjákvæmilegt, að dómur sé fjölskipaður, einnig í smámálum, þar sem þess er engin þörf. Þetta leiðir oft til tafa. Sérdómstólar byggja oft á sjónarmiðum, sem eru ekki hin sömu og ella í störfum dómstóla, enda er beinlínis til þess ætlast, að sérstakri þekkingu sé beitt í störfum þeirra. Þetta getur leitt til misræmis í dómvörslunni í landinu og er þá í ósamræmi við jafnréttisreglu þá, sem eðlilegt er að gildi. Oft er sagt, að þörf sé sérdómstóla til að hraða málum. Þetta gæti leitt til þess, að tiltekinn málaflokkur fengi hraðari meðferð en aðrir, og er það út af fyrir sig ósamrýmanlegt jafnréttisreglunni. Þó að sérstakar aðstæður geti réttlætt viss frávik í þessu sambandi, röksemdin varðar sérkunnáttu dómenda. Vegna rúmra heimilda, sem nú þegar eru verður að fara afarvarlega í slíkri mismunun. Réttari leið væri að gera ráðstafanir til að hraða öllum dómsmálum, eins og tillögur réttarfarsnefndar stefna að. Ýmis rök má færa fram því til stuðnings, að sérdómstólar eigi að vera til. Mikilvægasta fyrir hendi og verða það enn frekar, ef þetta frv. og aðrar tillögur réttarfarsnefndar ná fram að ganga, má skipa sérfróða meðdómsmenn í einstök mál, þegar sérkunnáttu er þörf. Er þar með fallin brott ástæða til að hafa sérstaka dómstóla með föstum sérfræðingum.

Ed. 748. Nefndarálit [219. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess eins og það kemur frá Nd.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru þeir Steingrímur Hermannsson, Jón Ármann Héðinsson og Ingi Tryggvason.

Alþingi, 12. maí 1976.

Axel Jónsson, form., frsm.	Steinþór Gestsson, fundaskr.	Ragnar Arnalds.

Þorv. Garðar Kristjánsson.

Ed. 749. Frumvarp til laga [282. mál]

um löggilta endurskoðendur.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja að til sé í landinu á hverjum tíma stétt manna sem hefur þekkingu til að gefa hlutlaust og áreiðanlegt álit á reikningsskilum til notkunar í viðskiptum.

2. gr.

Ráðherra veitir löggildingu til endurskoðunar manni sem

1. er búsettur hér á landi,
2. er lögráða og hefur forræði fjár síns,
3. hefur lokið brottfararprófi frá viðskiptadeild Háskóla Íslands með endurskoðun sem kjörsvið,

4. hefur eftir 18 ára aldur unnið að alhliða endurskoðunarstörfum undir stjórn löggilts endurskoðanda samtals í þrjú ár, þar af a.m.k. eitt og hálft ár að loknu brottfararprófi frá viðskiptadeild, sbr. 3. tl.
5. hefur staðist prófraun skv. 3. gr.

Heimilt er að synja manni um löggildingu ef ákvæði 2. málsgreinar 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við hagi hans.

3. gr.

Sá sem öðlast vill löggildingu til endurskoðunar skv. 1. gr. skal ganga undir verklegt próf. sbr. 5. tl. 2. gr., fyrir prófnefnd, er ráðherra skipar, enda fullnægi hann skilyrðum 1.—4. tl. 2 gr. Engum er heimilt að endurtaka próf þetta nema einu sinni.

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um framkvæmd prófs, skipan prófnefndar og störf prófnefndarmanna.

4. gr.

Ráðherra er heimilt að veita manni, sem lokið hefur prófi eða hlotið hefur löggildingu endurskoðanda erlendis, undanþágu að nokkru leyti eða öllu frá ákvæðum 3., 4. og 5. tl. 2. gr. enda mæli prófnefnd og/eða viðskiptadeild Háskóla Íslands með því, eftir því sem við á.

5. gr.

Endurskoðandi skal fá um löggildingu sína skírteini er ráðherra gefur út.

6. gr.

Þeim einum er heimilt að nefna sig „löggiltur endurskoðandi“ sem ráðherra hefur löggilt til endurskoðunar.

Öðrum mönnum en löggiltum endurskoðendum er eigi heimilt að nota orðið endurskoðandi í starfsheiti sínu. Þá er og óheimil notkun starfsheitis sem til þess er fallið að vekja þá trú að maður sé löggiltur endurskoðandi, ef hann er það ekki.

7. gr.

Löggiltir endurskoðendur hafa réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna, þ. á m. þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um í starfa sínum og leynt á að fara. Ráðherra getur sett nánari reglur um réttindi og skyldur löggiltra endurskoðenda og starfsmanna þeirra.

8. gr.

Endurskoðandi, sem fær löggildingu samkvæmt lögum þessum, skal vinna svofellt heit: Því heiti ég og legg við drengskap minn og heiður að endurskoðunarstarf mitt skal ég rækja með kostgæfni og samviskusemi í hvivetna og halda lög og reglur sem að starfi mínu og framkvæmd þess lúta.

9. gr.

Löggiltum endurskoðendum er skylt að tilkynna ráðherra í hvaða sveitarfélögum þeir reka skrifstofur.

Starfræki löggiltur endurskoðandi, eða félagsskapur löggiltra endurskoðenda, skrifstofur í fleiri en einu sveitarfélagi skal hverri skrifstofu veitt forstaða af löggiltum endurskoðanda.

10. gr.

Áritun löggilts endurskoðanda á reikningsskil þýðir, nema annað sé fram tekið með árituninni, að reikningsskilin og bókhaldið, sem þau eru byggð á, hafi verið endurskoðuð af honum og að reikningsskilin gefi, að hans mati, glögga mynd af hag og afkomu aðila og að bókhaldið sé fært eftir viðurkenndum bókhaldsreglum.

11. gr.

Löggiltum endurskoðanda er óheimilt að framkvæma endurskoðun hjá þeim stofnunum og fyrirtækjum þar sem hann er, að öllu leyti eða að hluta, ábyrgur fyrir skuldbindingum viðkomandi stofnana eða fyrirtækja.

Þá má hann ekki vera í stjórn eða fulltrúanefnd, framkvæmdastjóri eða starfsmaður viðkomandi stofnunar eða fyrirtækis.

Hann má heldur ekki vera undir stjórn eða á annan hátt háður stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra, prókúruhafa eða þeim starfsmönnum sem annast eða hafa eftirlit með bókhaldi og fjármálum.

Hann má ekki vera maki þessara aðila, skyldur þeim eða tengdur að feðgatali eða niðja, fyrsta lið til hliðar, kjörforeldri þeirra eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.

Hann má ekki vera fjárhagslega háður viðkomandi stofnun eða fyrirtæki.

12. gr.

Nú ákveður dómari að endurskoðun bókhalds eða reikninga skuli fram fara og skal þá til þess starfa kveðja löggiltan endurskoðanda, ef hans er kostur.

13. gr.

Ráðherra ákveður að fengnum tillögum Álitsnefndar Félags löggiltra endurskoðenda hvort endurskoðunarstarf samrýmist öðru starfi eða starfrækslu fyrirtækis. Nú gegnir löggiltur endurskoðandi öðru starfi eða rekur atvinnufyrirtæki andstætt fyrirmælum ráðherra og getur ráðherra þá svift endurskoðanda löggildingu sinni.

14. gr.

Nú missir löggiltur endurskoðandi lögmælt skilyrði til löggildingar eða til endurskoðunarstarfa samkvæmt löggildingu, sbr. 13. gr., og fellur þá úr gildi löggilding hans, enda ber honum þá að skila aftur löggildingarskírteini sínu. Ef hann síðar fullnægir lagaskilyrðum skal ráðherra, að fengnum tillögum Álitsnefndar Félags löggiltra endurskoðenda, veita honum löggildingu að nýju.

15. gr.

Nú sætir löggiltur endurskoðandi ákæru í opinberu máli um brot á refsilögum og ber þá ákvörðun um sviptingu löggildingar hans af því efni, eftir kröfu ákæruvalds, undir dómara þess máls.

Ákvörðun um sviptingu löggildingar vegna atvika, sem eigi leiða til ákæru, ber undir ráðherra. Nú vill endurskoðandi ekki una úrlausn ráðherra og getur hann þá borið sakarefnið undir dómstóla. Fer um meðferð þess máls að hætti opinberra mála. Ákvörðun ráðherra í málinu skal halda gildi uns dómur gengur.

16. gr.

Allur kostnaður af framkvæmd laga þessara, þ. á m. þóknun prófnefndarmanna, er ráðherra ákveður, greiðist úr ríkissjóði.

17. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varðar allt að 1 000 000 kr. sekt til ríkissjóðs, nema þyngri hegning liggi við að öðrum lögum.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 89 frá 29. desember 1953 um löggilta endurskoðendur og lög nr. 42 frá 29. mars 1961, um breyting á þeim lögum. Þó skulu þeir menn sem löggiltir hafa verið sem endurskoðendur fyrir gildistöku þessara laga halda starfsheiti sínu og starfsréttindum en ákvæði 7.—17. gr. þessara laga gilda einnig um þá.

Alþt. 1975. A. (97. löggjafarþing). 250

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir gildistöku laga þessara skal heimilt, eftir nánari fyrirmælum ráðherra, að þreyta próf samkvæmt reglugerð nr. 217/1953 fram til ársloka 1980.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um réttindi og skyldur löggiltra endurskoðenda, skilyrði til að fá löggildingu sem endurskoðandi og fleiri ákvæði um löggilta endurskoðendur gilda nú lög nr. 89 frá 1953. Þau lög leystu af hólmi fyrstu lög um löggilta endurskoðendur hér á landi, lög nr. 9 frá 15. júní 1926.

Segja má að frá því að núgildandi lög um löggilta endurskoðendur voru sett hafi orðið stórfelld breyting á skilningi manna á mikilvægi og nytsemi reikningsskila fyrirtækja og einstaklinga sem stjórntækis við atvinnurekstur. Þá hafa síaukin viðskipti og samskipti við erlenda aðila gert mönnum ljósa nauðsyn þess að reikningsskil íslenskra aðila, bæði ríkisfyrirtækja og einkafyrirtækja, séu þannig úr garði gerð að þeim megi treysta. Þá gera opinberir aðilar meiri kröfur til reikningsskila en áður. Verkefni endurskoðenda verða því sífellt viðameiri, fjölbreytilegri og vandasamari.

Á flestum sviðum þjóðlífsins eru gerðar auknar kröfur um þekkingu manna og menntun. Á það einnig við þá menn er annast bókhald, reikningsskil og endurskoðun. Er það því ekki að ástæðulausu að meginbreyting þessa frumvarps, miðað við núgildandi lög, er sú að lagt er til að bóklegt nám við viðskiptadeild Háskóla Íslands komi í stað námskeiðahalds þess sem verið hefur fyrir nema í endurskoðun.

Enda þótt flestir, sem kennt hafa á námskeiðunum, hafi verið háskólakennarar verður námið í fastari skorðum með því að færa það inn í háskólann og gefur verðandi endurskoðendum kost á meiri og betri fræðslu en þeir eiga nú kost á.

Frumvarp þetta, sem og eldri lög um löggilta endurskoðendur, miðar að því að tryggja að einungis hæfir menn fái löggildingu sem endurskoðendur og að þeir, sem löggildingu öðlast, njóti réttinda og hafi skyldur eftir því sem réttmætt og eðlilegt má teljast. Að sjálfsögðu er við það miðað að endurskoðendur, sem löggiltir hafa verið samkvæmt eldri lögum, haldi þeim réttindum sínum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Í þessari grein er þýðingarmesta breytingin frá núgildandi lögum, þ. e. ákvæði um að skilyrði til að hljóta löggildingu sem endurskoðandi sé að ljúka prófi frá viðskiptadeild Háskóla Íslands, með endurskoðun sem kjörsvið. Hér er lagt til að einu kjörsviði sé bætt við í síðari hluta í viðskiptadeildinni. Þá er hér kveðið nánar á um verklega menntun endurskoðenda sem fjallað er um í 2. gr. núgildandi laga.

Í núgildandi lögum eru m. a. skilyrði fyrir löggildingu endurskoðanda, að hann sé íslenskur ríkisborgari og að hann hafi náð 25 ára aldri.

Ekki þykir ástæða til þess að hafa þessi ákvæði þar sem búseta í landinu, ásamt þeim menntunarkröfum sem gerðar eru, ættu að tryggja nægjanlega vel það sem að var stefnt með þeim ákvæðum. Jafnframt er opnaður möguleiki fyrir því að erlendir ríkisborgarar, sem búsettir væru hérlendis, gætu fengið löggildingu sem endurskoðendur væru þeir til þess hæfir að öðru leyti. Þá er einnig opnaður möguleiki fyrir því að maður yngri en 25 ára geti fengið löggildingu þótt litlar líkur séu á því að námi sé lokið áður en þeim aldri er náð. — Komi það hins vegar fyrir er ekki talin ástæða til að bíða með að veita löggildinguna.

Um 3. gr.

Þessi grein á einungis við verklegt próf þar sem nú er gert ráð fyrir að próf frá viðskiptadeild háskólans komi í stað bóklega hluta prófsins.

Um 4. gr.

Þessi grein fjallar um undanþáguheimildir sem eru með sama hætti og í núgildandi lögum.

Um 5. gr.

Grein þessi er samhljóða tilsvarandi grein í gildandi lögum.

Um 6. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 5. gr. gildandi laga. Þó er kveðið skýrar á um notkun orðsins „endurskoðandi“ í starfsheiti. Er það gert til þess að fyrirbyggja misskilnig um að maður sé löggiltur endurskoðandi, ef hann er það ekki.

Um 7. og 8. gr.

Greinar þessar eru samhljóða tilsvarandi greinum í gildandi lögum.

Um 9. gr.

Í grein þessari er það nýmæli að reki endurskoðendur, eða félagsskapur endurskoðenda, skrifstofur í fleiri en einu sveitarfélagi þá skal hverri skrifstofu veitt forstaða af löggiltum endurskoðanda. Ákvæði þetta á að tryggja að skrifstofur löggiltra endurskoðenda verði ekki fleiri en svo, að viðskiptamenn þeirra fái þá þjónustu sem þeir eiga kröfu á.

Um 10. gr.

Þessi grein er nýmæli. Í henni er ákvæði um þýðingu áritunar endurskoðandans á reikningsskilin. Almennt er nú svo litið á að áritun endurskoðanda á reikningsskil sé hluti af reikningsskilunum sjálfum. Er því talið eðlilegt að þetta ákvæði verði í lögunum.

Um 11. gr.

Tilgangur laga þessara er skv. 1. gr. að tryggja að til sé í landinu stétt sem hefur þekkingu til að gefa hlutlaust og áreiðanlegt álit á reikningsskilum til notkunar í viðskiptum.

Slíkt álit getur því aðeins verið áreiðanlegt að endurskoðandi hafi endurskoðað reikningsskilin.

Ef slík endurskoðun fer fram er nauðsynlegt að endurskoðandi sé á engan hátt háður þeim stofnunum og fyrirtækjum sem endurskoðun er framkvæmd hjá. Ekki er síður nauðsynlegt að utanaðkomandi aðili geti treyst því að svo sé.

Til þess að taka af allan vafa í þessum efnum eru í greininni ítarleg ákvæði um hvaða tengsl megi ekki vera fyrir hendi, í því skyni að styrkja hlutleysi endurskoðanda.

Sams konar ákvæði er ekki í lögum en síðari hluti 12. gr. reglugerðar um löggilta endurskoðendur gengur nokkuð í sömu átt.

Um 12. gr.

Nánast samhljóða 9. gr. núgildandi laga.

Um 13. gr.

Grein þessi er samhljóða 10. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að frumvarpið gerir ráð fyrir að ákveðin nefnd, „Álitsnefnd“, í Félagi löggiltra endurskoðenda geri umræddar tillögur en ekki félagið. Nefnd þessi, sem kosin er á aðalfundi félagsins, hefur það hlutverk að láta uppi fyrir félagsins hönd rökstutt álit um hvers

konar fyrirspurnir varðandi grundvallaratriði reikningslegs- og endurskoðunarlegs eðlis sem fyrir félagið kynnu að verða lagðar af Alþingi, framkvæmdavaldi ríkisins, dómstólum og einstökum félagsmönnum.

Um 14. gr.

Grein þessi er samhljóða 11. gr. núgildandi laga, nema lagt er til að áðurnefnd „Álitsnefnd" komi í stað prófnefndar. Virðist það í alla staði eðlilegt.

Um 15. gr.

Samhljóða 12. gr. núgildandi laga.

Um 16. gr.

Samhljóða 13. gr. núgildandi laga.

Um 17. gr.

Efnislega samhljóða 14. gr. núgildandi laga.

Um 18. gr.

Í grein þessari er gætt eðlilegra hagsmuna þeirra manna sem þegar hafa hlotið löggildingu sem endurskoðendur.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þetta bráðabirgðaákvæði er eðlilegt til að tryggja rétt þeirra sem þegar hafa hafið endurskoðunarnám skv. reglugerð nr. 217/1953.

Ed. 750. Nefndarálit [58. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Til þess að flýta fyrir afgreiðslu frv. milli deilda var formönnum allsherjarnefnda þingdeildanna ásamt skrifstofustjóra Alþingis falið að athuga frv. og umsóknir, er því fylgdu, og umsóknir um ríkisborgararétt, sem síðar bárust nefndinni. Er þetta sama málsmeðferð og verið hefur á afgreiðslu sams konar frv. á undanförnum árum.

Að athugunum þessum loknum varð nefndin sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem hún flytur tillögu um á sérstöku þingskjali.

Reglur þær, sem allsherjarnefndir beggja deilda settu í nefndarálit 17. maí 1955 og síðan hafa verið gerðar nokkru fyllri, hafði nefndin einnig nú til hliðsjónar við athuganir sínar. Þykir rétt að birta reglurnar í þessu nefndaráliti, en þær eru þessar:

1. Umsækjandi hafi óflekkað mannorð og sé að áliti tveggja valinkunnra manna starfhæfur og vel kynntur, þar sem hann hefur dvalist.
2. Útlendingar, aðrir en Norðurlandabúar, skulu hafa átt hér lögheimili í 10 ár, Norðurlandabúar í 5 ár.
3. Karl eða kona, sem giftist íslenskum ríkisborgara, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu frá giftingu, enda hafi hinn íslenski ríkisborgari haft ríkisborgararétt ekki skemur en 5 ár.

4. Erlendir ríkisborgarar, sem eigi íslenskan ríkisborgara að foreldri, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu, ef annað foreldri er Norðurlandabúi, annars eftir 5 ár.
5. Íslendingar, sem gerst hafa erlendir ríkisborgarar, fái ríkisborgararétt eftir eins árs búsetu.
6. Íslensk kona, sem misst hefur ríkisfang sitt við giftingu, en hjónabandinu er slitið og hún hefur öðlast heimili hér, fái ríkisborgararétt á fyrsta dvalarári hér, enda lýsi hún yfir, að hún ætli að dveljast áfram í landinu. Sama gildir um börn hennar, sem hafa ekki náð 16 ára aldri og henni fylgja.

Samkvæmt framansögðu mælir nefndin með því, að til viðbótar þeim, sem tilgreindir eru í frv., verði þeim umsækjendum, sem taldir eru upp í breytingartillögu nefndarinnar á sérstöku þingskjali, nú veittur íslenskur ríkisborgararéttur.

Alþingi, 12. maí 1976.

Ingi Tryggvason, form., frsm. Axel Jónsson, fundaskr. Jón G. Sólnes.
Oddur Ólafsson. Geir Gunnarsson. Halldór Ásgrímsson.
Eggert G. Þorsteinsson.

Ed. 751. Breytingartillögur [58. mál]

við frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:

1. Albert Hörður Hannesson, nemi á Akureyri, fæddur í Þýskalandi 25. júní 1960.
2. Arndís Ágústsdóttir, barn í Reykjavík, f. í Þýskalandi 22. janúar 1974.
3. Brooks, Tina April, barn í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 25. ágúst 1972.
4. Evensen, Karl Mörk, verkamaður á Akureyri, f. í Noregi 4. júlí 1912.
5. Horvath, Terézia, ekkja í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 21. ágúst 1910.
6. Idland, Karl Olaf, flugmaður í Reykjavík, f. í Noregi 12. mars 1944.
7. Jörgensen, María Kristín Lund, húsmóðir í Mosfellssveit, f. á Íslandi 31. mars 1949.
8. Kahl, Holger, vélsmiður í Keflavík, f. í Þýskalandi 19. febrúar 1950. Fær réttinn 1. ágúst 1976.
9. Kári Bergsson, barn í Reykjavík, f. í Þýskalandi 12. apríl 1968.
10. Kim, Mee Ae, barn á Marbakka í Bessastaðahreppi, f. í Kóreu 14. ágúst 1973.
11. Kinchin, Eric Arthur, símvirki í Reykjavík, f. í Englandi 8. desember 1943.
12. Kolbrún Bergsdóttir, barn í Reykjavík, f. í Þýskalandi 28. apríl 1969.
13. Luckas, Dieter Maximilian, tannsmiður í Garðabæ, f. í Þýskalandi 13. október 1941.
14. Maya Jill Einarsdóttir, barn í Reykjavík, f. á Indlandi 28. nóvember 1966.
15. Möller, Edith Ingeborg Elfriede Giesela, verkakona í Reykjavík, f. í Þýskalandi 18. febrúar 1930.
16. Neighbour, Svava Jóhanna, verslunarmær í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 26. maí 1957.
17. Neubauer, Vlastimil, hljóðfæraleikari í Reykjavík, f. í Tékkóslóvakíu 7. mars 1923.
18. Nilsen, Terry, matreiðslumaður í Reykjaskóla í Hrútafirði, f. í Bandaríkjunum 3. júlí 1952. Fær réttinn 23. júní 1976.

19. Óskar Ingi Ágústsson, barn í Reykjavík, f. í Þýskalandi 12. júlí 1972.
20. Petersen, Hulda Sóley, húsmóðir í Reykjavík, f. á Íslandi 9. október 1941.
21. Petersen, Margrét, húsmóðir í Reykjavík, f. á Íslandi 3. febrúar 1947.
22. Petersen, Myrna Johanne, húsmóðir í Reykjavík, f. í Danmörku 26. febrúar 1935.
23. Pope, James Henry, blaðaljósmyndari í Kópavogi, f. í Englandi 13. desember 1946.
24. Ragna Margrét Sigurðardóttir, barn í Kópavogi, f. í Kóreu 1. ágúst 1971.
25. Rigensborg, Emilía Kristín, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 14. febrúar 1974.
26. Scheel, Angelika Hulda, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýskalandi 1. mars 1954.
27. Schmidt, Lore Else Charlotte, húsmóðir í Garðabæ, f. í Þýskalandi 4. nóvember 1933.
28. Shwaiki, Mohammad Ali Jamil, verkamaður í Reykjavík, f. í Jórdaníu 29. desember 1943.
29. Skorpel, Edit, húsmóðir í Vestmannaeyjum, f. í Þýskalandi 7. júlí 1934.
30. Stanzeit, Barbara Margarete, húsmóðir í Garðabæ, f. í Þýskalandi 19. maí 1935.
31. Stein, Christel Emma Ilse, húsmóðir á Akureyri, f. í Þýskalandi 24. desember 1935.
32. Torrini, Salvatori, framleiðslumaður í Reykjavík, f. á Ítalíu 9. júní 1946.
33. Zeisel, Ellen Hrefna, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 28. desember 1964.
34. Zeisel, Haraldur, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 10. júní 1966.
35. Zeisel, Harry, verkamaður í Reykjavík, f. á Íslandi 4. september 1946.
36. Zeisel, Henry, málarameistari í Reykjavík, f. á Íslandi 4. september 1946.
37. Zeisel, Stefán Helgi, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 27. apríl 1970.

Ed. 752. Frumvarp til laga [96. mál]

um sjúkraþjálfun.

(Eftir 2. umr. í Ed., 12. maí.)

1. gr.

Rétt til að starfa sem sjúkraþjálfari hér á landi og kalla sig sjúkraþjálfara hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Leyfi samkv. 1. gr. skal veita þeim íslenskum ríkisborgurum, sem hafa lokið prófi við skóla, sem viðurkenndur er fullkominn sjúkraþjálfunarskóli af heilbrigðisstjórn þess lands, sem námið er stundað í. Leita skal umsagnar stjórnar námsbrautar í sjúkraþjálfun við Háskóla Íslands og landlæknis áður en leyfi er veitt.

3. gr.

Nú uppfyllir maður skilyrði 2. gr. að öðru leyti en því, að hann hefur ekki íslenskt ríkisfang, og er þá ráðherra heimilt að veita honum ótakmarkað eða tímabundið leyfi til þess að stunda sjúkraþjálfun, enda hafi stjórn námsbrautar í sjúkraþjálfun við Háskóla Íslands og landlæknir mælt með leyfisveitingunni.

4. gr.

Sjúkraþjálfari starfar við hæfingu og endurhæfingu sjúkra og heilbrigðra sem fólgin er í þjálfun, fræðslu og kennslu.

5. gr.

Ekki má sjúkraþjálfari taka sjúkling til meðferðar án samráðs við lækni.

6. gr.

Óheimilt er að ráða til hvers konar sjúkraþjálfarastarfa aðra en þá, sem starfsleyfi hafa skv. 2. eða 3. grein.

7. gr.

Sjúkraþjálfara er heimilt að hafa sér til aðstoðar fólk, sem ávallt skal starfa á ábyrgð og undir handleiðslu hans. Aðstoðarfólk þetta hefur ekki heimild til að taka að sér sjálfstætt verkefni á neinu sviði, sem undir sjúkraþjálfun fellur.

8. gr.

Sjúkraþjálfara ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar, er varða sjúkraþjálfun.

9. gr.

Sérhverjum sjúkraþjálfara er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu, og leynt skulu fara samkv. lögum eða eðli málsins. Sama þagnarskylda hvílir á öllu aðstoðarfólki sjúkraþjálfara og helst þagnarskyldan þótt viðkomandi láti af starfi.

10. gr.

Verði landlæknir þess var, að sjúkraþjálfari vanræki skyldur sínar, fer út fyrir verksvið sitt, eða brýtur í bága við fyrirmæli laga eða heilbrigðisyfirvalda, skal hann áminna viðkomandi. Nú kemur áminning ekki að haldi og ber þá landlækni að kæra málið fyrir ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað, að viðkomandi skuli sviptur starfsleyfi, en skjóta má þeim úrskurði til dómstóla.

11. gr.

Um sjúkraþjálfara gilda að öðru leyti, eftir því sem við getur átt, reglur laga um lækningaleyfi, réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar. Reglur laga um þessi efni gilda um refsingu vegna brota sjúkraþjálfara, um sviptingu starfsleyfis og um endurveitingu leyfis.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

12. gr.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til námsbraut í sjúkraþjálfun við Háskóla Íslands tekur til starfa skal leita umsagnar Félags íslenskra sjúkraþjálfara um þau atriði, sem stjórn námsbrautar í sjúkraþjálfun við Háskóla Íslands er ætlað að fjalla um í lögum þessum.

Ed. 753. Lög [145. mál]

um breyting á lögum nr. 42/1969, um afréttarmálefni, fjallskil o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 12. maí.)

Samhljóða þskj. 672 (sbr. 538).

Nd. 754. Lög [46. mál]

um breyting á lögum um fasteignasölu, nr. 47 11. júní 1938.

(Afgreidd frá Nd. 12. maí.)

Samhljóða þskj. 489.

Nd. 755. Lög [209. mál]

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sbr. lög nr. 72 1. júní 1972 og lög nr. 58 30. apríl 1973 um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Nd. 12. maí.)

Samhljóða þskj. 581.

Nd. 756. Nefndarálit [199. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og er meiri hluti hennar sammála um að mæla með samþykkt þess með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað „Fyrir 15. mars ár hvert“ í fyrri efnismálsgr. komi: Fyrir marslok ár hvert.

Ellert B. Schram var ekki reiðubúinn að standa að afgreiðslu þessa máls.

Alþingi, 12. maí 1976.

Gunnlaugur Finnsson, fundaskr.	Svava Jakobsdóttir, frsm.	Ingólfur Jónsson.
Páll Pétursson.	Friðjón Þórðarson, með fyrirvara.	Sighvatur Björgvinsson.

Nd. 757. Breytingartillaga [274. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Frá Stefáni Valgeirssyni, Gunnlaugi Finnssyni, Þórarni Sigurjónssyni og Páli Péturssyni.

Við 15. gr. Við greinina bætist:

Aftan við 29. gr. laganna bætist:

Af árlegu framlagi ríkissjóðs í Byggðasjóð skulu 26% renna í Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Nd. 758. Nefndarálit [214. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 49/1967, um skólakostnað.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt þetta frumvarp á nokkrum fundum sínum og fengið umsagnir Íþróttasambands Íslands og íþróttafulltrúa ríkisins.

Í umsögn ÍSÍ segir, að sambandið telji eðlilegast, að hin aukna þátttaka ríkissjóðs við byggingu sundlauga, er frumvarpið gerir ráð fyrir, nái til **allra staða** í landinu þar sem íbúar eru færri en 4000. Íþróttafulltrúi telur orka tvímælis, hvort mismun eigi að gera á hundraðstölu hlutdeildar ríkissjóðs í stofnkostnaði sundlauga eftir því hvort um er að ræða útgerðarstöð, sem hafi innan við 4000 íbúa, eða önnur byggðarlög.

Nefndinni er ljós nauðsyn sundkunnáttu í útgerðarstöðum og telur að örva beri sjómenn öðrum fremur til sundiðkana. Mælir nefndin með því að þessu frumvarpi verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Eyjólfur K. Jónsson og Svava Jakobsdóttir.

Alþingi, 12. maí 1976.

Ingvar Gíslason, form., frsm.	Sigurlaug Bjarnadóttir, fundaskr.	Ellert B. Schram, með fyrirvara.
Gunnlaugur Finnsson.	Magnús T. Ólafsson.	

Nd. 759. Breytingartillögur [192. mál]

við frv. til l. um jafnstöðu karla og kvenna.

Frá Ellert B. Schram.

1. Við 4. gr. Síðari málsliður falli niður og ákvæði orðist svo:
   Starf, sem auglýst er laust til umsóknar, skal standa opið jafnt konum sem körlum.
2. Við 8. gr. Greinin falli niður.

Sþ. 760. Þingsályktun [134. mál]

um endurvinnsluiðnað.

(Afgreidd frá Sþ. 12. maí.)

Samhljóða þskj. 294.

Sþ. 761. Þingsályktun [135. mál]

um fiskleit og tilraunaveiðar.

(Afgreidd frá Sþ. 12. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að hún beiti sér fyrir því, að skipuleg leit verði gerð á kolmunna og spærlingi á þessu ári. Tryggt verði að tilraunaveiðar hefjist. Enn fremur verði hert á leit og tilraunaveiðum á loðnu síðari hluta sumars og næsta haust.

Sþ. 762. Þingsályktun [137. mál]

um sykurhreinsunarstöð hér á landi.

(Afgreidd frá Sþ. 12. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara könnun á hagnýtu gildi þeirra hugmynda sem upp hafa komið um sykurhreinsunarstöð hér á landi.

Nd. 763. Breytingartillögur [274. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Frá Ellert B. Schram.

1. Við 3. gr. 2. málsliður orðist svo:
   Samkvæmt tillögum stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins skipar ríkisstjórnin einn forstjóra. Skal hann annast daglega stjórn stofnunarinnar og má ekki gegna öðrum fastlaunuðum störfum.
2. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
   29. gr. laganna orðist svo:
   Hlutverk Byggðasjóðs er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífs hvarvetna á landinu með hliðsjón af landshlutaáætlunum, sbr. 8. gr., og til að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir að lífvænlegar byggðir fari í eyði.

Ed. 764. Frumvarp til laga [177. mál]

um námslán og námsstyrki.

(Eftir 2. umr. í Ed., 12. maí.)

Samhljóða þskj. 364 með þessum breytingum:

8. gr. hljóðar svo:

Árleg endurgreiðsla af skuldabréfi skv. 3. mgr. 7. gr. nemi hið minnsta 40 000 kr., þó eigi hærri upphæð en nemur eftirstöðvum láns og verðtryggingar. Hafi lánþegi notið námsaðstoðar skv. lögum þessum skemur en fjögur ár skal árleg endurgreiðsla skv. þessari málsgrein þó ekki nema hærri fjárhæð en 10 000 kr. vegna hvers byrjaðs námsárs sem námsaðstoð hefur verið veitt til. Upphæðir þessar skulu breytast í réttu hlutfalli við þær breytingar er verða kunna á vísitölu framfærslukostnaðar, sbr. 1. og 2. mgr. 7. gr. Vísitala framfærslukostnaðar er nú 507 stig og miðast upphæðir í 1. og 2. málslið þessarar málsgr. við þá vísitölu.

Hafi lánþegi haft hærri vergar tekjur til skatts, sbr. 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. og 9. gr. laga nr. 11/1975, næsta ár á undan afborgunarári en nemur viðmiðunartekjum þess árs, sbr. 9. gr., skal hann greiða aukaafborgun skv. 3. mgr. 9. gr. auk afborgunar skv. 1. mgr. þessarar greinar. Aukaafborgunin skal þó aldrei vera svo há að samanlögð upphæð afborgunar skv. 1. mgr. og aukaafborgunar nemi meiru en 10% vergra tekna til skatts.

Við útreikning aukaafborgana skal miðað við vergar tekjur hjóna samanlagðar. Séu hjón bæði lántakar skulu þau greiða árlega hálfa endurgreiðslu skv. 1. mgr. af láni hvort um sig. Aukaafborgun skv. 2. mgr. skal að hálfu heimt til greiðslu

lána hvors þeirra. Ákvæði þessarar málsgreinar eiga einnig við um sambýlisfólk sem skattlagt er skv. 1. málslið 5. mgr. B-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975.

Endurgreiðslur skulu standa yfir í 20 ár hið lengsta. Eftirstöðvar lánsins eru þá óafturkræfar, sbr. þó ákvæði 11. gr.

Ráðherra getur sett reglur er heimila stjórn Lánasjóðsins að gefa undanþágur frá endurgreiðslureglum ef sérstakar ástæður eru til. Stjórn sjóðsins er og heimilt að leyfa örari endurgreiðslur sé þess óskað.

Heimilt skal að fella niður kröfur á dánarbú látinna námsmanna samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Nú kemur í ljós að námsaðstoð hefur verið veitt á röngum forsendum vegna vísvitandi rangra upplýsinga af hálfu umsækjanda og skal aðstoðin þá endurkræf þegar í stað.

Við útgáfu skuldabréfs skv. 3. mgr. 7. gr. falla skuldbindingar ábyrgðarmanna skv. 3. mgr. 6. gr. niður, enda útvegi lánþegi ábyrgðaraðila, er sjóðstjórn metur gilda, fyrir hinu nýja láni og skal ábyrgð þeirra vera einföld ábyrgð.

Stjórn sjóðsins er heimilt að taka fullnægjandi veðtryggingu í stað ábyrgðaryfirlýsinga óski lánþegi þess.

9. gr. hljóðar svo:

Viðmiðunartekjur skv. 2. mgr. 8. gr. skulu fyrir einhleyping vera helmingur „grunntölu framfærslukostnaðar“. „Grunntala framfærslukostnaðar“ svarar í þessu sambandi til heildarútgjalda skv. A- og B-hlutum í grundvelli vísitölu framfærslukostnaðar í maíbyrjun árið áður en aukaafborgun skv. 2. mgr. 8. gr. skal fara fram.

Viðmiðunartekjur hjóna svo og sambýlisfólks, sem skattlagt er skv. 1. málslið 5. mgr. B-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975, skulu á sama hátt nema þrem fjórðu hlutum „grunntölu framfærslukostnaðar“. Að auki skal bætt við viðmiðunartekjur lánþega einum áttunda af „grunntölu framfærslukostnaðar“ fyrir hvert barn sem hann hefur á framfæri sínu, sbr. C-lið 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. l. nr. 11/1975, og eigi er fullra 16 ára í byrjun þess árs er aukaafborgun skal fara fram.

Ráðherra skal ákveða með reglugerð hvaða hlutfall af vergum tekjum til skatts umfram viðmiðunartekjur lánþegi skuli greiða sem aukaafborgun, enda sé gætt þess hámarks er getur í niðurlagi 2. mgr. 8. gr. Er ráðherra heimilt að ákveða að þetta hlutfall fari stighækkandi í hlutfalli við hækkandi tekjur til skatts umfram viðmiðunartekjur.

Hverri fastri árlegri afborgun skv. 1. mgr. 8. gr. skal skipt á höfuðstól og verðbætur þannig, að upp í höfuðstól skal talin greidd jafnhá fjárhæð og nam fastri árlegri afborgun skv. 1. mgr. 8. gr., þegar skuldabréf skv. 3. mgr. 7. gr. var út gefið, en afgangur hinar föstu árlegu afborgunar (þ. e. sú hækkun sem á þeirri fjárhæð hefur orðið frá útgáfu skuldabréfs til greiðsludags) skal talinn greiðsla á verðbótum. Hverri aukaafborgun skv. 2. mgr. 8. gr., sbr. 3. mgr. þessarar gr., skal skipt í sama hlutfalli milli höfuðstóls og verðbóta og fastri árlegri afborgun hefði verið skipt á þeim tíma sem aukaafborgunin er innt af hendi.

12. gr. hljóðar svo:

Stjórn Lánasjóðsins er heimilt að veita aðstöðujöfnunarstyrki til námsmanna sem verða að kosta sig fjarri eigin heimili sínu vegna náms sem er aðstoðarhæft skv. 1. og 2. gr., enda verði sams konar nám ekki stundað þar sem umsækjandi á heima. Jöfnunarstyrki til námsmanna á Íslandi skal ákveða með tilliti til ferðakostnaðar og húsnæðiskostnaðar á dvalarstað.

Fé því, sem veitt er á fjárlögum til námsstyrkja, skal m. a. varið til þess að vega upp á móti kostnaðarauka hjá þeim námsmönnum sem fara utan til náms og skulu þeir að jafnaði ganga fyrir er stunda nám er eigi verður stundað hérlendis.

Sé námsmanni vegna örorku sinnar, framfærslu barna sinna eða maka eða af öðrum ástæðum að dómi sjóðsstjórnar illmögulegt að stunda nám sitt að fullnýttri lánaheimild má veita honum styrk úr sjóðnum, enda verði höfð hliðsjón af þeim bótum sem hann fær skv. gildandi tryggingalöggjöf.

16. gr. hljóðar svo:

Ráðherra setur með reglugerð frekari ákvæði um framkvæmd þessara laga, m. a. að því er varðar meginreglur um rétt til námsaðstoðar, ákvörðunaratriði varðandi fjárhæð hennar, ákvæði um útborgun lána með jöfnum mánaðarlegum greiðslum o. s. frv.

Heimilt er ráðherra að ákveða í reglugerð að námsmenn utan Háskóla Íslands skuli greiða hagsmunasamtökum sínum hliðstætt gjald og Stúdentaráð Háskóla Íslands fær til sinna nota af „innritunargjaldi". Á sama hátt getur ráðherra ákveðið að Lánasjóður innheimti gjald þetta þegar útborgun námsaðstoðar fer fram.

Sjóðsstjórn setur reglur um önnur atriði úthlutunar, þ. á m. hvað teljist „námslok", sbr. 3. mgr. 7. gr., og skulu úthlutunarreglur sjóðsins árlega gefnar út í heild, samþykktar af ráðherra. Sjóðsstjórn setur og reglur um hvenær lánþegi skuli í síðasta lagi eiga þess kost að greiða gjaldfallið lán skv. 3. mgr. 7. gr. með skuldabréfi.

Ed. 765. Frumvarp til laga [132. mál]

um breyting á lögum nr. 31 5. maí 1970, um dýralækna.

(Eftir 2. umr. í Ed., 12. maí.)

1. gr.

Á eftir 7. lið 2. gr. laganna, komi nýr 8. liður, sem orðist svo:

8. Strandaumdæmi: Strandasýsla.

2. gr.

8. liður 2. gr. laganna verði 9. liður og orðist svo:

Vestur-Húnaþingsumdæmi: Vestur-Húnavatnssýsla.

3. gr.

Aftan við 20. lið 2. gr., sem verður 21. liður, bætist: Þó er bændum í Vestur-Eyjafjallahreppi vestan Seljalandsmúla heimilt að vitja dýralæknis í Hvolsumdæmi, kjósi þeir það heldur.

4. gr.

Í stað 21. töluliðar komi tveir töluliðir, sem orðist svo:

22. Hvolsumdæmi: Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur, Hvolshreppur og Rangárvallahreppur, austan Eystri-Rangár.
23. Helluumdæmi: Rangárvallahreppur vestan Eystri-Rangár, Djúpárhreppur, Ásahreppur, Holtahreppur og Landmannahreppur.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1977. Fella skal meginmál þessara laga og meginmál laga nr. 38 24. maí 1972, laga nr. 43 7. maí 1974, laga nr. 34 23. maí 1975 og laga nr. 35 23. maí 1975 inn í lög nr. 31 5. maí 1970 og gefa þau út svo breytt.

Ed. 766. Nefndarálit [275. mál]

við frv. til laga um stofnlánasjóð vörubifreiða á flutningaleiðum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur rætt málið og leggur til að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

2. töluliður 5. gr. orðist þannig:
Árlegt framlag úr ríkissjóði eins og það er ákveðið með fjárlögum. Þó skal það framlag aldrei nema hærri fjárhæð en árlegt framlag sjóðsfélaga samkv. fyrsta lið þessarar greinar.

Eggert G. Þorsteinsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. maí 1976.

Jón Helgason, form., frsm.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr.	Steinþór Gestsson.
Stefán Jónsson, með fyrirvara.	Jón Árnason.	Jón G. Sólnes.

Nd. 767. Breytingartillögur [192. mál]

við frv. til laga um jafnstöðu kvenna og karla.

Frá allsherjarnefnd.

1. 1. gr. orðist svo:
   Tilgangur laga þessara er að stuðla að jafnrétti kvenna og karla.
2. 5. gr. orðist svo:
   Nú er umsækjandi um auglýst starf kona, en það hefur verið veitt karlmanni, og skal þá Jafnréttisráð, ef umsækjandi óskar þess, fara fram á það við hlutaðeigandi atvinnurekanda, að hann veiti því skriflegar upplýsingar um hvaða menntun, starfsreynslu og aðra sérstaka hæfileika sá hefur til að bera, er ráðinn var í starfið.
   Sama rétt skal karlmaður, sem er umsækjandi um starf, hafa, ef konu er veitt starfið.
3. Við 7. gr.
   a. Í stað „menntastofnunum“ komi: mennta- og uppeldisstofnunum.
   b. Í stað „jafnstöðu“ komi: jafnrétti. (Aðrar greinar frv., þar sem orðið jafnstaða kemur fyrir, breytast á sama hátt).
4. 9. gr. orðist svo:
   Jafnréttisráð skal annast framkvæmd laga þessara. Jafnréttisráð skal skipað 5 mönnum til þriggja ára í senn og skulu þeir ásamt varamönnum skipaðir þannig: einn skipaður af Hæstarétti og er hann formaður ráðsins og skal hafa lokið embættisprófi í lögum, einn skipaður af félagsmálaráðherra, einn skipaður af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn skipaður af Alþýðusambandi Íslands og einn skipaður af Vinnuveitendasambandi Íslands.
   Jafnréttisráð hefur skrifstofu og ræður framkvæmdastjóra til að veita henni forstöðu. Kostnaður greiðist úr ríkissjóði.
5. Við 10. gr. Í stað „Jafnstöðuráð“ komi: Jafnréttisráð, og í stað „jafnstöðumál“ komi: jafnréttismál. (Aðrar greinar frv., þar sem orðin Jafnstöðuráð og jafnstöðumál koma fyrir breytast á sama hátt).

6. Við 11. gr. Í stað orðanna „hlutaðeigandi atvinnurekanda“ í 1. mgr. komi: viðkomandi aðila, og í stað „atvinnurekandinn“ í 2. mgr. komi: viðkomandi aðili.
7. Heiti frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um jafnréttisráð.

Ed. 768. Nefndarálit [234. mál]

um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði, sbr. lög nr. 33 26. apríl 1963.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess. Eggert G. Þorsteinsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. maí 1976.

Ingi Tryggvason, form., frsm.	Axel Jónsson, fundaskr.	Halldór Ásgrímsson.
Geir Gunnarsson.	Oddur Ólafsson.	Jón G. Sólnes.

Ed. 769. Nefndarálit [233. mál]

um frv. til laga um norræna vitnaskyldu.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur rætt frumvarpið og mælir með samþykkt þess. Eggert G. Þorsteinsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. maí 1976.

Ingi Tryggvason, form., frsm.	Axel Jónsson, fundaskr.	Halldór Ásgrímsson.
Geir Gunnarsson.	Oddur Ólafsson.	Jón G. Sólnes.

Ed. 770. Nefndarálit [236. mál]

um frv. til laga um skotvopn, sprengiefni og skotelda.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur rætt frumvarpið á fundum sínum, kynnt sér umbeðnar umsagnir frá Félagi íslenskra stórkaupmanna og Skotfélagi Reykjavíkur og leitað umsagnar starfsmanna dómsmálaráðuneytisins um ýmis efnisatriði frumvarpsins.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum, sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Eggert G. Þorsteinsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. maí 1976.

Ingi Tryggvason, form., frsm.	Axel Jónsson, fundaskr.	Halldór Ásgrímsson.
Geir Gunnarsson.	Oddur Ólafsson.	Jón G. Sólnes.

Ed. 771. Nefndarálit [271. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 13 13. apríl 1973, um Happdrætti Háskóla Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.
Eggert G. Þorsteinsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. maí 1976.

Ingi Tryggvason, form., frsm.	Axel Jónsson, fundaskr.	Halldór Ásgrímsson.
Geir Gunnarsson.	Oddur Ólafsson.	Jón G. Sólnes.

Ed. 772. Nefndarálit [272. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 16 13. apríl 1973, um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.
Eggert G. Þorsteinsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. maí 1976.

Ingi Tryggvason, form., frsm.	Axel Jónsson, fundaskr.	Halldór Ásgrímsson.
Geir Gunnarsson.	Oddur Ólafsson.	Jón G. Sólnes.

Ed. 773. Nefndarálit [273. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 18 22. apríl 1959, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.
Eggert G. Þorsteinsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. maí 1976.

Ingi Tryggvason, form., frsm.	Axel Jónsson, fundaskr.	Halldór Ásgrímsson.
Geir Gunnarsson.	Oddur Ólafsson.	Jón G. Sólnes.

Nd. 774. Frumvarp til laga [90. mál]

um lántökuheimild til eflingar Landhelgisgæslunnar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 13. maí.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán allt að 600 milljónum króna, eða jafngildi allt að 9 milljóna gyllina, vegna kaupa á gæsluflugvél fyrir Landhelgisgæsluna, og allt að 140 milljónum króna vegna endurbóta á varðskipinu Óðni, og verða lánin að hluta til tekin erlendis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 775. Nefndarálit [133. mál]

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda samning um Menningarsjóð Norðurlanda.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin ræddi till. á fundi sínum 13. maí 1976 og varð sammála um að mæla með samþykkt hennar, en efni hennar er að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um Menningarsjóð Norðurlanda, en sá samningur var undirritaður af hálfu ríkisstjórnanna í Stokkhólmi í fyrra.

Menningarsjóður Norðurlanda hefur starfað síðan 1967. Varið 1971 gerðu Norðurlöndin með sér samning um víðtækt samstarf á sviði menningarmála. Í framhaldi af því var nauðsynlegt að gera nokkrar breytingar, formlegs eðlis, á samningnum um Menningarsjóðinn. Þar eð menningarmálasáttmálinn gerði ráð fyrir samningu árlegra fjárlaga um sameiginleg útgjöld til menningarsamstarfs Norðurlanda, þótti einnig eðlilegt, að fjárveiting til Menningarsjóðsins yrði þáttur í þeirri fjárlagagerð. Samkomulag varð enn fremur um að víkka nokkuð ákvæði um starfssvið sjóðsins og taka af tvímæli um, að ýmsir þættir menningarsamstarfs væru styrkhæfir, svo sem samvinna á sviði íþróttamála.

Alþingi, 13. maí 1976.

Þórarinn Þórarinsson, form.	Friðjón Þórðarson, fundaskr.	Gylfi Þ. Gíslason, frsm.
Tómas Árnason.	Gils Guðmundsson.	Jóhann Hafstein.
	Guðmundur H. Garðarsson.	

Sþ. 776. Nefndarálit [247. mál]

um till. til þál. um staðfestingu á niðurstöðu viðræðna um heimildir færeyinga til fiskveiða innan fiskveiðilandhelgi Íslands.

Frá meiri hl. utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur rætt tillöguna á fundi sínum. Meiri hlutinn mælir með því að tillagan verði samþykkt. Gils Guðmundsson og Gylfi Þ. Gíslason munu skila séráliti.

Alþingi, 13. maí 1976.

Þórarinn Þórarinsson, form.	Friðjón Þórðarson, fundaskr.	Guðmundur H. Garðarsson, frsm.
Jóhann Hafstein.	Tómas Árnason.	

Sþ. 777. Nefndarálit [247. mál]

um till. til þál. um staðfestingu viðræðna um heimildir færeyinga til fiskveiða innan fiskveiðilandhelgi Íslands.

Frá 1. minni hl. utanríkismálanefndar.

Segja má að undir núverandi kringumstæðum, þegar rætt er af fullri alvöru um nauðsyn þess að draga stórlega úr sókn íslenskra fiskiskipa í þorskstofninn hér við land, séu engir möguleikar á samningum við útlendinga um veiðar innan íslenskrar fiskveiðilögsögu. Sú er og skoðun Alþýðubandalagsins, að almennt talið sé með öllu fráleitt að gera slíka samninga nú.

Undirritaður er þeirrar skoðunar, að til greina komi að gera eina undantekningu frá þessari reglu, sú undantekning eigi að gilda um færeyinga, frændur okkar og vini og næstu nágranna. Ástæðurnar eru þær sem nú skal greina: Færeyingar eru háðari fiskveiðum en nokkur önnur þjóð, jafnvel í ennþá ríkari mæli en við íslendingar sjálfir. Færeyingar eru aðeins rúmlega 40 þúsund að tölu og þá munar þess vegna mjög mikið um aflann við Íslandsstrendur. Þá er þess að geta, að færeyingar ráða ekki einir fiskveiðistefnu sinni. Hendur þeirra eru að nokkru leyti bundnar vegna tengsla við Danmörku og aðildar dana að Efnahagsbandalagi Evrópu. Jafnan hefur verið góð samvinna milli íslendinga og færeyinga, og þessar þjóðir hafa um þessar mundir ákveðna samvinnu í fiskveiðimálum. Enn má nefna það, að núverandi landsstjóri Færeyja hefur á stefnuskrá sinni 200 mílna efnahagslögsögu við eyjarnar. Undirritaður telur, að í framtíðinni geti báðum þessum þjóðum, íslendingum og færeyingum, orðið hagur að aukinni samvinnu í fiskveiðimálum og samningum um gagnkvæman fiskveiðirétt.

En enda þótt undirritaður telji færeyinga hafa algera sérstöðu, og undantekning frá meginreglu því hugsanleg hvað þá snertir, er með engu móti hægt að ætla þeim að hlíta minni niðurskurði á þorskafla en íslendingar kunna sjálfir að verða að sæta. Samningur sá, sem nú hefur verið gerður við færeyinga, fjallar um 17 þúsund tonna hámarksafla á ári í stað 20 þúsund tonna í fyrra samningi, af þeim afla sé þorskafli ekki meira en 8 þús. tonn.

Hér er um tiltölulega lítinn niðurskurð að ræða og raunar stórum minni en rætt er um að því er tekur til minnkaðrar sóknar íslendinga sjálfra að því er þorskveiðar varðar. Meðan lítt eða ekki er vitað hvaða aflatakmörkun íslendingar sjálfir verða að hlíta, telur undirritaður hæpið að Alþingi geti staðfest samning sem heimilar færeyingum að veiða hér nær óbreytt aflamagn frá því sem þeir hafa veitt við Ísland undanfarin ár.

Til þess annars vegar að leggja áherslu á algera sérstöðu færeyinga og vilja íslendinga til að koma til móts við óskir þeirra um veiðiheimildir innan fiskveiðilögsögu okkar, en hins vegar þá staðreynd að ekki er eðlilegt að semja um hlut-

fallslega litlar takmarkanir á veiðum þeirra meðan um það er rætt að skerða, svo að miklu nemur, þorskafla íslendinga sjálfra, mun ég ekki taka þátt í atkvæðagreiðslu um þingsályktunartillögu þá, sem hér liggur fyrir.

Alþingi, 13. maí 1976.

Gils Guðmundsson.

Sþ. 778. Nefndarálit [248. mál]

um till. til þál. um staðfestingu á samkomulagi við ríkisstjórn Noregs um takmarkaðar veiðar norskra skipa innan fiskveiðilögsögu Íslands.

Frá meiri hl. utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um þingsályktunartillöguna. Meiri hlutinn mælir með því að tillagan verði samþykkt. Gils Guðmundsson mun skila séráliti.

Alþingi, 13. maí 1976.

Þórarinn Þórarinsson, form.	Friðjón Þórðarson, fundaskr.	Guðmundur H. Garðarsson, frsm.
Jóhann Hafstein.	Gylfi Þ. Gíslason.	Tómas Árnason.

Sþ. 779. Nefndarálit [248. mál]

um till. til þál. um staðfestingu á samkomulagi við ríkisstjórn Noregs um takmarkaðar veiðar norskra skipa innan fiskveiðilögsögu Íslands.

Frá minni hl. utanríkismálanefndar.

Þar sem það er rökstutt álit fiskifræðinga og má teljast vísindalega sannað, að íslenski þorskstofninn er stórlega ofveiddur, eru í reynd engir möguleikar á að láta erlendum þjóðum í té með samningum heimildir til fiskveiða innan 200 mílna fiskveiðilögsögu. Þær fiskitegundir, sem við höfum ekki nýtt að fullu, hljóta að sæta aukinni sókn af hálfu íslenska fiskiskipaflotans, þar sem slíkt er eðlilegasta og besta úrræðið, svo langt sem það nær til að draga úr þorskveiðum.

Hinn nýi samningur, sem gerður hefur verið við Norðmenn um nokkurn afla á íslenskum fiskimiðum, er ástæðulaus og varhugaverður sem fordæmi. Hér er að vísu ekki gert ráð fyrir miklu aflamagni og á færi íslenskra stjórnvalda að ákveða hámarksafla. Hins vegar má á það líta, að veiðiheimildir þessar skipta sáralitlu máli fyrir Norðmenn og er fyrirhugaður afli þeirra innan íslenskrar fiskveiðilögsögu afar léttvægur í þjóðarbúskap þeirra.

Ekki nær það neinni átt, að ástæða sé til að kaupa hálfkveðna viðurkenningu Norðmanna á 200 mílna útfærslu okkar sérstöku verði. Norðmenn hafa ekki einungis lýst yfir stuðningi við 200 mílna auðlindalögsögu á hafréttarráðstefnunni, heldur eru þeir að búa sig undir einhliða útfærslu fyrir lok þessa árs.

Ég legg til, að þáltill. verði felld.

Alþingi, 13. maí 1976.

Gils Guðmundsson.

Sþ. 780. Nefndarálit [141. mál]

um till. til þál. um staðfestingu á samkomulagi við Belgíu um heimildir til að veiða innan fiskveiðilandhelgi Íslands.

Frá minni hl. utanríkismálanefndar.

Þar sem það er rökstutt álit fiskifræðinga og má teljast vísindalega sannað, að íslenski þorskstofninn er stórlega ofveiddur, tel ég, eins og nú standa sakir, enga möguleika á því að láta erlendum þjóðum í té með samningum heimildir til fiskveiða innan 200 mílna fiskveiðilögsögu okkar. Gilda um Belgíu svipaðar röksemdir og nokkru nánar er gerð grein fyrir í nefndaráliti undirritaðs um samkomulag um veiðiheimildir norskra skipa innan fiskveiðilandhelgi Íslands.

Ég legg til að, þingsályktunartillagan verði felld.

Alþingi, 13. maí 1976.

Gils Guðmundsson.

Ed. 781. Frumvarp til laga [58. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 13. maí.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Albert Hörður Hannesson, nemi á Akureyri, f. í Þýskalandi 25. júní 1960.
2. Arndís Ágústsdóttir, barn í Reykjavík, f. í Þýskalandi 22. janúar 1974.
3. Brooks, Tina April, barn í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 25. ágúst 1972.
4. Candi, Manlio, tæknifræðingur í Reykjavík, f. á Ítalíu 5. september 1933.
5. Cleaveland, Hulda Patricia, barn í Hafnarfirði, f. á Íslandi 11. maí 1970.
6. Collins, William Edward, barn í Ártúni, Ljósavatnshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu, f. í Vestmannaeyjum 9. maí 1971.
7. Douglas, George Robert William, menntaskólakennari í Reykjavík, f. á Norður-Írlandi 8. október 1945.
8. Evensen, Karl Mörk, verkamaður á Akureyri, f. í Noregi 4. júlí 1912.
9. Fisarova, Dana, íþróttakennari í Reykjavík, f. í Tékkóslóvakíu 20. ágúst 1951.
10. Gambrell, Charles Edward, barn í Keflavík, f. í Bandaríkjunum 17. apríl 1972.
11. Gambrell, Gloria Joan, barn í Keflavík, f. í Bandaríkjunum 6. apríl 1971.
12. Horvath, Terezia, ekkja í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 21. ágúst 1910.
13. Idland, Karl Olaf, flugmaður í Reykjavík, f. í Noregi 12. mars 1944.
14. Johannesen, Marita Sofia, húsmóðir í Ólafsvík, f. í Færeyjum 7. október 1940.
15. Johannesen, Ruben, verkamaður í Ólafsvík, f. í Færeyjum 8. maí 1936.
16. Johnson, Pétur Snæbjörn, barn í Sólheimum í Grímsnesi, f. í Bandaríkjunum 24. júní 1965.
17. Jörgensen, María Kristín Lund, húsmóðir í Mosfellssveit, f. á Íslandi 31. mars 1949.
18. Kahl, Holger, vélsmiður í Keflavík, f. í Þýskalandi 19. febrúar 1950. Fær réttinn 1. ágúst 1976.
19. Kári Bergsson, barn í Reykjavík, f. í Þýskalandi 12. apríl 1968.
20. Kearns, Christine Carol, barn í Keflavík, f. í Bandaríkjunum 14. febrúar 1970.
21. Kearns, Eric James, barn í Keflavík, f. í Bandaríkjunum 18. febrúar 1971.

22. Kearns, Kimberly Ann, barn í Keflavík, f. í Bandaríkjunum 30. júlí 1966.
23. Kim, Mee Ae, barn á Marbakka í Bessastaðahreppi, f. í Kóreu 14. ágúst 1973.
24. Kinchin, Eric Arthur, símvirki í Reykjavík, f. í Englandi 8. desember 1943.
25. Kolbrún Bergsdóttir, barn í Reykjavík, f. í Þýskalandi 28. apríl 1969.
26. Lareau, Árni Benedikt, nemi í Garðabæ, f. á Íslandi 16. maí 1955.
27. Lång, Maj-Britt Saga Margareta (Aðalsteinsson), húsmóðir í Reykjadal, Suður-Þingeyjarsýslu, f. í Finnlandi 25. október 1933.
28. Luckas, Dieter Maximilian, tannsmiður í Garðabæ, f. í Þýskalandi 13. október 1941.
29. Martinez, Isidoro Ruiz, verkamaður í Vestmannaeyjum, f. á Spáni 4. janúar 1938.
30. McNiff, Joseph Leonard, barn í Keflavík, f. í Bandaríkjunum 29. mars 1971.
31. Maya Jill Einarsdóttir, barn í Reykjavík, f. á Indlandi 28. október 1966.
32. Möller, Edith Ingeborg Elfriede Giesela, verkakona í Reykjavík, f. í Þýskalandi 18. febrúar 1930.
33. Neighbour, Svava Jóhanna, verslunarmær í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 26. maí 1957.
34. Neubauer, Vlastimil, hljóðfæraleikari í Reykjavík, f. í Tékkóslóvakíu 7. mars 1923.
35. Nilsen, Terry, matreiðslumaður í Reykjaskóla í Hrútafirði, f. í Bandaríkjunum 3. júlí 1952. Fær réttinn 23. júní 1976.
36. Óskar Ingi Ágústsson, barn í Reykjavík, f. í Þýskalandi 12. júlí 1972.
37. Petersen, Hulda Sóley, húsmóðir í Reykjavík, f. á Íslandi 9. október 1941.
38. Petersen, Margrét, húsmóðir í Reykjavík, f. á Íslandi 3. febrúar 1947.
39. Petersen, Myrna Johanne, húsmóðir í Reykjavík, f. í Danmörku 26. febrúar 1935.
40. Pope, James Henry, blaðaljósmyndari í Kópavogi, f. í Englandi 13. desember 1946.
41. Ragna Margrét Sigurðardóttir, barn í Kópavogi, f. í Kóreu 1. ágúst 1971.
42. Rigensborg, Emilía Kristín, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 14. febrúar 1974.
43. Robertson, Robert Petur Niclasen, verkamaður á Akureyri, f. í Færeyjum 11. febrúar 1956.
44. Scheel, Angelika Hulda, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýskalandi 1. mars 1954.
45. Schmidt, Lore Else Charlotte, húsmóðir í Garðabæ, f. í Þýskalandi 4. nóvember 1933.
46. Shwaiki, Mohammad Ali Jamil, verkamaður í Reykjavík, f. í Jórdaníu 29. desember 1943.
47. Skorpel, Edit, húsmóðir í Vestmannaeyjum, f. í Þýskalandi 7. júlí 1934.
48. Stanzeit, Barbara Margarete, húsmóðir í Garðabæ, f. í Þýskalandi 19. maí 1935.
49. Stein, Christel Emma Ilse, húsmóðir á Akureyri, f. í Þýskalandi 24. desember 1935.
50. Torrini, Salvatore, framreiðslumaður í Reykjavík, f. á Ítalíu 9. júní 1946.
51. Zeisel, Ellen Hrefna, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 28. desember 1964.
52. Zeisel, Haraldur, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 10. júní 1966.
53. Zeisel, Harry, verkamaður í Reykjavík, f. á Íslandi 4. september 1946.
54. Zeisel, Henry, málarameistari í Reykjavík, f. á Íslandi 4. september 1946.
55. Zeisel, Stefán Helgi, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 27. apríl 1970.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum, og skal hann þá taka sér íslenskt fornafn. Börn hans skulu taka sér íslensk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. **782. Nefndarálit** [59. mál]

um till. til þál. um tekjustofna sýslufélaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og leggur til að henni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 13. maí 1976.

Ellert B. Schram, form., frsm.	Jón Helgason, fundaskr.	Lárus Jónsson.
Ólafur G. Einarsson.	Skúli Alexandersson.	Magnús T. Ólafsson.

Ed. **783. Lög** [108. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 frá 23. apríl 1968.

(Afgreidd frá Ed. 12. maí.)

Samhljóða þskj. 490.

Ed. **784. Lög** [52. mál]

um breyting á fjárræktarlögum, nr. 31 24. apríl 1973.

(Afgreidd frá Ed. 12. maí.)

Samhljóða þskj. 582.

Nd. **785. Nefndarálit** [192. mál]

um frv. til laga um jafnstöðu kvenna og karla.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess með breytingartillögum, sem útbýtt er á sérstöku þingskjali.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að fylgja eða flytja aðrar breytingartillögur.

Alþingi, 13. maí 1976.

Ellert B. Schram, form.	Gunnlaugur Finnsson, fundaskr., frsm.	Friðjón Þórðarson.
Ingólfur Jónsson.	Páll Pétursson.	Svava Jakobsdóttir.
	Sighvatur Björgvinsson.	

Nd. **786. Breytingartillaga** [258. mál]

um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Frá Ragnhildi Helgadóttur.

Við 24. gr. Í stað orðanna „helmingur atkvæðisbærra ríkisstarfsmanna“ komi: 3/4 atkvæðisbærra ríkisstarfsmanna.
til vara: 65% atkvæðisbærra ríkisstarfsmanna.

Sþ. **787. Tillaga til þingsályktunar** [283. mál]

um nefnd til að semja frumvarp til laga um réttindi og skyldur stjórnmálaflokka.

Frá allsherjarnefnd.

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna milliþinganefnd til að undirbúa frumvarp til laga um réttindi og skyldur stjórnmálaflokka. Nefndin skal hraða störfum. Kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Á undanförnum missirum hafa farið fram nokkrar umræður um réttindi og skyldur stjórnmálaflokka, starfsemi þeirra og fjárreiður.
Fram hafa komið frumvarp og þingsályktunartillögur á Alþingi þar að lútandi, og er það álit nefndarinnar, að rétt sé og tímabært að kosin verði nefnd fulltrúa þingflokkanna, sem undirbúi löggjöf um réttindi og skyldur stjórnmálaflokka. Nefndin skal hraða störfum og leitast við að leggja fram frumvarp á næsta þingi.

Nd. **788. Nefndarálit** [182. mál]

um frv. til laga um Saltverksmiðju á Reykjanesi.

Frá iðnaðarnefnd.

Iðnaðarnefnd hefur athugað frumvarpið og mælir með því að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. maí 1976.

Ingólfur Jónsson, form., frsm.	Lárus Jónsson, fundaskr.	Þórarinn Þórarinsson.
Ingvar Gíslason.	Benedikt Gröndal.	Pétur Sigurðsson.
	Vilborg Harðardóttir.	

Ed. **789. Nefndarálit** [197. mál]

um frv. til l. um opinberar fjársafnanir.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur athugað frumvarpið á nokkrum fundum og leitað álits og umsagnar dómsmálaráðuneytisins um efni frumvarpsins.

Nefndin leggur til að frv. verði samþ. með breytingum, sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali.

Fjarstaddur afgreiðslu málsins var Eggert G. Þorsteinsson.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 13. maí 1976.

Ingi Tryggvason, form., frsm.	Axel Jónsson, fundaskr.	Oddur Ólafsson.
Jón G. Sólnes.	Halldór Ásgrímsson.	Geir Gunnarsson.

Ed. 790. Breytingartillögur [236. mál]

við frv. til l. um skotvopn, sprengiefni og skotelda.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 5. gr.: Aftan við greinina kemur nýr málsl., svo hljóðandi:
   Heimilt er þó handhafa skotvopnaleyfis að hlaða skothylki í þau vopn, er hann hefur leyfi fyrir.
2. Við 13. gr.: Greinin orðist svo:
   Óheimilt er þeim, sem versla með skotvopn eða sprengiefni, að nota það nema með leyfi viðkomandi lögreglustjóra.
3. Við 18. gr.
   a. Aftan við orðið „skotvopn“ í fyrri málsl. síðari mgr. bætist: nema þeim, sem leyfi hafa til að nota sams konar skotvopn.
   b. Orðið „þó“ í síðari málsl. síðari mgr. falli burt.
4. Við 20. gr. Á eftir 1. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:
   Óheimil er meðferð skotvopna, sé viðkomandi undir áhrifum áfengis eða annarra vímugjafa.

Ed. 791. Breytingartillögur [197. mál]

við frv. til l. um opinberar fjársafnanir.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr. Í stað „almennri“ í 1. mgr. komi: opinberum.
2. Við 5. gr. Í stað „aflað“ í 2. mgr. komi: ætlað.
3. Við 7. gr.
   a. Í stað „Sé söfnunarfé innan við 100 þús. krónur“ komi: Sé söfnunarfé undir þeirri upphæð, sem ákveðin er í reglugerð.
   b. Aftan við gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:
      Nú liggja ekki fyrir gögn um notkun söfnunarfjár þegar reikningi er lokað, og skal þá endurskoðandi síðar gefa skýrslu þar um.
4. Við 8. gr. 3. tölul. orðist svo:
   Fjársafnanir á samkomum.

Nd. 792. Nefndarálit [215. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 66 1975.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og sent það til umsagnar vegamálastjóra. Þar sem vitað er, að vegalögin eru nú í endurskoðun, og ætla má, að þeirri endurskoðun verði hraðað eftir föngum, geta nefndarmenn eftir atvikum fallist á að **vísa máli þessu til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 12. maí 1976.

Friðjón Þórðarson, form., frsm.
Sigurlaug Bjarnadóttir, fundaskr.
Stefán Valgeirsson.
Karvel Pálmason.
Páll Pétursson.
Sverrir Hermannsson.
Garðar Sigurðsson.

Nd. 793. Nefndarálit [268. mál]

um frv. til l. um breyt. á hafnalögum, nr. 45 frá 24. apríl 1973.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með samþykkt þess með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. frv. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Ákvæði þessarar greinar ná ekki til skipa undir 30 brúttórúmlestum að stærð, þegar um sjávarafla er að ræða.
Garðar Sigurðsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. maí 1976.

Friðjón Þórðarson, form., frsm.
Sigurlaug Bjarnadóttir, fundaskr., með fyrirvara.
Stefán Valgeirsson.
Karvel Pálmason, með fyrirvara.
Páll Pétursson.
Sverrir Hermannsson.

Ed. 794. Frumvarp til laga [275. mál]

um stofnlánasjóð vörubifreiða á flutningaleiðum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 13. maí.)

Samhljóða þskj. 644 með þessari breytingu:

5. gr. hljóðar svo:
Sjóðfélagar geta allir orðið, sem eiga og reka bifreiðar til skipulagsbundinna vöruflutninga um landið, enda séu þeir fullgildir meðlimir í Landvara.

Tekjur stofnlánasjóðs vöruflutningabifreiða eru þessar:
1. Árlegt framlag frá sjóðsfélögum, er nemur 1% af brúttótekjum af hverri bifreið sjóðsfélaga.
2. Árlegt framlag úr ríkissjóði eins og það er ákveðið með fjárlögum. Þó skal það framlag aldrei nema hærri fjárhæð en árlegt framlag sjóðsfélaga samkv. fyrsta lið þessarar greinar.
3. Tekjur af starfsemi sjóðsins.

Nd. 795. Breytingartillögur [115. mál]

við frv. til l. um íslenzka stafsetningu.

Frá Magnúsi T. Ólafssyni og Ingvari Gíslasyni.

1. Við 2. gr. Greinin falli niður.
2. Við 3. gr. Greinin falli niður.
3. Við 4. gr. Greinin falli niður.
4. Við 5. gr. Greinin falli niður.

Nd. 796. Breytingartillaga [239. mál]

við frv. til l. um Orkubú Vestfjarða.

Frá Vilborgu Harðardóttur og Benedikt Gröndal.

Á eftir 17. gr. komi svofellt ákvæði til bráðabirgða:

Ákvæði til bráðabirgða.

Stefnt skal að því að endurskipuleggja skipan raforkumála á landinu öllu með það fyrir augum, að allir landshlutar tengist saman í eitt orkuveitusvæði, en ein samstarfsstofnun ríkis og sveitarfélaga annist virkjunarrannsóknir og taki ákvarðanir um nauðsynlegar virkjanir og selji jafnframt rafmagn í heildsölu til dreifingaraðila á sama verði um land allt. Meðan þessi skipan raforkumála er ekki orðin að veruleika annast Orkubú Vestfjarða virkjunarrannsóknir og byggingu og rekstur raforkuvera á Vestfjörðum, en með nýrri skipan raforkumála skal ráðherra beita sér fyrir endurskoðun þessara laga.

Nd. 797. Nefndarálit [68. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67 20. apríl 1971.

Frá minni hl. heilbrigðis- og tryggingaefndar.

Meiri hluti n. hefur samþykkt að vísa frv. til ríkisstjórnarinnar í trausti þess að hún feli nefnd þeirri, sem nú vinnur að heildarendurskoðun laga um almannatryggingar, að taka það til gagngerrar skoðunar. Þá afgreiðslu verður að telja jafngilda frávísun af nefndarinnar hálfu, því jafnvel þótt treysta mætti ríkisstjórninni til þess arna er undirrituðum nefndarmanni kunnugt vegna eigin setu í endurskoðunarnefndinni að hún hefur ákveðið að taka ekki til meðferðar lagafrumvörp frá Alþingi. Þar að auki er í hæsta máta ólíklegt að téð nefnd ljúki störfum á því tíma-

bili sem henni var sett, ef nokkurn tíma, þar sem hún hefur nú ekki verið kölluð saman í fullar tólf vikur eða ekki síðan hluti verkefna hennar var afgreiddur í síðustu kjarasamningum verkalýðshreyfingarinnar. Þetta er meiri hl. heilbr.- og trn. kunnugt.

Um þá aðkallandi þörf, sem kallar á lagabreytinguna sem frv. gerir ráð fyrir, vísast til greinargerðar með því á þingskjali 73.

Alþingi, 14. maí 1976.

Vilborg Harðardóttir.

Ed. 798. Lög [113. mál]

um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík.

(Afgreidd frá Ed. 13. maí.)

Samhljóða þskj. 138.

Ed. 799. Lög [219. mál]

um breyting á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 13. maí.)

Samhljóða þskj. 451.

Ed. 800. Lög [271. mál]

um breyting á lögum nr. 13 13. apríl 1973, um Happdrætti Háskóla Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 13. maí.)

Samhljóða þskj. 633.

Ed. 801. Lög [272. mál]

um breyting á lögum nr. 16 13. apríl 1973, um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

(Afgreidd frá Ed. 13. maí.)

Samhljóða þskj. 634.

Ed. 802. Lög [273. mál]

um breyting á lögum nr. 18 22. apríl 1959, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga.

(Afgreidd frá Ed. 13. maí.)

Samhljóða þskj. 635.

Ed. 803. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til laga um almenningsbókasöfn.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til að það verði samþ. eins og Nd. afgreiddi það.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Ragnar Arnalds og Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Alþingi, 14. maí 1976.

Axel Jónsson, form., frsm. Steinþór Gestsson, fundaskr. Ingi Tryggvason.
Jón Árm. Héðinsson. Steingrímur Hermannsson.

Ed. 804. Nefndarálit [153. mál]

um frv. til laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess eins og Nd. afgreiddi það.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Ragnar Arnalds og Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Alþingi, 14. maí 1976.

Axel Jónsson, form., frsm. Steinþór Gestsson, **fundaskr.** Ingi Tryggvason.
Jón Árm. Héðinsson. Steingrímur Hermannsson.

Nd. 805. Nefndarálit [96. mál]

um frv. til laga um sjúkraþjálfun.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og skoðað umsagnir landlæknis, stjórnar Félags íslenskra orku- og endurhæfingarlækna og Páls Sigurðssonar ráðuneytisstjóra. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir breytt eftir afgreiðslu Ed.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Guðmundur H. Garðarsson og Jóhann Hafstein, Karvel Pálmason boðiði forföll.

Alþingi, 14. maí 1976.

Jón Skaftason, form. Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr. Vilborg Harðardóttir, frsm.
Ragnhildur Helgadóttir.

Ed. 806. Nefndarálit [264. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur rætt frumvarpið á fundum sínum og mælir með, að það verði samþ. óbreytt.

Eggert G. Þorsteinsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. maí 1976.

Ingi Tryggvason, form., frsm.	Axel Jónsson, fundaskr.	Halldór Ásgrímsson.
Jón G. Sólnes.	Geir Gunnarsson.	Oddur Ólafsson.

Nd. 807. Nefndarálit [132. mál]

um breyting á lögum nr. 31 5. maí 1970, um dýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd hefur athugað frumvarpið á fundum sínum og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. maí 1976.

Stefán Valgeirsson, form.	Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr., frsm.	Friðjón Þórðarson.
Eðvarð Sigurðsson.	Ingólfur Jónsson.	Pálmi Jónsson.
	Benedikt Gröndal.	

Nd. 808. Nefndarálit [267. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Reykhólahreppi jörðina Reykhóla í Reykhólahreppi.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur rætt frumvarpið á fundum sínum. Benedikt Gröndal og Eðvarð Sigurðsson eru mótfallnir frv., en meiri hl. nefndarinnar mælir með að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Reykhólahreppi, Austur-Barðastrandarsýslu, jörðina Reykhóla, að undanskildu því landi og aðstöðu, sem tilraunastöðin og þörungaverksmiðjan þurfa til starfsemi sinnar. Þarfnist ríki eða ríkisstofnanir lands eða byggingalóða úr landi ofangreindrar jarðar, skal því heimilt að kaupa það og þá við sama verði hlutfallslega og Reykhólahreppi var gert að greiða fyrir jörðina.

Hreppsnefnd Reykhólahrepps er óheimilt að selja öðrum en ríkissjóði umrædda jörð eða hluta af henni.

Um aðild hreppsfélagsins að hitavatnsréttindum fer eftir samningum milli ríkisins og hreppsins.

Náist ekki samkomulag um söluverð jarðeignarinnar, skal það ákveðið af dómkvöddum mönnum.

Alþingi, 14. mai 1976.

Stefán Valgeirsson, form., frsm. Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr. Friðjón Þórðarson.

Pálmi Jónsson. Ingólfur Jónsson.

Ed. 809. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til laga um almenningsbókasöfn.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Frumvarp þetta miðar að því að sett verði rammalöggjöf um almenningsbókasöfn og fjárráð safnanna aukin til þess að þau geti gegnt því hlutverki að vera menningarstöðvar almennings í byggðum landsins.

Meginstoð var kippt undan frumvarpinu með hinni flausturslegu og vanhugsuðu breytingu á verkefnum sveitarfélaga, sem gerð var í des. s. l. Með þeirri breytingu svipti meiri hluti Alþingis bókasöfnin ríkisframlagi með öllu, en sveitarfélögum einum var gert að skyldu að leggja fram fé til þessara mála.

Með hliðsjón af fjárþörf almenningsbókasafna og eðlilegri verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga er það álit mitt, að rétt sé að ríkið leggi fram fé á móti sveitarfélögum til almenningsbókasafna, og legg ég því til að frumvarpið verði samþykkt í því formi sem það var upphaflega.

Ég mæli því með að frv. verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. 8. gr. orðist svo:

   Lágmarksfjárframlög sveitarfélaga til rekstrar almenningsbókasafna skulu vera sem hér segir:

   a) Til bæjarbókasafns greiðir bæjarsjóður kr. 1000 á hvern íbúa kaupstaðarins.
   b) Til bæjar- og héraðsbókasafns greiðir bæjarsjóður kr. 1000 á hvern íbúa kaupstaðarins. Önnur sveitarfélög í umdæminu greiða kr. 100 á hvern íbúa og stendur sýslusjóður skil á þessari greiðslu.
   c) Til héraðsbókasafns greiðir sveitarsjóður, þar sem safnið er, kr. 1000 á hvern íbúa hreppsfélagsins. Önnur sveitarfélög í umdæminu greiða til safnsins kr. 100 á hvern íbúa og stendur sýslusjóður skil á þessari greiðslu.
   d) Til hreppsbókasafns greiðir viðkomandi hreppssjóður (hreppssjóðir) kr. 750 á hvern íbúa hreppsins (hreppanna).

   Þessi lágmarksfjárframlög sveitarfélaga skulu endurskoðuð árlega og færð til samræmis við verðlag í landinu samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands.

2. 9. gr. orðist svo:

   Ríkissjóður greiðir rekstrarframlag til almenningsbókasafna. Skal það nema þriðjungi af lögboðnum rekstrarfjárframlögum sveitarfélaga, sbr. 8. gr., samkvæmt skýrslum síðasta árs frá söfnunum og manntali.

   Heimilt er að verja árlega allt að 3% af heildarframlagi ríkis til sameiginlegra þarfa í þágu safnanna samkvæmt ákvörðun menntamálaráðuneytis hverju sinni.

3. 10. gr. orðist svo:
Sveitarfélög skulu reisa bókhlöður og búa þær nauðsynlegum húsbúnaði og tækjum. Heimilt er að kaupa eða leigja húsnæði fyrir söfnin. Ríkissjóður greiðir helming byggingar- og húsbúnaðarkostnaðar bókhlöðu eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum enda hafi áætlanir og teikningar verið samþykktar af menntamálaráðuneyti, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Alþingi, 14. maí 1976.

Ragnar Arnalds.

Ed. 810. Nefndarálit [153. mál]

um frv. til laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Frv. þetta fjallar annars vegar um skipulag viðskiptamenntunar á framhaldsskólastigi og hins vegar um lögbundnar fjárveitingar til Verslunarskóla Íslands og Samvinnuskólans.

Þess mun skammt að bíða, að nefnd, sem starfað hefur að endurskoðun á skipan framhaldsskólastigsins í heild, skili tillögum sínum. Nefndin mun leggja áherslu á samræmdan framhaldsskóla sem greinist í námsbrautir. Viðskiptamenntun er **einn þáttur þessa samræmda** framhaldsskóla og er því í hæsta máta óeðlilegt að **festa í lögum skipulag** viðskiptamenntunar sérstaklega — eins og gert yrði ef frv. þetta yrði samþykkt — áður en tillögur um heildarskipulag samræmds framhaldsskóla liggja fyrir. Ekki verður á þessu stigi séð hvort það fyrirkomulag viðskiptamenntunar, sem frv. gerir ráð fyrir, falli eðlilega inn í heildarskipulag framhaldsskólastigs, og raunar má fullyrða að sum ákvæði frumvarpsins stangast beinlínis á við þær hugmyndir sem menn gera sér um samræmdan framhaldsskóla. Ég tel því samþykkt frumvarpsins ótímabæra.

Sömu sjónarmið koma fram í umsögnum stjórnar Landssambands framhaldsskólakennara og Félags háskólamenntaðra kennara. Í umsögn Landssambands framhaldsskólakennara segir: „Nú er unnið að nánari skipulagningu náms á framhaldsskólastigi. Þar er lögð áhersla á að allar námsbrautir verði í framtíðinni í fjölbrautaskólum. Því virðist eðlilegt að fresta samþykkt þessa lagafrumvarps þar til nánar verður séð hver skipan þessara mála verður í skólum ríkisins.“

Í umsögn Félags háskólamenntaðra kennara segir: „Frumvarpið ber þess ljósan vott að það er fram borið vegna Samvinnuskólans og Verslunarskóla Íslands. Þótt þessum tveimur skólum verði e. t. v. ekki jafnað saman, mætti álíta að þetta frumvarp sé ótímabært vegna þeirrar heildarathugunar, sem nú fer fram á framhaldsskólastiginu, og væntanlegra laga þar um, og því væri vafasamt að festa enn í sessi þær stofnanir sem hingað til hafa notið sérstöðu sinnar.“ Og síðar í sömu umsögn: „Þar til lögin um framhaldsskólastigið verða samþykkt (sem er mjög aðkallandi og verður vonandi á næsta þingi) mætti leysa vanda sérskólanna tveggja með sérstökum fjárveitingum.“

Frv. gerir auk þess ráð fyrir stórauknum ríkisútgjöldum vegna tveggja sérskóla á sama tíma og fjárveitingar til skólamála í heild hafa verið skornar niður miskunnarlaust og brýnasta verkefni í menntamálum, iðnmenntun, **ekki sinnt.**

Ég tel því að forsendur hafi breyst svo mjög frá því frv. var áður til umfjöllunar á Alþingi, að fráleitt sé að samþykkja það nú. Með hliðsjón af þeim rökum, sem hér hafa verið færð fram, legg ég til, að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** og fjallað verði um fyrirkomulag viðskiptamenntunar í tengslum við heildarendurskoðun náms á framhaldsskólastigi.

Til vara geri ég þá tillögu, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

Við 9. gr.

a. 5. mgr. orðist svo:
Framlag ríkissjóðs til stofnkostnaðar kennslu- og heimavistarhúsnæðis telst áfram eign ríkisins, og getur ráðuneytið tekið sinn hluta húsnæðisins til annarra nota, ef það er ekki hagnýtt í þágu viðkomandi skólastofnana.

b. 6. mgr. orðist svo:
Skólanefndir skulu starfa við Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands. Hafa þær með höndum fjárreiður skólanna og eignaumsýslu í umboði eignaraðila og ríkisins. Skólanefndir ráða skólastjóra svo og kennara í samráði við hann. Í skólanefnd sitja fimm fulltrúar. Skulu þrír tilnefndir af menntamálaráðherra, en eignaraðilar tilnefna tvo. Nefndin kýs sér sjálf formann og varaformann.

Nái þessar tillögur til breytinga ekki fram að ganga legg ég til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 14. maí 1976.

Ragnar Arnalds.

Sþ. 811. Nefndarálit [141. mál]

um till. til þál. um staðfestingu á samkomulagi við Belgíu um heimildir til veiða innan fiskveiðilandhelgi Íslands.

Frá 2. minni hl. utanríkismálanefndar.

Samningur sá, sem hér er leitað staðfestingar á, var gerður í nóvember í fyrra og hefur verið framkvæmdur síðan. Það er ámælisvert, að samningurinn skuli nú fyrst, rétt áður en þingi lýkur, lagður fyrir Alþingi til staðfestingar. Þingflokkur Alþýðuflokksins hefur rætt málið og telur ekki ástæðu til þess að hafa afskipti af afgreiðslu þess, eins og nú er komið.

Alþingi, 13. maí 1976.

Gylfi Þ. Gíslason.

Sþ. 812. Nefndarálit [247. mál]

um till. til þál. um staðfestingu á niðurstöðu viðræðna um heimildir færeyinga til fiskveiða innan fiskveiðilandhelgi Íslands.

Frá 2. minni hl. utanríkismálanefndar.

Á fundi utanríkismálanefndar hinn 13. maí 1976 var rætt um samninga þá, sem ríkisstjórnin hefur gert við norðmenn og færeyinga um heimildir til fiskveiða innan fiskveiðilandhelgi Íslands. Þingflokkur Alþýðuflokksins hafði áður rætt þessi mál ítarlega. Varð hann sammála um, að þar eð samningurinn við norðmenn fæli í sér tvímælalausa viðurkenningu á yfirráðum íslendinga yfir 200 mílna fiskveiðilögsögunni, að íslendingar geti ákveðið einhliða, hversu mikið norðmenn megi veiða innan fiskveiðilögsögunnar og að, íslensk yfirvöld hljóti þess vegna að tryggja, að

afli norðmanna minnki a. m. k. jafnmikið og afli íslendinga kann að dragast saman, sé rétt að samþykkja samningagerðina.

Hins vegar eru alvarlegir meinbugir á samningsgerðinni við færeyinga. Ríkisstjórnin hefur ekki enn skýrt frá neinum ákvörðunum um, hvernig hún hyggist bregðast við tillögum fiskifræðinga um verulega minnkaða sókn í þorskstofninn, sem að öðrum kosti er í alvarlegri hættu. Í samningunum við færeyinga er þeim engu að síður heimilað að veiða innan fiskveiðilögsögunnar verulegt magn af þorski og öðrum fiski, samtals um 85% af því heildarmagni, sem þeim var heimilað að veiða samkvæmt fyrri samningi. Þessi samningur hefur engu að síður verið gerður. Þingflokkur Alþýðuflokksins telur, að færeyingar séu af fjölmörgum ástæðum sú þjóð sem eðlilegt sé, að íslendingar sýni vináttuvott og tillitssemi umfram allar aðrar þjóðir, að því er snertir veiðiréttindi innan fiskveiðilögsögunnar. Þess vegna munu þingmenn Alþýðuflokksins láta afgreiðslu tillögunnar afskiptalausa.

Alþingi, 13. maí 1976.

Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 813. Nefndarálit [258. mál]

um frv. til laga um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið samhliða málum nr. 259 og 260.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt.

Tómas Árnason skrifar undir með fyrirvara. Ólafur G. Einarsson tekur ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. maí 1976.

Lárus Jónsson, fundaskr.	Þórarinn Þórarinsson, frsm.	Tómas Árnason, með fyrirvara.
Ey. Kon. Jónsson.	Gylfi Þ. Gíslason.	Lúðvík Jósepsson.

Nd. 814. Nefndarálit [259. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 24. maí 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið samhliða málum nr. 258 og 260 og mælir með samþykkt þess.

Tómas Árnason skrifar undir með fyrirvara. Ólafur G. Einarsson tekur ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. maí 1976.

Lárus Jónsson, fundaskr.	Þórarinn Þórarinsson, frsm.	Tómas Árnason, með fyrirvara.
Ey. Kon. Jónsson.	Gylfi Þ. Gíslason.	Lúðvík Jósepsson.

Nd. 815. Nefndarálit [260. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið samhliða málum nr. 258 og 259 og mælir með samþykkt þess.

Tómas Árnason skrifar undir með fyrirvara. Ólafur G. Einarsson tekur ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. maí 1976.

Lárus Jónsson, fundaskr.	Þórarinn Þórarinsson, frsm.	Tómas Árnason, með fyrirvara.
Ey. Kon. Jónsson.	Gylfi Þ. Gíslason.	Lúðvík Jósepsson.

Nd. 816. Nefndarálit [261. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 92 24. des. 1955, um laun starfsmanna ríkisins.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir einróma með samþykkt þess.

Alþingi, 14. maí 1976.

Ólafur G. Einarsson, form.	Lárus Jónsson, fundaskr.	Þórarinn Þórarinsson, frsm.
Ey. Kon. Jónsson.	Gylfi Þ. Gíslason.	Lúðvík Jósepsson.
	Tómas Árnason.	

Nd. 817. Nefndarálit [222. mál]

um frv. til laga um fjölbýlishús.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin fjallaði um málið á fundi sínum og varð sammála um að mæla með samþykkt þess eins og það kom frá Ed.

Fjarverandi voru Magnús T. Ólafsson og Jóhann Hafstein.

Alþingi, 14. maí 1976.

Gunnlaugur Finnsson, form., frsm.	Ellert B. Schram, fundaskr.	Stefán Valgeirsson.
Ólafur G. Einarsson.	Eðvarð Sigurðsson.	

Nd. 818. Nefndarálit [237. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 8 22. mars 1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarið og leggur til að það verði samþykkt með áorðnum breytingum í Ed. Stefán Valgeirsson skrifar undir með fyrirvara. Fjarverandi voru Magnús T. Ólafsson og Jóhann Hafstein.

Alþingi, 14. maí 1976.

Gunnlaugur Finnsson, form., frsm.
Ellert B. Schram, fundaskr.
Stefán Valgeirsson, með fyrirvara.
Ólafur G. Einarsson.
Eðvarð Sigurðsson.

Sþ. 819. Nefndarálit [141. mál]

um till. til þál. um staðfestingu á samkomulagi við Belgíu um heimildir til veiða innan fiskveiðilandhelgi Íslands.

Frá meiri hl. utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um þingsályktunartillöguna. Meiri hlutinn mælir með samþykkt hennar. Gils Guðmundsson og Gylfi Þ. Gíslason munu skila sérálitum.

Alþingi, 13. maí 1976.

Þórarinn Þórarinsson, form.
Friðjón Þórðarson, fundaskr.
Guðmundur H. Garðarsson, frsm.
Tómas Árnason.
Jóhann Hafstein.

Nd. 820. Nefndarálit [64. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 71 frá 6. maí 1966, um verðtryggingu fjárskuldbindinga.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið alloft á fundum sínum og sent það til umsagnar Seðlabanka Íslands, Meistarasambands byggingarmanna og Húsnæðismálastofnunar ríkisins. Þessir aðilar eru sammála um að nauðsynlegt sé að setja reglur sem heimili notkun vísitöluákvæða í verksamningum. Húsnæðismálastjórn telur þó leið þessa varasama, en bendir á verðbótaleið, sem farin hefur verið hjá stofnuninni.

Þá hefur verið rætt við hagstofustjóra, sem telur brýna nauðsyn bera til að komið verði á fastri skipan þessara mála.

Nefndarmenn eru á einu máli um að mæla með því, að Alþingi það, er nú situr, samþykki frumvarpið með breytingu, sem tryggja á rétt verkkaupa eða kaupanda.

Fyrir því leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGARTILLÖGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er heimilt að kveða svo á í kaup- og verksamningum um hús, húshluta eða önnur mannvirki, að söluverð megi breytast í samræmi við breytingar á verðlagsvísitölu frá þeim tíma, sem verk skal hefjast, og til afhendingardags, enda hafi afhending ekki dregist vegna vanefnda seljanda eða verksala. Slíkir verksamningar skulu vera samkvæmt reglum, sem félagsmálaráðuneytið setur.

Alþingi, 14. maí 1976.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm.	Lárus Jónsson, fundaskr.	Lúðvík Jósepsson.
Ey. Kon. Jónsson.	Þórarinn Þórarinsson.	Tómas Árnason.
	Gylfi Þ. Gíslason.	

Ed. 821. Frumvarp til laga [236. mál]

um skotvopn, sprengiefni og skotelda.

(Eftir 2. umr. í Ed., 14. maí.)

Samhljóða þskj. 484 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:

Enginn má framleiða skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda nema með leyfi dómsmálaráðuneytisins. Heimilt er þó handhafa skotvopnaleyfis að hlaða skothylki í þau vopn, er hann hefur leyfi fyrir.

13. gr. hljóðar svo:

Óheimilt er þeim, sem versla með skotvopn eða sprengiefni, að nota það nema með leyfi viðkomandi lögreglustjóra.

18. gr. hljóðar svo:

Eigendum skotvopna er óheimilt að selja, gefa eða afhenda á annan hátt skotvopn til eignar nema viðtakandi sýni fram á, að hann hafi leyfi lögreglustjóra, sbr. 14. gr.

Eigendum skotvopna er óheimilt að lána til afnota skotvopn nema þeim, sem leyfi hafa til að nota sams konar skotvopn. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um, að eiganda skotvopns sé heimilt að lána það eða láta af hendi í ákveðnum tilvikum.

20. gr. hljóðar svo:

Þeir, sem fara með eða nota skotvopn, skulu ætíð gæta fyllstu varúðar.

Óheimil er meðferð skotvopna, sé viðkomandi undir áhrifum áfengis eða annarra vímugjafa.

Eigi má hleypa af skoti á vegum, yfir vegi, á almannafæri eða annars staðar, þar sem hætta getur stafað af, nema nauðsyn krefji.

Eigi má maður hleypa af skoti á annars manns landi eða skjóta yfir annars manns land án leyfis landeiganda eða ábúanda nema lög mæli öðru vísi fyrir um. Mál út af þessari málsgrein skal því aðeins höfða, að sá krefjist, sem misgert var við.

Nd. 822. Nefndarálit [238. mál]

um frv. til laga um skipulag ferðamála.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt eins og Ed. afgreiddi það.

Alþingi, 14. maí 1976.

Friðjón Þórðarson, form., frsm.
Sigurlaug Bjarnadóttir, fundaskr.
Páll Pétursson.
Garðar Sigurðsson.
Stefán Valgeirsson.
Sverrir Hermannsson.
Karvel Pálmason, með fyrirvara.

Nd. 823. Nefndarálit [239. mál]

um frv. til laga um Orkubú Vestfjarða.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með því að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Fyrri málsgr. 15. gr. orðist svo:
Þegar eftir að heimild samkvæmt 1. gr. þessara laga er notuð, skal iðnaðarráðherra beita sér fyrir, að sameignarsamningur sé gerður milli aðila og stofnfundur fyrirtækisins haldinn samkvæmt reglum 9. gr. eftir því sem við á.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 14. maí 1976.

Ingólfur Jónsson, form., frsm.
Lárus Jónsson, fundaskr.
Vilborg Harðardóttir, með fyrirvara.
Pétur Sigurðsson.
Benedikt Gröndal, með fyrirvara.
Þórarinn Þórarinsson,
Ingvar Gíslason.

Ed. 824. Frumvarp til laga [197. mál]

um opinberar fjársafnanir.

(Eftir 2. umr. í Ed., 14. maí.)

Samhljóða þskj. 410 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:
Heimilt er stofnunum, félögum eða samtökum manna að gangast fyrir opinberum fjársöfnunum í sérhverjum löglegum tilgangi.

Nú gangast samtök fyrir fjársöfnun og skulu þá minnst þrír menn bera ábyrgð á söfnuninni hverju sinni, og skulu a. m. k. tveir þeirra vera fjárráða íslenskir ríkisborgarar, sem lögheimili eiga hér á landi.

5. gr. hljóðar svo:

Fé því, sem safnast kann, skal komið fyrir á banka- eða gíróreikningi, sem stofnaður er í þessu sérstaka tilefni.

Óheimilt er að nota féð í öðrum tilgangi en upphaflega var ætlað, nema með leyfi dómsmálaráðuneytisins.

7. gr. hljóðar svo:

Áður en 6 mánuðir eru liðnir frá því að fjársöfnun lýkur, skal reikningsyfirlit hennar birt a. m. k. einu sinni í dagblaði, vikublaði eða á annan hátt. Sé söfnunarfé undir þeirri upphæð, sem ákveðin er í reglugerð, nægir þó að tilkynna opinberlega, að reikningsyfirlit fjársöfnunarinnar sé til sýnis í a. m. k. 14 daga á nánar tilteknum stað.

Nú liggja ekki fyrir gögn um notkun söfnunarfjár þegar reikningi er lokað, og skal þá endurskoðandi síðar gefa skýrslu þar um.

8. gr. hljóðar svo:

Lög þessi gilda ekki um:

1) Söfnun á notuðum verðlitlum hlutum.
2) Fjársafnanir á vegum dagblaðs í opinberu góðgerðarskyni, ef viðkomandi dagblað birtir skrá yfir framlag allra gefenda. Enn fremur skal viðkomandi dagblað birta viðurkenningu þeirra, er veita fénu viðtöku að söfnun lokinni.
3) Fjársafnanir á samkomum.

Ed. 825. Breytingartillaga [236. mál]

við frv. til l. um skotvopn, sprengiefni og skotelda.

Frá Stefáni Jónssyni.

Aftan við 1. málsgr. 7. gr. bætist: Eigi skal heimilt að flytja til landsins til sölu skotvopn sem hlaða sig sjálf (sjálfvirkar byssur).

Ed. 826. Nefndarálit [90. mál]

um frv. til laga um lántökuheimild til eflingar Landhelgisgæslunnar.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með að það verði samþykkt.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Albert Guðmundsson.

Alþingi, 14. maí 1976.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Jón Helgason, fundaskr. Jón G. Sólnes.
Axel Jónsson. Ragnar Arnalds.

Ed. 827. Nefndarálit [282. mál]

um frv. til l. um löggilta endurskoðendur.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU:

Við 2. gr. Í stað „eitt og hálft ár“ í 4. lið komi: eitt ár.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Albert Guðmundsson.

Alþingi, 14. maí 1976.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Jón Helgason, fundaskr. Jón G. Sólnes.
Axel Jónsson. Ragnar Arnalds.

Nd. 828. Nefndarálit [177. mál]

um frv. til laga um námslán og námsstyrki.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Frumvarp þetta hefur verið athugað og rætt í efri deild Alþingis. Þar voru nokkrar breytingar samþykktar á frumvarpinu, sem allar voru til bóta að mati undirritaðra.

Menntamálanefnd neðri deildar hefur klofnað í afstöðu sinni til frv., og mælir meiri hl. nefndarinnar með samþykkt þess, en áskilur sér jafnframt rétt til að flytja eða styðja breytingartillögur.

Alþingi, 14. maí 1976.

Ingvar Gíslason, form. Sigurlaug Bjarnadóttir, fundaskr. Ellert B. Schram, frsm.
Gunnlaugur Finnsson. Ey. Kon. Jónsson.

Nd. 829. Breytingartillögur [192. mál]

við frv. til l. um jafnstöðu kvenna og karla.

Frá Vilborgu Harðardóttur.

1. 1. gr. orðist svo:
   Tilgangur laga þessara er að stuðla að jafnrétti kvenna og karla og bæta stöðu kvenna.
2. 6. gr. orðist svo:
   Konur og karlar skulu njóta sömu möguleika til framhalds starfsþjálfunar og til að sækja námskeið er haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings annarra starfa.

3. 7. gr. orðist svo:
Í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum skal veita fræðslu um jafnrétti kvenna og karla. Kennslubækur og kennslutæki, sem þar eru notuð, skulu vera þannig úr garði gerð og hönnuð, að kynjum sé ekki mismunað og upprætt sé úrelt hlutverkaskipting kynjanna.

Nd. 830. Nefndarálit [161. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 26 frá 16. nóv. 1907, um skipan sóknarnefnda og héraðsnefnda.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv., en nefndarmenn hafa ekki orðið á eitt sáttir um afgreiðslu þess. Undirritaðir nefndarmenn leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt, eins og það var afgreitt frá Ed.

Alþingi, 14. maí 1976.

Ellert B. Schram, form. Gunnlaugur Finnsson, fundaskr. Friðjón Þórðarson, frsm.
Ingólfur Jónsson.

Ed. 831. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 101 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið á fundum sínum og mælir með því að frumvarpið verði samþykkt. — Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 14. maí 1976.

Steinþór Gestsson, form. Ingi Tryggvason, fundaskr., frsm. Ásgeir Bjarnason.
Jón Árnason. Axel Jónsson. Jón Árm. Héðinsson.
Helgi F. Seljan, með fyrirvara.

Ed. 832. Nefndarálit [270. mál]

um frv. til ábúðarlaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið á fundum sínum og mælir með að frumvarpið verði samþykkt.

Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 14. maí 1976.

Steinþór Gestsson, form., frsm. Ingi Tryggvason, fundaskr. Ásgeir Bjarnason.
Jón Árnason. Axel Jónsson. Jón Árm. Héðinsson.
Helgi F. Seljan.

Nd. 833. Nefndarálit [262. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til aðildar að iðnþróunarsjóði fyrir Portúgal.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin ræddi þetta frv. á fundi sínum í morgun og reyndist sammála um að mæla með samþykkt þess.

Hinn 6. nóv. s. l. tók ráðherrafundur Fríverslunarsamtaka Evrópu, sem Ísland er aðili að, ákvörðun um að koma á fót sjóði til aðstoðar Portúgal, sem einnig er í samtökunum, enda á Portúgal við mikla efnahagserfiðleika að etja. Skal sjóðurinn vera jafnvirði 100 millj. Bandaríkjadollara. Hinn 7. apríl s. l. samþykkti ráð samtakanna reglur um Iðnþróunarsjóð fyrir Portúgal. Samkvæmt þeim skal framlag Íslands í sjóðinn nema 1% eða sem nemur um 35 millj. kr. á ári í fimm ár, þ. e. 173.5 millj. kr. alls. Framlögin eiga að endurgreiðast. Munu endurgreiðslur hefjast eftir lok 11. starfsárs sjóðsins og skal vera lokið eigi síðar en í lok tuttugasta og fimmta starfsársins. Af framlögum skal greiða 3% ársvexti að loknu sjötta starfsárinu.

Ísland mun fá aðild að stjórn sjóðsins, og verður fulltrúi Íslands í stjórninni skipaður af viðskiptaráðherra.

Alþingi, 14. maí 1976.

Ólafur G. Einarsson, form. Lárus Jónsson, fundaskr. Gylfi Þ. Gíslason, frsm.
Þórarinn Þórarinsson. Tómas Árnason. Ey. Kon. Jónsson.
Lúðvík Jósepsson.

Nd. 834. Frumvarp til laga [284. mál]

um breyting á lögum nr. 14/1973 um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Við 3. gr. bætist:

Um iðnnám fer eftir námsskrá sem sett skal að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs og að höfðu samráði við iðnaðarráðuneyti og hlutaðeigandi fræðsluráð og skal þar kveðið á um samstarf atvinnulífs og skóla sem annast iðnfræðslu. Um atvinnuréttindi þessara nemenda að námi loknu gilda sömu ákvæði og um aðra iðnnema.

2. gr.

6. gr. orðist svo:

Heimilt er menntamálaráðuneytinu í samvinnu við eitt eða fleiri sveitarfélög að efna til fjölbrautaskólahalds með því fyrirkomulagi sem lög þessi gera ráð fyrir með stofnun nýrra skóla eða með sameiningu tveggja eða fleiri skóla hafi samvinna tekist um það með eignaraðilum skólanna. Skipting stofnkostnaðar fari þá eftir samkomulagi er gert skal milli menntamálaráðuneytisins og annarra fjárhagsaðila skólans og miðist við stofnkostnaðarskiptingu í gildandi lögum um þá skólaþætti sem falla undir fjölbrautaskóla á hverjum stað. Samningur um stofnun fjölbrautaskóla er háður samþykki fjármálaráðuneytis eða fjárveitingu í fjárlögum.

Menntamálaráðuneytið ákveður verkefni og verkaskiptingu milli þeirra stofnana sem starfa samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lagaákvæði þessi raska ekki þeim samningum sem þegar hafa verið gerðir um stofnun og rekstur fjölbrautaskóla, þ. e. í Reykjavík, Hafnarfirði og Keflavík.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög um heimild til að stofna fjölbrautaskóla eru nr. 14 frá 13. apríl 1973. Hefur síðan verið unnið að framkvæmd þessara laga. Samningur hefur verið gerður milli menntamálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar um fjölbrautaskóla í Breiðholti og milli ráðuneytisins og Hafnarfjarðarkaupstaðar um að Flensborgarskóli verði fjölbrautaskóli. Unnið er að undirbúningi kennslu í formi fjölbrautaskóla víðar á landinu.

Við undirbúning þennan hefur komið í ljós að æskilegar eru nokkrar breytingar á lögunum til þess að auðvelda framkvæmd þeirra og stuðla að því að með þeim verði náð settu marki. Er frumvarp þetta lagt fram í þeim tilgangi.

Nauðsyn ber til að breyta lögum nr. 14/1973 til að kveða skýrar á um gerð námsskrár iðnbrauta og að um atvinnuréttindi iðnnema frá fjölbrautaskóla gildi sömu ákvæði og um aðra iðnnema. Ákveða þarf einnig að sama greiðsluþátttaka af hendi ríkissjóðs og sveitarfélaga gildi um þá námsþætti sem fram fara í fjölbrautaskólum og nú er þar sem námið fer fram, t. d. í iðnskólum (50%) og menntaskólum (100%).

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í lögum nr. 14/1973, sem að meginefni fjalla um fjölbrautaskóla á vegum menntamálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar, er tekið fram að umrædd menntastofnun eigi að veita nemendum „menntun og þjálfun í ýmsum starfsgreinum“ og hið sama á að gilda um aðra skóla sem starfræktir eru á grundvelli nefndra laga. Í samningi menntamálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar um stofnun fjölbrautaskóla í Breiðholtshverfi, en sá samningur var undirritaður 16. október 1973, er svo mælt að nemendur eigi kost á „að ljúka skilgreindu námi er veiti þeim tiltekin réttindi eða tiltekna starfshæfni“ (úr 2. grein þar sem námsbrautir skólans eru taldar upp, þar á meðal svokölluð „iðnaðar- og iðjubraut“). Hliðstætt ákvæði er í samningi ráðuneytisins og Hafnarfjarðarkaupstaðar frá 22. apríl 1975 um fjölbrautarnám í Flensborgarskóla.

Viðbót sú, sem lagt er til að komi við 3. grein laganna, er skýring á því hversu haga skuli skipulagningu ákveðinna námsbrauta sem frá upphafi var áformað að

yrðu mikilvægur þáttur í starfsemi fjölbrautaskóla, þ. e. a. s. iðnfræðslubrautanna. Er hér kveðið svo á að nefndar brautir verði skipulagðar á hliðstæðan hátt og aðrir iðnfræðsluskólar. Tekið er fram að námsskrá iðnfræðslunnar í fjölbrautaskólum skuli sett samkvæmt tillögum og að höfðu samráði við þá aðila er veita réttindi annars vegar en ákvarða kröfur um kunnáttu og hæfni hins vegar. Er gert ráð fyrir aðild fræðsluráða í hverju fræðsluumdæmi og er það í samræmi við þá breytingu sem er að verða á skipan fræðslumála í landinu almennt með dreifingu valds og ábyrgðar og aukinni hlutdeild hinna ýmsu byggðarlaga. Sérstaklega er tekið fram í viðbótinni við 3. gr. að við námsskipan iðnfræðslunnar verði kveðið á um samstarf atvinnulífs og þeirra skóla er þá fræðslu annast. Hér er um veigamikið atriði að ræða sem haft getur í för með sér aukið hagræði og sparnað í sambandi við tækjabúnað. Ætlast er til að nemendur komist á námstímanum í snertingu við atvinnulífið og að vinnumarkaðurinn hafi að ákveðnu marki aðstöðu til að móta þá fræðslu sem veitt er en gefi þá nemendum einnig kost á þeirri sérhæfingu og sérþjálfun sem erfitt er eða ógerlegt að veita í skólum. Þau tengsl iðnfræðsluskóla og atvinnulífs, sem hér er stefnt að, hafa það í för með sér að kennarar skólanna þurfa að hafa meðalgöngu og annast verkefni sem ekki hafa áður í neinum mæli verið gerðar kröfur til hér á landi en mikil og góð reynsla hefur fengist af í öðrum löndum. Í Iðnskólanum í Reykjavík hefur verið gerð hliðstæð tilraun í útvarpsvirkjun sem hefur gefið góða raun. Sem eðlilegt framhald af ákvæðum um skipan iðnnáms í fjölbrautaskólum er svo í síðustu málsgrein viðbótarinnar tekið fram að sömu ákvæði skuli gilda um atvinnuréttindi nemenda á iðnfræðslubrautum fjölbrautaskóla og annarra er iðnfræðslunám stunda. Afla skal tillagna iðnfræðsluráðs um skipan námsins og einnig hafa samráð við iðnaðarráðuneytið til þess að tryggja að fullnægt verði þeim skilyrðum er iðnaðarráðuneytið setur fyrir veitingu nefndra réttinda.

Um 2. gr.

Þegar upphaflega var samið frumvarp til laga um heimild til að stofna fjölbrautaskóla var ætlunin að sú heimild næði einungis til stofnunar eins slíks skóla í Reykjavík. Í því frumvarpi var það ákvæði að ríkissjóður greiddi 60% af stofnkostnaði skólans en 40% greidd af Reykjavíkurborg. Þetta ákvæði er í gildandi lögum.

Á sínum tíma var þessi kostnaðarskipting ákveðin með hliðsjón af áætlun um fjölda nemenda í skólanum og skiptingu hans á námsbrautir. Var þá við það miðað að raska sem minnst þeirri kostnaðarskiptingu sem orðið hefði milli ríkis og Reykjavíkurborgar ef byggt hefði verið yfir þessa sömu nemendur eftir gildandi ákvæðum um sérskóla og aðra skóla sem fjölbrautanámið nær til.

Síðar, þegar breytt var til á þann veg að heimildin var ekki eingöngu takmörkuð við skóla í Reykjavík, var ákvæði þetta einnig látið ná til annarra byggðarlaga. Þær athuganir, sem síðan hafa farið fram á möguleikum á að koma á fjölbrautanámi utan Reykjavíkur, hafa staðfest að aðstæður þar eru vitanlega mjög frábrugðnar því sem er í Reykjavík. Samsetning fjölbrautanámsins og það svið, sem það tekur til, yrði í fæstum tilfellum hið sama. Skipting stofnkostnaðar í hlutföllunum 60 á móti 40 yrði flestum sveitarfélögum óhagstæðari en skipting sem reiknuð yrði út á sömu forsendum og gert var við fyrirhugaðan skóla í Breiðholti í Reykjavík enda var því lýst yfir að kostnaðarhlutföllum þyrfti að breyta.

Nauðsynlegt er að ákvæði um skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga vegna náms á framhaldsskólastigi verði innan tíðar tekin til endurskoðunar og þau samræmd. Ekki eru augljósar forsendur fyrir því að mismundandi ákvæði gildi um mismunandi tegundir skóla. Endurskoðun þessi er þó viðameiri en svo að hún verði unnin á stuttum tíma. M. a. er hún tengd breytingum á verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, breytingum á tekjustofnum þessara aðila og breytingum á fyrirkomulagi sveitarstjórnarmála.

Breyting á ákvæðum um kostnaðarskiptingu í lögum um heimild til að stofna fjölbrautaskóla getur þó ekki beðið slíkrar heildarendurskoðunar. Nauðsynlegt er að unnt verði að vinna áfram að bættri námsaðstöðu á framhaldsskólastigi utan Reykjavíkur. Lögin um fjölbrautaskóla eru á margan hátt ákjósanlegur grundvöllur til slíks en óneitanlega er gildandi kostnaðarákvæði þar nokkur þrándur í götu.

Að undanförnu hefur verið unnið að endurskoðun framhaldsskólastigsins í heild og áætlanagerð um framhaldsnám í formi fjölbrautaskóla á nokkrum stöðum. Má þar nefna Selfoss, Keflavík og Austurland með skólakjarna á Egilsstöðum. Auk þess hefur verið ákveðið að koma á fót fjölbrautanámi í Kópavogi og fleiri staðir koma einnig til greina. Hve víðtækt fjölbrautanámið verður, fjöldi námsbrauta o. s. frv. kann að verða nokkuð mismunandi. Ræðst það m. a. af stærð þess svæðis sem skólanum er ætlað að þjóna, atvinnuháttum þar og því hvaða skólastofnanir eru þar fyrir. Því er nauðsynlegt að nokkur sveigjanleiki sé í lögum um kostnaðarskiptingu svo að hægt sé að beita þeim í samræmi við aðstæður á hverjum stað og er það tilgangur þessa ákvæðis frumvarpsins.

Ljóst er að staðhættir hér á landi takmarka stærð skóla og þar með möguleika þeirra á að bjóða nemendum margar námsbrautir. Nauðsynlegt er því að framhaldsskólar á hverju svæði um sig séu skipulagðir sem ein samstarfsheild með þeirri verkaskiptingu sem best hæfir á hverjum stað.

Í 2. gr. er ákveðið að samningur um stofnun fjölbrautaskóla sé háður samþykki fjármálaráðuneytisins eða fjárveitingu í fjárlögum. Er þetta gert til þess að unnt sé með samþykki fjármálaráðuneytisins að semja um stofnun fjölbrautaskóla þótt eigi séu þá tök á að afla heimildar með fjárveitingu sem að jafnaði yrði gert. Sem dæmi má nefna að æskilegt þykir að koma nú þegar á fót fjölbrautaskóla fyrir Suðurnes í Keflavík en fjárlög 1976 löngu afgreidd.

Um 3. gr. og ákvæði til bráðabirgða.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 835. Breytingartillaga [177. mál]

við frv. til laga um námslán og námsstyrki.

Frá Guðmundi H. Garðarssyni, Ellert B. Schram og Sigurlaugu Bjarnadóttur.

Við 2. mgr. 16. gr. Málsgreinin falli niður.

Nd. 836. Nefndarálit [161. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 26 16. nóv. 1907, um skipan sóknarnefnda og héraðsnefnda.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Við undirrituð teljum að eðlilegt hefði verið að leita umsagna um málið hjá ýmsum aðilum, svo sem Prestafélagi Íslands, héraðsfundum og Kirkjuþingi. Við sjáum ekki nauðsyn þess að knýja þetta mál áfram með svo miklum hraða.

Við flytjum breytingartillögu við 3. gr. frv., vegna þess að ef frv. yrði samþ. óbreytt getur einfaldur meiri hluti á safnaðarfundi eða jafnvel samstæður minni hluti ráðið vali allra sóknarnefndarmanna.

Þar sem enn fremur er uppi hreyfing um það að svipta söfnuðina rétti til þess að kjósa presta og færa það í hendur embættismanna kirkjunnar, m. a. sóknarnefndum, þarf að gæta vandlega að því að fyllsta lýðræðis sé gætt við val sóknarnefndarmanna. Nái breytingartillaga okkar ekki fram að ganga leggjum við til að frv. verði fellt.

BREYTINGARTILLAGA:

Úr 3. gr. falli niður orðin „Kosningar skulu vera óhlutbundnar."

Alþingi, 14. maí 1976.

Páll Pétursson, frsm. Svava Jakobsdóttir. Sighv. Björgvinsson.

Ed. 837. Lög [7. mál]

um almenningsbókasöfn.

(Afgreidd frá Ed. 14. maí.)

Samhljóða þskj. 724 (sbr. 7).

Ed. 838. Lög [153. mál]

um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi.

(Afgreidd frá Ed. 14. maí.)

Samhljóða þskj. 718 (sbr. 331).

Nd. 839. Frumvarp til laga [268. mál]

um breyting á hafnalögum, nr. 45 frá 24. apríl 1973.

(Eftir 2. umr. í Nd., 14. maí.)

1. gr.

Á eftir 12. gr. laganna komi ný grein, er verði 13. gr., svo hljóðandi, enda breytist töluröð annarra greina í samræmi við það:

Vörugjald af vörum, sem umskipað er, útskipað eða uppskipað utan löggiltra hafnarsvæða, þar á meðal sjávarafla, skal ríkissjóður innheimta í samræmi við gjaldskrá næstu hafnar og skal gjaldið renna í Hafnabótasjóð.

Ákvæði þessarar greinar ná ekki til skipa undir 30 brúttórúmlestum að stærð, þegar um sjávarafla er að ræða.

2. gr.

Núverandi 20. gr. orðist svo:

Tekjur til Hafnabótasjóðs eru þessar:

1. Árlegt framlag ríkissjóðs, sem sé 12% af framlagi til hafnarmannvirkja og lendingarbóta á fjárlögum hvers árs, en þó aldrei lægra en 30 millj. kr.
2. Vöru- og aflagjald af vörum og afla, sem losað er utan hafnarsvæða, sbr. 13. gr.
3. Tekjur af starfsemi sjóðsins.

3. gr.

Núverandi 21. gr. 1. mgr. orðist svo:

Hafnabótasjóði er heimilt að taka lán til starfsemi sinnar innanlands eða utan allt að 750 millj. króna. Ríkissjóði skal heimilt að ábyrgjast þau lán.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 840. Lög [218. mál]

um breyting á lyfsölulögum, nr. 30 29. apríl 1963.

(Afgreidd frá Nd. 14. maí.)

Samhljóða þskj. 609 (sbr. 450).

Nd. 841. Lög [152. mál]

um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

(Afgreidd frá Nd. 14. maí.)

Samhljóða þskj. 314.

Nd. 842. Breytingartillaga [257. mál]

við frv. til jarðalaga.

Frá landbúnaðarráðherra.

Við 26. gr. Fyrir orðin „því verði ... til arfs“ komi: Náist ekki samkomulag um verð, skal um mat og greiðslu bóta fara eftir lögum um eignarnám.

Nd. 843. Nefndarálit [177. mál]

um frv. til laga um námslán og námsstyrki.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Það er nú komið á daginn, að stjórnarflokkarnir hyggjast lögfesta nýtt námslánakerfi, sem felur það í sér að námsfólki verða eftirleiðis boðin lán með langtum lakari kjörum en gerist hjá bönkum, fjárfestingarsjóðnum eða nokkurri annarri innlendri lánastofnun. Breytingarnar, sem meiri hluti menntmn. leggur til að gerðar verði á frumvarpinu, eru óverulegar og breyta litlu um eðli þessa máls.

Að sjálfsögðu er grundvallarmunur á því, hvort lán eru verðtryggð að hluta, t. d. að einum þriðja eða að hálfu leyti, eins og húsnæðismálastjórnarlán og óhagstæðustu tegundir fjárfestingarlána, eða hvort lánin eru verðtryggð að fullu, eins og að er stefnt hjá Lánasjóði námsmanna.

Námslán hafa fram til þessa verið á mjög hagstæðum kjörum, og í óðaverðbólgu seinustu ára hafa þau í reynd orðið að mestu leyti styrkir.

Verðtrygging nokkurs hluta lánanna hefði því að sjálfsögðu komið til greina og ekki verið óeðlileg. En að gera nú námslán í einni svipan að óhagstæðustu lán-

um, sem þekkjast á íslenskum lánamarkaði, er slík kollsteypa í afstöðu stjórnvalda til námsmanna að dæmalaust er og lýsir glöggt viðhorfum núverandi hægri stjórnar til menntamála. Afleiðingin mun ekki láta á sér standa: hundruð námsmanna, sem ekki eiga von á háum launum að námi loknu, munu ekki treysta sér til að taka þessi óhagstæðu lán og tefjast verulega í námi eða gefast upp. Þessi breyting mun því verulega auka þjóðfélagsmisrétti og valda því, að við fjarlægjumst aftur það markmið, sem stefnt hefur verið að á undanförnum árum, að skapa jafnrétti til náms.

Fáir halda því fram, að verðandi hátekjumenn muni mikið um að endurgreiða verðtryggð námslán. Jafnvel meðal námsmanna sjálfra virðist almennur skilningur ríkjandi á nauðsyn þess að byggja upp öflugan Lánasjóð íslenskra námsmanna með hörðu og óvægilegu endurgreiðslukerfi gagnvart þeim, sem hagnast svo á námi sínu, að þeir komast í hóp hálaunamanna. En það hefur alltaf verið algert skilyrði af hálfu námsmanna, að væru lánakjörin verulega hert, t. d. með verðtryggingu lánanna, yrðu dregin skýr mörk á milli þeirra, sem lenda í hópi hálaunamanna, og hinna, sem ekki njóta efnahagslegra ávinninga af námi sínu.

Í tillögum Kjarabaráttunefndar námsmanna var námsmönnum skipað í þrjá hópa. Í fyrsta hópnum voru þeir, sem munu hafa meira en tvöfaldar tekjur vísitölufjölskyldu á ári, sem mun vera fast að þrjár milljónir króna á núverandi verðlagi. Þessir menn hefðu endurgreitt lán sín með fullri verðtryggingu á tiltölulega skömmum tíma.

Í öðrum hópnum voru þeir, sem höfðu ásamt maka sínum meira en nemur viðmiðunartekjum vísitölufjölskyldu eða meira en 1400—1500 þús. kr. Þessir lántakendur áttu að greiða 3.5% af heildartekjum fjölskyldunnar í allt að 20 ár. Gagnvart þeim hærri í þessum tekjuhópi hefði því orðið um að ræða endurgreiðslur lána með fullri verðtryggingu, en gagnvart þeim tekjulægri hefðu lánakjörin orðið mjög hófleg.

Í þiðja hópnum voru þeir lánþegar, sem hugsanlega hefðu að námi loknu lægri tekjur en 1400—1500 þús. kr. á núverandi verðlagi, að tekjum maka meðtöldum, en þeir hefðu alveg sloppið við endurgreiðslur lána a. m. k. það árið.

Það er því ljóst, að mjög villandi er að segja, að námsmenn hafi fallist á verðtryggingu námslána. Þeir féllust á verðtryggingu lánanna gagnvart væntanlegum hátekjumönnum, en samkvæmt tillögum þeirra yrði námsaðstoð til þeirra, sem síðar teldust meðal lágtekjumanna, í reynd **námslaun**, en ekki **námslán**. Þrátt fyrir þessa afstöðu námsmanna til endurgreiðsluskyldu lágtekjumanna hefur verið reiknað út, að yrðu tillögur þeirra samþykktar, mundu 54% útlána skila sér í sjóðinn á 20 ára endurgreiðslutíma, miðað við raungildi lánsfjár og rýrnun peningaverðmæta á verðbólgutímum.

Samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar og með þeirri breytingu, sem samþykkt var í efri deild, eiga allir lántakendur að greiða hið minnsta 40 þús. kr. á ári án tillits til tekna, og á sú upphæð að hækka árlega í samræmi við breytingu á framfærsluvísitölu. Miðað við meðallán í þeirri úthlutun, sem nú er nýlokið, mun þessi fasta lágmarksendurgreiðsla skila sjóðnum 62% af raungildi veittra lána samkvæmt útreikningum Þjóðhagsstofnunar. Þegar aukaafborganir bætast við, má búast við, að 80—90% lánanna skili sér aftur til sjóðsins með fullri verðtryggingu.

Minni hl. menntmn. telur með öllu fráleitt, að þessi hörðu endurgreiðslukjör lendi með fullum þunga á öllum lántakendum án tillits til tekna. Það er því ein helsta breytingartillaga okkar, sem við flytjum ásamt Gylfa Þ. Gíslasyni á þskj. 844, að hin fasta lágmarksendurgreiðsla falli niður, en í þess stað verði öllum, sem hafa meira en hálfar viðmiðunartekjur vísitölufjölskyldu, þ. e. meira en 600—700 þús. kr. tekjur, gert að greiða a. m. k. 2% af brúttótekjum til sjóðsins, en þeir, sem hafa ásamt maka sínum hærri tekjur en nemur tekjum vísitölufjölskyldu, þ. e. hærri en ca. 1400—1500 þús. kr. tekjur, greiði aukaafborgun til viðbótar er nemi 2—12% af brúttótekjum samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytis.

Þessi breyting fæli það í sér, ef samþykkt yrði, að fólki með lægstu tekjur yrði hlíft við endurgreiðslum, en þeir, sem hefðu lágar tekjur, en þó yfir 600—700 þús. kr., greiddu hóflegar endurgreiðslur, þ. e. að minnsta kosti 2% af tekjum.

Í öðru lagi felst það meginatriði í tillögum okkar, að því verði nú slegið föstu í lögum að umframfjárþörf námsmanna verði að fullu brúuð með lánum úr sjóðnum, en nú eru 9 ár síðan fyrst var ákveðið að stefnt skyldi að þessu marki og virðist sjálfsagt með stórefldum fjárhag sjóðsins, sem leiðir af þessum breytingum, að þessu marki verði nú náð að fullu.

Að öðru leyti vísast til breytingartillagna og nánari skýringa í framsögu.

Alþingi, 17. maí 1976.

Svava Jakobsdóttir, frsm.

Magnús T. Ólafsson, með fyrirvara.

Nd. 844. Breytingartillögur [177. mál]

við frv. til laga um námslán og námsstyrki.

Frá Svövu Jakobsdóttur, Magnúsi T. Ólafssyni og Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Við 2. gr. Upphaf 2. mgr. orðist svo:
   Lánasjóður veitir einnig fjárhagsaðstoð öðrum námsmönnum en þeim, sem tilgreindir eru í 1. gr. o. s. frv.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Í stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna eiga sæti 6 menn skipaðir af menntamálaráðuneytinu til 2 ára í senn. Formaður skal skipaður án tilnefningar, en aðrir stjórnarmenn samkvæmt tilnefningu sem hér segir: einn af hálfu fjármálaráðuneytisins, einn af hálfu háskólaráðs, einn af hálfu Sambands íslenskra námsmanna erlendis, einn af hálfu Stúdentaráðs Háskóla Íslands, einn fulltrúi skal tilnefndur sameiginlega af öðrum námsmannahópum, sem falla undir 1. og 2. gr. Menntamálaráðuneytið setur reglur um val síðastnefnda fulltrúans, að höfðu samráði við samtök viðkomandi námsmanna, og sér um framkvæmd þess.
   Varamenn í sjóðsstjórn skulu skipaðir með sama hætti og aðalmenn og til jafnlangs tíma.
   Verði atkvæði jöfn við afgreiðslu mála í stjórn sjóðsins sker atkvæði formanns úr.
   Ráðherra ræður framkvæmdastjóra til 4 ára í senn samkvæmt tillögum sjóðsstjórnar. Sjóðsstjórn ræður annað starfsfólk að fenginni heimild ráðuneytisins, sbr. og ákvæði laga nr. 97/1974.
3. Við 8. gr.
   a) 1. mgr. orðist svo:
      Árleg endurgreiðsla af skuldabréfi samkvæmt 3. mgr. 7. gr. nemi hið minnsta 2% af vergum tekjum lánþega til skatts. Þó skal árleg endurgreiðsla þeirra, sem fengið hafa lán úr sjóðnum í 3 ár eða skemur nema hið minnsta 1% af vergum tekjum. Endurgreiðslur skulu alveg felldar niður, ef vergar tekjur lánþega og maka hans til skatts eru lægri en hálfar viðmiðunartekjur.
   b) 2. mgr. orðist svo:
      Hafi lánþegi haft hærri vergar tekjur til skatts, sbr. 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. og 9. gr. laga nr. 11/1975, næsta ár á undan afborgunarári en nemur viðmiðunartekjum þess árs, sbr. 9. gr., skal hann greiða aukaafborgun samkvæmt 3. mgr. 9. gr. auk afborgunar samkvæmt 1. mgr. þessarar gr. Aukaafborgunin skal nema 2—12% af vergum tekjum umfram viðmiðunartekjur

samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð. Aukaafborgunin skal þó aldrei vera svo há, að samanlögð upphæð afborgunar samkvæmt 1. mgr. og aukaafborgunar nemi meiru en 10% vergra tekna til skatts.

c) Aftan við greinina bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Endurgreiðslur á námslánum, sem veitt hafa verið skv. eldri lögum, skulu hafðar til hliðsjónar við ákvörðun endurgreiðslna skv. lögum þessum. Skulu endurgreiðslur skv. eldri lögum dragast frá þeirri upphæð sem lánþegi mundi ella greiða skv. lögum þessum.

4. Við 11. gr. Greinin orðist svo:

Verði veruleg vanskil á endurgreiðslu námslána eða komi í ljós, að afborganir samkvæmt 8. gr. hafa verið verulega lægri en vera bar, vegna þess að lánþegi hefur vantalið vergar tekjur til skatts á framtali sínu, getur stjórn sjóðsins ákveðið að af fjárhæð þeirri, sem í vanskilum er, eða af þeirri hækkun, sem verður á afborgun vegna endurskattlagningar lánþega, skulu reiknaðir hæstu lögleyfðir dráttarvextir frá gjalddaga þeirrar aukaafborgunar, sem hækkuð er. Ákvæði 4. mgr. 8. gr. eiga ekki við um þessa hækkun eða vanskil.

Nd. 845. Breytingartillögur [177. mál]

við frv. til laga um námslán og námsstyrki.

Frá Svövu Jakobsdóttur og Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Aðstoð í formi námslána og styrkja samkv. lögum þessum skal við það miðuð, að hún nægi hverjum námsmanni til að standa straum af eðlilegum náms- og framfærslukostnaði, þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til tekna námsmanns og maka hans, fjölskyldustærðar, framfærslukostnaðar í viðkomandi námslandi, lengdar árlegs námstíma og annarra atriða, er áhrif kunna að hafa á fjárhagsstöðu námsmanna. Nánari ákvæði um úthlutun námslána og styrkja skulu sett með reglugerð.

2. Við 6. gr. 3. mgr. fellur niður.

3. Við 7. gr. 1. málsliður 3. mgr. orðist svo:

Veitt lán falla öll í gjalddaga ári eftir „námslok“, sbr. 3. mgr. 16. gr.

Ed. 846. Nefndarálit [254. mál]

um frv. til laga um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt málið á fundi sínum og leggur til að frumvarpið verði samþykkt. Nefndarmenn taka þó fram, að þeir hafa óbundnar hendur um að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma við afgreiðslu frumvarpsins.

Alþingi, 14. maí 1976.

Steingrímur Hermannsson, form. Halldór Ásgrímsson, fundaskr. Jón Árnason, frsm.

Jón Árm. Héðinsson. Stefán Jónsson. Jón G. Sólnes.

Oddur Ólafsson.

Ed. 847. Nefndarálit [251. mál]

um frv. til laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, fengir ítarlega umsögn Hafrannsóknastofnunnarinnar og fengið á fundi nefndarinnar Má Elísson fiskimálastjóra, fiskifræðingana Jón Jónsson, Jakob Jakobsson, Ingvar Hallgrímsson og Sigfús A. Schopka, Þórð Ásgeirsson skrifstofustjóra sjávarútvegsráðuneytisins og Guðmund Ingimarsson frá Fiskifélagi Íslands.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum, sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja og fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 17. maí 1976.

Steingrímur Hermannsson, form., frsm. Halldór Ásgrímsson, fundaskr. Oddur Ólafsson.

Stefán Jónsson. Jón Árnason. Jón Árm. Héðinsson.

Jón G. Sólnes.

Ed. 848. Breytingartillögur [251. mál]

við frv. til laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 3. gr.
   a) Viðmiðunarstaður nr. 38 Göltur (Hellnagöltur) falli brott.
   b) Við B. Austurland bætist nýr liður:
      B 3. Skipum, 39 metrar að lengd eða minni, er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er úr punkti 6 sjómílur réttvísandi norðaustur frá Langanesi (vms 10) í punkt 6 sjómílur réttvísandi austur frá Glettinganesi (vms 13).
   c) Við C. Suðausturland.
      1. Við C 4.
         Í stað „línu réttvísandi suður frá Ingólfshöfða“ komi: 18°00′ v.lg.
      2. Við C 5.
         Í stað „línu réttvísandi suður frá Ingólfshöfða“ komi: 18°00′ v.lg.
      3. Við C 5 bætist: Togveiðar verði þó ekki heimilar á svæði milli línu, sem dregin er réttvísandi suður af Hvalnesi (64°24,1′ n.br., 14°32,5′ v.lg.), og að línu, sem hugsast dregin réttvísandi vestan af 15°45′, innan 6 sjómílna frá landi, á tímabilinu 1. maí til 1. október.
      4. Við C 6. Í stað „austur frá Ingólfshöfða“ komi: suður frá Ingólfshöfða.
      5. Við bætist nýr liður:
         C 8. Á svæði, sem afmarkast af línu, sem hugsast dregin réttvísandi austur frá Hvítingum (vms 19), að línu, sem hugsast dregin réttvísandi suður af Hvalnesi (64°24,1′ n.br., 14°32,5′ v.lg.), er öllum skipum heimilt að veiða allt að 6 sjómílum frá fjöruborði á tímabilinu frá 1. maí til 31. desember.
   d) Við D. Suðurland. Í stað „1. janúar til 15. september“ í D 9 komi: 1. janúar til 20. júní og 1. ágúst til 15. september.
   e) Við E. Reykjanes- og Faxaflóasvæði. Í stað „Reykjanesvita“ í E 2 komi: Reykjanesaukavita.

2. Við 6. gr. Í stað „með tilkynningu að banna allar togveiðar á þeim svæðum, svo og aðrar veiðar“ komi: að tilkynna bann við öllum togveiðum á þeim svæðum, svo og öðrum veiðum.
3. 8. gr. orðist svo:

Stefnt skal að því, að auk eftirlits Landhelgisgæslunnar skuli sérstök eftirlitsskip, sem gerð verði út af Hafrannsóknastofnuninni, fylgjast með fiskveiðum í fiskveiðilandhelginni í því skyni að koma í veg fyrir óhóflegt smáfiskadráp eða aðrar skaðlegar veiðar. Skipstjóri hvers eftirlitsskips skal vera sérstakur trúnaðarmaður sjávarútvegsráðherra og skal ráðinn af honum í samráði við Hafrannsóknastofnunina. Skipstjórar þessir hafi reynslu af fiskveiðum, þ. á m. togveiðum.

Ráðherra setur sérstaka trúnaðarmenn um borð í veiðiskip, eftir því sem þurfa þykir, og er skipstjórum veiðiskipa skylt að veita eftirlitsmönnum þessum og skipverjum eftirlits- og rannsóknaskipa þá aðstoð og aðstöðu um borð í skipum sínum, sem nánar er ákveðið í erindisbréfum útgefnum af ráðuneytinu til handa eftirlitsmönnum þessum.

Hvenær sem skipstjórar eftirlitsskipa, leiðangursstjórar rannsóknaskipa Hafrannsóknastofnunarinnar eða sérstakir trúnaðarmenn, sbr. 2. mgr., verða varir við verulegt magn af smáfiski í afla, geta þeir bannað veiðar á ákveðnu svæði, sem þeir afmarka í þessu skyni, í allt að þrjá sólarhringa.

Skyndilokanir skv. 3. mgr. taka gildi um leið og þær eru tilkynntar í útvarpi eða í fjarskiptatæki af viðkomandi trúnaðarmönnum ráðherra eða leiðangursstjórum.

Hafrannsóknastofnuninni og sjávarútvegsráðuneytinu skulu tilkynntar forsendur slíkra skyndilokana um leið og ákvörðun þar að lútandi hefur verið tekin. Ráðuneytið ákveður þá í samráði við Hafrannsóknastofnunina innan þriggja sólarhringa hvort og þá hvaða ráðstafanir eru nauðsynlegar til verndunar ungfisks á viðkomandi svæði.

4. Við 13. gr.
   a) Í stað „20. desember“ komi: 30. nóvember.
   b) Við greinina bætist:

Heimild þessi til veitingar dragnótaveiðileyfa skal ekki notuð að því er varðar veiðar í Faxaflóa.

5. 15. gr. orðist svo:

Ráðherra getur að fengnu áliti Hafrannsóknastofnunarinnar veitt heimildir til veiðitilrauna og annarra vísindalegra rannsókna innan fiskveiðilandhelginnar og þurfa þær heimildir ekki að vera bundnar við íslenska aðila eina. En ætíð skulu slíkar tilraunir og rannsóknir fara fram undir eftirliti og í umsjá Hafrannsóknastofnunarinnar.

6. 16. gr. orðist svo:

Veiðiheimildir samkvæmt 13.—15. gr. skulu jafnan vera tímabundnar, og skal ávallt leita umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskifélags Íslands áður en þær eru veittar. Auk þess skal ráðherra leita umsagnar annarra aðila, þegar honum þykir ástæða til.

7. Við 17. gr. Í stað 4. mgr. komi tvær nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Lagt skal löghald á skip, sem staðið er að meintum ólöglegum veiðum, þegar er það kemur til hafnar, og er eigi heimilt að láta það laust fyrr en dómur hefur verið kveðinn upp í máli ákæruvaldsins gegn skipstjóra skipsins eða máli hans lokið á annan hátt og sekt og kostnaður hefur verið greitt að fullu. Þó er heimilt að láta skip laust fyrr, ef sett er bankatrygging, eða önnur trygging jafngild að mati dómara, fyrir greiðslu sektarinnar og málskostnaðar.

Til tryggingar greiðslu sektar skv. þessari grein og kostnaðar skal vera lögveð í skipinu.

8. Við 19. gr. Í stað „botnvörpu- eða flotvörpuveiðar“ komi: veiðar.

9. Við ákvæði til bráðabirgða bætist:
Þrátt fyrir ákvæði 13. gr. skulu skip, sem eru 45 rúmlestir brúttó eða minni og hafa notið heimilda til dragnótaveiði, njóta sömu veiðiheimilda.

Nd. 849. Frumvarp til laga [285. mál]

um ráðstöfun eftirstöðva Olíusjóðs fiskiskipa.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Fé, sem innheimt er skv. ákvæðum laga nr. 106/1974 og laga nr. 55/1975 um Olíusjóð fiskiskipa umfram skuldbindingar skv. sömu lögum svo og aðrar eignir Olíusjóðs fiskiskipa umfram skuldir, skal renna til Tryggingasjóðs fiskiskipa til greiðslu iðgjaldsstyrkja vegna tímabilsins 1. janúar 1975 til 15. febrúar 1976.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 5/1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum var Olíusjóður fiskiskipa lagður niður og niðurgreiðslu brennsluolíu til fiskiskipa hætt. Eldri lög um olíusjóðinn tóku til framleiðslu og úthalds fram til 15. febrúar 1976. Þannig var því óinnheimt útflutningsgjald til sjóðsins af birgðum sjávarafurða þann dag, og vitaskuld var einnig ólokið ýmsum skuldbindingum sjóðsins skv. eldri lögum. Hér á eftir fer áætlun um stöðu olíusjóðsins, þegar öllum skuldbindingum hans er lokið og tekjur fullheimtar.

Olíusjóður fiskiskipa — áætlun.

	M.kr.	Gjöld M.kr.	Tekjur M.kr.
a) Staða Olíusjóðs gagnvart Seðlabanka 23. apríl 1976		400	
b) Vaxtagjöld, áætluð		30	
c) Inneign hjá ríkissjóði 26. apríl 1976			240
d) Eftirstöðvar v/birgða 15. febrúar 1976	440		
Þar af innh. í febrúar	÷ 10		
Þar af innh. í mars	÷140		
Mismunur færður til tekna			290
Samtals		430	530

Áætlaður tekjuafgangur Olíusjóðs er því um 100 m.kr., og hefur þá ekki verið talin nein vaxtagreiðsla frá ríkissjóði, þótt hann hafi skuldað Olíusjóði verulegar fjárhæðir á tilteknum tímabilum.

Skuld Olíusjóðs á hlaupareikningi í Seðlabanka nam um 400 milljónum króna hinn 23. apríl 1976. Samkvæmt upplýsingum í Seðlabanka eru frekari útgjöld sjóðsins vegna niðurgreiðslna á olíu talin óveruleg, en ógreidd vaxtagjöld vegna skuldar á hlaupareikningi í Seðlabanka talin munu nema um 30 milljónum króna.

Samkvæmt áætlun Þjóðhagsstofnunar eru útflutningsgjöld til Olíusjóðs af sjávarvörubirgðum hinn 15. febrúar síðast liðinn talin geta numið um 440 milljónum króna. Áætlun þessi, sem gerð var í marslok, er reist á birgðatölum frá Fiskifélagi Íslands og verðlagsáætlun Þjóðhagsstofnunar frá í mars s. l. Hér er líklega nokkuð varlega áætlað, þar sem verðhækkanir á Bandaríkjamarkaði og gengissig íslensku krónunnar kunna að valda nokkuð hærri greiðslum í sjóðinn, eða sem næmi 20—40 m.kr.

Í febrúarmánuði voru um 10 m.kr. greiddar í Olíusjóð af birgðum þessum, en innheimta þess mánaðar nam alls um 184 m.kr. Í mars námu Olíusjóðsgjöld um 212 m.kr., þar af um 140 m.kr. af birgðunum frá 15. febrúar, en um 70 m.kr. voru greiddar af sjávarvöru, sem flutt var út fyrir 15. febrúar. Í aprílmánuði eru heildargreiðslur í Olíusjóð taldar um 210 m.kr., og samkvæmt upplýsingum hjá tollstjóra eru greiðslur þessar eingöngu af þeim birgðum, sem til voru í landinu 15. febrúar síðast liðinn og fluttar voru út eftir þann tíma. Þannig munu nú um 80 m.kr. enn ógreiddar í Olíusjóð.

Inneign sjóðsins hjá ríkissjóði vegna innheimtu þriggja fyrstu mánaða ársins nam um 240 m.kr. hinn 26. apríl síðast liðinn.

Þegar upp er staðið, virðist því mega vænta a. m. k. 100 m.kr. tekjuafgangs hjá Olíusjóði.

Tryggingasjóður fiskiskipa.

Eins og fram hefur komið við umræður á Alþingi á þessu ári, bæði um frumvarp til laga um útflutningsgjald og síðar við umræður um frumvarp til laga um greiðslu vátryggingagjalda fiskiskipa, er fjárhagur Tryggingasjóðs fiskiskipa ekki nægilega traustur með tilliti til allra skuldbindinga, sem á sjóðnum hvíla. Sjávarútvegsráðuneytið hefur með útgáfu reglna þeirra, sem Tryggingasjóður fiskiskipa starfar nú eftir, ábyrgst sérstaklega greiðslu iðgjaldsstyrkja vegna ársins 1975 og fram til miðs febrúar 1976, skv. fyrri tilhögun. Með þeirri lækkun, sem varð á tekjum sjóðsins skv. lögum nr. 5/1976, mun sjóðnum veitast örðugt að rísa undir þessum kvöðum af eigin fé. Þessi vandi var reifaður nokkuð í skýrslu tillögunefndar um sjóði sjávarútvegs (á bls. 96 og 97) og þar m. a. á það bent, að nauðsynlegt gæti verið að gera sérstakar ráðstafanir á umþóttunartíma til þess að auðvelda breytingar á sjóðakerfinu, sem óneitanlega fela í sér röskun á fyrirkomulagi, sem hefur staðið lengi.

Með þessu frumvarpi er lagt til, að hugsanlegum eftirstöðvum Olíusjóðs fiskiskipa verði varið til þess að létta Tryggingasjóði greiðslur iðgjaldsstyrkja ársins 1975 og til 15. febrúar 1976. Þörfin fyrir þessa ráðstöfun er ótvíræð, því að í lok apríl var yfirdráttur Tryggingasjóðs fiskiskipa hjá Seðlabankanum um 260 m.kr. og ekki horfur á, að sjóðurinn geti rétt þann halla af eigin rammleik.

Ed. 850. Nefndarálit [190. mál]

um frv. til l. um að bjarga mjólk frá eyðileggingu í vinnslu þegar verkfall er.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundum sínum og fengið um það margar umsagnir. Umsagnaraðilar mæla allir með samþykkt þess, aðrir en stjórn Mjólkurfræðingafélags Íslands og stjórn A. S. Í., sem lýsa andstöðu við það.

Þá hefur nefndin kynnt sér samþykkt Búnaðarþings, sem stjórn Búnaðarfélags Íslands sendi stjórn A. S. Í. 1. mars sl., þar sem leitað er eftir viðræðum um hin sérstæðu vandamál mjólkurframleiðenda í vinnudeilum. Búnaðarþing leggur til að kannað verði til hlítar, hvort ekki sé unnt með samningum að koma framvegis í veg fyrir verðmætasóun eins og þá sem átti sér stað í síðasta allsherjarverkfalli.

Nú liggur fyrir að stjórn A. S. Í. hefur orðið við málaleitan Búnaðarþings og kosið til þess þrjá menn að ræða við hagsmunasamtök bænda um þetta vandamál.

Með því að ákvörðun hefur verið tekin um að gera tilraun til að leysa málið með samningum, þá telur nefndin sjálfsagt að sú leið sé farin og fullreynd, áður en til lagasetningar er gripið, og leggur til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Nefndarmenn, aðrir en Helgi F. Seljan, telja að verði málið ekki leyst með samningum eða við endurskoðun vinnulöggjafarinnar, sem nú er unnið að á vegum ríkis-

stjórnarinnar, verði nauðsynlegt að taka málið upp að nýju með sérstaka lagasetningu í huga til lausnar þessu alvarlega vandamáli.

Alþingi, 17. maí 1976.

Steinþór Gestsson, form., frsm.	Ingi Tryggvason, fundaskr.	Helgi F. Seljan, með fyrirvara.
Jón Árnason.	Jón Árm. Héðinsson.	Axel Jónsson.
	Ásgeir Bjarnason.	

Sþ. 851. Tillaga til þingsályktunar [286. mál]

um að kalla heim sendiherra Íslands hjá Atlantshafsbandalaginu.

Flm.: Ragnar Arnalds, Magnús T. Ólafsson, Steingrímur Hermannsson, Pétur Sigurðsson, Jón Árm. Héðinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kalla heim sendiherra Íslands hjá Atlantshafsbandalaginu til að mótmæla hernaðarofbeldi breta í íslenskri landhelgi.

Greinargerð.

Tillaga þessi er borin fram í tilefni af atburðum seinustu daga og mánaða á miðunum umhverfis landið og þarfnast ekki skýringa.

Ed. 852. Breytingartillögur [251. mál]

við frv. til l. um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Frá Jóni Árnasyni, Ásgeir Bjarnasyni og Stefáni Jónssyni.

Við 3. gr.

1. E 1 orðist svo:
   E 1. Utan línu, sem dregin er 5 sjómílur utan við Geirfugladrang úr punkti í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Geirfugladrang í punkt í 10 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Malarrifi (vms 39), er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu.
2. F 1 orðist svo:
   F 1. Utan línu, sem dregin er úr punkti í 18 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Malarrifi (vms 39) í punkt í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms 44) er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið.

Ed. 853. Frumvarp til laga [287. mál]

um breytingu á vegalögum nr. 66 14. júlí 1975.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Aftan við vegalög, nr. 66 14. júlí 1975, komi ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 10.—11. gr. laga þessara skal bráðabirgðavegáætlun samþykkt einungis fyrir árið 1976.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt gildandi vegalögum skal vegáætlun gerð til fjögurra ára í senn og kostnaður sundurliðaður eftir framkvæmdum fyrir 3 fyrstu ár áætlunartímabilsins.

Tillaga til þingsályktunar um slíka áætlun er nú til meðferðar á Alþingi, en vegna mikillar óvissu í fjármálum hefur reynst erfiðleikum bundið að fylgja ákvæðum laganna um sundurliðun síðari ár áætlunartímabilsins svo vel fari.

Vegalögin eru nú í heildarendurskoðun í nefnd, með þátttöku fulltrúa úr öllum þingflokkum, og er gert ráð fyrir að nefndin ljúki störfum það snemma að unnt verði að leggja tillögur hennar fyrir reglulegt Alþingi haustið 1976. Myndu þá bæði frumvarp um breytingar á vegalögum og tillaga um nýja vegáætlun verða til meðferðar Alþingis um sama leyti og þannig fást betri yfirsýn yfir málið í heild.

Því er hér lagt til, að hið almenna áætlunartímabil verði stytt í þetta skipti og fyrir árið 1976 samþykkt bráðabirgðaáætlun til eins árs, en að öðru leyti sundurliðuð samkvæmt ákvæðum vegalaga.

Sþ. 854. Skýrsla

samgönguráðherra um hafnarframkvæmdir 1975.

A. ALMENNAR HAFNIR

Inngangur.

Á fjárlögum ársins 1975 voru veittar 584,6 milljónir króna til framkvæmda í almennum höfnum. Var listinn yfir fjárveitingar eftirfarandi:

		Þús.kr.
1.	Akranes	36 000
2.	Borgarnes	750
3.	Arnarstapi	6 950
4.	Ólafsvík	25 560
5.	Grundarfjörður	14 000
6.	Patreksfjörður	2 200
7.	Bíldudalur	5 200
8.	Þingeyri	11 800
9.	Flateyri	9 750
10.	Suðureyri	6 000
11.	Bolungarvík	9 200
12.	Ísafjörður	13 400
13.	Drangsnes	6 100
14.	Hvammstangi	12 600
15.	Blönduós	2 700
16.	Skagaströnd	25 200
17.	Sauðárkrókur	39 400
18.	Hofsós	7 500
19.	Siglufjörður	16 300
20.	Ólafsfjörður	13 500
21.	Dalvík	9 500
22.	Hauganes	3 000
23.	Árskógssandur	400
24.	Akureyri	51 200
25.	Húsavík	12 600

		Þús.kr.
26.	Raufarhöfn	5 000
27.	Þórshöfn	800
28.	Bakkafjörður	100
29.	Borgarfjörður eystri	16 000
30.	Seyðisfjörður	900
31.	Neskaupstaður	6 600
32.	Eskifjörður	2 900
33.	Reyðarfjörður	16 750
34.	Fáskrúðsfjörður	7 600
35.	Stöðvarfjörður	13 500
36.	Breiðdalsvík	15 000
37.	Djúpivogur	5 000
38.	Hornafjörður	34 900
39.	Vestmannaeyjar	12 800
40.	Stokkseyri	11 500
41.	Eyrarbakki	7 800
42.	Hafnir	4 000
43.	Sandgerði	36 100
44.	Vogar	1 600
45.	Hafnarfjörður	44 950
	Samtals	584 610

Við flestar gerðir mannvirkja eru fjárveitingar 75% af kostnaði framkvæmda, en 25% er heimaframlag. Vegna hins almenna niðurskurðar útgjalda ríkisins var þessi upphæð lækkuð síðar af fjárveitinganefnd Alþingis, og leit hinn endurskoðaði listi þannig út:

		Þús.kr.
1.	Akranes	36 000
2.	Borgarnes	0
3.	Arnarstapi	3 200
4.	Ólafsvík	20 360
5.	Grundarfjörður	11 000
6.	Stykkishólmur	5 000
7.	Patreksfjörður	6 850
8.	Bíldudalur	1 000
9.	Þingeyri	5 300
10.	Flateyri	18 000
11.	Suðureyri	6 000
12.	Bolungarvík	9 200
13.	Ísafjörður	4 400
14.	Drangsnes	6 100
15.	Hvammstangi	22 100
16.	Blönduós	2 700
17.	Skagaströnd	15 700
18.	Sauðárkrókur	39 400
19.	Hofsós	13 100
20.	Siglufjörður	0
21.	Ólafsfjörður	13 500
22.	Dalvík	6 500
23.	Hauganes	3 000
24.	Árskógssandur	400
25.	Akureyri	46 200

		Þús.kr.
26.	Húsavík	17 600
27.	Raufarhöfn	0
28.	Þórshöfn	800
29.	Bakkafjörður	100
30.	Borgarfjörður eystri	8 500
31.	Seyðisfjörður	900
32.	Neskaupstaður	6.600
33.	Eskifjörður	2 900
34.	Reyðarfjörður	16 750
35.	Fáskrúðsfjörður	7 600
36.	Stöðvarfjörður	13 500
37.	Breiðdalsvík	15 000
38.	Djúpivogur	0
39.	Hornafjörður	34 900
40.	Vestmannaeyjar	12 800
41.	Stokkseyri	9 000
42.	Eyrarbakki	6 300
43.	Hafnir	3 000
44.	Sandgerði	36 100
45.	Vogar	1 600
46.	Hafnarfjörður	34 950
	Samtals	523 910

Samtals nam lækkun fjárveitinga 60.7 millj. króna.

Áætlanagerð og rannsóknir.

Á árinu var unnið meira að rannsóknum og mælingum hafnarstæða en áður hefur verið gert. Boranir og jarðvegskannanir voru framkvæmdar á eftirfarandi stöðum:

Grundarfjörður — rannsakað nýtt hafnarstæði.
Bíldudalur — borað innan hafnar og rannsakaðir stækkunarmöguleikar til suðurs.
Súðavík — rannsakað hafnarstæði.
Hvammstangi — rannsakað hafnarstæði.
Skagaströnd — rannsakaðir dýpkunarmöguleikar innan hafnar.
Dalvík — rannsakaðir dýpkunarmöguleikar innan hafnar.
Akureyri — jarðvegsrannsóknir í vöruhöfn.
Vopnafjörður — rannsakað nýtt hafnarstæði.
Seyðisfjörður — rannsakað bryggjustæði framan við frystihús.
Reyðarfjörður — rannsókn á stálþilsstæði.
Fáskrúðsfjörður — borað í dráttarbrautarstæði.
Stöðvarfjörður — rannsakað hafnarstæði.
Breiðdalsvík — borað í stálþilsstæði.
Þorlákshöfn — rannsakaðir dýpkunarmöguleikar í bátakví.
Sandgerði — borað innan hafnar vegna skipulagningar.

Mælingar á höfnum og umhverfi þeirra voru framkvæmdar á eftirfarandi stöðum: Grundarfirði, Sauðárkróki, Ólafsfirði, Tálknafirði og Reyðarfirði.

Unnið var að ákvörðun hafnarstæðis og hönnun í samvinnu við heimamenn á þessum stöðum: Neskaupstað, Grundarfirði, Hvammstanga, Skagaströnd, Súðavík og Vopnafirði.

Var stuðst við þær jarðvegsrannsóknir sem hér hafa verið nefndar, og rannsóknir á öldulagi, veðurfari og atvinnuháttum.

Á Neskaupstað, Grundarfirði og Hvammstanga komu hinar nýju lausnir þegar til framkvæmda. Höfnin á Neskaupstað var upprunalega ekki inni í áætlun ársins 1975, en snjóflóðin þar ollu því að gera varð átak þar í hafnamálum strax.

Þar sem ekki lá fyrir hönnun hafnarinnar í botni Norðfjarðar, varð það verkefni að fá forgang. Þegar form þessarar hafnar var orðið ljóst, var það prófað í rannsóknarstöðinni í Keldnaholti.

Niðurstaða fékkst varðandi vöruhöfnina á Akureyri, sem hefur reynst erfið viðfangs. Hætta varð við gerð bryggju úr steyptum einingum, en ákveðið að reka þess í stað niður stálþil. Hófst sú vinna í september og gekk vel.

Dýpkunartæki Hafnamálastofnunar.

Grettir, grafskip Hafnamálastofnunar, var frá ársbyrjun 1975 þar til í byrjun febrúar við dýpkun í Grindavíkurhöfn. Var hann síðan látinn í mikla viðhalds-viðgerð. Í janúar voru grafin upp með Gretti um 1000 m^3 af grjóti innan hafnarinnar. Hafin var aftur vinna með Gretti í Grindavíkurhöfn 28. ágúst og var hann þar til 12. desember. Var þá dýpkað bæði innan hafnar og í innsiglingu, alls um 11 000 m^3.

Verkið gekk illa vegna slæmrar veðráttu og lélegs árangurs af sprengingum. Er dýpkunum með Gretti þar með lokið í Grindavík að svo stöddu.

Hákur, dæluprammi Hafnamálastofnunar, var í ársbyrjun við dælingu í höfninni á Ólafsfirði. Vegna þess að verkefnið þar reyndist meira en ætlað hafði verið í fyrstu, var Hákur þar fram á sumar eða þar til 13. júní 1975. Frá Ólafsfirði fór Hákur til Dalvíkur og dældi þar á tímabilinu 27. júní til 12. júlí.

Þá var Hákur dreginn suður í Breiðafjörð og dældi við Karlsey á tímabilinu 21. júlí til 5. ágúst. Síðan fór hann til Ólafsvíkur og dældi þar frá 15. ágúst til 16. okt., og á Rifi frá 17. okt. til 29. okt.

Þegar dælingu var lokið á Rifi var Hákur dreginn til Fossvogsstöðvar Hafnamálastofnunar þar sem hann var yfirfarinn og endurnýjaður, svo að hann var í fullkomnu lagi við byrjun verkefna ársins 1976.

Nánari lýsingar á verkefnum Háks má sjá í lýsingum á framkvæmdum hverrar hafnar fyrir sig.

Yfirlit yfir framkvæmdakostnað í almennum höfnum árið 1975.

Staður	Kostnaður Millj.kr.
Akranes	60.0
Ólafsvík	34.7
Grundarfjörður	47.0
Stykkishólmur	40.0
Karlsey	85.5
Patreksfjörður	9.0
Flateyri	18.5
Bolungarvík	11.0
Hvammstangi	22.2
Skagaströnd	2.2
Sauðárkrókur	44.0
Hofsós	20.0
Ólafsfjörður	37.2
Dalvík	13.2
Hrísey	2.7
Hauganes	8.3
Akureyri	85.0
Húsavík	16.7
Vopnafjörður	2.3
Borgarfjörður eystri	21.4
Seyðisfjörður	1.0

Staður	Kostnaður Millj.kr.
Neskaupstaður	127.6
Reyðarfjörður	21.8
Fáskrúðsfjörður	18.3
Stöðvarfjörður	15.0
Breiðdalsvík	17.0
Djúpivogur	0.5
Hornafjörður	18.6
Vestmannaeyjar	12.0
Eyrarbakki	5.0
Grindavík	154.1
Sandgerði	104.0
Hafnir	5.4
Vogar	3.0
Hafnarfjörður	48.6
Samtals	1 132.8

Hér fer á eftir lýsing framkvæmda í hverri höfn fyrir sig.

AKRANES

Lokið var við byggingu ferjubryggju í júlí. Byrjað var á byggingu þessa mannvirkis haustið áður, og var unnið við það allan veturinn 1974—75.

Bryggjan er byggð úr steyptum einingum, sem raðað er upp og síðan steypt þekja ofan á. Þessi aðferð hefur verið notuð áður í Akraneshöfn og gefið góðan árangur.

Einnig þurfti að framkvæma verulega dýpkun með neðansjávarsprengingum til að gera þennan hlut hafnarinnar nýtanlegan.

Nýja ferjubryggjan eykur viðlegurými í Akraneshöfn um 50 metra auk ferjulægisins.

Ferjulægið var tekið í notkun í byrjun ágúst. Hafnarsjóður Akraneshafnar sá um framkvæmdir.

Framkvæmdakostnaður: 60.0 millj. kr.

ÓLAFSVÍK

Í febrúarbyrjun var Sandey, dæluskip Björgunar hf., fengið til að dýpka við nýja stálþilið, svo að hægt yrði að taka það í notkun. Dældi Sandey upp 13 000 m³. Dæluprammin Hákur dældi síðar upp 22 000 m³ úr höfninni á tímabilinu 15. ágúst til 16. október.

Byrjað var á byggingu bílavogar á árinu, en því verki var ekki lokið um áramót.

Framkvæmdakostnaður: 34.7 millj. kr.

GRUNDARFJÖRÐUR

Veturinn 1974—75 voru gerðar allítarlegar kannanir á hafnarsvæðinu í Grundarfirði. Niðurstöður þessara rannsókna sýndu, að mögulegt var að byggja skjólhöfn nokkuð sunnan við eldra hafnarsvæðið. Haldnir voru fundir með heimamönnum um málið, og var samþykkt að byggja skjólgarð úr grjóti um 380 metra langan. Grjótmagn um 60 000 m³. Gekk það verk mjög vel, og tókst að koma meðalkostnaði á rúmmetra grjóts niður fyrir 800 kr./m³, sem verður að teljast mjög hagstætt. Lokið var við þennan áfanga grjótgarðanna. Verkið hófst seinni hluta júlí, og var vinnu hætt í byrjun desember.

Fraamkvæmdakostnaður: 47.0 millj. kr.

STYKKISHÓLMUR

Unnið var við byggingu nýs 50 metra langs staurabryggjukants með 5 metra viðlegudýpi. Var verkinu lokið að mestu um áramót. Kantur þessi er mjög traustur og vandaður, byggður úr forspenntum steyptum einingum nema staurar, sem eru úr harðviði. Framleiðsla steinsteypueininga var unnin af Möl og Sandi hf. Verkið hófst 22. maí 1975 og var enn unnið um áramót.

Framkvæmdakostnaður: 40.0 millj. kr.

KARLSEY

Á tímabilinu apríl—maí var byggður 16 metra langur trébryggjukantur, svo að hægt yrði að afferma efni til síðari framkvæmda og byggingar Þörungavinnslunnar. Einnig var þessi kantur notaður við losun hráefnis til Þörungavinnslunnar.

Frá 18. júlí til 5. ágúst dældi dæluprammin Hákur upp úr höfninni 18 000 m³ af leir, og gekk vel. Dýpkunin var aðallega framkvæmd til að fjarlægja laust efni undan væntanlegum hafnargarði. Haldið var áfram framkvæmdum við hafnargarð. Keyrðir voru út um 20 000 m³ af grjóti og fyllingarefni og garðurinn lengdur um 60 m.

Í september og október var rekið niður 94 m langt stálþil og fyllt í það. Kantur var ekki steyptur, en gengið frá grjótvörn fyrir veturinn. Unnið var að þessu verki til áramóta.

Framkvæmdakostnaður: 85.5 millj. kr.

PATREKSFJÖRÐUR

Unnið var við frágang stálþils á hafskipakanti. Hefur kantur þessi staðið í mörg ár ófrágenginn. Var einungis bráðabirgðafrágangur á stálþilinu, og þurfti að skera ofan af því, áður en hægt var að steypa kantbita á um 100 m kafla.

Búið var að undirbúa steypu þekju, en henni var frestað til næsta vors, þar sem óráðlegt þótti að taka áhættu af skemmdum vegna frosta. Hafði verk þetta dregist á langinn, þar sem undirbúningur hófst ekki fyrr en 21. ágúst. Vinnu var hætt 14. október.

Framkvæmdakostnaður: 9.0 millj. kr.

FLATEYRI

Rekið var niður 50 metra stálþil fyrir innan eldri hafnarbakkann í framhaldi af 50 metra löngu ófullgerðu stálþili. Steyptur var kantbiti á þetta þil og ófullgerða þilið, samtals um 100 metrar.

Malbikaður var hluti hafnarsvæðisins eða um 1100 m². Samtímis var unnið að viðgerð skemmda þeirra, sem urðu á stálþilsbakka veturinn 1974—75, þegar um 20 metrar stálþils runnu fram. Vinna hófst 20. júní og var lokið 12. október.

Framkvæmdakostnaður: 18.5 millj. kr. (viðgerð ekki innifalin).

BOLUNGARVÍK

Malbikaðir voru um 4 000 m² á hafnarsvæðinu eða tengibraut milli viðlegubryggju og aðal-hafnarbakka á „Brjótnum".

Byrjað var á 28 metra langri viðbót úr timbri við viðlegubryggjuna og steyptur var landveggur.

Unnið var við landvegg 6. október til 6. nóvember. Malbikun var framkvæmd af bæjarfélaginu.

Framkvæmdakostnaður: 11.0 millj. kr.

HVAMMSTANGI

Hafnarstæðið var kannað með borunum vorið 1975. Kom í ljós, að dýpkunarmöguleikar voru meiri en talið hafði verið. Eftir fundi með heimamönnum var ákveðið að hefja byggingu skjólgarðs fyrir sunnanátt, en innanfjarðaralda getur reynst skeinuhætt hinum smáu rækjubátum.

Bygging grjótgarða gekk mjög vel, og var lokið sl. haust við byggingu 250 metra langs grjótgarðs ásamt bráðabirgða-viðleguaðstöðu. Í grjótgarðinn fóru um 18 000 m^3 af grjóti. Einnig var sett grjótvörn á aðalhafnargarðinn eða 4 000 m^3 af grjóti.

Verkið hófst 25. ágúst 1975. Vinnu var hætt 23. des. sama ár.

Framkvæmdakostnaður: 22.2 millj. kr.

SKAGASTRÖND

Haldið var áfram rannsóknum á Skagaströnd. Var borað í innri höfninni og kom í ljós, að góðir möguleikar eru á að dýpka hana, ef réttum tækjum er beitt. Er þarna um mjög þétt leirlag að ræða, sem hafði reynst Gretti erfitt á sínum tíma. Ekki er útilokað, að skerinn á Hák geti rifið upp þennan leir. Einnig eru möguleikar á að grafa höfnina á þurru eins og gert var sl. sumar á Neskaupstað.

6. janúar til 30. janúar var unnið við grjótvörn á aðalhafnargarði.

Framkvæmdakostnaður: 2.2 millj. kr.

SAUÐÁRKRÓKUR

Efni í stálþil var til frá árinu áður og var nú hafist handa við að reka það niður. Reknir voru niður 197 metrar af stálþili fyrir framan eldra þil, sem var orðið ónýtt. Grafa þurfti upp og fjarlægja leifar af eldri þekju. Tafði það verkið nokkuð, að steyptir veggir eru þarna víða í uppfyllingunni frá fyrri tíma. Eyrin, sem þarna er nú og myndast hefur á seinni árum, var þá ekki til. Fyllt var að þessu nýja þili og steyptur kantur á hluta þess eða 69 metra. Einnig var endurbætt lýsing við höfnina. Nýja þilið mun verða aðal löndunar- og athafnakantur hafnarinnar.

Verkið hófst 12. maí 1975 og vinnu lauk 19. desember.

Framkvæmdakostnaður: 44.0 millj. kr.

HOFSÓS

Rekið var niður stálþil í boga á enda grjótgarðs og að harðviðarbryggju, lengd alls 65 metrar. Gengið var frá þilinu með þekju, kanti og lögnum. Þetta stálþil bætir mjög innsiglinguna inn í höfnina, auk þess sem þarna bætist við um 30 metra langur fullsterkur hafnarkantur. Það tafði nokkuð þetta verk, að nota varð kafara til að hreinsa burtu grjót, svo að hægt væri að koma niður stálþilinu við fætur grjótgarðsins. Einnig var veður óhagstætt.

Verkið hófst 30. maí og var lokið 11. október 1975.

Framkvæmdakostnaður: 20.0 millj kr.

ÓLAFSFJÖRÐUR

Haustið 1974 hófst vinna við dýpkun hafarinnar. Dælupramminn Hákur var þarna síðan við dælingu fram í júní. Vegna þess að grynnkað hafði mjög í aðalhöfninni, svo að skuttogarar staðarins tóku þar niðri, var ákveðið að byrja dælinguna þar. Varð þetta til að auka mikið magn það, sem dæla þurfti, en samkvæmt áætlun átti einungis að dæla úr nýju höfninni. Einnig var efninu dælt um kílómetra langa leið upp fyrir bæinn til að gera land þar byggingarhæft. Dró þetta

mjög úr afköstum dælu, auk þess sem þetta verk var unnið á afar óheppilegum tíma, um hávetur, í höfn sem mikil ókyrrð er í.

Allt varð þetta til þess, að verkið fór langt fram úr þeim kostnaði, er fjárveiting gerði ráð fyrir. Dælt var upp úr Ólafsfjarðarhöfn alls yfir 100 000 m³, en af því var dælt um 30 000 á fyrra ári.

Verkið hófst 7. nóvember og lauk 26. júní 1975.

Framkvæmdakostnaður: 37.2 millj. kr.

DALVÍK

Byrjað var á rannsóknum hafnarstæðis með borunum og söfnun upplýsinga.

Frá Ólafsfirði fór Hákur til Dalvíkur og var þar frá 27. júní til 12. júlí. Dældi hann upp rúmlega 12 000 m³ úr miðri höfninni og gekk það allsæmilega, en þarna er nokkuð fastur botn.

Þessi dýpkun bætti mjög aðstöðu skuttogara til að athafna sig í höfninni. Einnig var unnið við uppsetningu bílavogar á Dalvík, og var því verki ekki lokið um áramót.

Framkvæmdakostnaður: 13.2 millj. kr.

HRÍSEY

Þar var unnið að því að styrkja grjótgarðinn, og var notað til þess grjót sprengt á staðnum, grjótmagn 2 000 m³. Grjótið í Hrísey er ekki gott til þessara nota, þar sem það vill springa og brotna niður með tímanum.

Verkið hófst 20. okt. og lauk 11. nóvember 1975.

Framkvæmdakostnaður: 2.7 millj. kr.

HAUGANES

Sett var grjótvörn utan á hafnargarðinn, sem er úr steyptum kerjum, alls um 5 000 m³.

Verkið hófst 21. ágúst og lauk 17. október.

Framkvæmdakostnaður: 8.3 millj. kr.

AKUREYRI

Eftir ítarlegar rannsóknir var ákveðið að hætta við einingarbryggju-hugmyndina við byggingu vöruhafnarkantsins sunnan á Oddeyrinni. Ákveðið var að reka þar niður stálþil. Efnið í það kom um mitt sumar og var byrjað að reka það niður í lok september. Lokið var við að reka niður 140 metra af stálþili, og var lokið við að binda um þriðjung þess um áramót. Ætlunin er, að kanturinn verði fullfrágenginn í sumar. Verður þá aðstaða fyrir vöruflutninga um Akureyrarhöfn gerbreytt. Þessi hluti verksins hefur gengið vel og samkvæmt áætlun. Búið var að kaupa efni í 130 metra stálþil við Slippstöðina. Var það lánað til Neskaupstaðar gegn loforði um skil á þessu ári.

Hafnarsjóður Akureyrar sá um allar framkvæmdir undir yfirumsjón Hafnamálastofnunar ríkisins, sem sá einnig um hönnun og tæknilegan undirbúning verksins.

Framkvæmdakostnaður: 85.0 millj. kr.

HÚSAVÍK

Unnið var við að koma vatns- og raflögn út nýja stálþilsbakkann. Var þetta nokkrum erfiðleikum háð, þar sem í gamla hafnargarðinn vantaði þessar lagnir og þurfti að brjóta upp steypta þekju töluverðan hluta leiðarinnar. Unnið var að lögnum í nýja stálþilsbakkann. Var því verki lokið að mestu.

Verkið hófst í byrjun ágúst og lauk í seinni hluta októbermánaðar. Varði hf. á Húsavík sá um verkið.

Framkvæmdakostnaður: 16.7 millj. kr.

VOPNAFJÖRÐUR

Hafnarstæðið á Vopnafirði var kannað með borunum og kom í ljós, að miklu dýpra var á fastan botn en talið hafði verið, og mögulegt er að reka þar niður stálþil.

Voru haldnir fundir með heimamönnum og virðist hagstæðast að flytja höfnina meira í skjól við grjótgarð þann, sem byggður var fyrir nokkrum árum, en ítarlegri ölduathuganir eru æskilegar.

Framkvæmdakostnaður: 2.3 millj. kr.

BORGARFJÖRÐUR EYSTRI

Í gömlu höfninni var steypt plata á nýja kerið, 150 m^2 og steyptur 20 metra langur skjólveggur.

Haldið var áfram byggingu hafnaraðstöðu við Hafnarhólma. Grjótgarðurinn út í hólmann var styrktur með stórgrýti. Keyrður var út skjólgarður norðvestur úr hólmanum ásamt fyllingu meðfram landi, alls 230 metrar. Magn grjótfyllingar var alls 8 000 m^3.

Ekki er hægt að nýta aðstöðuna við Hafnarhólma og það skjól, sem þar hefur verið skapað, fyrr en byggður hefur verið þar viðlegukantur.

Vinna hófst 16. júní og lauk 11. október 1975.

Framkvæmdakostnaður: 21.4 millj. kr.

SEYÐISFJÖRÐUR

Gerðar voru nokkrar breytingar á stálþilskanti vegna ferjulægis. Einnig var dýpkað í ferjulæginu og sett upp innsiglingarmerki.

Heimamenn sáu um verkið með tæknilegri aðstoð Hafnamálastofnunar ríkisins.

Framkvæmdakostnaður: 1.0 millj. kr.

NESKAUPSTAÐUR

Vegna snjóflóðanna seint á árinu 1974, sem eyðilögðu síldarbræðsluna á staðnum, var álitið rétt að byggja nýja verksmiðju á öðrum stað inn við nýju höfnina fyrir botni Norðfjarðar.

Greinilegt var, að jafnframt þessum flutningi þurfti að auka við löndunar- og viðlegukanta á hafnarsvæðinu vegna þess mikla skipafjölda, sem þarna liggur á loðnuvertíðinni.

Við gömlu verksmiðjuna varð löndunarbryggjan ónýt og þurfti sambærileg aðstaða að koma í staðinn. Á þessum grundvelli og vegna þess, að litið var á þessa hafnarframkvæmd sem skylt mál öðrum framkvæmdum vegna snjóflóðsins, var ákveðið að halda áfram byggingu nýju hafnarinnar.

Tekið var til við hönnun nýju hafnarinnar, sem var að mestu ónnið verk. Var niðurstaðan reynd í líkani til að tryggja góðan árangur.

Ákveðið var að setja nýju bræðsluna á uppfyllingu austan nýju hafnarinnar og halda áfram útgreftri hafnarinnar. Var efni því, sem grafið var upp úr hafnarstæðinu, ekið í uppfyllinguna.

Stíflað var fyrir innri hluta hafnarinnar og var vinnusvæðinu haldið þurru með dælingu. Mátti þannig nýta við þetta verk almenn jarðmoksturstæki og ekki þurfti dýpkunartæki eins og Hák eða Gretti.

Efnið, sem grafið var upp, var ágætt uppfyllingarefni, og er þarna því ágæt efnisnáma í framtíðinni, þegar uppgreftri verður haldið áfram. Efnið, sem grafið var upp, ásamt því, sem tekið var í fyrirstöðugarðinn, nam tæplega 200 000 m³, og var meðalkostnaður á rúmmetra mjög lágur. Grjót þurfti að sprengja til að ganga frá köntum uppfyllingar og hafnar.

Rekið var niður 135 metra langt stálþil innan nýjasta hluta hafnarinnar. Var þetta einnig unnið á þurru, og sparaði það nokkurn kostnað. Efnið í stálþilið var fengið að láni frá Akureyrarhöfn gegn loforði um skil á því á árinu 1976. Þilið var rekið niður og fyllt að því, en ekki steyptur kantur eða þekja. Reknir voru niður staurar sem bráðabirgðafestingar.

Um áramót var þessum framkvæmdum lokið, nema eftir var að grafa sundur fyrirstöðugarðinn og opna þannig leiðina inn í nýja hluta hafnarinnar. Ekki er hægt að segja annað en þetta verk hafi gengið framar vonum í framkvæmd og að tekist hafi að skapa nýju síldarbræðslunni land og hafnaraðstöðu.

Hvað kostnað áhrærir hefur hann alls ekki orðið meiri en við mátti búast miðað við stærð verksins.

Vinna hófst í maí og var enn unnið um áramót.

Framkvæmdakostnaður: 127.6 millj. kr.

REYÐARFJÖRÐUR

Rekið var niður 118 metra stálþil. Efnið hafði legið á Reyðarfirði síðan á árum Austfjarðasíldarinnar og var eitthvað farið að tærast. Olli það töfum við reksturinn.

Verkið var unnið þannig, að fyrst var ekið fyllingarefni í fjöruna og stálið rekið niður að fyllingunni. Þegar vinnu var hætt í nóvember, hafði kantbitinn verið steyptur og búið var að fylla og undirbúa steypu á þekju.

Nýja þilið er austan hafnarbakkans, og er ætlunin, að það þjóni flutningaskipum og vöruskemmur verði byggðar upp af því.

Vinna hófst 18. júní og lauk 12. nóvember 1975.

Framkvæmdakostnaður: 21.8 millj. kr.

FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR

Haldið var áfram undirbúningi dráttarbrautar. Á sínum tíma var keypt notuð dráttarbraut frá Danmörku til Fáskrúðsfjarðar. Hafði hún upphaflega verið byggð fyrir flutningaskip allt að 500 brt, en þegar hún var keypt hingað til lands var miðað við hámarksþunga 150 tonn vegna aldurs og ástands. Heimamenn gerðu fljótt kröfu um, að þessi hámarksþungi yrði miklu hærri og nú síðast, að undirbúningur og undirstöður yrðu miðaðar við minni gerð skuttogara, en það mun auka kostnað mikið.

Á s.l. sumri var efnið í dráttarbrautina yfirfarið og sandblásið. Einnig var keypt efni í undirstöður brautarinnar og flutt austur.

Vinna hófst 14. júní 1975 og var lokið 28. október.

Framkvæmdakostnaður: 18.3 millj. kr.

STÖÐVARFJÖRÐUR

Haldið var áfram breikkun hafnargarðsins með grjótvörn og fyllingu, magn um 3 500 m³.

Gengið var frá lögnum og steypt þekja, 1 900 m². Við þessa framkvæmd batnar athafnasvæðið niður með frystihúsinu mikið. Miklu rýmra verður fyrir alla umferð auk þess sem ágjöf minnkar.

Vinna hófst 15. júní og lauk 18. október 1975.

Framkvæmdakostnaður: 15.0 millj. kr.

BREIÐDALSVÍK

Hafnar voru framkvæmdir við nýja hafskipabryggju utan þeirrar eldri, sem er trébryggja utan á garði úr steyptum kerjum. Keyrður var út um helmingur fyrirhugaðs garðs eða um 15 000 m³ af sprengdu grjóti og kjarna. Hluti af þessu fór í uppfyllingu meðfram landi milli gamla hafnargarðsins og þess nýja.

Einnig var endurbætt grjótvörn á gamla hafnargarðinum, trébryggjan endurbætt og sett upp lýsing og raflögn.

Verkið hófst 19. júlí 1975 og var vinnu hætt 20. des.

Framkvæmdakostnaður: 17.0 millj. kr.

DJÚPIVOGUR

Gengið var frá raflögnum og lýsingu á nýja stálþilskantinum.

Framkvæmdakostnaður: 0.5 millj. kr.

HORNAFJÖRÐUR

Haldið var áfram við stálþilskantinn við nýja frystihúsið. Steyptur var 160 metra kantbiti Gengið var frá vatnslögn, frárennsli, lýsingu og raflögn. Síðan var steypt 2 500 m² þekja.

Við þessa framkvæmd er löndunaraðstaða á Hornafirði orðin ein sú besta á landinu. Hægt verður að landa beint inn í hið nýja frystihús.

Þessi framkvæmd var að hluta fjármögnuð með láni frá Alþjóðabankanum.

Vinna hófst 7. maí og lauk 17. október 1975.

Framkvæmdakostnaður: 18.6 millj. kr.

VESTMANNAEYJAR

Haldið var áfram dýpkun í höfninni á vegum Viðlagasjóðs. Á Nausthamarsbryggju var lögð vatnslögn, endurbætt lýsing og raflögn. Byrjað var á dýpkun við Básaskersbryggju vegna væntanlegrar ferjubryggju.

Framkvæmdir í Vestmannaeyjahöfn hafa einungis miðast við nauðsynlegustu lagfæringar eftir gosið, en ekki stækkun hafnarrýmis eða kanta. Þar sem miklu betra skjól er nú innan hafnar en var fyrir gos, er nú hægt að nýta betur hafnarkanta, og má því segja, að raunveruleg aukning hafnaraðstöðu hafi orðið við gosið.

Unnið var í smááföngum allt árið.

Framkvæmdakostnaður: 12.0 millj. kr.

EYRARBAKKI

Unnið hefur verið að rannsóknum og athugunum á Eyrarbakka. Hefur framkvæmdum við fyrirhugað stálþil verið frestað í bili, þar sem ekki fengust nægar fjárveitingar til þess verks. Efni í stálþilið er þegar komið til landsins.

Leitað hefur verið lausnar við að skapa meiri kyrrð í höfninni. en op er í gegnum skjólgarðinn til að koma í veg fyrir að höfnin fyllist af sandi.

Vinna hófst 20. janúar og lauk 19. febrúar.

Framkvæmdakostnaður: 5.0 millj. kr.

GRINDAVÍK

Haldið var áfram framkvæmdum, sem fjármagnaðar voru með láni frá Alþjóðabankanum.

Dýpkunarskipið Grettir byrjaði gröft í Grindavíkurhöfn og innsiglingu í síðari hluta ágúst, en þá hafði verið unnið að borunum og sprengingum frá júlíbyrjun.

Fyrst var grafið í innsiglingunni og síðan inni í höfninni sjálfri. Samtals voru sprengdir og grafnir upp 12 000 m³.

Með þessu er að mestu lokið þeim framkvæmdum, sem fjármagnaðar hafa verið að hluta með láni frá Alþjóðabankanum. Hafa þær framkvæmdir gerbreytt höfninni, aukið viðlegukanta um 500 metra, bætt athafnasvæðið með lögnum, malbikun og steyptum þekjum.

Höfnin hefur verið dýpkuð í 4.5—5.0 metra dýpi og voru grafnir upp um 72 000 m³ af föstu efni og dælt upp 170 000 m³ af lausu efni.

Framkvæmdakostnaður: 154.1 millj. kr.

SANDGERÐI

Byrjað var á byggingu grjótvarnargarða í ágúst 1974 og var því verki haldið áfram allt til nóvemberbyrjunar árið eftir. Meðal annarra ástæðna fyrir því, að þessu verki var haldið áfram allan veturinn var, að óvenju góð grjótnáma fannst stutt frá höfninni og verkið gekk mjög vel. Á þessu stigi var því einnig ákveðið að byggja meiri varnargarða en upphaflega var áætlað og skapa skjól í höfninni fyrir öllum áttum.

Unnið var frá janúarbyrjun 1975 og vinnu hætt 2. okt.

Framkvæmdakostnaður: 104.0 millj. kr.

HAFNIR

Sett voru upp innsiglingarmerki og lýsing á hafnarbakka. Ekki hefur neitt verið unnið við fyrirhugaða dýpkun ennþá.

Vinna hófst 7. júlí 1975 og hætt 10. desember.

Framkvæmdakostnaður: 5.4 millj. kr.

VOGAR

Lögð var vatnslögn fram hafnargarðinn og út á hafnarbakkann. Gengið var frá kanttrjám á hafnarbakka.

Vinna hófst 24. febrúar 1975 og lauk 7. júní.

Framkvæmdakostnaður: 3.0 millj. kr.

HAFNARFJÖRÐUR

Vinna hófst við stálþilsgarðinn í Suðurhöfninni strax í byrjun ársins, en efnið í stálþilið hafði komið árið áður. Var unnið við verkið fram í júlí. Var þá lokið við að reka niður þilið, ganga frá festingum og fylla með hrauni. Búið var nokkuð að undirbúa steypu kants. Verkið gekk allvel og eftir áætlun. Þilið er alls 285 metra langt, hluti þess miðaður við 6 metra dýpi og hluti við 2.5 metra.

Unnið var frá byrjun janúar til 9. júlí 1975.

Framkvæmdakostnaður: 48.6 millj. kr.

B. LANDSHAFNIR

Tölur um heildarfjármagn til framkvæmda í landshöfnum er að finna í töflu 1 í fskj., en samkvæmt henni var alls varið til þeirra framkvæmda 829.2 millj. kr. árið 1975.

Landshöfn Keflavík-Njarðvík

Í lok maímánaðar var hafin vinna við styrkingu og lengingu ytri hafnargarðsins í Njarðvík. Eftir allvíðtækar rannsóknir á grjótnámsmöguleikum var ákveðið að hefja grjótnám rétt við vegamót Sandgerðis og Gerðavegarins, norðan Keflavíkur.

Grjótnám þetta hefur reynst prýðilega. Alls voru unnir um 78 000 m³, og var meðalverð tæpar 1100 kr. á m³.

Verkið stóð fram yfir miðjan desembermánuð og var garðurinn þá alls um 165 m langur. Gert var ráð fyrir, að verkinu yrði haldið áfram á árinu 1976.

Hér var aðeins um byrjunarframkvæmdir að ræða, en þegar er mikið gagn að garðinum, þar sem ágjöf inn yfir garðinn hefur horfið. Einnig hefur kyrrt nokkuð í bátakvínni.

Heildarkostnaður var 87.1 m.kr. og þar af verulegar upphæðir sem lánaðar voru af tækja- og bifreiðaeigendum.

Landshöfn á Rifi.

Á Rifi var unnið að tveimur framkvæmdum. Önnur þeirra var dýpkun við bátabryggjuna. Hákur vann það verk á tímabilinu 17. til 29. október. Alls var dælt um 9 600 m³. Við dýpkun þessa hefur rýmkað mjög í bátahöfninni og aðstaða fyrir smábáta batnað mjög.

Hin framkvæmdin var lenging syðri hafnargarðsins. Var hann lengdur um rúmlega 40 m alls og endað í stálþilsbrúsa. Verkið var unnið á tímabilinu frá 16. sept. og fram yfir áramót. Eftir lenginguna er syðri hafnargarðurinn kominn í endanlegt horf. Hefur kyrrst mjög í höfninni, sérstaklega í suðlægum áttum.

Kostnaður við dælinguna var um 4.8 millj. kr., en heildarkostnaður við framkvæmdir á Rifi var 22.5 m.kr. Efni í brúsann er ekki talið með, en það var fengið að láni frá Akureyri og verður greitt á árinu 1976.

Landshöfn í Þorlákshöfn.

Í Þorlákshöfn var haldið áfram framkvæmdum. Að þeim vann verktakinn Ístak hf. samkvæmt verksamningi, sem gerður var á árinu 1974. Verkið gekk samkvæmt áætlun og var lokið við byggingu Suðurgarðsins um áramót 1975—76.

Þá var einnig lokið framleiðslu steyptra eininga (dolosa). Byrjað var að aka út grjóti í norðurgarð.

Engir óvæntir atburðir komu upp varðandi þetta verk, og hefur það gengið eins vel og frekast mátti búast við.

Um áramót höfðu alls verið unnir tæplega 300 000 m³ af grjóti, og af því magni voru þegar komnir í norður- og suðurgarðinn 265 000 m³. Alls voru steyptir tæplega 3 000 dolosar og af þeim voru rúmlega 2 600 þegar komnir í suðurgarðinn, en afgangurinn verður settur á enda norðurgarðsins.

Í óveðrinu í byrjun nóvember varð ekkert tjón á hafnargörðunum í Þorlákshöfn né á bátum í höfninni.

Kostnaður greiddur á árinu var 719.6 millj. kr.

C. FERJUBRYGGJUR

Af ferjubryggjum var fyrst og fremst unnið við lok bryggjunnar í Vigur. Þar hafði verið komið fyrir steyptu keri, en landgang vantaði. Var lokið við það verk.

Kostnaður var alls 4.4 millj. kr. og greidd skuld að upphæð 2.4 m.kr.

Þá var unnið að ýmsum smærri framkvæmdum og lagfæringum á öðrum bryggjum við Ísafjarðardjúp.

Fylgiskjal.

Tafla 1. Hafnarframkvæmdir 1975.

I. Almennar hafnir: (Fjárhæðir í þús. kr.)

Höfn	Verkefni	Ríkis-hl. %	Heildarkostnaður	Ríkishluti
Akranes	Ferjubryggja	75	60 000	45 000
Akureyri	Vöruhöfn (stálþil)	75	90 000	67 500
Arnarstapi	Rannsóknir	75	500	375
Bakkafjörður	Viðgerð garðs. Kostnaður 11.2 m.kr., greitt af Hafnabótasjóði			
Bíldudalur	Rannsóknir	75	600	450
Blönduós	Frágangur	75	500	375
Bolungarvík	Malbikað hafnarsv., lýsing o. fl.	75	11 000	8 250
Borgarfjörður eystri	Grjótgarður við Höfn	75	17 600	
	Þekja á ker o. fl.	75	3 800	
			21 400	16 050
Breiðdalsvík	Grjótg. og fylling, raflögn	75	17 000	12 750
Búðir, Fáskr.firði	Dráttarbraut	40	18 300	7 320
Dalvík	Dýpkun m. Hák	75	9 000	
	Hafnarvog	40	4 200	
			13 200	8 430
Djúpivogur	Raflögn og lýsing	75	500	375
Drangsnes	Raflögn, mælingar	75	200	150
Eskifjörður	Frágangur rafmagns	75	400	300
Eyrarbakki	Stálfestingar, rannsóknir o. fl.	75	5 000	3 750
Flateyri	Stálþil (auk þess viðg. v/tjóns á stálþili 11,5 m.kr.)	75	18 500	13 875
Grundarfjörður	Grjótgarður	75	47 000	35 250
Hafnarfjörður	Stálþil o. fl.	75	41 600	
	Hafnarvog	40	7 000	
			48 600	34 000
Hafnir í Höfnum	Innsiglingarmerki og lýsing	75	5 400	4 050
Hauganes	Grjótvörn	75	8 300	6 225
Hofsós	Stálþil	75	20 000	15 000
Hrísey	Styrktur grjótgarður	75	2 700	2 025
Húsavík	Vatns- og rafl., frág. þvergarðs	75	16 700	12 525
Hvammstangi	Grjótgarður, trébryggja o. fl.	75	22 200	16 650
Höfn í Hornafirði	Steypt þekja, kantur, rafl. o. fl.	75	18 600	13 950
Ísafjörður	Stálfestingar, rannsóknir	75	3 300	2 475
Neskaupstaður	Grafin ný höfn, stálþil o. fl.	75	127 600	95 700
Ólafsfjörður	Dýpkun m. Hák. o. fl.	75	37 200	27 900
Ólafsvík	Dýpkun	75	26 100	
	Frágangur stálþils	75	3 600	
	Hafnarvog og hús	40	5 000	
			34 700	24 275
Patreksfjörður	Frágangur stálþils, steypt þekja	75	9 000	6 750
Reyðarfjörður	Stálþil	75	21 400	16 050
Sandgerði	Grjótgarðar	75	104 000	78 000
Sauðárkrókur	Stálþil	75	44 000	33 000
Seyðisfjörður	Breytingar v/ferjulægis o. fl.	75	2 500	1 875
Siglufjörður	Rannsóknir	75	1 000	750
Skagaströnd	Grjótvörn og rannsóknir	75	2 200	1 650
Stokkseyri	Frágangur	75	200	150
Stykkishólmur	Staurabryggja og kantur	75	40 000	30 000
Stöðvarfjörður	Grjótvörn, fylling, lagnir, þekja	75	15 000	11 250
Súðavík	Mælingar o. fl.	75	1 000	750
Suðureyri	Mælingar, dufl o. fl.	75	800	600
Tálknafjörður	Mælingar	75	500	375
Vestmannaeyjar	Dýpkun, lagnir o. fl.	75	12 000	9 000
Vogar	Verklok	75	3 000	2 250
Vopnafjörður	Boranir og mælingar	75	2 300	1 725
Þingeyri	Verklok v/dælingar	75	300	225
	Samtals		908 600	669 375

Tafla 1. Hafnarframkvæmdir 1975. (frh.)

(Fjárhæðir í þús. kr.)

Höfn	Verkefni	Ríkis-hl %	Heildarkostnaður	Ríkishluti
II. Sérstakar framkvæmdir:				
Grindavík	Dýpkun m. Gretti o. fl. Alþjb. lán ...	75	154 100	115 575
Karlsey	Trébryggja, dýpkun, stálþil (fjármagnað af iðnaðarráðun.)		85 500	
III. Landshafnir:				
Keflavík-Njarðvík	Grjótgarður, vatnslögn		87 100	
Rif	Dýpkun, grjótg., stálbrúsi		22 500	
Þorlákshöfn	Grjótgarður, stálþil		719 600	
		Samtals	829 200	
IV. Reykjavíkurhöfn:				
	Framkvæmdir í Sundahöfn		55 000	
	Ferjulægi		10 000	
	Ýmsar framkvæmdir		7 000	
		Samtals	72 000	
V. Ferjuhafnir:				
Vigur	Ker og bryggja		4 400	
	Framkvæmdir alls 1975		**2 053 800**	

Tafla 2. Staða ríkissjóðs gagnvart hafnarsjóðum í árslok 1975.

(Fjárhæðir í þús. kr.)

Hafnir	Staða við ríkissjóð í árslok 1974		Ríkishluti framkv. 1975	Fjárveiting 1975	Staða við ríkissjóð í árslok 1975	
	Vangreitt	Ofgreitt (ofveitt)			Vangreitt	Ofgreitt (ofveitt)
1. Akranes	12 367		45 000	36 000	21 367	
2. Akureyri	8 801		67 500	46 200	30 101	
3. Arnarstapi		4 280	375	3 200		7 105
4. Árskógssandur	360		0	400		40
5. Bakkafjörður	70		0	100		30
6. Bíldudalur			450	1 000		550
7. Blönduós	4 613		375	2 700	2 288	
8. Bolungarvík	1 670		8 250	9 200	720	
9. Borgarfj. eystri		6 613	16 050	8 500	937	
10. Borgarnes			0	0		
11. Breiðdalsvík	16		12 750	15 000		2 234
12. Búðir, Fáskrúðsf.		4 100	7 320	7 600		4 380
13. Dalvík		1 368	8 430	6 500	562	
14. Djúpivogur		1 561	375	0		1 186
15. Drangsnes	7 499		150	6 100	1 549	
16. Eskifjörður	3 191		300	2 900	591	
17. Eyrarbakki		3 400	3 750	6 300		5 950
18. Flateyri		4 425	13 875	18 000		8 550
19. Gerðar		25	0	0		25
20. Grenivík		249	0	0		249
21. Grímsey		1 925	0	0		1 925
22. Grundarfjörður		14 820	35 250	11 000	9 430	
23. Hafnarfjörður		3 841	34 000	34 950		4 791
24. Hafnir í Höfnum		3 800	4 050	3 000		2 750
25. Hauganes			6 225	3 000	3 225	
26. Hellnar		30	0	0		30
27. Hofsós		3 438	15 000	13 100		1 538
28. Hólmavík			0	0		
29. Hrísey		3 816	2 025	0		1 791
30. Húsavík	8 624		12 525	17 600	3 549	
31. Hvammstangi	3 791		16 650	22 100		1 659
32. Höfn í Hornaf.	13 655		13 950	34 900		7 295
33. Ísafjörður	10 133		2 475	4 400	8 208	
34. Kópasker			0	0		
35. Neskaupstaður	1 556		95 700	6 600	90 656	
36. Ólafsfjörður	7 820		27 900	13 500	22 220	
37. Ólafsvík	1 682		24 275	20 360	5 597	
38. Patreksfjörður		5 122	6 750	6 850		5 222
39. Raufarhöfn	46		0	0	46	
40. Reyðarfjörður		1 250	16 050	16 750		1 950
41. Sandgerði		22 615	78 000	36 100	19 285	
42. Sauðárkrókur	9 389		33 000	39 400	2 989	
43. Seyðisfjörður	80		1 875	900	1 055	
44. Siglufjörður		568	750	0	182	
45. Skagaströnd	14 113		1 650	15 700	63	
46. Stokkseyri	491		150	9 000		8 359
47. Stykkishólmur		15 810	30 000	5 000	9 190	
48. Stöðvarfjörður	2 963		11 250	13 500	713	
49. Súðavík		50	750	0	700	
50. Suðureyri	5 813		600	6 000	413	
51. Tálknafjörður	5		375	0	380	
52. Vestmannaeyjar	1 825		9 000	12 800		1 975
53. Vogar	130		2 250	1 600	780	
54. Vopnafjörður			1 725	0	1 725	
55. Þingeyri	5 270		225	5 300	195	
56. Þórshöfn	796		0	800		4
Alls	**126 769**	**103 106**	**669 375**	**523 910**	**238 716**	**69 588**

Tafla 3. Fjárveitingar til hafnarframkvæmda.

		Þús. kr.
Almennar hafnir samkv. töflu 2		523 910
Grindavík; fjárv. af Alþjb.láni og frá ríkissjóði 1973–1975		187 587
Landshafnir:		
Keflavík–Njarðvík	50 000	
Rif	35 000	
Þorlákshöfn	715 681	
		800 681
Ferjuhafnir:		
Brjánslækur	200	
Múlanes	1 000	
Gemlufall	2 000	
Vigur	5 000	
Svefneyjar	1 000	
Viðhald	800	
		10 000
Samtals		1 522 178
Karlsey:		
Fjárv. frá iðnaðarráðuneyti		63 000

Tafla 4. Fjárveitingar til sjóvarnargarða.

	Þús. kr.
Akranes	300
Álftanes	300
Bessastaðatjörn	300
Eyrarbakki	300
Flateyri	200
Garðskagi	300
Garður	200
Grótta	200
Höfn í Hornafirði	200
Innri Akraneshreppur	50
Melar í Melasveit	50
Miðneshreppur	300
Sauðárkrókur	200
Seltjarnarnes	300
Vestmannaeyjar	300
Alls	3 500

Tafla 5. Gengisbætur ríkissjóðs á hafnalán árið 1975.

(Í þús. kr.)

Akureyri	174	Mjóifjörður	12
Árskógssandur	39	Neskaupstaður	342
Bíldudalur	388	Ólafsfjörður	114
Bolungarvík	574	Ólafsvík	353
Borgarfj.-eystri	109	Patreksfjörður	615
Búðardalur	60	Reyðarfjörður	133
Dalvík	47	Sandgerði	230
Eskifjörður	138	Sauðárkrókur	144
Eyrarbakki	298	Seyðisfjörður	310
Flatey á Skjálfanda	302	Siglufjörður	74
Flateyri	338	Skagaströnd	20
Grenivík	30	Stykkishólmur	109
Grindavík	293	Súðavík	60
Grundarfjörður	38	Suðureyri	434
Hafnarfjörður	369	Tálknafjörður	90
Hólmavík	75	Vestmannaeyjar	298
Hrísey	39	Vopnafjörður	258
Húsavík	255	Þingeyri	543
Ísafjörður	50	Þórshöfn	245
		Alls	8 000

Nd. 855. Nefndarálit [233. mál]

um frv. til laga um norræna vitnaskyldu.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 17. maí 1976.

Ellert B. Schram, form., frsm.	Gunnlaugur Finnsson, fundaskr.	Friðjón Þórðarson.
Ingólfur Jónsson.	Svava Jakobsdóttir.	Páll Pétursson.
	Sighv. Björgvinsson.	

Nd. 856. Nefndarálit [234. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði, sbr. lög nr. 33 26. apríl 1963.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 17. maí 1976.

Ellert B. Schram, form., frsm.	Gunnlaugur Finnsson, fundaskr.	Friðjón Þórðarson.
Ingólfur Jónsson.	Svava Jakobsdóttir.	Páll Pétursson.
	Sighv. Björgvinsson.	

Nd. **857. Lög** [185. mál]

um sérstakt lögsagnarumdæmi í Austur-Skaftafellssýslu.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 388.

Nd. **858. Lög** [20. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán Landsvirkjunar og til að taka lán og endurlána það Landsvirkjun til virkjana í Tungnaá.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 661.

Nd. **859. Lög** [252. mál]

um breyting á lögum nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. lög nr. 2 11. febr. 1970 og lög nr. 66 30. apríl 1973, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 662.

Nd. **860. Lög** [182. mál]

um undirbúningsfélag saltverksmiðju á Reykjanesi.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 719 (sbr. 376).

Nd. **861. Frumvarp til laga** [236. mál]

um skotvopn, sprengiefni og skotelda.

(Eftir 3. umr. í Ed., 17. maí.)

Samhljóða þskj. 484 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:
Enginn má framleiða skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda nema með leyfi dómsmálaráðuneytisins. Heimilt er þó handhafa skotvopnaleyfis að hlaða skothylki í þau vopn, er hann hefur leyfi fyrir.

7. gr. hljóðar svo:
Enginn má flytja til landsins skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda nema með leyfi dómsmálaráðuneytisins. Heimilt er dómsmálaráðherra að fela lögreglustjórum að veita slík leyfi. Eigi skal heimilt að flytja til landsins til sölu skotvopn sem hlaða sig sjálf (sjálfvirkar byssur).
Leyfi samkvæmt 1. mgr. skal ætíð gefið út fyrir ákveðinni tegund og magni skotvopna, skotfæra, sprengiefna eða skotelda. Óheimilt er að tollafgreiða greindar vörur fyrr en leyfi samkvæmt 1. mgr. liggur fyrir.
Dómsmálaráðherra getur sett frekari reglur um innflutning ofangreindra efna og tækja, þar á meðal hvaða efni og tæki megi flytja til landsins.

13. gr. hljóðar svo:
Óheimilt er þeim, sem versla með skotvopn eða sprengiefni, að nota það nema með leyfi viðkomandi lögreglustjóra.

18.gr. hljóðar svo:
Eigendum skotvopna er óheimilt að selja, gefa eða afhenda á annan hátt skotvopn til eignar nema viðtakandi sýni fram á, að hann hafi leyfi lögreglustjóra, sbr. 14. gr.
Eigendum skotvopna er óheimilt að lána til afnota skotvopn nema þeim, sem leyfi hafa til að nota sams konar skotvopn. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um, að eiganda skotvopns sé heimilt að lána það eða láta af hendi í ákveðnum tilvikum.

20. gr. hljóðar svo:
Þeir, sem fara með eða nota skotvopn, skulu ætíð gæta fyllstu varúðar.
Óheimil er meðferð skotvopna, sé viðkomandi undir áhrifum áfengis eða annarra vímugjafa.
Eigi má hleypa af skoti á vegum, yfir vegi, á almannafæri eða annars staðar, þar sem hætta getur stafað af, nema nauðsyn krefji.
Eigi má maður hleypa af skoti á annars manns landi eða skjóta yfir annars manns land án leyfis landeiganda eða ábúanda nema lög mæli öðru vísi fyrir um. Mál út af þessari málsgrein skal því aðeins höfða, að sá krefjist, sem misgert var við.

Nd. 862. Frumvarp til laga [288. mál]

um virkjun Blöndu í Blöndudal, Austur-Húnavatnssýslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.
Ríkisstjórninni er heimilt að fela væntanlegri Norðurlandsvirkjun eða öðrum aðila að reisa og reka vatnsaflsstöð við Blöndu í Blöndudal í Austur-Húnavatnssýslu með allt að 150 MW afli og gjöra nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæði árinnar til að tryggja rekstur virkjunarinnar. Ennfremur að leggja aðalorkuveitu frá orkuverinu til tengingar við aðalstofnlínu Norðurlands og meiriháttar iðjuvera.

2. gr.
Fella skal niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, tækjum, vélum og aðalorkuveitum til virkjunarinnar sbr. 1. gr. Niðurfelling gjalda samkvæmt 1. mgr. nær ekki til vinnuvéla vegna framkvæmdanna. Fjármálaráðherra er þó heimilt að fresta innheimtu aðflutningsgjalda og söluskatts af þeim, eða hluta þeirra, gegn þeim tryggingum, sem hann metur gildar. Gjöld þessi falla niður, ef vélarnar og tækin eru flutt úr landi að loknum framkvæmdum. Að öðrum kosti skulu gjöldin miðast við matsverð véla og tækja.

3. gr.
Um stofnun og rekstur orkuvers og orkuveitu, sem um getur í 1. gr., fer að öðru leyti eftir ákvæðum Orkulaga nr. 58 29. apríl 1967.

4. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta gerir ráð fyrir að heimila ríkisstjórninni að láta reisa og reka vatnsaflsvirkjun í Blöndudal í Austur-Húnavatnssýslu með allt að 150 MW afli.

Eftir þeim rannsóknum og áætlunum, sem þegar hafa verið gerðar, er Blönduvirkjun í hópi hagkvæmustu vatnsaflsvirkjana á Íslandi. Hún hefur einnig þann kost að vera utan hinna eldvirku svæða. Stærstu raforkuver landsins liggja á eldvirkum svæðum. Því fylgir áhætta eins og gamlir og nýir atburðir minna á. En um leið og áhættu verður að taka til þess að nýta vatns- og varmaorku landsins, er það mikilvægt að upp rísi raforkuver utan eldvirknisvæðanna og að því verður að stefna. Þar er Blönduvirkjun fremst í flokki, ein álitlegasta virkjun utan þeirra svæða.

Meðal annarra kosta virkjunarinnar eru mjög góðir miðlunarmöguleikar, sem stuðla að betri nýtingu virkjunarinnar milli árstíða og auknu rekstraröryggi.

Þá er Blönduvirkjun vel staðsett gagnvart aðalorkuflutningslínu milli Suður- og Norðurlands. Samtengingu landshluta fylgir sá kostur að vatnsorkan nýtist betur vegna þess, að rennsli vatnsfalla í mismunandi landshlutum fylgist ekki að. Þannig hafa rannsóknir sýnt, að stórt orkuver á Norðurlandi, rekið í tengslum við kerfið á Suðvesturlandi, stuðlar að betri nýtingu vatnsorkunnar í þeim landshluta en vera myndi ef S-V-landskerfi vinnur eitt sér.

Flestar stórvirkjanir landsins hafa verið reistar á Suðvesturlandi. Verður að teljast æskilegt að reist verði stór vatnsaflsvirkjun í öðrum landshluta.

Kostir Blönduvirkjunar eru því í senn fólgnir í öryggi, hagkvæmni og heppilegri staðsetningu með tilliti til flutningslína og byggðasjónarmiða.

Samkvæmt þeirri frumáætlun um virkjun Blöndu frá árinu 1975, sem nú liggur fyrir er í stórum dráttum gert ráð fyrir eftirfarandi virkjunartilhögun:

Fyrirhugað er að stífla Blöndu um tveimur km neðan ármóta Sandár. Á myndum 1 og 2 er sýnd staðsetning virkjunarinnar og helstu mannvirki. Stíflan er jarðstífla með þéttikjarna úr jökulruðningi. Hæst verður stíflan 44 m í farvegi Blöndu milli Reftjarnarbungu að austan og Lambasteinsdrags að vestan. Einnig þarf að stífla farveg Kolkukvíslar milli Kolkuhóls og Áfangafellshala og lágar stíflur verða í Fellaflóa við suðurenda Áfangafells og e. t. v. milli Áfangafellshala og Áfangafells.

Austan Blöndu verður lítil stífla í Galtarárflóa sunnan Reftjarna. Á byggingartíma er ráðgert að veita ánni um botnrás á austurbakka.

Frá miðlunarlóni ofan stíflu verður veituskurður að Þrístiklu með lokuvirki í stíflu norðan Kolkuhóls. Vatnsborð Þrístiklu verður hækkað lítið eitt með jarðstíflu í Fannlæk neðan Smalatjarnar og verður þá samfellt lón þaðan að áðurnefndum veituskurði.

Frá Smalatjörn verður stuttur veituskurður norður í efstu drög að Stuttalæk, sem fellur í Austara-Friðmundarvatn. Engin loka verður í þessum skurði, en þröskuldur, sem takmarkar lægstu vatnsstöðu í Þrístiklulóni.

Úr Austara-Friðmundarvatni fellur vatnið um Fiskilæk í Gilsvatn, sem verður inntakslón virkjunarinnar. Gilsá er stífluð skammt neðan við vatnið og núverandi vatnsborð hækkað um nærri tvo metra. Verður þá einnig að stífla í lægð austan við sunnanvert vatnið. Í farvegi Gilsár verður steinsteypt yfirfall og botnrásarloka, en stíflan verður að öðru leyti úr jarðefnum.

Inntaksskurður virkjunarinnar frá Gilsvatni að Selbungu verður um 7 km langur. Inn í skurðinn er vatnið tekið um hjólaloku og verður um 4.6 m hæðarmunur á vatnsborði ofan og neðan loku. Skurðurinn liggur um flá milli Gilsár og Sléttárdals, þar sem jarðstíflur verða beggja vegna hans, og síðan austan við Stórabarð og Selbungu að inntaki í fallgöng. Við suðurenda myndast lítið lón ofan við jarðstíflu. Í jarðstíflunni verður steinsteypt inntaksvirki með geiraloku.

Að stöðvarhúsi, sem ráðgert er neðanjarðar, verða lóðrétt, hringlaga aðrennslisgöng. Frárennslisgöng verða niður í farveg Blöndu, þar sem hún er í 90 m hæð yfir sjávarmál, 0.7 km ofan við brúna hjá Syðri-Löngumýri.

Á fylgiskjali 1 og 2 eru sýndar helstu einkennistölur virkjunarinnar og áætlaður kostnaður.

Fulltrúar iðnaðarráðuneytisins í samstarfsnefnd ráðuneytisins og Náttúruverndarráðs um umhverfismál óskuðu eftir að ráðið lýsti viðhorfum sínum til virkjunar við Blöndu.

Í svari sínu segir Náttúruverndarráð meðal annars:

„Á þessu stigi getur Náttúruverndarráð tekið fram, að það sér ekki fram á neina meiri háttar árekstra að því er varðar náttúruminjar eða fyrirhugaðar friðlýsingar og gerir að svo stöddu ekki athugasemdir við þær hugmyndir um virkjunartilhögun, sem fram koma í skýrslum Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen „Um virkjun Blöndu I og II“ frá maí og júní 1975. Hins vegar áskilur ráðið sér rétt til frekari umfjöllunar þegar niðurstöður náttúruverndarkönnunar liggja fyrir og þegar nánari útfærsla virkjunartilhögunar hefur verið ákveðin.“

Umhverfisáhrifin eru einkum fólgin í því, að beitiland glatast undir uppistöðulónið. Sérfræðingar Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins, Dr. Björn Sigurbjörnsson og Yngvi Þorsteinsson, magister, hafa gert grein fyrir rannsóknum stofnunarinnar á beitartapi á lónstæðinu. Samkvæmt niðurstöðum þeirra er unnt að bæta beitartjón af völdum lónsins með því að rækta upp örfoka land í nágrenni þess, en á þeim stöðum hefur Rannsóknastofnun landbúnaðarins haft með höndum uppgræðslutilraunir um nokkur undanfarin ár. Tilraunir þessar sýna að slík uppgræðsla er möguleg.

Í apríl 1975 var áætlanagerð um virkjun Blöndu það langt komið að iðnaðarráðherra ákvað að kynna heimamönnum áform um hugsanlega virkjun.

Ráðherra boðaði til fundar að Blönduósi 25. apríl 1975. Fundinn sátu sveitarstjórnarmenn, bændur o. fl. aðilar í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslu, sem hagsmuna töldu sig eiga að gæta við gerð virkjunarinnar, samkvæmt þeim áætlunum sem þá lágu fyrir. Var málið kynnt frá ýmsum hliðum af ráðherra og þeim sérfræðingum sem unnið höfðu að undirbúningi þess. Hér var um að ræða nýlundu í vinnubrögðum að kynna fyrir heimamönnum áform um virkjunina á frumstigi málsins og kanna viðhorf þeirra.

Í framhaldi af þessu voru eftir ábendingu heimamanna athugaðar ýmsar breytingar á virkjunartilhögun. Voru niðurstöður kynntar á fjölmennum fundum í júlímánuði að Húnavöllum og Varmahlíð.


Síðan hafa verið haldnir fundir með heimamönnum í héraði og í iðnaðarráðuneytinu. Hefur verið rætt ýtarlega um tilhögun bóta fyrir þá röskun á aðstöðu, sem virkjunin kann að skapa bændum á svæðinu, og samin drög að samkomulagi, sem birt er hér sem fylgiskjal 3.

Samanburður á orkuspám og vinnslugetu núverandi vatnsorkuvera að viðbættum Sigöldu- og Kröfluvirkjunum sýnir, að þessar virkjanir geta fullnægt raforkuþörfum skv. raforkuspá þeirri fyrir landið í heild sem rakin er í fylgiskjali 4 fram til 1982, en að þörf verður fyrir aflviðbót í kerfinu þegar 1980. Í þessari spá er einungis reiknað með þegar umsaminni stóriðju að viðbættum vexti almennrar notkunar og rafhitun þeirra landssvæða sem litla möguleika hafa á hitaveitu. Í henni er reiknað með hitaveitu á Akureyri og sumsstaðar á Vestfjörðum einnig.


Upp úr 1980 í síðasta lagi þarf því ný virkjun eða virkjanir að koma til. Það fer eftir þróun markaðsins hversu lengi sú virkjun endist. Komi enginn nýr orkufrekur iðnaður til mun ný stórvirkjun endast fram á síðari hluta áratugsins 1980—1990. Ef á hinn bóginn kemur til nýr stórnotandi í byrjun næsta áratugs t. d. norðanlands, getur svo farið að næsta virkjun og sú þarnæsta einnig verði fullnýttar jafnskjótt og sá notandi kemur til. Ef ekki verður um nýjan stórnotanda að ræða, en nokkra miðlungsstóra, en það kann að sumra mati að þykja æskilegri iðnþróun, þá má gera ráð fyrir að næsta virkjun verði fullnýtt nálægt miðjum næsta áratug eða fyrr, eftir stærð hennar.

Málið horfir þannig við, að iðnþróun á Íslandi, vöxtur almennrar raforkunotkunar og rafhitun þeirra landshluta er ekki eiga kost á jarðhita, geri það nauðsynlegt að reisa tvær stórar virkjanir fyrir miðjan næsta áratug.

Mynd 1


ORKUSTOFNUN
VIRKJUN BLÖNDU
AFSTÖÐUMYND
75.016. 101
ÍSLAND
VATNAJÖKULL
AKUREYRI
BLANDA
VATNASVIÐ
BLÖNDUÓS
REYKJAVÍK
SKAGA-
FJÖRÐUR
SAUÐÁRKRÓKUR
BLÖNDUÓS
BLANDA
ORKUVER
MIÐLUNARLÓN
Vatnasvið 1450 km²
HOFSJÖKULL
LANGJÖKULL
HÚNAFLÓI
Vegur til Akureyrar
Vegur til Reykjavíkur
N
30 km
20
10
0
10

Mynd 2


ORKUSTOFNUN
VIRKJUN BLÖNDU
Inntak
Fallgöng
Stöðvarhús
Frárennslisgöng
Gilsvatn
Blanda

Fylgiskjal I.

HELSTU EINKENNISTÖLUR

Vatnasvið:			
Blanda við sjávarmál	2 370	km²	
Blanda við Guðlaugsstaði	1 690	km²	
Blanda við Reftjarnarbungu	1 450	km²	
Vatnasvið virkjunar	1 507	km²	
Rennsli:			
Mesta rennsli til miðlunarlóns (áætlað)	1 450	kl/s	
Hönnunarflóð á yfirfalli (áætlað)	940	kl/s	
Meðalrennsli við Guðlaugsstaði (mælt)	42,0	kl/s	
Meðalrennsli til virkjunar (reiknað)	38,6	kl/s	
Miðlunarlón:			
Flatarmál við yfirfallshæð 478,2 m y.s.	56,5	km²	
Rúmmál við yfirfallshæð	445	Gl	
Nýtileg miðlun frá 478,2 að 465 m y.s.	415	Gl	
Aðrennslisgöng, stálfóðruð, hringlaga:			
Inntaksloka, geiraloka	6×5,5	m²	
Þvermál ganga	3,4	m	
Flatarmál	9,08	m²	
Vatnshraði við rennsli 48,75 kl/s	5,37	m/s	
Lengd lóðréttra ganga	310	m	
Stöðvarhús, neðanjarðar:			
Flatarmál stöðvarhellis	16×56	m²	
Flatarmál spennahellis	15×45	m²	
Hæð rafalagólfs	97,5	m y.s.	
Hæð vélasalsgólfs	101	m y.s.	
Aðkomugöng, lengd 1,6 km, flatarmál	32	m²	
Frárennslisgöng, ófóðruð, skeifulaga:			
Flatarmál ganga	32,1	m²	
Lengd ganga	5 400	m	
Svelgur	400	m²	
Venjulegt vatnsborð í svelg	98,9	m y.s.	
Venjulegt vatnsborð í útrennsli	90	m y.s.	
Vatnsvélar:			
Francishverflar á lóðréttum ás	3	stk.	
Rennsli	3×16,25	kl/s	
Fallhæð, netto	314	m	
Afl	3×62 700	hestöfl	
Snúningshraði	500	sn/mín.	
Nýtni við ástimplað afl	0,92		
Rafalar:			
Þriggja fasa, loftkældir á lóðréttum ás	3	stk.	
Afl	3×56 250	kVA	
Afl og orka:			
Virkjað rennsli	3×16,25	=	48,75 kl/s
Hönnunarfallhæð			314 m
Afl			135 MW
Rennsliorka			925 GWh/a
Viðbót orkuvinnslu eftir tengingu Norður- og Suðurlandskerfis			800 GWh/a

Fylgiskjal II.

VIRKJUN BLÖNDU 135 MW

Miðlun 415 Gl. Orkuvinnsla 800 GWh/a

Verðlag í maí 1976

	Mkr.
Vegagerð o. fl.	320,0
Jarðstífla við Reftjarnarbungu	883,7
Jarðstífla í Kolku	350,2
Jarðstífla í Fellaflóa	103,6
Jarðstífla í Galtarárflóa	9,2
Yfirfall við Reftjarnarbungu	219,4
Botnrás við Reftjarnarbungu	157,5
Veituskurður úr miðlunarlóni	226,3
Lokuvirki í veituskurði	66,5
Stífla við Smalatjörn	121,8
Yfirfallsþröskuldur	35,0
Stíflur við Gilsvatn	233,7
Botnrás og yfirfall við Gilsvatn	33,5
Inntak í aðrennslisskurð	38,8
Aðrennslisskurður	1 107,5
Yfirfall í skurði	9,8
Stöðvarinntak	145,0
Fallgöng	358,0
Stöðvarhús	722,6
Frárennsli	1 016,2
Stöðvarvarðahús	80,0
Vélar og rafbúnaður	1 960,0
Samtals:	8 198,3
Ófyrirséð 5% af 1 650 Mkr.	82,5
Ófyrirséð 15% af 6 548,3	982,2
Samtals:	9 263,0
Verðhækkanir	741,0
Samtals:	10 004,0
Hönnunar- og umsjónarkostnaður	1 000,0
Samtals:	11 004,0
Undirbúningskostnaður	286,0
Samtals	11 290,0
Vextir á byggingartíma	1 130,0
Heildarkostnaður vinnsluvirkja	12 420,0

Stofnkostnaður á afleiningu	92,0	Mkr/MW
Stofnkostnaður á orkueiningu	15,5	kr/kWh/a
Framleiðslukostnaður á kwst	2 04	kr/kwst

Fylgiskjal III.

DRÖG AÐ SAMKOMULAGI UM BÆTUR VEGNA BLÖNDUVIRKJUNAR

1. HLUNNINDI Í RAFORKU.
   Virkjunaraðilinn láti viðkomandi hreppum í té ókeypis raforku allt að 1200 kW.

2. RÆKTUN LANDS.
   Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og Landgræðsla ríkisins annist á kostnað virkjunaraðilans uppgræðslu á samtals 1000 hektörum af örfoka landi á Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði. Ræktun þessari verði lokið þegar lónstæði eru tilbúin. Eftir ræktun verði borið á þegar þess er talin þörf.
   Ráðstafanir verða gerðar til að bæta skemmdir af hugsanlegu landbroti meðfram strandlínu lónstæða.

3. SAMGÖNGUBÆTUR.
   Virkjunaraðilinn beiti sér fyrir bættum samgöngum inn á afréttina samkvæmt tillögum Vegagerðar ríkisins og nánara samkomulagi.

4. VEIÐI.
   Virkjunaraðilinn greiði viðkomandi veiðiréttareigendum fyrir spjöll á veiði samkvæmt samkomulagi eða mati.

5. VINNUBÚÐIR OG VEGAGERÐ.
   Virkjunaraðilinn hafi fullt samráð við heimamenn um staðsetningu vinnubúða og vegstæði.

6. VARSLA.
   Virkjunaraðilinn geri nauðsynlegar lagfæringar á vörslu vegna þeirra breytinga, sem framkvæmdir hafa í för með sér.

Fylgiskjal IV.

Orkuspá.

Meðfylgjandi drög að orkuspá eru unnin af Landsvirkjun fyrir Suður- og Vesturland, en Orkustofnun fyrir aðra landshluta. Spáin var gerð árið 1975 og byggir á orkusölu og framleiðslu til og með árinu 1974. Unnið er að því að endurskoða spána. Í spánni er tekið tillit til þeirra samninga, sem þegar hafa verið gerðir um sölu á raforku til stóriðju, en ekki talin með sú raforka, sem hugsanlega verður samið um síðar til notkunar í stóriðju eða til miðlungsstórra notenda. Um einstaka liði í spánni er þetta að segja:

Reiknað er með að íbúafjöldi vaxi um 1.5% árið 1975, en að fjölgunin verði minni í framtíðinni og verði komin niður í 1% árið 1990.

Rafhitun er áætluð þannig að landinu er skipt í hitaveitusvæði annars vegar og rafhitunarsvæði hins vegar, og er hver þéttbýliskjarni á landinu rannsakaður með tilliti til þessa, og eru um 22% af íbúum landsins nú taldir á rafhitunarsvæði, en þetta hlutfall er mjög mismunandi eftir landshlutum, og gæti breyst með frekari rannsóknum. Reiknað er með að allir þeir sem eru á rafhitunarsvæði muni fá rafhitun, en að þessu marki verði náð á mismunandi tímum í hinum ýmsu lands-

hlutum. Rafhitunarþörfin er talin 9 300 kWh á íbúa árið 1973 og vex um 1% á ári vegna aukins húsrýmis.

Þjónustugreinar eru skólar, sjúkrahús, verslanir, skrifstofur, hótel o. s. frv. Raforkunotkun í þjónustu er talin vaxa um 6% á mann á ári, eða vegna fólksfjölgunar um 7.5% árið 1975 en um 7% árið 1990.

Heimilisnotkun er öll raforkunotkun á heimilum utan rafhitunar, og er talin vaxa um 6% á íbúa á ári nú, en aukningin minnki í 5% árið 1990. Sé tekið tillit til fólksfjölgunar verður aukningin 7.5% árið 1975 en 6% árið 1990. Landsvirkjun reiknar í sinni spá með því að heimilisnotkunin mettist árið 1985 og verði þá 1 800—2 000 kWh á íbúa á ári. Í reynd er tiltölulega lítill munur á þessum aðferðum á því tímabili, sem spáin nær yfir.

Iðnaður er allur iðnaður utan stóriðju, sem er einungis á Suðvesturlandi. Aukningin í raforkunotkun iðnaðar er áætluð 11% nú, en minni árið 1990, eða 7%. Á svæði Landsvirkjunar er notkunin áætluð fyrir einstök svæði að lokinni upplýsingaöflun frá heimamönnum. Aukningin er áætluð misjöfn milli ára, en er nálægt 7% að meðaltali.

Önnur raforkusala er meðal annars til götulýsingar og súgþurrkunar. Aukningin er áætluð lág, eða 5 % á ári nú, en 3% árið 1990.

Raforkusala til almennra nota fæst með því að leggja saman þessa fimm liði í raforkunotkuninni, en aukningin milli ára er afleiðing af þeim forsendum, sem raktar eru hér að framan, um þróun einstakra liða. Þar sem reiknað er með hlutfallslega mestri rafhitun, þ. e. á Austurlandi og Vestfjörðum verður aukningin mest eða allt að 20% á ári.

Orkuvinnsla í rafstöð er raforkusala að viðbættum töpum og eiginnotkun rafveitna, sem eru 20% af orkuvinnslunni á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum en lægri á S-V-landi. Að gefnum forsendum um nýtingartíma rafstöðvanna má áætla aflþörfina, en þess ber að geta að samanlagt afl rafstöðva þarf að vera 20% hærra vegna hugsanlegra bilana og eðlilegs viðhalds.

Á svæði Landsvirkjunar eru fjórir stórir notendur, sem þegar hefur verið samið við um orkusölu, þ. e. Áburðarverksmiðjan, Álverið, Keflavíkurflugvöllur og Járnblendiverksmiðjan við Grundartanga. Áætluð raforkuþörf þeirra að viðbættum flutningstöpum er skráð í sérstaka dálka.

ÁÆTLUÐ RAFORKUNOTKUN Á ÖLLU LANDINU.

			Almenn notkun GWH							Sérnotkun GWH (töp innifalin)					
Ár	Íbúa-fjöldi	Raf-hitun	Þjón-usta	Heim-ili	Iðn-ur	Ann-að	Orku-sala	Töp	Orku-vinnsla	Áb. vksm.	Ál-ver	Keflv. flugv.	Járn-bl.v.	Orku-vinns.	Afl-Þörf MW
1976	222 969	262	85	246	260	58	910	205	1 115	147	1 272	76	0	2 610	411
1977	226 105	295	91	263	277	60	986	222	1 208	188	1 272	80	0	2 748	453
1978	229 214	324	98	284	300	63	1 068	235	1 303	188	1 364	85	212	3 152	517
1979	232 294	359	106	302	322	66	1 155	253	1 408	188	1 364	90	260	3 310	544
1980	235 343	389	113	325	348	69	1 243	274	1 517	188	1 364	95	260	3 424	575
1981	238 358	421	123	348	373	73	1 340	290	1 630	188	1 364	98	260	3 540	600
1982	241 338	451	132	371	400	77	1 430	308	1 738	188	1 364	101	260	3 651	625
1983	244 279	478	142	396	430	79	1 525	324	1 849	188	1 364	105	260	2 766	652
1984	247 180	503	154	419	460	82	1 619	343	1 962	188	1 364	107	260	3 881	675
1985	250 038	527	165	446	495	85	1 715	359	2 074	188	1 364	110	260	3 996	701
1986	252 851	546	178	465	526	89	1 803	374	2 177	188	1 364	114	260	4 103	724
1987	255 616	564	188	485	561	93	1 891	390	2 281	188	1 364	117	260	4 210	748
1988	258 332	581	201	505	595	96	1 978	406	2 384	188	1 364	121	260	4 317	771
1989	260 996	595	214	525	633	101	2 071	423	2 494	188	1 364	124	260	4 430	796
1990	263 606	609	230	546	672	105	2 163	438	2 601	188	1 364	128	260	4 541	820

Ed. 863. Frumvarp til laga [282. mál]

um löggilta endurskoðendur.

(Eftir 2. umr. í Ed., 17. maí.)

Samhljóða þskj. 749 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:

Ráðherra veitir löggildingu til endurskoðunar manni sem

1. er búsettur hér á landi,
2. er lögráða og hefur forræði fjár síns,
3. hefur lokið brottfararprófi frá viðskiptadeild Háskóla Íslands með endurskoðun sem kjörsvið,
4. hefur eftir 18 ára aldur unnið að alhliða endurskoðunarstörfum undir stjórn löggilts endurskoðanda samtals í þrjú ár, þar af a. m. k. eitt ár að loknu brottfararprófi frá viðskiptadeild, sbr. 3. tl.
5. hefur staðist prófraun skv. 3. gr.

Heimilt er að synja manni um löggildingu ef ákvæði 2. málsgreinar 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við hagi hans.

Ed. 864. Lög [90. mál]

um lántökuheimild til eflingar Landhelgisgæslunnar.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 774.

Nd. 865. Nefndarálit [257. mál]

um frv. til jarðalaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd hefur rætt efni frumvarpsins á fundum sínum.

Á Alþingi 1973—74 var frumvarp til jarðalaga til meðferðar í landbúnaðarnefnd neðri deildar og hafði nefndin skilað áliti og breytingartillögum og tryggt málinu meiri hluta fylgis gegnum báðar deildir, þegar þingið var rofið 1974.

Eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu hefur nefnd þingmanna úr stjórnarflokkunum ásamt Sveinbirni Dagfinnssyni ráðuneytisstjóra og Árna Jónassyni erindreka unnið að því síðastliðinn vetur að endursemja frumvörpin um jarðalög og ábúðarlög. Niðurstaðan varð sú, að um öll atriði náðist full samstaða, enda voru nefndarmenn sammála um það, að ekki mætti dragast lengur að lögfesta þessi frumvörp.

Við 1. umræðu málsins lagði landbúnaðarráðherra fram breytingartillögu við 26. gr. og mælir nefndin með samþykkt hennar.

Landbúnaðarnefnd leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem hún leggur fram á sérstöku þingskjali.

Við endanlega afgreiðslu málsins voru Benedikt Gröndal og Eðvarð Sigurðsson fjarstaddir.

Alþingi, 17. maí 1976.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.
Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr.
Pálmi Jónsson.
Ingólfur Jónsson.
Friðjón Þórðarson.

Nd. 866. Breytingartillögur [257. mál]

við frv. til jarðalaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 3. gr. Niður falli orðið „lóða".
2. Við 10. gr. 1. mgr. orðist þannig:
   Í sveitarfélögum, sem ekki eru skipulagsskyld, er óheimilt að byggja sumarbústaði án samþykkis sveitarstjórnar og jarðanefndar, að fenginni umsögn náttúruverndarnefnda.
3. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
   Þar sem skipting jarðar hefur átt sér stað og bú er ekki rekið á úrskiptum jarðarhluta, er ráðherra heimilt, ef hagsmunir sveitarfélags krefjast, að leyfa eiganda og ábúanda jarðar þeirrar, sem skipt var úr, að fengnum meðmælum jarðanefndar og landnámsstjórnar, að leysa til sín hinn úrskipta jarðarhluta og leggja hann til hinnar upphaflegu jarðar. Á sama hátt er eiganda og ábúanda nýbýlis heimilt að leysa til býlis síns það, sem eftir stendur af landi hinnar upphaflegu jarðar, sé ekki rekinn þar sjálfstæður búskapur. Séu nýbýlin fleiri en eitt, getur einn eigandi krafist þess lands, sem ónytjað er skv. framansögðu. Skulu þá skipti gjörð af Landnámi ríkisins að fengnum tillögum jarðanefndar. Náist ekki samkomulag um verð, skal um mat og greiðslu bóta fara eftir lögum um eignarnám.
4. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
   Nú er jörð í sameign, en einn sameigenda rekur bú á jörðinni og hefur þar fasta búsetu, og getur ráðherra þá, ef hagsmunir sveitarfélags krefjast, leyft honum að leysa til sín eignarhluta meðeigenda sinna, enda hafi jarðanefnd og landnámsstjórn mælt með því. Náist ekki samkomulag um verð á hinum innleystu hlutum, skal fara um mat og greiðslu bóta eftir lögum um framkvæmd eignarnáms.

Nd. 867. Breytingartillaga [177. mál]

við frv. til laga um námslán og námsstyrki.

Frá Svövu Jakobsdóttur, Magnúsi T. Ólafssyni og Gylfa Þ. Gíslasyni.

Við 9. gr. 3. málsgr. orðist svo:

Aukaafborgun skal nema 2% tekna umfram viðmiðunartekjur, þar til náð er tvöföldum viðmiðunartekjum, en 5% tekna umfram það, þar til náð er þreföldum viðmiðunartekjum. Þá skal aukaafborgun vera 10% tekna umfram þrefaldar viðmiðunartekjur.

Ed. 868. Breytingartillögur [115. mál]

við frv. til laga um íslenska stafsetningu.

Flm.: Jón Helgason, Stefán Jónsson, Halldór Ásgrímsson, Geir Gunnarsson, Ásgeir Bjarnason, Ingi Tryggvason, Ragnar Arnalds.

1. 2. gr. orðist svo:
   Menntamálaráðuneytið setur reglur um íslenska stafsetningu.
2. 3. gr. orðist svo:
   Um setningu reglna samkvæmt 2. gr. skal ráðuneytið leita tillagna nefndar, sem skal þannig skipuð: Einn tilnefndur af deildarráði heimspekideildar Há-

skóla Íslands úr hópi fastra kennara háskólans í íslenskri málfræði, þ. e. prófessora, dósenta og lektora, annar tilnefndur af Íslenskri málnefnd úr hópi nefndarmanna, en hinn þriðji af stjórn Félags íslenskra fræða, og skal hann vera móðurmálskennari á grunnskóla- eða framhaldsskólastigi. Ráðherra skipar einn nefndarmanna formann.

Heimilt er ráðuneytinu að leita umsagnar um tillögur nefndarinnar hjá öðrum sérfróðum aðilum um íslenska tungu og móðurmálskennslu.

3. 4. gr. orðist svo:

Við framkvæmd laga þessara skal þess gætt að stuðlað sé að æskilegri festu í stafsetningu og reglum ekki breytt örar en nauðsynlegt þykir til samræmis við eðlilega málþróun.

4. 5. gr. orðist svo:

Áður en settar eru stafsetningarreglur eða gerðar breytingar á þeim, skal aflað heimildar sameinaðs Alþingis í formi þingsályktunar.

Sþ. 869. Fyrirspurn [289. mál]

til samgönguráðherra um framkvæmd þingsályktunar um rannsókn á reki gúmbjörgunarbáta o. fl.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar Alþingis frá 29. apríl 1974 um rannsókn á reki gúmbjörgunarbáta o. fl.?

Ed. 870. Nefndarálit [23. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. l. nr. 23 3. maí 1972 og l. nr. 25 24. apríl 1974.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur rætt frumvarp þetta á nokkrum fundum og kynnt sér umsagnir þær, sem borist hafa allsherjarnefnd Nd. Þá kallaði nefndin til fundar við sig þá Ólaf Walter Stefánsson skrifstofustjóra og Sigurð Jóhannsson vegamálastjóra, sem unnið höfðu að samningu frumvarpsins, og Guðna Karlsson forstöðumann Bifreiðaeftirlitsins. Enn fremur barst nefndinni skrifleg umsögn Ólafs Walters Stefánssonar um veðsetningu bifreiða.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá Nd., en sú skoðun kom fram hjá sumum nefndarmönnum, að nauðsynlegt væri að frumvarp um skráningu bifreiða yrði flutt á næsta þingi og þar yrði gert ráð fyrir sams konar fyrirkomulagi og í upphaflegri gerð frumvarpsins.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 17. maí 1976.

Ingi Tryggvason, form., frsm.	Axel Jónsson, fundaskr.	Oddur Ólafsson.
Jón G. Sólnes.	Halldór Ásgrímsson.	Geir Gunnarsson.
	Eggert G. Þorsteinsson.	

Ed. **871. Nefndarálit** [274. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar er kveðið svo á, að endurskoða skuli lagasetningu þá um Framkvæmdastofnun ríkisins, sem ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar beitti sér fyrir í upphafi valdaferils síns. Gat engum komið þetta á óvart, þar eð Sjálfstæðisflokkurinn hafði beitt sér mjög gegn setningu þessarar löggjafar og þá ekki síst því stjórnarfyrirkomulagi hennar, sem kennt var við „kommissara“ og fólst í því, að ríkisstjórnin tilnefndi þriggja manna framkvæmdaráð sem skipað skyldi pólitískum fulltrúum stjórnarflokkanna þriggja og hafa í reynd mest völd innan stofnunarinnar. Greiddu þingmenn Sjálfstæðisflokksins atkvæði gegn frv. Þingflokkur Alþýðuflokksins studdi meginstefnu frumvarpsins, þar eð Framkvæmdastofnuninni væri ætlað að starfa að nauðsynlegri áætlanagerð og hagrannsóknum. En hið pólitíska stjórnarfyrirkomulag stofnunarinnar var harðlega gagnrýnt af hálfu þingmanna flokksins og fluttu þeir breytingartillögur við frumvarpið varðandi það efni. Fólst í þeim, að framkvæmdastjóri stofnunarinnar skyldi vera einn og skipaður af ríkisstjórninni með sama hætti og tíðkast um embættismenn, og síðan skyldi hann og forstöðumenn deildanna mynda framkvæmdastjórn stofnunarinnar. Þingflokkur Alþýðuflokksins taldi hitt eðlilegt og sjálfsagt, að yfirstjórn stofnunarinnar væri í höndum þingkjörinnar stjórnar, svo sem t. d. á sér stað varðandi bankaráð ríkisbankanna.

Það vakti furðu margra, ekki aðeins meðal andstæðinga ríkisstjórnarinnar, heldur einnig meðal stuðningsmanna hennar, þegar ríkisstjórnin lét undir höfuð leggjast að flytja frv. um breytingu á stjórn stofnunarinnar, heldur hélt við hinu fyrra stjórnkerfi, með þeirri einu breytingu, að nú urðu „kommissararnir“ tveir fulltrúar núverandi stjórnarflokka og báðir þingmenn, þótt staða þeirra væri talin hliðstæð stöðum bankastjóra og almennt samkomulag væri um, að þingmennska og bankastjórastörf samrýmdust ekki. Auk þess voru þeir báðir þingmenn sama kjördæmis.

Þingmenn Alþýðuflokksins hafa tvívegis flutt frv. um breytingu á þessum lögum í samræmi við fyrri afstöðu Alþýðuflokksins og Sjálfstæðisflokksins varðandi stjórn stofnunarinnar. En þau frv. hafa ekki hlotið undirtektir. Hins vegar flytur ríkisstjórnin nú, næstum tveim árum eftir að hún tók við völdum, þetta frv., sem í raun og veru gerir ráð fyrir óbreyttri stjórn stofnunarinnar, þótt sú formbreyting sé gerð, að orðið „framkvæmdaráð“ er nú ekki lengur notað, heldur á ríkisstjórnin nú að geta skipað „forstjóra“, eins marga og henni sýnist, samkvæmt tillögum stjórnar stofnunarinnar. Virðist liggja í loftinu, að sömu þingmenn og stjórnað hafa stofnuninni síðan stjórnarskipti urðu, eigi að gera það áfram, og verður þá í reynd engin breyting á því stjórnarfyrirkomulagi sem þingflokkur Sjálfstæðisflokksins taldi óhafandi fyrir nokkrum árum.

Þetta frv. hefur í för með sér mjög vafasama breytingu og leggur því undirritaður til að það verði **fellt**.

Alþingi, 17. maí 1976.

Jón Árm. Héðinsson.

Ed. 872. Nefndarálit [274. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frv. Meiri hlutinn leggur til að frv. verði samþ., en minni hlutinn, Jón Árm. Héðinsson, Ragnar Arnalds mun skila séráliti.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Albert Guðmundsson.

Alþingi, 17. maí 1976.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.
Jón Helgason, fundaskr.
Jón G. Sólnes.
Axel Jónsson.

Nd. 873. Frumvarp til laga [192. mál]

um jafnréttisráð.

(Eftir 2. umr. í Nd., 17. maí.)

Samhljóða þskj. 402 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:
Tilgangur laga þessara er að stuðla að jafnrétti kvenna og karla.

5. gr. hljóðar svo:
Nú er umsækjandi um auglýst starf kona, en það hefur verið veitt karlmanni, og skal þá jafnréttisráð, ef umsækjandi óskar þess, fara fram á það við hlutaðeigandi atvinnurekanda, að hann veiti því skriflegar upplýsingar um hvaða menntun, starfsreynslu og aðra sérstaka hæfileika sá hefur til að bera, er ráðinn var í starfið.
Sama rétt skal karlmaður, sem er umsækjandi um starf, hafa, ef konu er veitt starfið.

7. gr. hljóðar svo:
Í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum skal veita fræðslu um jafnrétti kvenna og karla. Kennslubækur og kennslutæki, sem þar eru notuð, skulu vera þannig úr garði gerð og hönnuð, að kynjum sé ekki mismunað.

9. gr. hljóðar svo:
Jafnréttisráð skal annast framkvæmd laga þessara. Jafnréttisráð skal skipað 5 mönnum til þriggja ára í senn og skulu þeir ásamt varamönnum skipaðir þannig: einn skipaður af Hæstarétti og er hann formaður ráðsins og skal hafa lokið embættisprófi í lögum, einn skipaður af félagsmálaráðherra, einn skipaður af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn skipaður af Alþýðusambandi Íslands og einn skipaður af Vinnuveitendasambandi Íslands.
Jafnréttisráð hefur skrifstofu og ræður framkvæmdastjóra til að veita henni forstöðu. Kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

10. gr. hljóðar svo:
Verkefni Jafnréttisráðs er að:
1. Sjá um að ákvæðum 2.—8. gr. þessara laga um jafnrétti kvenna og karla sé framfylgt.

2. Vera ráðgefandi gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og félögum í málefnum, er varða jafnrétti með konum og körlum í kjaramálum og við ráðningu eða skipun til starfs.
3. Fylgjast með þjóðfélagsþróuninni sem m. a. varðar þetta lagaefni, og gera tillögur til breytinga til samræmis við tilgang þessara laga.
4. Stuðla að góðri samvinnu við samtök atvinnurekenda og launafólks svo og aðra þá aðila sem jafnréttismál kvenna og karla varða, svo að stefnu og markmiði laga þessara verði náð með sem eðlilegustum hætti.
5. Taka til rannsóknar af sjálfsdáðum, hver brögð kunna að vera að misrétti í jafnréttismálum að því leyti er lög þessi varðar. Opinberum stofnunum svo og félagssamtökum á vinnumarkaði er skylt að veita Jafnréttisráði hvers konar upplýsingar hér að lútandi.
6. Taka við ábendingum um brot á ákvæðum laga þessara og rannsaka málið af því tilefni og senda að rannsókn lokinni málsskjöl til þeirra aðila, sem málið snertir.

11. gr. hljóðar svo:

Nú telur Jafnréttisráð, að ákvæði 2.—8. gr. laga þessara séu brotin og beinir þá ráðið rökstuddum tilmælum um ákveðnar úrbætur til viðkomandi aðila.

Fallist viðkomandi aðili ekki á tilmæli ráðsins, er ráðinu heimilt, í samráði við hlutaðeigandi starfsmann, að höfða mál í umboði hans til viðurkenningar á rétti hans.

13. gr. hljóðar svo:

Þegar héraðsdómari fer með mál út af brotum á lögum þessum, kveður hann til tvo meðdómendur.

Kveðja skal öðrum fremur til menn, sem hafa víðtæka þekkingu á kjaramálum launþega og jafnréttismálum.

14. gr. hljóðar svo:

Félagsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga í reglugerð að fengnum tillögum Jafnréttisráðs.

Nd. 874. Nefndarálit [58. mál]

um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv. eins og það liggur fyrir eftir afgreiðslu í Ed.

Alþingi, 17. maí 1976.

Ellert B. Schram, form., frsm.	Gunnlaugur Finnsson, fundaskr.	Ingólfur Jónsson.
Friðjón Þórðarson.	Páll Pétursson.	Sighvatur Björgvinsson.
	Svava Jakobsdóttir.	

Ed. 875. Nefndarálit [287. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 66 14. júlí 1975.

Frá meiri hl. samgöngunefndar.

Nefndin hefur rætt frv., en varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hlutinn leggur til að frv. verði samþ. óbreytt, en minni hlutinn, Stefán Jónsson, mun skila séráliti.

Alþingi, 17. maí 1976.

Jón Helgason, form., frsm. Halldór Ásgrímsson, fundaskr. Steinþór Gestsson.
Eggert G. Þorsteinsson. Jón G. Sólnes.

Ed. 876. Nefndarálit [268. mál]

um frv. til l. um breyt. á hafnalögum, nr. 45 frá 24. apríl 1973.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með samþykkt þess eins og það var afgreitt frá Nd.

Alþingi, 17. maí 1976.

Jón Helgason, form., frsm. Halldór Ásgrímsson, fundaskr. Steinþór Gestsson.
Eggert G. Þorsteinsson. Stefán Jónsson. Jón G. Sólnes.
Jón Árnason.

Sþ. 877. Nefndarálit [114. mál]

um till. til þál. um sjónvarp á sveitabæi með aðstoð Byggðasjóðs.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna, sent hana til umsagnar og fengið umsagnir Ríkisútvarpsins og Byggðasjóðs. Nefndinni er ljóst mikilvægi þessa máls og að þeir, sem búa á afskekktum stöðum og við mest fásinni, hafa í raun mesta þörf fyrir að geta notið sjónvarpsins. Sömu sögu er í raun og veru að segja um sjómenn á fiskimiðunum umhverfis landið. Þrátt fyrir þetta eru fjármagnsþættir málsins í það mikilli óvissu, að nefndin telur ekki fært að samþykkja tillöguna óbreytta eins og sakir standa.

En með skírskotun til þess, er að framan greinir, og í trausti þess, að ríkisstjórnin taki til gaumgæfilegrar athugunar allar leiðir til að ráða fram úr þessu máli, leggur nefndin til, að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 17. maí 1976.

Jón Árnason, form. Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr. Steinþór Gestsson, frsm.
Pálmi Jónsson. Jón Árm. Héðinsson. Gunnlaugur Finnsson.
Ingi Tryggvason. Geir Gunnarsson. Karvel Pálmason.

Nd. 878. Nefndarálit [285. mál]

um frv. til laga um ráðstöfun eftirstöðva Olíusjóðs fiskiskipa.

Frá sjávarútvegsmálanefnd.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 17. maí 1976.

Pétur Sigurðsson, form., frsm.
Sverrir Hermannsson, fundaskr.
Tómas Árnason.
Garðar Sigurðsson.
Jón Skaftason.
Guðlaugur Gíslason.
Sighv. Björgvinsson.

Nd. 879. Breytingartillaga [192. mál]

við frv. til l. um jafnréttisráð.

Frá Vilborgu Harðardóttur.

Við 6. gr. Orðin „og betri“ falli niður.

Ed. 880. Frumvarp til laga [192. mál]

um jafnréttisráð.

(Eftir 3. umr. í Nd., 17. maí.)

Samhljóða þskj. 402 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:
Tilgangur laga þessara er að stuðla að jafnrétti kvenna og karla.

5. gr. hljóðar svo:
Nú er umsækjandi um auglýst starf kona, en það hefur verið veitt karlmanni, og skal þá Jafnréttisráð, ef umsækjandi óskar þess, fara fram á það við hlutaðeigandi atvinnurekanda, að hann veiti því skriflegar upplýsingar um hvaða menntun, starfsreynslu og aðra sérstaka hæfileika sá hefur til að bera, er ráðinn var í starfið.
Sama rétt skal karlmaður, sem er umsækjandi um starf, hafa, ef konu er veitt starfið.

6. gr. hljóðar svo:
Konur og karlar, er starfa hjá sama atvinnurekanda skulu njóta sömu möguleika til framhalds starfsþjálfunar og til að sækja námskeið, er haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings annarra starfa.

7. gr. hljóðar svo:
Í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum skal veita fræðslu um jafnrétti kvenna og karla. Kennslubækur og kennslutæki, sem þar eru notuð, skulu vera þannig úr garði gerð og hönnuð, að kynjum sé ekki mismunað.

9. gr. hljóðar svo:

Jafnréttisráð skal annast framkvæmd laga þessara. Jafnréttisráð skal skipað 5 mönnum til þriggja ára í senn og skulu þeir ásamt varamönnum skipaðir þannig: einn skipaður af Hæstarétti og er hann formaður ráðsins og skal hafa lokið embættisprófi í lögum, einn skipaður af félagsmálaráðherra, einn skipaður af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn skipaður af Alþýðusambandi Íslands og einn skipaður af Vinnuveitendasambandi Íslands.

Jafnréttisráð hefur skrifstofu og ræður framkvæmdastjóra til að veita henni forstöðu. Kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

10. gr. orðist svo:

Verkefni Jafnréttisráðs er að:

1. Sjá um að ákvæðum 2.—8. gr. þessara laga um jafnrétti kvenna og karla sé framfylgt.
2. Vera ráðgefandi gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og félögum í málefnum, er varða jafnrétti með konum og körlum í kjaramálum og við ráðningu eða skipun til starfs.
3. Fylgjast með þjóðfélagsþróuninni sem m.a. varðar þetta lagaefni, og gera tillögur til breytinga til samræmis við tilgang þessara laga.
4. Stuðla að góðri samvinnu við samtök atvinnurekenda og launafólks svo og aðra þá aðila sem jafnréttismál kvenna og karla varða, svo að stefnu og markmiði laga þessara verði náð með sem eðlilegustum hætti.
5. Taka til rannsóknar af sjálfsdáðum, hver brögð kunna að vera að misrétti í jafnréttismálum að því leyti er lög þessi varðar. Opinberum stofnunum svo og félagssamtökum á vinnumarkaði er skylt að veita Jafnréttisráði hvers konar upplýsingar hér að lútandi.
6. Taka við ábendingum um brot á ákvæðum laga þessara og rannsaka málið af því tilefni og senda að rannsókn lokinni málsskjöl til þeirra aðila, sem málið snertir.

11. gr. hljóðar svo:

Nú telur Jafnréttisráð, að ákvæði 2.—8. gr. laga þessara séu brotin, og beinir þá ráðið rökstuddum tilmælum um ákveðnar úrbætur til viðkomandi aðila.

Fallist viðkomandi aðili ekki á tilmæli ráðsins, er ráðinu heimilt, í samráði við hlutaðeigandi starfsmann, að höfða mál í umboði hans til viðurkenningar á rétti hans.

13. gr. hljóðar svo:

Þegar héraðsdómari fer með mál út af brotum á lögum þessum, kveður hann til tvo meðdómendur.

Kveðja skal öðrum fremur til menn, sem hafa víðtæka þekkingu á kjaramálum launþega og jafnréttismálum.

14. gr. hljóðar svo:

Félagsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga í reglugerð að fengnum tillögum Jafnréttisráðs.

Nd. 881. Lög [222. mál]

um fjölbýlishús.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 713 (sbr. 402).

Nd. 882. Lög [237. mál]

um breyting á lögum nr. 8 22. mars 1972 um tekjustofna sveitarfélaga.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 725 (sbr. 485).

Ed. 883. Nefndarálit [287. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 66 14. júlí 1975.

Frá minni hl. samgöngunefndar.

Að dómi minni hl. hefur ríkisstj. komið fjármálum landsins í þær ógöngur með ráðleysi sínu og dáðleysi, að umrædd lög hafa þegar verið brotin, svo sem fram kemur í vegáætlun. Hér virðist því fremur um að ræða samþykkt við lögbroti, en breytingu á lögum. Að dómi undirritaðs væri eðlilegra að leggja að ríkisstjórninni að koma fjármálum Vegasjóðs í viðunandi horf.

Alþingi, 17. maí 1976.

Stefán Jónsson.

Nd. 884. Frumvarp til laga [239. mál]

um Orkubú Vestfjarða.

(Eftir 2. umr. í Nd., 17. maí.)

Samhljóða þskj. 495 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:
Ríkissjóði Íslands og sveitarfélögum á Vestfjörðum skal heimilt að setja á stofn orkufyrirtæki, er nefnist Orkubú Vestfjarða.

5. gr. hljóðar svo:
Rafmagnsveitur ríkisins og ríkissjóður, svo og orkuveitur sveitarfélaga á Vestfjörðum skulu afhenda Orkubúi Vestfjarða til eignar sem stofnframlag öll mannvirki sín á Vestfjörðum í raforkuverum, rafstöðvum, kyndistöðvum og jarðvarmavirkjunum ásamt tilheyrandi flutnings- og dreifikerfi, enda yfirtaki fyrirtækið samkvæmt samkomulagi skuldir vegna mannvirkja þeirra, sem það tekur við.

12. gr. hljóðar svo:
Ríkisstjórninni er heimilt að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á lánum er Orkubú Vestfjarða tekur til orkuframkvæmda, að fjárhæð allt að 2500 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum, er ríkisstjórnin ákveður, og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.
Ríkisstjórninni er einnig heimilt að taka lán, er kæmi að hluta eða að öllu leyti í stað ábyrgðar skv. 1. mgr. Lánið endurlánar ríkisstjórnin Orkubúi Vestfjarða með þeim kjörum og skilmálum, sem hún ákveður.

15. gr. hljóðar svo:

Þegar eftir að heimild samkvæmt 1. gr. þessara laga er notuð, skal iðnaðarráðherra beita sér fyrir, að sameignarsamningur sé gerður milli aðila og stofnfundur fyrirtækisins haldinn samkvæmt reglum 9. gr. eftir því sem við á.

Iðnaðarráðherra setur reglugerð, þar sem nánar skal ákveðið um framkvæmd þessara laga og starfsemi Orkubús Vestfjarða. Skal stjórn Orkubús Vestfjarða undirbúa reglugerðina í samráði við eignaraðila.

Ed. 885. Frumvarp til laga [251. mál]

um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 17. maí.)

Samhljóða þskj. 540 með þessum breytingum:

3. gr. C, D, E og F hljóðar svo:

C. SUÐAUSTURLAND.

C1. Frá línu réttvísandi austur frá Hvítingum (vms 19) að línu réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.

C2. Á svæði milli lína, sem dregnar eru réttvísandi austur frá Hvítingum (vms 19) og réttvísandi suður af Ingólfshöfða (vms 22) er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 1. maí—31. janúar utan línu, sem dregin er 9 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.

C3. Á svæði milli lína, sem dregnar eru réttvísandi suður frá Ingólfshöfða (vms 22) og réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 15. september—31. janúar utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.

C4. Frá línu réttvísandi austur frá Hvítingum (vms 19) að línu réttvísandi suður frá Ingólfshöfða (vms 22) er skipum sem eru 39 metrar að lengd eða minni heimilt að veiða 1. maí til 1. mars með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.

C5. Frá línu réttvísandi austur frá Hvítingum (vms 19) að línu réttvísandi suður frá Ingólfshöfða (vms 22) er skipum, sem eru 26 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða 1. maí til 1. mars með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.

C6. Frá línu réttvísandi austur frá Ingólfshöfða (vms 22) að línu réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) er skipum, sem eru 39 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.

C7. Frá línu réttvísandi austur frá Ingólfshöfða (vms 22) að línu réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) er skipum, sem eru 26 metrar að lengd og minni, heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.

D. SUÐURLAND.

D1. Utan línu, sem dregin er úr punkti í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) í punkt í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá

Surtsey (63°17'6 N, 20°36'3 V) er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu.

D2. Utan línu, sem dregin er úr punkti í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður úr Lundadrang (vms 28) í punkt í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey, eru skipum, sem eru 39 metrar að lengd og minni, heimilar veiðar með botnvörpu og flotvörpu allt árið.

D3. Utan línu, sem dregin er úr punkti í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey (63°17'6 N, 20°36'3 V) í punkt í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Geirfugladrang, er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu.

D4. Á tímabilinu 1. ágúst—31. desember er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er úr punkti í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) í punkt í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey (63°17'6 N, 20°36'3 V).

D5. Frá línu réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) að línu réttvísandi suðvestur frá Reykjanesaukavita (vms 34) er skipum, sem eru 39 metrar að lengd og minni, heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 16. maí—31. desember utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.

D6. Frá línu réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) að línu réttvísandi suðvestur frá Reykjanesaukavita (vms 34) er skipum, sem eru 26 metrar að lengd eða minni heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.

D7. Öll veiði er bönnuð allt árið á svæði, þar sem vatnsleiðsla og rafstrengur liggur milli Vestmannaeyja og meginlandsins. Svæði þetta takmarkast að austan af línu, sem dregin er þannig, að Bjarnarey að vestan beri í Elliðaey að austan og að vestan takmarkast það af línu, sem dregin er þannig, að austurkant Ystakletts og Faxaskersvita beri saman. Ennfremur er öll veiði bönnuð á svæði, þar sem sæsímastrengir liggja frá Vestmannaeyjum til útlanda, á 200 metra belti beggja megin við strengina.

D8. Skipum, 26 m og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu á tímabilinu 15. febrúar til 16. apríl upp að suðurströnd meginlandsins á svæði sem takmarkast að austan af línu sem dregin er til lands úr Faxaskersvita í Vestmannaeyjum um austurbrún Ystakletts og að vestan af línu réttvísandi suðvestur frá Þjórsárósi (63°46'5 n.br., 20°49'0 v.lg.).

D9. Skipum, 26 m og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu á tímabilinu frá 1. janúar til 15. september upp að suðurströnd meginlandsins á svæði, sem takmarkast að austan af lengdarbaug 21°57 v.lg. og að vestan af lengdarbaug 22°32 v.lg.

E. REYKJANES- OG FAXAFLÓASVÆÐI.

E1. Utan línu, sem dregin er 5 sjómílur utan við Geirfugladrang úr punkti í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Geirfugladrang í punkt í 10 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Malarrifi (vms 39), er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu.

E2. Á tímabilinu 1. nóvember—31. desember er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu á svæði, sem að sunnan markast af línu dreginni réttvísandi suður frá Reykjanesaukavita (vms 34) og að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi vestur frá Reykjanesvita (vms 35).

E3. Frá línu réttvísandi suðvestur frá Reykjanesaukavita (vms 34) að línu réttvísandi vestur frá Skálasnaga (vms 41) er skipum, sem eru 39 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.

F. BREIÐAFJÖRÐUR.

F1. Utan línu, sem dregin er úr punkti í 18 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Malarrifi (vms 39) í punkt í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms 44) er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið.

F2. Utan línu, sem dregin er frá punkti í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Skálasnaga (vms 41) í punkt í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms 44) er skipum, sem eru 39 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið.

F3. Á tímabilinu 1. júní—31. desember er skipum, sem eru 26 metrar að lengd eða minni heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu á Snæfellsnesi, norðan við línu réttvísandi vestur frá Skálasnaga (vms 41) og utan við viðmiðunarlínu milli Öndverðarnesvita (vms 42) og Skorarvita (vms 43). Að norðan takmarkast svæði þetta af 65°16'0 N.brd.

6. gr. hljóðar svo:

Nú á sér stað á tilteknu veiðisvæði seiða- og smáfiskadráp í þeim mæli, að varhugavert eða hættulegt getur talist, og skal þá sjávarútvegsráðuneytið gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sporna við því. Er ráðuneytinu heimilt að tilkynna bann við öllum togveiðum á þeim svæðum, svo og öðrum veiðum, ef nauðsynlegt þykir. Jafnan skal umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar liggja fyrir, áður en slíkar tímabundnar veiðitakmarknir eru úr gildi numdar.

13. gr. hljóðar svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skulu dragnótaveiðar heimilar samkvæmt sérstökum eða almennum leyfum ráðherra. Getur ráðherra ákveðið, að dragnótaveiði sé heimil á tilteknu svæði eða svæðum á tímabilinu 15. júní til 30. nóvember eða skemmri tíma. Leyfi til dragnótaveiða samkvæmt slíkri ákvörðun má veita íslenskum skipum, sem eru 20 metrar að lengd og minni. Ráðherra setur þau skilyrði fyrir leyfisveitingunni, sem honum þykja nauðsynleg. Heimild þessi til veitingar dragnótaveiðileyfa skal ekki notuð að því er varðar veiðar í Faxaflóa.

15. gr. hljóðar svo:

Ráðherra getur að fengnu áliti Hafrannsóknastofnunarinnar veitt heimildir til veiðitilrauna og annarra vísindalegra rannsókna innan fiskveiðilandhelginnar og þurfa þær heimildir ekki að vera bundnar við íslenska aðila eina. En ætíð skulu slíkar tilraunir og rannsóknir fara fram undir eftirliti og í umsjá Hafrannsóknastofnunarinnar.

17. gr. hljóðar svo:

Brot gegn 2. gr., 3. gr. og 5.—8. gr. laga þessara varða sektum svo sem hér segir:

1. Ef skip er 39 metrar að lengd eða minna, skulu sektir nema 4000—20 000 gullkrónum.
2. Ef skip er meira en 39 metrar að lengd, skulu sektir nema 14 000—40 000 gullkrónum.

Allar sektir samkvæmt þessari grein eru miðaðar við gullkrónur, sbr. lög nr. 4, 11. apríl 1924.

Brot samkvæmt framansögðu skulu og varða upptöku á veiðarfærum, þar með töldum dragstrengjum, svo og öllum afla innanborðs. Nú næst ekki í skipstjóra, og er þá einnig heimilt að gera upptækt skipið sjálft eða andvirði þess að hluta. Upptöku má einnig beita, þótt ekki sé höfðað refsimál út af brotum og þótt refsimáli verði ekki komið fram. Máli til upptöku má þá beina gegn eigendum skipsins, umboðsmönnum þeirra eða umráðamönnum þess.

Lagt skal lögbald á skip, sem staðið er að meintum ólöglegum veiðum, þegar er það kemur til hafnar, og er eigi heimilt að láta það laust fyrr en dómur hefur verið kveðinn upp í máli ákæruvaldsins gegn skipstjóra skipsins eða máli hans lokið á annan hátt og sekt og kostnaður hefur verið greitt að fullu. Þó er heimilt að láta skip laust fyrr, ef sett er bankatrygging, eða önnur trygging jafngild að mati dómara, fyrir greiðslu sektarinnar og málskostnaðar.

Til tryggingar greiðslu sektar skv. þessari grein og kostnaðar skal vera lögveð í skipinu.

19. gr. hljóðar svo:

Hver sá maður, er leiðbeinir skipi við ólöglegar veiðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi, eða liðsinnir því við slíkar veiðar, eða hjálpar hinum brotlegu til að komast undan hegningu fyrir þær, skal sæta sektum, 2000—14 000 gullkrónum, sbr. lög nr. 4, 11. apríl 1924. Sömu hegningu skal hver sá sæta, sem er í togveiðiskipi eða á bát við skipshliðina, þegar það er að ólöglegum veiðum í landhelgi, nema hann geti gert þá grein fyrir dvöl sinni þar, að líklegt þyki, að hann eigi enga hlutdeild í hinum ólöglega veiðiskap þess.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um þá menn, sem eru lögskráðir skipverjar á veiðiskipum.

24. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1976.

Ákvæði til bráðabirgða (nýtt) hljóðar svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Skip, sem áður höfðu notið veiðiheimilda skv. stærðarmælingu 105 brúttórúmlestir og minni og 350 brúttórúmlestir og minni, skulu áfram njóta sömu veiðiheimilda skv. lögum þessum og skip 26 m og minni og 39 m og minni.

Þrátt fyrir ákvæði 13. gr. skulu skip, sem eru 45 rúmlestir brúttó eða minni og hafa notið heimilda til dragnótaveiði, njóta sömu veiðiheimilda.

Ed. 886. Breytingartillögur [251. mál]

við brtt. á þskj. 848. [Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands].

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 3. tölulið. 8. gr. orðist eins og lagt er til á þskj. 848 nema:
   a) Í stað „Ráðherra setur sérstaka trúnaðarmenn“ komi: Ráðherra getur sett sérstaka trúnaðarmenn.
   b) Orðin „og skipverjum eftirlits- og rannsóknaskipa“ falli brott.
2. Við 6. tölulið. 16. gr. orðist eins og lagt er til á þskj. 848 nema á undan „Fiskifélags Íslands“ komi: að jafnaði.

Nd. 887. Frumvarp til laga [251. mál]

um veiðar í Fiskveiðilandhelgi Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed., 17. maí.)

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að viðgangi og hagkvæmustu nýtingu fiskstofna innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi.

2. gr.

Í fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í reglugerð nr. 299 15. júlí 1975, skulu erlendum skipum bannaðar allar veiðar samkvæmt ákvæðum laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

Íslenskum skipum eru bannaðar veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, nema þar sem sérstakar heimildir eru veittar til slíkra veiða í lögum þessum.

3. gr.

Íslenskum skipum er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu innan fiskveiðilandhelginnar á þeim veiðisvæðum og veiðitímum, sem nú verða greind, enda undanþiggi ráðherra ekki tiltekin svæði slíkum veiðum. Þegar rætt er um viðmiðunarlínu er átt við línu, sem dregin er umhverfis landið á milli eftirtalinna staða:

	N.br.:	V.lgd.:
1. Horn (grp. 1)	66°27′4	22°24′3
2. Selsker (viti)	66°07′5	21°30′0
3. Ásbúðarrif (grp. 2)	66°08′1	20°11′0
4. Siglunes (grp. 3)	66°11′9	18°49′9
5. Flatey (Skjálfanda) (grp. 4)	66°10′3	17°50′3
6. Mánareyjar (Lágey) (grp. 5)	66°17′8	17°06′8
7. Rauðinúpur (grp. 6)	66°30′7	16°32′4
8. Rifstangi (grp. 7)	66°32′3	16°11′8
9. Hraunhafnartangi (grp. 8)	66°32′2	16°01′5
10. Langanes (grp. 9)	66°22′7	14°31′9
11. Skálatáarsker	65°59′7	14°36′4
12. Almenningsfles	65°33′1	13°40′5
13. Glettinganes (grp. 10)	65°30′5	13°36′3
14. Norðfjarðarhorn (grp. 11)	65°10′0	13°30′8
15. Gerpir (grp. 12)	65°04′7	13°29′6
16. Hólmur (Seley) (grp. 13)	64°58′9	13°30′6
17. Skrúður (Þursi) (grp. 15)	64°54′1	13°36′8
18. Papey (viti)	64°35′5	14°10′5
19. Hvítingar (grp. 18)	64°23′9	14°28′0
20. Stokksnes (grp. 19)	64°14′1	14°58′4
21. Hrollaugseyjar (grp. 20)	64°01′7	15°58′7
22. Ingólfshöfði (grp. 22)	63°47′8	16°38′5
23. Hvalsíki (grp. 23)	63°44′1	17°33′5
24. Meðallandssandur I (grp. 24)	63°32′4	17°55′6
25. Meðallandssandur II (grp. 25)	63°30′6	17°59′9
26. Mýrnatangi (grp. 26)	63°27′4	18°11′8
27. Kötlutangi (grp. 27)	63°23′4	18°42′8
28. Lundadrangur (grp. 28)	63°23′5	19°07′5
29. Bakkafjara (skúr við sæstreng)	63°32′3	20°10′9
30. Knarrarós (viti)	63°49′4	20°58′6
31. Hafnarnes	63°50′6	21°23′5
32. Selvogur (viti)	63°49′3	21°39′1
33. Krýsuvíkurberg (viti)	63°49′8	22°04′2

	N.br.:	V.lgd.:
34. Reykjanes (aukaviti)	63°48'0	22°41'9
35. Önglabrjótsnef	63°49'0	22°44'3
36. Stafnes (viti)	63°58'3	22°45'5
37. 1. sjm. r/v V af Garðskagavita	64°04'9	22°43'6
38. Malarrif (viti)	64°43'7	23°48'2
39. Dritvíkurtangi	64°45'0	23°55'3
40. Skálasnagi	64°51'3	24°02'5
41. Öndverðarnes (viti)	64°53'1	24°02'7
42. Skor (viti)	65°24'9	23°57'2
43. Bjargtangar (grp. 33)	65°30'2	24°32'1
44. Kópanes (grp. 34)	65°48'4	24°06'0
45. Barði (grp. 35)	66°03'7	23°47'4
46. Straumnes (grp. 36)	66°25'7	23°08'4
47. Kögur (grp. 37)	66°28'3	22°55'5
48. Horn (grp. 38)	66°27'9	22°28'2

Þar sem í lögum þessum er rætt um lengd skipa, er miðað við mestu lengd samkvæmt mælingum Siglingamálastofnunar ríkisins.

Þar sem í lögum þessum er rætt um skip 39 metrar að lengd og minni, eru undanskildir skuttogarar með aflvél 1000 bremsuhestöfl eða stærri.

A. NORÐURLAND.

A1. Frá línu réttvísandi norður frá Horni (vms 1) að línu réttvísandi norðaustur frá Langanesi (vms 10) er heimilt allt árið að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.

A2. Heimilt er að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Grímseyjar.

A3. Heimilt er að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Kolbeinseyjar (67°08'8 N, 18°40'6 V).

B. AUSTURLAND.

B1. Frá línu réttvísandi norðaustur frá Langanesi (vms 10) að línu, sem dregin er réttvísandi austur frá Hvítingum (vms 19), er heimilt allt árið að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.

B2. Heimilt er að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 5 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Hvalbaks (64°35'8 N, 13°16'6 V).

B3. Skipum, 39 metrar að lengd eða minni, er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er úr punkti 6 sjómílur réttvísandi norðaustur frá Langanesi (vms 10) í punkt 6 sjómílur réttvísandi austur frá Glettinganesi (vms 13).

C. SUÐAUSTURLAND.

C1. Frá línu réttvísandi austur frá Hvítingum (vms 19) að línu réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.

C2. Á svæði milli lína, sem dregnar eru réttvísandi austur frá Hvítingum (vms 19) og réttvísandi suður af Ingólfshöfða (vms 22) er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 1. maí—31. janúar utan línu, sem dregin er 9 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.

C3. Á svæði milli lína, sem dregnar eru réttvísandi suður frá Ingólfshöfða (vms 22) og réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 15. september—31. janúar utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.

C4. Frá línu réttvísandi austur frá Hvítingum (vms 19) að 18°00′ v.lg. er skipum sem eru 39 metrar að lengd eða minni heimilt að veiða 1. maí til 1. mars með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.

C5. Frá línu réttvísandi austur frá Hvítingum (vms 19) að 18°00′ v.lg. er skipum, sem eru 26 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða 1. maí til 1. mars með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins. Togveiðar verði þó ekki heimilar á svæði milli línu, sem dregin er réttvísandi suður af Hvalnesi (64°24,1′ n.br., 14°32,5′ v.lg.), og að línu, sem hugsast dregin réttvísandi vestan af 15°45′, innan 6 sjómílna frá landi, á tímabilinu 1. maí til 1. október.

C6. Frá línu réttvísandi suður frá Ingólfshöfða (vms 22) að línu réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) er skipum, sem eru 39 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.

C7. Frá línu réttvísandi austur frá Ingólfshöfða (vms 22) að línu réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) er skipum, sem eru 26 metrar að lengd og minni, heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.

C8. Á svæði, sem afmarkast af línu, sem hugsast dregin réttvísandi austur frá Hvítingum (vms 19), að línu, sem hugsast dregin réttvísandi suður af Hvalnesi (64°24,1′ n.br., 14°32.5′ v.lg.), er öllum skipum heimilt að veiða allt að 6 sjómílum frá fjöruborði á tímabilinu frá 1. maí til 31. desember.

D. SUÐURLAND.

D1. Utan línu, sem dregin er úr punkti í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) í punkt í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey (63°17′6 N, 20°36′3 V), er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu.

D2. Utan línu, sem dregin er úr punkti í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður úr Lundadrang (vms 28) í punkt í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey, eru skipum, sem eru 39 metrar að lengd og minni, heimilar veiðar með botnvörpu og flotvörpu allt árið.

D3. Utan línu, sem dregin er úr punkti í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey (63°17′6 N, 20°36′3 V) í punkt í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Geirfugladrang, er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu.

D4. Á tímabilinu 1. ágúst—31. desember er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er úr punkti í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) í punkt í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey (63°17′6 N, 20°36′3 V).

D5. Frá línu réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) að línu réttvísandi suðvestur frá Reykjanesaukavita (vms 34) er skipum, sem eru 39 metrar að lengd og minni, heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 16. maí—31. desember utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.

D6. Frá línu réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) að línu réttvísandi suðvestur frá Reykjanesaukavita (vms 34) er skipum, sem eru 26 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.

D7. Öll veiði er bönnuð allt árið á svæði, þar sem vatnsleiðsla og rafstrengur liggur milli Vestmannaeyja og meginlandsins. Svæði þetta takmarkast að austan af línu, sem dregin er þannig, að Bjarnarey að vestan beri í Elliðaey að austan, og að vestan takmarkast það af línu, sem dregin er þannig, að austurkant Ystakletts og Faxaskersvita beri saman. Enn fremur er öll veiði bönnuð á svæði, þar sem sæsímastrengir liggja frá Vestmannaeyjum til útlanda, á 200 metra belti báðum megin við strengina.

D.8 Skipum, 26 m og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu á tímabilinu 15. febrúar til 16. apríl upp að suðurströnd meginlandsins á svæði sem takmarkast að austan af línu sem dregin er til lands úr Faxaskersvita í Vestmannaeyjum um austurbrún Ystakletts og að vestan af línu réttvísandi suðvestur frá Þjórsárósi (63°46′5 n.br., 20°49′0 v.lg.).

D9. Skipum, 26 m og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu á tímabilinu frá 1. janúar til 20. júní og 1. ágúst til 15. september upp að suðurströnd meginlandsins á svæði, sem takmarkast að austan af lengdarbaug 21°57′ v.lg. og að vestan af lengdarbaug 22°32′ v.lg.

E. REYKJANES- OG FAXAFLÓASVÆÐI.

E1. Utan línu, sem dregin er 5 sjómílur utan við Geirfugladrang úr punkti í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Geirfugladrang í punkt í 10 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Malarrifi (vms 38), er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu.

E2. Á tímabilinu 1. nóvember—31. desember er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu á svæði, sem að sunnan markast af línu dreginni réttvísandi suður frá Reykjanesaukavita (vms 34) og að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi vestur frá Reykjanesaukavita.

E3. Frá línu réttvísandi suðvestur frá Reykjanesaukavita (vms 34) að línu réttvísandi vestur frá Skálasnaga (vms 40) er skipum, sem eru 39 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.

F. BREIÐAFJÖRÐUR.

F1. Utan línu, sem dregin er úr punkti í 18 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Malarrifi (vms 39) í punkt í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms 43) er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið.

F2. Utan línu, sem dregin er frá punkti í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Skálasnaga (vms 40) í punkt í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms 43), er skipum, sem eru 39 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið.

F3. Á tímabilinu 1. júní—31. desember er skipum, sem eru 26 metrar að lengd eða minni heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu á Snæfellsnesi, norðan við línu réttvísandi vestur frá Skálasnaga (vms 40) og utan við viðmiðunarlínu milli Öndverðarnesvita (vms 41) og Skorarvita (vms 42). Að norðan takmarkast svæði þetta af 65°16′0 n.brd.

G. VESTFIRÐIR.

G1. Frá línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms 43) að línu réttvísandi norður frá Horni (vms 48) er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.

4. gr.

Ráðherra er heimilt að veita frekari togveiðiheimildir en greindar eru í lögum þessum í takmarkaðan tíma á tilgreindum veiðisvæðum, ef hafís lokar venjulegum veiðisvæðum innan fiskveiðilandhelginnar, enda komi til meðmæli Hafrannsóknastofnunarinnar.

5. gr.

Ráðherra er heimilt að skipta veiðisvæðum milli veiðarfæra og takmarka þannig veiðiheimildir þær, sem veittar eru í lögum þessum, með því að banna notkun ákveðinna gerða af veiðarfærum á tilteknum veiðisvæðum í takmarkaðan tíma.

6. gr.

Nú á sér stað á tilteknu veiðisvæði seiða- og smáfiskadráp í þeim mæli, að varhugavert eða hættulegt getur talist, og skal þá sjávarútvegsráðuneytið gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sporna við því. Er ráðuneytinu heimilt að tilkynna bann við öllum togveiðum á þeim svæðum, svo og öðrum veiðum, ef nauðsyn þykir. Jafnan skal umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar liggja fyrir, áður en slíkar tímabundnar veiðitakmarkanir eru úr gildi numdar.

7. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga þessara getur sjávarútvegsráðuneytið auglýst ný friðunarsvæði og breytingar á eldri friðunarsvæðum, þar sem veiðar með botnvörpu og flotvörpu eða fleiri gerðum veiðarfæra eru bannaðar á tilteknum svæðum í íslenskri fiskveiðilandhelgi, enda hafi áður verið leitað álits Hafrannsóknastofnunarinnar um slíkar ákvarðanir.

8. gr.

Stefnt skal að því, að auk eftirlits Landhelgisgæslunnar skuli sérstök eftirlitsskip, sem gerð verði út af Hafrannsóknastofnuninni, fylgjast með fiskveiðum í fiskveiðilandhelginni í því skyni að koma í veg fyrir óhóflegt smáfiskadráp eða aðrar skaðlegar veiðar. Skipstjóri hvers eftirlitsskips skal vera sérstakur trúnaðarmaður sjávarútvegsráðherra og skal ráðinn af honum í samráði við Hafrannsóknastofnunina. Skipstjórar þessir hafi reynslu af fiskveiðum, þ. á m. togveiðum.

Ráðherra getur sett sérstaka trúnaðarmenn um borð í veiðiskip, eftir því sem þurfa þykir, og er skipstjórum veiðiskipa skylt að veita eftirlitsmönnum þessum þá aðstoð og aðstöðu um borð í skipum sínum, sem nánar er ákveðið í erindisbréfum útgefnum af ráðuneytinu til handa eftirlitsmönnum þessum.

Hvenær sem skipstjórar eftirlitsskipa, leiðangursstjórar rannsóknaskipa Hafrannsóknastofnunarinnar eða sérstakir trúnaðarmenn, br. 2. mgr., verða varir við verulegt magn af smáfiski í afla, geta þeir bannað veiðar á ákveðnu svæði, sem þeir afmarka í þessu skyni, í allt að þrjá sólarhringa.

Skyndilokanir skv. 3. mgr. taka gildi um leið og þær eru tilkynntar í útvarpi eða í fjarskiptatæki af viðkomandi trúnaðarmönnum ráðherra eða leiðangursstjórum.

Hafrannsóknastofnuninni og sjávarútvegsráðuneytinu skulu tilkynntar forsendur slíkra skyndilokana um leið og ákvörðun þar að lútandi hefur verið tekin. Ráðuneytið ákveður þá í samráði við Hafrannsóknastofnunina innan þriggja sólarhringa hvort og þá hvaða ráðstafanir eru nauðsynlegar til verndunar ungfisks á viðkomandi svæði.

9. gr.

Starfsmenn Framleiðslueftirlits sjávarafurða skulu fylgjast með samsetningu landaðs sjávarafla og gera ráðuneytinu þegar viðvart, er þeir verða varir við ólöglegt magn smáfisks í afla.

Skipstjórum veiðiskipa er skylt að veita þær upplýsingar um samsetningu afla í afladagbók, sem Fiskifélag Íslands segir fyrir um á hverjum tíma.

10. gr.

Þegar rökstutt álit Hafrannsóknastofnunarinnar liggur fyrir um það, að einstakir fiskstofnar séu hættulega ofveiddir og viðkoma þeirra sé í yfirvofandi hættu, getur ráðherra í samráði við hana og að fenginni umsögn Fiskifélags Íslands sett reglur um hámark þess afla, sem veiða má af hverri fisktegund á tilteknu tímabili, vertíð eða heilu ári.

11. gr.

Nú er togskip í fiskveiðilandhelgi þar sem því er óheimil veiði og skulu þá veiðarfæri öll vera í búlka innanborðs, þannig að toghlerar séu í festingum og botnvörpur bundnar upp.

12. gr.

Ráðherra setur reglur um hvað eina, sem snertir framkvæmd laga þessara, svo sem um gerð, útbúnað og frágang veiðarfæra, um lágmarksmöskvastærðir netja og um lágmarksstærðir þeirra fisktegunda, sem landa má. Skulu reglur um þessi atriði aldrei ganga skemmra en alþjóðasamþykktir um sama efni, sem Ísland hefur eða mun staðfesta fyrir sitt leyti.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skulu dragnótaveiðar heimilar samkvæmt sérstökum eða almennum leyfum ráðherra. Getur ráðherra ákveðið, að dragnótaveiði sé heimil á tilteknu svæði eða svæðum á tímabilinu 15. júní til 30. nóvember eða skemmri tíma. Leyfi til dragnótaveiða samkvæmt slíkri ákvörðun má veita íslenskum skipum, sem eru 20 metrar að lengd og minni. Ráðherra setur þau skilyrði fyrir leyfisveitingunni, sem honum þykja nauðsynleg.

Heimild þessi til veitingar dragnótaveiðileyfa skal ekki notuð að því er varðar veiðar í Faxaflóa.

14. gr.

Veiðar á rækju, humri, síld, loðnu, spærlingi og kolmunna í botnvörpu og flotvörpu skulu háðar sérstökum eða almennum leyfum ráðherra. Ráðherra getur bundið leyfi þessi eða úthlutun þeirra þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja.

Ráðherra getur einnig ákveðið í reglugerð, að aðrar veiðar í tiltekin veiðarfæri skuli háðar sérstökum eða almennum leyfum.

15. gr.

Ráðherra getur að fengnu áliti Hafrannsóknastofnunarinnar veitt heimildir til veiðitilrauna og annarra vísindalegra rannsókna innan fiskveiðilandhelginnar og þurfa þær heimildir ekki að vera bundnar við íslenska aðila eina. En ætíð skulu slíkar tilraunir og rannsóknir fara fram undir eftirliti og í umsjá Hafrannsóknastofnunarinnar.

16. gr.

Veiðiheimildir samkvæmt 13.—15. gr. skulu jafnan vera tímabundnar, og skal ávallt leita umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar og að jafnaði Fiskifélags Íslands áður en þær eru veittar. Auk þess skal ráðherra leita umsagnar annarra aðila, þegar honum þykir ástæða til.

17. gr.

Brot gegn 2. gr., 3. gr. og 5.—8. gr. laga þessara varða sektum svo sem hér segir:

1. Ef skip er 39 metrar að lengd eða minna, skulu sektir nema 4000—20 000 gullkrónum.
2. Ef skip er meira en 39 metrar að lengd, skulu sektir nema 14 000—40 000 gullkrónum.

Allar sektir samkvæmt þessari grein eru miðaðar við gullkrónur, sbr. lög nr. 4, 11. apríl 1924.

Brot samkvæmt framansögðu skulu og varða upptöku á veiðarfærum, þar með töldum dragstrengjum, svo og öllum afla innanborðs. Nú næst ekki í skipstjóra, og er þá einnig heimilt að gera upptækt skipið sjálft eða andvirði þess að hluta. Upptöku má einnig beita, þótt ekki sé höfðað refsimál út af brotum og þótt refsimáli verði ekki komið fram. Máli til upptöku má þá beina gegn eigendum skipsins, umboðsmönnum þeirra eða umráðamönnum þess.

Lagt skal löghald á skip, sem staðið er að meintum ólöglegum veiðum, þegar er það kemur til hafnar, og er eigi heimilt að láta það laust fyrr en dómur hefur verið kveðinn upp í máli ákæruvaldsins gegn skipstjóra skipsins eða máli hans lokið á annan hátt og sekt og kostnaður hefur verið greitt að fullu. Þó er heimilt að láta skip laust fyrr, ef sett er bankatrygging, eða önnur trygging jafngild að mati dómara, fyrir greiðslu sektarinnar og málskostnaðar.

Til tryggingar greiðslu sektar skv. þessari grein og kostnaðar skal vera lögveð í skipinu.

18. gr.

Brot gegn 11. gr., reglum settum samkvæmt 10. og 12. gr. eða ákvæðum leyfisbréfa settum samkvæmt 13.—15. gr., varða sektum 2000—14 000 gullkr., sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924, og upptöku afla samkvæmt lögum um upptöku ólöglegs sjávarafla eftir því sem við á. Ef brot falla ekki undir ákvæði þeirra laga skal um upptöku afla og veiðarfæra fara svo sem greinir í 17. gr., ef um ítrekað brot er að ræða.

Nú er ljóst af öllum atvikum, að skipið hefur hvorki verið að veiðum innan fiskveiðimarka né undirbúningur gerður í því skyni, og má ljúka málinu með áminningu, þegar um fyrsta brot er að ræða, en ef um ítrekað brot er að ræða, með sektum 2000—14 000 gullkrónum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

19. gr.

Hver sá maður, er leiðbeinir skipi við ólöglegar veiðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi, eða liðsinnir því við slíkar veiðar, eða hjálpar hinum brotlegu til að komast undan hegningu fyrir þær, skal sæta sektum, 2000—14 000 gullkrónum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924. Sömu hegningu skal hver sá sæta, sem er í togveiðiskipi eða á bát við skipshliðina, þegar það er að ólöglegum veiðum í landhelgi, nema hann geti gert þá grein fyrir dvöl sinni þar, að líklegt þyki, að hann eigi enga hlutdeild í hinum ólöglega veiðiskap þess.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um þá menn, sem eru lögskráðir skipverjar á veiðiskipinu.

20. gr.

Skipstjóra, er gerir sig sekan um ítrekað brot á lögum þessum, má auk sektarhegninga samkvæmt 17. gr., 18. gr. 1. mgr. og 19. gr. láta sæta fangelsi allt að 6 mánuðum. Auk þess má og endranær, þegar miklar sakir eru, láta skipstjóra sæta sömu refsingu fyrir fyrsta brot á greinum þessum.

Einnig er heimilt að svipta skipstjóra skipstjórnarréttindum í tiltekinn tíma fyrir ítrekuð brot á lögum þessum, svo og svipta skip rétti til tiltekinna veiða í allt að 30 daga.

21. gr.

Sektarfé eftir lögum þessum, svo og andvirði upptækra verðmæta rennur í Landhelgissjóð Íslands. Um sölu upptæks afla og veiðarfæra skal jafnan leita samþykkis stjórnarráðsins. Aldrei má þó selja hinum seka veiðarfæri, og afla því aðeins, að knýjandi nauðsyn sé fyrir hendi.

22. gr.

Um mál þau, sem rísa af brotum gegn lögum þessum, skal fara að hætti opinberra mála.

23. gr.

Frá gildistöku þessara laga falla úr gildi lög nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, og síðari lög um breytingar á þeim lögum, sbr. lög nr. 14 26. mars 1974 og lög nr. 72 14. október 1975. Þó halda gildi sínu lög nr. 73 5. desember 1975. Enn fremur halda gildi sínu reglugerðir þær, sem settar hafa verið samkvæmt ofangreindum lögum.

24. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1976.

Ákvæði til bráðabirgða.

Skip, sem áður höfðu notið veiðiheimilda skv. stærðarmælingu 105 brúttórúmlestir og minni og 350 brúttórúmlestir og minni, skulu áfram njóta sömu veiðiheimilda skv. lögum þessum og skip 26 m og minni og 39 m og minni.

Þrátt fyrir ákvæði 13. gr. skulu skip, sem eru 45 rúmlestir brúttó eða minni og hafa notið heimilda til dragnótaveiði, njóta sömu veiðiheimilda.

Nd. 888. Frumvarp til laga [64. mál]

um breyting á lögum nr. 71 frá 6. maí 1966, um verðtryggingu fjárskuldbindinga.

(Eftir 2. umr. í Nd., 17. maí.)

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er heimilt að kveða svo á í kaup- og verksamningum um hús, húshluta eða önnur mannvirki, að söluverð megi breytast í samræmi við breytingar á verðlagsvísitölu frá þeim tíma, sem verk skal hefjast, og til afhendingardags, enda hafi afhending ekki dregist vegna vanefnda seljanda eða verksala. Slíkir verksamningar skulu vera samkvæmt reglum, sem félagsmálaráðuneytið setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast nú þegar gildi.

Ed. 889. Nefndarálit [285. mál]

um frv. til laga um ráðstöfun eftirstöðva Olíusjóðs fiskiskipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft frumvarp þetta til athugunar og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 18. maí 1976.

Steingrímur Hermannsson, form., frsm. Halldór Ásgrímsson, fundaskr. Jón Árnason.
Stefán Jónsson. Jón G. Sólnes. Jón Árm. Héðinsson.
Oddur Ólafsson.

Nd. **890. Lög** [238. mál]

um skipulag ferðamála.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 728.

Nd. **891. Lög** [262. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til aðildar að Iðnþróunarsjóði fyrir Portúgal.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 584.

Nd. **892. Lög** [258. mál]

um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 572.

Nd. **893. Lög** [260. mál]

um breyting á lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 574.

Nd. **894. Lög** [261. mál]

um breyting á lögum nr. 92 24. desember 1955, um laun starfsmanna ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 575.

Nd. **895. Lög** [259. mál]

um breyting á lögum nr. 46 24. maí 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 573.

Nd. **896. Lög** [96. mál]

um sjúkraþjálfun.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 752.

Nd. 897. Lög [132. mál]

um breyting á lögum nr. 31 5. maí 1970, um dýralækna.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 765.

Sþ. 898. Nefndarálit [278. mál]

um till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1976—79.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Tillögu til þingsályktunar um vegáætlun fyrir árin 1976—1979 var vísað til fjárveitinganefndar 12. maí s.l.

Nefndin hafði áður tekið málið til umræðu, eða þegar eftir að þingskjalinu hafði verið útbýtt í þinginu. Nefndin hefur því haft mjög nauman tíma til athugunar og afgreiðslu málsins.

Svo sem kunnugt er eru vegalög nú í heildarendurskoðun og gert hafði verið ráð fyrir því, að frumvarp að nýjum vegalögum yrði lagt fram á yfirstandandi þingi. Nú er það hins vegar augljóst mál, að svo verður eigi. Með hliðsjón af því og þeirri yfirlýsingu hæstv. samgönguráðherra, að frumvarp að nýjum vegalögum verði lagt fram á Alþingi þegar á næsta hausti, telur meiri hluti fjárveitinganefndar, að rétt sé að bráðabirgðavegáætlun verði einungis samþykkt fyrir árið 1976. Er sú afgreiðsla í samræmi við lög um breyting á vegalögum, nr. 66, 14. júlí 1975, sem samþykkt voru á Alþingi í dag.

Svo sem áður naut fjárveitinganefnd aðstoðar vegamálastjóra og annarra starfsmanna vegagerðarinnar við afgreiðslu málsins, en varðandi skiptingu á fjárveitingum til nýbygginga á þjóðbrautum og landsbrautum var hafður sami háttur á og áður, þ.e. að þingmenn viðkomandi kjördæma komu sér saman um tillögur þar um. Er sú sundurliðun, sem fram kemur í tillögum nefndarinnar, í samræmi við það.

Varðandi tekjubálk þingsályktunartillögunnar er gerð sú breyting, að tekjur af innflutningsgjaldi hækka um 50 millj. króna, og af þungaskatti hækka tekjur einnig um 50 millj. króna. Eru þessar breytingartillögur fluttar í samræmi við endurskoðaða áætlun þjóðhagsstofnunar fyrir yfirstandandi ár.

Þá leggur meiri hluti nefndarinnar til, að sú breyting verði gerð á gjaldahlið áætlunarinnar að liðurinn 2.1.2. Verkfræðilegur undirbúningur, lækki um 20 millj. króna, og liðurinn 2.2.1.7. „Vatnaskemmdir og ófyrirséð“ lækki um 30 millj. kr. Loks er lagt til að liðurinn 2.3. til nýrra þjóðvega hækki um 150 milljónir króna. Er það hluti af happdrættisfé samkv. lögum og ætlað að gangi til nýbygginga á Norður- og austurvegi í því hlutfalli sem lögin segja til um.

Um hinar einstöku áætlanir, Norðurlandsáætlun og Austurlandsáætlun, er það að segja, að þær eru samkvæmt tillögum áætlanadeildar Framkvæmdastofnunar og hæstv. samgönguráðherra og eru þær prentaðar með í brtt. meiri hl. nefndarinnar.

Um flestar af þeim breytingartillögum, sem meiri hluti nefndarinnar flytur við þessa umræðu, má segja að náðst hafi samkomulag innan nefndarinnar um afgreiðslu, en um heildarafgreiðslu málsins náðist ekki samkomulag og mun því minni hlutinn skila séráliti.

Alþingi, 18. maí 1976.

Jón Árnason, form., frsm.	Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr.	Lárus Jónsson.
Steinþór Gestsson.	Gunnlaugur Finnsson.	Ingi Tryggvason.

Sþ. **899. Breytingartillögur** [278. mál]

við till. til þál. um vegáætlun fyrir árið 1976—79.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

1. Upphafsmálsgr. tillögunnar orðist svo:

Alþingi ályktar samkvæmt III. kafla vegalaga, nr. 66 14. júlí 1975, sbr. lög um breyting á þeim lögum, samþykkt á Alþingi 18. maí 1976, að árið 1976 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað og vegir flokkaðir samkvæmt eftirfarandi vegáætlun:

2. Við I. Liðurinn orðist svo:

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN

(Fjárhæðir í m.kr.)

		1976	
1.1.	**Fastir liðir:**		
1.	Innflutningsgjald	1 923	
2.	Þungaskattur	613	
3.	Gúmmígjald	77	
			2 613
	Endurgr. innfl.gjald	28	
	Endurgr. þungaskattur	1	
			29
	Markaðar tekjur nettó		2 584
4.	Ríkisframlag		530
			3 114
1.2.	**Sérstök fjáröflun:**		
1.	Almenn lánsfjáröflun		1 350
2.	Sérstök lánsfjáröflun		250
			4 714

3. Við 2. Liðurinn orðist svo:

II. SKIPTING ÚTGJALDA

(Fjárhæðir í m.kr.)

		1976	
2.1.	**Stjórn og undirbúningur:**		
1.	Skrifstofukostnaður	96.0	
2.	Verkfræðil. undirbúningur	101.7	
3.	Umferðartalning og vegaeftirlit	20.3	
4.	Eftirlaunagreiðslur	13.0	
			231

		1976	
2.2.	**Viðhald þjóðvega:**		
1.	Sumarviðhald:		
	1. Viðhald vega	451.0	
	2. Viðhald brauta	102.0	
	3. Viðhald brúa	58.0	
	4. Heflun vega	210.0	
	5. Rykbinding	40.0	
	6. Vinnsla efnis	196.0	
	7. Vatnask. og ófyrirséð	42.0	
		1 099.0	
2.	Vetrarviðhald	264,0	
3.	Vegmerkingar	18.0	
			1 381
2.3.	**Til nýrra þjóðvega:**		
1.	Hraðbrautir	1 081.0	
2.	Þjóðbrautir	341.9	
3.	Landsbrautir	284.1	
4.	Girðingar og uppgræðsla	40.0	
5.	Sérstakar áætlanir:		
	1. Austurlandsáætlun	177.0	
	2. Norðurlandsáætlun	175.0	
	3. Djúpvegur	25.0	
	4. Norður- og austurvegur	150.0	
			2 274
2.4.	**Til fjallvega o. fl.:**		
1.	Aðalfjallvegir	7.0	
2.	Aðrir fjallvegir	14.0	
3.	Reiðvegir	1.0	
4.	Þjóðgarðavegir o. fl.	10.0	
			32
2.5	**Til brúagerða:**		
1.	Brýr 10 m og lengri	183.0	
2.	Smábrýr	43.0	
			226
2.6.	**Til sýsluvega**		113
2.7.	**Til vega í kaupst. og kaupt.**		292
2.8.	**Til véla- og áhaldakaupa:**		
1.	Til véla- og verkfærakaupa	20.0	
2.	Til byggingar áhaldahúsa	30.0	
			50
2.9.	**Til tilrauna**		15
2.10.	**Til greiðsluhalla:**		
1.	Halli í lok árs 1975	330.0	
2.	Yfirfært á næsta ár	230.0	
			100
			4 714

SUNDURLIÐUN:

2.3 Til nýrra þjóðvega.

1. Hraðbrautir:

Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveitingar í millj. kr. 1976
1	Suðurlandsvegur	
01	Í Flóa	65
34	Eyrarbakkavegur	
02	Selfoss—Þorlákshafnarvegur	9
02	Um Ölfusárós (hönnun)	1
1	Vesturlandsvegur	
16	Um Kiðafell	47
40	Hafnarfjarðarvegur	
02	Í Kópavogi	76
03	Kópavogslækur—Arnarnes	78
06	Um Setbergslæk	12
45	Garðskagavegur	
01	Keflavík—Garður	53
1	Vesturlandsvegur	
05	Um Borgarfjörð	390
11	Í Norðurárdal	30
51	Akranesvegur	
01	Vesturlandsvegur—Akranes	49
61	Djúpvegur	
20	Flugvöllur—Hnífsdalur	30
1	Norðurlandsvegur	
02	Um Hrútafjarðarháls	15
03	Laugabakki—Norðurbraut	16.8
05	Víðidalsv. v.—Víðidalsv. ey.	7
07—08	Vatnsdalur—Blönduós	50
17	Um Vallhólm	15
72	Hvammstangavegur	
01	Norðurlandsvegur—Hvammstangi	15.2
75	Sauðárkróksbraut	
01	Norðurlandsvegur—Reynistaður	12
1	Norðurlandsvegur	
05	Norðan Akureyrar	70
08	Á Svalbarðsströnd	40
	Samtals	**1 081**

2. Þjóðbrautir:

1	Suðurlandsvegur	
12	Austan Víkur	21.0
14	Skarphóll—Skeiðflötur	2.0
17	Við Hvamm	12.0
30	Skeiða- og Hrunamannavegur	
02	Ólafsvallavegur—Brautarholt	10.0
31	Skálholtsvegur	
03	Við Spóastaði	13.5
45	Garðskagavegur	
02	Gerðar—Sandgerði	3.0

Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveitingar í millj. kr. 1976
54	Ólafsvíkurvegur	
02	Um Urriðaá	1.6
07	Um Gróulæk og Viðralæk	4.5
11	Hvalsá—Fossá	5.5
56	Stykkishólmsvegur	
03	Síkisá—Nesvogur	10.0
57	Snæfellsnesvegur	
03	Norðan Laxár	1.5
60	Vestfjarðavegur	
04	Brautarholt—Þorbergsstaðir	10.0
60	Vestfjarðavegur	
03	Tindar—Kambur	11.0
03	Hrísháll—Skáldastaðir	10.0
09	Galtará—Eyri	5.0
14	Fossá—Vatnsdalsá	40.0
21	Sandafell—Ketilseyri	20.0
26	Um Breiðadalsheiði	1.0
61	Djúpvegur	
05	Um Arngerðareyri	10.5
08	Um Eyri í Mjóafirði	4.5
09	Laugardalsá—Strandsel	6.5
19	Arnardalur—flugvöllur	13.0
68	Hólmavíkurvegur	
05	Stóra-Hvalsá—Sauðanes	16.5
76	Siglufjarðarvegur	
10	Almenningsnöf—Siglufjörður	2.0
82	Ólafsfjarðarvegur	
02	Knappsstaðir—Siglufjarðarvegur	2.2
1	Norðurlandsvegur	
01	Grjótá—Öxnadalsá	10.0
11	Norðausturvegur—Aðaldalsvegur	4.5
17	Kísiliðja—Austaraselsheiði	9.0
17	Austan Námaskarðs	6.4
85	Norðausturvegur	
22	Sveinungsvík—Krossavík	2.8
26	Hafralónsá—Langanesvegur	3.1
1	Austurlandsvegur	
14	Egilsstaðir—Upphéraðsvegur	5.0
17	Víðilækur—Axarvegur	2.0
40	Hólmur—Smyrlabjörg	6.0
44	Jökulsá—Fjallsá	33.5
85	Norðausturvegur	
07	Vesturdalsvegur—Vopnafjörður	11.0
12	Teigará—Bæjaröxl	8.0
92	Norðfjarðarvegur	
03	Mjóafjarðarvegur—Neðstabrú	3.0
99	Hafnarvegur	
01	Austurlandsvegur—Höfn	0.8
	Samtals	341,9

3. Landsbrautir:

Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveitingar í millj. kr. 1976
204	Meðallandsvegur	
01	Um Tungulæk	3.2
215	Reynishverfisvegur	
01	Suðurlandsvegur—Prestshús	1.5
25	Þykkvabæjarvegur	
02	Djúpós—Þykkvibær	1.8
252	Landeyjavegur	
01—06	Ýmsir staðir	2.5
255	Akureyjarvegur	
01	Ýmsir staðir	1.5
261	Fljótshlíðarvegur	
02	Hvolsvöllur—Deild	9.0
33	Gaulverjabæjarvegur	
02	Um Baugsstaðasíki	1.0
350	Grafningsvegur	
01	Torfastaðir—Hlíð	11.7
356	Tjarnarvegur	
01	Ofan Vatnsleysu	2.8
358	Einholtsvegur	
01	Á Einholtsmelum	0.5
44	Hafnavegur	
02	Flugvöllur—Stapafellsvegur	11.5
48	Kjósarskarðsvegur	
02	Meðalfellsvegur—sýslumörk	1.5
410	Elliðavatnsvegur	
01	Suðurlandsvegur—Reykjanesbraut	2.1
460	Eyrarfjallsvegur	
01	Vesturlandsvegur—Vesturlandsvegur	2.9
50	Borgarfjarðarbraut	
01	Um Draga	2.0
505	Melasveitarvegur	
01	Ás—Súlunes	1.5
510	Vatnshamravegur	1.5
511	Hvanneyrarvegur	
01	Vesturlandsvegur—Hvanneyri	7.9
519	Reykholtsdalsvegur	
01	Stóri-Ás—Giljar	5.0
528	Norðurárdalsvegur	
01	Glitstaðir—Skarðshamrar	7.0
574	Útnesvegur	
	Snjóastaðir	6.0
586	Haukadalsvegur	
01	Vestfjarðavegur—Smyrlahóll	10.0
590	Klofningsvegur	
04	Efribyggðarvegur—Ballará	10.0
619	Ketildalavegur	
01	Bíldudalur—Svarthamar	2.0
624	Ingjaldssandsvegur	
01	Vestfjarðavegur—Ingjaldssandur	3.0

Vegnr.		Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveitingar í millj. kr. 1976
65		**Súgandafjarðarvegur**	
	04	Fyrir Spilli	4.0
643		**Strandavegur**	
	08	Árnes—Melar	7.0
704		**Miðfjarðarvegur**	
	01	Norðurlandsvegur—Vesturárdalsvegur	3.6
706		**Núpsdalsvegur**	
	01	Miðfjarðarvegur—Miðfjarðarvegur	2.0
711		**Vatnsnesvegur**	
	06	Vesturhópshólar—Síðuvegur	3.1
715		**Víðidalsvegur vestri**	
	01	Hvarf—Kolugil	2.4
724		**Reykjabraut**	
	01	Norðurlandsvegur—Svínvetningabraut	2.0
725		**Miðásvegur**	
	01	Norðurlandsvegur—Hæll	0.3
726		**Auðkúluvegur**	
	01	Reykjabraut—Svínvetningabraut	9.0
741		**Neðribyggðarvegur**	
	01	Skagastrandarvegur—Skagastrandarvegur	6.7
744		**Þverárfjallsvegur**	
	02	Engjadalur—Skagavegur	2.4
745		**Skagavegur**	
	02	Hlíð—Krókssel	1.7
	03	Krókssel—Hafnaá	0.6
	09	Þverárfjallsvegur—Sauðárkrókur	1.8
752		**Skagafjarðarvegur**	
	01	Norðurlandsvegur—Efribyggðarvegur	7.7
	02	Efribyggðarvegur—Svartárdalsvegur	1.5
754		**Héraðsdalsvegur**	
	01	Skagafjarðarvegur—Kjálkavegur	2.5
757		**Tunguhálsvegur**	
	01	Skagafjarðarvegur—Héraðsdalsvegur	1.5
762		**Sæmundarhlíðarvegur**	
	01	Sauðárkróksbraut—Fjall	2.0
764		**Hegranesvegur vestri**	
	01	Hegranesvegur eystri—Helluland	10.0
83		**Grenivíkurvegur**	
	02	Fnjóskadalsvegur eystri—Grenivík	4.2
802		**Ólafsfjarðarvegur eystri**	
	02	Ólafsfjörður—Ólafsfjarðarvegur	5.0
815		**Hörgárdalsvegur**	
	01	Norðurlandsvegur—Ólafsfjarðarvegur	10.2
821		**Eyjafjarðarbraut vestri**	
	02	Finnastaðavegur—Eyjafjarðarbraut eystri	9.8
829		**Eyjafjarðarbraut eystri**	
	01	Norðurlandsvegur—Munkaþverá	4.0
842		**Bárðardalsvegur vestri**	
	02	Hlíðarendi—Bárðardalsvegur eystri	2.4
843		**Lundarbrekkuvegur**	
	01	Bárðardalsvegur eystri—Víðiker	4.6

Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveitingar í millj. kr. 1976
847	Stafnsvegur	
01	Norðurlandsvegur—Stafn	2.5
856	Laxárdalur vestri	
01	Staðarbraut—Halldórsstaðir	0.5
865	Gilsbakkavegur	
01	Norðausturvegur—Gilsbakki	5.0
94	Borgarfjarðarvegur	
04	Steinsvaðsvegur—Hjaltastaðavegur	10.0
08	Njarðvík—Borgarfjörður	0.4
917	Hlíðarvegur	
02	Hallgeirsstaðir—Eyjavegur	0.8
919	Sunnudalsvegur	
01	Hlíðarvegur—Guðmundarstaðir	6.0
924	Jökuldalsvegur eystri	
02	Refshöfði—Austurlandsvegur	13.0
925	Hróarstunguvegur	
02	Húseyjarvegur—Lagarfoss	0.6
926	Húseyjarvegur	
01	Tunguvegur—Geirastaðir	0.4
931	Upphéraðsvegur	
08	Hallormsstaður—Gunnlaugsstaðir	10.0
951	Vestdalseyrarvegur	
03	Vestdalseyri—Sunnuholt	6.0
953	Mjóafjarðarvegur	
01	Norðfjarðarvegur—Háheiði	5.0
964	Breiðdalsvegur	
01	Austurlandsvegur—Austurlandsvegur	0.5
986	Rauðabergsvegur	
01	Austurlandsvegur—Holtasel	2.0
	Samtals	284.1

5.1. Austurlandsáætlun.

1	Austurlandsvegur	
25	Axarvegur—Urðarteigur	0.7
29	Melrakkanes—Hof	19.3
85	Norðausturvegur	
12	Teigará—Bæjaröxl	7.0
92	Norðfjarðarvegur	
02	Seyðisfjarðarvegur—Mjóafjarðarvegur	2.0
10	Gangamunni Eskifj.—Kirkjuból	100.0
93	Seyðisfjarðarvegur	
03	Sýslumörk—kaupstaður	23.0
96	Suðurfjarðavegur	
08	Vík—Stöðvarfjörður	25.0
	Samtals	177.0

5.2. Norðurlandsáætlun.

Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveitingar í millj. kr. 1976
STRANDABYGGÐ		
68	Hólmavíkurvegur	
05	Kolbeinsá—Guðlaugsvík	10.0
HÚNABYGGÐ		
1	Norðurlandsvegur	
02	Brautarholt—Sveðjustaðir	20.0
11	Hvammur—Svínvetningabraut	15.0
SKAGAFJARÐARBYGGÐ		
75	Sauðárkróksbraut	
05	Sauðárkrókur—Siglufjarðarvegur	51.0
EYJAFJARÐARBYGGÐ		
82	Ólafsfjarðarvegur	
01	Norðurlandsvegur—Hjalteyrarvegur	10.0
1	Norðurlandsvegur	
01	Grjótá—Öxnadalsá	8.0
08	Vaðlaheiðarvegur—Grenivíkurvegur	15.0
SKJÁLFANDABYGGÐ		
85	Norðausturvegur	
01	Norðurlandsvegur—Hólsgerði	8.0
NORÐAUSTURBYGGÐ		
85	Norðausturvegur	
17	Leirhöfn—Sigurðarstaðir	21.0
25	Syðra-Áland—Hafralónsá	15.0
Verkfræðilegur undirbúningur		2.0
	Samtals	**175.0**

5.3. Djúpvegur.

61	Djúpvegur	25.0
	Samtals	**25.0**

5.4 Norður- og austurvegur.

Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveitingar í millj. kr. 1976
1	Norðurlandsvegur	
801—01	Á Öxnadalsheiði	25.0
1	Norðurlandsvegur	
	Á Holtavörðuheiði	75.0
1	Suðurlandsvegur	
201—28	Austan Þjórsár	30.0
1	Austurlandsvegur	
901—30	til 32 Fyrir Hvalneshorn	10.0
901—17	Víðilækur—Axarvegur	10.0
	Samtals	**150.0**

2.5. Til brúagerða.

	Fjárveitingar í millj. kr. 1976
1. Til brúa 10 m og lengri	
Tungulækur í Landbroti (204)	11.1
Bjarnardalsá (1)	33.0
Þingmannaá (60)	23.6
Laugardalsá í Djúpi (61)	27.6
Hvalsá í Hrútafirði (68)	17.0
Laxá hjá Tindum (724)	15.0
Laxá á Þverárfjallsv. (744)	7.1
Öxnadalsá hjá Hrauni (sýsluv.)	7.3
Vesturdalsá hjá Haugsst. (sýsluv.)	13.0
Vesturdalsá hjá Fremri-Hlíð (sýsluv.)	10.0
Kolgríma í Suðursveit (1)	18.3
Samtals	**183.0**

4. Við III. Flokkun vega.
   a. 3.1. breytist á þessa leið:
   - 40 Hafnarfjarðarvegur: Frá mörkum Reykjavíkur við Fossvogslæk, um Kópavog og Garða á Reykjanesbraut ofan Hafnarfjarðar.
   - 412 Vífilsstaðavegur: Af Hafnarfjarðarvegi sunnan Silfurtúns um Garða og Vífilsstaði á Elliðavatnsveg við Vífilsstaðavatn.
   - 611 Siglunesvegur: Af Barðastrandarvegi norðan Haukabergsárbrúar um Holt að Skriðufelli.
   - 205 Klausturvegur: Af Suðurlandsvegi við Skaftárbrú að Kirkjubæjarklaustri.
   - 208 Búlandsvegur: Af Suðurlandsvegi austan við Tungufljótsbrú í Skaftártungu að Skaftárdal.
   - 248 Markarvegur: Af Suðurlandsvegi austan Markarfljóts að Stóru-Mörk.
   - 249 Þórsmerkurvegur: Af Suðurlandsvegi austan Markarfljóts, um Merkurengjar í Húsadal í Þórsmörk.
   - 275 Ásvegur: Af Suðurlandsvegi við Landvegamót um Áshverfi, Sandhólaferju, Háfshverfi og Þykkvabæ að Húnakoti.
   - 30 Skeiða- og Hrunamannavegur: Af Suðurlandsvegi í Flóa, um Skeið, hjá Reykjum um brú á Stóru-Laxá, hjá Hrepphólum, um Flúðir, Skip-

holt og yfir Hvítá hjá Brúarhlöðum á Biskupstungnabraut hjá Kjóastöðum.
568 Skógarnesvegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan við Rauðkollsstaði að Haust-húsum.
575 Flugvallarvegur: Af Útnesvegi nálægt Rifi að flugvelli.
610 Fossárvegur: Fellur niður.
622 Svalvogavegur: Af Vestfjarðavegi við Þingeyri um Haukadal, Keldudal og Svalvoga að Lokinhömrum.
743 Laxárdalsvegur: Af Þverárfjallsvegi yfir Norðurá að Balaskarði.
789 Sléttuvegur: Af Siglufjarðarvegi vestan Fljótaárbrúar um Sléttu og Skeiðfossvirkjun, á Ólafsfjarðarveg nálægt Hvammi.
955 Flugvallarvegur í Norðfirði: Af Norðfjarðarvegi hjá Þrastarlundi að flugvelli.

b. 3.2.1 breytist á þessa leið:
1. 60 Vestfjarðavegur: Fellur niður.
2. 61 orðist svo:
61 **Djúpvegur:**
Flugvöllur—Hnífsdalur.

c. 3.2.2. Við bætist nýr liður:
60 **Vestfjarðavegur.**
61 **Djúpvegur:**
Vestfjarðavegur í Þorskafirði. — Flugvöllur við Ísafjörð, og Hnífsdalur—Bolungarvík.

5. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo:
Tillaga til þingsályktunar um bráðabirgðavegáætlun fyrir árið 1976.

Nd. 900. Nefndarálit [287. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 66 14. júlí 1975.

Frá meiri hl. samgöngunefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Undirritaðir nefndarmenn leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Sverrir Hermannsson var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. maí 1976.

Friðjón Þórðarson, form., frsm.	Sigurlaug Bjarnadóttir, fundaskr.	Stefán Valgeirsson.
	Páll Pétursson.	

Ed. 901. Nefndarálit [64. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 71 frá 6. maí 1966, um verðtryggingu fjárskuldbindinga.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Klemenz Tryggvason hagstofustjóri kom á fund nefndarinnar.

Ljóst er að hér er um aðkallandi vandamál að ræða, en þar sem nefndin hefur ekki haft nægan tíma til að kanna málið leggur hún til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** í trausti þess að hún hefji þegar undirbúning að samningu frum-

varps, sem kveði nánar á um reglur sem varða verðtryggingu fjárskuldbindinga, og leggi það fram í upphafi næsta þings.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Albert Guðmundsson, Jón Árm. Héðinsson og Axel Jónsson.

Alþingi, 18. maí 1976.

Halldór Ásgrímsson, form. | Jón Helgason, fundaskr. | Ragnar Arnalds, frsm.

Jón G. Sólnes, með fyrirvara.

Nd. 902. Nefndarálit [287. mál]

um frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 66. 14. júlí 1975.

Frá minni hl. samgöngunefndar.

Minni hluti samgöngunefndar telur að með frv. þessu viðurkenni ríkisstjórn í reynd algjöra uppgjöf sína í sambandi við framkvæmdir í vegamálum.

Með frv. er lagt til að fella úr gildi þau ákvæði vegalaga að gerð skuli áætlun til fjögurra ára varðandi framkvæmdir við vegi, en þau vinnubrögð hafa að flestra dómi gefist mjög vel.

Með frv. þessu er því stigið stórt skref til baka, sem er vafalaust til hins verra, og ástæða þess er getuleysi hæstvirtrar ríkisstjórnar. Vegáætlun er eitt veigamesta mál þingsins, enda eru samgöngumál einn mikilvægasti þáttur í vexti og viðgangi landsbyggðarinnar.

Það er athyglisvert og dæmigert fyrir vinnubrögð stjórnarflokkanna hér á háttvirtu Alþingi að frv. þetta skuli lagt fram næstsíðasta dag þingsins. En þar sem hér er um að ræða ákvörðun meiri hlutans hér á Alþingi og ekki eru líkur á að komið verði í veg fyrir afgreiðslu með þessum hætti, ekki síst vegna þess hve vegáætlun er seint fram komin og ekki hefur gefist nægilegur tími til að reyna til þrautar hvort hægt væri að koma vitinu fyrir hæstv. ríkisstjórn í þessu máli, munu undirritaðir sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. maí 1976.

Karvel Pálmason, frsm. | Garðar Sigurðsson.

Nd. 903. Nefndarálit [236. mál]

um frv. til laga um skotvopn, sprengiefni og skotelda.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til að það verði samþ. með áorðnum breytingum. Tveir nefndarmenn, Sighvatur Björgvinsson og Svava Jakobsdóttir, munu flytja breytingartillögu við II. kafla frv.

Ellert B. Schram var fjarstaddur.

Alþingi, 18. maí 1976.

Páll Pétursson, varaform., frsm. | Gunnlaugur Finnsson, fundaskr. | Ingólfur Jónsson.

Sighvatur Björgvinsson. | Svava Jakobsdóttir.

Nd. **904. Breytingartillögur** [236. mál]

við frv. til laga um skotvopn, sprengiefni og skotelda.

Frá minni hl. allsherjarnefndar (SighB, SvJ).

1. Við II. kafla (5.—13. gr.). Kaflinn orðist svo:

II. KAFLI

Framleiðsla, innflutningur, útflutningur og verslun.

5. gr.

Enginn nema ríkisstjórnin má framleiða, flytja til landsins eða frá því eða versla í smásölu með nokkra gerð af skotvopnum, skotfærum, sprengiefnum né skoteldum, sbr. 1. gr., né aðra hluti, sem lög þessi taka til skv. 3. gr., sbr. þó ákvæði 6. gr. Stofnuð skal sérstök deild við Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins til þess að annast þau verkefni, sem kveðið er á um í þessari grein. Dómsmálaráðherra setur reglugerð um starfsemi deildarinnar, þ. á m. reglur um framleiðslu á greindum vörum, um búnað framleiðslu- og söluhúsnæðis svo og um öryggismál.

6. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að gera undantekningar frá ákvæðum 5. gr. sem hér greinir:

1. Heimilt er dómsmálaráðherra að leyfa einstaklingum eða félögum að starfrækja flugeldaverksmiðjur, enda starfi við þær einn maður eða fleiri, sem að dómi ráðherra hafa nægilega þekkingu til þess að framleiða skotelda, og búnaður verksmiðju uppfylli þær öryggisreglur, sem ráðherra setur að fengnum tillögum Brunamálastofnunar ríkisins og Öryggiseftirlits ríkisins.
2. Heimilt er dómsmálaráðherra að veita einstaklingum eða félögum leyfi til smásölu á skoteldum, enda geti aðilar ábyrgst örugga vörslu vörunnar og uppfylli þær kröfur, sem um það kunna að vera gerðar. Áður en slíkt leyfi er veitt skal leita umsagnar viðkomandi lögreglustjóra, svo og slökkviliðsstjóra eða annarra aðila, sem með brunamál fara. Leyfi skv. þessum tölulið skal eigi veita til lengri tíma en þriggja ára í senn.
3. Heimilt er dómsmálaráðherra að setja reglur um að undanþiggja frá ákvæðum 5. gr. um flutning að og frá landinu þau tiltekin tæki eða efni, sem flutt eru til eða frá landinu með skipum eða flugförum, ef vörur þessar teljast vera nauðsynlegur búnaður skips eða flugfars.

7. gr.

Deild sú við Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, sem annast á framleiðslu og sölu á skotvopnum, skotfærum, sprengiefni og skoteldum skv. 5. gr., skal halda skrá yfir alla sölu á skotvopnum, skotfærum og sprengiefnum eftir reglum, sem dómsmálaráðherra setur. Veita skal lögreglustjórum eða rannsóknarlögreglu nákvæmar upplýsingar um allar slíkar sölur, vörur og kaupendur, þegar þess er óskað.

Lögreglustjóri eða rannsóknarlögreglumenn geta hvenær sem er og án sérstakrar heimildar fengið aðgang að húsnæði þar sem skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skoteldar er framleitt eða selt eða þar sem birgðir slíkrar vöru eru geymdar.

8. gr.

Óheimilt er að selja eða á annan hátt að afhenda vörur, sem lög þessi ná til, öðrum en þeim, sem sýna skilríki fyrir því, að þeir megi kaupa eða taka á móti vörunum eftir ákvæðum þessara laga.

9. gr.

Allar auglýsingar skotvopna, skotfæra og sprengiefna eru bannaðar.

2. Við 21. gr. Síðari málsl. falli niður.

Nd. 905. Frumvarp til laga [267. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Reykhólahreppi jörðina Reykhóla í Reykhólahreppi í Austur-Barðastrandarsýslu.

(Eftir 2. umr. í Nd., 17. maí.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Reykhólahreppi, Austur-Barðastrandarsýslu, jörðina Reykhóla, að undanskildu því landi og aðstöðu, sem tilraunastöðin og þörungaverksmiðjan þurfa til starfsemi sinnar. Þarfnist ríki eða ríkisstofnanir lands eða byggingalóða úr landi ofangreindrar jarðar, skal því heimilt að kaupa það og þá við sama verði hlutfallslega og Reykhólahreppi var gert að greiða fyrir jörðina. Hreppsnefnd Reykhólahrepps er óheimilt að selja öðrum en ríkissjóði umrædda jörð eða hluta af henni.

Um aðild hreppsfélagsins að hitavatnsréttindum fer eftir samningum milli ríkisins og hreppsins.

Náist ekki samkomulag um söluverð jarðeignarinnar, skal það ákveðið af dómkvöddum mönnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 906. Nefndarálit [282. mál]

um frv. til l. um löggilta endurskoðendur.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frv. verði samþykkt eins og það er komið frá Ed.

Alþingi, 18. maí 1976.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm.	Lárus Jónsson, fundaskr.	Lúðvík Jósepsson.
Ey. Kon. Jónsson.	Tómas Árnason.	Þórarinn Þórarinsson.
	Gylfi Þ. Gíslason.	

Ed. 907. Breytingartillaga [254. mál]

við frv. til laga um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá Stefáni Jónssyni.

Upphaf 6. gr. orðist svo:

Fiskveiðasjóður heyrir undir ráðherra þann, sem fer með sjávarútvegsmál. Skal stjórn hans vera í höndum 7 manna. Fjórir skulu kosnir með hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Aðra skipar ráðherra til tveggja ára í senn eftir tilnefningum. Einn skal tilnefndur af Landssambandi íslenskra útvegsmanna. Eftirtalin samtök í fiskiðnaði tilnefna sameiginlega einn fulltrúa o. s. frv.

Ed. 908. Nefndarálit [267. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Reykhólahreppi jörðina Reykhóla í Reykhólahreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd hefur fjallað um frumvarpið og mælir með því að það verði samþykkt eins og það kom frá Nd.

Alþingi, 18. maí 1976.

Steinþór Gestsson, form., frsm. Ingi Tryggvason, fundaskr. Jón Árm. Héðinsson
Ásgeir Bjarnason. Axel Jónsson. Helgi F. Seljan. Jón Árnason.

Ed. 909. Lög [127. mál]

um breyting á lögum nr. 101 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 669.

Ed. 910. Lög [268. mál]

um breyting á hafnalögum, nr. 45 frá 24. apríl 1973.

(Afgreidd frá Ed. 18. maí.)

Samhljóða þskj. 839.

Ed. 911. Ábúðarlög. [270. mál]

(Afgreidd frá Ed. 18. maí.)

Samhljóða þskj. 632.

Sþ. 912. Nefndarálit [278. mál]

um till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1976—79.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Í tillögu til þingsályktunar um vegáætlun fyrir árin 1976—1979 er gert ráð fyrir 25% niðurskurði framkvæmda á þessu ári miðað við áætlaðar framkvæmdir samkv. núgildandi vegáætlun. Þessi niðurskurður kemur til viðbótar jafnmiklum niðurskurði á árinu 1975. Framkvæmdir í ár eru því samkv. þingsályktunartillögunni einungis um 56% af framkvæmdamagni á vegáætlun 1974.

Í þáltill. um vegáætlun var þessi niðurstaða um óbreytta krónutölu framkvæmdafjár til nýrra hraðbrauta, þjóðbrauta og landsbrauta og um niðurskurð

vegaframkvæmda um fjórðung fengin með því að auka lántökur um 52% á árinu 1976, eða úr 1 050 millj. kr. í 1 600 millj. kr. Í þáltill. er gert ráð fyrir að 75% allra framkvæmda við nýja þjóðvegi byggist á lántökum, þar á meðal á bráðabirgðalánum til eins eða tveggja ára, en greiðsla þeirra lána kemur til frádráttar framkvæmdafé þegar á árunum 1977 og 1978.

Hinn 16. mai 1975 voru samþykkt á Alþingi lög, sem gerðu skylt að tekið yrði 2 000 millj. kr. lán til framkvæmda við Norður- og Austurveg á næstu 4 árum, eða 500 millj. kr. til jafnaðar á ári, í fyrsta sinn 1976. Var því slegið föstu, að fjárhæðir þessar kæmu til viðbótar almennu framkvæmdafé á þessum árum.

Þrátt fyrir samþykkt þessara laga um sérstakar framkvæmdir við Norður- og Austurveg var í þingsályktunartillögunni um vegaframkvæmdir á árunum 1976—1979 gert ráð fyrir að þessi fjáröflun, sem innifalin var í tekjuhlið áætlunarinnar, rynni til almennra vegaframkvæmda. Einungis með þessum hætti hafði ríkisstjórnarflokkunum tekist að halda óbreyttri krónutölu framkvæmdafjár til nýrra þjóðvega, en það jafngildir í reynd 25% niðurskurði.

Eftir að þingmenn gerðu sér grein fyrir að hverju var stefnt með þessari uppbyggingu vegáætlunar, varð ljóst, að ríkisstjórninni var ókleift að afgreiða vegáætlun með venjulegum og lögboðnum hætti.

Stjórnarflokkarnir hafa því orðið að horfast í augu við þá staðreynd, að þeir hafa komið málum Vegasjóðs í algert þrot á tveggja ára stjórnartíma sínum og eru ekki færir um að afgreiða vegáætlun eins og lög standa til. Hefur því verið gripið til þess ráðs að áætla tekjur á pappírnum 100 millj. kr. hærri en gert var í þáltill., sem lögð var fram fyrir 10 dögum. Á þessari hækkun áætlaðra tekna af innflutningsgjaldi og þungaskatti hafa engar skýringar fengist eða frekari sundurliðanir. Jafnframt hefur verið ákveðið að skera niður áætluð framlög til verkfræðilegs undirbúnings um 20 millj. kr., eða um 16%, og til vatnaskemmda og ófyrirséðs kostnaðar um 30 millj. kr., eða um 41%.

Tillögur þessar eru algerlega óraunhæfar. Aukning framkvæmdafjár með þessum hætti er fullkomlega jafngildi þess að fóðra hund með bita af eigin rófu.

Með þessum hætti er lagt til að framlög til nýrra þjóðvega hækki um 150 millj. kr. og á að verja þeirri hækkun til framkvæmda við Norður- og Austurveg, en framlög til annarra framkvæmda verða óbreytt og skerðast að raungildi um fjórðung frá árinu 1975.

Enn skortir þá 350 millj. kr. til þess að staðið sé við lagaákvæðið um að 500 millj. kr. lánsfjáröflun til Norður- og Austurvegar á þessu ári verði raunverulega varið til þessara vega. Þess í stað er nú við það miðað, að óbreytt fjárveiting að krónutölu til almennra vegaframkvæmda sé m.a. byggð á 350 millj. kr. láni frá Norður- og Austurvegi og eigi að endurgreiðast á næsta ári eða árum, þannig að almennar framkvæmdir skerðist þá sem því nemur frá því sem ella yrði til þeirra varið.

Þegar þessi óskapnaður allur lá fyrir varðandi vegáætlun fyrir árið 1976 og algert getuleysi blasti við varðandi næstu þrjú ár, sem skylt er að gera áætlun um samkv. vegalögum, var uppgjöfin staðfest með flutningi frumvarps ríkisstjórnarinnar um breytingu á vegalögum, þess efnis, að engin vegáætlun verði afgreidd eins og gildandi lög gera ráð fyrir, heldur verði tekjur og gjöld Vegasjóðs á þessu ári einungis samþykkt með bráðabirgðavegáætlun.

Alþingi hefur einungis haft þingsályktunartillöguna um vegáætlun til meðferðar í rúma viku, samtímis því að ríkt hafa á Alþingi meiri annir vegna fyrirhugaðra þingslita en áður hefur þekkst. Er því ljóst, að ekkert svigrúm er til að ráða fram úr vandamálum Vegasjóðs á þessum fáu dögum.

Afgreiðsla vegáætlunar er eitt hinna mikilverðustu mála þingsins. Verður því mjög að átelja hvernig hæstv. ríkisstj. hefur staðið að afgreiðslu þessa máls eftir að stefna hennar í efnahagsmálum hefur komið Vegasjóði í algert þrot.

Eftir tveggja ára stjórnarsetu hægri stjórnar undir forustu Sjálfstæðisflokksins blasir við í vegamálum æði ólík mynd þeirri, sem Sjálfstæðisflokkurinn gaf fyrir-

heit um, áður en hann tók við stjórnarforustunni. Þá töldu forustumenn flokksins sjálfsagt að stórauka framlag ríkissjóðs til vegamála af þeim tekjum, sem hann hefur af umferðinni í landinu. Slík úrræði til að efla hag Vegasjóðs heyrast ekki úr þeim herbúðum nú, enda hafa stjórnarflokkarnir ekki síður komið ríkissjóði í þrot en Vegasjóði, þrátt fyrir síhækkandi tekjur ríkissjóðs af umferðinni.

Þess má geta, að samtímis því að ríkissjóður greiðir 1556 millj. kr. á árinu 1976 í afborganir, vexti og beint framlag vegna Vegasjóðs, nema tekjur í ríkissjóð af tollum og söluskatti af bifreiðum og bensíni 4200 millj. kr.

Söluskattstekjur ríkissjóðs af bensíni og bifreiðum eru áætlaðar 1 900 millj. kr. í ár og nema nærri jafnhárri upphæð og varið er til allra nýrra vegaframkvæmda. Hafa söluskattstekjur ríkissjóðs af bensíni og bifreiðum þá hækkað um nær 500 millj. kr. frá árinu 1975 á sama tíma og raungildi vegaframkvæmda lækkar um fjórðung.

Eftir tveggja ára forustu Sjálfstæðisflokksins í ríkisfjármálum er hag ríkissjóðs hins vegar svo komið, þrátt fyrir síaukna skattheimtu, að þaðan er engrar aðstoðar að vænta fyrir Vegasjóð. Má í því sambandi geta þess, að samkv. nýjustu opinberum upplýsingum um skuldir ríkissjóðs og ríkisstofnana við Seðlabankann hafa þær enn aukist í mars s. l. um 1 218 millj. kr.

Vegna þess hvernig hæstv. ríkisstjórn hefur leikið Vegasjóð og ríkissjóð verður ekki á svo örskömmum tíma sem gefinn er til afgreiðslu vegáætlunar spornað við því, að stjórnarflokkarnir afgreiði málefni Vegasjóðs með þeim einstæða hætti sem þeir stefna að.

Til þessa hefur jafnan við afgreiðslu vegáætlunar tekist að ná samstöðu þingmanna stjórnar og stjórnarandstöðu um heildarafgreiðslu málsins. Minni hl. fjvn. telur hins vegar, að vegna þess, hversu seint þingsályktunartillagan um vegáætlun er lögð fram að þessu sinni og hvernig að undirbúningi og afgreiðslu hefur verið staðið, sé honum ókleift að afgreiða vegáætlun á þann hátt sem meiri hl. fjvn. hefur nú ákveðið.

Alþingi, 18. maí 1976.

Geir Gunnarsson, frsm. Jón Árm. Héðinsson. Karvel Pálmason.

Ed. 913. Lög [274. mál]

um breyting á lögum nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 18. maí.)

Samhljóða þskj. 640.

Ed. 914. Lög [23. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 23 3. maí 1972 og lög nr. 25 24. apríl 1974.

(Afgreidd frá Ed. 18. maí.)

Samhljóða þskj. 518 (sbr. 491).

Ed. 915. Nefndarálit [192. mál]

um frv. til l. um jafnréttisráð.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur rætt frumvarpið á tveim fundum og mælir með samþykkt þess með þessum

BREYTINGUM:

1. 1. gr. hljóði svo:
   Tilgangur laga þessara er að stuðla að jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla.
2. Fyrirsögn frv. orðist svo:
   Frumvarp til laga um jafnrétti kvenna og karla.

Alþingi, 18. maí 1976.

Ingi Tryggvason, form., frsm.	Axel Jónsson, fundaskr.	Halldór Ásgrímsson.
Geir Gunnarsson.	Oddur Ólafsson.	Eggert G. Þorsteinsson.

Ed. 916. Lög [238. mál]

um Orkubú Vestfjarða.

(Afgreidd frá Ed. 18. maí.)

Samhljóða þskj. 884 (sbr. 495).

Nd. 917. Lög [177. mál]

um námslán og námsstyrki.

(Afgreidd frá Nd. 18. maí.)

Samhljóða þskj. 764 (sbr. 364).

Nd. 918. Lög [233. mál]

um norræna vitnaskyldu.

(Afgreidd frá Nd. 18. maí.)

Samhljóða þskj. 480.

Nd. 919. Lög [234. mál]

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði, sbr. lög nr. 33 26. apríl 1963.

(Afgreidd frá Nd. 18. maí.)

Samhljóða þskj. 481.

Nd. **920. Lög** [58. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Nd. 18. maí.)

Samhljóða þskj. 781.

Nd. **921. Lög** [287. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 66 14. júlí 1975.

(Afgreidd frá Nd. 18. maí.)

Samhljóða þskj. 853.

Ed. **922. Nefndarálit** [115. mál]

um frv. til laga um íslenska stafsetningu.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. á þremur fundum. Á fyrsta fund nefndarinnar komu tuttugu aðilar, sem lýstu viðhorfum sínum til málsins og svöruðu fyrirspurnum. Nefndin leggur til, þar sem ljóst er að ekki vinnst tími til að afgreiða málið á þessu þingi, að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Jafnframt bendir nefndin á, að hún telur rétt að menntamálaráðherra efni á þessu sumri til fundar með íslenskukennurum og öðrum sérfróðum mönnum um íslenskt mál, þar sem reynt verði að ná sem víðtækustu samkomulagi um meginstefnu varðandi stafsetningarreglur og ákvarðanatöku um breytingar á þeim.

Alþingi, 18. maí 1976.

Axel Jónsson, form., frsm.	Steinþór Gestsson, fundaskr.	Jón Árm. Héðinsson.
Ingi Tryggvason.	Ragnar Arnalds.	Steingrímur Hermannsson.
	Þorv. Garðar Kristjánsson.	

Ed. **923. Frumvarp til laga** [192. mál]

um jafnrétti kvenna og karla.

(Eftir 2. umr. í Ed., 18. maí.)

Samhljóða þskj. 402 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:
Tilgangur laga þessara er að stuðla að jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla.

5. gr. hljóðar svo:
Nú er umsækjandi um auglýst starf kona, en það hefur verið veitt karlmanni, og skal þá Jafnréttisráð, ef umsækjandi óskar þess, fara fram á það við hlutaðeigandi atvinnurekanda, að hann veiti því skriflegar upplýsingar um hvaða menntun, starfsreynslu og aðra sérstaka hæfileika sá hefur til að bera, er ráðinn var í starfið.

Sama rétt skal karlmaður, sem er umsækjandi um starf, hafa, ef konu er veitt starfið.

6. gr. hljóðar svo:

Konur og karlar, er starfa hjá sama atvinnurekanda skulu njóta sömu möguleika til framhalds starfsþjálfunar og til að sækja námskeið, er haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings annarra starfa.

7. gr. hljóðar svo:

Í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum skal veita fræðslu um jafnrétti kvenna og karla. Kennslubækur og kennslutæki, sem þar eru notuð, skulu vera þannig úr garði gerð og hönnuð, að kynjum sé ekki mismunað.

9. gr. hljóðar svo:

Jafnréttisráð skal annast framkvæmd laga þessara. Jafnréttisráð skal skipað 5 mönnum til þriggja ára í senn og skulu þeir ásamt varamönnum skipaðir þannig: einn skipaður af Hæstarétti og er hann formaður ráðsins og skal hafa lokið embættisprófi í lögum, einn skipaður af félagsmálaráðherra, einn skipaður af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn skipaður af Alþýðusambandi Íslands og einn skipaður af Vinnuveitendasambandi Íslands.

Jafnréttisráð hefur skrifstofu og ræður framkvæmdastjóra til að veita henni forstöðu. Kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

10. gr. orðist svo:

Verkefni Jafnréttisráðs er að:

1. Sjá um að ákvæðum 2.—8. gr. þessara laga um jafnrétti kvenna og karla sé framfylgt.
2. Vera ráðgefandi gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og félögum í málefnum, er varða jafnrétti með konum og körlum í kjaramálum og við ráðningu eða skipun til starfs.
3. Fylgjast með þjóðfélagsþróuninni sem m. a. varðar þetta lagaefni, og gera tillögur til breytinga til samræmis við tilgang þessara laga.
4. Stuðla að góðri samvinnu við samtök atvinnurekenda og launafólks svo og aðra þá aðila sem jafnréttismál kvenna og karla varða, svo að stefnu og markmiði laga þessara verði náð með sem eðlilegustum hætti.
5. Taka til rannsóknar af sjálfsdáðum, hver brögð kunna að vera að misrétti í jafnréttismálum að því leyti er lög þessi varðar. Opinberum stofnunum svo og félagssamtökum á vinnumarkaði er skylt að veita Jafnréttisráði hvers konar upplýsingar hér að lútandi.
6. Taka við ábendingum um brot á ákvæðum laga þessara og rannsaka málið af því tilefni og senda að rannsókn lokinni málsskjöl til þeirra aðila, sem málið snertir.

11. gr. hljóðar svo:

Nú telur Jafnréttisráð, að ákvæði 2.—8. gr. laga þessara séu brotin, og beinir þá ráðið rökstuddum tilmælum um ákveðnar úrbætur til vikomandi aðila.

Fallist viðkomandi aðili ekki á tilmæli ráðsins, er ráðinu heimilt, í samráði við hlutaðeigandi starfsmann, að höfða mál í umboði hans til viðurkenningar á rétti hans.

13. gr. hljóðar svo:

Þegar héraðsdómari fer með mál út af brotum á lögum þessum, kveður hann til tvo meðdómendur.

Kveðja skal öðrum fremur til menn, sem hafa víðtæka þekkingu á kjaramálum launþega og jafnréttismálum.

14. gr. hljóðar svo:

Félagsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga í reglugerð að fengnum tillögum Jafnréttisráðs.

Sþ. **924. Fjáraukalög** [32. mál]

fyrir árið 1973.

(Afgreidd frá Sþ. 18. maí.)

Samhljóða þskj. 35.

Sþ. **925. Fjáraukalög** [208. mál]

fyrir árið 1974.

(Afgreidd frá Sþ. 18. maí.)

Samhljóða þskj. 437.

Nd. **926. Breytingartillögur** [251. mál]

við frv. til l. um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 3. gr.
   a) Við B. Austurland.
      B 3 falli brott.
   b) Við C. Suðausturland.
      C 5. Síðari málsl. falli brott.
   c) Við E. Reykjanes- og Faxaflóasvæði.
      E 1. Í stað „10 sjómílna“ komi: 6 sjómílna.
   d) Við F. Breiðafjörður.
      F 1. orðist svo:
      Utan línu, sem dregin er frá punkti í 6 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Skálasnaga (vms 40), þaðan í punkt 65°05′0 N og 24°27′5 V, þaðan í punkt í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms 43), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið.
2. Við 8. gr. Við 3. mgr. bætist svo hljóðandi málsliður:
   Hinir sérstöku trúnaðarmenn skulu ekki hafa framangreint leyfi nema samkvæmt sérstakri ákvörðun ráðherra.
3. Við 15. gr. Orðin í síðari málslið „og í umsjá“ falli brott.

Sþ. **927. Breytingartillögur** [278. mál]

við brtt. á þskj. 899 [Vegáætlun].

Frá Karvel Pálmasyni, Sighvati Björgvinssyni, Ragnari Arnalds og Stefáni Jónssyni.

1. Við brtt. 899, 2. Við I. Áætlun um fjáröflun 101.

	Millj.kr.
a. Nýr liður:	
4. Veggjald	32.1
b. Nýr frádráttarliður.	
Innheimtukostnaður veggjalds	4.5

2. Við brtt. 899,3. Við II. Skipting útgjalda. 2.2.2. Vetrarviðhald.

Fyrir „264.0“ kemur	291.6

Nd. 928. Nefndarálit [251. mál]

um frv. til l. um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar eftir afgreiðslu hv. Ed. Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frv. með breytingum, sem hún flytur till. um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 18. maí 1976.

Jón Skaftason, varaform.	Sverrir Hermannsson, fundaskr., frsm.	Garðar Sigurðsson.
Sighv. Björgvinsson.	Guðlaugur Gíslason.	Tómas Árnason.

